

**Fjölskyldubréfasafn mitt
1977 - 2008**

III

**Eggert Ásgeirsson skráði og bjó til
útgáfu.**

Prentað sem handrit.

2018

FJÖLSKYLDUBRÉFASAFN MITT

1977 - 2008

**EGGERT ÁSGEIRSSON SKRÁÐI OG BJÓ TIL ÚTGÁFU.
PRENTAÐ SEM HANDRIT.**

ÚTGEFANDI: SIGRÍÐUR DAGBJARTSDÓTTIR

2018

Fjölskyldubréfasafnið er vistað í
RAFHLÖÐU LANDSBÓKASAFNS - HÁSKÓLABÓKASAFNS

Reykjavík 2017
Prentun: Háskólaprent

Efnisyfirlit

1977.....	9
1978.....	20
1979.....	39
1980.....	63
1981.....	84
1982.....	102
1983.....	121
1984.....	136
1985.....	145
1986.....	154
1987.....	175
1988.....	200
1989.....	213
1990.....	256
1991.....	276
1992.....	296
1993.....	326
1994.....	360
1995.....	394
1996.....	421
1997.....	450
1998.....	471
1999.....	498
2000.....	519
2001.....	526
2002.....	531
2003.....	534
2004.....	537
2005.....	540
2006.....	543
2007.....	547
2009.....	Error! Bookmark not defined.

Inngangur

Í þessu þriðja og síðasta bindi bréfasafns míns er útdráttur úr fjölskyldubréfum mínum frá árinu 1977 til 2008.

Tel ég nokkuð víst að með árinu 2008 hafi fjölskyldubréfritun nokkurn veginn lokið hér á læandi. Þannig virðist það a.m.k. vera í minni fjölskyldu og meðal þeirra sem ég hef spurnir af. Aðrir samskiptamiðlar hafa tekið við. Þannig er þetta bréfasafn ómur frá liðinni tíð.

Frá því að bréfasafnið hófst með bréfum frá árinu 1820, nærfellt fyrir 200 árum, gegndu bréfaskipti merkilegu hlutverki í lífi fjölskyldu minnar.

Þó bréfritun sé nú orðið að miklu leyti lokið sem persónulegum samskiptamiðli, þá er ekki þar með sagt að samskipti falli niður. Jafnvel má halda því fram að nútíma tölvu- og netsamskipti séu ekki lakari en gömlu bréfin, ekki síðri en samtöl. Bréfritun verður ekki aflögð, en er nú með breyttu formi og tilgangi.

Ólíklegt má telja að bréf séu, eða verði, ómissandi samskiptamáti í fjölskyldulífi venjulegra Íslendinga. Fjölskyldutengsl verða nú nánari, kannski traustari, en áður var. Hver veit?

Ríðdu bréfið! - Brenndu bréfið! -- Þetta var margsinnis endurtekið í bréfaskiptum, þegar fólk var feimið við að segja frá hugsunum sínum eða fréttum. Sem betur fer sinnti fólk ekki alltaf slíkum óskum. Þess njótum við enn, sem betur fer.

Þau bréf, sem birtast nú, og munu birtast í þeim fjórum bindum, sem senn verður lokið, eru engan veginn stórmerkileg öll. En í þeim kemur víða fram kærleiksrík afstaða manna milli - stundum líka neikvæð, þótt ég þekki ekki mörg dæmi slíks. Vitaskuld er slíkt óhjákvæmilegt. Væri annað ótrúlegt.

Í bréfum þeim sem ég hef farið yfir og/eða skrásett kemur fram að margt vantar sem gott væri og gagnlegt að hafa undir höndum. Ég nýt þess að frændur mínir hafa haldið mörgu til haga, viljandi eða óviljandi, gögnum sem eru dásamleg, flestöll, og dýrmæt, enda þótt eitthvað kunni að vera neikvætt sem og líka í er samskiptum fólksins.

Hitt veit ég að sannarlega skortir ýmislegt í bréfasöfn formæðra og fedra, sem gott væri fyrir fólk að hafa gang að, þó ekki væri nema falleg orð, umhyggjusöm orðræða og fræðandi um samskipti og tíðaranda.

Í öllum þeim fjölda bréfa sem ég hef undir höndum, hafa komið í ljós bréf, sem upplýsa mál eða gefa í skyn efni, sem okkur afkomendum þykir gott að fréttu af, þó seint sé.

Því miður hef ég ekki mög bréf til og frá forfedrum Sigríðar, konu minnar. Ég hef séð á eftir bréfum þeirra á leið í öskutunnu. Þeir sem haft hafa þau undir höndum höfðu þá afstöðu að þau væru, án þess jafnvel að vera lesin, einka- eða trúnaðarmál. Vildu ekki, þess vegna, hnýsast í þau. Nokkur hef ég náð í, en ekki tekið mörg með í þetta safn, en tekið sum með í önnur smárit.

Að lokum.

Þetta safn, er ekki hið síðasta, sem ég geng frá. Eftir eru annað og þriðja bindi sem má segja að séu nánast fullfrágengin.

Ég tek enn fram að betra væri, ef menn vildu gera svo vel, að vitna fremur í bréfin í óbeinu máli, þar sem bæði getur verið um mislestur eða ritvillur að ræða í bréfunum af minni hálfu.

Reykjavík, 6. október 2018.

Eggert Ásgeirsson

Bréfasafn

Bréfritarar

Almqvist, Bo
Auður Eggertsdóttir
Axel Pétur Ásgeirsson
Ásgeir Eggertsson
Beer, Henrik
Dagur Eggertsson
Eggert Ásgeirsson
Friede P. Briem
Guðjón Petersen / Almanna-
varnir
Jensen, Vibeke
Karítas Björnsdóttir
Páll Ásgeirsson
Sigríður Dagbjartsdóttir
Skúli Sigurðsson

1977

Eggert Ásgeirsson skrifar Jóhannesi Nordal. Rvík. 14.2.1977.

Umsókn til Jóhannesar f.h. Independence Foundation um styrk til Bandaríkjaferðar til þess að kynna sér neyðarvarnir og hjálparstörf ásamt Guðjóni Petersen framkvæmdastjóra Almannavarna ríkisins. Ferðin farin að ári.

Friede P. Briem skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. Rvík. 9.2.1977.

Segir fréttir af Íslandi, veðri, breytingum á fjölskylduháttum og afstöðu til gamla fólksins sem leiðir til þess að elliheimili fyllast. Einnig fréttir af Kröfluævintýrinu og hve Sirrí sé ómetanleg hjálparhella hennar.

-- Ég var að hugsa um það, Lóa mín, að auðvitað sáum við eftir þér þegar þú ung og falleg stúlka af Seltjarnarnesinu fluttir til annars lands. En það er þó munur að þú flyst til lands þar sem þú hefur haft tækifæri til þess að veita mörgum ánægjuna af að dvelja hjá þér, heimsækja þig, veita manni unaðs stundir, sem hvergi er hægt að kaupa. Mér datt í hug um daginn þegar aumingja Kjartan á Bakka fékk nú loksins hvíldina, eftir alls konar erfiðleika, að líklega hefði Unnur aldrei haft getu til að vinna fyrir heimilinu, eins og hún hefur gert, ef hún hefði ekki fengið tækifæri til að dvelja á ykkar heimili og fá í Stokkhólmi að læra fótaaðgerðir, undir þínum verndarvæng. Vegna þessarar menntunar gat hún séð sínu heimili farborða og gerir enn. Hún vinnur á Dvalarheimili aldraðra sjómanna og líka úti á Nesi, á sínar fjórar bráðmyndarlegu dætur og líður bara vel.¹ Svona eru örlögin einkennileg og ég er sannfærð um að þú hefur ekki hugmynd um hvað margt gott hefur leitt af þessum þjóðflutningum þínum.

Auk þess eru viðhorfin sem síast inn í mann óafvitandi, gerólík Nessjónarmið og Tjarnargötusjónarmið sem hafa haft ótrúlega góð áhrif á mann. Heimskt er heimaalið barn. – Þú, Lóa, fluttir burt, kannski þín viðhorf hefðu líka haft geysileg áhrif á mann ef þú hefðir alltaf verið heima. --

Ég gaf Palla og Eggert miðhæðina hér í húsinu fyrir fram upp í arf, og nú er Eggert búinn að kaupa -- af Palla. Það er talsvert erfitt fyrir Eggert en gott fyrir Palla sem er að kafna í skuldum, eins og allir sem hafa byggt sér hús. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. Rvík. 27.2.1977.

Þykir leitt að hún treysti sér ekki lengur til að skrifa, en gleðst yfir að Guðmund sonur hennar og dóttir hennar, Kerstin, ætli sér að koma í heimsókn á árinu.

Segir hann frá veðurlagi, efnahagsmálum og bjórmálinu en það síðasta hefur vakið miklar deilur.

-- Sjálf -- höfum við aldrei tekið raunverulegt sumarfrí, nema kannski tvisvar. Þannig hefur hugsun um frí aldrei orðið inngróin í okkur. Við það bætist að mjög erfitt er að gera áætlanir um sumarfrí í starfi mínu. -- Það getur verið líka að manni, kannski fyrst og fremst Íslendingum sé engan vegin eiginlegt að taka frí, eðlilegra sé að vinna, og vinna meira. --

Af okkur er allt bærilegt að fréttu, utan það að mamma hefur verið léleg undanfarið, Hún á erfitt að rísa undir því álagi sem skrifstofan og margt annað hefur á hana lagt. Allt sem hefur verið til gleði og ánægju getur orðið kvöl þegar orkan þverr. Hún hefur líka haft Þórdísi hjá sér í mat daglega, og það er erfitt að komast út af teininum fyrir járnbrautarlestir, nema með braki. Nú er af sá tími að hægt sé að sinna einföldum heimilisiðnaði eftir hentugleikum, skatturinn heimtar sitt og alls kyns skattar -- krefjast skýrslugerðar og skrifinnsku -- En þessir erfiðleikar eru á útleið og allt lítur betur út en áður. Það er erfitt fyrir þann sem áður hefur gengið undir öllum að verða allt í einu öðrum háður. Svona er lífið samt. Má sá teljast sæll sem á þó afkomendur sem geta hlaupið undir bagga er til þeirra kasta loks kemur. --

Hver greinin á fætur annari birtist í blöðum og lýsir þeirri skoðun fólks að hér sé varla búandi fyrir leiðindum. Hér sé allt svo hátíðlegt, veitingastaðir ekki leyfðir; ekki litið á skemmtun sem hluta menningarinnar. --

Hér eru margir áhyggjufullir út af glæpahneigð -- sennilega að einhverju leyti í kjölfar fíkniefnaneyslu. --

Ég heimsótti fangelsið á Litla-Hrauni fyrir nokkru og voru jafnvel fangarnir þar dauðhræddir út af því sem yfir þá kynni að dynja ef forhertir glæpahundar kæmu þangað --

Þrátt fyrir allt er lífið heldur bjart í mínum augum.

¹ Þess má geta að Unnur Óladóttir kom heim með löggilda menntun frá dr. Scholl, en Þóra Borg Einarsson sem var með sömu menntun frá Khöfn barðist gegn því að hún fengi að vinna með réttindum þaðan. Þá barðist Friede af hörku fyrir réttindum Unnar, sem hún fékk eftir nokkurn drátt.

Við höfum það gott í fjölskyldunni. Börnin eru ákaflega góð okkur og samskiptin við þau ánægjuleg. -- Í dag er sunnudagur og 17 ára brúðkaupsafmæli okkar. Við höfum alla jafna fengið gesti þennan dag, þangað til núna. Við byrjuðum daginn með því að ákveða að svelta okkur. Ég er orðinn 2-3 kílóum þyngrri en ég vil vera. Og Sirrí vill endilega vera með. Síðan fórum við upp í Mosfellssveit og gengum yfir Úlfarsfell -- Þá buðum við krökkunum á hótél þar sem þau fengu hamborgara og við drukkum kaffi. Síðan komum við heim. Ekki finnst mér nú sérstaklega þægilegt að svelta. --

Auður var að koma úr baði og er hér að skokka á náttkjólnum og lesa fyrstu síðurnar af þessu bréfi -- biður mig um að skila bestu kveðjum. Dagur var að koma inn frá vini sínum hér í götunni. Klukkan er 9.30. Hann hefur mikinn áhuga á fótbolta, skíðaferðum, teikningu, sem hann sækir námskeið í, og gítarleik, sem hann er einnig að læra. Ásgeir lokar sig inni í myrkraherbergi í kjallaranum til ljósmyndavinnu þegar hann getur --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Friede P. Briem. Rvík. 24.4.1977.

Friede er stödd í Torremolinos á Spáni. Segir frá heimilinu, og allir hafi það gott nema Dagur sem er með hlaupabólu, sem fer batnandi og má búast við að fleiri barnanna fái hana.

Segir frá íbúðakaupum og byggingum. Einnig frá sextugsafmæli Einars Ingimundarsonar.

-- Ég var að spyrja Siddu systur eftir afmælið hennar hvort hún vissi hvað Sigga hefði fengið í afmælisgjöf frá Dadda (*Þórði P. Þorbjarnarsyni*). Já hún sagði að það væri bíllinn gamli, sem keyptur var til að hún kæmist til vinnunnar.

Eggert fannst þetta þjóðráð og tilkynnti að hann væri búinn að kaupa mína afmælisgjöf. Það væri nýja vatnslögnin í húsið!

Nú kemur Auður með stúrurnar í augunum og biður um að ég segi þér að hún sakni þín og biður að heilsa Dídí. Hún er í nýju klossunum sem við gáfum henni í sumargjöf og ætlar að fara út að hjóla. Það er búið að bæta dekkinn, og er nú hjólað daginn út og daginn inn.

Hér kemur Ásgeir lesandi Morgunblaðið. Hann fór á grímuball í vikunni og fékk lánaðan *poncho* hjá Palla, þ.e. mexíkanskt teppi með gati í miðjunni sem hann setti yfir höfuðið og var svo með indjánafjaðraskraut á höfði og grímu fyrir andlitinu. Þetta þótti mikið grín --

Segir frá margvíslegum hátíðahöldum vegna fyrsta sumardagsins. Sjálf var hún að vinna í garðinum og kom fólkið við hjá henni, á leið út og inn, og sagði fréttir af flugsýningum, þyrluferðum og skátatívoli.

Eggert var að undirbúa eitthvað Rauðakrosserindi fyrir Lionsmenn á Kjalarnesi og fór þangað um kvöldið.

Palli og Lára komu og fengu lánaðan bílinn og ætlar hún að láta þau vita hvenær hún þarf á honum að halda en þau eru að fá tvær danskar konur í heimsókn.

-- Það hefur allt gengið vel á skrifstofunni. Við förum út þann 5. á fimmtudegi og þið komið á sunnudaginn þann 8. Það þarf því ekki að loka skrifstofunni nema tvo daga. -- gott að hafa lokað vikuna á eftir svo þú getur gengið frá reikningum í rólegheitum.¹ --

Þá er komið fram yfir hádegi -- fórum í bæinn og enduðum í listasafni Einars Jónssonar, Hnitbjörgum. Kata og Auður voru með okkur, alveg steinhissa á öllum stytum og rangölum. Við hittum séra Jón Auðuns og hann fór með okkur upp á efstu hæð og sýndi okkur íbúð þeirra Önnu og Einars. Þar voru þau með sitthvort svefnherbergið og stofu, en höfðu svo eldhús og borðstofu í kjallara. Það á nú að fara að gera þetta sem part af safninu -- Í húsinu sem frú Anna bjó í síðustu árin á safnvörðurinn að búa. Þetta er heilmikið ævintýri.

Auður Eggertsdóttir skrifar Friede og Þórdísi Briem. Ódags.

Elsku amma og Dídí. Ég hef haft nóg að gera í skólanum. Hef farið í síðasta ferðalagið og fór ég þá til Ytri og Innri Njarðvíkur. Fór ég þá í frystihús í Innri sem heitir Sjöstjarnan og fengum við þar margt að sjá.

Þegar við vorum búin fengum við að fara um borð í skuttogara sem heitir Framtíðin. Þar fundu margir krakkar krossfisk, síld og loðnu. Þegar við vorum búin að því fórum við í kaffistofu og fengum pulsir og kók, og mér fannst þetta mjög gott.

Þegar við vorum orðin södd týndi ég einu stígvélinu en fann það aftur og svo héldum við áfram og fórum í saltfiskverkunarstöðina og fengum að hjálpa til og fengum við að bera hann en þurftum brátt að hætta - Síðan fórum við heim. Þegar við komum vorum við næstum búin að missa af stræðó en náðum honum samt. Ég vona að þér og Dídí líði vel. Þín Auður.

¹ Það var það versta sem hún gerði og þurfti að beita klækjum til að fá hana til að skrifa reikningana.

Eggert Ásgeirss. skrifar Guðmund Vennerström. Rvík. 1.5.1977.

Gleðst yfir að hann sé væntanlegur til Íslands, segir honum fréttir, m.a. af jarðhræringum og leggur fram tillögu um ferðatilhögun. Hann dó 18. maí.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Friede P. Briem. Rvík. 4.5.1977.

-- Allt hefur gengið mjög vel hér hjá mér og okkur -- Það eru horfin tvö Jóhanns Briem málverk frá þér eins og þú sérð. Var það Selma Jónsdóttir sem hringdi og bað um að fá þau á yfirlitssýningu sem verður núna um þessar mundir í Listasafninu. Hún sagði það eindregna ósk Jóhanns Briem sjálfs að þú lánaðir þessar myndir. Þess vegna leyfði ég það. Við lánuðum okkar báðar og Palli var beðinn um sína.

Já, ég er farin að hlakka mikið til að fara með Eggert og var ég að ljúka við að senda út bæði fyrir myndlistarmenn og tannlækna og eru allir að drepast úr þakklæti að ég skuli bjarga þeim. --

Auður er búin að pakka niður í stóra ferðatösku og er alveg tilbúin að fara til Stelli í kvöld. Þar verður hún fram á mánudag, en þá vilja Renata og Kata (*Heiðar*) endilega fá hana og reyndar er Auður líka æst í að vera þar. Það er gott að vera svo vinsæll að allir vilji hafa mann.

Jæja, mikið væri gaman að vera heima og taka á móti ykkur og heyra ferðasöguna. -- hlakka til að sjá ykkur aftur. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. Rvík. 21.5.1977.

-- Indæl rödd Kerstin bar ekki gleðifregnir að þessu sinni. Það settist dapurleiki yfir heimilið. Í fyrsta sinn á ævinni er börnunum brugðið. Í fyrsta sinn fellur frá maður sem er þeim náninn vinur, maður sem var sífellt nálægur þótt í fjarlægð byggi. Heimilið var að búa sig undir að taka á móti fjölskyldubrotinu frá Svíþjóð; tilhlökkun að verða ráðandi. Allir vissu þó að framtíðin væri ekki trygg, ótryggari Guðmundi en öðrum - en gleðjast má yfir hverju andartaki. Og gleðjast yfir minningu um góðan vin.

Fjölskyldur nútímans minnka, um leið fækkar mannlegum samskiptum; gleði og árekstrar móta lífið síður en kannski áður, unga fólkið verður stöðugt vanbúnara að mæta átökum framtíðarinnar, nýrra samskipta, fjölskyldu, atvinnulífs. Það setur stundum ugg að mér að vera sem svokallaður uppalandi ófær um að búa sjálfan sig og aðra undir framtíðarinnar vegamót. Nokkrir, allt of fáir, hafa komið til hjálpar og leiðbeint -- en þeir eru óvitandi um að þeir hafi haft hlutverki að gegna. Meðal þessara merku manna var Guðmundur. Við getum talið þau skipti sem við hittumst á fingrunum. En þrátt fyrir það.

Ég hef stundum velt því fyrir mér hvernig þú tækir orlagaatburðum. Mér sýnist þú leitast við að útiloka áhrif þeirra og einkenni. Það á ég erfitt með. Þó trúi ég að forlögin hafi með einhverjum hætti ákveðið mér stutt skeið, en framlengi það dag frá degi með minni hjálp. Kannski get ég hjálpað til með því að láta eins og ekkert sé. Kannski með því að takast á við verkefni sem langan tíma taki að leysa, því vilji forsjónin ekki að þau falli niður. Það er erfitt að vera þessari hugmynd trú, því samfélagið predíkar, minnkið streituna, hvílist hæfilega, baðströndin er náðar meðal. Þó maður trúi að vinna og áhugamál séu það eina sem *blívi*.

Það má einkennilegt heita að það hefur lítil áhrif á mín tengsl við þig, þótt þú hættir að skrifa mér. Margt af því sem á milli okkar hefur farið í bréfum og samtölum er svo ofarlega í huganum, að það er sem þú sért í næstu stofu. Ég brýni fyrir þér að láta það ekki hafa áhrif á þig þótt þú fái bréf, þó þú treystir þér ekki til að svara. Ég skrifa mín vegna, fæ fréttir eftir öðrum leiðum og treysti því að aðrir haldi sambandi við mig, þótt ég kunni af einhverjum ástæðum að verða ófús eða ófær um að skrifa.

Lífið hjá okkur er ósköp skemmtilegt. Ég sit hér árla morguns við ritvél Sirríar, sólin skín milli skýjanna inn um austurgluggann. Reynitrén fyrir utan eru rétt að byrja að springa út, vorrigningar eru byrjaðar eftir alþurran og næstum snjólausan vetur á Suðurlandi.

Fjölskyldan sefur enn uppi á lofti. Sirrí kemur senn niður og byrjar að undirbúa Dag fyrir sveitina. Hann er orðinn tólf ára, stór og sterkur og hefur ráðið sig á þann bæ á landinu sem hefur styst nafn. Bærinn heitir Á og er á Skarðsströnd í Dalasýslu, fyrrum hjáleiga Ólafar (geð)ríku. Hann á ósköp erfitt með að slíta sig frá borginni og hefur áhyggjur yfir gengi fótboltaliðs síns. Við förum á morgun með hann, Palli og ég. Palli ætlar að líta á skólann á Staðarfelli, hvort hann geti notað hann fyrir börn á spítalanum til sumardvalar. Dagur er mjög tengdur okkur, vinur vina sinna, verður sjálfsagt tregur að koma frá Á aftur, ef ég þekki hann rétt.

Ásgeir er 14 ára og ráðinn í byggingarvinnu strax og skólinn er búinn, það er, ef ekki verða verkföll, en nú lítur út fyrir að svo verði. Verkföll eru ein óáranin sem fylgja nútímanum, frumtilgangur þeirra, að bæta líf skjör þeirra sem minnst mega sín, er löngu gleymdur.

Auður, ein á heimilinu, sem fær enn um sinn að vera barn. Hún nýtur þess í ríku mæli. Jafnstöðuhugmyndir, karla og kvenna, eru henni framandi. Hún vill vera stúlka, finnst lítið til stráka koma, klæðir sig í ofsalegar flíkur, þrammar með vinkonum sínum um götur í háum hælum móður sinnar og silkislæðurnar þyrlast um hana.

Nú var Sirrí að koma niður og sendir sínar bestu kveðjur og samúðaróskir. Mamma er rétt komin frá suðvesturströnd Spánar og hafði mjög gott af dvölinni þar. Henni var boðið upp á ódýra farseðla á síðustu stundu. Henni hefur ekki líðið vel undanfarna mánuði, hefur þjádast af skjálfta, en hefur lagast af meðulum, sem þó hafa ekki haft að öllu leyti góð áhrif. --

Við Sirrí komum fyrir viku úr dásamlegri ferð til Finnlands, en þangað var okkur boðið. Af öllum Norðurlöndum finnst okkur Finnland og Finnar vera bestir heim að sækja. Þeir eru gestrisnir, glaðlyndir flestir og vingjarnlegir. Þeir sem ekki eru það vildu gjarnan vera það og sýna með ýmsu móti. Við erum áhugamenn um handið þjóðarinnar og listir og eigum þar marga góða kunningja.

Þannig stóð á ferðinni að Rauði kross Finnlands varð 100 ára og bauð til landsins fulltrúum nokkurra þjóða sem hann hefur átt nána samvinnu við. Þar vorum við í nokkra daga, fólk frá Evrópu, austan og vestan járntyalds, frá Latínsku-Ameríku, Afríku og Asíu. Flest fólk sem áður hefur hist og kynnst.

Saga Finnlands og Rauða krossfélagsins er stórmerkileg, sambúðin við Rússa, hvernig Mannerheim fléttaðist inn í sögu beggja. Allt er þetta sérlega áhugavert efni. Heimsóknin á heimili Mannerheim var ógleymanleg. Hlutverk hans í sögu Finnlands, spartanskt líf hans og fátæklegt fjölskyldulíf er í einkennilegri mótsögn. Hann skildi við konuna sína sem var rússnesk. Önnur dóttir hans dó, hin býr í Bandaríkjunum, karmelítanunna. Er hægt að sameina að vera þjóðarleiðtogi og farsæll fjölskyldumaður. Vissulega. Ekki er það þó hið algengasta. Við fórum svo í þriggja daga ferðalag til Lapplands, stórkostlegt ævintýri.

Svo ætlaði ég að segja: Svo byrjar lífið sinn vanagang á nýjan leik. En þá var hringt frá Almannavörnum ríkisins og tilkynnt að allsherjar almannavarnaæfing væri á Norðurlandi. svo ég þurfti að hringja til RK deilda, biðja þær að vera tilbúnar móttöku á *þykjast slösuðu* fólki.

Ég talaði við Stínu yngri í Móum. Hún er búin að selja húsið sitt á Nesvegi og er að flytja í næstu götu. -- hún hlakkar til flutningsins, þar sem húsið hennar er orðið gapandi tomt. Hún sagði mér að mamma sín væri orðin gleymin en líði ágætlega --

Af Gauju (*í Ráðagerði*) er það að fréttu að Tommi er alvarlega veikur og hefur verið nokkuð lengi. Hann gekkst undir mikinn höfuðskurð fyrir eitthvað tveim árum. Meinið, sem ekki var krabbamein, hefur tekið sig upp og Tommi verið þjáður lengi. Hann breyttist skyndilega úr tággrönnum manni í akfeitan. Engar batalíkur munu vera og alveg óvíst hve langt eða skammt líf honum kann að vera ætlað.

Ég bið þig að færa frændum og vinum kveðjur okkar og samúðaróskir. Ég veit að þú segir Else-Mari frá innihaldi þessa bréfs. --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Á á Skarðströnd. 23.5.1977.

Kæru pabbi og mamma.

Nú er ég búinn að vera hér í einn dag. Ég hef nóg að gera að losa hey og gefa kúnum. Það eru mörg dýr á bænum, t.d. hestar, kindur, kýr, hrútar, hundur, hvolpur og kisa.

Ég vona að ykkur líði vel og hafið það gott. Ég er ekki enn byrjaður á gotteríinu. Það er strákur með mér í herberginu og er líka að skrifa heim til sín. Ef þið ætlið að ná sambandi við mig. Skrifid þá. Viljið þið senda mér yddara. Ég bið að heilsa Ásgeiri, Auði og ömmunum báðum.

P.s. Þetta er voðalega stutt en samt bæti ég aðeins við. Sendið mér líka bréf og ef þið getið, einkunnirnar.


Ég vona að ég komi eftir tvo mánuði.

Það fæddu fimmtán kindur lömb daginn sem ég kom. Í dag tók ég á móti lambi, þegar ég kom að kindinni stóð hausinn á lambinu út úr kindinni og ég og strákur (Ágúst) tókum á móti lambinu.

Spurðu Magga hvernig leikurinn fór.

Trausti ætla að tala við þig og segja að ég hafi sagst ætla að vera tvo mánuði: Vilt þú segja honum að þú ætlir bara að hafa mig í tvo mánuði! Mér leiðist alveg ferlega. Lára sló hundinn fast í höfuðið - allir eru svo leiðinlegir við mig. Ég vil ekki vera í þrjá mánuði.

Vilt þú hjálpa mér til þess að vera ekki í tvo mánuði af því að mér þykir svo leiðinleg hér. Vilt þú gera það, ég bið þig að hjálpa mér. Þó að heyskapurinn verði byrjaður. Ykkar Dagur.



Ég teiknaði þennan klossa daginn sem ég kom. Þetta er klossinn minn.

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Á á Skarðströnd. 27.5.1977.

Kæri pabbi og mamma! Þetta er annað bréfið mitt og mér þykir ekki gaman hér. Trausti er ekki skemmtilegur við mig, hann er leiðinlegur við mig. Mig langar til að segja það við ykkur að ég vil koma heim sem fyrst.

Fólkið hér er svo leiðinlegt við mig. Vilt þú segja við Trausta að þú viljir fá mig heim. Mér líður illa hér og þó að Trausti vilji hafa mig hér í heyskapnum, viltu gera það fyrir mig að leyfa mér að koma heim. Mig langar engan veginn að vera hér í þrjá mánuði. Ég er kominn með ofnæmi fyrir einhverju. Mig klæjar allan og er allur úti í bólum á enninu og svo er ég líka með ofsalegt kvef í kjölfarið.

Mér leiðist hér mjög og ég hugsa alltaf heim þegar ég er einn. Viljið þið senda mér *emm-emm kúlur* því ég er búinn með hinn pakkann. Viljið þið líka senda mér strokleður.

Viljið þig gera það fyrir mig að láta mig koma heim sem fyrst, grátbið ykkur, því mér þykir svo leiðinlegt hérna - ég vil fá að koma heim. Ég sakna ykkar allra, Auðar, Ásgeirs og ömmunum og ykkur.

Ég vona að þið hjálpið mér. Ég er svo hræddur um að þið látið mig vera í þrjá mánuði að ég græt og núna græt ég, því að ég hugsa að þið hafið það svo gott heima, en mér líður illa. Mig langar til að koma í bæinn sem fyrst. Þegar ég hugsa til ykkar hugsa ég að þið látið mig vera þrjá mánuði og þá græt ég. Ég held að þið hjálpið mér og ég vona að þið bregðist mér ekki.

Þegar ég horfi á veginn sé ég fyrir mér Bronkóinn koma keyrandi eftir veginum. -- Mig vantar yddara því að blýanturinn er að verða uppurinn. Ég vona að við sjáumst sem fyrst.

Ykkar elskandi sonur Dagur

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 31.5.1977.

-- Ekki leið mér nú vel þegar ég var búin að tala við þig í símann, frekar en þér. En maður verður að láta skynsemina stjórna sér. Hún segir mér að það sé ekki rétt að gefast upp þótt heimþrá segi til sín fyrstu dagana. Það eru áreiðanlega flestir, ef ekki allir krakkar, sem hugsa mikið heim fyrst. Allir verða fyrr eða síðar að fara burt af sínu gamla heimili. Það verður ennþá verra fyrir þig seinna, ef þú harkar ekki af þér núna og hugsar fyrst og fremst um þína vinnu og takmarkið sé að standa sig vel í þessari fyrstu vinnu þinni.

Ég var að lesa frétt um tvo stráka sem eru búnir að hafa tal af bændum sem koma í Bændahöllina, til að fá hjá þeim sveitadvöl. Þá fór ég náttúrulega að hugsa til þín, hvað þú ættir gott að hafa fengið svona góðan stað. Ég vildi óska að þú yrðir nú reglulega duglegur eins og þeir.

Þér finnst sennilega ekki mikið til í því sem ég segi, að sumarið sé svo stutt, að þessi tími þinn verði liðinn áður en við vitum af. En það er nú samt rétt; áður en þú veist af verður farið að slá og allt sem fylgir því. Nú er ég svo illa að mér í öllum sveitastörfum að ég kann varla að tala um þau. Eins og þú veist, og ég hef oft sagt þér, var ég aldrei send í sveit - bara Sidda, Stella og Steini - og ég hef alltaf öfundað þau yfir að hafa kynnst sveitinni, dýrunum og allri vinnunni, sem er allt öðruvísi en hjá okkur í bænum. Ég er meira að segja svo mikill aumingi að vera hrædd við dýr. Þetta er allt vegna þess að ég komst aldrei í sveit.

Þessi afstaða okkar er eingöngu komin til af því að við erum alveg handviss um að uppgjöf hjá þér eru hræðileg mistök, sem við munum eiga erfitt með að komast yfir. Mér finnst líka leiðinlegt að leggja þessa erfiðleika á Trausta og Láru. --

Ég var aldeilis stolt af einkunninni þinn og það er gaman að vera sendur til að sækja svona fínan vitnisburð. --

Mundu það, Dagur minn, að maður fær það ríkulega launað ef maður stendur sig og verður duglegur. Þú veist að ég verð að vinna mikið, en það er ekki alltaf sem mig langar til þess.

Hafðu það svo sem allra best og gaman væri að fá frá þér skemmtilegar línur. Mig langar til dæmis til að heyra hvað hvolpurinn heitir og hvort það eru nokkrir hestar þarna. --

Dvölin varð skömm. Trausti, bóndinn á Á sakaði Dag um að hafa opnað hlið og hleypt ánum út. Dagur sætti sig ekki við slíka ásökun og jókst deilan svo að Trausti sendi hann í bæinn með rítunni. Við sátum heima

þegar Dagur hringdi frá Umferðarmiðstöðinni, sagðist kominn í bæinn og bað mig um að sækja sig. Hann sagði seinna að hann hefði verið hræddur um að verða sendur aftur burtu. Það var nú alls ekki og urðu miklir fagnaðarfundir þegar hann kom heim.

Eggert Ásgeirss. skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. Rvík. 28.8.1977.

Segir henni almennar fréttir. Einnig að Kristín frænka hennar Guðmundsdóttir frá Móum sé búin að missa mann sinn Gústaf E. Pálsson borgarverkfræðing, sem hafði lengi verið slæmur fyrir hjarta. Hann hafði undirbúið brottför sína á morgun hátt. -- T.d. var ekki getið um fráfall hans fyrr en eftir jarðarförina og öllum minningargreinum vísað frá skv. fyrirmælum hans.

-- Hér var svokallaður Nordkalott-fundur, þ.e. fundur um málefni dreifbýlisins norðan heimskaupsbaugs. Ísland fékk að vera með vegna svipaðra vandamála sem það hefur átt við að glíma eins og norðurhéruð Noregs, Svíþjóðar og Finnlands. Nú kom í ljós að ég átti ýmsa kunningja á þessum fundi. Hringdu þeir í mig og hittumst við síðan. Einn þeirra bar fram mjög óskiljanlega kveðju frá þér, sem ég reyndar botnaði ekki í hvernig væri til komin. Kom síðar í ljós að bak við hana stóð Ragnar Lassinanti landshöfðingi í Norrbotten sem var með kveðju frá Ullu.

Kveðja þessi hafði skolast eitthvað til í meðförum en kláraðist upp þegar ég hitti Ragnar. Þá kom í ljós að hann þekkti þig eins og raunar flest annað. Maðurinn reyndist sjór af fróðleik, stórskemmtilegur og sérstaklega vingjarnlegur við mig og okkur Sirrí bæði. Fyrir hans tilstilli tókum við þátt í ýmsu með honum og hugsuðum með kærleika til ykkar Ullu sem höfðu komið þessu öllu í kring, þótt á óbeinan hátt væri.¹

Við höfum verið á faraldsfæti innanlands, nú sem oft áður. Hef ég vart komist til að taka sumarfrí, og geri það ekki úr þessu. Við vorum tvisvar norðanlands, í hið fyrra sinn vegna vinnunnar og hið síðara í heimsóknum hjá kunningjafólki og í fjallaferðum; fórum í Öskju og Herðubreiðarlindir, skoðuðum Jökulsárgljúfur -- stórkostlegasta náttúra sem maður fær augum litið -- heppin með veður -- þótt allir kvarti náttúrlega. -- Ég er loksins búinn að finna skýringu á því, með svólítili hjálp frá Halldóri Laxness. Ég hef nefnilega oft hugleitt orð hans um að þreyta og erfiði hafi ekki verið til í íslensku bændamáli áður fyrr. Ég vil bæta við - þar til menn fengu að hvíla sig. Á sama hátt held ég að ekki hafi kvörtun yfir veðri verið uppi höfð, nema örsjaldan. Ekki fyrr en á síðustu árum. Áður fyrr þekktum við ekki gott veður, en við ferðalög til suðrænna stranda hafa menn kynnst því, og sjálfsagt ekkert gott haft af, nema stutt sólskinsfrí. Eina sem út úr þessu kom var óánægja með það sem heima var, orsakað af þeirri sjálfsblekkingu að veðrið væri alltaf gott hjá þeim sem þeir heimsóttu --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ólafi Mixa. Rvík. 6.9.1977.

Með þessu bréfi sendi ég Ólafi Mixa,² lækni, sem þá hefur víst verið kominn í stjórn Rauða krossins, merkisbók: **Your Live Saving Diet**, eftir frægan höfund, sem ég hef gleymt nafninu á. Ég hafði þá lengi, jafnvel allt frá ungum aldri, verið hjáður af vaxandi gyllinæð. Gerði það mér lífið erfitt á köflum. Er ég var á Alþjóðafundi RK í Genf 1975 var ég óvenju slæmur, gat ekki setið lengi á fundinum og rakst inn, fyrir einhverja yfirsíkilvitlega ávísun, í bókabúð í ráðstefnusalnum og sá þá þessa bók, sem var sannfærandi í einfaldleika sínum: Að borða grófan kornmat. Fljótlega varð breyting á líðan minni. Ári seinna var sjúkdómurinn horfinn, og bjargaði mér frá uppskurði, sem ég var búinn að semja um við Eggert Steinhórsson lækni, vin minn. Eftir það fór ég að gera mér ljóst að margir voru með þennan sjúkdóm, m.a. Ólafur, sem lét þó ekki sannfærast, þó hann læsi þessa góðu bók og gekkst undir uppskurð. Ekki fylgdist ég með honum frekar. Kannski hefnist manni fyrir að gefa lækni heilbrigðisráð. Svo reyndist mér.

Upp frá því lánaði ég ýmsum þessa bók, þar til að því kom að henni var ekki skilað og glataðist, því miður.

¹ Ragnar Lassinanti (1915-85) varð sérstaklega tíðrætt um að Lóa hefði verið sérstakur velgerðarmaður sinn. Hvað í því fólst vissi ég aldrei. Mér skilst að hún hafi hvatt hann til dáða á einhverju sviði. Lóa mundi hann vel en vildi ekkert um málið segja og eyddi því. Rangar Lassinanti er með merkustu stjórnmalámönnum Svía, brautryðjandi norrænnar samvinnu, átti hugmyndina að sænskunámskeiðum fyrir Íslendinga og Finna í Framnäs í Piteå. Hann var alinn upp á finnsku áhrifasvæði í Svíþjóð, varð skógarhöggsmaður, fékk menntun í hernum, gerðist lögregluamaður, lögreglustjóri í Luleå og hóf stjórnmaláþátttöku, var kosinn á þing og endaði sem landshöfðingi í Norrlandsléni. Átti ævintýraríkt líf. Sirrí fór á sænskunámskeiðið í Framnäs og var boðið heim til hans, ásamt hinum þátttakendum, í landshöfðingjabústaðinn. Var Ragnar forfallaður og tók sonur hans á móti gestunum. Sirrí var tilnefnd af hálfu hópsins til að flytja þakkarræðu. Nýlega var opnað safn í Luleå fyrir listaverk Ragnars og bókasafn, tengt háskólanum sem hann hafði barist fyrir að væri stofnaður þar.

² Ólafur Mixa (1939), heimilislæknir. Sennilega þá í stjórn RKÍ, seinna formaður o.fl. merkilegt!

-- Síðan ég las bókina hef ég fengið meiri trú á notkun klíðs, sérstaklega eftir að ég fór að nota það sjálfur. Ég hef enga trú á skyndihjálpi í megrun og tel að með því að breyta mataræði um langan tíma sé von um árangur. Það eina sem ég hef gert er að borða klíð í morgunmat. -- Notaðu bókina ef þú vilt. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Búkarest. 7.10.1977.

-- Hér sit ég í lydislegum garði, rétt við hótelið, í sól og hita. Reyni að koma hugsunum mínum á blað og til ykkar. Pabbi ykkar situr inni á hótélberginu og er að undirbúa sig fyrir fund kl. 3 í dag. Klukkan er hálf ellefu, og þó nokkuð margt fólk á bekkjunum í kringum mig, aðallega gamlir menn með alpahúfur. Svo eru gamlar konur að hreinsa rusl í garðinum. Þær eru líka í byggingarvinnu. Þessi garður er fyrir framan Kónserthöllina. Þangað förum við annað kvöld á sinfóníutónleika, sem okkur tókst að fá miða á. Hér er mikið músíklíf og mörg leikhús. Svo er líka ballett, sem við ætlum að reyna að komast á. Við erum búin að fara á Listasafnið þeirra, stórt og mikið safn og gaman að sjá verk stóru meistaranna.

Hér er allt öðruvísi að koma en annars staðar sem ég hef verið. Allt er hér á eftir tímanum. Alveg eins og tæknin hafi staðið í stað í 100 ár.

Við ætluðum að senda blóm heim í gegnum *Interflora*, því *Blóm og ávextir* sögðu mér að sú þjónusta væri í Búkarest. Það er ómögulegt að koma þeim í skilning um neitt svona lagað, þó það sé plakatið upp á vegg, sem stendur að það sé til - kann enginn neitt. --

Pau höfðu beðið um rafhlöðu í myndavél - nei slíkt var ekki til.

-- Það er dapurlegt að koma í þessar ríkisreknu búðir, allt sem er þar er svo fátæklegt. Ég hef ekki enn séð leðurtösku það sem fæst er ekki smekklegt og úr plasti. --

Það er mikið af lögregluþjónum með labb-rabb-tæki og byssur. Banna þeir manni að labba á vissum stöðum, en forsetahöllin er alveg rétt hjá, og má ekki ganga á vissum gangstéttum þar í grennd. Við höfum séð þá kalla á fólk, sem hefur farið vitlaust yfir götu, og biðja um passa og skilríki.

Þetta er annars falleg borg og þykir líkjast París. Það er t.d. sigurbogi hér. Umferðin er langt frá því sem er í París, því hér eru fáir bílar og áberandi hljóðlát á götum. Skrítið að sjá þessi breiðu stræti, en fáa bíla. Fólk hefur mikinn áhuga á dollurum og höfum við verið stoppuð á götu og verið boðið þrisvar sinnum meira fyrir dollara en í banka. Við höfum ekki þorað að gera slíkt, því sagt er að fylgst sé með slíku.

Við höfum farið nokkrum sinnum út að borða með norðurlandafólkinu og hefur það verið mjög skemmtilegt. Í fyrrakvöld förum við t.d. á matstað um 14 km frá og var þar skemmt með músík og þjóðdönsum. Voru það heldur en ekki skrautlegir búningar, sem hefði átt vel við Auði.

Svo höfum við líka prófað þjóðlegan mat. Er bæði gaman að koma inn á þessa staði sem alþýða fólks situr og að smakka á matnum, sem borðaður er daglega.

Á sunnudag er frí hjá öllum og er þá farið í dagsferð til Brasov, sem er borg fyrir norðan. --

Hér virðist annars ekkert gert fyrir maka ráðstefnufólksins, eins og gert er í öðrum löndum. Ég hef þess vegna setið á fundinum með Eggert og býst við að gera það áfram. Honum finnst þægilegt að vera hér, ég hugsa vegna þess að hann óttast ekki að ég eyði peningum í búðarrápi.

Hitinn hér er alveg að bræða mig og sjálfsgagt er enn heitara inni hjá pabba ykkar. Hann ætlaði að senda telex heim, en það gekk allt á afturfótunum -- Endaði það með því að danski fulltrúinn sendi það til Khafnar og síðan sendu þeir það heim á skrifstofu RKÍ. --

Mér finnst afskaplega gaman að hafa getað farið þetta með pabba ykkar og er ansi stolt af honum þegar hann biður um orðið á ráðstefnunni og talar fyrir Íslands hönd: *The honoured delegate from Iceland*. --

Við biðjum að heilsa ömmunum sérstaklega og vona að þær hafi það gott með ykkur. Ég tala nú ekki um Auði mína og bið ykkur að skila kveðju og lesa bréfið fyrir hana. --

Sigríður Dagbj.d. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Búkarest. 10.10.1977.

-- Þá er vika síðan við komum. Allt hefur gengið vel og verið skemmtilegt. Þessi dagur er mest spennandi, vegna þess að þá verður kosinn formaður alþjóða Rauða krossins Það er hart barist og fjórir í framboði og verður kosið þar til einn fær meirihluta atkvæða. Framkvæmdastj. Finnnska rauða krossins er í framboði --

Við vorum nú að koma af fundinum í dag. Var það mikill ósigur fyrir Kai Warras, finnska framkvæmdastjóran sem fékk 4 atkv. af 98. --

Pabbi ykkar var að fara á fund, en þeir byrja kl. 9. Okkur konunum er boðið að sjá barnaheimili og leikskóla kl. 10. Það verður fróðlegt að sjá hvernig svoleiðis stofnanir eru reknar hér.

Á sunnudaginn fórum við í dagsferð til Brasov, sem er bær við Karpatafjöllin. Þar var mjög fallett og skógarnir í rauðum og gulum haustlitum upp á fjallstoppana. --

Við vorum í geysifinni veislu í gærkvöldi sem ameríski Rauði krossinn hélt á International hótelinu Svo ætlum við að fara á konsert og ballett. Það er mikið tónleika og listalíf hér í Búkarest og einhver ósköp af leikhúsum. Okkur líður mjög vel og vona ég að þið heima getið sagt hið saman. Skilið góðum kveðjum --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Friede P. Briem. Búkarest. 12.10.1977.

-- Mér finnst ég ógnarlangt í burtu frá ykkur, en er nú byrjuð að njóta þess. Við höfum verið heppin með hótél, herbergið hjart og notalegt og matsalurinn eftirsóttur af öllum öðrum hér á ráðstefnunni sem hafa lent á öllum mögulegum og ómögulegum hótélum. Alla síðustu viku sat ég ráðstefnuna með Eggert og hafði gaman af. Það er lærdómsríkt að fylgjast með öllu því sem er að gerast innan Rauða krossins og eins að kynnast fólkinu betur. Við höfum hingað til verið mest með Norðurlandafólkinu, enda þekkjum við það best. Mér fannst, við fyrstu sýn, heldur ömurlegt að litast um hér, hvað snertir klæðnað fólks, íbúðarhús og verslanir, en er nú komin á þá skoðun að fólki líði bara vel og sé ánægt með sinn hag. Þetta er líklega það sem kallað er heilapvottur. Eggert þarf a.m.k. ekki að vera hræddur um peningana sína hér, því ég hef ekki séð neitt eigulegt til að kaupa. Það sem helst er kaupandi eru sjálfsagt teppi, en bæði eigum við fullt hús af teppum og svo eru þau líka dýr. Við eyðum því öllum okkar peningum bara í mat og skemmtanir og hugsum okkur að lifa meinlætálfi þegar heim er komið.

Þessi fundur er ólíkur hinum fundunum sem ég hef farið á, að því leyti, að þar hefur gestrisnin kannski verið heldur mikil, boð, veislur og boðsferðalög. En nú verður maður að opna budduna fyrir hvað lítið sem er. Þeir eru mjög á eftir gjaldeyri fólks. T.d. á götum úti er boðið 4-5 sinnum meira fyrir dollarann en í banka og á ráðstefnunni. Við fórum í dagsferð út úr bæinn um helgina. Þegar ég borgaði með *lei*, sem er þeirra mynt, varð ég að sýna kvittun fyrir að ég hefði skipt í banka úr dollurum. Við höfum verið mjög varkár. Okkur er ráðlagt að skipta ekki dollurum úti á götu, því lögreglan, sem manni finnst á hverju horni, sé mjög á verði.

Veðrið hefur verið mjög gott, sól á hverjum dagi og mátulegt að ganga á peysunni úti. Ég keypti mér samt regnhlíf, sem draga má saman, í Khöfn á leiðinni hingað, því okkur var sagt að hér gæti rígt mikið á þessum tíma. Ég hef tvisvar þurft að nota hana, sem var í Kaupmannahöfn, og einnig þegar við lentum í Austur-Berlín á leiðinni hingað. Þá rigndi einhver ósköp þegar við hlupum inn í flugstöðina, en þá höfðum við auðvita pakkað regnhlíffinni niður.

Við vorum í skemmtilegu boði Ameríska Rauða krossins í gærkvöldi og fórum í bíó í kvöld. Er amerísk mynd sýnd í einu bíói hér. Á morgun fórum við á ballettinn og sjáum *Coppeliu*. Hér er mikið leikhúss- og tónlistarlíf.

13.10. Vorum á ballettinum í gærkvöldi, og vorum stórhifin. -- Óperan hér er skrautlegt og stórt hús.

Í morgun fór ég í smá ferð. Okkur konum var boðið upp á að skoða stofnun sem Rúmenar eru frægir fyrir: *Yngingarstofnun*. Nú er ég búin að fá töfrauppskriftina hjá þeim og verð sjálfsagt vinsæl er heim kemur. Sagt er að þeir græði mest á amerískum milljónamæringum. Við vorum öll mjög spennt að vita hvað læknerinn, sem lýsti stofnuninni, væri gamall og giskuðum á 49 í það mesta. Hann var líka mjög ánægður og sagðist vera 56.

Á morgun erum við að fara út að borða með hjónum frá Nýja-Sjálandi og bjóðum þeim upp á drykk í okkar herbergi. Keyptum blóm, krýsur, svo hér er mjög stásslétt.

Arne Fremm, danski framkvæmdastjórinn og Lise kona hans, eru búin að bjóða okkur að vera hjá þeim hjónum, nokkra daga á heimleiðinni. Við þáðum það og er hann búinn að skipuleggja tímann -- Við förum héðan laugardag 22., og ætla þau að fara með okkur í leikhús um kvöldið. Á sunnudag verður það Louisiana-safnið, en þar er mjög merkileg sýning á uppgreftri frá Pompei. Svo er það leikhús og búðir og við komum heim á þriðjudag.

Nú hlýtur Eggert að vera að koma heim af fundi -- klukkan 6. -- Ég hugsu mikið til ykkar. -- Kveðjur til barnanna.--

Eggert Ásgeirss. skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. Rvík. 7.11.1977.

Segir fréttir og gleðst yfir fréttum af henni. Fræðir hana um verkfall opinberra starfsmanna.

-- Við sluppum alveg við verkfallið þar sem við Sírri vorum stödd í Búkarest -- dvölin þar syðra var nú heldur leiðinleg. Við höfðum það sjálf ágætt, en ekki var neitt sérstakt við að vera, nema hvað RK-fundirnir voru ágætir. Samt var eins og þetta einræðisríki varpi skugga á.

Það er eins og lífið sé í hálfgerðum dróma þarna austurfrá. Mikið lögregluríki virðist þar vera, fátækt, vöruskortur og biðraðir, lélegar framleiðsluvörur og ófrelsi. Þjóðin varð líka fyrir miklu áfalli þegar jarðskjálftarnir voru þar í vetur. Rúmenar virðast þó duglegir að lagfæra það sem aflaga fór.

En Rúmenar eiga dásamlegan ballett, hávaðasama þjóðdansa og -söngva. Ekki kynntumst við þjóðinni nema sáralítið. Við sáum þó einhver ósköp af fátækum, pínulitlum, óhreinum kerlingum; dollarakaupendur voru á

hverju strái og ósköp af kirkjum, ortódódoxum, kaþólskum, lútherskum og sýnagógum. Cheausecu¹ amast ekki við kirkjunni, hefur ekki reynt, að því er virðist, að uppræta hana. Kannski er það þvert á móti, og farið með því aðra leið en grannarnir, enda heldur hann fast um stjórnvölinn. Hann byggir upp í kringum sig dýrðarljóma, sem hann vonar að tryggi honum völdin, en er ósköp barnalegur og drepleiðinlegur. Hann fyllti ráðstefnuhúsið í borginni með klappandi og húrrandi stuðningsliði þegar verið var að setja rauðakrossfundinn, baðaði út höndunum, talaði sig upp í æsing um stórpólitísk mál, dálítið líkur Mussolini í framgöngu og ræðulist. Lýðurinn beljaði af ánægju og rauðakrossfulltrúarnir sátu og engdust úr leiðindum. Og ræðan kom tvisvar í sjónvarpinu um kvöldið, óstytt með öllu.

Nú, en fundurinn sem við sátum gekk ágætlega, enda var fátt til að gleþja og var bara gott um það að segja. --

Á heimleið stoppuðum við í Kaupmannahöfn, bjuggum hjá vinum okkar, fórum á sýningu á Louisiana um lífið í Pompei og í leikhús.

Mamma Sirrjár sá um heimilið, stundaði sína vinnu og strákarinn sá um sig, verkefnalitlir því skólarnir voru lokaðir.

-- Mamma hefur það gott, minnkar smám saman vinnu sína og líður ágætlega. Ásgeir átti 15 ára afmæli í gær, afar ánægður með það. Hann er orðinn stór piltur, heimakær og ágætur, Hann situr hér í næsta herbergi og er að hamast við að læra á ritvél. Hann er mikill áhugamaður um frímerki og myndasmíð og sækir sig mjög í námi. Hann var í byggingarvinnu í sumar og virðist hafa lært góð vinnubrögð. Áhuginn er að kvikna á mörgum sviðum, og ég er viss um að hann kemur til með að spjara sig.

Dagur er bráðum þrettán ára, hörkuvinnuhestur, ber út blöð og selur með skólanum; er að safna fyrir fari til Bandaríkjanna og hefur tekist það á fjórum mánuðum. --

Segir henni frá að Eggert hafi fengið ferðastyrk til Bandaríkjanna og er ætlunin að fjölskyldan komi til móts við hann í lok ferðarinnar.

-- Ég heimsótti Óla frænda fyrir fáum dögum og sótti vel að. Hann lék við hvern sinn fingur, bar ótt á í fjórlegum frásögnum sínum og naut lífsins þá stundina. Lífið er ósköp sorglegt fyrir þá sem þurfa að dvelja á þessum gamalmennahælum. Hann er á einhverskonar sjúkradeild. Venjulega eru í herberginu með honum dauðveikir og ruglaðir menn. Þessa stundina voru þeir með skárra móti. En Óli drekkur í sig fréttir í útvasi, hlustar vel. -- Þær systurnar í Litlabæ, Gunna og Nanna eru tryggar við hann og koma reglulega. Eins hefur Gauja heimsótt hann, en hún á í miklum erfiðleikum með Tomma, sem er mjög veikur og fer hrakandi. Hann fékk einhvers konar heilaæxli, var tæpast hugað líf, en lífið virðist ætla að endast honum lengur en hann kýs. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Guðrúnu Guðmundsd. Bergström. Rvík. 10.11.1977.

-- Af Palla og fjölskyldu er allt gott að fréttu. Hann byggði sér hús úti á Nesi -- Á Melnum, í kartöflugarðinum hennar Önnu systur þinnar í Ráðagerði. Þar er hann búinn að koma sér ágætlega fyrir, með Láru sinni góðu konu og börnunum Ingólfi og Fríðu Ingibjörgu. Strákarnir hans frá fyrra hjónabandi eru orðnir stálpaðir og hinir myndarlegustu. --

Friede P. Briem skrifar Ceciliu Helgas. Rvík. 15.12.1977.

Óskar henni til hamingju með 75 ára afmæli. Ræðir líka veikindi Þórhildar systur hennar.

-- Við höfum það gott herna. Eggert og Sirrír voru í Búkarest í Rúmeníu þar sem var alþjóðafundur Rauða krossins, svo þau urðu ekki vör við verkfallið herna -- fannst mér afskaplega ömurlegt fyrir blessuð börnin að missa svona langan tíma af skólanum. Ásgeir og Dagur voru heima, en Auður var hjá vinkonu sinni. Jórunn, mamma hennar Sirrír flutti hingað og sá um heimilið fyrir drengina, því ég treysti mér ekki til þess þar sem skrifstofan krefst síns tíma. Jórunn býr úti í Skildinganesi en vinnur í Vinnufatagerðinni í Þverholti, og var hún fegin að vera hér, því engir strætisvagnar gengu, en hún ekki í neinu verkfalli frekar en ég.

Palli fór til Akureyrar á laugardaginn þar sem hann hélt fyrirlestur, -- en í fyrramálið er hann að fara á fund til Árósa, svo þú sérð að það eru fleiri en þú sem ferðast. -- Dídí er alltaf að vinna á Sólvangi í Hafnarfirði, þar er hún lækningaritari --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Jenný Henriksen.² Rvík. 17.12.1977.

Segir frá krökkunum.

¹ Nicolae Ceausescu (1918-1989) aðalritari Kommúnistaflokksins sem stjórnaði landinu í krafti leynilögreglunnar. Endaði hann lífið eftir uppreisn á flóttu með konunni sinni. Réttuð yfir þeim í klst. og þau bæði tekin af lífi.

² Jenný Henriksen (1939) á Hvarfi í Bárðardal. Þar voru Dagur og Ásgeir lengur og skemur í sveit.

-- Ásgeir er orðinn stærðar rumur -- hærri en ég og með bassarödd. Dagur hefur verið að bera út Vísi frá því í haust, selur aukablöðin, svo hann hefur varla sést heima nema yfir blánóttina. Hann hættir þessu um jólin -- búinn að vinna sér inn svo mikla peninga að hann getur borgað sjálfur fyrir farseðilinn til Ameríku næsta vor. Það stendur til að Eggert fari þangað næsta vor. Meiningin er að við förum til hans í lok dvalarinnar með börnin og búa hjá kunningjum í Washington. Það eru amerísk tannlæknishjón sem hafa komið oft til Íslands og búið hjá okkur, og ætla að taka á móti okkur í staðinn. Auður er heimikið að undirbúa jólin. Bekkurinn hennar á að syngja í Háteigskirkju fyrir jólin og á skólaskemmtunum -- æfingar miklar og strangar --

Það er helst aumingja ég sem hef minnstu starfi að gegna -- er að hugsa um að fara út að vinna, ef ég fæ eitthvert starf. Maður er orðinn svo gamall að það vill mann sjálfsagt enginn í vinnu. Friða hefur minnkað við sig vinnu á fjölrítunarstofunni. Þar af leiðandi minnkar mín vinna.

Segir fréttir af Palla og Láru, sem er æskunágranni Jennyar frá Akureyri.

Eggert Ásgeirss. skrifar Birni Tryggvas. Borgarspítala. 19.12.1977.

Mikið hafði gengið á í starfi mínu hjá Rauða krossi Íslands. Var svo komið að líkaminn þoldi það ekki lengur. Voru einkenni um magasár eins og sjúkdómurinn var þá nefndur og rakinn til álags, streitu og mataræðis. Þetta olli því að ég fékk frí, var lagður inn á Borgarspítalann. Það var fyrst rúmum 30 árum síðar að í ljós kom við magaspeglun að magasýking, bacteria pyloris, olli veikinni. Fékk ég þá fáeinar töflur; eftir fáa daga var sjúkdómurinn horfinn. Ég var svo heppinn að vera yngri en frændur mínir sem höfðu þennan sjúkdóm, en gengu undir skurðagerðir, sumir margar, grunaðir jafnvel um taugaveiklun. Þurftu að borða tvíbökumjól og eitthvað gjörsamlega ómögulegt.

Nú fór ég á sjúkrahús, mælti fyrir um að vera ekki ónáðaður og skrifstofa RKÍ væri rekin skv. áætlun. Eigi að síður kom Björn formaður í heimsókn með miklum afsökunarblæ. Hann var þá búinn að taka ákvörðun um að heiðursmerki Rauða krossins, fyrir störf að hjálparstarfi, skyldi veitt Friðriki Gíslasyni skólustjóra Matsveina- og veitingaþjónaskólans, sem hafði komið með nemendur sína til aðstoðar Vestmannaeyingum daginn er eldgosid í Vestmannaeyjum hófst. Þetta gerði hann þvert ofan í nýsamþykktar reglur um heiðursmerkið, sem forseti Íslands, veitti.

Þá var hann líka áhyggjufullur vegna þess að hann hafði tekið við stórriddarkrossi fyrir framgöngu sína í Vestmannaeyjamálinu (því hann hafði áður fengið riddarakross)! Hélt hann að ég tæki því illa.

Ég hafði fyrir löngu orðið sammála Erni Arnarsyni sem orti: Orður og titlar, þarflaust þing ... Ekkert af þessu hafði áhrif á mig eða minn sjúkdóm!

Björn minn Tryggvason! Að tala við mig núna er eins og að kasta steini á sléttan vatnsflöt. Ekkert af því sem þú sagðir vakti óróa utan eitt: Friðrik Gíslason. Hann vann sín störf vel, *beyond the call of duty*, þó á kaupmi með sína ríkisstofnun og nemendur sem tæki.

Ég held þér sé ekki með öllu ljóst að Stefán Ólafsson var sá sem setti þetta kerfi í gang, við hann var fyrst talað, hann kom *aktion* Stýrimannaskólans af stað. En gott og vel OK með Friðrik.

Hvað með aðra. Ég held að orða hans sé móðgun við aðra sem meira gerðu, að mínum dómi. Ég nefni aðeins þessi:

Sigrún Karlsdóttir: Kom með hugmynd um ráðleggingarstöð, kom henni í framkvæmd og stýrði ásamt Páli Ásgeirssyni. Hún lagði mikla vinnu fram, lengi, *án endurgjalds, utan vinnutíma*. Þau öfluðu saman fjölda sjálfbóðaliða hámenntaðs fagmannaliðs, sem allt vann kauplaust mánuðum saman.

Jón Vignir Karlsson: Átti frumkvæði og vann að hugmyndum að skipulagsstarfi, mjög mikilvægu, sem þú þekkir jafn vel og ég.

Þá er að telja almenna sjálfbóðaliða: Ef Friðrik er tekinn, tel ég það freklega móðgun við sjálfbóðið lið Rauða krossins. **Katrín Hjaltested**¹ er fulltrúi þess fólks.

Auk þessa fólks teldi ég við hæfi að sómi væri að því ef RK veitti **Páli Braga Kristjónssyni**² viðurkenningu einhvern tíma.

P.S. 20.12. Gaman var að fá þig í heimsókn! Meðan ég er veikur - **má** ég ekki - **vil** ekki fá fréttir af RK starfi - **ef** ég á að láta mér batna. –

¹ Katrín Hjaltested var forystukona kvennadeildar R.K. Móðir Ólafs Mixa.

² Páll Bragi Kristjónsson var framkvæmdastjóri Hjálparstofnunar kirkjunnar, þægilegur og góður maður í samstarfi við RKÍ þótt biskupinn Sigurbjörn Einarsson væri æðsti maður þar á bæ, en hann var viðsjárverður, eins og sumir prestar..

*Ekki var nú gott viðfangs að skrifa svona bréfi liggjandi á sóttarsæng og í svarinu var a.m.k. ein eyða: Sá maður sem kom mest á óvart var **Erling Aspelund**, framkvæmdastjóri Hótelis Loftleiða. Hann bauð sig fram, átti inni frí hjá Loftleiðum, og bjargaði samdægurs starfi Almannafrjáls og björgunarliðinu í Eyjum, hreint sem væri með töfrasprota í hendi. Á hann hefur verið minnst áður.*

1978

Eggert Ásgeirsson skrifar Bo Almquist. Rvík. 3.2.1978.

Þakkar fyrir móttökurnar sem voru til mikillar ánægju. Þau Sirrí eru ákveðin í að láta ekki langt líða þar til við komum bæði í heimsókn til hans. Biður um kveðjur til samstarfsmanna hans í háskólanum fyrir vinsamlegt viðmót. Segir frá erfiðri ferð heim vegna snjóá, sem olli töfum á flugi. Komst heim eftir krókaleiðum. Þá var að leysa úr sifjamálavandræðum (skilnaði hans við Jane). Sýnist erfitt að framkvæma það mál hér, þótt gifting hafi farið hér fram.

-- Ég vatt bráðan bug að því að komast að hver ákvæði væru um skilnað. --

Lýsir hvernig málið liggir fyrir. Ekki skal þetta flókna mál rakið. Sennilega kemur það fram í bréfum síðar, leystist líka farsællega.

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Hveragerði. 12. og 24.2.1978.

Bréfin fjalla um veikindi hennar, dvöl og fólkið sem var með henni í heilsuhæli Náttúrulækningafélagsins. Hún virðist hafa fengið áfall sem leiddi til skjálfta. Þá var hún á breytingaskeiði, um það bil að hætta störfum og í vandræðum með bílinn. Palli hafði ráðlagt henni að selja Volkswagenbílinn og kaupa Fiatbíl, sem hún sætti sig ekki við, endaði með því að selja hann og vera bíllaus upp frá því.

Eggert Ásgeirss. skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. Rvík. 23.2.1978.

-- mamma hafði skjálfta og gat ekki unnið nema með erfiðismunum. Það þýddi lítið að hjálpa henni við vinnuna, hún sat eiginlega föst í netinu og fannst lítið framundan nema tóm. Eftir áramótin ákvað hún að fara á Heilsuhælið í Hveragerði -- og líður nú svo ágætlega. Hún er öll önnur manneskja, hefur yngst um mörg ár, titringur hefur minnkað verulega. --

Er nú búin að ákveða að hætta fjölrítun og eru vonir um að hún losni við allt sem henni viðkemur.

-- Hún ætlar að halda eftir einni ritvél eða svo og skrifa eftir því sem hana langar, meira á það ekki að vera -- Mamma hefur unnið svo mikið að vinna var orðin allt hennar líf og þar af leiðandi tómarúm þegar vinnan hverfur. Hún virðist ætla að geta tekið þessu öllu vel. Og ég sé ekki annað en að hún eigi að geta komist sæmilega af í framtíðinni, ef hún dregur eitthvað saman sína miklu rausn og gjafmildi.

Sirrí var búin að kaupa sér fjölrítunartæki af nýjustu gerð til að geta tekið við einhverju, en mamma gat ekki alveg sætt sig við að aðrir tækju við svo Sirrí seldi tækin og ákvað að snúa sér að öðru. Svo vel vildi líka til að Tannlæknafélagið, sem var að opna skrifstofu, fékk hana til að taka hana að sér.¹ Svo nú er hún skrifstofustjóri þess félags hálfan daginn, hefur mikið að gera og mikla ábyrgð. Hún er reyndar ekki búin að starfa þar nema tæpan mánuð. Sá mánuður hefur allur verið fólgin í að taka til og koma lagi á það sem ekki var í lagi fyrir. Þannig að hún er stundum nokkuð þreytt. En smám saman kemst það vonandi allt í lag. Tannlæknarnir eru mjög góðir við hana, borga henni gott kaup, hrósa henni, enda mikið ánægðir að sjá smám saman komast lag á sína skrifstofu og eignir.

Þetta eru nokkur viðbrigði fyrir börnin. Hún vinnur ekki nema frá kl. 2-6 og ég reyni að minnsta kosti að vera kominn heim fljótlega eftir kl. 5, svo þetta er ekki svo slæmt. Nú er Auður orðin nú ára og fellir sig bara vel að breyttum tímum.

Ég held áreiðanlega að ég hafi sagt þér frá því að Tommi, fóstursonur Gauju (í Ráðagerði) væri dáinn. Gauja var að spyrja mig hvort það væri ekki áreiðanlegt að ég hefði komið þessari frétt til ykkar. Ég sagði henni að svo væri, en gat ekki fyllilega komið því fyrir mig. Gauja hefur ekki treyst sér til að skrifa neinum, hún er bæði þreytt og henni hefur ekki tekist að slaka á eftir þá miklu spennu sem langt dauðastríð Tomma var henni. --

Óla líður eins og áður. Þeir deyja herbergisfélagarnir, hver á fætur öðrum, en sjálfur heldur hann lífsgleði sinni og andlegu fjöri, svo mjög að ævinlega er ánægjulegt að heimsækja hann. Að vísu er hann stöku sinnum örlítið bitur, en hann er fljótur að komast úr því skapi, að minnsta kosti þegar ég heimsæki hann.

Við erum farin að undirbúa ferð mína til Bandaríkjana, sem ég hef sagt þér frá. Ég fer þangað 1. apríl -- Námi mínu verður lokið 1. júní. Þá koma Sirrí og börnin, ef allt fer sem horfir, í heimsókn til mín. -- Mikið stendur til. --

¹ Þá var Sverrir Einarsson (1927) formaður Tannlæknafélags Íslands, bekkjarbróðir minn.

Biður um kveðju og vonast til að hressast í sænskunni smám saman. Segir unga stúlku, sem nemur rúnafræði og íslensku, koma tvisvar í viku til að lesa sænsku með Ásgeiri. Hún er orðin heimilisvinur.¹

Ferð okkar Guðjóns Petersen, framkv.stj. Almannafræðingur frá 1.3.-31.5.1978 til Bandaríkjanna Norður-Ameríku.

Ferðin kostuð af THE INDEPENDENCE FOUNDATION. Skipulögð af THE AMERICAN SCANDINAVIAN FOUNDATION. Ferðuðumst við mikið saman en skiptum líka liði. Um ferðina skrifuðum við fjölritað hefti: DISASTER PREVENTION AND EMERGENCY PLANNING IN NORTH AMERICA. Rvík 1979.²

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríður Dagbjartsd. Washington. 3.4.1978.

-- sit hér í W. Erum við Guðjón í sama herbergi, að hlusta á Óskarsverðlaunaafhendingu. --

Veður kalt, ferðin gekk vel, erfitt ferðalag og ferðatími. Kom til New York, náði mér þegar ég kom inn á barinn á hótelinu sem ég hafði áður komið á. Þegar til Washington kom hringdu þau John, Ruby og Inga Dunbar, vinir okkar, buðu okkur heim og upp á Jim Beam viski.

-- Það var skemmtilegt kvöld sem endaði á kínversku veitingahúsi í Bethesda.³ Þið megið vita að gaman var að ræða við þau um öll þeirra plön. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásgeirsson. Rvík. 4.4.1978.

-- Mikið er nú leiðinlegt að sjá á eftir þér í svona langan tíma. Ég held að þín sé sárt saknað hérna á heimilinu. Allt einhvern veginn svo Eggertslaut.

Ég fór í afmæli Dídíar. -- Engar man ég fréttirnar nema helst að Hilda sagði að Hilmar Helgason SÁÁ maður hefði heimsótt Pál Línal og verið dottinn í það. Páll hafði hundskammað hann. Það er nú það. --

Kom við í Rauða krossinum og þar var allt í góðu standi.

Auður fékk áskrift að Vikunni frá ömmu sinni og er heldur en ekki stolt: Nú á ég Vikuna og les hana fyrst. Dagur fær hana svo og Ásgeir seinastur.

Segist vera lúin þegar hún kemur heim eftir annir í Tannlæknafélaginu.

Þá kom Sigurður Örylgsson í brogaða heimsókn til Friede. Sirrí forðaðist að láta sjá sig þar.⁴

-- Marit Åhlen⁵ var hér að lesa með Ásgeiri.

Jæja, ekki er sagan búin af Sigurði Örylgssyni. Það var hringt á dyrabjöllunni hjá okkar og Dagur opnaði. Sigurður og mamma þín stóðu fyrir utan. Ég var fljót að segja að ég mætti ekki vera að því að tala við hann, því ég væri að vinna. Hann sagðist hafa verið tekinn fyrir ölvun á almannaferi og væri að koma úr Steininum. Hann hefði svo litið inn til Lofta⁶ og svo ætlaði hann að sníkja sér vín hér. Hann var að fara núna. --

Valdimar Kristinnsson⁷ kom til hennar og sýndi ágætastur sem hann var að selja fyrir Elías Hjörleifsson (1944-2001), föður Ólafs hins fræga listamanns, sem einnig var góður myndlistarmaður, þó væri togarasjómaður (kokkur) í mörg ár. Hafði Valdimar sjálfur keypt eitt stórt málverk eftir Ólaf.

-- Hann er búinn að vera tvisvar hjá Jóhanni Briem. Í annað skiptið fyrir Seðlabankann og hitt skiptið með Jóhannesi Nordal, sem langar í mynd eftir Jóhann. Jóhann sagðist eiga dálítið erfitt með að finna myndefni eftir að aldurinn færðist yfir hann. --

¹ Marit Åhlén, rúnafræðingur og framkvæmdastj. *Gustav Adolfs Akademin*. Enn í nánum tengslum við fjölskylduna.

² Guðjón Petersen (1938), fyrr skipherra, þá framkvæmdastjóri Almannafræðingur frá 1.3.-31.5.1978. Var það yfirsjón eða að yfirlögðu ráði sem þessi titill var valinn? Ekki heimsóttum við Kanada! Báðir framlengdum við ferðina, hvor í sínu lagi, sem sumarleyfi með fjölskyldum okkar.

³ Dr. John Dunbar var þá starfandi fyrir heilbrigðisstofnun ríkisins, *Public Health Service*, ef rétt er munað.

⁴ Mamma var góð Sigurði, leysti hann út með gjöfum. Í þetta sinn mynd, sem ég saknaði Inegi, eftir Jón biskup Helgason.

⁵ Marit Åhlén var í háskólanum og las sænsku með Ásgeiri og var daglegur gestur. Hún varð síðar einn fremsti rúnafræðingur Svía og forstjóri menningarstofnunar og stjórnarformaður í þeirri miklu verslun Åhlén, við Drottningargötuna í Svíþjóð, en hún er skyld eigendunum, þó hún eigi þar engan hlut. Reyndar kosin síðar í stjórn. Við höfum til skamms tíma verið í sambandi við hana, en hún átti oft erindi til Íslands, þar sem maður hennar var formaður stjórnar Norræna hússins, prófessor o.fl.

⁶ Loftur Ólafsson (1942-2005) tannlæknir var vinur listamanna. Bjó handan götunnar.

⁷ Valdimar Kristinnsson (1929-2012), æskuvinnur minn, viðskiptafræðingur og ritstjóri hjá Seðlabankanum.

Valdimar sagði að Bobbi¹ væri búinn að segja upp hjá Loftleiðum og væri að flytja til Luxemborgar. Hann var eitthvað óánægður. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Washington. 4.4.1978.

Biður Dag um að hringja í Fríhöfnina og spyrja um verð á myndavélum, sem hann hefur áhuga á. Biður Ásgeir um hans óskir í myndavélamálum. Ráðleggur þeim að hafa eitthvað fleira í huga, því þá er hægt að gera góð kaup. Hefur verið hjá Jarðfræðistofnun Bandaríkjanna á þreytandi fundum.

-- Sá sem bauð okkur að borða hádegisverð með sér í dag hafði stjórnað þjálfun geimfaranna í Öskju og Herðubreiðarlindum og kunni margar sögur af Sigurði Þórarinssyni og Guðmundi Jónassyni. Þótti mjög skrýtið að við hefðum verið í tjaldi í Herðubreiðarlindum í fyrra og ætluðum okkur hið sama hér. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Washington. 8.4.1978.

-- Ýmislegt hefur drifið á dagana -- Við höfum gengið á milli stofnana, heldur svona langt frá áhugasviðum mínum; þangað til í fyrradag þegar við byrjuðum hjá Rauða krossinum. Það var tekið á móti okkur opnum örmum, eins og allt viðhorfið breyttist. Og ég var afskaplega ánægður með árangurinn. og hlakka nú heilmikið til framhaldsins. Ég fór svo í boði Rauða krossins með Guðjóni í Kennedy hljómléikahöllina og hlustaði á konsert sinfóníuhljómsveitarinnar hér með verkum eftir Beethoven og Béla Bartok. Það var skemmtilegt, utan þess að Kanar kunna ekki að hlusta á tónleika, þeir hvísla, tyggja gúmmí, missa skrár á gólfið, ganga út og inn að vild, mjög lítil respekt við hljómsveitina og aðra áheyrendur. Við borðuðum í Watergate² þá um daginn.

Hér eru heilmargir sem biðja um kveðju til þín, Elsey, formaður Rauða Krossins,³ Dorothy Taffe og sérstaklega Eloise Waite, sem hitti þig í Mexíkó forðum. Hún er orðin varaformaður eða einhverskonar varaframkvæmdastjóri. Hún tók mér með afbrigðum vel og býður okkur Guðjóni heim til sín --

Dagurinn í dag hefur verið viðburðaríkur. John Dunbar sótti mig í morgun og keyrði mig út á Dulles Airport. Hann er farinn að fljúga -- Flaug með mig í átt að Appalachiafjöllunum, í roki og leiðindahossi. Síðan ók hann með mig um sveitirnar og sýndi mér staði sem eru merkilegir í sögu Bandaríkjanna. Á eftir fórum við heim til þeirra, steiktum kjöt, vorum í garðinum. Ruby þvoði af mér og hreinsaði bletti úr fötunum mínum og þegar ég fór frá þeim skildi ég eftir peysur og ullarföt sem ég hef áreiðanlega ekki brúk fyrir á næstunni.--

Þau hlakka afarmikið til komu ykkar. Sögðu að þið skylduð ekki koma með mikið af fötum. Við erum að svipast eftir bílaleigubíl og vona ég að það gangi vel. --

Eggert Ásgeirss. skrifar samstarfsmönnum í R.K.Í. Washington. 9.4.1978.

Segir frá borg, umhverfi og heimsóknum þeirra Guðjóns Petersen til stofnana. Opinberar neyðarstofnanir margar og Carter forseti með vini sína í endurskipulagningu sem er misjafnlega tekið.

-- Rauði krossinn tekur því hins vegar mjög vel. Ég var mikið hissa á hve mikil og lifandi stofnun R.K. hér er. Við höfum séð myndir af rosalega flottu og gamaldags húsi á jólakortunum þeirra. Þetta hús var byggt til minningar um borgarastyrjöldina, sem sé spröttið af tilfinningum sem náðu hámarki í fyrri heimsstyrjöldinni. En þeir virðast félagslega lifandi með gífurlegt sjálfboðastarf. Allt byggist á fræðslu, námskeiðum og aftur námskeiðum.

Leitarþjónustan var hreint ævintýri, þeir taka við fjölda hjálparbeiðna sem í seinni tíð eru farnar að streyma inn frá Viet Nam, Rússlandi og öðrum austantjaldslöndum -- Skeytin sem þeir fengu á föstudaginn voru rúmlega 1000 --

Segir frá samtarfi þeirra Guðjóns, sem sé hinn mesti afbragðsmaður og gott að starfa með. Einnig frá óskum Ameríska R.K. um heimsókn Mike Smith í sumar, en hann er starfsmaður í fræðsludeild. Hann kom árlega til Keflavíkurflugvallar í einhvers konar varavarnarliði, kom mörg ár í heimsókn til RKÍ þó til nýrra starfa væri farinn, en alltaf tengdur Am. R. K.

¹ Jóhannes Einarsson (1929) bekkjarbróðir okkar. Starfaði í Lúxemborg hjá Cargolux og býr þar síðan, reyndar líka í Monaco, þar sem hann er konsúll Íslands.

² Síðar frægs húss.

³ Elsey, George (1918-2016), m.a. aðstoðarm. Roosvelt og Truman bandaríkjaforseta, þá form. Rauða kross Bandaríkjanna.

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Washington. 9.4.1978.

-- Nú varð hlé á bréfaskrift. Í sjónvarpinu er dagskrá um terrorista. Einhver ósköp heyrðist af sírenuhljóðum, en ég sný baki í skerminn. Ég hélt að það væri allt hluti af dagskránni þar til Guðjón kallaði að kviknað væri í húsinu. Við hlupum niður brunaútganginn en sáum að hús á næsta horni var að brenna --

Eitt hefur breyst verulega á þeim árum sem liðin er síðan ég var hér fyrr. Negrarnir eru gjörbreyttir, frjálsglegri, betur klæddir, enda virðist allt gert til að hvetja þá áfram. Að minnsta kosti þriðjungur sjónvarpsfréttamanna og auglýsingamanna eru negrar. Þeir eru ekki lengur í mjög áberandi fötum og mörg fleiri merki eru um skánandi ástand. Að vísu fer enginn hvítur inn í viss hverfi að kvöldi, en það er ekki mikið miðað við það sem áður var. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede P. Briem. Washington. 10.4.1978.

Segir af veðri, og andrúmslofti, starfinu og ferðafélaganum og lætur vel af. Segir ánægjulegt að fjölskyldan komi vestur. Vonar að heilsa hennar sé góð og enginn kaupandi að fyrirtækinu hennar hangi yfir henni.

-- Fyrst og fremst er nauðsynlegt í þessu lífi að lifa vel og starfa meðan kraftar endast. --

Eggert og Guðjón senda telex til skrifst. RKÍ og fjölskyldna. Washington. 12.4.1978.

Þeir eru þá í sendiráði Íslands í Washington, að ræða við Sverri Hauk Gunnlaugsson fulltrúa þá og síðar sendiherra. Fengu um hæl kveðju frá skrifstofum sínum og fjölskyldum.

Eggert og Guðjón skrifa Ágústu Johnson í Seðlab. Ísl. Washington. 12.4.1978.

Ágústa annaðist tengslin við mr. Robert Maes, stofnanda Independence Foundation f.h. Jóhannesar Nordal. Þakka henni undirbúning allan og senda þeim Jóhannesi kveðjur og hrósa tengiliðum vestra.

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsd. New York. 14.4.1978.

Þeir Guðjón voru að koma til N.Y. Hringdi heim og fékk fréttir af veikindum Auðar hinnar ungu; þótti merkilegt að móðir hans hefði keypt sér nýjan bíl.

Segir þá félagi í dag hafa skoðað stjórnstöð landhelgisgæslunnar frá Kanada til Mexíkó. Þessar stöðvar voru á eyju utan NY, ekki langt frá frelsisstyttunni. Fyrir tveim dögum kynntumst við alþjóðlegu hjálparstarfi babtista, gengum heim á leið um negrahverfi. Fórum svo af hótelinu á járnbrautarstöðina rómuðu, Grand Central og þaðan til Filadelfíu, heimsóttum alþjóðasamtök kvekara og þeirra sérkennilega en merkilega starf.

-- Á eftir áttum við að heimsækja þann merka mann. Robert Maes, sem greiðir styrkinn sem við njótum. Við héldum hann vera merkasta bankamann borgarinnar. Hann hafði skrifstofu efst í stærstu bygging Filadelfíu. Fæstir virtust þekkja hann þar. Við fundum hann og sátum hjá honum í klukkutíma; hlustuðum á tígulegan auðkýfing, nokkuð við aldur, lýsa ást sinni á landinu og vilja sínum að setjast þar að. Hann hafði ferðast hringveginn í fyrra, kemur að jafnaði tvisvar á ári til Íslands, sér til gleði, auk þess sem hann er einhvers konar ráðunautur Seðlabankans í alþjóðlegum fjármálum. Sagðist gegna formannsstöðu í Independence Foundation þar sem allir sem þar hefðu verið fyrir, hefðu dáið á undan sér! Þeir hefðu styrkt krabbameinsrannsóknir og æskulýðsprógrömm, en þar sem sjóðurinn yrði alltaf ríkari og ríkari hefðu þeir farið út í að styrkja íslenska leiðtoga (!?), færðu kannski að styrkja fleiri þjóðir síðar. Við höfðum spurt marga um manninn, en enginn virtist vita neitt, síst af öllu Ágústa Johnson og Di Paola (*hjá American Scandinavian Foundation, sem skipulagði heimsóknina*). Nú veit ég hver hann er, að þessu leyti.

Svo héldum við til New York og komum hingað kl. 7 og ég þaut út og fór á *Hello Dolly*, sem aftur er komið í gang með Carol Channing. Stórgóð stemmning, en heldur eru *músiköl* leiðigjörn. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík 15.4.1978.

-- Mér fannst símtalið við þig koma dálitlu róti á mig. Það er svo skrytið að tala við þig alla þessa vegalengd -- svo er bara allt búið, og þú aftur orðinn svo langt í burtu. Það er óhætt að segja að -- það bíða allir spenntir endurfundanna. -- Auður hefur verið hjá Helgu frænku sinni í dag -- Jón og Guðrún Sveins fluttu alveg í húsið um helgina. -- Ásgeir fær einkunnirnar eftir helgina og bíður maður spenntur eftir þeim. Hann var að passa hjá Láru og Pall og svaf þar í nótt. Hann kom hinn sprækast í morgun og sagði að Palli og Lára hefðu ekki farið að sofa fyrir en kl. sex um morguninn. Við vorum nefnilega í boði hjá móður þinni í gær og hana langaði til að

þjóða Andrésí og Dóru¹ og Steinunni og Fróða², Sigga Línal og mér. Steinunn og Fróði fóru með Palla og Láru heim og vöktu til kl. sex og sváfu svo hjá þeim. --

Segir frá Tannlæknafélaginu. Sverrir Einarsson ætlar að hætta sem form. Birgir Jóhannsson gefur afsvor en Sverrir segir að nóg sé af góðum mönnum sem séu fúsir.

Dagur og Maggi fóru á Rocky og eru síðan með æfingadellu, hlaupa um allt og þjálfa sig, eru mikið hressir. --

Hér er Ásgeir mættur við ritvélinu:

Allt gengur vel í skólanum -- á morgun fer hann í starfskynningu í útvarpið -- var á árshátíð Hlíðaskóla í Tónabæ og var þar mjög skemmtilegt, dansað til kl. eitt - bless!

Sirri aftur: Ræðir um myndavélakaup og segir hvað þær kosti í Keflavík. Segir einnig frá garðvinnu og ræktun.

-- gengur ágætlega í vinnunni. -- var á sýningu hjá Skrifstofuvélum -- hitti þar Björn Friðfinnsson, sem kom til mín og þakkaði fyrir síðast, en sagði lítið meira. Hann er líklega feiminn (*við mig!*)³ --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. New York. 18.4.1978.

Er búinn að skipuleggja komu fjölskyldunnar, panta hótél o.fl.

-- Nú er kominn seinasti dagurinn minn í N.Y. Í dag verðum við í heimsókn hjá leiktækjafyrirtæki, lútherskri hjálparstofnun og Hjálpræðishernum. Í kvöld munum við fylgja sjúkrahúsum til að sjá hvernig þar er staðið að verki. --

Um helgina vorum við í heimsókn í New Canaan í Connecticut, hinni undarlegustu heimsókn, hjá fólki, konu, skólustjóra gagnfræðaskóla og karli -- fyrsta verðbréfaspekúlant sem ég hitti á ævinni -- sem voru svo nísk, að þau voru hreint að drepa okkur af kulda. Mjög kalt veður var þar, sumarið er mun styttra á veg komið en í Washington, frakkaveður hér alla daga, en við í okkar fínasta þússi. Fólkið kappklæddi sig, kynti aðeins í arni, sat sjálft við arininn í þykkum ullarfötum, en við hreint að drepast, skulfum. Tókst okkur loks kl. 10 að komast í rúmið, ég var þar svo lengi frameftir sem mögulegt var. Ég var svo heppinn að vera með rafmagnsteppi, en Guðjón,⁴ veslingurinn, svaf í sloppi og sokkum. En um morguninn kyntu þau og var sémilega heitt þegar við komum á fætur. Mér skildist að hitinn hafi verið 15 gráður í herberginu sem kynt var. Þau minntu á Kalla og Ástu. Hjólin hafa komið til Íslands og þótti vænt um það. Frá þeim komumst við svo á sunnudag, hittum þá úrvalsfólk, eins og fólk á að vera. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Charlotte, N.C. 20.4.1978.

--Við Guðjón skildum í gær -- Dvölin var mjög skrýtin. Di Paola hafði skipulagt hina undarlegustu *visittir* til ýmis konar hjálparstofnana í New York, svo ég er búinn að hitta, held ég, öll trúarsamtök sem þekkjast hér í landi. Við töldum það allt í lagi, þar sem allt er menntun. Við skoðuðum í fyrrakvöld alveg ótrúlega flotta sjúkrahúslapjónustu í New York; vorum eftir það ánægðir með árangur ferðarinnar.

Guðjón hlakkar mikið til að koma heim, sem verður eftir viku. Ég hins vegar hlakka til að sjá ykkur hér og er viss um að ég verð ekkert leiður.

Ferðin til Charlotte var sein, allir flugvellir lokaðir, en gott að koma þangað. Bærinn og móttökurnar eru alveg stórkostlegar. Ég held við gerum rétt í því að skilja. -- Fólkið er svo hlýlegt að ég hef ekki kynnst öðru eins. Það er eins og að komast í móðurfaðm að hitta RK-fólkið hér. Það tekur mér sem bróður eða vini. Ég er alltaf að koma fram einhvers staðar. Ég er búinn að halda þrjár ræður í dag, ég kem í sjónvarpinu á morgun, fékk borgarlykilinn afhentan í dag, og er að fara til varaformanns deildarinnar eftir 20 mín. -- Svo þarf ég að undirbúa ræðu á aðalfundi San Francisco deildar RK í næstu viku (*habasona!*).

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík 21.4.1978.

-- Þá er sumarið komið -- yndislegt veður -- Í garðinum eru túlipanar að stinga upp kollinum og krókusarnir búnir að standa lengi.

¹ Andrés Kristjánsson vinur Páls og Dóra Þórhallsdóttir.

² Steinunn og Fróði, garðyrkjubændur í Mosfellssveit.

³ Enda undirföfull eins og síðar kom í ljós. Gumaði oft af hvernig honum hefði tekist að koma fólki úr starfi, t.d. hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur. En varð fyrir því sjálfur, oftar en einu sinni.

⁴ Guðjón kom illa út úr þessu, þar eð hann var reykingamaður og varð að fara út til þess, reykja og skjálfa. Þeirri tegund gestrisni, sem nú er þekkt og viðurkennt, kynntist ég þar fyrst.

Strákarnir fóru á bílasýningu í gær og komu náttúrulega heim með fulla plastpoka af bæklingum og sögðu þetta væri gott fyrir mig að skoða. Þeir halda víst að ég ætli að ráðast í mikil bílakaup. Þegar talað eru um bílakaup er mamma þín ekki ánægð. Palli dreif sig í að selja bílinn hennar, sem var hinn besti bíll -- Svo er hann búinn að kaupa Fíat-bíl Sigrúnar Karlsdóttur (hún missti ökuskríteinið)¹ -- Ég veit ekki hvað hann kostaði, en þetta gekk með svo miklu hraði, eins og oft gerist hjá Palla, að hún situr uppi með bíl sem hún treystir sér ekki til að keyra og finnst vera mesta drusla eða skjóður, eins og hún segir. Í gærkvöldi var hún alveg í rusli út af þessu, en Palli er á Grjóteyri. --hann stjórnar henni allt of mikið og gefur henni ekki tíma til að átta sig á hlutunum og vera þátttakandi og fá að ráða svolitlu sjálf.

Það er best að hafa ekki áhyggjur af þessu. Ég sagði henni að það væri ekkert annað en að selja þennan bíl og panta Fólksvagn, en henni finnst þetta hin mestu vandræði sem hún er komin út í, af því að hún er líka hálfhrædd við Palla og að valda honum óþægindum.

Ég er að fara í fertugsafmæli Ragnhildar Björnsson.² Nú var ég að hringja í Sverri og segja honum að ég væri boðin í þennan fína hádegisverð og hvort væri í lagi að koma seint í vinnuna. Hann hélt það nú og bað mig koma við hjá sér þegar ég kæmi úr fylliríspartíinu. --

Ég er búin að vera svo mikið í *útstælsi* síðan þú fórst að ég er farin að hlakka til næstu viku þegar ekkert er á dagskrá. Það verður líka mikið að gera á skrifstofunni, ganga frá skýrslu formanns fyrir aðalfundinn og fjölríta hana. Ég er líka að vinna í Fréttabréfinu um þessa helgi og senda líka út. --

22.4. *Fer mörgum orðum um mömmu og Fíat-bílinn sem henni fellur ekki við og fer mjög í taugarnar á henni, og langur biðlisti eftir VW-bílum.*

-- Talaði við konu Guðjóns Petersen og spurði hvort henni fyndist þetta ekki langur tími:

Hún var aldeilis á því og sagðist aldrei mundi taka í mál að hann færi aftur í svona reisu. --

Ásgeir hér: *Segir frá því að sér hafi gengið vel í prófunum.* -- Um daginn, þegar ég var að brjóta tjaldið mitt saman, datt mér í hug hvort ekki væri gott að koma með tjaldið með okkur, ef við ættum að ferðast mikið, en það vegur ekki nema 4 kg. Ég ætla að biðja þig að kanna verð á Canon AE-1 í næstu búðum --

-- Ég var ánægð með frammistöðu Ásgeirs og finnst við með góðri samvisku geta

farið í ferðalagið. Dagur fékk 10 í tónmennt og var sá eini sem fékk þá einkunn. Nú er hann að lesa undir Íslandssöguprófið og ætlar að standa sig vel.

-- Ég er að braska í fundargerðum og eru þær hrútleiðinlegar og verst að Fréttabréfið verður líka leiðinlegt þegar þú ert ekki til að lifga upp á það. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ólafi Mixa.³ Charlotte, N.C. 22.4.1978.

Segir honum frá ýmsu sem á dagana hefur drifið, stjórnarstörfum R.K. deildarinnar, samskiptum hennar við starfsmenn og féлага í stjórn hennar.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Atlanta. 24.4.1978.

Auður, nú ára, hafði legið í rúminu, en orðin góð aftur. Segir henni frá borginni og hvernig tókst að endurlífga miðbæinn og rífa úr niðurlægingu og glæpum. Einnig segir hann frá Charlotte og öllu því gestrisna fólki sem hann hittir og hefðu þrjár fjölskyldur heimtað að fjölskyldan byggi hjá þeim, þegar hún kæmi í heimsókn á suðurleið. Vissi hann ekki hvernig ráða mætti fram úr hugsanlegri togstreitu.

-- varaframkvæmdastjóri Rauða krossins sem var með mér -- fann ráðið; hún skyldi skipuleggja heimsókn fyrir okkur hér. Haldið þið að sé! Hún fór með mig ásamt negrakonu á skrifstofunni í kirkju á sunnudag. Var þar fullt af svertingjum - stórkostlegt.

Framkvæmdastjóri R.K. hér, og ég, hringdum í Robert Pierpont, sá hinn sami og gaf þér skóna forðum. Hann bauð okkur líka að búa hjá sér meðan við værum í Flórída. --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík. 25.4.1978.

Þakkar bréf og kveðjur.

¹ Sigrún Karlsdóttir félagsráðgjafi, samstarfskona Páls.

² Ragnhildur Björnsson (1938) bókaútfandi. Í saumaklúbbi með Sirrí.

³ Ólafur Mixa (1939) heimilislæknir var kominn í forystu í RKÍ. Bréfið skrifað honum til upplýsingar og hvatningar.

-- Ég hef verið talsvert *problem* fyrir fjölskylduna; er það fleira en unglíngavandamálið sem þjáir mannkynið. Fyrst ætla ég að selja fjölrítunarstofuna, tek þá Albert¹ mér til fyrirmyndar og hætti við að hætta, og þá ákvörðun er ég sannarlega ánægð með, þó aumingja Palli hafi haft talsvert fyrir mér, og er það þó sjálfsagt smámunir á við það sem mér datt næst í hug. En ég vil strax bæta því við að ég er alsæl yfir að hafa mína vinnu - mátulega mikla - en Palli vill láta mig sitja og bíða eftir að tíminn líði, sérstaklega af því að þá hefði ég svo mikla unun af lífinu og færi í rúmið á hverju kvöldi óþreytt og (vel)upplögð. Við tölum ekki meira um það.

En næsta próblemið mitt var bíllinn minn, sem alltaf drap á sér, hvenær sem ég ekki keyrði á svona 40 km. hraða, en það gat ég t.d. ekki á Laugaveginum. Svo þegar búíð var að hafa hann í viðgerð og allt átti að vera í lagi, byrjaði sama sagan, hann drap á sér; áður en nokkur vissi af var ég búin að selja bílinn - og nú skaltu heyra, kaupa annan á góðu verði. Það var Fiat, sem búíð var að keyra í 6-7 mánuði. Þetta gekk fyrir sig á svo stuttum tíma að ég var alls ekki búin að átta mig. Þetta vona ég að allt verði mér til góðs, því hreint út sagt kunni ég ekki við bílinn, (Fiat) og nú er hann kominn í sölu og ég hef tekið þá ákvörðun að eiga engan bíl. Ég hef ekkert við bíl að gera og nú er ég farin að labba, þarf ekkert að leita að bílastæði, og spara mér auðvitað stórfé, eins og þú skilur. Þetta átti hún gamla mamma þín eftir - að spara bílcostnað og eyða í staðinn gömlu skónum sínum, sem auðvitað passa betur á Flóamarkaði en á gamlar konur sem vilja tolla í tískunni. Ég er svo ánægð með allar þessar ákvarðanir mínar, að vísu er bíllinn ekki seldur ennþá, en ég vona að allt gangi vel.

Heilsan er ágæt og skapið því betra, þó ekki sé laust við að maður sakni þín, en tíminn líður og síðustu viku hefur verið dásamlegt sumarveður og börnin vilja helst vera léttklædd og verið mikið hér í garðinum. Í gær fékk ég áburð og mann til að dreifa honum, svo nú eru öll þessi indælu börn í Krúsu-garði,² og una sér hið besta. Frændsystkinin eru sex hér í húsunum,³ því flutt er í nýja húsið, svo þetta er líkast Tjarnargötunni í gamla daga, allt fullt af skyldmennum, sem kemur vel saman. --

Helgi bróðir er óðum að hressast⁴ og er farinn að geta unnið -- En rokið á hæðinni þarna er ótrúlegt⁵ --

Dagur fór með tvo reikninga fyrir mig í dag, annan í Háskólann, hinn í Alþingishúsið. Hann var mjög hrifinn af Alþingishúsinu, enda fór hann inn um aðaldyrnar og lét leiða sig í gegnum öll salarkynnin, sem auðvitað eru eingöngu ætluð alþingismönnum og ráðherrum, en honum fannst þetta svo sjálfsagt og kunni vel við sig. Hann skildi alls ekkert í því af hverju hann mætti ekki fara þarna megin, en við Sirrí skemmtum okkur vel yfir honum, þó honum fundist þetta eins eðlilegt og sem hann væri hérna heima hjá sér, enda var enginn sem stöðvaði hann á þessari leið.

Ég er búin að halda tvö boð. Annað fyrir Palla og Láru, Reyni og Dóru,⁶ Sigga Líndal og Hildu, Steinunni og Fróða⁷ Dídí, en því miður vantaði Sirrí sem var í saumaklúbb. Þetta var nokkurs konar þakkarboð fyrir að ég hætti við sölnu á fjölrítunarstofunni.

Næsta boð var fyrir vinkonur mínar, til þess að vinna upp afgangana frá hinu boðinu.⁸

Sumardagurinn fyrsti leið fagurlega. Öllum börnum bæjarins var hrúgað saman á hinu svokallaða Lækjartorgi og enginn vissi hvað fram fór, enda var búíð að setja söluturninn á torgið, svo hann skyggir bæði á *göngugötuna* og bakarabrekkuna og er auk þess herfilega ljótur, svo líklega slær hann nú smiðshöggið, að gjöreyðileggja gamla bæinn. Ég held nærri því að betra hefði verið að byggja þarna torfbæ; en kannske tekst fólki smám saman að eyðileggja hann eins og ýmislegt fleira sem sett er þarna til augnayndis. En Tómas trónir þarna ennþá, hálsmjór og utangarna. --

Auður er eins og drottning í ríki sínu innan um alla rollingana, hún gætir þeirra svo vel og er eins annt um þá og dúkkurnar sínar, sem oft sofa í vagninum hér á bak við hús.

Guðmundur⁹ var að kaupa sér bíl, þó hann verði ekki 17 ára fyrr en næsta ár. Hann hefur svo gott kaup að hann er alltaf að fjárfesta. Ætli hann verði ekki kauphallarforstjóri þegar árin líða. Páll Líndal heldur til hjá mömmu

¹ Albert Guðmundsson (1923-94), alþingismaður og fjármálaráðherra.

² Hér er átt við garðinn við hliðina, nr. 67, þar sem *Krúsa*, Ragnheiður Jónasdóttir Hanson (1940) bjó og býr með fjölskyldu sinni.

³ Í næstu húsum bjuggu frændsystkinin í nr. 67, 62a, 62b. Einar, Guðrún og Ingimundur börn Sveins Benediktssonar og Helgu Ingimundardóttur, móðursystur Sirríar.

⁴ Helgi P. Briem varð fyrir áfalli skömmu áður.

⁵ Eins og fram hefur komið var þetta hæsta blokk landsins þegar hún var byggð. Því voru vindstrengir og sviptivindar, og eru, óskaplegir. Þannig að bílar eiga það til að lenda í kós.

⁶ Andrés Reynir (Kornerup-Hansen) Kristjánsson og Dóra Þórhallsdóttir, vínafólk Páls.

⁷ Steinunn Guðmundsdóttir, dóttir Fjölu Haraldsdóttur, heimilivinkonu, sem áður var getið; Fróði Jóhannson, blómabóndi í Mosfellsdal. Þau eru bæði dái.

⁸ Má í spaugi segja að flest boð hafi tvöfaldast með þessari aðferð!

⁹ Guðmundur Þór Guðmundsson (1962), sonur Guðmundar Jónassonar og Bergljótar Líndal; lögfræðingur, framkvæmdastjóri Kirkjuráðs.

sinni, er alltaf að vinna og segist aldrei hafa haft svona rúm fjárráð, enda kemst hann vel út úr daglegu lífi, drekkur kaffi og borðar hádegismat á sínu gamla heimili, notar símann óspart, svo maður veigrar sér við að hringja, þar sem hann svarar oftast nær.

Hilda er dálítið þreytt á þessu, finnst það ófrjálst, en þó gleðst hún yfir því að hann smakkar ekki vín og virðist ótrúlega ánægður. Ég held að gangi vel með hjónabandið. En hvort eitthvað verður gert í fjárdráttarmálunum veit enginn, ég býst við að allt hafi verið greitt - kannske verður ekkert gert í málinu. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík. 26.4.1978.

-- Það gengur vel hjá mér í vinnunni. Ég hef verið að ljúka við að ganga frá öllu í sambandi við aðalfundinn, sem var heilmikil skrifinnenska. Fréttabréfið tók ég saman um helgina. Ritarinn gerði engar athugasemdir og fannst það gott. --

Ég fór í heimsókn í Rauða krossinn í gær og fékk eftirmiðdagskaffi hjá þeim. Þar er allt í besta lagi. Það hafði komið bréf frá Henrik Beer sem ráðgerir að koma til Íslands í lok júní. Ólafur Mixa (*formaðurinn*) svaraði honum og sagði að þú kæmir ekki fyrir en í júnílok. Ég veit ekki hvort hann breytir ferðinni út á það.

-- Ég talaði við Rut um að fá peninga -- Við höfum lifað eins og meinlætamenn allan mánuðinn, því ég er búin að borga einhver ósköp og ekki fengið aðra peninga en mitt kaup -- Krakkarnir hafa tekið þetta mjög alvarlega og gengið upp í að vera sparsöm líka - allt til að geta komist til Ameríku. --

Jökull Jakobsson dó í gær úr kransæðastíflu. --

Segir af nýrri stjórn T.F.Í.: Kristján Ingólfsson form, Ólafur Björgúlfsson og Halla Sigurjóns.

-- Ég held að þetta sé ágætt og vona að Ólafur Björgúlfsson fari að semja við T.R. svo að tannréttingar fari að verða ódýrari. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. San Francisco. 26.4.1978.

-- Þá er ég kominn til nýrrar borgar, gjörbreyttrar frá því ég var hér síðast, eins og raunar allar borgirnar sem ég hef heimsótt. --

Ég var að hringja til Gunnar Jakobsdóttur; raunar hringdi ég í Vigfús, en hún var stödd hjá honum og bauð mér heim -- Við Vigfús ætlum að hittast eitthvert kvöldið. -- annars hef ég lítinn tíma, allt hér þaulskipulagt, á morgun á ég að halda aðalræðuna á aðalfundi *Golden Gate Chapter Red Cross* -- Ég fer að verða vanur að halda ræður, hér gera menn mikið vesen með gesti, kynna þá öllum og sýna af sér mestu kæti yfir að maður skuli loksins kominn! Flögg og fleira --

Ég hef í dag verið að skoða svæðisstöðvar R.K. hér á vesturströndinni. Þeir eru í nýju eða nýlegu húsi, flottasta RK-húsi -- Fundarborðið kostaði 16 þús. dali, og í húsinu er sána. Þannig stendur á: Húsið var byggt af félagi flutningaverkamanna, *Teamsters*, sem Jimmy Hoffa stjórnaði.¹ Þeir lögðu svo mikið í húsið að undravert var hve fallett það er. En vegna skemmdarverka sem unnin voru á húsinu, sjálfsagt af fleiri ástæðum, ákváðu þeir að flytja sig -- og létu RK húsið í té með muhlum og öllu saman fyrir hús og lóð sem RK hafði verið í. Sáú þeir mest eftir fundarborðinu, en þar sem það kostaði 6 þús. dali að taka það í sundur og flytja, þá létu þeir það eftir líka. Þegar þeir fluttu þurfti RK að fjarlægja sextán bari, sem voru í flestum herbergjum verkalýðsforingjanna. Sánuna nota þeir nú til geymslu á einnota mataráhöldum. --

Segir frá veðri, útsýni, landslagi o.fl.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. San Francisco. 30.4.1978.

-- Sjaldan hef ég orðið öllu glaðari en í morgun þegar ég talaði við mömmu þína í símanum og hún sagði mér að þú hefðir náð prófinu og ákveðið að sækja um inngöngu í MR. Ég hef varla komið við jörðina í dag. Óska þér hjartanlega til hamingju með þennan árangur, sem ég vona að verði þér til blessunar. Það er merkilegur atburður í lífi hvers ungs manns að sjá árangur erfiðis síns og að hann er í réttu hlutfalli við það sem maður hefur lagt á sig. En allir sigrar leggja fleiri skuldbindingar á herðar manns, allt leiðir af öðru. --

Í gærmorgun sótti Vigfús Jakobsson mig -- hann hefur búið hér fjöldamörg ár, lærði skógfræði, kom heim, vann þar um tíma, en átti ekki skap við skógræktarstjóra. --

Vigfús hefur unnið við að byggja hús, seldi flest, en starfar nú við að leigja út.

-- Hann fór með mig út á flugvöllinn í Oakland ásamt vinkonu sinni -- leiddi mig upp í fjögurra sæta flugvél -- flaug með okkur um Sakramentódalinn, lenti við veitingahús þar sem við sátum góða stund og sóluðum okkur.

¹ Jimmy Hoffa stjórnaði „verkalýðsfélaginu“ til 1971 og hvarf 1975. Talinn hafa dáíð 1982.

Síðan var haldið yfir fjöll og firnindi yfir í Napadalinn. Á Napaflugvelli fengum við okkur að borða. Eftir það var farið á flugvöll nærri Berkeley, þaðan hringt í Will Perry, og hann fór með okkur heim til sín þar sem við sátum í góðu yfirlæti þar til Vigfús og vinkona hans flugu heim til sín.

Perry er giftur íslensku konu, sem vann hjá Almannavörnum og Landhelgisgæslunni þegar Perry var þar og heitir Hulda Óskarsdóttir.¹ Sonur hennar er hjá þeim, Bolli Gíslason, -- jafngamall þér. Hann hefur aðeins eina ósk, að komast heim og í menntaskólann. Umræðurnar fjölluðu aðallega um það mál og hvernig hann gæti bjargað sér í dönsku -- Hér er lítið á framhaldsnám sem afgerandi hlut í lífi hvers ungmennis.

Ég var hjá þeim í nótt og svo ókum við upp í Napadalinn þar sem aðal vínreктarhéruð Bandaríkjanna eru. Við skoðuðum brugghús Christian Brothers -- á eftir förum við heim til Gunnar Jakobsdóttur, systur Vigfúsar. Hún er gömul bekkjarsystir mín. Þar borðaði ég. Var að koma frá þeim. --

Will Perry biður hjartanlega að heilsa þér, hann man ákaflega vel eftir þegar þú komst með mér upp í Almannavarnir við upphaf Heimaeyjargossins. --

Aftur óska ég þér til hamingju -- Ég sit hér mjög stoltur yfir þér. --

Ræðir myndavélarkaup Ásgeirs.

Eggert Ásgeirss. skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. San Francisco. 2.5.1978.

-- Það er einkennilegt að koma hingað með svo löngu millibili, 17 ár síðan ég kom hér. Landið hefur breyst gífurlega. Mikið hefur verið byggt, skipulag og reisin bygginga batnað frá því sem var. Nú sér maður byggingar sem eru fagarar utan og innan og bera vott um byggingarlist og hugvit, byggt á feiknarlegum auðæfum, sennilega fárra manna. Ég kann að vísu ekki um það að dæma. Það sem mest hefur breyst er afstaða manna til minnihlutahópa, sérstaklega svertingja. Áður var ómögulegt að ræða við menn um vandamálið. Menn voru á verði, hvort sem þeir voru ljósir eða dökkir á hörund; að ræða við forvitna aðkomumenn um vandamál dökkra, voru báðir hópar mjög efastjarnir um afstöðu spyrjandans eða ástæðu hans til forvitni. Nú er málið þægilegra viðfangs -- Þetta land er annars svo flókið að ómögulegt er að fella dóm.

Ég kynntist í gær gífurlega flóknu vandamáli í kínverska hverfinu, Aðra eins fátækt og ég sá þar í leiguhjólum fyrir aldraða Kínverja, þrengsli og sóðaskap, hef ég aldrei séð. Til að fást við lausn þessara vandamála þarf slíkra hæfileika og langstóttu úrlausnaraðferða, að ég hef sjaldan kynnst öðru þessu líkt. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede P. Briem. San Francisco. 2.5.1978.

-- Ég sit hér í augnabliki fríi hjá RK San Francisco - mér líður hið besta. Að vísu var ég svo óheppinn áðan er ég var að skoða sjúkrabíl að ég reif buxurnar og verð því sennilega 30 dölum fátækari í kvöld. --

Það er skrítið að líta yfir bréf skrifað á erlenda vél. Ég víxla stöfum en læt eiga sig að leiðrétta. Mér þótti heldur fréttir að heyra að þú værir búin að selja bílinn þinn, kaupa nýjan og búin að selja hann líka og ætlaðir ekki að standa í fleiri bílakaupum. Það var ljótt að heyra. Að vísu finnur þú betur á þér hvað rétt er að gera en sonur sem situr í rifnum buxum í San Francisco. Heldur þú ekki að rétt væri að kaupa annan Volkswagen og reyna aftur? --

Ég hitti Don Stoneson,² konsúl Íslands, í gær. Við vorum boðnir í hádeginu að borða í bát, sem maður eins sjálfboðaliða í RK á. Báturinn var ekki af lakara taginu, íslenskt flagg við hún og hvað eina. Það var stórskemmtilegt að hitta þetta fólk, eins og raunar alla sem ég hef hitt, nema hjónin sem spöruði hitann í Connecticut. Eigandi bátsins er bóndi hér nærri. Hann braust út úr sölusamtökum bænda og selur vörur sínar beint í búðir og er að verða forríkur. -- Á ég von um að vera sóttur á hverri stundu --

Eggert Ásgeirss. skrifar Þórdísi Briem. Los Angeles. 3.5.1978.

-- eitt hið besta sem ég fæst við á ferðalögum er að skrifa bréf. Ef ég verð þreyttur eða leiður, eða eitthvað annað amar að, er best að setjast niður og skrifa bréf. Sé ég í sérlega góðu skapi er ég líka ævinlega í bréfastuði. -- Áðan sat ég á fundi. Þegar umræður voru orðnar langdregnar stóð ég upp og skrifaði Degi bréf. Ég varð strax afþreyttur og ánægður, kom hingað aftur eftir matinn og skrifa þér nú. Þú sérð að allt er í því fína hjá mér.

¹ Will Perry (d. 1998) var kallaður til sem almannavarnaráðgjafi til að meta viðbrögð í Vestmannaeyjagösinu. Hulda Ó.

Perry (1937) starfaði með honum þar uns þau fluttust saman vestur. Síðar fluttust þau aftur til Íslands.

² Don Stoneson, konsúl Íslands, var yfirmaður stórs byggingafyrirtækis og dó 2008.

Það er einkennilegt að sitja hér með pálmavið utan við gluggann í fjarlægju landi, samt finnst mér alveg eins og ég sé heima, örstutt síðan ég fór og enn styttra þangað til ég kem heim aftur. Ég hef hringt heim tvívegis, það er endurnæring. Tilfinningin að geta tekið upp tólið hvenær sem er, breytir öllu. --

Landið hefur tekið stakkaskiptum síðan ég var hér áður. Borgirnar stækkað, hús þotið upp, fátækrahverfi rifin; að vísu hafa önnur komið í þeirra stað, en ég held samt að þau séu örlítið skárri. Ég hef enga tilfinningu um glæpamennsku --

Mér sýnist ýmislegt hafa gengið á í sambandi við bílakaup mömmu o.fl. En hlutirnir ganga víst aldrei í lífinu eins og á færibandni, en erfiðara er að átta sig á og aðlaga sig, þegar aldurinn færirst yfir. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Los Angeles. 3.5.1978.

Biður hann um að skila þökkum til mömmu hans og systkina fyrir bréf. Gaman að heyra í honum í símanum.

-- mér þótti leiðinleg að heyra að Ragnar Kjartansson¹ hefði gefið þér afsvar um vinnu, þótt það sé að vísu bót í máli að hann vilji vera hjálpsamur næsta ár. Hvað viltu taka til bragðs? Ég vona að eitthvað leggist þér til. Er eitthvað sem þú getur tekið að þér, upp á eigin spýtur, slegið bletti, þvegið bíla, hreinsað til í gördum eða eitthvað? Ég veit að þú hefur velt þessu fyrir þér --

Ég er nú á fundi um flóð, sem eru hér tíð. Ekki er það skemmtilegt, en afar fróðlegt. --

Hér er ólíkt fólk, víðsvegar að og stemmningin hálf vandræðaleg, því menn þekkja ekki. Ég held mér að þeim fáu sem ég kannast við; laumast nú undir einum fyrirlestrinum upp á herbergið mitt til að skrifa þér bréf. Ég sit hér við opinn gluggann. Úti í garðinum eru pálmatré og sundlaug, ekkert um að vera. Ef náttúran fengi að eiga sig væri hér glampandi sólskin; en yfir borginni liggur hula af mistri sem kallast *smog*, blanda af orðunum *fog* og *smoke*. Loftið er hér rakt og þegar það leggur af sjónum yfir borgina og blandast borgarreyk, útblásturslofti bíla og verksmiðjulofti, þá situr það og hylur allt dögum og vikum saman. Getur það orðið svo slæmt að fólk geti vart andað og sumir, sem eru slæmir í öndunarferum og viðkvæmir að öðru leyti, hreinlega deyja. En ég er ungur og frískur, eins og alkunna er og læt ekkert á mig fá. --

Einn maðurinn á fundinum ætlar að halda rosapartí annað kvöld og hefur boðið mér þangað. Hér eru menn listamenn í að halda óformleg boð með miklu gríni, enda eru garðarnir nothæfir til slíks og óspart notaðir, ásamt sundlaugum sem víða eru. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Helga P. Briem. Los Angeles. 5.5.1978.

-- fékk bréf frá mömmu þar sem hún ræddi um hvað heilsu þinni færi fram. Þetta gladdi mig svo að ég mátti til með að setjast niður, svikjast um leið út af fundi sem ég sit hér, til að segja þér frá ánægju minni með þessa frétt. -- Þjóðin hefur breyst mjög síðan ég kom hingað fyrir 17 árum. Sektartilfinning heimsvaldastefnunnar, kynþáttahatursins og auðsældarinnar hefur að miklu leyti horfið. Í staðinn er komið öryggisleysi friðarmála og olíukreppu. Þeir eru sem sé orðnir eins og venjulegt fólk með vandamál, eins og við hin. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ólafi B. Thors. Los Angeles. 6.5.1978.

Brýnir fyrir Óla að hlífa sér og fórna heilsunni ekki í stjórn málin.

-- vona að þér lánist að búa svo um hnúta að heilsan komist í lag, að við öll sem eigum þig persónulega að, sum mjög mikið, önnur nokkuð minna, megum vinna í baráttu fyrir velferð þinni. Enginn fær unnið baráttu á öllum vígstöðvum lífsins, en margir tapa á þeim öllum. --

Enginn er heldur ómissandi segja sumir -- og hafa þá eftir það sem í þá hefur verið tuggið. Sennilega er þetta rétt um sum svið lífsins. En á öðrum sviðum er maðurinn ómissandi. Hann er ómissandi þeim sem hann elska. Við þekkjum það báðir að tómarúm sem skapast í einlægum hreinum hjörtum fyllist aldrei. Það er þetta tómarúm sem kallar fram sannfæringuna um endurfundi að þessu lífi loknu.² --

Friede P. Briem skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík. 6.5.1978.

Rigningaveður og þarf hún að fá sér regnkápu og hlíf, sem hún hefur ekki átt lengi. Segir fréttir úr fjölkskyldunni. Eggerts fjölkskylda í góðu lagi, Ragnheiður Briem kennir í háskólanum, Guðmundur Elíasson, indæll og geðugur; Atli sonur þeirra í leikskóla.

¹ Ragnar Kjartansson (1942-2008), stjórnarformaður Hafskipa.

² Hér á ég sjálfsagt við sameiginlega reynslu okkar sem báðir misstum feður okkar ungar. Um þær mundir voru sveitarstjórnarkosningar, Ólafur í forystuliði Sjálfstæðisflokksins í Rvík

-- hér skiptast á skin og skúrir og nú síðan ég seldi bílinn minn get ég notið þess að berjast á móti veðrinu, sem ég held að sé mjög hollt. Það er einkennilegt, eftir að hafa átt bíl í 20 ár, að kveðja hann og byrja gönguferðir í hvernig veðri sem er. En ég kveð bílinn með þakklæti -- Allt í einu farin að stunda líkamsæfingar á götum úti. Það er furða hvað það gengur vel og nú er ég farin að kenna Dídí á strætisvagna. Ótrúlegt en satt, en í dag byrjaði kennslan. Hún er boðin til Helga bróður á morgun með hellingi af guðspekingum, og hún hafði ekki hugmynd um hvernig hún ætti að komast þangað -- en það var ég sem leysti spursmálið og kenndi henni aðferðina, en þrátt fyrir það kvíðir hún hroðalega fyrir boðinu. Ekki dropi af áfengi, kjötbitar bannfærðir og líklega fær hún bara hrísgrjónagraut og grænmeti. Henni finnst þetta óuppbyggileg tilhugsun. --

Nú er kominn 7. maí og hringdi Dídí til þess að bjóða mér, Sirrí og börnunum til sín í mat -- dáist ég að því hvað hún er dugleg og drífandi og börnin hlakka öll til -- Við erum boðin kl. 6 til þess að *Stundin okkar* fari ekki forgörðum. Á meðan situr fullorðna fólkið yfir drykk. Svo höfum við alveg einstæða skemmtun líka því Dídí bað Sirrí að koma með öll bréfin þín og lesa þau hátt fyrir okkur, og það er ekki síst tilhlökkunarefni. Það er svo mikið sem þú upplifir.

Helga fer stórbatnandi -- Ég er með dagatalið hér á veggnum fyrir framan mig og sé að alltaf styttist tíminn þangað til ég sé á eftir fjölskyldunni hérna; en líka hve tíminn styttist þangað til þið öll komið -- heim aftur. -- Edda¹ kom hingað í morgun til þess að biðja Auði að koma með sér í bíó, bauð ég Auði, því mér fannst titillinn svo sniðugur: *Amma gerist bankaræningi*, svona mynd má ekki fara framhá ungvíðinu. Kannske ég geti eitthvað af því lært. --

Hilda systir er alltaf á spani, því hún er búin að fá Pál, son sinn í fæði, svo nú sést hún aldrei öðruvísi en með innkaupavagninn í eftirdragi -- Ekkert get ég sagt þér í fréttum með peningayfirdráttinn hjá honum, en ekki held ég að hann sleppi með því að endurgreiða þetta fé, þó ekki sé hægt að segja um það eins og er. Ég sá í blaðinu í gær að hann var kosinn í Náttúruverndarráð -- Ég get ekki hringt til Hildu nema að Páll svari og finnst mér það heldur óþægilegt, þar sem hann vill alltaf eitthvað tala við mann -- sé ég ekki betur en að hann sé hinn ánægðasti. Guð láti gott á vita.

8.5.1978. Boðið hjá Dídí var reglulega skemmtilegt og viðurgerningur allur hinn besti. Það eru ekki margir sem hafa sérstakt sjónvarpsherbergi eins og hún og kom það sér mjög vel, þar eð börnin vildu horfa á allt, en við ekki. Auður kom svo alltaf við og við í dyrnar til þess að segja okkur aðalatburði úr viðburðaríkri glæpamynd -- Maggi² og Dagur hafa verið niðri í kjallara að útbúa trommusett og eru þeir svo góðir vinir að Maggi hefur verið líka hér á nóttunni. Rétt áðan fór ég niður í kjallara og sat Maggi með gítar og spilaði; Dagur var með sög, sem sannarlega var ekki hljóðlaus; Auður hlustaði og gekk um í háum stígvélum af mömmu sinni. Það er gaman að fylgjast með öllu, og sé ég ekki annað en að herbergið komi sér vel þar sem Ásgeir er í próflestri og ekki má trufla hann. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsd. Los Angeles. 7.5.1978.

-- Að hugsa sér að ekki skuli einu sinni vera þrjár heilar vikur þar til við eigum öll eftir að hittast. Ég vona að guð gefi að allt gangi vel hjá okkur öllum -- klukkan hjá ykkur um 5 á mánudagsmorgni, allir vonandi í fasta svefni, klukkurnar óþolinmóðar af ergelsi yfir vellíðan ykkar; tilbúnar til að gera öllum bylt við, ýta ykkur af stað í skólann eða aðra vinnu.

Ég fór í gærmorgun í veisluna hjá starfsmanni RK, þar sem fjöldi fólks var, drukku Kentucky viski með piparmintujurt út í, sátu úti í garði í steikjandi hita, því hér hefur glaðnað til, sumarið loks komið, segja menn. --

Boðið í biltúr um Santa Monica, Hollývúdd, Sunset búlevarð, Beverly hills og á ströndina. Hvilík strönd, en enginn þar. Í dag er betra veður og 700 þús. manns þar.

-- Í morgun fór ég á fætur kl. 7 til að fylgjast með hjólakappleiðum ásamt Bradley borgarstjóra og Montgomery borgarráðsmanni, báðum svörtum, hlýlegur og skemmtilegur fjörmaður. Síðan var okkur ekið milli skrifstofa RK, sem eru, held ég, 15, hér í borg, fullt af fólki þar og allir jafn ánægðir með að hitta mann frá Íslandi!

Þegar þetta var búð fóru ég á listasafnið hér, skoðaði þar alla helstu kallana; þeir eiga þar meira að segja einn **Brühel**. Myndin hékk á horni í gangveginum, alveg eins og í Búkarest. Í safninu eru margir varðliðar til að passa upp á að enginn steli nú neinu. Var þjófabjöllukerfi alltaf að fara í gang; virtist alvanalegt.

Ég hef ekki séð hræddara barn en lítinn dreng, sennilega sjö ára, sem snerti hurðarhún. Allt fór í gang, allir að hlaupa, drengurinn skammaður, fór að hágráta. Mikið langaði mig til að taka hann í fangið og hugga hann, mér fannst hann alveg eins og mín börn.

¹ Edda Jónsdóttir (1970) Haraldssonar arkitekts nágrannakona og aldavinkona Auðar og okkar.

² Magnús Magnússon, Torfasonar og Sigríðar Þórðardóttur, jafnaldri Dags og nágranni, nú viðskiptafræðingur.

En við hliðina á listasafninu er enn merkilegri hlutur, sem ég vissi ekki að væri til. Hér eru, eins og kunnugt er, olíulindir. Á örfáum stöðum rennur olían sjálfkrafa upp á yfirborðið. Þar á meðal í svokölluðu *tar pit*. Bensínið gufar upp og þá verður eftir þykkt asfalt; heilmikil tjörn af asfalti¹ sem stöðugt kraumar. Það sem merkilegast er að í 40 þúsund ár hefur holan verið gildra fyrir villidýr fornaldarinnar, mammúta, ljón, eðlur, fugla; fjölda tegunda, og ein kona. Allt hefur þetta hlaðist hvað ofan á annað, en beinin hafa haldið sér fullkomlega. Hefur nýlega verið byggt yfir þetta stórfallegt safnahús, Var þetta viðburðaríkur dagur, tekinn snemma, því þegar ég kom aftur á hótelið var kl. þrjú. Settist ég út í garðinn og vakti áreiðanlega athygli fyrir hvað ég var föstur á höfund.

Það er eitt aðaláhyggjuefni Ruby að Íslendingar brenni sig í sólskininu, því einn versti sjúkdómur sem hægt er að fá mun vera *blisters*.² --

Ég er að hugsa um hve mikill munur er á veðri hér og í norður Finnlandi í fyrra um sama leyti. --

Snjóar mikið í Colorado og víðar, flóð í New Orleans.

-- Þetta er katastrofuland. -- Eftir flóð í fyrra var sprautað plasti á börð og í gil til þess að allt fljóti ekki burt. Hér var mikill þurrkur, en nú hefur rignt mikið --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Los Angeles. 10.5.1978.

Bréfið virðist ekki hafa verið sent vegna þess að það var með hálfgerðri spegilskrift. Var að reyna að kjósa í konsúlatinu hjá Höllu og Hal Linker, en þar var ekki opið. Fór svo til Santa Ana, þar býr Nixon; heimsótti Rauða krossinn, almannavarnakerfið; einnig heilsugæslustöð RK. Síðan var mér sýnt Disney World, boðið á allt sem ég vildi og að borða með ungri konu sem var þar kynnir. Fróðlegt var að heyra hana lýsa heimilislífi sínu og mannsins hennar sem vinnur hjá Rockwell, er aldrei heima og stendur í harðri keppni við yfirmenn, undirmenn, samverkamenn, samkeppnisfyrirtæki og þingið.

--Mér heyrðist líf þeirra vera í fullkomnu rusli, nema hvað vinnuna snerti. Börnin eru uppkomin og hafa öll valið sér stað í lífinu sem tryggir þeim að þurfa ekki að lenda í neinu svipuðu og faðir þeirra. Ég vorkenndi konunni. Mér sýnist líf margra hér vera nokkuð í þessa áttina. Um leið virðist mér áhugi yfir RK-starfsmönnum sem augsýnilega hafa ánægju af starfinu. Það gefur fleira í aðra hönd en fé. En mikið þarf fólk að starfa.

Mér líður vel, er afslappaður, skemmti mér stórvel. Ég er farinn að æfast í ræðuhöldum. Hélt eina ræðu í gær á fundi í Santa Ana, aðra í dag í Pasadena. Aðra á ég að halda á morgun í Pasadena og enn aðra í Los Angeles. Þá fer dvölinni hér að ljúka. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Los Angeles. 10.5.1978.

-- Í gær þegar ég hafði verið á fartinni allan daginn skrifaði ég þér bréf, hreint aðframkominn. Þegar ég var búinn með það og harla ánægður sýndi það sig að ég hafði sett kalkipappírinn öfugan, og bréfið ólæsilegt. Ég var að hugsa um að senda það með ráðum um að lesa það í spegli, en mér þótti það svo hirðulaust, svo ég sendi það í pappírskörfuna. --

Ég er búinn að vera á fartinni frá kl. átta í Pasadena, skoðandi sjúkrabíla og hvaðeina og endaði daginn í Hollívuð, með því að fara í sjúkraflutninga með hinum svokölluðu *paramedics*, sem eru sérþjálfaðir sjúkraflutningamenn. -- Ég er orðinn skelfing syfjaður --

Eggert Ásgeirss. skrifar starfsliði Rauða kross Íslands. Los Angeles. 13.5.1978.

Segi af ferðum mínum, viðfangsefnum, starfi Rauða krossins, sjúkraflutningum o.fl.

-- er starf RK hér svo langtum meira en ég hafði nokkru sinni ímyndað mér, bæði er fjöldi starfsmanna mikill og sjálfbóðaliðar geysilega margir á öllum sviðum. Nokkuð er það misjafn eftir hvar er í landinu og sýnist mega rekja til mismunandi trúar á sjálfbóðaliðum af hálfu starfsliðs. Vel á minnst, starfsliðs. Í listum yfir starfslið eru sjálfbóðaliðar taldir til þess. Verið er að reyna að brjóta niður afstöðumun milli sjálfbóðaliðs og starfsmanna. Samstaða þeirra er mjög til fyrirmyndar. -- Ég hitti Birgi Ísleif og Ólaf B. Thors þeirra Los Angelesmanna! Þeir voru svartir, en blíðlegir á svip. Annars vita menn mikið um Ísland, sérstaklega um drykkju unga fólksins. --

Á alþjóðastarfi er mikill áhugi en mikil fáfræði samt.

¹ Hlýtur að vera tjara.

² Einhvers konar alvarlegur sólbruni.

Eggert Ásgeirss. skrifar Birni Tryggvas. form RKÍ. Los Angeles. 13.5.1978.

Segi frá ferðinni og starfinu. Lagt er mikið upp úr starfi sjálfbóðaliðs (stjórnarmanna) og að samstarf sé gott.

-- Óheimilt er að ráða starfsmann eða flytja milli starfa öðru vísi en öllum starfsmönnum sé gert kunnugt um það og kannað hvort starfskrafta sé að finna meðal sjálfbóðaliða. Leggur allt þetta mikið starf á herðar forystumanna, því hægt er að óska endurskoðunar ráðningar ef umsækjandi telur að kvalíffikasjónir hafi ekki ráðið.

Hins vega er hér lítil þekking á alþjóðastarfi og er ég nú óspart notaður til að kynna mönnum það, þar sem það hefur spurst á undan mér. --

Sama dag skrifa ég Bryndísi Jónsd. forstöðum. Sjúkrahótelis RKÍ og Margréti Gunnarsd. starfsm. Rvíkurdeildar R.K. með upplýsingum um það er þeim gæti hentað. Þá fær Helga Einarsdóttir,¹ bekkjarsystir mín, form. Kvennadeildar Rvíkurdeildar bréf um félagsmálastarf. Svo skrifa ég Helga P. Briem, svo og Þórarni Ólafssyni lækni, í Sjúkraflutninganefnd, um starf R.K. að sjúkraflutningum. Einnig Halldóri Halldórssyni lækni, form. Akureyrardeildar RKÍ.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík. 14.5.1978.

Var að koma af sýningu Myndlista- og handíðaskólans en við vorum vonsvikin því ekkert verk var þar eftir Dag þótt valin hefðu verið.

-- Þakka símtalið í gær. Ég var ansi rugluð því hjá mér voru hvorki meira né minna en 29 manns, 14 fullorðnir og 15 börn. Allt gekk eins og í sögu - veðrið gott og börnin úti og þegar þau voru búin að drekka, þá höfðum við frið. Sidda og Halldór, Steini og Steina gátu ekki komið, svo okkur datt í hug að bjóða frændfólkinu hérna í götunni. Var það sérstaklega vellukkað. Ég lauk á föstudagskvöld við að sauma gardínurnar fyrir innri stofuna og fannst svo fínt að ég dreif í boðinu.

Stella sagði að Kristín og Magnús hefðu fengið frá þér þetta poppduft, og verið mjög hrifin. Agnar var á Laugarvatni -- og Óli Thors náttúrulega að undirbúa kosningarnar. Ég veit ekki hvort ég nenni að kjósa áður en ég fer, ég er ekki ánægð með þessa menn. Palli biður um kveðju til þín. Hann efast um að hann komi af stað bréfi til þín, en var samt mjög ánægður með að fá bréf frá þér. --

Segir frá námi og prófum barnanna.

-- Ég fór upp í RK og drakk eftirmiðdagskaffi. Allt virtist vera í besta lagi og fór ég með heilmikið af úrklippum um RK, bæði um 150 ára afmæli Dunants, kosningahappdrættið og nýju spilakassana. --

Segir frá undirbúningi aðalfundar og mikla vinnu við undirbúning, reikningaendurskoðun.

-- Mér finnst ég hafa undanfarið verið á fullu, frá morgni til kvölds, bæði fyrir TFÍ og svo þegar ég þarf allt að gera fyrir heimilið. --

Undirbúningur ferðarinnar vestur er í fullum gangi.

-- Mamma þín hefur það gott og hefur máttulega mikið að gera. Hún er ánægð með að vera hætt að keyra. Dídí bauð henni og okkur öllum og fór ég með bréfin þín og las upphátt fyrir þær. Þótti þetta hin besta skemmtun. --

Jenny á Hvarfi bað um að fá að gista þegar hún kæmi suður með Hermann í sumar -- kannski Jón líka, þau væru búin að gefast upp á því að búa hjá systur Jóns. Ég sagði það velkomið. Hún sagðist hafa verið lítilfjörleg í vetur -- en væri að verða betri, hún væri búin að leita til læknis. Líka farið tvisvar til Einars á Einarsstöðum.² --

Hefur áhyggjur af hvernig peningamálin standi. Býst við að biðja tengdamóður sína að bjarga skuldum sem falla meðan hún er í burtu, því verið er að ræða ýmiskonar verðhækkningar t.d. kaskótryggingar.

Segir frá garðinum og að Palli ætli að sjá um sláttinn. Jójó ætli að halda fyrir hana boð áður en hún fer.

Þá talaði hún við Björn Þórleifsson hjá RKÍ, vegna þess að hún hefði áhyggjur af Ernu vinkonu sinni Þorleifsdóttur og Sigurjóni Jóhannssyni, en hún stefni á nám í félagsráðgjöf í Osló. Honum leist vel á, og systir hans byggi í grenndinni og Erna gæti alltaf leitað til hennar.

Þakkar bréfin tvö frá L.A. sem dattu í þessu augnabliki inn um lúguna. Vonar að gangi að fá bílaleigubíl. --

¹ Helga M. Einarsdóttir (1930), bekkjarsystir mín, dóttir Einars Magnúss. menntaskólarektors, sem var bekkjarbróðir pabba.

² Einar Jónsson á Einarsstöðum (1915-1987) í Reykjadal, lækningamiðill

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. St. Louis. 15.5.1978.

-- Ferðin er ævintýri líkust. Gestrisni er meiri en orð fá lýst. Ég var rétt að koma úr fágætri veislu sem einn af sjálfboðaliðunum hér á miðvestursvæðisskrifstofunni, sú sem sér um utanríkissamskipti, hélt fyrir mig á veitingahúsi utan við borgina. Hvílikur matur. Ekki mikill, en svo frábær að leitun er annars slíks. Allir sem ég hef hitt taka mér þannig að eins og um aldavin sé að ræða. --

Allir á vesturströndinni sögðu ekkert annað svæði vert að heimsækja. Þeir sem ég hef hitt hér segja að ekkert jafnist á við Suðurríkin, Appalachiafjöllin og Atlantshafsströndina.

Í gær fékk ég hringingu frá Washington og var spurður að hverskonar stærð af börnum ég ætti. Ég lýsti stærð Ásgeirs og hvað mikið ég hefði borðað síðan ég kom hingað. Svo dró hann til baka boðið sitt um að lána fólksvagn til suðurferðar okkar, ókeypis. Ég held áfram að leita. Talaði við Dunbar og Ingu í gær. Hann sagði ekkert að óttast, eitthvað legðist til þótt ég hefði ekki fengið bíl leigðan þegar við kæmum til þeirra. -- Allt lítur vel út.

Þið vitið ekki hve ég komst í dásamlegt skap þegar ég hringdi heim í fyrradag og heyrði *larminn* í íbúðinni, rödd Auðar þegar ég var að tala við þig og heyra að allt væri í lagi. -- ég var alveg uppgefinn þegar ég hringdi, en eftir það skrifaði ég skýrslu dagsins sem þá var að líða og átta bréf. Það sem hefur haldið mér uppi er ritvélin. Þetta er 35. bréfið sem ég skrifa. Ég veit að enginn myndi trúa því nema þú, ég efast þó um aðdáun þína. -- Annars hef ég ekkert sérstakt að segja. Ég er hér í St. Louis, hef ekkert séð af borginni, en nóg af fólki.

Ég var að telja og ég náði upp í yfir 180 manns sem ég hef verið á skrásettum fundum með, Sennilega hef ég hitt þrisvar sinnum þá tölu, fólk sem ég heilsaði og talaði við. Þetta er ótrúlegt. Ekki veit ég hvenær allt þetta fólk nær sér aftur. Ég er eins og blóðsuga, líður því betur sem ég fer verr með aðra. Jæja nú er ég að komast í gott skap --

P.s. Viltu hafa með þér adressur: Agnar, Stefán Hirst, Kjartan J. Jóhannson, séra Sigurður H. Guðmundsson og Benedikt Blöndal.--

Friede P. Briem skrifar Tannlæknafr. Ísl. Rvík, 20.5.1978.

-- Löng er ævin, en þó er hver skemmtileg stund alltof fljót að líða. Fyrsti tannlæknirinn sem ég kynntist var Brynjúlfur Björnsson, og stundirnar í biðstofunni hans voru sannarlega ekki fljótar að líða; stóllinn og öll þessi pyndingartæki, sem maður sá, hvert sem litið var, voru ógnvekjandi. En vegna vináttu við föður minn Pál Briem, sem þá var látinn, þíndi hann allan krakkaskarann, fimm, með tölu, án þess nokkurn tíma að taka greiðslu fyrir störf sín. Þennan forlata mann og stórmerka kvaddi maður alltaf með fögnuði, þegar ósköpunum linnu.

En ástæðan til þess að ég skrifa þessi orð er sú að ég vil færa Tannlæknafr. Íslands hjartans þakkir fyrir viðskipti, gjafir og allar góðar stundir og þá ekki síst fyrir heimsókn Sverris Einarssonar formanns og Hauks Filippussonar gjaldkera, og fyrir þá stórskemmtilegu stund sem ég átti með þeim og verður mér minnisstæð.

Listaverkabók Sverris Haraldssonar á eftir að veita mér ánægju og góðra veiga sem fylgdu mun ég njóta í vinahópi og þá verða allir léttir í skapi og þær stundir verða ábyggilega allt of fljótar að líða. -- Með þökkum kveð ég ykkur alla sem ég hef kynnt; óska Tannlæknafrélagi Íslands velfarnaðar á ókomnum árum. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ágústu Johnson/Seðlabanka Ísl. New York 28.5.1978.

-- Það vildi ég að þú segir þeim hjá *Independence Foundation* að þetta hafi allt saman verið mesta ævintýri, ólýsanlega skemmtilegt, svo skemmtilegt að samviskan fór að gera vart við sig. Ég fór að hugsa að varla gæti verið ætlast til að ég skemmti mér nærri hverja einustu mínútu í heilan mánuð og gott betur. En dagskráin var stíff. að vísu fékk ég tækifæri til að hitta gamla bekkjarnauta í San Francisco um helgi, og ég laug að þeim sem sá um mig í Los Angeles að ég væri boðinn til Íslendinga, svo ég gæti aðeins ritað svolítið af *skýrslunni* umræddu og farið snemma að sofa. --

Ég sé eftir að hafa ekki verið fastari á minni meiningu að láta Guðjón hitta RK fólk meira, einkum síðustu dagana, sem voru illa skipulagðir. Það hefðir verið gott ef hann hefði kynnt daglegu starfi hjálparfólks betur en hann gerði.

Skipulagið tókst ágætlega. Di er stíflýnd. Það liggur við að ef maður óskar einhvers sérstaks, eða þeir sem hún hafði samband við, höfðu einhverjar sérstakar meiningar, að hún brygðist illa við. Ekki veit ég hvort *Independence Foundation* kærir sig neitt um það, en óviðkunnanlegt finnst mér hve gjörsamlega ferðin er stimpluð American-Scandinavian Foundation. Ég var hér einu sinni á vegum annarrar stofnunar og er samanburðurinn merkilegur hvað þetta varðar. -- mér finnst skylda mín að segja þér þetta.

Ég þakka þér fyrir þinn hlut að því merkilega ævintýri, sem ég hef upplifað. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Friede P. Briem. New York. 29.5.1978.

-- ferðin gekk vel hjá okkur og tók Eggert á móti okkur á flugvelli. Það urðu miklir fagnaðarfundir. Við fórum svo á hótelið sem hann hafði látið taka frá fyrir okkur. -- Við vorum í allan gærðag á skoðunarferðalagi og notuðum tímann vel. Fórum m.a. út í Frelsisstyttuna. Var það á sérstökum pöntunarlista Auðar. Það var ævintýrarík ferð því þoka skall á -- Svo rofaði skyndilega og bátar og fólk komust leiðar sinnar.

Svo erum við búin að kaupa járnbrautarmiða til Washington D.C. til Ruby og John Dunbar. -- Þar verðum við líklega í 10 daga. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Friede P. Briem. Washington D.C. 3.6.1978.

-- erum hjá Ruby og John í góðu yfirlæti. Við tókum lest frá New York og höfum leigt bíl fyrir allan tímann. Við keyrum -- suður á bóginn og verðum í litlum bæ, Bradenton, þar sem Pierpont býður okkur að vera eins lengi og við viljum. Hann býr einn í stóru húsi alveg við ströndina. Það kostulega er að Davíð Scheving og Stefanía, og tvö yngstu börnin voru samferða okkur út í flugvélinni og voru að fara í mánaðarfrí hér í næsta bæ, Sarasota.

Við erum búin að skoða mikið af stórkostlegum söfnum hér í Washington, náttúrugripasafnið, *Air and space* og í gær fórum við í *F.B.I.* húsið þar sem leynilögreglan hefur höfuðstöðvar og fengum leiðsögn um húsið. Það er mikill munur að vera á bíl og vona ég að allt gangi vel með hann. Mikil umferð, en gengur greitt og merkingar góðar.

Krakkarnir eru mjög ánægð og við njótum þess að vera saman. Auður er komin með sólarlit og vekur mikla athygli með sitt ljósa hár. Við fengum fréttir að heiman frá kosningunum og er þar aldeilis breyting á.¹ Allavega kemur Óli til með að hafa það rólegra. --

Við keyrðum til Mount Vernon í Virginíu þar sem George Washington bjó og skoðuðum landareign og húsið. Þar er mikil náttúrufegurð, skógur og Potomac-áin. --

Friede P. Briem skrifar Sigríði Dagbjartsd. Rvík. 7.6.1978.

Sirri fór til BNA með börnunum til móts við Eggert sem hafði verið þar í námsferð. Þakkar fyrir bréf og segir frá viðbrögðum við falli íhaldsmeirihlutans í borgarstjórnarkosningum í Reykjavík.

-- Jójó² hringdi dálítið slegin yfir ósigrinum, en ég gat ekki talað mikið við hana því Anna³ hlustaði á hvert orð sem ég sagði, en hún er ábyggilega Alþýðubandalagskona -- En það er hægt að bæta úr því síðar. Aðallega vorkenni Jójó Birgi Ísleifi (*Gunnarssyni*), en svona er það alltaf með þessar stjórnmalastöður --

Segir frá átræðisafmæli Eggerts bróður síns, góðri frammistöðu Atla Steins hins unga sonar Ragnheiðar og Guðmundar.

-- Það merkilegast sem skeð hefur í fjölskyldunni er að Eggert bróðir varð átræður í gær -- líklega hefur hann ekki haft kjark til þess að flýja eins og venjulega. Sigga sagði okkur að við mættum ekkert gefa honum, en því hlýddi enginn nema Doris. Allir komu færandi hendi og sýndist mér Eggert vera spennur fyrir hvað væri í pökkunum --

Guðmundur var alltaf að taka myndir af okkur, sem ég hlakka ekkert til að sjá. Í vetur þegar ég hafði gestabod og Ásgeir tók myndir af öllum þá þekkti Hilda ekki sjálfa sig, því hún var svo *flatteruð*, og þó skoðaði hún sig í stækkunargleri. Henni fannst Ásgeir vera besti ljósmyndari sem hún hafði kynnst og vonar að hann eigi eftir að taka fleiri myndir af henni --

Hefur máturega mikið að gera fyrir prestastefnuna. Þá var hún að senda umsókn Ásgeirs um skólavist í MR, sótti hún ágætis einkunnir Dags og segir frá listahátíð.

-- Afmæli Lólóar⁴ 75 ára, var í dag, og þó ég væri boðin, nennti ég ekki með nokkru móti að fara og setti saman eitthvað falsskeyti strax í morgun, með blessunaróskum til hennar. Hvorki Hilda, né Dídí, voru boðnar, svo það virtist vera eins og ég ætti að mæta þarna sem eins konar höfuð ættarinnar, svo það fór nú allt eins og best varð á kosið. Enda er ég ekki búin að kaupa regnkápuna til þess að ég gæti mætt í viðhafnarbúningi.

¹ Sjálfstæðisflokkurinn féll og við tók þriggja flokka stjórn.

² Jóhanna Jórunn Einarsdóttir Thors vinkona Sirríar. Sjá fyrr.

³ Anna Jónsdóttir frá Prestbakka aðstoðaði Friede við heimilisstörf. Skemmtileg gáfu- og fróðleikskona, varð nánin vinkona Friede.

⁴ Sigríður Thoroddsen. Sjá fyrr.

Kata¹ kom tveim dögum eftir að Auður fór til þess að spyrja mig hvort ég væri búin að fá bréf frá henni, hún hefur sjálfsagt haldið að það yrði sent með hljóðfrárri þotu. En gott var að heyra að þið skylduð komast út í frelsisstyttuna. Hlakka til þegar Auður fer að segja mér frá þeim stórmerkilega viðburði. --

Ferðasagan frá Washington D.C.

Hér hefur í bréfaskriftum fallið niður að segja frá upphafi ferðarinnar, þ.e. milli Washington D.C. og Charlotte.

Eins og kemur fram í fyrri bréfum stefndum við á útilegu í ferðinni. Við fengum í Washington lánað tjald og svefnpoka, og lögðum upp í ferð til suðausturs og stefndum á Blue Ridge Mountains, en þar er þjóðgarður þekktur fyrir mjög mikið blómstrúð á vorin, einkum af *rhododendron*, sem mun vera *lyngrós*. Við fórum upp í fjöllin og skoðuðum okkur um og dáðumst að gróðrinum. Um kvöldið fundum við okkur tjaldstað og bjuggum okkur undir nóttina. Þá gerðist það sem kom á óvart að svartamyrkur skall á og kuldi á fjöllum uppi. Var nóttin nóturleg, dimm og köld. Hljóðið óhugnanlegt í einhverjum dýrum, sem við þekktum ekki, en vöktu með okkur, foreldrunum nokkurn óhugnað. Ekkert tjald nærri. Við vorum því fegin þegar birti. Við tókum upp tjaldið og héldum niður að fjallsrótunum. Þar var allt annað veður, hiti mikill.

Við skoðuðum okkur um og fundum tjaldstað, þar sem var fleira fólk. M.a. var mjög ófríður maður þar nærri, sem okkur þótti heldur skuggalegur. En hann fylgdist með okkur og þegar hann sá að við vorum fátæklega að heiman búin bauð hann fram hjálp. Við vildum nú síður blanda geði við ókunnugt fólk. En hann sagði okkur að við gætum ekki verið í tjaldi án þess að hafa lukt, og lánaði okkur eina, sem gerði náttúrulega lífið skaplegra í tjaldinu fyrir þessa litlu, frumstæðu fjölskyldu langt frá allri menningu að okkar skapi. Vorum við þakklát mannum, þegar við skiluðum luktinni og kvöddum hann.

Sigr. Dagbjartsd. skrifar Friede P. Briem. Á leið frá Charlotte, N.C. 13.6.1978.

-- Í morgun lögðum við af stað frá Charlotte í North-Carolina þar sem við erum búin að vera í miklum lúxus hjá yndislegu fólk sem Eggert hafði kynnst í Rauða krossinum. Í gær fórum við í stórt og mikið tívolí með börnin og hafði fjölskyldan aldrei komist í annað eins. Ég kalla mig góða að hafa sloppið lifandi úr öllum þessum furðutækjum.

Um kvöldið héldu þau svo *barbecue-party* við ána í yndislegu umhverfi og veðri. -- Það er skammt öfganna á milli hjá okkur. Ýmist höfum við heila hæð fyrir okkur með mörgum baðherbergjum, eða við erum eins og flökkulýður. Á leiðinni suður til Florida tjöldum við eina nótt og borðum úti á tjaldstæði með öllum þægindum. Við Eggert höfum skipst á að keyra og er það reglulega skemmtilegt. Ásgeir og Dagur fylgjast með kortinu svo allir hjálpast að.

14.6. Það fór öðruvísi en við ætluðum. Við höfðum samband við fólk sem Helga Pálmadóttir² bað okkur að tala við og koma þakka til. Það býr í Gainesville, á leið okkar suður og vorum við hreinlega kyrrsett. Þau búa þar í húsi við vatn og áður en varði voru allir farnir að synda og svo út á stóran bát. --

Við þurftum að vakna kl. sex í morgun því dagleiðir lengjast. -- Við erum rétt að koma að landamærum Georgíu og Florida og fengum okkur vinsælasta rétt og ódýrasta sem börnin, og fleiri, geta óskað sér: hamborgara. Við erum því líka fegin því þetta er það ódýrasta sem völ er á.

Nú er gróðurinn að breytast og ég er farin að sjá pálmatré. -- Auður er orðin þó nokkuð útitekin og gerir mikla lukku hjá öllum. Hún er líka duglega að skilja fólk og reyna að tala við það.

Þetta hefur verið mikið ævintýri fyrir okkur öll og sérstaklega erum við þakklát fyrir að geta tekið börnin með. Þetta er mikið þroskandi fyrir þau, ekki síst að kynnst þessu ágæta fólk sem umfaðmar okkur.

Ekki veit ég hvernig þér tekst að skilja þessa skrift, en miðað við að ég er að þessu á 100 km. hraða, þá held ég bara að útkoman sé góð. Við biðjum svo öll fyrir góðar kveðjur, sérstaklega ef þú vildir hafa samband við mömmu. -- Þín elskandi tengdadóttir.

Ég bið að heilsa. Auður.

¹ Katrín Heiðar, vinkona Auðar.

² Helga Pálmadóttir vinkona Sirrjár.

Karitas Björnsdóttir¹ skrifar Friede P. Briem. P.t. Marienlyst, 12.7.1978.

-- Mikið þakka ég þér sendinguna -- Ég er alveg hrærd yfir að þú skyldir hugsa til mín þegar þú rakst á litla bók um brautryðjandastarf þabba míns. --

Dr. Guðmundur Björnsson skrifaði mér og sendi mér lítið hefti á ensku, var að leita að upplýsingum o.fl. um föður minn. Ég gat nú lítið hjálpað honum, var ekki nema 3½ árs þegar hann dó. Nú þegar þessi litla bók kom, sendi hann mér hana með allöngu bréfi. Ég kom þó og var eina viku á Íslandi síðastliðið haust, en í lækinn gat ég ekki náð. Þetta var bara enginn tími og hljóp út úr höndunum á mér. Það var helst símann sem ég gat notað. En að (*þú skyldir*) hafa verið á *Færgegården*, tvö sumur, án þess að líta inn til okkar. Þegar við lítum út um stofugluggann okkar blasir *Færgegården* við beint á móti. Guðmundsen þekki ég bara að nafni til, en ég las í blöðunum einn daginn að nú ætti að selja bæinn.

Lítið hef ég séð af þínu fólki seinustu árin, þó, fyrir nokkru hringdi Sigurður Bjarnason² frá London og bað Jens um að hjálpa ungum manni sem kæmi í heimsókn. Þegar til kom virtist þetta vera sonur Eggerts bróður þíns Páll (= *Gunnlaugur*). Tók hann með til Álholm, þar sem þeir gátu séð gamlan ísl. bikar, sem Páll (*rétt: Gunnlaugur*) svo teiknaði og tók myndir af. En þegar heim kom fór Jens með hann upp til mín, en hann þurfti bara að flýta sér til Hafnar. Svona fór um sjóferð þá. --

Friede P. Briem skrifar Karitas Björnsd. Rvík. 19.7.1978.

Kæra Karilla mín! Mikið þótti mér vænt um að fá frá þér bréfið og að svo skyldi hittast á að *Færgegården* skyldi auglýstur til sölu.

Og auk þess að (*Gunnlaugur*) drengurinn hans Eggerts bróður míns skyldi koma til þín. Hann er nú einn af þessum óskiljanlegu vísindamönnum, er búinn að vera að læra einhverja leturgerð í mörg ár, en við erum svo illa að okkur hérna að við skiljum þessa vísindagrein alls ekki. En það er ekki honum að kenna, heldur okkur. Bikarinn sem hann hefur verið að leita uppi er í því sambandi; en hann er mjög fær á sínu sviði, eftir því sem sagt er. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. Rvík. 15.10.1978.

Fór til Stokkhólms á norrænan fund form. og frkvstj. RK-félaga, bjó þar hjá Kerstin sonardóttur Lóu í Stokkhólmi. Á heimleið fór ég að Glänne. Þakkar frænku minni móttökur, hvíld frá spani og fræðslu.

-- Svo tekur við ferðin til Vermlands, eplinn skógurinn, berin, þú og allt þitt góða fólk. Þetta á allt svo vel við mig, þótt ekki sé tíminn langur sem til umráða var. Mér þykir alltaf jafn gaman að hitta þig og rabba við þig. Þótt þú heyrir ekki vel, þá finnst mér eins og veröldin hafi stöðvast frá því ég var hjá ykkur síðast, en Guðmundur farinn. Ég fylltist angurværð af minningunni um hann þegar ég gekk um skóginn og stóð við trékrossinn hans í kirkjugarðinum.

Ég hugsa oft um hvað minningin um mætan mann er stórkostleg; eins og trúarbrögðin hafi ekki alveg hitt á réttan tón í málefnum framliðinna, að minnst kosti ekki í mínum augum og huga. En ég ætlaði ekki að verða tregablandinn, því mér finnst tæpast annað en fagnaðarefni að fara héðan af jörðinni, ef maður hefur skilað af sér viðskiptunum við fólkið sitt, í góðu lagi.

Svo settist ég upp í flugvélinu eftir að Ívar³ skilaði mér á flugvöllinn. Ég var með þjónkur miklar eins og allir aðrir Íslendingar. Í Stokkhólmi var steypirígning. Ég hafði keypt Arabia bolla fyrir Sirrí, þeir voru þakkaðir vandlega í pappakassa. Vagninn frá Brommaflugvelli stoppaði við Vasagatan, járnbrautarstöðvarmegin, svo sem eins og tvö-þrjúhundruð metra frá þeim stað sem vagnarnir út á Arlanda lögðu af stað. Ég hefði þurft að fá leigubíl þennan spöl, en lagði samt af stað. Götuljósinn töfðu, ég stóð þarna í rígningunni, teygði fingurna þannig að þeir næðu milli handarhaldanna á skjalatöskunni og pappakasanum, en þeir náðu í skemmsta lagi. En smám saman bleyttist pappakassinn svo fingurnir fóru að ná vel á milli. Þegar ég var að komast yfir götuna fór pappakassahaldið að rifna svo ég rétt slapp með því að hlaupa hratt yfir. Það stóð á endum, þegar á gangstéttina kom, þá fór handarhaldið og ég stóð þar eins og skolaköttur, með þjónkurnar og blautan pappakassa. Og fólkið þaut hjá, blautt sumt, annað með regnhlíf, enginn leit við pappakassafólki. Ég sá Arlandavagninn fara af stað, hann ók við tærnar á mér og sinni ekki bendingum mínu, enda ótrúlegt að pappakassafaralangur ætti lögmæt erindi til *ARLANDA INTERNATIONAL AIRPORT* eða gæti borgað sjö krónur fyrir farið.

¹ Karitas (Kara) Andersen (1906-88) dóttir Björns Ólafssonar augnlæknis og Sigrúnar Ísleifsdóttur, síðar Bjarnason, tengdafrænku Friede. Bjó og dó í Danmörku. Stjúpdóttir Þorleifs Bjarnasonar menntaskólakennara. Bjó í Nykøbing, Falster, þar sem Friede hafði dvalið ung. Maður Karillu var Jens Andersen kaupmaður.

² Sigurður Bjarnason sendiherra frá Vigur.

³ Ivar Boström (1942), dóttursonur Lóu, umferðarkennari í Arvika.

Ég var hvort eð er orðinn þiggjandi í velferðarþjóðfélaginu *SWEDEN*, svo ég skimaði eftir góðhjörtuðum svip sem leið átti framhjá. Brátt sá ég mann sem ekki myndi láta bón minni ósvarað. Ég ávarpaði hann auðmjúklega og sjá! Hann þreif töskurnar mínar, ég tók pappakassann í fangið, því að botninn var nú farinn að gefa sig líka; og skokkaði á eftir honum. Í sama mund kom Arlandabíllinn og hirti upp alla sem við staurinn stóðu; þeir færðu sig frá þegar ég kom, maður sem sennilega kynni ekkert til hegðunar í fínum *FLYGBUSS*. Ég settist inn í vagninn, tók mér fremsta sætið og talaði við vagnstjóran og sagði mínar farir ekki sléttar og hvað þetta væri slæmt með Brommavagninn. Hann skildi þetta ekki frekar en vagnstjórafrökenin, svo ég gafst upp við umræður og sneri mér þess í stað að því að hjálpa gömlu fólki og jafnblautu mér upp í vagninn; þá var ég loks búinn að finna fólkið sem ekki leit niður á blautu pappakassaferðamenn.

Hlýleg gömul koma spurði mig hvort hún mætti setjast við hlið mér og við hófum hinar skemmtilegustu samræður, enda þótt þær gengju ekki alveg sem skyldi, hún heyrði illa á hægri eyra og ég á því vinstra, við snerum þeim saman; en vegna áhuga tókst okkur að ná vel saman. Hún hafði ferðast til Íslands sem *farfugl* fyrir nokkrum árum og átti þaðan sínar fegurstu minningar; en var nú í hópferð til Ameríku, ásamt fleirum í félagi aldraðra.

Þar skildu okkar leiðir. Ég fór inn í flugstöðina, dró mig út í hið fjarlægasta hornið sem ég fann, undir stórum stiga og hóf að þurrka mig, raða á nýjan leik niður í töskurnar, Og sjá! Allt komst fyrir sem best varð á kosið; pappakassanum tóma troðið ofan í stóran dall sem þar var, eftir að hárið var greitt og svitinn þerraður, þá stóð ég upp og gekk til farþegaskráningar og hitti þar fljótlega allskyns ráðuneytisstjóra og mektarmenn sem ég talaði við um fall stjórnarinnar á Íslandi, daginn áður, með léttum svip og reisn; vonaði að enginn sem ég hitti hefði séð mig með pappakassann á Vasagötunni klukkutíma áður.

Ég veit ekki hvort ég einu sinni leit til gömlu konunnar, vinkonu minnar úr *FLYGBUSSEN* sem hafði heimsótt Ísland, þar sem hún stóð í biðröð rétt hjá, ásamt nokkrum hóp aldraðra Ameríkufara. Kannski kinkaði ég til hennar kalli svo lítið bar á.

Ferðin gekk svo ágætlega eftir það; einn mektarmaðurinn og ráðuneytisstjórinn *vinur minn* Þórhallur Ásgeirsson bað kærlega að heilsa þér og minntist heimsóknar til ykkar sem hefði hún verið í gær.¹

Svo kom ég heim, allt í góðu lagi, vinnuþagabunka beið á borðinu þegar ég kom í vinnuna, og síðan hef ég varla litið upp úr, hver helgi farið í fundahöld og vinnu, þar til loksins nú að ég sendi þér þessar línur með þökkum fyrir móttökurnar. Fleirum þarf ég að skrifa, en dragist það ætla ég að biðja þig um að skila kveðjum með öllum þeim hlýleika sem rúmast í litlu umslagi. -- Mamma átti 78 ára afmæli og treysti sér nú ekki í fyrsta skipti til að taka á móti gestum. Við Sirrí gerðum það fyrir hana og hafði hún af því mikla ánægju, og við líka. Það er sérstaklega gaman að hve börnin okkar hafa gaman af að hitta gamla fólkið í fjölskyldu sinni. --

Og nú er stjórnin í Svíþjóð líka fallin. Ég vona að þið fáid góða stjórn sem geri allt sitt til þess að minnka verðbólguna eins og allar stjórnirnar okkar. --

Bo Almqvist skrifar Ármanni Snævarr. Dublin. 16.10.1978.

Þetta er fyrsta bréf af mörgum sem snerta skilnaðarmál Bo og Jane, flókið mál, sem endaði með því að skilnaður þeirra tókst. Ekki skal farið náið út í það mál. Á þessum árum var skilnaður hardbannaður á Írlandi og þurfti að grípa til flókinna lagatæknilegra aðgerða á Íslandi. Þetta bréf virðist hafa verið fyrsta viðleitni Bo til að fá aðstoð vina sinna á Íslandi til að gera skilnað mögulegan, sem sé --

-- þau Bo og Jane höfðu gengið í hjónaband 1958 og gaf Guðmundur Jónsson² fulltrúi borgardómara þau saman. -- Hann var óskaplega feiminn, minnir mig og ef til vill var það í fyrsta skipti sem hann gaf hjón saman. --

Nú yfirgefur skrásetjari bréfin og styttir sér leið. Ármann sýnist hafa staðið frammi fyrir flóknu máli, skilnaði fólks, Svía og Bandaríkjamanns, gefin saman í Reykjavík; sjálfur ekki lengur félagi og vinur Bo, orðinn hæstaréttardómari. Sá þá einu lausn að svara ekki málaleitan Bo, að því er séð verður - ekki nema von.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ernu Þorleifsdóttir. Rvík. 3.12.1978.

-- Við vorum skömmustulegar í saumaklúbbnum, því engin hafði sent þér stafkrók. -- Þar sagði Jójó þær góðu fréttir að Diddó³ væri búinn að fá vinnu við kennslu. Lyftist þá heldur brúnin á mjög svo áhyggjufullum

¹ Þórhallur Ásgeirsson (1920-2005), ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu, sonur Ásgeirs Ásgeirssonar forseta og Dóru Þórhallsdóttur, vinkonu Lóu úr Kvennaskólanum. Voru þeir Ásgeir og Ivar Vennerström, maður Lóu, flokksbræður þó í sitthvoru landi væru.

² Guðmundur Jónsson (1925), síðar hæstaréttardómari.

³ Sigurjón Jóhannsson, lengst blaðamaður og í Noregi kennari við Balaðamannaháskólann.

saumaklúbb. -- annríkið er að drepa mann. Maður kemur dauðþreyttur heim á kvöldin og beint í matartilbúning og furðar sig á, af hverju maður sé svo þreyttur, því það liggur ekkert eftir mann.

Annars er ég að venjast vinnunni og líkar vel. Við vorum boðin á heljarmikla árshátíð TFÍ á hótél Loftleiðum og þar var hið mesta fjör. Tannlæknar geta semsagt skemmt sér líka. Kristján¹ formaður er hinn mesti ágætis maður og líkar mér alltaf betur og betur við hann. Hann var með myndasýningu fyrir bekkjarsystkinin hér í Tannlæknasalnum eitt kvöldið og sýndi myndir frá hófinu fyrir norðan. Þar var ykkar sárt saknað, var mér sagt.

Hefur verið gaman að lesa greinarnar sem Diddó hefur sent, en nú hefur ekkert komið frá honum um sinn. --

Við Eggert höfum verið á haus þessa dagana að undirbúa íbúðina okkar í Sólheimum undir málningu og lagfæra ýmislegt. Við ætlum að selja hana. Við nenum ekki að standa í leigubissniss. Ætli við kaupum ekki gott fyrir peningana. --

4.12.1978. Ég er búin að vera dugleg í morgun að taka til og hreinsa eftir allt fólkið, og mig náttúrlega líka, svo nú er hér bara þokkalegt.

Segir fréttir af skólagöngu og lífi barnanna.

-- Ég vona að námið gangi vel hjá þér og sé ekki of erfitt. Það hlýtur að vera langur dagurinn hjá þér með allt sem þú hefur til viðbótar. Óska ykkur alls góðs. --

¹ Kristján Hörður Ingólfsson (1931-2016) tannlæknir.

1979

Eggert Ásgeirss. til Rannsóknarráðs, Vilhjálms Lúðvíkssonar frvstj. Rvk. 17.1.1979.

Sendir gögn er hann hafði fengið frá Allan R. Black, manni Ingunnar Jakobsdóttur. Hafði heimsótt þau í Kaliforníu og setti mig inn í rannsóknarstörf hans. Fékk frá honum merkileg gögn sem snertu gjörnýtingu og sparnað á jarðhita. Ekkert spurðist til málsins frekar.

-- Verkefni hans eru að mestu leyti á sviði nýtingar jarðhita. Þótti mér málið forvitnilegt og gæti verið gagnlegt fyrir okkur. --¹

Eggert Ásg. skrifar Pétri Thorsteinss. ráðuneytisstj, form. orðunefndar. Rvík. 17.1.1979.

Leggur til að Henrik Beer verði sæmdur fálkaorðunni. Það varð og fékk ég það hlutverk að afhenda orðuna ásamt konsúl Íslands í Mexíkó City nokkru síðar.

Sigríður Dagbjartsd. skrifa Ernu Þorleifsd. Rvík. 25.1.1979.

-- Fjölskylda Jójó er komin á stjá eftir flensu. Enginn krankleiki hefur verið á Bergstaðastrætinu fyrir utan leti og aðra ólæknaði kvilla. --Svaní² varð fertug, eins og þú vissir, víst sú eina sem mundi það. --

Var farið út að kaupa útigrill, það sem hún óskaði sér svo heitt.

-- Formaðurinn minn, Kristján, bekkjarbróðir Diddó var að skilja við konu sína og flytja út í bæ. Hugsá sér að fólk skuli nenna þessu á gamals aldri. Ég kann vel við hann sem formann. Hann er allra þægilegasti maður og tekur formannsstarfið alvarlega. -- Þetta er annar formaðurinn sem ég starfa með og hafa báðir skilið. --

Friede P. Briem skrifar Ceceliu Helgason. Rvík, 29.1.1979.

Saknar að hafa ekki hitt hana eina þegar hún var langdvölum í bænum og annaðist systur sínar veikar, Annie og Þórhildi.

-- Í hvert skipti sem maður hittir þig verður maður ríkari eftir. --Við heitum báðar erlendum nöfnum, sem var eðlilegt fyrir þig, en ekki fyrir mig. En mamma hafði gefið prestkonunni í *Korup-præstegárd*, sem hún var hjá, tvítug að aldri, það loforð að ef hún eignaðist fleiri en eina dóttur ætti hún að heita eftir henni. M.a. þetta eigum við sameiginlegt og svo margt annað, þó lífið hafi lagt okkur ýmislegt óvænt á herðar. En við eigum okkar dásamlegu syni, þú átt þinn eiginmann, og við eigum líka blessuð barnabörnin. Þetta er hamingja sem hlú verður að og seint verður fullþökkuð. Allt leggur manni skyldur á herðar, en ef allt fer vel að lokum hefur því fylgt blessun.

Leggur áherslu á að C. hafi lagt svo mikið fram að nú sé nóg komið og systur hennar þurfi að fá hjálp annarra.

-- Ég veit ekki hvort þú hefur lesið bækurnar hans Tryggva Emilssonar: Fátækt fólk, og Baráttan um brauðið. -- Þegar maður les þær sér maður hvað mikið er á suma einstaklinga lagt, án þess að þeir brotni niður; guð gefi þér að koma nú sterkari en nokkru sinni út úr þessari raun. Ekki get ég gefið því nokkurt annað nafn.--

Eggert Ásgeirsson skrifar Else Mari Boström. Rvík. 8.2.1979.

Segir frá því að Ólafur Guðmundsson frændi þeirra frá Nesi sé dáinn og grafinn.

Þá segir hann góðar fréttir af þeim. Einnig að þau hafi keypt efstu hæðina á Bergstaðastræti, svo nú gerir móðir hans sér vonir um að fjölskyldan flytji ekki. Hún hefur það mjög gott.

¹ Þessi nýtingarmál festust í mér og má segja að hafi endað með greinaskrifum í Lesbók Morgunblaðsins, 1995:

Nátturuundur í álögum. En engin viðbrögð komu, hvorki frá Vilhjálmi eða öðrum. Þetta var, og er, merkilegt mál, nú sem aldrei fyrr.

² Svanhildur Sigurðardóttir (1938) kenari átti Björn Björnsson (1937-2008) guðfræðiprófessor.

Bo Almqvist skrifar Eggert Ásgeirssyni. Dublin, 4.3.1979.

Með bréfið kom sendiboði, Gunnar Pálsson,¹ þá háskólanemi í Dublin, síðar sendiherra. Ekkert svar hafði komið frá Ármanni Snævarr í sífjamálum Bo. Í bréfinu gerir hann grein fyrir hugmyndum sínum um hvernig skilnaðurinn gæti farið fram. Ári fyrr varð mér ljóst hve málið var flókið. Þá heimsótti ég samstarfsfólk mitt í Rauða krossi Írlands. Það hafði áhuga á að heyra af þessum sænska prófessor. Þegar ég sagði að hann væri að skilja og byggist við að giftasta aftur. Þá féll þeim allur ketill í eld og ég skildi málið ekki fyrr en síðar, er fyrir dyrum stóð að breyta írskum lögum um sífjamál. Lausn á skilnaðarmáli Bo byggðist á því að þau Jane höfðu giftast á Íslandi og dóttirin fæddist hér. Þegar allt var í strandi fór ég til Baldurs Möller ráðuneytisstjóra í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu og leitaði ráða. Eftir að hann hafði hlustað á mig kallaði hann á Önnu Björnsdóttur,² deildarstjóra sífjamála. Er við höfðum rætt málið stuttlega fannst lausnin sem fólgin var í því að Bo kæmi til landsins, byggji hér nokkra mánuði (fjóra, minnir mig), lagt væri fram vottorð um að Jane væri samþykkt skilnaðinum. Páll bróðir minn tók að sér að vera fulltrúi hennar, ég var aðstoðarmaður Bo, hann skrifaður heimilisfastur hjá mér. Þannig var frá öllu gengið hér, Bo fór til Svíþjóðar. Þá var komin breyting á vegabréfsreglum milli Norðurlanda (síðan aftur færðar til strangara horfs). Þaðan fór hann til Írlands. Varð niðurstaðan til hamingju fyrir Jane Almqvist og nýjan eiginmann hennar. Einnig fyrir Eilís Ní Dhuibhne hina ungu brúði og Bo. Hún er þekktur þjóðsagnafræðingur og rithöfundur sem skrifar bæði bækur á írsku og ensku. Þó tók það rétt að segja fjögur ár fyrir þau að giftast. Ástæðan var sú að eftir öll lagaklækjabrögðin höfðum við gleymt að afskrá hann af manntalinu á Íslandi! Fleiri hömlur tókst sænskum yfirvöldum að finna. Ekki verður málið frekar rakið. Mörg bréf fóru fram og til baka út af þessu máli.

Eggert Ásgeirss. skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. Rvík. 16.4.1979.

Þetta bréf eins og fleiri sem okkur fór á milli var fræðsla um Ísland og stjórn málin þar. Einnig til að segja frá fjölskylduhögum og heilsufari frænda og vina.

-- það er ekki bara að ég hafi haft mikið að gera í vinnunni, heldur einnig heima við. Mamma hefur verið lasin síðast liðið ár og hefur stefnt að því að minnka við sig vinnu. (*Lasleiki hennar hefur*) að nokkru leyti verið tengdur fjárhagsáhyggjum. Hún hefur verið að vinna fyrir sköttum síðasta ár og um leið hefur hún unnið fyrir tekjum sem hækkað hafa skatta næsta árs, þannig að hún hefur verið í hálfgerðum vítahring. Því varð úr að við Sírri seldum -- íbúðina okkar -- við Sólheima. Íbúðin var heldur illa farin eftir 18 ára leigu. Við Sírri tókum okkur til í desember og hófum að standsetja hana og tókst að gera hana mjög skemmtilega úr garði og seldum hana síðan ríkum útgerðarmanni á góðu verði.

Strax og það var búið buðumst við til að kaupa íbúðina sem við höfum leigt hjá mömmu og gerðum það síðan. Með þessu komumst við í eigið húsnæði og leystum fjárhagsáhyggjur mömmu. Við höfum svo verið allt fram á þennan dag að standsetja heima hjá okkur og breyta og er nú allt komið þar í gott lag. Við höfum gert í stand í hólf og gólf, komið börnunum vel fyrir í góðum herbergjum. Eru nú allir ánægðir. Börnin með sín herbergi og við Sírri að hafa komið húsinu í lag. Sýnist þetta hafa haft góð áhrif á heilsu mömmu.

Ég er ánægður að hafa hana í sama húsi þar sem samgangur við hana er allur eðlilegur. Ef hún byggir annars staðar væri ég með stöðugar áhyggjur yfir að hafa ekki tíma til að líta til hennar, þar sem talsvert álag er í vinnu minni, erfitt að rækja slíkar skyldur svo sem þörf er á.

Nú eftir allt þetta puð er um að gera að láta eftir sér að lífa lífinu skynsamlega. Á það reynir nú. Alltaf komu upp ný vandamál og verkefni sem taka upp hugann.

Ásgeir er nú að lesa undir próf í þriðja bekk Menntaskólans. Hann tekur lífinu létt; les ekki meira en hann þarf, en við vonum að hann sleppi milli bekkja. Hann vinnur í sumar við Sogsvirkjun og verður því í fyrsta sinn að heiman. Dagur á að fermast um næstu helgi, vinnuþjarkur og hefur þær áhyggjur mestar nú að hann fái ekki starf við sitt hæfi í sumar. Hann hefur von um að komast í byggingarvinnu. Hann er að vísu í yngsta lagi, en er stór og stæltur og veit hvað hann vill. Auður vonast til að komast í barnapössun, dæmigerð kona, elskar börn og kvenlegar dyggðir, 11 ára gömul.

Við Sírri gerum okkur vonir um að geta skroppið til Stokkhólm einhvern tíma í sumar, en þangað þarf ég að sækja fund. -- Ég verð heilmikið á flækingi á næstu tólf mán. eða meira. Ég á að vera í einhvers konar eftirlitsnefnd með framkvæmdaáætlun Rauða krossins í suðurhluta Afríku og heimsæki þar ein sjö lönd í haust og aftur næsta ár -- svo ég verð mikið að heiman á næstunni. --

¹ Gunnar Pálsson (1955), dr., sendiherra í Osló, sonur Páls Halldórssonar skattstjóra á Austurlandi og Ragnheiðar Jónsdóttur (Ólafssonar bankastjóra).

² Anna Björnsdóttir (1956) Tryggvasonar frá Laufási, aðstoðarbankastjóra Seðlabanka og form. RKÍ. Hún varð síðar lögfræðingur Sambands ísl. sveitarfélaga.

Þarf að læra landafræðina þar því ég þekki varla nöfnin á öllum löndunum sem á að heimsækja.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Elísabetu Vestdal Abéla. Rvík. 1.5.1979.

-- Eggert fór á bókasafn í gær og hitti þá Jóhannes bróður þinn. Hann leit vel út og var gaman að tala við hann. Hann sagðist vera að hugsa um að heimsækja ykkur í haust. Við sögðum honum að við værum að fara til Genf 23. júní og væri meiningin að heimsækja ykkur. Eggert þarf að fara á fund þangað frá 25.6.-30.6. Síðan ætlum við að taka frí og fara til Vínarborgar -- Ég hef aldrei komið á þær slóðir og hlakka til. Við vorum að spekulera hvort þið væruð heima við um þær mundir og þá að nota sunnudag 24.6. til að taka hús á ykkur. Líka ætlum við að biðja ykkur um að athuga með bílaleigubíl -- fyrir ferðina til Austurríkis, hvort ódýrar væri að taka hann á leigu í Frans eða Suisse. Við gerum okkur ánægð með minnsta bíl. Þó verður Eggert að komast inn í hann líka. Ég hlakka mikið til að fara þetta og skoða mig um á nýjum slóðum. Við erum að víða að okkur bókum um helstu staðina. -- og erum að reyna að hressa upp á þýskuna okkar. -- Svona er nú ástandið á þessum bæ.

Við erum búin að vesenast ansi mikið í vetur. Seldum íbúð sem við höfum átt allan okkar búskap í háhýsi í Sólheimum, keyptum efstu hæðina á Bergstaðastrætunni í staðinn. Eigum þá báðar hæðirnar sem við búum í. --

Segir frá framkvæmdum.

Það hefur verið mikið að gera í vinnunni hjá mér í Tannlæknafélaginu og líkar mér þar alltaf jafn vel. Þeir eru liðlegir og elskulegir við mig og vinnutími nokkuð frjáls. Það er mikils virði.

Spyr um arkitektanám Jóns sonar hennar. --

Eggert Ásgeirss. skrifar John og Ruby Dunbar. Rvík. 13.5.1979.

Í bréfinu kemur fram að Sirri er á kafi við að undirbúa ráðstefnu Tannlæknafélagsins sem verður lokið þegar þau Eggert fara á fund í Genf vegna Afríkuverkefnisins og sumarleyfisferðar til Vínarborgar.

-- Nú er sunnudagur, Dagur er að lesa líffræði í næsta herbergi; Sirri að taka til hádegisverð; Ásgeir í fuglaskoðun á Reykjanesi. Sjálfur ætti ég að vera að skrifa erindi fyrir sjúkraflutningaráðstefnu eftir viku, en líður illa eftir miklar ónæmissprautur. Treysti mér ekki til að halda áfram, kýs að skrifa þeim. Eftir það er ég allur annar og betri og get haldið áfram þar sem fyrr var frá horfið. Nú hljóma bjöllurnar í Hallgrímskirkju, messan búin og ég get haldið áfram -- (þýðing).

Friede P. Briem skrifar Lóu Vennerström. Rvík, 13.5.1979.

Segir mágkonu sinni frá því að nú sé hún hætt að vinna og kunni því vel. Sé nú á leið á Heilsuhæli Náttúrulækningafélagsins í Hveragerði.

-- Það sem helst hefur gerst hér í húsinu að nú er ég orðin próventukerling, - Eggert er orðinn eigandi að 2/3 hússins Bergstaðastræti 69. Það eru fleiri hyggjir en refurinn, því nú sýnist mér að þetta hús verði áfram fjölskylduhús, eins og það var hugsað í fyrstu; hér hef ég mitt skyldulið í kringum mig og vonast til að svo verði áfram. Þú ert *idealið* sem hænir allt þitt fólk til þín, börn, tengdabörn og barnabörn. Hvað er í veröldinni betra en að fá að njóta þess. Auðvitað koma skörð, sem aldrei verða fyllt, en lífið líður og enginn stöðvar tímans rás. --

Ræðir frekar stöðvun tímans þar sem á í hlut Gauja í Ráðagerði sem vitnar stöðugt í pabba sinn og mömmu.-

-- Ég gleymi því ekki þegar Geiri, sem ungur stúdent, fór með mömmu ykkar -- klæddi hana í *danska dragt* og keifaði með hana upp í Edinborg og skemmti sér með henni, fór svo til ykkar Ivars og hitti þar Önnu (*systur sína í Ráðagerði*). Þá var byrjað að tala um hvernig heyskapurinn gengi í Nesi. Áhyggjurnar þyrmdu yfir mömmu þína, og allt ætlaði að fara í strand. En hver var það sem bjargaði stemmningunni í það skipti: HÚN HEITIR LÓA VANNERSTRÖM! Og ferðin heppnaðist vel og oft var rifjað upp margt skemmtilegt frá þeim dögum. Þetta var mér allt nýtt, ég þekkti ekki svona sniðugt fólk - en sem betur fer fékk ég að kynnast því.

Þegar ég var ung þótti hin mesta kurteisi að hlusta á aðra og segja sem minnst sjálf. Kannske var það mitt happ, en ekki var það skemmtilegt. Þá var líka alltaf fullt af fólki sem kom í heimsóknir. Alltaf þurfti að vera til malað kaffi, eitthvert bakkelsi, svo hægt væri að bera sómasamlega á borð fyrir gesti. Þetta var nokkurs konar skóli fyrir mann, að læra að búa til eitthvað ætt handa fólki. Þegar ég giftist var þetta minn eini skóli. -- Umburðarlyndi hefur ykkur sannarlega verið gefið, og það í stórum skömmtum. --

Segir frá ferð Páls og Láru til Ameríku og eigin lífi í helgum steini.

-- Eins og þú vonandi áttar þig á, af þessu bréfi mínu, er ég ánægð, allir vilja allt fyrir mig gera. Viðskiptavinir hafa ekki gleymt mér. Því miður gleymdi ég að taka fjölrítunarstofuna út úr símaskránni, svo enn hringja margir --

Friede P. Briem skrifar Þórdísi Briem. Hveragerði. 26.5.1979.

Þakkar fyrir ýmsa greiða. Segir þær fréttir að Sirrí, sem byrjuð var að starfa sem framkvæmdastjóri Tannlæknafélags Íslands, sé nú á fundi til að undirbúa aðalfund félagsins.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Friede P. Briem. Genf. 26.6.1979.

Segir frá vandræðum á leiðinni til Genf vegna verkfalls.

-- Á sunnudag hringdi Sverre Kilde¹, sem var hér með námskeiðið á Þingvöllum og bauðst til að keyra okkur til Annecy til Elsu. Þar upphófst mikil leit, því í öllum hamaganginum heima höfðum við gleymt adressubókinni og höfðum bara adressu þeirra á rannsóknarstofunni og símann þar. -- Ekki einu sinni á lögreglustöðinni fengum við hjálp. Við gáfumst hreinlega upp og fórum að skoða okkur um í bænum og skemmta okkur. Ég hringdi svo í Elsu í gær og var hún aldeilis hissa á okkur þessum sveitamönnum. Ég býst við að hún komi hingað á morgun og síðan förum við til hennar, og tökum við bílnum. --

Hér er annars mjög skemmtilegt. Þetta er allt fólk sem við þekkjum eftir marga R.K. fundi og erum við boðin til Henriks Beer annað kvöld, reyndar til Sverre í kvöld. -- Hér er orðið dimmt kl. 8.30, en veðrið hefur verið yndislegt, sól og 22° hiti. Eggert er mjög ánægður með mennina sem eru með honum í nefndinni. Annar frá Lesoto í Botswana, og hinn Íra, með rautt alskegg, sen hefur búið hér í 17 ár. --

Ég sit hér niðri og borða morgunmat. -- Eggert fór snemma í morgun á fund og ég er ekki búin að fá afmælisgjöfina enn, svo ég þarf að giska á tímann. -- Ég ætla að drífa mig út í góða veðrið og skoða stórmarkað sem mér var bent á.

Skilaðu kveðju til barnanna - o.fl. Vona að þú hafir fengið bata í Hveragerði. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Kerstin Wennerström. Rvík. 22.7.1979.

Þakkar gott heimboð og segir þau munu koma með Auði með sér sem er farin að lesa sér til í sænsku og segist elska málið. Segir frá ferðum Páls og Láru til Stokkhólms á leið til Gotlands þar sem hann mun starfa í afleysingum. Sirrí hlakkar til að koma til Stokkhólms þar sem hún hefur aldrei komið að sumarlagi. Hún er nú á Tannlæknafélagafundi, en hún tók við framkvæmdastjórarstarfi tannlæknafélagsins fyrir rúmu ári. Nú er E.Á. allt í einu orðinn hr. Dagbjartsdóttir eftir að hún hafði alltaf verið frú Ásgeirsson.

Segir að ferðin til Vínar og Genf hafi verið einstaklega skemmtileg. Að vera í svona mörgum ferðum gengur aðeins vegna þess að starfsliðið er gott.

Eggert Ásgeirss. skrifar Hans Polster. Rvík. 10.8.1979.

Þakkar gestrisni. Austurrískt RK fólk, einkum framkvæmdastjórinn Hans Polster, hafði hvatt þau lengi til að koma í heimsókn og boðið í þeim tilgangi ókeypis húsnæði. Sennilega stærsta húsnæði sem við höfum búið í. Þetta var efsta hæð fræðslumiðstöðvar RK Austurríkis, þar sem við bjuggum ein. Fóru fróðustu starfsmenn samtakanna um menningarmál með okkur í menningargöngur um Vín og ökuferð umhverfis borgina. Sérstaklega þakkar hann Karl Oppolzer.

Áður höfðum við heimsótt Elísabet Vestdal og Roger Abéla, vinkonu Sirríar í Annecy í Frakklandi og lánuðu þau okkur bíl til ferðarinnar. Á heimleiðinni kynnti hann sér sjúkrarbilakerfið í Salzburg.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifa Elísabetu Vestdal Abéla. Rvík. 7.9.1979.

-- Mikið þakka ég þér vel fyrir síðast - heima hjá ykkur, og dagurinn sem við vorum saman í Genf fannst mér dásamlegur.

Margt hefur drifið á dagana síðan. Og nú er pabbi þinn dáinn.²

-- Þetta verður einmanalegt fyrir mömmu þína -- ég hafði það á tilfinningunni að þau hefðu einangrað sig og ættu fáa kunningja.³ Við Eggert komum heim frá Svíþjóð sama dag og hann dó. Birtist mynd í Mbl. að

¹ Sverre Kilde (1934-1996) deildarstj. hjá Lígumni, aðalráðgjafi Henriks Beer, framkvæmdastj. Mikill ágætismaður.

² Jón E. Vestdal (1908-1979). Verkfræðingur og lengi forstjóri Sementsverksmiðjunnar á Akranesi. Hann var sonur Maríu og Erlendar Björnssonar á Breiðabólstöðum á Álftanesi sem samdi merkilega bók um útveg þar.

³ Marianne Vestdal (1909-2001) var fædd í Prússlandi er Þjóðverjar misstu eftir heimstyrjöldina, íbúarnir flestir lögðu á flóttu, fjölskyldurnar fluttu til Þýskalands. Virðist hafa verið menningarfjölskylda, ef marka má af bóka- og listmunakosti, sem gekk til Elísabetar, og enn er hjá Roger í Annecy, þar sem við höfum oft dvalist. Jón Vestdal (1908-1979) var safnari. Er bókakost og skjöl þar enn að finna, m.a. sveitarstjórnarskjöl af Álftanesi, sem enginn skilur, ásamt málverkum o.fl.

jarðarförin hefði farið fram og hann hefði látist á Grænlandi. Nú erum við að komast á þann aldur að eitthvað slíkt getur hent. Er þá gott að eiga trúnað og vináttu barnanna sinna. Mér sýnist við báðar eiga það. Börnin þín eru alveg einstök. --

Þegar við komum heim tók við undirbúningur fimmtugsafmælis Eggerts. Hann varð fimmtugur 6.8. Höfðum við kokkteil milli kl. 4.30 og 7 fyrir vini og samstarfsfólk og um kvöldið buðum við fjölskyldunni. Það krafðist heilmikils skipulags að koma þessu heim og saman -- Um kvöldið höfðum við 50 manns og um eftirmiðdaginn komu 70, svo þetta var heilmikill dagur. Allt tókst vel og var mikið gaman.

Síðan þurfti Eggert að fara á fund framkvæmdastjóra R.K. félaga á Norðurlöndum sem haldinn var í Svíþjóð og voru þeir búnir að bjóða til afmælisveislu heima hjá framkvæmdastjóranum í Svíþjóð. Þar héldu allir lofræður nema ég og einn nýr sem þekkti hann ekki. -- Þetta var voða gaman og gáfu þeir Eggert bindisnælu, en uppgötvuðu **sér til hrellingar** í boðinu að Eggert gengur eiginlega aldrei með bindi - heldur slaufu.

Við vorum í þessari ferð frá 10.-24. ágúst og bjuggum hjá frænku Eggerts í Stokkhólmi. Auður fékk að fara með og nutum við þess að hafa hana með okkur. Páll bróðir Eggerts var að *vikarera* á Gotlandi -- heimtaði hann okkur í heimsókn. -- Það var líka gaman. --

Ég er sem sagt búin að taka mitt sumarfrí í tvennu lagi og búin að upplifa þetta sumar meira en nokkur sumur áður. Nú er vinnan tekin við -- líkar mér mjög vel hjá tannlæknunum. -- Ásgeir er að byrja í 4. bekk í M.R. -- máladeild. -- Dagur hefur verið í byggingarvinnu frá því að við komum frá ykkur hjá byggingameistara sem Ásgeir hafði verið hjá í fyrra. Hann hefur unnið þar stundum til kl. 11 á kvöldin. Minna hendurnar á honum á hendur Pierre þíns í skógarhöggsvinnunni.-- Nú er hann með fullar hendur fjár og ætlar að kaupa sér skíði og flass á myndavélina sína. -- Nú er orðið kalt í veðri, en sumarið hefur verið gott.

Auður var að koma inn með stelpuna sem hún hefur verið að passa í sumar. -- ætlar hún að hlýja sér svolítið áður en hún skilar henni og fer í skólann. -- Nú er sunnudagur -- ég fór upp í Heiðmörk með Láru mágkonu minni að tína sveppi. --

Eggert fer bráðum á flakk aftur og fer til Genf þann 30. sept. Með honum fer Ólafur Mixa, sem er form. RKÍ núna og sem þú manst áreiðanlega eftir úr skóla. -- Þeir verða í viku.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. London. 19.10.1979.

-- Við höfum oft komið til Heathrow, en aldrei hef ég upplifað að koma til *terminal 3*. Afríka og Austurlönd virðast mér byrja hér. Eftir að ég hafði skráð mig inn, þá fór ég án þess að líta í kringum mig inn í tollbúðina. Þegar ég kom þaðan og fór að dóta mér, kemur þá í ljós að allt í kring eru karlar og konur af hinum ólíkasta uppruna. Hér er nóg pláss á bekkjum, því fólkið situr á gólfunum í hverju horni, konur með slæður og karlar í hvítum *stóresum*. Bak við mig og á milli, liggur fólkið, einkum konurnar á bæn, dregur fram bænateppi og ákallar Allah í hljóði. Má vera að fólkið sé ekki að fara til Jóhannesarborgar eða Nairobi --

Ferðin til London gekk eftir áætlun. Ég tékkaði farangurinn inn til Afríku, lagði myndavélina og töskuna í geymslu og fór með lestinni inn í borgina en lítið var þar að gera. Sá ekki sex myndir, ekki einusinni eina!

-- Ég þarf að fara að hypja mig. -- bless --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík. 30.10.1979.

-- Við fengum telexfréttir frá þér í gær þar sem allt virtist í góðu lagi, en mikil vinna. Hér er líka mikil vinna og allt gott að fréttu af okkur. Veturinn byrjaði með snjókomu og var ég fegin að vera komin með nagladekk -- Auður var himinlifandi að fá snjóinn og sagði að guð hefði bænheyrst sig. Hún hafði beðið til guðs kvöldið áður.

Ásgeir er í bíltímum og búinn að taka munnlega prófið og fær öskuskírteini á afmælisdaginn sinn (6.11.). Dagur hefur verið að vinna undanfarna laugardaga og hef ég keyrt hann á morgnana. Ásgeir hefur verið að skrifa ritgerð og lesa undir próf --

Við Auður erum komnar með þrjónadellu, sátum við allan sunnudaginn, eftir að þú fórst, og þrjónuðum. Hún kláraði heilan vettling sem hún átti að skila daginn eftir, og ég aðra, sem Ásgeir er farinn að nota og ekki enn búinn að týna. Nú er ég búin með aðra fyrir Dag.-- Auður er líka langt komin með vettling aftur. --

Segir frá vetrarfagnaði tannlækna í Síðumúlanum.

-- Nú sendi ég út prógrammið sem við vorum að sjóða saman og sem gerði svo mikla lukku að um 90 manns komu og 300 þús. kr. hagnaður. Fólk var ánægt með breytt skipulag, að bjóða upp á kokkteil og fá matinn á réttum tíma, ekki eitthvert gums um miðnættið. Kristján formaður var að koma frá París. -- ánægður -- sagði að hinir Íslendingarnir hefðu ekkert mætt á fundunum. Þau voru öll boðin til Einars Benediktssonar í móttöku -- glæsilegt og skemmtilegt.

Skrýtið var að heyra lýsinguna úr biðsal nr. 3. --

Segi frá því að hún hefði farið frá með Jójó og taldi það óhætt, Kristján, eini maðurinn sem hefur litið inn, ekki á landinu.

-- Þegar ég kom uppeftir kl. 5 voru bæði Guðrífur (*umsjónarkona félagsheimilisins*) og Jónas Ragnarsson, form. félagsheimilisnefndar þar og búin að æsa hvort annað upp í því að eitthvað hræðilegt hefði komið fyrir mig í umferðinni. Líka var Auður búin að hringja að heiman. Svo þau voru mikið glöð að sjá mig og hlógu að taugaveikluninni í sér. --

Ræðir peningaleysi, tóman ísskáp, reikninga, sem drífa að og víxlar að falla.

-- Nei, nei, ég var bara að plata!

Segir frá börnunum, sund, verk í eyrum o.fl. Eggert Steinþórsson tók tvö þús. fyrir vottorðsbleiðil fyrir Ásgeir.

-- Svo er talað um að tannlæknar taki mikið fyrir sína vinnu.

Segir fréttir af prófkjörspólítík. Ragnhildur frænka þín féll úr 3. sæti í það 7. Og margt fleira.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Gaborone. 3.11.? 1979.

-- ekki var nú ferðin alveg samkvæmt áætlun. Ferðatíminn fór upp í 41 klst. -- nú eru 60 klst. síðan ég fór úr rúminu á Bergstaðastræti 69. Síðan hef ég ekki háttað, en oft sofnað. --

Þegar ég kom til Jóhannesarborgar hófst mjög strangt passakontról í um klst.¹ Þegar ég loks slapp þaðan biðu félagarnir eftir mér með *Volkswagenrúgbraud* og við héldum í átt hingað, Jóhannesarborg er mjög falleg borg, með glæsilegum íbúðarhverfum, en sama verður ekki sagt um svertingjahverfin, t.d. Soweto, sem við ókum hjá. Eftirtektarvert er að sjá þann mikla fjölda svertingja sem eru alls staðar á labbi. Og það hefur haldið áfram alla leiðina hingað.

Við vorum orðnir æði svangir um kl. 5 og fórum inn á veitingastað, en þar fékk Nkosi² ekki að koma inn, hann vissi það raunar fyrir, en það okkur blessaða að fá okkur brauðsneið. Þetta -- hafði ekki góð áhrif.³

Eftir tesopann ókum við í norðvestur. Landið varð þurrara og þurrara. Svo fór að dimma og tafði það okkur mjög; varð allt dimmt og hægði það á ferð okkar enn meir. Þá gerðist það að við ókum gegnum flugnasveim mikinn í allt að hálf tíma, sennilega einhverjar engisprettur. Var eins og við ækjum gegnum snjódrífu, nema hvað flugurnar klesstust á rúðurnar, festust þannig að illa sást fram á veginn. Síðan komum við að vegaframkvæmdum og þurftum við að aka utan vega á stórum köflum.

Landið var strjálbýlt, að því er virtist. Á einstaka stað sást olíulukt í glugga. Alls staðar var fólk á gangi á veginum, ung pör í labbitúr; enda laugardagskvöld. Þá gerðist það að asni gekk fyrir bílinn, lenti sem betur fer á hliðinni, eða á vinstri luktinni. Braut hana, sleit af loftnetið og drapst. Annað kom ekki fyrir og við héldum áfram, ýmist á veginum eða utan hans.⁴

Nú hófst kapp við klukkuna því landamærum S-Afríku er lokað kl. átta. Um sama leyti byrjuðu þrumur og eldingar, sem lýstu upp himininn í fjarska, bíllinn varð óhreinni og óhreinni eftir því sem við ókum lengur utan vegar í forarsvaði. Við komum til landamæra 20 mín. yfir átta, þá var búið að loka þeim, og við 30 km. frá Gaborone.

Ekkert var annað að gera en að koma sér fyrir í bílnum og sofna. Það gerðum við til kl. 7.30 í morgun. Nóttin var köld. Sem betur fer var ég með regnfrakkann, Rigningin helltist niður yfir okkur, eldingar þutu um himininn í tvo tíma.

Verðirnir, sem við sáum skammt frá handan landamæra, höfðu það heldur en ekki gott. Þeir höfðu slegið upp balli, inni á einskismannslandi, dönsuðu af mikill list, dansa eins og þeir voru í *den tid*, einkum valsa. Þetta

¹ Þá varð harðstjórn hvíta minnihlutans í S-Afríku alger og óhugnanleg.

² Nkosi, frá Swasilandi, sem kalla má svertingjalýðveldi (!?) var einn nefndarmanna. Var úr yfirstétt í sínu landi, vel menntaður og að öllu leyti ágætur. Reyndist vel sem nefndarmaður og félagi.

³ Í minningu minni er þetta nokkuð öðru vísi. Þegar við komum á veitingastaðinn, settumst við að borðum, en sáum Nkosi hvergi. Við borðuðum eitthvað smáræði. Á eftir kom Nkosi til fundar með okkur. Ég upplifði það svo að hann hefði vitað að honum yrði mismunað og taldi rétt að halda sér frá okkur hinum. Sjálfsagt hefur hann ekki verið svangur, en í þessu landi var tvöfalt kerfi og hann hefur áreiðanlega fundið sér næringu meðal sinna! Ég má til með að bæta við. Það vakti athygli mína að á veitingastaðnum voru allir þjónar og aðrir starfsmenn dökkir. Þegar þeir voru að störfum, gengu milli borða þá virtist svo sem þeir létust hlaupa. Þeir minntu mig á spaugilegan leik Páls bróður míns, þegar hann þóttist hlaupa, hoppaði, bar leggina hátt, en fór sér hægt. *Lét svo vel að látast*, eins og skáldið sagði.

⁴ Það skal játað að ég er ekki fullviss um að ég hafi sagt fjölskyldunni minni allan sannleikann. Í þessu svarta myrki, þar sem varla sást út um bílgluggana, vorum við alveg bjargarlausir. Við sögðum okkar á milli að þetta hlyti að vera asni, án þess þó að ganga úr skugga um það. Héldum bara áfram og komumst hjá eftirmálum.

horfuðum við á. Svo voru þeir að hlusta á hnefaleikalýsinguna. Við heyrðum æstar raddir þulanna í fyrstu, en síðan dró niður í þeim, þá vissi Nkosi að S-Afríkumaðurinn hefði tapað. Áður en úrslitin komu sofnuðum við, en vöknudum upp við að svertingjapiltur, sem einnig beið, vakti okkur til að segja tíðindi af keppninni, sem við reyndar höfðum engan áhuga fyrir.

Í morgun vaknaði ég kl. 5.30; þá var orðið hjart og líf að færast í landamærastöðina; svarta starfsmenn dreif að á hjólhestum gegnum pollana. Við fórum svo og komumst yfir landamærin. Komum hingað til Gaborone kl. 9 og hittum aðra samstarfsmenn í morgunverði, sem sannarlega var vel þeginn eftir langt ferðalagið.

Allt var hér vel undirbúið af RK hendi. Þeir vissu ekki annað en að við værum í hótelinu; höfðu undirbúið ferð fyrir mannskapinn út fyrir bæinn, sem við fórum að sjálfsögðu í, þrátt fyrir þreytu. Síðan tók við fundur. Nú ætla ég að fara að sofa, ákveðinn, enda kl. orðin 11 og fundir eiga að hefjast í fyrramálið kl. 8.30. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Gaborone. 22.10.1979.

-- Klukkan er 7.30 hér í landi. Ég er búinn að klæða mig í sparifötin og alveg sérstaklega ánægður. Bæði er það að ég fann vekjaraklukkuna, hún var í svörtu skónum. Ég hélt að ég hefði gleymt henni heima og hún héldi fyrir ykkur vöku. Nú er ég að bíða eftir að fara í kvöldverð með stjórn Rauða krossins hér í Botswana undir stjórn Lady Khama, þeirri sem fræg var hér um árið þegar hún, hvít bresk stúlka, giftist prinsinum svarta, Seretse Khama. Voru þau kyrrsett á Bretlandi um árabíl. En tímarnir hafa breyst. Hann fékk völdin síðar sem konungur, en var kosinn forseti landsins þegar stjórnarskránni var breytt fyrir nokkrum árum. En ég veit sennilega eitthvað meira um þetta þegar ég kem úr boðinu í kvöld. --

Þar skildi ég við ykkur í gær, að ég var að fara í bíltúr út fyrir bæinn, syfjaður og slæptur. En það stóð ekki lengi. Þegar komið var út fyrir bæinn var margt að sjá.

Landið er gífurlega stórt, að miklum hluta eyðimörk, þurrt hér um kring, melar og sandar með trjám, sums staðar þétt, en víðast gisin. Um landið ráfa kýr, en nautgriparækt er aðalatvinnugreinin hér um slóðir. Þurrkar eru mesta hættan sem vofir yfir landinu. Hér hefur rignt mikið undanfarnar nætur, en ef ekki rignir mikið og fram í mars, þá er landið í mikilli hættu. Nautgripirnir láta mjög á sjá, rifbeinin útstæð. En það er ekki nema á hluta landsins sem nautgripir geta gengið. Annars staðar eru kindur, með feita, langa dindla, Á versta nytjanlega svæðinu eru geitur; þær stand á afturfótunum við þyrnirunnana, teygjandi sig eftir laufi.

Á víð og dreif eru kofar þar sem sveitafólkið býr. Kofarnir eru hlaðnir eða steypdir úr einhvers konar blöndu af heyi og mykju. Stráþak á hringlaga kofum. Sumir eru mjög fátæklegir, aðrir reisulegri, mjög hreinlegt umhverfi þá og hrísgríðingar allt um kring. Aðrir eru illa farnir, sennilega af rigningu og laufþökin gisin. Fjöldi fólks úti við, börnin sitja og leika sér, húsbóndinn stendur kannski á hlaðinu og baðar út höndunum. Í þorpunum standa hópar manna í samræðum.

23.10. 13.30.

Ég settist aðeins niður í gær þegar ég kom úr kvöldboðinu til að skrifa, en var svo syfjaður að ég gafst þegar upp.

Í dag hef ég frá því kl. 8.30 setið hér fyrir utan á grasflötinni, í skugga af tré, fundað með ýmsum sendifulltrúum um ferðaáætlanir til ýmissa landa. Ég sleppti hádegisverði til að halda áfram með bréfið og til að hvíla mig frá stöðugum fundahöldum, sem ævinlega fara yfir öll tímamörk. Svo þetta er ekkert sældarlíf.

Við fórum, eins og ég sagði áðan, út fyrir bæinn og skoðuðum við það sem kalla má stærsta þorp í heimi. Það er safn kofa og nokkurra fastra bygginga hér fyrir utan og heitir *Thamaga*. Þar búa 30 þús. manns. Einstaka sveitarstjórnarskrifstofur og bankaskrifstofur, ásamt svokölluðum *bottle stores*, sem eru vínbúðir, ekkert annað fyrir utan kofana.

Svo stoppuðum við einnig í *Molpelole* og borðuðum hádegisverð. Við völdum kjötsneiðar, fórum út með þær og grillaði hver fyrir sig á útigrilli. Ég er farinn að venjast matnum. Mér finnst þrifnaður engan veginn góður, en það þýðir ekki annað en borða. Maturinn er ágætur á bragðið, mikið af salötum og alls konar ávöxtum. Einn mjög góður er *gwava* sem minnir á ferskjur.

Eftir að við komum heim á sunnudaginn hófust fundir sem stóðu fram á kvöld. Þar hitti ég fyrst alla fulltrúana og leist bráðvel á þá. Næsti dagur var með óslitna fundi og sama er að segja um daginn í gær. Í gærkvöld var svo kvöldverður með stjórn RK og var hann mjög skemmtilegur.

Hér er eins og alls staðar annars staðar allskyns vandamál. Stephen Davey, breskur maður, fulltrúi R.K., virðist hafa unnið hér gott starf. Vandamálin eru skelfileg. Það hefur verið, og er víða annars staðar um nákvæmlega sömu vandamál að ræða og heima í starfi R.K. Höfuðborgardeildir belgjast út, fara að starfa sjálfstætt, grafa meðvitað og ómeðvitað undan landsfélagi svo faglegri fræðslu, erindrekstri og almennum uppbyggingarstörfum verður ekki við komið. En með nýju fólki er þetta smám saman að breytast, gerist raunar ofurhægt. Hér er gamli framkvæmdastjórinn gefinn fyrir að halda öllum þráðum í sínum höndum, kemst enginn annar að, stjórnin fær

engar upplýsingar; svo kom í ljós að fjármálin voru ómöguleg og þá lagt út í að fá nýjan mann. Sá gamli hefur þó svo mikið áhrifavald meðal deildanna, að ef ekki er reynt að hafa hann góðan getur hann eyðilagt allt sem gert er í landinu.

Leifar Breska R.K. eru áberandi byrði. *Velgjörðarfélagið* enn við líði, þótt vandamálin séu allt önnur en áður og krefjast þess að litið sé á málin frá þörfum fjöldans, aðsteðjandi þurrkum, flóttamannavandamáli, ásamt almennri fáfræði, fátækt og sinnuleysi. En til þess er starfið að fá þessu breytt.

Jæja nú byrjar annar fundur kl. 14. Á morgun byrjar raunveruleg heimsókn til RK-landsins, síðan fylgja hin löndin í röð. Þetta fer að verða mjög spennandi. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Lóu Guðm. Vennerström. Gaborone, Botswana, 23.10.1979.

-- Það er skrytið að setjast hér niður, langt sunnan miðbaugs í svörtustu Afríku, á staðnum þar sem Livingstone fór um fyrstur hvíttra manna, og skrifa Lóu, frænku sinni frá Nesi. Það er kall skyldleikans, ekki skyldunnar -- Minningin um heimsóknina til þín og ykkar allra á *Glänne* er alltaf að koma upp í hugann. Þakka þér hjartanlega fyrir síðast. Ekki var það einungis að þú værir mér mikið, heldur var það mikilvægt fyrir Sirrí og Auði að fá að heimsækja þig. --

Eftir að við kvóddumst fórum við til Gotlands og heimsóttum Palla -- og skoðuðum Gotland. Eyjan er einstaklega skemmtileg, ekki síst frá sögulegu sjónarmiði.

Miklu meiri tilbreyting og óvenjulegri var að heimsækja Kerstin og hennar fjölskyldu -- konu að mínu skapi -- bæði skemmtilegri og einstaklega aðlaðandi og sem hefur í fari sínu margt af því sem best er í Nesættinni.

Eftir að ég fór frá Svíþjóð er ég búinn að vera á heilmiklu flandri, fór bæði til Finnlands og Sviss, m.a. til að undirbúa þessa ferð sem ég nú er í. Svo voru margháttaðir haustfundir á Ísland, svo ég hef verið svo margt að sýsla og basla að ég hef varla getað litið upp úr verki. En undirbúningi ferðarinnar lauk og ég skilaði starfi mínu í hendur samstarfsmanna og hélt hingað.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Gaborone. 24.10.1979.

Segir frá vandræðum með segulbandstæki sem hann fékk lánað í Genf.

-- Bévítans fjas er þetta, er ekki skemmtilegra að segja gott kvöld og sælt veri fólkið! --

Fólk er farið að tynast héðan, enda lauk formlegum fundum hér í gærkvöldi. Við höfum verið að heimsækja ráðuneyti og annað fólk -- Við verðum að nota kvöldin, sendinefndin -- Formaðurinn er ekki beint gefinn fyrir að flýta afgreiðslum og hefur alveg ótrúlegt *kapasítet* til fundarsetu. En meirihlutinn reynir að reka á eftir, setja tímamörk, svo ég held að hlutirnir fari að snúast hraðar --

Í gær var fundur daglangt með *delegötunum*. Þeir eru skemmtilegur hópur, hver með sín sérkenni, en allir virðast hafa hæfileika til að láta hlutina snúast, vera ráðgjafar en taka ekki mikið á sínar herðar starf landsfélaganna.

Í Malawi er Sven Rosengård, danskur, kaftinn í *civilforsvaret*,¹ 47 ára. Búinn að vera á vegum R.K. bæði á Indlandi og Kampútseu. --

Í Zambíu er Markku Niskala,² gamall kunningi frá Finnlandi Hann byrjaði fyrstur og er að ljúka sínum tíma, og fer heim fljótlega ásamt konu sinni sem hefur unnið hjá R.K. í Lusaka.

Í Angola er Peter Barner Rasmussen, 36, danskur læknir með heimilislækningar sem sérgrein. Hann hefur áður verið á vegum R.K. í Líbanon. Hann talar alveg sérstaklega vel sænsku og ensku, einnig portúgölsku og spænsku. Amma hans, Valborg Guðmundsdóttir fluttist til Danmerkur 1920, fædd í Rvík. Hann þekkir enga ættingja þar.

Í Lesotho starfaði sérstaklega skemmtilegur maður, Jacob Lykke-Olsen, 32ja ára læknir sem býr í Svíþjóð. Hann býður Nils Gussing³ byrginn með gríni, setur mál sitt fram af stakri þrýði.

¹ Almannavarnir, en þó að nokkru leyti eitthvað tengt hernum. Á hvern hátt, man ég ekki.

² Markku Niskala byrjaði í RK-Helsinki á sama tíma og ég hjá RKÍ. Þegar ég hitti hann þar var hann nýbyrjaður, hafði engan hitt sem gat leiðbeint honum eða rætt við hann. Hann fór svo til RK Finnlands, var sendur út um heim og varð lengi framkvæmdastjóri, *secretary general* Alþjóðasambands Rauða kross félaga í Sviss.

³ Nils Gussing, sænskur maður sem var yfirmaður þessa starfs í aðalskrifstofu Alþjóðasambandsins. Dugnaðarforður. Fjölskyldan kom litlu síðar og ferðaðist með okkur um landið. Kona hans Surya, var frá Eþíopíu af indversku foreldri, vinkona okkar fram á þennan dag; býr í Genf.

Í Svasilandi er Erik Mjöberg, norskur, sem hefur unnið hjá S.þ., en ég kann ekki mjög vel við. Sé til.

Hér í Botswana er Stephen Davey, 31 ára. Hann vann við *Tansley report*¹ og í ýmsum hjálparaðgerðum. Kona hans var sérstaklega skemmtileg, blaðakona og er komin á kaf í alls konar útbreiðslustarf hér í landi.

Stjórnarfríð í sumum löndunum er með ólíkindum, einveldi og harðstjórn. Hvílíkar lýsingar! Í öllu þessu umhverfi er ætlast til að R.K. félag starfi. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ólafi Mixa.² Gaborone. 24.10.1979.

Ræði starfið fram og aftur, hve góðu það lofar.

-- Vandamál hinna einstöku landa, þ.m.t. Botswana, er *sirkabát* alveg sama og hjá okkur á ýmsum tímum. Einskona kvennadeildir, með velgerðarstimpli, eru víða dóminandi og karlar líta á félagið sem kvenfélag; þær breyta samt engu í sínu starfi, halda fast við góðgerðarhugtakið, vilja kaupa hækjur, hjólastóla, og ég veit ekki hvað, fyrir þá litlu peninga sem til eru, þangað til allt er komið á ringulreið. Aðalstjórnin er orðin úrelt, byggir allt á sjálfbóðaliðum; gamli framkvæmdastjórinn (sjálfbóðaliði af G.Þ.³ typunni, skv. Lýsingunni), ég hitti hann í fyrramálið, hefur verið rekinn, en situr enn í stjórn og hefur mikið áhrifavald, þannig að hann getur eyðilagt allar tilraunir til endurbóta. En þær standa svo sannarlega yfir. Búið er að ráða framkvæmdastjóra og erindreka. Allt er þetta gert upp á vonina. Lady Khama, hin fræga enska kona Seretse Khama, forseta landsins. Þau sátu lengi í útleið í Bretl. af breskum nýlenduvöldum vegna blandaðs hjónabands. Hún er formaður RK og potturinn og þannan í öllum þessum breytingum. Það var gaman að tala við hana um breytt hlutverk RK, sjálfbóðaliðann, *versus* atvinnumanninn. Ég verð að róma þeirra starf og vilja, hvort sem það tekst eða ekki. --

Segi honum nánar frá hinu helsta og vonast til að fundur stjórnar RK gangi vel.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Gaborone, 25.10.1979.

Segir frá ferðalagi til Kanye og Lobatse. Eftir er að hitta fulltrúa Alþjóðaráðs RK (svissneski hlutinn) sem er dönsk, Gitte Hunter. Hitinn er 37 gráður. Förum til Malawi næsta dag. Mjög þægilegt að ferðast með fleirum, sérstaklega þekkir Nkosi til alls hér um slóðir. Hef annars ekkert séð hér í bænum, enda hver mínúta skipulögð. (Ég er greinilega uppgjafinn og fréttalaus.)

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Blantyre, Malawi. 27.10.1979.

-- Ég kemst í svo gott skap þegar ég sest við ritvélinu *Dagsnaut* að það er eins og erfiðleikar og sviti daganna gufi upp á einu augnabliki. Ég ímynda mér að ég sitji á efri hæðinni og allir niðri að horfa á sjónvarpið, nema þeir sem í kjallaranum eru að framkalla og stækka.

--Hér (í Malawi) er allt með öðrum hætti en í Bophutoswana. Hér eru fjöll og mishæðir inni í borginni, gróður í miklum blóma.

Tilfinningin er ólýsanleg að fljúga frá Gaborone --, til Jóhannesarborgar, yfir Transwaal; síðan aftur til norðausturs yfir Bophutoswana, Ródesíu og til Mósambík -- Á þurru landinu sýnast óljós merki landaskiptingar; hæðardrögin að einhverju leyti plægð, án þess að neindir vegir að heitið geti séu milli byggða; enda er fólkið víða sjálfu sér nógt og þarf ekki á sambandi við aðra að halda. En að á þessu svæði skuli vera slík ólga og ófriður að allt þetta saklausa fólk (auðvitað eru ekki allir jafn saklausir) sé dregið inn í hörmungar, þurfi að flytjast að heiman og flýja land.

Um daginn hittum við unga danska konu Gyde Hunter, f. Jörgensen. Hún stendur fyrir skrifstofu á lóð RK Botswana og stjórnar þaðan störfum ICRC. Eitt af hlutverkum okkar er að kíkja nánar á starfsemi ráðsins í hinum einstöku löndum; alla jafnan hið óþægilegasta hlutverk, en ekki aldeilis í þetta skipti.

Hún kom og borðaði með okkur á hótelinu í gærkvöldi, hálfum öðrum tíma of sein; hafði þurft að fara með unga hvíta stúlku sem komið hafði með flóttafólki frá Ródesíu inn í Botswana og í lestina til Salisbury. Reynslan fyrir stúlkuna hafði reynst stúlkunni of mikil. Hún hafði umhverfst af geðtruflun. Ekkert var hægt að gera við hana

¹ Fenginn var einstaklega þokkafullur og vingjarnlegur Kanadamaður Donald Tansley (1925-2007) sem stjórnaði starfi að nýskilgreiningu Alþjóðasambands RK (*The Tansley Report*) og sem munu hafa haft áhrif fram á þennan dag. Eins og fram kemur þar sem ég skýri frá fyrirlestrum sem ég hélt víða um Bandaríkin, þá má geta þess að ég fjallaði einkum um efni sem Tansley hafði sett fram. Eftir að ég kom fékk ég mörg eintök hjá Alþjóðasambandinu og sendi það í þakklætisskyni til þeirra Rauða kross deilda sem ég hafði heimsótt í BNA.

² Ólafur Mixa var formaður Rauða kross Íslands. Þegar hann kom til þeirra trúnaðarstarfa fór að halla undan fæti fyrir mér sem framkvæmdastjóra. Starf mitt hefði hugsanlega getað orðið lengra, ef ég hefði ekki verið lánaður í erlent starf. Ólafur var sonur Katrínar Ólafsdóttur, sem var m.a. formaður Kvennadeildar Reykjavíkurdeildar RKÍ.

³ Þekkt kona í Reykjavíkurdeild og stjórn R.K.Í.

annað en kalla á, það sem menn héldu foreldra hennar, eða höfðu sannanir fyrir að væru þeir. Þegar þeir höfðu komið alla leiðina til Gaborone kannaðist stúlkan ekkert við þá, og þegar þeir vildu fara með hana með sér, þá hélt hún því fram að þeir væru að nema hana á brott. Það var aldeilis ekki þægilegt, því orð hennar gengu þvert gegn orðum foreldranna, Varð því ICRC, áður en það leyfði þessa sameiningu fjölskyldunnar að fá sannanir annars staðar frá að stúlkan væri raunverulega dóttirin. Um leið féllu foreldrarnir nærri saman, af skiljanlegum ástæðum, vegna ástands og staðhæfinga dótturinnar. Ofan á allt annað var veskinu hennar Gyde stolið á brautarstöðinni.

Ekki spurði ég Gyde um fortíð hennar. Þið getið sjálfsagt getið ykkur til um það betur en ég; hún er á einni af myndunum á filmunni sem ég sendi, sennilega nálægt fertugu. Cyril Ritchie giskaði á að hún væri Kanadabúi þar sem hún sagði *abút* fremur en *abát*. Síðan virðist hún hafa flust til Botswana og búið þar í hjónabandi, en vera nýskilin. Þar sem hún hafði starfað að skyndihjálparkennslu í Danska R.K. tók hún til starfa í R.K. Botswana og kenndi skyndihjálþ; varð síðast starfsmaður sem sjálfboðaliði.

Þegar flóttafólkið fór að koma til B. frá Ródesíu fyrir nokkrum árum reyndi hún að fá R.K. Botswana til að gera eitthvað í málinu. Páverandi framkvæmdastjóri, Modisi, gamall maður með yfirvaraskegg (þið sjáið hann á mynd seinast á filmunni) var algjörlega á móti öllu sem hét flóttafólk. Hvað gerir þá stúlkan. Hún byrjaði hjálparstörfin sjálf, fer að fá hjálp ýmissa, Flóttamannastofnun S.Þ., Alþjóðaráði RK, Alkirkjuráðinu o.fl. Svo var starfið orðið svo umfangsmikið að hún sá sér ekki annað fært en að stofna einhvers konar flóttamannaráð, sem skipti málefnum milli ýmissa aðila. Það varð síðan úr að Alþjóðaráðið réð hana sem framkvæmdastjóra starfsins í Botswana. Er hún nú eini stjórnandi slíks starf sem ekki er Svissari. Hún er einmitt sönnunin fyrir því að Alþjóðaráðið eigi að velja fólk eftir þekkingu og hæfileikum.

Hún bauð okkur í kaffi á eftir. Hún á mikið af falletum hlutum eftir innfædda, t.d. fulla körfu af máluðum strútseggjum eftir Bantúnegra. Ég ætlaði tæpast að trúa mínum augum að sjá þau svo stór, þykk; og falleg voru þau. Teppi og margt fleira sem varla kostar neitt, en er selt í öðrum löndum fyrir offjár af því að það er bæði fallett og þjóðlegt. Jafnvel húsgögnin voru eingöngu smíðuð af bækludu fólk -- að vísu voru smáborðin svolítið hölt; en fallett var það.

Botswana er gífurlega víðáttumikið, ljón og fílar um allan nyrsta hlutann, frá Francistown í norðvestur. Vegna landamæraerja eru ferðalangar mikið til hættrir að koma á þetta svæði; fjölgar dýrunum mjög, t.d. eru fílar sagðir orðnir til hálfgerðra vandræða í umferðinni.

Seretse Khama er mjög strangur í meðferð á flóttafólki frá Suður Ródesíu, lætur leita að vopnum og rekur alla burt, sem grunaðir eru um að stunda hernað, eins og svo mikið er gert í *the frontline states*, sem svo mikið eru umtöluð um þessar mundir. Þó er talsverð ólga þar sem alls konar stofnanir hjálpa flóttafólkinu, en ekki íbúunum sem fyrir eru. Flóttamaður fær meira fyrir að vera flóttamaður en þjónustustúlka á hóteli í Gaborone. Nú munu eitthvað um 15 þús. flóttamenn í norðurhlutanum. Þar við bætist flóttafólk frá S-Afríku. Það eru allt saman meira og minna menntaðir negrar, sem setjast að í borgum og fara þar huldu höfði. Við Zak sáum nokkra slíka á aðalgötunni í Gaborone í gær. Þegar Zak fór að segja mér frá þeim, hlupu þeir því þeir eru aldrei rólegir. Þeir eru mikið áhyggjuefni, því þeir eru herskáir og á *hærra* menningarstigi.

Það sýnir vel þýðinguna af að hafa svo kunnáttusama konu sem Gyde er, í stöðu hjá RCRC að utanríkisráðherrann leit inn hjá henni, þegar við vorum að fara, til þess að ræða við hana um flóttamannavandmál.

Það hlýtur að vera stórkostlegt að fá tækifæri til að vera túristi í þessum löndum, þó enn frekar að ferðast milli innfæddra, ef maður þekkir þá. Hér er víða um slóðir frumstætt fólk, alveg eins og þegar landafundirnir voru. Ég hef hitt allmarga sem vinna hér, t.d. að þróunarhjálp og kennslumálum. Er ég viss um að meðal hinna mest gefandi starfa sem ungt fólk gæti valið sér, þó ekki væri nema um tíma, er að starfa á þessum slóðum og kynnst heiminum; en til þess þarf þekkingu sem hér er þörf fyrir, ekki bara að sækja um eitthvað til að gera.

Hér er enn heitara en í Botswana, en þó kaldara en var um daginn, en þá voru hér 40 gráður. Ég hef verið í allt kvöld á fundi með Nils Gussing og er hreint alveg uppgefinn á honum; hann hefur alveg einstaka hæfileika til að koma fólk upp á móti sér; er ég ekki einn um það. Hann hefur að hinu leytinu alveg geysilega hæfileika og starfsþrek, þannig að maður á í hinum mestu erfiðleikum til að taka afstöðu til hans og þess sem hann starfar að, togast á milli hins góða og miður góða.

Það er gott að geta sest niður og rætt við ykkur enn á ný. Þetta fer að verða leiðinlegt raus, dag eftir dag. Nú er kl. 23.45 og ég fer að leggja mig.

Ástarkveðjur, söknuður, heimþrá og allt hitt --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Blantyre, Malawi, 29.10.1979.

-- Nú er ég í alveg indælu landi. Koman hingað til landsins var dálítið skrítin. Hér er mjög síðavönd ríkisstjórn með dr. Ngvací Banda, sem áður hét Hastings Banda, orðinn 74 ára og stjórnar af mikill festu, þannig að hér

talar enginn um neitt sem hrært getur stjórnmal landsins; menn labba þá út í garð til að ræða málin. Búið var að spá að leitað yrði í öllum farangri og bækur jafnvel lesnar, því hér er ekkert siðleysi leyft á neinu sviði. Í bók um landið sem gefið er út af ríkisstjórninni eru ferðalangar beðnir um að virða Malawisiði; ekki er talið sæmilegt að konur sýni neinn hluta fóta sinna ofan við hné; því er bannað að vera í kjólum sem ekki hylja hnéskelina þegar konan stendur upprétt. Þetta gildir þó ekki alltaf, t.d. á dvalarstað við vatnið Malawi eða á fjallinu Zomba. Þá er líka ólöglegt að karlar séu með sitt hár. Lögum skv. telst maður síðhærður ef hár hans nær niður fyrir línu sem dregin er lárétt kringum höfuðið og nemur við munninn. Ef menn haga sér skv. þessari reglu er þeim tekið með sérstakri hlýju. Þó ég rétt sleppi með þetta, er mér tekið með sérstakri hlýju. Fólkið er einstaklega elsकुलेgt, síbrosandi og hjálplegt.

Síðan ég kom hingað hef ég að mestu verið með félögum mínum á fundum, oftast með Nils Gussing,¹ ekki mjög skemmtilegum, því Nils talar endalaust og endurtekur í ýmsum versjónum það sem hann hefur áður sagt. Hann er feiknarlega illmáll og leggur allt, sem ekki er í samræmi við vilja hans, út á versta veg. Gat ég ekki orða bundist um það og í dag hefur hann verið mjög miklu skárrí. Í gær kom fram gagnrýni á einn *krossfarann* í prógramminu. N.G. varði hann af svo mikilli ákefð að hann gekk fram af hópnum. En í morgun þegar hann kvaddi var hann mjög auðmjúkur.

Ég var rétt að koma aftur frá Zomba² og fór þar fram hátíðleg afhending skyndihjálparskírteina og einnig heimsóttum við barnadeild (*heilsuvernd*) þar. Ég held að það hafi verið góð lexía fyrir okkur að sjá hvernig skilyrðin eru. Barnafjöldinn var gífurlegur, Mæðurnar komu allt að 16 km. gangandi með þau á bakinu. Við stöðina eru sjálfboðaliðar uppistaðan í starfsliðinu, en þeim vísað á spítala, ef spítali getur talist, sem veik eru. Mæðurnar eru flestar ólæsar. En gaman var að heyra þær syngja fyrir okkur. Heilbrigðisfræðsluefni hefur verið rímað og samið við það lög, sem hópurinn söng af hjartans list. Fallegur var einkum söngurinn um að börn veikist ekki af því að faðirinn haldi framhjá, heldur sé það vegna óhollustu og lélegrar næringar.

Skrýtið með alla þessa fátækt og fáfræði. Landið er bæði stórt og frjósamt. Fólkið lítur nokkuð vel út. En að sjá aumingja konurnar koma, hver á fætur annarri til að drekka úr sömu ausunni úr vatnsstampi.

Við fórum með deildarfólkinu upp á Zombafjall og skoðuðum okkur um. Þennan stað heimsótti Livingstone á sínum tíma og þótti mikið til koma. Fjallið er 1000 m. yfir 2300 m. hásléttunni í kring, allt vafið gróðri og hægt að veiða fjallasilung, fara í göngutúra og leigja hesta og hvað eina. Eftirminnilegur dagur.

Við erum boðnir í kvöld til Svend Rosengård og konu hans. Á morgun förum við kl. 4.30 um morguninn til Dowa, þjálfunarstöðvar RK í Malawi og í heilbrigðisráðuneytið í Lilongwe, en höfuðborgin var flutt þangað nýverið. Við förum svo snemma til að þurfa ekki að keyra í hitanum nema aðra leiðina. -- Ég hef það í alla staði gott --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Blantyre, Malawi, 30.10.1979.

-- Á morgun förum við til Lusaka í Zambíu, erum þá búin að gera út af við tvö lönd og eigum fjögur eftir! Þetta er alveg fágætlega skemmtilegt verkefni, en í ansi mörg horn að líta.

Í gærkvöldi vorum við boðnir til Svend Rosengård og konu hans. Hún er heldur léleg í gagnfræðaskólaensku, hefur ágætan framburð en vantar sjálfstraust, enda aldrei komið áður út fyrir landsteina Danmerkur. Ekki fyrr en bóndi hennar var valinn til að stjórna þróunarhjálp í Malawi!

Hjá þeim var ágætt, hann er nokkuð sjálfsánægður, *offiseralegur*, hefur aldrei lært ensku og talar hana af talkunnáttu, þannig að ég veltist um af hlátri í aftursætinu, því orðaröðin er alveg dönsk og notar dönsk orð þegar skortur er á enskum: *I put my tommelfinger inside the wheel*, blandar *teach* og *learn* o.s.frv. en kemst vel frá því, þó ég haldi að Malawibúar hljóti að misskilja hann stundum, ef ekki alltaf.

Við lögðum svo af stað til Dowa og Lilongwe. Það var stórkostleg ferð og vorum við að koma aftur kl. 20.30. Í gærkvöldi þegar við förum til Svend voru hóparnir af fólki þrammandi út úr bænum, allt þangað sem þau búa, um 12 km. Í morgun þegar við vorum á leið út úr bænum var fólkið enn að þramma, nú inn í bæinn. Fólkið gengur sumt um þriggja stunda gang, fram og aftur til vinnu, og það gengur ekki bara, það er á harðahlaupum. Einkenni landsins eru þessir stóru hópar á gangi meðfram öllum vegum. Fólkið á ekki einu sinni fyrir strætisvagni, sem gengur reyndar mjög sjaldan.

Landið breyttist strax hér fyrir norðan, varð bert, en frjósamara. Strax í birtu, kl. 5 var fólkið komið á akrana og hamaðist á jörðinni með handverkfærum. Hér er að ljúka sáningu á jarðhnetum og máfs; tóbaksræktin er komin í gang en kartöflur óuppteknar. Hæðadrögin voru iðandi af fólki, og enn var verið að vinna í rökkrinu í kvöld.

¹ Nils Gussing hefur staðið sig vel. Var síðast er fréttist starfandi hjá Rauða krossinum í Sómalíu. Býsna góð ending.

² Í suðurhluta landsins.

Annars er mjög erfitt að komast um landið vegna bensínskorts, Landið er einangrað, hér er harðstjórnarríkið Mósambík að hálfu leyti umhverfis og lokað fyrir olíuflutning um Zambú vegna ófriðar á landamærum S-Afríku. Við ókum lengi meðfram landamærum Mósambík í dag; skrítið að sjá þau ekki, bara landamærahlíðin, fólkið veit varla hvorum megin það býr. Við hittum mann á hóteli í Lilongwe, sem við höfðum raunar tekið eftir að var svo til tóm; hann sagðist hafa beðið í fimm daga í bænum til að fá bensín, Hann leigir menn til að sitja í bílaröð á bensínstöð. Á hótelinu fengum við góðan morgunmat eftir 4½ tíma akstur.

Það sýnist glæsileg ákvörðun hjá *his excellency the life president of Malawi* að flytja höfuðborgina til miðs landsins. Glæsilegt borgarstæði og byggingar. Malawi er gamla nafnið á vatninu og þýðir eldvatnið, þ.e. þar sem sólin rauða kemur upp úr. Bretar kölluðu landið *Nyassaland* eftir vatninu sem á máli infæddra var kallað vatnið, eða Nyassa, því kölluðu Bretarnir vatnið Lake Nyassa, sem sé *vatn vatnslandsins*. Þessu var breytt við sjálfstæðið.

Svo fórum við til Dowa og skoðuðum þjálfunarstöð RK sem ætlunin er að byggja upp aftur. Stjórinn, stór og glæsilegur maður, þekktur um allt landið, landsliðsþjálfarinn í fótbolta. Hann bauð okkur að borða fiskinn fræga úr Malawivatni, stórgóðan eins og maturinn yfirleitt. -- Það var nú skemmtilegur maður, eins og raunar flestir sem ég hef talað við. Á heimleiðinni fórum við þar hjá sem íbenholtstytur voru seldar. Það var næstum ráðist á bílinn af áhugasömum sölumönnum. Ég keypti sex hluti og sendi heim á ýmis nöfn. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Lusaka, Zambíu. 31.10.1979.

-- Þetta er nú meiri þeytingurinn. Við komum hingað kl. 18 eftir miklar tafir.

Við áttum að mæta út á flugvöll kl. 13 í Blantyre -- Þegar við skráðum okkur inn kom í ljós að ég var ekki á farþegalistanum og hófst þá mikið stapp. Zak og Cyril skráðu sig og hurfu í brottfararsalinn. Síðan fór að safnast saman fólk sem með einhverjum hætti hafði líka dottið út af skrá. Reynt var að tala við háa og lága, en ekkert gekk fyrr en komið var að brottför. Þá var ég og nokkrir aðrir valdir og voru nú mikil hlaup út í flugvélinu og hinar mestu tafir þegar *skítmervus* hópurinn var að reyna að komast í gegnum þetta líka *kontról*. En í gegnum komumst við.

Þá kom í ljós að engin flugvél var komin. En hún kom eftir dúk og disk. Þá barst út að vélin væri með of mikið eldsneyti. Allt í einu kom maður og kallaði mitt nafn. Ég stökk á fætur og talaði við hann. Hann var kominn til að tilkynna mér og tveim öðrum að við yrðum að ganga úr skaftinu, flugvélin væri of þung og þyrfti að létta hana um 300 kg. samanlagt með farangri. Kona var þar í hópi, öskureið og strunsaði út, Ég tók þann kost að bíða á meðan og sjá hvað úr yrði. Síðan var gengið að karlamanni einum og honum sagt að hann yrði líka að verða eftir. Hann var með konu sinni. Hófst nú miklar og spennandi umræður og hávaðarifrildi. Ég stóð þar hjá ásamt flugfreyju og ræddi við hana að skynsamlegra væri nú að taka tvo Svía, þar sem þeir vægju nálægt 300 kg. með farangri. Sennan varð nú enn hávaðasamari; smám saman færðist taugaveiklunarsvipur yfir konuna (kanadísk) og vonin kviknaði hjá mér þegar tárin fóru að renna og hún féll saman. Þá ákvað maðurinn að þau skyldu bæði hætta við ferðina og aldrei frammar ferðast með Air Malawi -- flugfreyjan hvíslaði: *Þú kemst með*.

Hingað komum við svo og tók Markku Niskala á móti okkur. René Carilla er hér og fórum við öll á *Harry's steakhouse*, og á eftir heim til Markku og Anitu. Þau fara að flytjast heim til Finnlands og við tekur svæðisstjórinn ungi sem nýlega hafði byrjað störf í Uleåborg (á finnsku: Oulu) þegar við komum þangað á sínum tíma.

Hér hefur lengi verið algjört sjálfboðaliðs-RK. Fyrir þrem vikum hóf stórglæsileg ung stúlka, sem verið hafði í stjórn, við framkvæmdastjórn. Er þetta mjög há staða fyrir konu hér í landi. Hún hafði kynnt sér Finnka Rauða krossinn og starf deilda. Hún ákvað að maðurinn frá Uleåborg væri sá sem hún vildi fá hingað, og nú er hann að koma.

Þegar ég er að lýsa flugvöllum og flugferðum verðið þið að hafa í huga að allt liðið sem við þær starfar er *bleksvart*, margt mjög fallett og glæsilegt í allri framgöngu. Annað er alveg einstaklega ljótt, álappalegt og ánalegt. Margar stúlkur eru feitar, þótt þær starfi við fyrirtæki sem geta gert kröfur til þeirra.

En þegar haft er í huga hversu hörmuleg uppeldisskilyrði eru fyrir mestan hluta þjóðanna, fólk alið upp í leirkofum, án vatns og rafmagns, í atvinnuleysi og barnafjölda, þá er ekki undarlegt þótt einhverjir séu öðruvísi en þeir ættu kannski að vera.

1.11. kl. 7.30.

Ég sofnaði frá bréfinu í gær. Sólin er farin að skína á nýjan leik. Ég var að skrifa *telex* til ykkar í von um að einhver hefði sinnu á að senda mér smávægilegar fréttir. Ég var að pakka saman fötum sem þarf að þvo. -- Hér eru miklir fundir fyrirhugaðir í dag og á morgun. Þá fórum við norður til Kitwe og Ndola. Svo fórum við til Luanda og höldum svo aftur suður til Lesoto og Swasilands. Ég verð þá í Angola þann 6. á afmæli Ásgeirs. --

Eggert Ásgeirss. skrifar stjórn og starfsm. R.K.Í. Lusaka, Zambíu. 1.11.1979.

-- Það verð ég að segja að ég bjóst ekki við að þessi ferð mín hingað yrði svo erfið, sem hún hefur reynst, né heldur að hún yrði svo skemmtileg og mikil reynsla.

Heimsmyndin hefur gjörbreytt hjá mér og afstaðan til þess fólks sem hér býr. Erfiðleikar þess eru ótrúlegir, fátækt mikil og öryggisleysi. Öll löndin sem ég hef hingað til heimsótt bera ólíkan þokka. Húsin eru allt öðru vísi í Botswana en í Malawi. En alls staðar er það glaðlynt, sérstaklega þó í Malawi og einstaklega líkt Íslendingum mörgum, sem ég hef kynnst á lífsleiðinni, að öðru leyti en að litarhætti og útliti.

Viðbrögðin eru harla lík á hinum ýmsu fundum, þróunin er hæg, menn hika við að taka ákvarðanir sem hafa áhrif á starf sjálfbodaliða og starfsliðs, hvað þá heldur að gerðar séu breytingar þó allt sé í óstandi. Í einu landi eru allir stjórnarmenn með lífið í lúkunum yfir því að gjaldkerinn/bókhaldarinn geti ekki gert grein fyrir sínum málum, á öðrum stað er stjórnandinn í grímulausu eiginhagsmunastarfi. Híkar ekki við að taka fram fyrir hendur á kjörnum stjórnendum með ýmiskonar áróðri. En þegar á allt er litið er þetta verkefni sunnanverðrar Afríku stórmerkilegt.

Sagan sýnist í stuttu máli vera þessi: Á sínum tíma tókst *Tansley* á hendur endurmat á hlutverki RK og lagði fram hinar merkilegustu tillögur. Tillögurnar vöktu hrifningu í fyrstu (í orði) en smám saman tekst ýmsum; sem höfðu horn í síðu þeirra, að safna liði og skipuleggja vörminna; þannig var um sinn útlit fyrir að málið rynni út í sandinn.

Á alþjóðafundinum í Búkarest 1977 komu fram áhyggjur um að menn sinni ekki nógu vel sunnanverðri Afríku, þrátt fyrir ókyrrðina þar. Samþykkt var tillaga um að eitthvað verði gert í málinu. Um tíma gerðist lítið þangað til ókyrrðin færðist í aukana og menn sáu að RK í þessum gömlu bresku nýlendum voru harla lítills megandi í ljósi upplausnar við landamæri S-Afríku, sérstaklega Namibíu, Angola, Mozambík, Úganda og Zimbabve. Lítið gerist í málinu þar til Knut Adler, í láni frá R.K. Noregs, var fengið það verk í hendur að skrifa stríðsplan í Genf.

Þá gerist það, að ýmis þeirra landa, sem hingað til hafa verið virkust í aðstoð við þróunarlöndin, sjá að aðstoð þeirra kemur ekki að þeim notum sem ætlað var, því landsfélögin sem í hlut eiga, hafa enga möguleika á að takast á hendur verkefni þar sem þau eru í svo miklum skipulagsvanda að þau geta ekki einu sinni stjórnað einföldustu málum sínum. Hér var um lönd að ræða sem nýlega höfðu fengið sjálfstæði og verið undir stjórn landa eins og Bretlands og Portúgal, og sem ekkert höfðu að heitið gæti gert til að koma RK starfi á fót eða þá skipulagt það, nema í nýlendustíl teboða, góðgerða, yfirstéttar, vesturbæjarfiskbúðastíl og algjörum sjálfbodastíl; ekkert gert til að mæta vandanum, því ekki mátti breyta stílum.

Á sama hátt sér Alþjóðasamband RK að þróunaraðstoðin var ekki nógu markviss og aðstoð hinna ýmsu tæknimanna sem þar starfa kemur ekki að nógu gagni; mátti stundum álíta að áhrifin væru þveröfugt við það sem ætlað var. Þá er ákveðið, vegna ákveðins vilja Henrik Beer að setja á fót S-Afríkudeild og ráða til hennar fólk með allt svæðið í huga, efla það, safna forystufólki saman til samráðs og námskeiða, ráða krossbera til starfa í öllum þessum löndum og vinna með áþekktum hætti að eflingunni alls staðar.

Það er merkilegt að sjá árangurinn, þegar haft er í huga að starfið er lítið meira en ársgamalt og fyrstu starfsmennirnir að hætta eftir árlangt starf. Árangurinn er furðulegur eftir þennan stutta tíma.

Komist hefur á fót harðsnúið krossfaralið, alið upp í þróunarstarfi hjá landsfélögum þar sem öll áhersla er lög á grundvallaratriði þróunarhjálp, án aðstoðar, en taka ekki fram fyrir hendur. Líðið hefur framleitt feikn af leiðbeiningum og reglum sem engum hafði dotti í hug að væru nauðsynlegar fyrr en farið var að vinna um langan tíma í landinu sem hjálpa á.

Ég finn hve kærkomið margt af því er mörgum, líka okkur heima, hvernig á að gera ársskýrslur, áætlanir, bókhaldskerfi, nefndareglur, skipulag sjálfbodastarfs, birgðahald, sjúkraflutninga, setja félagslög og margt fleira. Þá hafa þjálfunarnámskeið verið haldin fyrir fjármálastjóra, erindreka, fjáröflunarstörf og útbreiðslustarf, stjórnarmenn o.s.frv.

Nú er svo komið að flest félögin eru búin að ráða sér framkvæmdastjóra, ef slíkur hefur ekki verið fyrir, fjármálastjóra, fjáröflunarmenn, erindreka, sum ráðið menn til að stjórna svæðisskrifstofum úti um löndin. Þetta er fjárfesting þeirra í framtíðinni, gerð með hjálp annarra landa fyrsta kastið. Sú aðstoð tekur enda á fimm árum og verða félögin vonandi öll orðin sjálfum sér nóg, geta staðið undir grundvallarrekstri og jafnframt smám saman farið að sinna sérstökum verkefnum, sum með eigin fjáröflun, önnur með aðstoð annarra.

Erfiðleikarnir eru feiknarlegir. Félögin sitja uppi með alls konar ómöguleg verkefni sem þau þurfa að losa sig út úr og takast á hendur önnur sem meiri þýðingu hafa. Það er allt þetta sem við erum hér að kanna. Hvernig hefur tekist, hverju þarf að breyta, hvernig á að vinna þetta í næsta áfanga eða á að snúa sér að öðrum svæðum.

Þið sjáið að ég er upptekinn af verkinu og við allir sem vinnum saman að þessu -- Við erum á fundum frá morgni til kvölds, venjulega frá kl. 8 til kl. 22. Ferðalög innanlands eru heilmikil og svo margt fólk að hitta.

Erum við farnir að treysta hvor öðrum svo vel eftir nána kynningu að við skiptum liði frá og með morgundeginum --

Hugurinn er hjá ykkur alla tíð, því ég er stöðugt minntur á ykkur, ástæður eru margar svo líkar eða hafa verið. --

Er þetta er skrifað upp og lesið, sé ég, að ekki er furða þótt fjara tæki undan mér hjá RKÍ. Þær aðstæður sem ég lýsi í fyrri nýlendum, voru allar áþekkar í RKÍ og líklegar til að hafa vakið efasemdir þeirra er voru nýlenduvelldum áhangandi, á þeim tímum er Íslendingar voru að brjótast til nýsjálfstæðis.

Þetta bréf hefur sennilega komið fyrir augu stjórnarmanna RKÍ og þeir hneykslast, því þessar hugmyndir voru um að breyta umhverfi starfs og vali stjórnarmanna, sem á þeim tíma voru ókunnandi um skipulögð vinnubrögð, flest komið inn á toppinn, í stað þess að hafa unnið sig upp, starfað og notið fræðslu. Aflað sér reynslu.

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede P. Briem. Lusaka, Zambíu. 2.11.1979.

-- Sem betur fer eru báðir ferðafélagarnir ánægjulegir. Zach Nkosi frá Svasilandi er hreint afbragð af manni og einstaklega gott að vera með honum, ekki síst þar sem hann þekkir Afríku vel, en á því þurfum við að halda. Cyril Ritchie er svolítið stífari. Hann er sem leiðtogi okkar með tilburði til að yfirheyra og kíkja í smáatriði, en það gerir ekkert til. En þreyttur verð ég og feginn að koma heim, þykir þó ótrúlegt að ferðin sé enn ekki einu sinni hálfnuð. --

-- undarlegt að hafa ekki heyrt eitt einast orð frá Íslandi allan þennan tíma. Ég hef sent telex, ekki fengið svar. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Zambíu, 2.11.1979.

-- Þó ég sé búinn að senda bréf til mömmu, finnst mér ég þurfi endilega að setjast aftur niður þegar ég hef stundarkorn til eigin ráðstöfunar. Í dag hef ég verið að kynna mér vörugeymslur, skyndihjálparkennslu og Alþjóðaráð RK. Ekki var það allt jafn óskaplega skemmtilegt eða upplýfgandi.

Það er t.d. ekkert sérstaklega skemmtilegt að skoða vörugeymslu sem bláfátækt RK-félag er að leitast við að halda uppi, fullt af fataböllum, sem algjörlega er óraðað eftir tegundum; kössum af skóm, sem að talsverðu leyti voru nr. 40-45. Eða vandlega smíðaðar kistur þar sem eingöngu stóð á hver væri gefandinn (auðitað!) og *medical equipment*. Þeir höfðu ekki hugmynd um hvað var í þeim; þurfa að rífa þær upp til að sjá hvaða tæki er um að ræða. Kisturnar eru þannig gerðar að ómögulegt er að loka þeim aftur þegar búið er að taka af þeim járnböndin. Svona er það.

Eitt af verkefnum RK Zambíu er að kenna flóttafólkinu frá Simbabwe/Ródesíu skyndihjálp og heilsufræði. Fólkið er í búðum víða um landið, og eru þær reknar af Sapo eða Nkomo.¹ Stjórn Zambíu hefur því ekkert með búðirnar að gera. Þannig er Flóttamannastofnun S.þ. enginn aðili að málinu og eru búðirnar reknar af ákaflegum vanefnum. Konur eru valdar til náms í búðunum og eru á skólabeck í tvær vikur, og taka síðan við leiðtogastörfum á þessu sviði í flóttamannabúðunum. Ástandið þar mun vera alveg hörmulegt þannig að Zambíumönnum blöskrar og kalla þeir þó varla margt ömmu sína.

Við komum þangað Zach og ég og vorum kynntir fyrir konunum á ensku, sem þær virtust skilja, enda kennslugögnin á því máli. Á eftir var ég beðinn um að ávarpa þær fáum orðum. Í stað þess vísaði ég á Zach, hann steig fram, dökkur á hörund, konurnar reistu sig í sætunum og hann tók til máls á þeirra eigin máli. Alda ánægju leið yfir hópinn, þær hölluðu sér aftur í sætunum og hlustuðu með mikilli athygli.

Ég held að þetta sé vísbending til okkar RK-manna úr *hinum menntaða heimi* (!?). Kennslustofurnar voru við sjúkrahúsið í Lusaka. Fyrir utan það sátu limlestir sjúklingar. Húsið lögregluvarið. Hvorki á kennslustaðnum né við spítalann mátti taka myndir, allir slíkir tilburðir gætu verið túlkaðir sem njósnir af hálfu Ródesíumanna. Á lóð spítalans hefur hvað eftir annað þurft að safna saman hópum lemstraðra eftir árásir Ródesíumanna á búðir Sapo.

Ródesíumenn hafa sem sé nokkrum sinnum ráðist inn í landið, sprengt upp flóttamannabúðir, alveg sama þótt þar væru að mestum hluta konur og börn. Þetta er því furðulegra að Lúsaka er 200 mílur frá landamærunum. -- Lóðin var nánast alblóðug.

Ég ók framhjá húsinu þar sem Nkomo bjó í. Eina nóttina kom hópur Ródesíumanna, þeir hafa sennilega verið 12; stoppuðu fyrir utan hús *hans*, fengu sér nokkra sopa af viskíu og hófu svo að kasta handsprengjum á húsið. Þeir voru allir drepnir á staðnum.

Kl. 24.15.

¹ Að mig minnir foringi og samtök S-Afrískra uppreisnarmanna.

Ég hætti við bréfið þegar ég fór í boð til dr. Nalumango, form. R.K. Zambú. Það var alveg dásamlega skemmtilegt boð. Þeir innfæddu eru afskaplega skemmtilegir, hlátrasköllin dynja. Eiginlega eru það ekki sköll, þeir skríkja fremur, bæði karlar og konur. Dr. N. er fæddur hér í landinu, en konan hans er frá Transwaal og þau eiga fjögur börn, 11, 14, 18 og 19 ára, búa utan við bæinn.

Ég fór að spyrja hann um árásirnar sem ég nefndi áðan. Þá kom í ljós, skv. hans frásögn, þá var ekki alveg um sama hlutinn að ræða. Hann sagði að einmitt ekki hefðu Ródesíumenn skotið á flóttamannabúðirnar; þeir væru skynsamari en svo að ryðja niður konum og börnum. Sagðist vita þetta því árásin hefði verið gerð í 100 m. fjarlægð frá húsinu hans. Flugvélarnar hefðu farið yfir aðalveginn, þaðan sem ég kom líka, og sett sprengjur í hvert einasta hús sem Sapó hefði átt eða leigt; nákvæmlega þau og ekkert annað. Hús eða aðalstöðvar Nkomos hefðu verið alveg fallnar. Þeir hefðu auðsjáanlega vitað um alla íbúa, því eitt húsanna var nýverið tekið á leigu.

Í boðinu var dr. Bwanausi. Þeir lækarnir höfðu verið saman í háskóla í S.Afríku. Fréttir voru í kvöld að skólafélagi þeirra væri orðinn varaforseti Simbabwe. Þeir hlógu mikið að því, en skrýtið var að besti vinur þess manns var yfirlæknir í uppreisnarliðinu Sanu, sem aðsetur á í Mósambík. Þannig getur allt breyst. Dr. Bw. er frá Malawi og kona hans frá S. Afríku. Þau höfðu haft það ágætt í Mósambík. Þegar allt í einu kemur (*plata/þvingað*) inn á hann lækni, sem síðan kom í ljós að var ekki lækni heldur lyfjafraeðingur. Þegar hann kvartaði yfir því, þar sem hann sagði engin not fyrir slíkan mann, sagði fulltrúi Hastings-Banda að um ekkert væri að ræða. Bw. fann síðan út að maðurinn hafði unnið í apóteki við flöskupvott. Allar þessar spurningar urðu til þess að hann fékk á tilfinninguna að eitthvað væri að þrengjast. Þau hjónin ákváðu að flylja til Zambú. Ákvörðunin tekin á augabragði; þau settust upp í bílinn ásamt börnunum og óku á brott, eftir að hafa lokað húsinu; forðuðu sér yfir landamærin án þess að taka snífsi með til að vekja ekki grunsemdir. Þau byrjuðu nýtt líf hér.

Jæja, ég fer að hætta þessari endalausú skýrslugerð. Ég sendi boð í Lígunnar þess efnis að þú gætir komið boðum til mín --

Í fyrramálið förum við kl. 7.30 í flugvél til Kitwe og komum aftur á sunnudagskvöld. Með okkur fer Markku Niskala og Mwila framkvæmdastjóri. --

Friede P. Briem skrifar Árna Geir Pálssyni. Rvík. 3.11.1979.

Skrifar 16 ára sonarsyni við menntaskólanám á Akureyri. Segir af forfeðrum hans á Akureyri, bendir á kennileiti í því sambandi; segir frá brunanum mikla og vinum. Ingólfur Bruun, virðist hafa verið með honum í skóla; segir líka frá forfeðrum hans á Laxamýri og Akureyri. Þá segir hún frá Páli, Láru og systkinum hans sem eru að koma í heimsókn.

-- Ásgeir hefur verið í öðru kennslu undanfarið, enda á hann 17 ára afmæli á þriðjudag. Þá vona ég að hann fái öðru skírteinið -- Eggert er í Afríku sem stendur en ekki hafa komið miklar fréttir af honum úr þeim heimshluta.-- Kári (*bróðir Árna*) er ánægður í Noregi og kann þryðilega við sig. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Lusaka, Zambú. 5.11.1979.

Segir þá félagi hafa lokið starfi í þessu landi; bíði nú eftir flugvél til Angola. Veðrið gott, hótelsvæðið himnaríkisveröld en utan þess allt annað. Þar situr enginn í sólinni.

-- Svertingjarnir gera það ekki nema þegar kalt er. Ég kann ekki alls kostar við að spyrja þá um hvernig er að vera svertingi, þó geri ég það svolítið. Það er greinilegt að svertingjar sólbrenna mikið, þannig eru skrifstofumenn að jafnaði mjög ljósari en hinir. Varaformaðurinn er bóndi og ég tók eftir að þegar hann ýtti erminni á peysunni sinni upp, þá var upphandleggurinn mun ljósari. --

Við förum snemma á laugardag í flugvél, 1 klst. flug til *Kitwe*¹ borg sem er alveg dómínuerð af ríkisnánum. Í og við koparnámurnar vinna um 15 þús. manns og er sérstök RK-deild í námunum: önnur í borginni, Því miður gerðum við ekkert annað en að sitja á fundum allan daginn. Ég fór stundarkorn út að ganga, en hitinn var svo mikill að ekki var hægt að vera í sólinni. Enda hlógu innfæddir að mér fyrir fávískuna. Þegar kl. var 18 förum við hinsvegar öll út að ganga og skoðuðum borgina.

Í ferð vorum við þrír, auk þess Mwila ný framkvæmdastjóri RK Zambú og Markku Niskala.

Það er skrýtið að ganga út á götu einn í alsvörtum bæ. Allir glápa á mann og maður hefur vissan beyg af að ganga innan um svertingjafjölda. Það er búið að prenta í mann alls konar fordómum, sem eiga enga stoð. Fólkið er óáreiðið, heilsar kannski vinsamlega, en er mest hissa á að sjá mann.

¹ Í norðri frá Lusaka, ekki langt frá landamærum Kongó.

Mjög áberandi er hve varúð er mikil; verðir í kringum pósthús og opinbera staði, því þeir eru skíthræddir við hefndaraðgerðir Ródesíumanna. Þannig getur verið varasamt að taka myndir, ekki síst af því að ég er sennilega eins í útliti og dæmigerður málaliði.

Í gær ókum við síðan til Ndola. Landið er víðast þurrt, lítið eða ekkert búfé sjáanlegt og lítil ræktun. Fólkið býr í smáhýsum, sem námurnar leggja til, en utan við skipulagða byggðina er fullt af smáþorpum, *shantytowns*,¹ þar sem fólkið leitast við að njóta þess sem til fellur frá námunum, kannski að komast þar í vinnu. Velmegun virðist vera talsverð umfram það sem sést annars staðar.

Miðja vegu milli Ndola er svæði, talsvert vaxið trjágróðri, einhvers konar furum. Fólkið sækir í skógana til að höggva við og gera viðarkol. Það er hörmung að sjá skóginn á stórum svæðum algjörlega höggvinn niður. Í útjöðrum auðu svæðanna eru stakkar þar sem verið er að brenna viðinn til kola, alveg eins og gert var í gamla daga á Norðurlöndum, kannski ekki ósvipað og gert var á Íslandi. Fólk var svo með kolapokana á vegarbrúninni að selja. Kolin eru notuð til að sjóða mat við og steikja. Fólkið situr á hækjum sér utan við hús sín.

Þegar nær kom Ndola fórum við inn í skóginn ca. 10 km. afleggjara að minnismerki þar sem flugvél Dag Hammarskjöld fórst á sínum tíma, eða fyrir 18 árum. Þar hefur Junior Chambers reist minnismerki um hann og félag hans sem fórust á óskýrðan hátt meðan Konsóstyryöldin geisaði. Hann var þá á ferð frá Kongó (Lumbashi þá, Leopoldville, nú), sem var höfuðborg Katangahéraðs, sem var að draga sig út úr ríkinu, sem var þá að fá sjálfstæði og nú heitir Zaire. Hann mun hafa flogið yfir Kitwe og ætlaði að lenda á flugvellinum í Ndola, á leið til Ródesíu til samninga, en Ródesía var þá hlutlaus í styrjöldinni. Flugvélin flaug niður í skóginn þar sem minnismerkið er; var vart tangur heilt af henni. Menn vita enn ekki hvað olli slysinu, hvort skotið var á hana eða ekki. Menn þykjast hafa séð einhver merki þess á leifunum af stélinu, en eru þó ekki vissir. Vita ekki um flug annarra flugvéla en þar sem styrjöld var, þó er ekki hægt að vita það með vissu. Þykir nokkuð ótrúlegt að bilun hafi orðið, vélin var algjörlega mönnuð Svíum og þjónað af þeim.

Það var mjög einkennileg tilfinning að sitja við minnisvarðann og lesa orð Hammarskjölds á honum. Eyðiskógurinn allt um kring, nokkrir negrakofar skammt frá og krakkar að leik. Ég sagði *halló* við þau og þau svöruðu *halló*, nema sá minnsti sem svaraði á fullkominni ensku: *Good afternoon!* Ég heimsótti líka *Hammarskjöld Memorial Library* í Kitwe. Íþróttaleikvangur í Ndola er líka kenndur við Hammarskjöld.²

Hin einkennilega tilfinning var þó ekki liðin hjá. Þegar við komum á RK-fundinn í Ndola sagði formaðurinn (sem hitti okkur, Sírri mín, í Búkarest!) að hann hefði verið órólegur yfir að við hefðum ekki farið þetta í lögreglufylgd. Það hefði komið fyrir, að ráðist var á breskan mann sem var við minnisvarðann, og hann skotinn eftir að bíllinn hafði verið tekinn af honum. Fjölskyldunni var þó þyrmt. Síðar hefur nokkrum sinnum átt sér stað að ráðist hefur verið á fólk á þessum stað; það síðan orðið til þess að fáir leggja leið sína á staðinn. Í skóginum búa frumstæðir menn sem ræna ferðamenn, jafnvel talið að um glæpalið sé að ræða sem gangi laust. Það er gott að vara hræddur eftir á!³

Markku og Anita koma að sækja okkur eftir hálf tíma og við förum á ólöglegan hátt með *Alitalia* sem er á leið til Rómars. Þarf að millilenda en má ekki taka farþega á þessum kafla.

Ég hef það alveg stórkostlegt; er farinn að fá rétta kæruleysistilfinningu fyrir öllum þessum ferðalögum. -- Ég er hjá ykkur í huganum þótt ég hafi ekki margar mínútur að vera einn og hugsá. Sérstaklega er mér hugsað til Ásgeirs sem sennilega tekur bílprófið á morgun, ef ég þekki rétt. Þekki ég þig rétt, Ásgeir? --

Eggert Ásg. skrifar Sigr. Dagbj., einkum Ásgeiri. Luanda, Angóla. 6.11.1979.

-- Til hamingju með afmælið Ásgeir minn. Ég sit hér í Luanda, úti á svölum í herberginu sem ég hef hér ásamt Zach og horfi út á Atlantshafið.⁴ Hugurinn leitar eins og hjá Jónasi forðum með sunnanvindinum, norður yfir

¹ Kofahverfi.

² Þar var lítil minjagripabúð. Hið eina sem var þar framleitt, sýnt og selt, voru smá leikfangahjól, úr álþráðum, nákvæmlega eins og þræðirmir í háspennulínunni sem ég vann við á sínum tíma. Ég keypti tvö slík. Eru þau enn til sýnis hér uppi á lofti, í bókahillunni í stigaganginum hjá Auði.

³ Staðurinn var friðsæll. Þar voru menn að selja haglega gert smádót, í formi bíla, reiðhjóla o.fl. sem var gert úr álvír, nákvæmleg eins og rafmagnsleiðarinn í Sogslínunni sem ég vann við. Slíkar línur eru með burðarkjarna úr stáli, því ál er ekki sterkt. Ég keypti tvö ca. 20 cm. reiðhjól, sem eru hér uppi í stiga. Er alltaf hissa á að þau hafi ekki verið skemmd, af börnum í fjölskyldunni eða leigjendum, þegar útleiga hófst og við fluttum niður.

⁴ Borgarstæði Luanda er geysilega fallett, breiður flói á mótí vestri. Þetta var frægur baðstaður á dögum nýlendustjórnar Portúgala. Á flóanum lágu stór flutningaskip í tugatali sem vegna óstjórnar og frumstæðs hafnarbúnaðar komast ekki að bryggjum, stundum mjög lengi. Strandbyggingar voru allar niðurníddar. Portúgalar réðu landinu frá 15. öld þar til þeir yfirgáfu landið 1975 og skildu ekkert eftir. Bretar höfðu komið upp stjórnkerfi sem hélst í mörgum löndum, en allt hjá Portúgölum byggðist á embættismönnum þeirra. Þegar þeir fóru úr landinu skildu þeir ekkert eftir, hvorki stjórnkerfi eða

hafið. Ég hef verið að reyna að koma frá mér skeyti til þín í dag, en mér er sagt að það taki nálægt ½ mánuð að koma því úr landi, ef það þá ekki týnist. – Vona að næsta ár og öll framtíðin færi þér blessun. --

Segir frá löngu flugi, skriffinnsku og vanda þótt Peter Barner Rasmussen tæki á móti, einkum erfitt vegna þess að skrifa þurfti undir yfirlýsingu um hvað við værum með af fjármunum.

Ef við hefðum ekki haft eitthvað með okkur hefðum við þurft að sitja daglangt í banka til að fá peninga. Peter sat hjá okkur ásamt manni frá RK Angóla, en þurftu að fara snemma, því hér er útgöngubann, einkum vegna hernaðarástands á landamærum Namibíu. Hér eru skæruliðar og óskaplegur fjöldi af innanlandsflóttafólki til viðbótar þeim sem komnir eru frá Zambíu, Namibíu og Zaire, en í þessum löndum eru líka flóttamenn frá Angóla. --

Ekkert vatn var á hótelinu í gær og í dag. Þurftum við að fara í kjallarann til að þvo okkur.

-- Nú er vatn komið, ég fer í bað þegar ég er búinn með bréfið. -- hér er mikill hiti og loftið rakt, ekki vanþörf á að bleyta sig.

Þegar við komum til morgunverðar settist hjá okkur grískur skipstjóri frá Hollandi. Hann talaði aldeilis illa um allt hér. Skipin eru hér úti fyrir og hafa sum legið hér mánuðum saman, allt að fjórum, sum, og gengur ekkert að afferma þau. Eitt er 3.500 lestir og kostar um 5 þús. dali á dag, sem fólkið auðvitað borgar. Þegar skip komast loks að bryggju tekur losun langan tíma, afköst eru stundum ekki nema 50 lestir á dag. Annars er ekkert að marka neitt sem sagt er. Aðkomumenn tala um ástandið í háðsglósium og segja allir sömu sögurnar. Erfiðleikarnir eru samt miklir. Hér er allt í kommúnistaflokksins höndum, einkaframtak er svo til úr sögunni.

Eins og ég sagði er sannleikurinn ekki alltaf auðsær. Ástandið er þó greinilega raunalegt.

Mistök hafa hér orðið. Landið var aðal kaffi- og bananaútflytjandi álfunnar. Nú er mikill skortur á þessu hér í landinu. Hér er fjöldi erlendra ráðgjafa, einkum Kúbumenn (mest sem hernaðarráðgjafar) og tæknilegir þýskir ráðgjafar handan járntjaldsins. Þar sem nóg var af banönum fyrir nokkrum árum, þá var ákveðið að minnka ekrurnar, rækta í staðinn sísal til að framleiða hamp. Það var gert. Hér er nóg af sísalplöntu, sem vex upp í loftið og ekki klippt. Meðan svo er fæst ekki hampur úr plötunni. Hér eru stórir skógar af hávöxnum sísalplöntum.

Í morgun þegar við fórum út fengum við að sjá borgina í allri sinni dýrð. Hér er náttúrleg höfn og borgarstæði geysifagurt við botn flóans, með háum og fallegum húsum. Heitir gatan 4. febrúar, en þá var einhver úrslitaorusta háð hér.

Þegar nær kemur sést að allt er í kaldakoli. Húsin gluggalaus, illa farin, götur óhreinar, holóttar, allt í kaldakoli. Biðraðir við verslanir, sums staðar 100 m. langar; margfaldar. Byrja að myndast kl. fimm á morgnana. Allt skammtað, hver fjölskylda með skömmtunarbækur, má versla einu sinni í viku til að fá pund af hrisgrjónum o.s.frv. Skortur á bókstaflega öllu.

Við höfum verið hér á fundum með R.K Angóla og er það kafla út af fyrir sig.

Vorum í hádeginu boðnir til Peter og konu hans Lene, Var þar mjög skemmtilegt og fékk maður þá aldeilis lýsinguna á hvernig er að búa hér. Skorturinn er svo mikill á öllu, að innbrotspjófur stela ekki einu sinni peningum, þeir stela fötum og tækjum alls konar. Það er búið að stela af þeim Peter þrisvar sinnum í vikunni. Þvottinum af snúrunni, útvarpinu úr bílnum hans, stereótækjum úr húsinu, Nágranni einn náði af þjófi myndavéllartöskunni með öllum græjum AE 1 með *zoomi* og bjargaðist svolítið.

Þetta er allt of löng saga að segja frá þessari borg og öllu sem hér er, svo ég geti sagt það núna. Við förum í fyrramálið aftur til Lúsaka.

Hér er orðið svo dimmt kl. 18.15 að ég sé varla hvað ég er að skrifa; vindurinn feykir blaðinu fyrir svo ég get ekki lesið það sem ég er að skrifa.

Ég þarf að fara í bað áður en við förum að borða með RK-Angola á eftir, svo skemmtilegt sem það nú er. Hér talar enginn nema portúgölsku og þarf því allt að þýða.

Það er meiri reynsla en ég hef nokkru sinni upplifað að koma hingað og sorglegt að þjóð sem á öllu sínu þarf að halda skuli ekki geta valið sér heppilegri stjórnarháttu.

En hvernig má þá öðru vísi vera þegar nýlenduherarnir skila landinu svo illa áfram. Framtíðin er því dökk. Peter hefur unnið hér stórkostlegt afrek í RK, en hann er ekki öfundsverður. Ég myndi senda þau héðan, þau þola vart meira; en hann er samt réttur maður á réttum stað. Sagt er að hann hafi verið vinstrisinni þegar hann kom hingað.

Annars vil ég ekkert pólitískt láta eftir mér hafa, þetta er því fyrir ykkur. --

tækni. Þeir hreinsuðu allt út, var okkur sagt, síma- og rafmagnskerfi, lyftubúnað í húsum og allt sem hægt var að ná burt. Ekki von nema erfitt væri að byggja landið upp, síst er borgarastyrjöld geysaði.

Eggert Ásgeirsson skrifar Kerstin Wennerström. Lusaka, Zambíu.

7.11.1979.

Þakkar fyrir gestrisnina í sumar. Er tíðrætt um starf sitt, óstöðugleikann í stjórnámálum, fátækt fólksins, slæmt ástand í heilbrigðismálum. Þó fer ekki hjá því að maður falli fyrir elskusemi fólksins, hvað það er fallegt, hreinskilið og glatt. Það þrátt fyrir ótrúlegar afleiðingar nýlendukúgunar sem leiðir til hörmulegs heilbrigðisástands og barnadauða.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Luanda., Angola. 7.11.1979.

-- Enn er ég sestur við ritvélinna blessaða. Þakka þér enn fyrir hana Dagur minn, hún er sannarleg dægrastytting, eða öllu heldur dagalenging. Ég dregst að henni hvenær sem stund er og skemmti mér konunglega. --

Segist vera að biðja eftir Rasmussen sem ætlar að koma þeim félögum út á flugvöll. Hann hafði gleymt að biðja um brottfaraleyfi fyrir þá, hafði af því áhyggjur, því jafn erfitt er að komast úr landi og inn í það. Hann er að ¼ íslenskur og hefur fengið áhuga á þeim uppruna sínum.

-- Rasmussen er læknir með fjölþætta reynslu og mikla málakunnáttu Hann er þó einum of upptekinn af sjálfum sér og greinir frá mörgu sem fyrir hann hefur borið og hefur um það sínar kenningar. Við Cyril höfðum skemmtun af að reyna á þolrifin í krossberunum sem við heimsækjum. Tveir þeirra, Peter og Sven, raunar báðir Danirnir, hafa hvorugur þá hæfileika að geta snúið á viðmælendur sína, t.d. með því að spyrja á móti, efast, eða á annan hátt að snúa vörn í sókn. Þeir eru að því leyti eins og Siggí Líndal, glepjast af einskönar sjálfsánægju eða eru uppteknir af eigin persónu, *selfcentered* eins og Tjallinn segir. --

Í gærkvöldi vorum við boðnir til kvöldverðar á *Hótel Topica*, hótél Sögu, þeirra Angólamanna -- Framkvæmdastjórinn hér, félagi Campos, bauð okkur og kom með konu sína, alveg bleksvarta og tveggja ára dóttur með sér. Hann talar frönsku og átti Cyril, veslingurinn, mjög erfiðar samræður við hann kvöldlangt, en hann sagði margar sögur og brandara sem Cyril skildi ekki, en hló samt. Við sögðum við hann á heimleiðinni að við vissum að þegar hann hlægi að því sem við segðum, þá skildi hann það sennilega ekki.

Fólkið í Angóla er margskonar, allt frá minna, upp í alveg svart. Einkennilegt er að horfa á þá nærri sem eru svo svartir og gljáandi að líkast er sem þeir hefðu verið svertir. Sér ekki í ljósan blett nema tennurnar, en þeir eru ekki nærri eins brosmildir og þeir sem fyrir austan búa og við höfum hitt. Augu eru dökk, hvítan æðótt (*kurteisara en að segja blóðhlaupin*). --

Segir frá tveim mönnum um tvítugt sem ráðnir hafa verið til RK Angóla sem miklar vonir eru bundnar við en eiga sjálfsagt ekki sjö daga sæla framundan fyrir Campos.

-- Þeir eru alveg geysilega reisulegir og glæsilegir, hávaxnir, grannir en vöðvamiklir, brosmildir og snarir í snúningum. Því lýsi ég þeim svona að margt af því fólki sem fyrir augun ber hér í Afríku hefur einkennilega reisulegan þokka, sem maður sér varla annars staðar. Konurnar ganga með byrðar sínar á höfðinu og höfuðburðurinn því gjarna glæsilegur. Þær eru þó margar kjagandi og rassmiklar. Má vera að það sé vegna þess að þær bera börnin lengi á bakinu eða vinna bognar eða á gólfinu við matargerð eða við að sópa kringum sig. Þegar ég segi bognar, eru þær samt teinréttar í baki og beygja sig um mjaðmirnar og gætu sennilega margar kysst á sér hnén standandi. --

Lusaka, sama dag kl. 16.15.

Þá er ég kominn hingað, allt hreint og fínt miðað við Luanda.

Svo einkennilega vildi til að ég hitti í flugstöðinni nágretta okkar, að kalla, af Fjólugötunni; verkfræðing sem vinnur hjá Alþjóðavinnuálastofnuninni ILO sem er ráðgjafi hér, þ.e. þegar hann er ekki á Fjólugötunni sækjandi pósti í hólf nr. 140 og svarandi í síma 15266. Ég minnst þess ekki að hafa séð hann, en í ljós kom að hann hafði verið á upplestri Jersilds¹ og þá minnst ég hans. Maðurinn heitir Óskar og er Wiklund, giftur sænska sendiherranum í Rvík. Þetta er hinn glæsilegasti maður, sennilega yfir sextugt. Hann var í Angola til að velja forystufólk þaðan sem gæti farið til framhaldsnáms í tæknilegum ráðgjafarstörfum á Ítalíu þar sem ILO hefur skóla. Mér þótti þetta bæði skemmtilegt og upplífandi. --

Að komast úr landi í Angola er afrek. Flugstöðin er í slæmu ástandi, óhrein og allt skemmt. Þar eru engin leiðbeiningarskilti. Allt gengur hægt. Við komum, þá var enginn kominn til að taka á móti okkur, biðum langan tíma eftir farangursskoðun við brottför! Síðan var farið til að afhenda farseðla. Ekki er tekið við þeim og ekki hægt að fara úr landi nema leyfi sé fyrir hendi. Sá sem annaðist það var ekki kominn, og langt komið fram yfir brottfarartíma, því bíllinn hans hafði bilað á leiðinni. Þá sluppum við í gegn. Síðan er passaktról, og langt þangað og engar leiðbeiningar. Næst var heilbrigðisktról, þar á eftir passaktról o.s.frv. Í farangursskoðun

¹ P.C. Jersild (1935), einn fremsti rithöfundur Svía.

var allt tekið upp úr töskum, bókum flett, vítamínpillur skoðaðar, athugað hvort tvöfaldur botn sé í tuðrum; mjög strangt valútukontrol. Menn alltaf í vandræðum með að vera með passlega lítið, því ekkert má fara úr landi. –

Eins og ég sagði er einræðisstjórn í landinu og uppreisn. Stuðning frá útlöndum er aðallega að fá frá austurþýskum ráðgjöfum, sem fylltu öll veitingahús og stjórnðu landinu og studdu m.a. vegna uppreisnar í suðurhlutanum. Ég fór á eina stjórnarskrifstofu þar sem hópur stóð úti fyrir. Ég heilsaði vingjarnlega með því að veifa, eins og ég geri í Kvosinni, svo að börnin hálf skömmuðust sín fyrir mig þegar við vorum á gangi. Kommissar í ráðuneytinu sá þetta, þótti handahreyfingin grunsamleg og spurði alvarlegur hvort ég væri í einhverjum stjórnmalaflokki þar sem menn heilsuðust svona. Við tókum þá tal saman og ekkert var frekar um þetta rætt. En Zach sagði svona vitleysishugmyndir geta valdið miklum vanda í landi með þessa stjórnarhætti.

Þegar við stóðum í biðröðinni við vegabréfaeftirlitið hittust Wiklund og Rasmussen. Þá sagði R. að hér væri allgott norrænt selskap. W. svaraði að það teldist nú varla þó Dani og Svú hittust. Var ég þá dreginn inn í samtalið og W. sagðist búa á Fjólugötunni, þá vissi ég strax hvar. Sagði honum að ég væri nágrenni hans og hefði borið Moggann út til hans. Hann varð hissa og glaður þegar það upplýstist hvernig á því stóð, sem sé að Dagur hefði verið útburðardrengur og ég hefði leyst hann af stundum þegar hann var veikur eða fjarri. Urðu úr þessu ágæt kynni og gagnkvæm boð þeirra hjóna og okkar Sirrí lengi.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Mbabane, Swasilandi. 8.11.1979.

-- Var sérlega gaman að koma hingað. Landið er gjörólíkt öllu sem ég hef séð hér í Afríku. Þegar við flugum hingað yfir flugvöllinn í Manzini var landið iðjagrænt, og þegar við ókum hingað var eins og við værum í Skotlandi eða Noregi, fjöll, tré og hæðadrög; landið algróið. Hér munu íbúar vera um ½ millj., alveg sérstaklega elskulegt og þægilegt. Ég var ekki með vegabréfsáritun og þurfti að fara með framkvæmdastjóra RK, frú Lamini, á lögreglustöðina. Þar var nú meira glensid; allir þekktu hana, við gengum inn á skrifstofuna, göntuðumst við starfslíðið og vegabréfáritunin afgreidd eins og ýmsir hlutir heima. Lamini er sérlega dugleg og þægileg kona sem hefur mörgu komið í verk. Hún er dóttir fjármálaráðherrans og kona landlæknisins, o.s.frv.

En hér rignir og rignir. Það hefur verið eins og hellt úr fötu í allan dag, þoka og erfitt að aka eftir götunum. Milli Manzini og Mbabane eru líklega 40 km. Manzini er iðnaðarsetur og Mbabane höfuðborgin, báðar með um 20 þús. íbúa. Hótelid, *Swasi Inn* er mitt á milli borganna í 1600 m. hæð, en höfuðborgin í 1800 m. hæð. Í næstu viku þegar við verðum hér í skýrslugerð munum við kannski sjá fjallatindana hér í grennd.

Hótelid er einstaklega skemmtilegt. Byggt í enskum nýlendustíl, gamaldags en gott. Ég bý reyndar í kofa með stráþaki, get ég varla snúið mér við inni, rúmið tekur svo mikið pláss. Það er hljóðbært og maður heyrir fótatak annarra gesta úti fyrir, stráþakið er ekki hljóðeinangrandi. En það lekur ekki og er það fyrir mestu. Hér er heldur kalt, þannig að ég þarf að hafa rafmagnsofn á, sennilega 18 gráður, munur frá Lusaka, 33 gráður í gær.

Við höfum verið með Erik Möberg, norskum fulltrúa RK hér, eina manninum í fulltrúahópnum sem valinn er utan RK. Mér líkar prýðilega við hann; það gerir ekki öllum, því hann á það til að skvettast í sig og verður samningur við hann ekki endurnýjaður. Hann er að minni hyggju eini raunverulegi fagmannurinn í hópnum. Hann hefur unnið hjá *United Nations Development Programme* í Bangla Desh.

Í gærkvöldi vorum við Cyril boðnir til Markku Niskala og Anitu og áttum skemmtilegt kvöld með þeim. Þau fara héðan um mánaðamótin, en Markku mun sennilega koma hingað og vera í Lusaka um tveggja mánaða skeið til að ljúka ýmsum verkum.

Já, fréttir hef ég af ferðaplönunum. Það er ákveðið að ég verði í Genf í tvo daga við athugun á ýmsum málum v. S-Afríku prógrammsins. Kem þangað sunnudag 18. frá Jóhannesarborg. Verð ég þar að vinna á mánudag og þriðjudag, held þaðan til London og fer til Khafnar. Heimsæki ég Danska RK á fimmtudag og fer heim 23. nóv. -- Getur verið að þetta breytist. --

Ég nýt þess að setjast við ritvélinu hvern dag og bulla í ýmsar áttir. Þetta er 22. bréfið sem ég skrifa á þessum 20 dögum. --

Jæja, enn er mál að háttu. Rigningin er hætt að dynja á stráþakinu, svartamyrkur er úti fyrir. Ég fer að leggja mig upp í rúm til að lesa blöð frá S-Afríku. Fréttatúlkun er ekki beint áreiðanleg, ekki fremur en í öðrum löndum sem ég hef heimsótt, þótt í aðra átt sé. --

Líst ekki á fréttir um sendiráð USA í Teheran og er hræddur um að Carter geri einhverja ferlega vitleysu.

-- Ekki get ég gert neitt í málinu hér suður í rassgati, svo ég segi bara góða nótt --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík. 8.11.1979.

-- Bréfin þín berast nú hvert af öðru og er mikið gaman -- Ég fór upp á skrifst. RKÍ í morgun og las upp úr bréfunum fyrir þá sem vildu heyra.

Ásgeir var að fara í Fjalaköttinn og ég lánaði honum bílinn. Það er skrítið að sjá drenginn renna frá húsinu. Nú eru hlátrasköll í svefnherberginu. Þar eru Auður og Kata að æfa leikrit fyrir foreldraskemmtun í desember. Mikið skemmta þær sér. -- Við fengum telex frá þér í gær - daginn eftir afmæli Ásgeirs. Ásgeir keyrði með okkur Dag upp í Breiðholt til að borga bílkennaranum, og gekk vel. Hann er að vísu orðinn blankur eftir þetta og vel það. --

Segir frá húðvandamálum Dags og hvað gert hefur verið í þeim málum. Segi líka frá vandamálum Friede, tengdamóður sinnar og æfingum hennar hjá Jóhönnu Tryggvadóttur sem er með (umdeild? Innsk. E.Á) námskeið fyrir ellimannskjúr og Palli hafði komið henni í.

-- Mamma þín les bréfin þín af áhuga og stolti og finnst mikið til um son sinn! - Ég skrifa næsta bréf til Genf. --

Eggert Ásgeirss skrifar Sigríði Dagbjartsd. Maseru, Lesotho. 11.11.1979.

Kl. 10.45. -- Ég jata að þegar ég lít aftur til liðinna daga, og rifja upp, verð ég hálfuglaður, ef langt hefur liðið milli bréfa og hvar ég hef verið hverju sinni. Svo gegndarlaus er þessi flækingur. Ég gæti gert það ef ég hefði gögn við höndina.

Nú sit ég úti í garði við sundlaug Victoriuhótelsins hér í Manseru, sunnudagsmorgunn, fólkið sparibúið að sækja kirkju. Hjá forsetabústaðnum safnast hermenn til skrudgöngu og menn koma með kransa, sem færa á einhverjum af einhverju tilefni. Ég hef verið í göngutúr í morgun; er þetta eiginlega fyrsti göngutúrin eða frítíminn sem ég hef fengið í ferðinni.

Kl. 12 kemur Jakob Lykke Olesen og borðar með okkur og kl. 15 byrjar fundur með stjórn Rauða krosss landsins. Á morgun förum við sennilega út úr bænum til að heimsækja deildir og eftir þrjá daga förum við aftur til Mbabane. Ferðaáætlanir hafa raskast mjög vegna þoku á flugvöllum í Mansini. --

Vegna þessa alls var ákveðið að við færum hingað Zach-lauser, enda beið hans svo margt í Svasílandi þegar við komum þangað, að hann átti illa heimangengt. En tíminn nýttist vel og vegna rigninga og annarra tafa gátum við setið við vinnu og sækist skýrslugerð vel.

Í gærmorgun förum við svo hingað í lítilli flugvél og var stórskemmtilegt að fljúga yfir landið. Þegar fjöll og hæðir Svasílands hætta; þá taka við frjósamar sléttur S-Afríku, sem sýnist eins og vera samfelldur aldingarður. Svo taka við hæðadrög og lág fjöll þegar nálagst Maseru.

Þar tók á móti okkur Jakob Lykke og starfandi framkvæmdastj. RK og sýndu okkur hús RK. Jakob Lykke Olesens (danskur lækni sem ég hef áður sagt frá) talar frábæra sænsku og ensku. Hann er að auki einkar skemmtilegur, ballanseraður og bráðgreindur, hefur lært mál innfæddra og veit yfir höfuð mikið um land og þjóð þó hann hafi aðeins verið hér 5 mán. Við Cyril vorum heima hjá honum í gærkvöldi og fengum snarl. Hann hefur búið vel um sig og var kvöldið skemmtilegt. Hann veit ótrúlega mikið um Ísland, en stjúpi hans hefur ferðast oft til landsins. Hann heitir Gert Drachman og var að mér skilst einhvern tíma framkvæmdastjóri Vinnuálastofnunar Sameinuðu þjóðanna.

Við förum í þriggja stunda bíltúr út fyrir borgina í gær. Hér er fjöllótt og hækka fjöllin fljótt þegar ekið er til suðausturs, en hæst er landið syðst. Þetta er gífurlega þéttbýlt land en mjög rofið vegna ofbeitar. Ég hef aldrei séð svo mikið búfé fyrr á svo litlu og lítið grónu landi; hjarðir nauta, geita og fjöldi hesta. Fylgja hverri hjörð hjarðsveinar, þó ekki hestunum sem eru í girðingum. Er rofið mikið áhyggjuefni en lítið hægt að gera í málinu því stjórnarhættir eru þannig, mikið vald í höndum ættarhöfðingja. Sjá má sums staðar vel ræktaða árfarvegi til að hamla á móti rofi; en það eru bara fáir höfðingjar sem fyrir því standa.

Einstaka kofar og smáþorp eru í dölum og fjallahlíðum og urmull fólks í kringum þá. Mestu sérkenni á fólkinu er hvað það er glöðvært uppi til sveita, allir veifa bílum og hrópa kveðjuorð. Handavinna er mikil og einkum bastvinna. Fólkið er með sérkennilega hatta á höfðinu, það sem þó er sérkennilegast eru teppi sem fólkið vefur um sig og krækir um axlirnar. Allir, aldnir og ungir, eru með þessi teppi í allavega litum og gerir fólkið tignarlegt í útliti. Hestar eru aðalsamgöngutækið og alls staðar á vegum úti. Þeir hafa fimm tegundir gangs, eins og íslenski hesturinn en eru allmiklu stærri. Reiðmennirnir glæsilegir í skikkjum.

Nú þarf ég að fara að hitta félagana. Rigningartíminn að hefjast. Hitinn og góðviðrið er allveg dásamlegt en heldur verður óvistlegt þegar fer að rigna og kólna, en ég er illa búinn til ferða þegar svo stendur á. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Maseru, Lesotho. 11.11.1979.

Kl. 18.00 -- Mér er orðið illa við að hvíla mig milli viðburða. Hér er allt svo skemmtilegt að ég tími ekki að leggja mig eða setjast með bók í hönd. Þá verð ég bara enn þreyttari. Ég hef mikið að gera, en það sem heldur

mér kátum og glöðum er ánægjan af að hafa samband við ykkur. Nú fer að líða að því að bréfin komi heim á eftir mér, en ég ætla samt að halda áfram að skrifa og hugsa mér að þau verði komin á undan mér, nú annars get ég látið ykkur hafa bréfin í afriti og sest niður til að lesa fimm vikna skammt, svo við þurfum ekki að tala saman, fyrsta kastíð.

Eftir að ég skrifaði ykkur í morgun fórum við með Jakobi að borða í nýju Hiltonhótelu, sem er svo sem 15 mín. gang ofar í fjallshlíðinni. Hótelíð er stórfallegt og svo tæknilega fullkomið, segja menn, að innfæddir geta ekki þjónað því og haldið við. Í dag bilaði rafmagnskerfið, í gær lyfturnar. --

Ætlar að varast að tala um hótél og önnur slík smáatriði sem ferðamenn tala um og fjargviðrast út af. Segir frá því að hér hafi verið haldinn fundur 90 aðila sem stunda hjálparstörf hér. Vandamálin í löndunum byggjast á þekkingarskortu, samgönguleysi og atvinnuháttum.

-- Hér var haldinn fundur 90 aðila sem stundar hjálp við Lesotho. Við vorum að ræða það í hádeginu hve erfitt þetta væri því löndin ráða illa við þetta. (*Hjálparstofnanirnar*) -- hugsa um sig, reyna að finna verkefni sem liggja vel við, séu auðveld í bókfærslu, hægt að kynna, séu sjáanleg. Hér eru mjög margir ungir Bandaríkjamenn í *Peace Corps* og starfa við að kenna fólki grundvallaratriði búskapar. Þeir vinna sjálfsagt ágætt starf, við erfið skilyrði, en hassneysla þeirra er til vandræða, þeir bera ekki þá virðingu fyrir þeim sem þeir eru að hjálpa um tíma, og láta slíkt eiga sig.

Við sátum með einum fulltrúa þýsku stofnunarinnar *Hungershilfe*. Stofnunin vinnur gott starf, eftir því sem hann sagði. Eitt af verkefnum hennar er að kaupa handavinnu og selja hana í Þýskalandi. Hugmyndin er ágæt og gengur allt vel. Þótt hann segði stofnunina borga ágætlega fyrir vöruna þá er hún ódýr miðað við þýskan standard og þeir verða að selja hana á eðlilegu verði. Ágóði af þessu varð svo mikill í fyrra að hann var hingað kominn til að koma honum svo fyrir að skatturinn næði ekki í hann. Hann flytur ágóða hingað með þeim hætti að gerast meðeigandi í heimilisiðnaðarfélagi enhverskonar sem stjórnar kerfinu hér í landi. Hann eignast 50% hlutafjárins og losnar þannig við skattgreiðslur! Hjálp eða?

Maðurinn spurði Jakob hvort ekki væri gott að stofna barnaheimili fyrir börn allra þeirra mæðra sem ættu bændur í kolanámum S-Afríku. Sagði að stefna Þjóðverja væri einmitt að setja fé í slíka hluti þróunarhjálp. Þetta hefði verið harðlega gagnrýnt því í fyrsta lagi þyrfti að hjálpa mæðrunum þannig að þær gætu hugsað sjálfar um börnin, en ekki rjúfa það erfiða samband sem fyrir hendi væri. Í öðru lagi sýndi reynslan að einungis þeir sem hefðu það best notuðu þessi heimili, fjölskyldur þar sem bæði hjónin ynnu úti. Það sýndi sig líka að allflest börnin kæmu í bílum; þetta er í sárátæku landi.

Í Angóla var það rætt í boðinu hjá Peter Barner Rasmussen -- að Svíar beittu þróunarhjálp sinni (SIDA) svo kunnáttusamlega (?) að þeir væru með hennar hjálp að ná undir sig meiri og stærri hlut í allri verslun á vesturströnd Afríku -- hafa dengt svo mikilli hjálp yfir, t.d. Gambíu, með tilheyrandi sænskri túristatráffíkk, að þar sé meiriháttar vandamál á ferðinni.

Að hugsa sér að allir þessir nítúu aðilar skuli starfa í svona litlu landi, með fáum embættismönnum og mjög illa menntaðri yfirstjórn. Sagt er að hér fari mikill hluti tíma embættismanna í kokkteilpartí og að 50% séu alkóhólistar.

Getur verið að hjálp við þetta fólk sé frekar til ógagns. Að minnsta kosti sýnist mér að fleiri gætu gert það sem RK er að gera hér í sunnanverðri Afríku að styrkja innra starf, gera félögin og deildirnar sjálfstæðar. En margt er eftir. Sérstakur kafli er -- gefendurnir. Þeir virðast hafa svo mikla þörf fyrir að losna við fé til nýtsamra mála að þeir hreinlega veifa framan í fátækt fólk gylliboðum sem engin félög nema hin styrkustu hafa orku til að neita. Árangur þessa S-Afríkuprógramms er sá að kenna félögunum að velja og hafna. En hitt sýnist mér ekki síður þörf á að kenna gefendum hvernig reka eigi góð RK-félög --

Við fórum í kvöld á ítalskan veitingastað -- Ég held að allir gestirnir hafi verið Norðurlandabúar eða Bandaríkjamenn -- og áttum við þá fróðlegt samtal --

Segir frá pólitík, uppreisnum og alls kyns umveltingi - kosningum - og ógildingu þeirra -- róttækur flokkur tók völd - hefur breyst í hægri sinnadan - lögreglustjórn - öllu stjórnað af gæðingum stjórnarinnar --

-- Þetta er ekki aldeilis eina dæmið í þeim löndum sem ég hef heimsótt nú. Hvergi má tala og gæðingum og nýsnumur troðið alls staðar að. Hér á hótelinu vinna t.d. við *resepsjónina* bara konur lögregluforingja og fylgjast með öllu sem fram fer og er sennilega hlerunarkerfi um allt. Hitt er svo aukaatriði að hótelið fer sennilega á hausinn því ekkert af þessu fólki kann neitt til neins og er því hótélreksturinn fyrir neðan allar hellur. -- Jakob segir flokkinn ekki eiga neitt fylgi og kveðja sveitafólks sé yfirleitt V með tveim fingrum yfir höfðinu, en það er merki stjórnarandstöðu. --

Eggert Ásg. skrifar Ólafi Mixa og Sigríði Dagbj. Maseru, Lesotho. 12.11.1979.

Segir formanni RKÍ af ferðinni og árangri hennar og hvaða hugsanlega áhrif þessi rannsókn á starfsemi landsfélaga geti haft innan alþjóðasamtakanna.

-- Að vera sendur til þessa verkefnis er eins og að koma í tilraunaháskóla þar sem nemendur eru látnir verða fyrir áhrifum úr öllum áttum, öll skilningarvit nýtt, þeim sett ströng tímatala, þeir eiga að læra alla vökutíma sína frí engin. Þeir geta ekki valið eða hafnað neinu af því sem fyrir augu ber eða þeir heyra, þeir eiga að vinna í hóp sem þeir geta ekki valið og þurfa að vera með 15 tíma á sólarhring. Jafnframt er reynt að koma í veg fyrir að þeir geti unnið sitt verk -- þeir eru tafðir; kaffærðir með kjaftæði; blekkir með misvísandi upplýsingum. Samtímis eiga þeir að framleiða skýrslu sem á að verða til leiðbeiningar hvernig alþjóðasamtökin sem valdi þá skuli starfa. Og til þess að skila af sér hafa þeir lítinn sem engan tíma, nema skera eilítið af svefntímanum.

En útlitið er alveg þrýðilegt. Það verður tilhlökkunarefni að koma heim og geta rætt um viðfangsefni framtíðarinnar eins og þau líta út eftir að hafa kynnst RK í heiminum frá sjónarmiði þróunarlandanna. Þar má sannarlega kippa ýmsu í liðinn. Árangur ýmissa landa hér hefur verið alveg stórkostlegur þegar haft er í huga að áætlunin hefur staðið aðeins í rúmt ár. Ýmis félaganna hafa virkilega tekið meiriháttar ákvarðanir. Þau eru að byggja yfir sig til að fá aðstöðu til neyðarvarna og þjálfunar. Þau eru öll komin með þróunaráætlanir, flest búin að ráða framkvæmdastjóra og verið er að undirbúa fræðslu og fjáröflunarstjóra og erindreka svo samband deilda og landsfélaga sé gott. Þá er verið að setja fjármálareglur. Prógrammið er mjög dynamískt þannig að út úr því kemur að auki fjölmargt sem getur verið til leiðbeiningar hinum þróuðu og kannski verður eins og alltaf, einmitt þau, sem mest hafa upp úr kraftsinu. --

Hegðun sumra landsfélaga gagnvart þiggjendum er stundum hneyksli. Ómerkt, útgengin og skaðleg lyf hlaðast upp hjá þessum veslings landsfélögum. Við skoðuðum í dag lyfjabirgðir sem eru einungis með áritun á japönsku og önnur á sænsku. Í Angola var allt fullt af undarlegum lyfjum frá Alsír --

Ég vona að allt gangi vel hjá RK, Kristínu og þér -- óska ykkur alls hins besta. --

Frá Maseru skrifaði ég líka bréf Auði Einarsdóttur, deildarstjóra í skrifstofu RKÍ, séra Sigurði H. Guðmundssyni og Birni Friðfinnssyni lögfræðingi, sem voru í stjórn RKÍ.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Maseru, Lesotho. 12.11.1979.

Lýsi fríkvöldi, góða veðrinu, sólarlaginu og fjöllum sem bera svip af útsýninu í Reykjavík, frá austanverðri Esju til Úlfarsfells. Skrifaði Óla Mixa og Bo Ákerrén. Líður vel nema hvað ég varð fyrir flóabiti. Segir frá skoðunarferð út fyrir bæinn á heilsugæslustöð og heilsuverndarstarfi. Allt var frumstætt en hreint. Mikil biðröð.

-- konurnar voru allar í skóm og börnin líka. Skýringin er sú að menn þeirra vinna flestir í námum S-Afríku, senda heim fé, þannig að þetta er eina alþýðufólkið sem hefur fé handa milli. Kjör í námunum hafa farið batnandi -- Hins vegar eru mestu vandræði með hvað mennirnir eyða fénu og sumir mannanna koma sjaldan eða aldrei heim aftur. Reynt er að varna slíku með því að binda í samninga áður en þeir fara að launin fari til kvennanna. En fjölskyldan hlýtur að vera skrítin þegar eiginmennirnir koma aðeins heim í stutt frí tvisvar á ári.

Þegar við komum aftur biðu blaða- og útvarpsmenn. Við áttum fundi með starfslíðinu, skoðuðum handiðnað o.fl. Þar mættum við Þjóverjanum, sem ég nefndi áður; var heldur glaðhlakkalegur á svipinn (*búinn að kaupa handiðnaðarfyrirtækið góða*) eins og hershöfðingi eftir innrás í Austurríki. --

Ósköp er þetta andlaust hjá mér. Mér væri nær að skrifa minna og sofa meira. --

Eggert Ásg. skrifar Sigríði Dagbj. Mbabane, Svasílandi. 14.11.1979.

Tveir dagar liðnir síðan ég skrifaði síðast. Svo margt hefur gerst að ég man það ekki allt nema með því að fletta upp í minnisbókum. En ekki dugir sú aðferð.

-- í gær hittum við starfslíð skrifstofu RK, fórum heim til forseta félagsins sem hefur fengið hjartaáfall, er annars hæstaréttadómari, ágætis maður. Einnig hittum við formann félagsins, ríkisbókara, sem var alveg augafullur í vinnunni, en var heima í málum S-Afríku eigi að síðar. Að lokum hittum við mr. Briggs, formann Maserudeildar félagsins og var það ógleymanleg heimsókn. Þarna var fulltrúi hverfandi hvítrar yfirstéttar höfuðborgarinnar og sem þrífst á gömlum minningum. Hann var mjög líkur Ragnheiði¹ í öllum sínum argúmentum.

Það er hálf pirrandi hvað maður hefur lítið tækifæri til að njóta lífsins, ég meina sólarinnar. Þótt veðrið sé afar gott á köflum, þótt regntíminn sé kominn, er aldrei tími til að setjast út í garð eða við sundlaug, maður er rekinn áfram, stundum af ástæðulitlu.

Um morguninn var flogið til Mansini frá Maseru. Himneskt veður en skall á með þrumuskúrum og eldingum. Ræddum við fólkið á skrifstofunni þegar hingað kom. Sendi bréf til stjórnarmanna RK -- Ekki var hægt að senda skeyti.

¹ Ragnheiður Guðmundsdóttir (1915-2012) læknir, formaður Reykjavíkudeildar RK lengi og í stjórn RKÍ.

15.11.1979 kl. 8.15.

-- Erik Möberg, fulltrúinn hérna, var að tala við mig. Hann er kominn með matareitrun. Í gær var hann með flensu. Hann hefur lengi verið utanlands og á sennilega eitthvað bágt með sig. Konan hans og börnin eru í Noregi og hann skvettir allduglega í sig með köflum, lenti m.a.s. í alvarlegu bíslysi fyrir nokkrum mánuðum, var fullur við stýrið, en Zach Nkosi var af hreinni tilviljun fyrstur á slystað og bjargaði honum til læknis og út úr vandræðunum, sem óhjákvæmilega hefðu orðið talsverð annars, en sem betur fer olli hann ekki slysi á neinum öðrum. --

Það er stöðugt fundað um áætlanir næsta árs. Mér er um og ó hversu mikil tilhneiging er til að bæta við umsaminn tíma, ég veit eiginlega ekki hvernig ég á að snúa mig út úr málinu. Mér finnst að ef manni er falið að vinna verk innan ákveðinna tímamarka og fellst á það, þá verði maður að gera það og haga vinnunni skv. því, jafnvel að vinna hana létt; verk geta aldrei orðið fullkomin. Ég berst harðri baráttu í þessu máli og veit ekki hvað verður, því taka verður tillit til margs.

Mér finnst þessir tveir síðustu dagar alveg óþolandi, mig er farið að langa svo heim. En ekkert er við því að gera, tvær nætur eftir. --

Eggert Ásg. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Mbabane, Svasílandi. 16.11.1979.

Síðasti dagurinn runninn upp, farinn að taka saman skjöl til að senda heim, rigning en gott veður. Í gær var nefndin á fundi með starfsliði, heimsóttum við nokkrar deildir, skoðuðum starfsemina, leikskóla, föndur fyrir berklasjúklinga, sölubúð¹ á spítala. Staðirnir voru Kwaluseni, Matsapha og Manzini. Fór síðan út í þjóðgarð 10 km. frá hótelinu, sá þar fallett land og margar dýrategundir.

Andreas, bílstjórinn er nýfarinn að vinna hjá RK. Hann var áður sjálfboðaliði, geðugur ungur maður. Bílstjórar eru mikilvægir hjá RK félögum, alls staðar þar sem ég hef komið. Ástæðan er sú að almenningur á ekki bifreiðir og því er nauðsynlegt fyrir RK félögin að eiga bíla til að flytja starfsmenn og aðra fram og aftur til funda.²

Andreas býr hjá foreldrum sínum, næstelstur margra systkina. Hætti í skóla til að safna sér fyrir skólagöngu í tækniskóla. Fær í kaup á mánuði um 100 *lilíagen* sem er sama að verðgildi og *SA-rand* eða um 600 kr. Hann sagði að því miður yrði lítið eftir, því hann þyrfti aðstoðar við að greiða fyrir skólagöngu yngri systkina og sjá um foreldra sína. Hann spurði mikið um íslenska siði í þeim efnum og sagði að ef hann stæði ekki við skyldur sínar í þeim efnum væri hann að brjóta lög. Hinsvegar drykki elsti bróðirinn, og sá næstelsti einnig. Við því væri ekkert að gera, en hart að geta ekki komist í skóla. Félagar hans hafa margir farið í námur S-Afríku. Mánaðarlaunin þar eru 120 rand og mikið áhyggjuefni stjórnar Svasílands að þau skuli ekki vera enn hærri en hér í landi. Vinnuskilyrði, segja menn, orðin nokkuð góð (á mælikvarða þeirra hér), vélar komnar í námurnar og erfiðisvinna varla til lengur. Þá fá námumenn ýmiskonar þjálfun, sem er eftirsótt. Hins vegar færir starfið þeim ekki hamingju, vegna þessa að útilokað er að hafa eiginkonur og börn hjá sér þar. Sennilega er það þess vegna sem ólöglegur innflutningur til S-Afríku er svo mikill.

Sjálfstæði landanna umhverfi S-Afríku er takamarkað. Botswana, Svasíland og Lesotho eru í tollasambandi við landið og fá af því miklar tekjur í ríkissjóð. Löndin hafa ekki aðgang að sjó og önnur landamæri flest lokað vegna pólitísks ástands þar. Þannig eru þau háð S-Afríku með margskonar hætti. Maður finnur návist landsins alls staðar. Ferðamenn þaðan sækja mjög inn í þessi lönd til fjárhættuspila, klámmynda o.fl. í þeim stíl. --

Í þessum löndum er talsvert af S-Afríkumönnum sem hafa neyðst til að flýja land. Þeir eru annaðhvort í banni eða giftir lituðum og geta því ekki búið saman löglega þar.

Hér dóminera S-Afrísk blöð og sjóvarpsstöðvar þannig að sjónarmið þeirra eru svo sannarlega vel þekkt. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Zürich. 18.11.1979.

Bíður flugs til Genf. Segir frá alls konar vandræðum með bréf til sín, sem aldrei virðast hafa náð honum og séu einhvers staðar á flækingi. Hvað um það, allt í góðu lagi.

-- Hér er ég kominn heilu og höldnu til Svisslands frá hinni svörtu Afríku. -- Finnst eins og ég sé kominn heim. Frost, ein gráða, andblær svalur og þægilegur. Mér finnst eins og ég mest af tímanum í ferðinni hafi verið eins og í síðum nærbuxum í boði hjá mömmu.

¹ Sölubúð, innan gæsalappa. Þetta skilja innvígðir. Sú fræga kvennadeild Rvíkudeildar var með slíka starfsemi og áleit það vera eina sanna RK-verkefnið, að safna fé til að gefa á augndeild Landakots. Áður nefnd Ragnheiður Guðmundsdóttir (1915-2012), stofnandi hennar, augnlæknir.

² Reyndar má segja að bíllin er hvílíkt *status sýmból* að hann er dýrkaður umfram hóf. Mótórhjól og vespur, eru oft fullnægjandi, en ekki má á það minnst!

Dagurinn í fyrradag var heldur en ekki annasamur. Við vorum að ganga frá skýrslunni um niðurstöður og kepptust vélritunarstúlkur við að skrifa hana jafnóðum og handrit var frágengið. Tókst að ljúka því öllu og var fundum okkar lokið kl. 21 í skrifstofu Zachs. Hann er forstjóri korn- og mjölfyrirtækis ríkisins og vinna þar um 300 manns. Við fórum svo á eftir í boð heim til hans og var þar mjög skemmtilegt og ánægjuleg stemning eftir *vellukkað?* verk. Hús og heimili er mjög ánægjulegt, dætur hans indælar og kona hans einnig.

Svo flugum við til Jóhannesarborgar, *Joburg*, eins og hún er kölluð syðra og eyddum við deginum, Zach og ég í dásamlegu veðri í dásamlega fallegru borg - þrátt fyrir allt. Voru tré í fullum blóma. Einkennistré í sunnanv. Afríku ber ljósfjólublá blóm. Vegurinn til Joburg frá Jan Smuts-flugstöðinni liggur um þessi líka fallegu trjágöng. Hef sjaldan séð neitt fallegra. -- en Joburg er skuggaleg borg þegar stjórnmálaástandið er haft í huga; því til viðbótar er kynþáttavandamálið, það er undarlegur ójöfnuður að sjá stórkostlegar byggingar, nýjar og glæsilegar í stíl við það fallelasta sem við sáum á sínum tíma í New York og Washington; og við hliðina á er veitingahús *for Europeans only*, þannig að við gátum ekki einu sinni fengið okkur kaffi, því öll hin veitingahúsin sem við sáum voru fyrir litáða. Innbærinn er alveg auður nema í kringum járnbrautarstöðina þar sem fjöldi litáðra var mikill og mannlífið skemmtilegt að skoða. Ég hef aldrei fyrr séð hundrað metra biðröð eftir strætisvagni eftir að komast til Soweto og fleiri *townships* af svipuðu tagi, en svo eru hinir svörtu bæir kallaðir. En svertingjarnir eru myndarlegir og miklu öðruvísi í framgöngu en í grannlöndunum.

Ég hef undanfarnar vikur eingöngu lesið S-Afríkudagblöðin og af þeim má ráða að ólga er talsvert vaxandi í landinu og virðist líða að því að skerist í odda --

Eggert Ásgeirss. skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. Zürich. 18.11.1979.

-- sannarlega einkennilegt að hafa verið heilan mánuð í sunnaverðri Afríku, rætt um málefni álfunnar, umgengist innfædda hlustað á mismunandi mikið ritskoðaðar útvarpsstöðvar. Yfir öllu gnæfir S-Afríka, með útvarpsstöðvar sínar, sjónvarp og margs konar blöð. Mér finnst eins og það sem ég hef upplifað ætti að vera þáttur í menntun og þroska sérhvers manns - nú á tímum - að skilja hugsunarhátt fólksins sem þar býr. Fátæktin er ótrúleg, ríkjaskipulag víða mjög veikt; sums staðar í hreinni og beinni afturför, svo sem í Angola. En hvernig má öðruvísi vera? Nýlenduveldin yfirgefa þessi lönd í sárnum, ef þau eru ekki rekin út úr löndunum, þá hafa sum farið með allt sitt hafurtask, jafnvel tekið símana með sér eins og de Gaulle gerði, þegar hann var þykkjuþungur.

-- Svo koma -- uppreisnarmennirnir, t.d. í Angola, vinstri sinnaðir eða kommúnistar, hvað sem það nú er? Áður en varir er komið einhverskonar einræði, að nafninu til alræði öreiganna, en þegar til kastanna kemur er grímulaust afturhald. Ástandið í Angóla var hreint hörmulegt. Húsin fara að hrynja eftir fjögurra ára sjálfstæði og viðhaldsleysi,

Sagt er að algengasta orsök ungbarnadauða í landinu sé að þau kafni á bókum mæðra sinna eða systkina í biðröðum (í sólinni), en biðraðir eru einkenni landsins. Verkefnið var alls ekki að kynna sér stjórnmál landanna, enda varð víða að varast það mjög og alls ekki tala um slíka hluti nema á gangi úti við eða í bílum. -- Maður kemst ekki hjá því að heyra margt en get ekki sagt frá því nema þeim sem ég treysti. -- Allt hefur verið hreinasta ævintýri. --

Segir frá verkefnum sem framundan eru.

-- Mér er sagt; ég trúi því nú, að verkefnið sem við félagar höfum með höndum sé nauðsynlegt og gott. Hingað til hefur að mér sýnst vera mikill hringlandaháttur í aðstoð við uppbyggingu landanna. Nú er ætlunin að gera það vel, um sinn, kenna fólkinu að stjórna sjálft og láta hlutina ganga skv. þess ákvörðunum, með eigin fólki. Hingað til hefur mér sýnst sem nýlendustefna hafi ráðið, eða vilji manna til að ráða þjóðunum sem lengst. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Robert Pierpont. Genf. 19.11.1979.

Pierpont hefur veikt hastarlega. Segi honum frá starfinu í matsnefndinni og að framundan sé að hitta Zyril Ritchie í London. Við munum ræða við Breska Rauða Krossinn um hvað samtökin ætli sér að gera í málum Zimbabwe.

Þá fékk ég skeyti frá Íslandi og var beðinn um að taka þátt í neyðarfundum vegna Kampútseu. Segi frá starfi matsnefndarinnar og meginverkefni í löndunum.

1980

Eggert Ásgeirss. skrifar Henrik Beer. Rvík, 17.1.1980.

Segi honum frá væntanlegum Norðurlandafundi Rauða krossins sem verði á Íslandi í ágúst. Hvet ég hann og fjölskyldu til að koma og segir hvað hann og félagar hans geti boðið upp á þeim til skemmtunar, einkum heimsókn til Grímseyjar, Seleyjar og Skríúds á Reyðarfirði og Fáskrúðsfirði, en H.B. hefur áhuga á fuglaskoðun. Einnig væri skíðaferð möguleg við tækifæri. Fjölskyldan geti búið hjá þeim Sirrí svo lengi sem þau vilji.¹

Eggert Ásgeirss. skrifar form. Independence Foundation, Jóhannesi Nordal. Rvík. 21.1.1980.

Hér voru tvö meðmælabréf að ræða um: Að þeir heiðvirðu hæfileikamenn, vinir mínir (!) í stjórn RKÍ, fengju styrk til kynnisferðar til Ameríku: Séra Sigurður H. Guðmundsson,² sóknarprestur og síðar forstjóri, og Björn Friðfinnsson³ síðar ráðuneytisstjóri o.fl.

Gud ske lov! Hvorugur fékk styrkinn.

Friede P. Briem skrifar Palla, Láru, Sirrí og Eggert. Rvík. 7.2.1980.

Með þessari dagsetningu hefur varðveist eitt bréf af fjölmörgum, til sona og tengdadætra. Finnst henni halla undan fæti og óvíst að sálarkraftar sínir endist. Biður hún okkur um að sjá til þess að ef hún lenti úti á þekju, dómgreindin skerðist, yrði henni komið á hæli eða sjúkraheimili. Aftur skrifaði hún 28.4. og bætti því við að hún vildi ekki láta framlengja banaleguna með læknisfræðilegri tækni.

Friede P. Briem skrifar Árna Geir Pálssyni. Rvík. 3.3.1980.

Skrifar Árna Geir til Akureyrar með fréttum, um leið og hún rifjar upp endurminningar frá fæðingarbae sínum, sem ekki voru margar, enda fluttist hún þaðan tæpra 4ra ára.

-- Mér finnst dálítið leiðinlegt að ég skuli ekki muna eftir mér þegar ég var þriggja ára og bjó á Akureyri, ég held að það hafi verið svo skemmtilegt. Þó finnst mér ég muna eftir því hvað ég var hrædd við hunda og gerði greinarmun á þeim sem smalahundum og bæjarhundum. En lengra nær minni mitt ekki.

Lára bauð okkur Dídí á Land og syni⁴-- Það var nú meiri fyrirhöfnin. Biðröð var fjórföld, náði alla leið niður á Grettisgötu. Þegar Lára kom að sækja mig var hún köld eftir rúmlega hálf tíma bið -- Og skemmtunin var sannarlega dýrðleg. Þetta var mynd sem átti við mig.

Rifjar upp ferðina á bílnum sínum í Eyjafjörð, til Dalvíkur og um Svarfaðardal í besta verðri. Segir frá ferðum þeirra Ásgeirs um Borgarfjörð og Suðurland austur í Hornafjörð, yfir allar óbrúðuð árnar.

-- nú rifjaðist þetta upp. Það er nærri ótrúlegt hvað myndin hefur tekist vel -- það er eins og maður sé þátttakandi í þessu öllu. -- verður nærri því ungur í annað sinn. -- Síðasta spölinn að Hlíðarenda var ég orðin svo þreytt um nótt að ég fékk svefngalsa og hló að öllu. Ferðin var búin næsta morgun og við tókum rútuna til Reykjavíkur.

Þessi ferð var farin árið 1930, Eggert var á fyrsta ári, en Hilda systir mín tók hann í fóstur fyrir okkur meðan við vorum í burtu. En þegar ég kom heim og hitti Eggert aftur þekkti ég hann varla, því hann var orðinn svo brúnn

¹Sennilega var það við þetta tækifæri sem þessi saga gerðist í Genf. Venjulega skrifaði ég H.B. á sænsku. Það mál skildu ritarnar hans ekki. Þeir sáu þó að Henrik skrifaði *guillemot*. Ritari hans vissi ekki hvað þetta var en grunaði að eitthvað hefði alvarlegt komið fyrir á eyjunni *Guillemot*. Barst það út uns Henrik mætti á staðinn og upplýsti að *guillemot* væri svartfugl, tegund sem hann langaði til að skoða á Íslandi, hefði áður aðeins séð eitt par á Fårö, eyjunni á Eystrasalti, þar sem leikstjórinn Ingmar Bergman bjó. Varð af þessu spé. Er Henrik átti stórafmæli ákváðu norræn RK-félög að gefa fuglaáhugamanninum kíkí. Fóru skeytasendingar milli landa uns niðurstaða fékkst. Starfsmenn RKÍ sáu skeyti um gjöf á *fågelkikare*. Þótti þeim það spaugilegt orð, sem benti til að sá sem forystu hafði um kaup á þessum *fuglakíkí*, kynni bara *prentsmiðjusænsku*. Kom Henrik Beer eitt sinni til Íslands og við fórum í Landmannalaugar og víðar, þar sem við reyndar lentum í hremmingum á slæmu vaði. Þegar úr þeim leystist stöðvuðum við ferðina seinna við þjóðveginn í Skaftartungum, þar sem Henrik kom auga á merkilega fuglategund. Svo lagði hann kíkinn frá sér og við keyrðum burt. Seinna kom missirinn í ljós. Ég hringdi á næsta bæ; bóndinn svipaðist eftir kíknum og fann. Þá varð Henrik hrifinn og dáði síðan skilvísí Íslendinga.

²Sigurður H. Guðmundsson (1941), prestur á Reyðarfirði og í Hafnarf. Forstjóri *umönnunarheimilisins* Eirar. Í stjórn RKÍ.

³Björn Friðfinnsson (1939-2012), gegndi mörgum háum embættum, umdeildur embættismaður, þá í stjórn RKÍ.

⁴Land og synir, kvikmynd frá 1979 eftir Ágúst Guðmundsson, byggð á sögu Indriða G. Þorsteinssonar.

af sól, sem skein allan tímann, og fann að þetta hefði verið stórkostleg skemmtun fyrir hann, því Hilda var flutt í Bergstaðastræti 76, en verið var að malbika götuna, svo Eggert þurfti enga pössun þar sem hann fylgdist með jarðabótum af alhug, enda búum við að þessu enn í dag. Þetta var um sumarið; við Ásgeir afi þinn fluttum ekki hingað fyrr en 1. des. og pabbi þinn fæddist hér í þessu húsi. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dabjartsd. Gaborone, Botswana. 23.3.1980.

Segir ferðasögu úr seinni ferðinni til sunnanverðrar Afríku; allt frá því um morguninn er hann vaknaði í Rvík, var í kulda í Khöfn, aðeins með léttan fatnað, flug með viðkomu í Nairobi; vaknaði í Jóhannesarborg, þvældist um, uns flugvél bar hann til G. Þá hittu hann félagana. Fyrsta daginn var frí og hann fór að skoða þjóðminjasafn, gekk um bæinn í steikjandi hita. Zack er ekki kominn en Cyril kom í gær.

-- Höfum verið á alveg hræðilega leiðinlegum fundi, sem var svo hræðilega stúfur að enginn þátttakenda þorði eiginlega að tala. Cyril er afskaplega hátíðlegur fundarstjóri og talar svo fínt og uppskrúfað mál að við, almúginn, við sem ekki höfum menntun úr háskólum Bretlands eigum fullt í fangi með að skilja hann --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dabjartsdóttur. Gaborone, Botswana. 23.3.1980.

-- Sólin skín á mig þar sem ég sit hér. Ég lagði mig í sólargeisla undir tré í fyrradag. En hvað haldið þið? Skyndilega varð ég var við að skugginn af trénu færðist í skakka átt, og sólin náttúrlega líka. Sem sagt - allt öfugt sunnan miðbaugs.

Í fyrrakvöld var okkur boðið heim til Stephen Davey, fulltrúa RK hjá Botswana RK, ásamt samstarfsfólkinu hér sem er á stjórnunarnámskeiði RK. Um kvöldið fór rafmangið af og allt í einu sá ég stjörnuþjartan himininn. Orion lágt á himninum í norðri. Raunar voru fleiri en ég hissa á að sömu stjörnunar væru sjáanlegar hér og hjá ykkur, en þegar hugsað er til þess að sólin skín á okkur og ykkur á þessu augnabliki eiga stjörnurnar auðvitað að sjást líka.

Slæ botninn í þetta, námskeiðið hefst eftir kortér. --

Eggert Ásg. skrifar Sigríður Dagbj. og börnum. Gaborone, 25.3.1980.

-- Það er eins og engar fréttir séu héðan. Klukkan er hálf eitt og ég sit úti í garði og skrifa ykkur. Hér er ró yfir öllu, einstaka hótalgestur situr hér á grasflötinni; svartir þjónar og garðyrkjumenn ganga á milli manna og blómabeða og sinna sínum störfum. Eftir hádegi fara húsmæður úr bænum að koma hingað til að sitja á laugarbakkanum meðan krakkarnir ærslast í lauginni. Milli runna skjótast smáeðlur og froskar.

Einn var meira að segja svo frá að hann kom á hótfganginn, framan við herbergið mitt, og tók ég hann í fóstur um klukkutíma. Fyrst ætlaði ég að hafa hann í vaskinum, en hann stökk alltaf út úr honum. Næst kom ég honum fyrir í baðkarinu. En þar leiddist honum svo óumræðilega mikið, hann varð aumingjalegur á svipinn og fullur af heimþrá. Ég sá að ég yrði að hafa hann hjá mér í herberginu. Sjálfsagt var svo óþægilegt fyrir hann að vera á gólfteppinu að hann bað mig hvort ég vildi ekki hleypa sér út. Ég hélt nú ekki, sagðist mundu gera hann að ferðafélaga mínum héðan í frá. Hann reis upp á afturfæturna og sagði: *Eggert minn! Á ég að trú því að maður sem vinnur hjá Rauda krossinum, býr á Bergstaðastrætinu, þekkir lífið jafn vel og þú gerir, geti hagað sér svona gagnvart fátækum og einmana froski frá Betsúanalandi. Dettur þér ekki í hug að ég eigi börn, eins og þú, konu, móður, tengdamóður? Ha?*

Mér þótti ræða frosksins svo einlæg að ég komst við og flýtti mér út með hann og lagði hann á alveg sérstaklega rakan og þægilegan stað.

Ég var í boði í gærkvöldi hjá Seretse Khama og lady Khama. Það er alltaf gaman að hitta þau hjónin!! Reyndar þekkti ég hann ekki fyrst þó mynd af honum hangi á öllum opinberum stöðum og sé á öllum peningaseðlum. Hann er einstaklega unglegur. Ég lék svolítið við barnabörnin þeirra og í morgun áttum við aftur fund með lady Khama. Svo ég er hér á „Bessastöðum“!? daglega.

Þannig er lífið allt í fundum á fundi ofan. --

Seretse Khama (1921-1980). Þar lá ég í því, hann var átta árum eldri en ég! Það þykir mér lítið, núna þegar ég skrifa þetta upp þrjátíu og þrem árum síðar. Lady Ruth Khama (1923-2002) var bresk, vann hjá tryggingafél. í London þegar þau hittust. Það var þetta blandaða hjónaband litaðs manns og breskrar konu, sem vakti andstöðu stjórna S-Afríku og Botswana. Þurfti hann að vera í útlegð í átta ár. Málið vakti heimsathygli. Var forseti 1960-80, og tók sonur þeirra við.

Eggert Ásg. skrifar Lóu Guðm. Vennerström. Maun, Botswana. 29.3.1980.

-- Þegar ég fór að heiman var þar allt í besta lagi. Heilsa mömmu, sem var hrakandi í fyrra, er komin í gott lag og hún hin ánægðasta með tilveruna. Sirrí er heldur ánægð með sína vinnu og krakkarnir dafna ágætlega. Ásgeir vantaði heldur kraft og áhuga fyrir nokkru. Hann er nú allur að kvikna og sérstaklega er ég ánægður með hvað samband hans við okkur Palla og systkinin orðið skemmtilegt. Dagur er með áhuga fyrir öllum hlutum hér á jörð, allur í ljósmyndun, framköllun og hefur geysilega áhuga á stjörnufræði; stundar myndlist ákaft. Auður vex hratt, er orðin há og myndarleg 11 ára stúlka, góður félagi mömmu.

Segir frá vinnu sinni og að hann hefði verið á fundi í Khöfn fyrir mánuði.

-- fór þá með félagi minn, Zacheus Nkosi frá Svasílandi, til Málmeyjar, Lundar og Helsingborgar. Honum þótti þetta stórkostlegur túr.¹ Hann hefur aldrei á ævi sinn áður séð snjó og ís og var stórhreifinn, þótt honum þyki frakkar óþægilegar flíkur í kulda, því það blási svo mikið milli hnappanna. Já, við fórum til Helsingborgar og vorum svo heppnir að heilmikil skæðadrífa kom meðan ég var að heimsækja Gunnu. Hún er flutt á *Börjalidens inackorderingshem* og líður þar, að mér sýnist, bærilega. Hún er svo slæm í mjöðmunum að hún verður að vera með göngugrind. En hún heldur andlegri heilsu og les einhver ósköp. Mér heyrðist hún hafa gott samband við syni sína. Ásta býr í gömlu íbúðinni --

Gunna virtist hafa mikið gaman af því að ég kæmi þessa stuttu stund. Hún spurði mikið um þig og þína fjölskyldu og gladdist mikið yfir hvernig þú hefðir það og þín fjölskylda og að allt gott væri af ykkur að fréttu. Ég var mikið feginn að ég skyldi líta til hennar. -- Þegar ég kom hafði hún hlakkað til í tvo daga, keypt ágætt kirsuberjavín til að gefa mér. Fyrir mig var þetta hin skemmtilegasta heimsókn og ég feginn að geta komið við hjá henni og sýnt samstarfsmanni svolítið af Svíþjóð í leiðinni.

Bærinn sem ég er hér í heitir Maun og er nyrst í landinu, úti við stór mýrasvæði eða *delta* þar sem er mikið villidýralíf, eitt hið mesta í Afríku nú. Því miður gafst ekki tími til að athuga það. -- Héðan förum við til Francistown, alllangt hér fyrir austan og hefur verið mjög hrjád af flóttafólki frá Zimbabwe, sem nú er að vísu komið heim til sín aftur, en Seretse Khama, forseti landsins, lét flytja þangað í staðinn pólitískt flóttafólk frá S-Afríku, en það þykir varasamt að hafa það nærri landamærunum í suðri.

Það var gaman að koma hingað þótt tíminn sé lítill til að sjá sig um. Í morgun fór ég þó í þriggja klst. ferð á *kanó* eftir lygnum ám, alsettum vatnaliljum, fullum af fiski og fugli.

Í kvöld fór ég í bíó hér nærri og var verið að sýna ágæta mynd með Peter Ustinof og Michael Caine. Bíóið var opið á allar hliðar, fuglakvak og flugnahljóð í kring og asnar rumdu á vitlausum stöðum. Svo flugu leðurblökur gegnum bíóið. Fólk var borinn matur og drykkir sem það gerði góð skil. Þegar það var búið með hann lét það diskana á gólfið. Þá komu hundar og átu afganginn og maður heyrði þá bryðja beinin undir stólunum. Allir skemmtu sér vel. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Bob Pierpont. Maun, Botswana. 29.3.1980.

Segi af ferðum mínum og viðfangsefnum og hve þýðingarmikið starfið hljóti að geta orðið fyrir Alþjóðasamband Rauða kross félaga. Einnig segir frá hvaða menn meðal vina B.P. hann hafði hitt og segir að líklegt sé að vinur hans George Weber, framkvæmdastjóri R.K. Kanada muni flytjast til Alþjóðasambandsins. Gerir sér vonir um að með honum komi eitthvað af baráttuhug Pierpont til Alþjóðasambandsins. Það varð líka, því Weber varð frkv.stj. Alþjóðasambands RK 1992-99. Var áður frkvstj. Kanadíska R.K.

Segir fréttir af börnunum, en B.P. var mikill vinur þeirra, barngott göfugmenni.

Eggert Ásgeirss. skrifar George Weber. Francistown, Botswana. 1.4.1980.

Skrifar samstarfsmanni og vini frá Kanada fréttir af starfinu og þakkar honum starf hans og framlag til ýmissa framfaramála. Sérstaklega er hann ánægður með afstöðu hans til þróunaráætlunarinnar sem unnið er að í sunnanverðri Afríku. Weber varð seinna aðalritari hjá Rauða krossinum.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Kristjáni Ingólfssyni. Rvík. 7.4.1980.

Af bréfinu kemur fram að form. TFÍ er fluttur til Noregs. Ræðir hún ýmsa hluti, ekki síst Ekofisk-slysið mikla þar og segir að vinur þeirra, Sigurjón Johannsson, blaðamaður, hafði verið mikið í fréttum v. málsins.

¹ Nkosi var sérstaklega hrifinn af heimsókninni í þá fornfrægu kirkju í Lundi, þar sem messa stóð yfir. Þótti honum merkilegt að skoða sálmaþókina með sálum eftir Marteín Luther, sem hann virtist þekkja úr sinni eigin sálmaþók.

Segir frá starfinu í TFÍ. Mikið hafi verið að gera við Fréttabréf TFÍ o.fl.

-- Það vill ykkur til happs að framkvæmdastjórinn ykkar er giftur framkvæmdastjóra sem er með annan fótinn í Afríku, og er því ekki sárt um frídaga sem þessa. --

Segir fréttir af félaginu og aðalfundi og að Helgi Magnússon sé form. Bréfið virðist skrifað til að ganga eftir 281 þús. kr. sem K.J. þarf að gera skil á sem allra fyrst og ekki síðar en á aðalfundi.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ernu Þorleifsdóttur. Rvík. 15.4.1980.

Segir fréttir af vindahópnum og saumaklúbbnum. Segir merkilegt hvað tíminn líði og hún sé að ljúka náminu. Segir frá vinnunni og Jóhanna Jórunn vinkona hennar sé líka í vinnu hjá svipuðum samtökum, félagi lögreglumanna, fyrst tvo daga í viku -- svo meira. Segist stefna að því að komast á sænskunámskeið í Luleå í Svíþjóð.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ernu Þorleifsd. Rvík. 28.5.1980.

-- Þakka bréfið -- Þær eru öfundsjúkar saumaklúbbssystur okkar, letingjarnir yfir bréfum okkar á milli. -- Held að það líði fljótt hjá. -- Öfunda þig af góða veðrinu. -- Hér var komið þetta fína veður -- Hjólin á Bergstaðastrætinu plöntuðu og byltu öllu hér í garðinum. -- svo kom ofsarok og þriggja stiga hiti -- plöntur í dauðateygjum --búin að afgreiða veðrið --

Vonar að henni hafi gengið vel í prófum. Við erum ægilega stoltar af þér -- Páll mágur hennar vinnur að útvegum húsnæðis í Osló.

-- Eggert er að fara á fund í maí og ætla ég að skella mér með. Við verðum með Auði sem er að fara í sumardvöl til Svíþjóðar til frændfólks Eggerts. -- Kannski eru þið laus eitt kvöldið. Þann 12. erum við boðin til frkvstj. norska R.K. og höldum svo til Svíþjóðar.

-- ég er fegin að komast í frí frá TFÍ. Það er alltaf að aukast vinnan. Nú fyrir aðalfund hef ég verið á fullu frá morgni til kvölds og ofan á allt bætist taxtahækkun. Eggert var sem betur fer búinn að búa til matinn í kvöld þegar ég kom heim, reyndar í gær líka. -- Ég var náttúrulega búin að hreiðra um mig í baðkarinu, þegar síminn hringdi og einn tannlæknirinn þar. --

Nú eru komnir gestir og ég klára bréfið þegar þeir fara. -- Jæja þá er ég laus við Pál og Árna Geir son hans. -- *Klokken er mange!* Held ég fari í háttinn. Vona að þér gangi vel í prófunum. --

Friede P. Briem skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 18.6.1980.

Auður fór með foreldrunum til Osló og þaðan til Torrskog í Dalslandi í Svíþjóð þar sem hún var í sumardvöl hjá Kerstin Wennerström, frænku sinni. Amma hennar hugsaði til hennar og var iðin við að skrifa henni, enda voru þær nákomnar. Segir fréttir úr húsinu, úr götunni og af sjálfri sér. Byrjaði á að segja frá því að Ásgeir og Dagur hefðu borðað með henni og nokkrum gömlum konum.

Þá segir hún frá skírnarveislu í Bergstaðastræti 76 þar sem séra Ólafur Skúlason skírði Þórhildi (seinna lögfræðing, eins og flestar í fjölskyldunni, (dóttur Sigurðar Línadal og Maríu).

Líka segir hún frá því að Páll og Lára séu að búa sig undir flutning til Oslo með börnin. Ásgeir var að vinna við Sogsvirkjun og hafði gleymt bæði bíllyklum og húslýklum þar, þannig að ekki nýttist bíllinn okkur þá helgi.

Segir forsetakosningarnar í hámarki og hún sjálf búin að kjósa, en vill ekki segja strax hvað hún kaus.¹

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertssyni. Khöfn. 18.6.1980.

-- Við pabbi þinn sitjum hér við morgunveraðarborðið og skrifum bréf og kort í allar átti. Hann var að skrifa Auði og þurfti að vanda skriftina til þess að hún gæti lesið hana. -- Í gær fórum við á Louisianasafnið í Humlebæk, rétt utan við Khöfn. Auk listaverkanna sem hanga þar uppi sáum við kínverska sýningu á stytum sem grafnar hafa verið upp á síðustu árum í Xian. Stórkostleg listaverk, alveg frá bronsöld og fram á 8 öld e.Kr. -- Gaman hefði verið að hafa þig með til að sjá þessa list.

Vona að vinnan gangi vel hjá þér og þú sért enn í Þingholtunum. Við ætlum að halda í sólina í fyrramálið og erum loksins farin að hlakka til. Við höfum, satt að segja, verið hálfhrædd við sólarlandaferðir. --

¹ Hún var sterklega grunuð um að hafa kosið Albert Guðmundsson.

Við hittum Ernu Þorleifsdóttur í Osló og buðum henni út að borða -- Pabbi þinn var á fundum og þá var Erna með okkur Auði í bænum. Svo var Sigga Jónatans og Daddi¹ stödd þar svo Sigga var með okkur líka. --

Eggert Ásg. skrifar Ásgeiri Eggertss. Lloret del Mar. Katalóníu, 20.6.1980.

Ásgeir var við störf hjá Landsvirkjun við Ljósafoss.

Eftir norrænan RK fund í Oslo fórum við Sirrí með Auði í sumardvöl hjá Kerstin Wennerström, frænku okkar. Eftir það fórum við til Kaupmannahafnar og fengum ódýran Spies-miða til Costa Del Sol. Ekki var sú dvöl skemmtileg en við stungum af úr ferðinni og fórum til Barcelona, sem var vel heppnað, og þá kynntumst við borginni þar sem Auður átti eftir að stofna sitt heimili.

-- Okkur var eindregið ráðið frá að fara til Barcelóna. En við keyptum miða þangað í gær og fórum þangað í morgun. Það var með sanni sagt vel ráðið. Borgin er alveg stórmerkileg og stór. Lýsing ömmu þinnar á henni var ósvikin. En svo hefur margt breyst - og sumt fundist sem þar var fyrir. Þá á ég við rómverskar leifar undir dómkirkjunni, hreint undraverk og ofan á þeim Vestgotamenning, svo Múrar og kirkjan. Við lifnuðum heldur en ekki við, mamma þín og ég, verðum mikið í Barcelóna það sem eftir er af fríinu. --

Ég sit hér niðri á götu við hótelið. Mamma þín hvílir sig eftir alla gönguna í dag. Eitt höfum við lært: sólarstrandaferðir eru *vonbrigðular!!* En við björguðum okkur á flóttu. --

Friede P. Briem skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 23.6.1980.

Sagði frá því að bræður hennar hefðu farið á popp-ónleika í Laugardalshöllinni. Þar var svo mikill hávaði að Dagur var með sön í eyrum fram eftir vikunni; reyndar hafði hann verið uppi á sviðinu við að taka myndir. Ásgeir er austur við Sög, en Dagur að vinna í Þingholtsstæti.² Gleðst yfir að Auður skuli vera ánægð og hafa kynnst frændfólkinu. Var að raka garðinn eftir að Dagur sló blettinn.

-- Þá komu hér tvær yngismeyjar, dætur Arnar Clausen, og nú langaði Jóhönnu Vigdís³ til að fréttu af flakkinu í þér. Sagði ég henni allt af léttu og hún bað um adressuna þína. -- Hún og systir hennar voru að bera út áróðursplagg til þess að ég myndi kjósa Vigdís Finnbogadóttur, enda er Guðrún⁴ mamma þeirra öll upp á það að við fáum konu í forsetaembættið. -- Jóhanna bað kærlega að heilsa þér. Ég vona að hún hafi einhvern tíma afgang til að skrifa þér. Það er alltaf skemmtilegra að fá bréf frá jafnöldrum sínum --

Ég vona að veðrið verði gott á morgun svo ég geti aðeins reynt að snyrta garðinn áður en mamma þín og pabbi koma -- Annars var ég að losa draslið úr kjallaranum hjá mér - ekki veitti nú af - svo Palli geti hrúgað bókakössum í hillurnar -- því nú eru þau að flytja til Noregs -- búin að leigja húsið --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 29.6.1980.

-- gott að vera kominn heim eftir velheppnað sumarfrí. Allt hefur gengið vel hjá ömmu þinni og strákunum. Þeir komu út á flugvöll í gær á nýbónuðum bílnum mínum. Við vorum mikið spennt að lesa bréfin þín, sem biðu eftir okkur og ég er búin að lesa aftur og dást að því hvað þú skrifar skemmtilega. Strákarnir eru ekki eins duglegir og þú við skriftirnar, reyndar mjög óduglegir, að vera ekki búnir að skrifa þér eitt einasta bréf. --

Þetta var einhver sú mest spennandi nótt sem Íslendingar hafa lifað. Eftir geysi jafna baráttu náði Vigdís yfirhöndinni og var kosin forseti Íslands. Fyrsta konan í heiminum sem er kosin forseti í lýðræðislegum kosningum. Við vöktum öll um nóttina, Dagur til þrjú, Ásgeir til fjögur og ég til fimm þegar var nokkurn veginn víst hvernig fara mundi. Pabbi þinn til loka. -- Við höfum notið þess að vera í frí í garðinum með ömmu þinni. Á morgun fer ég að vinna og pabbi þinn þarf að vinna í S-Afríkuprógramminu heima, alla þessa viku. --

Garðurinn er ansi illa farinn af trjálús og pabbi þinn er að úða núna. Síðan ætlum við að fara vestur á Aragötu, þar sem Vigdís á heima. Þar hefur safnast saman mikill hópur sem vill hylla hana og óska til hamingju. -- Við sendum henni skeyti, en eins og þú veist eru pabbi þinn og hún skólasystkini. --

Hugurinn er hjá þér hverja stund. --

Friede P. Briem skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 7.7.1980.

Segir frá hve rugluð hún var í húsinu á Nesinu. Er ánægð með að fréttu að Auður hafi stjórn á stelpunum, frænkum sínum.

¹ Sigríður Jónatansdóttir saumaklúbbsvinkona og Þórður Þorbjarnarson, seinna borgarverkfræðingur.

² Dagur Eggertsson var að vinna hjá Birni Traustasyni byggingameistara.

³ Þær voru Jóhanna Vigdís, leikkona, og Guðrún Sesselja hæstaréttarlögmaður; Arnardætur.

⁴ Guðrún Erlendsdóttir (1936), þá dósent við Háskóla Íslands og síðar hæstaréttardómari.

-- Það veitir ekki af að byrja fljótt, því kynntist ég þegar ég var ráðskona yfir Fríðu, á meðan Palli og Lára fóru til Noregs að útvega sér íbúð. -- Svo kunni ég ekki á hrærivélina og þekkti ekki að einhver hvítur skjöldur á veggnum væri vigt, hélt að þetta væri til prýðis í nýttísku húsum. Fríða var stórhneyksluð á hvað ég gat verið vitlaus; já þetta þorði hún að segja við hana gömlu ömmu sína. Ég var auðvitað alltaf að spyrja hana fyrst, en mér fannst hún vera orðin dálítið ánægð með sig þegar hún bar okkur saman. Þá fór ég að kanna húsið allt án þess að hún hefði hugmynd um, og loksins gat ég ratað á ýmsa hluti og þurfti ekki nema stundum að spyrja hana.

Það var gaman að vera þarna, þó að okkur kæmi stundum hálfilla saman, það gleymdist alltaf á milli. -- Síðan komu krakkarnir -- heim með mér, fengu þetta sígilda *coco-puffs* og á eftir fóru þau í búðarleik inni í skrifstofu sem er nú hálf tóm, þar sem ég er búin að selja stóru ritvélina og losa mig við mikið af pappír, eiginlega hætt að vinna. En þegar maður hættir að vinna verður maður svo latur að það er með ólíkindum.

En á meðan pabbi þinn og mamma voru í burtu var veðrið dásamlegt -- svo mér fannst nauðsynlegt að reyna að vökva garðinn. Sírenurnar eru að blómstra núna, svo mig langaði til að gefa þeim dálítinn skammt af vatni; en þegar gusurnar ganga sem hæst, rís þá ekki aumingja Krúsa upp, var í sólbaði, bullsveitt, lá á teppi, og gerði nú vart við sig, svo vatnsgusan frá mér gerði hana ekki rennblautu; varð mér mikið um þessi ósköp. En Krúsa tók þessu afar vel, sagðist hafa verið að sofna og það mætti hún ekki, þegar hún væri í sólbaði, sagði að þetta hefði ekkert verið og fyrirgaf mér á stundinni að mér skyldi ekki takast að gera hana að *vatnadís*. -- Síðan hef ég ekkert vökvað, sólin ekki boðið upp á sólböð.

Annars eru þau Bert að byggja ofan á húsið eða hluta af því - eins konar kastala, með tökkum í stíl við húsið, svo það sker sig úr hvað glæsileik snertir, eins og þú getur nærri. Vona ég að hún fái þarna góðan sólbaðsstað og þar verði engin hætta á vökvun, nema rétt aðeins þeirri sem kemur ofan úr skýjunum.

Segir frá lífinu í húsinu, heimkomu foreldranna og vinnu strákanna.

-- En þó verður eitt það allra besta sem skeður áður en langt um líður en þú veist auðvitað ekkert hvað er! --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 7.7.1980.

Segir fréttir af gönguferð og fuglalífi á Reykjanesi og á Krýsuvíkurbjarg.

-- við stoppuðum við Umferðarmiðstöðina á heimleiðinni og tíndum njóla og borðuðum lunda og njóla jafning í kvöldmat. -- Dagur er alltaf að vinna í Þingholtsstræti (*hjá Birni Traustasyni*) við sömu bygginguna. --

Hér voru að koma menn til að laga stíflu. Frárennslið hefur verið bilað og allt kemur upp um niðurfallið á kjallaragólfinu í vaskahúsinu. Pabbi þinn gróf stóra holu í garðinum og kom niður á brunn sem hann opnaði og þar var rör sem mennirnir geta reynt að opna og reynt að ná stíflunni. Við höfum varla þorað að fara á klósettið og toga niður.

Við vorum í veislu hjá Palla og Lára -- þar var hellingur af fólki. Átti þetta að vera kveðjupartí. Þau fara til Parísar að sækja *púsjó*-bíl sem þau eru búin að kaupa og fara svo til Osló. -- Vorum að fá nokkrar myndir frá Torrskog úr framköllun. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 8.7.1980.

-- Ég kom hingað upp í vinnuherbergið og sá afrit af bréfinu sem mamma þín sendi þér. Bara það að lesa bréf kemur mér í skap til að skrifa þér smávegis. Ég er líklega fæddur með þeim ósköpum að hafa gaman af að skrifa bréf. Mér finnst eins og ég sé aldrei í betri tengslum við mína nánustu en einmitt þegar ég sit og skrifa þeim. Kannski er það vegna þess að mér finnst gaman að tala, tala kannski of mikið, og er svo lélegur hlustandi, að ég er gjarn á að setjast við ritvélina og láta móðan mása. Kannski er ég með þessu að segja við þá sem ég skrifast á við: Ég þrái samband við þig, en á erfitt með að segja hvað mér þykir vænt um þig, þegar ég er hjá þér. Það getur verið margt sem veldur því að maður geri eitthvað, eða geri það ekki. --

Ég var úti í garði að laga jarðraskið eftir bilunina á frárennslinu -- Litlu strákarnir Hrólfur,¹ og hinn hvað hann nú heitir, þessi sem er hávaðasamastur og stappar ævinlega fótunum þegar hann talar og býr upp á lofti hjá Lovísu.² Þeir eru með stöðug læti þegar þeir eru saman; jafn dásamlegur og Hrólfur var þegar hann var að hjálpa mér að grafa á laugardaginn. Þeir skildu garðhrífuna eftir með tindana upp í loft. Ég spurði þá hvað þeir meintu, að vera að biðja svona um rigningu. Þá var svo dimmt yfir að ég bjóst við hellidembu á hverri mínútu. Þeir

¹ Hrólfur Einarsson (1974) er læknir, frændi Auðar og bjó skáhallt á móti okkur.

² Bergur Þór Þórðarson (1973) rafeindavirki. Sonarsonu Lovísu "á efri hæðinni" á Bergstaðastræti 71. Starfsmaður Orkufjarskipta. Hér eru komin *ellieinkennin*, að muna ekki nöfn og fara hring og enda með því 22 árum síðar að fletta upp á netinu!

hefðu sennilega talið mig göldróttan ef farið hefði eins og ég bjóst við. Ekki er enn farið að rigna og þeir sennilega að segja foreldrum sínum frá undarlegum manni með einkennilega trú og enga þekkingu á veðurfræði.

Hér í götunni er hljótt. Umferðin er lítil nema milli 4 og 6 á föstudögum, þá er eins og allt verði villt og galið. Fólkið þýtur heim úr vinnunum sínum, æðir í kjallara, á háaloft og út í bílskúra til að safna saman útilegugræjunum og þjóta út úr bænum sem blár logi stæði aftur úr þeim; ryk í vitum, raddböndum og matnum. Síðan hamast það í fjallgöngum, sólböðum, veiðum o.fl., o.fl. þar til á sunnudagskvöld að filman spilast aftur til baka. Svo kemur fólkið í vinnuna, úrillt og syfjað, veit hvorki í þennan heim né annan.

Þrátt fyrir alla gallana er þetta svoóóó skemmtilegt, að maður verður að gera þetta líka, sem allra fyrst. Það hlýtur að vera eitthvað bogið við óbreyttan Íslending á miðju sumri, hann hlýtur að vera gamalmenni eða eitthvað veikur.

Annars fór nú hugsunin svolítið út af sporinu þegar ég fór að segja hvað lítið væri að gerast í bænum, varð raunar hálfgerð vitleysa, en því má maður ekki bulla soldið við dóttur sína í útlöndum. Sannleikurinn er sá að börnin eru hér í hálfgerðu aðgerðarleysi, þau dreymir um að komast eitthvað um næstu helgi, þannig að vikan er svona eins og eyða milli allra ímynduðu skemmtilegheitanna.

Auður litla¹ átti að fara í sveit til Tryggva² frænda síns í Danmörku, en þar átti hún að passa börn. Þegar að því kom guggnaði hún og treysti sér ekki. Verður sennilega löng eftirsjá að þeirri ákvörðun. Hún er nú líka Auður LITLA. Það var mynd af henni í Þjóðviljanum á sunnudag. Loftur³ hafði fengið kirsuberjatré frá Danmörku og ætlar að rækta það í garðinum. Honum er ekki fisjað saman þeim manni.

Grannarnir Sigríður og Magnús,⁴ Sigríður og Hjalti Geir voru hrifin að heyra frá þér og samglöddust þér yfir lífsævintýrinu og báðu að heilsa. Erlendur⁵ er í sumarvinnu hjá Carlsbergbrugghúsunum í Danmörku í sumar. Enginn hafði veitt honum athygli þar. En þegar Vigga var orðinn forseti kom forstjórinn og heilsaði upp á hann.⁶ Maggi⁷ er í unglingavinnunni, hálf-leiður, að því er séð verður. Hann kom hingað og fékk lánaðar hjólbörur. Þar á að fara að endurnýja stéttina, komið nýtt teppi, sjónvarp og græjur. Hann sagði bara, loksins á að fara að gera eitthvað. Bergþór⁸ er hjá Ólíuversluninni á Kletti og Kolla⁹ að passa. Alltaf er það sama með þessar stelpur. Ef þær verða ekki forsetar eru þær að passa börn.

(Ekki veit ég hvað er að þessum pappír sem ég skrifa bréfið á til þín. Hann er allur götöttur. Þú getur þá veitt aborra með bréfunum eða einhver sænsk síli).

Jóhanna Vigdís¹⁰ fékk vinnu sem aðstoðarhjúkrunkona á Fæðingardeildinni og vinnur baki brotnu við að taka á móti börnum og finnst það mjög skemmtilegt. Hún er að hugsa um eitthvað í þá áttina og verða þá hvað? Datt þér í hug hjúkrunkona, eða ljósmóðir. Sigga sagði, því ekki lækni. Af hverju vilja konur alltaf taka við því starfi að verða undirmenn karla og vinna kvennastörf. Kristján¹¹ og konan hans eiga von á barni einhvern næstu daga, en Jóhanna er fúl út af því að það barn á að fæðast á Fæðingarheimilinu, sem er önnur stofnun.

Í næsta mánuði verður komið fyrir einhvers konar gerfitunglasímasambandi við Ísland frá útlöndum - og öfugt. Kannski hringjum við til þín um leið og stöðin verður opnuð. Merkilæg tímamót í sögu sambands Íslands við aðrar þjóðir, eða hvað? Bara nú karlinn í tunglinu verði ekki öfundsjúkur út af samkeppninni, hætti að brosa, vaði í skýjum með stöðugan rosabaug.

Jæja nú held ég að bullið sé aftur að fara með mig. Ég verð að taka mig á. Þú vilt alls ekki koma heim aftur ef þú heyrir svo mikið af þessari minni sterkustu hlið.

¹ Auður Loftsdóttir (1970), tékkneskufraeðingur o.fl.

² Tryggvi Ólafsson (1940), listmálari, sem lengi bjó í Danmörku. Föðurbroðir Auðar Loftsdóttur

³ Loftur Ólafsson (1942-2005) tannlæknir.

⁴ Sigríður Þórðardóttir (1927), Magnús Torfason (1922- 1993) hæstaréttardómari á Bergstaðastræti 73. Sigríður Erlendsdóttir (1930), sagnfræðingur, bekkjarsystir mín, Hjalti Geir Kristjánsson (1926) húsgagnaarkitekt o.fl. Þau bjuggu og búa á nr. 70.

⁵ Erlendur Hjaltason var sonur bekkjarsystur minnar, Sigríðar Erlendsdóttur. Erlendur (1957) er viðskiptafræðingur og rekur iðnfyrirtæki.

⁶ Vigdís í opinberri heimsókn. Man ekki betur en Sigríður hafi farið með henni sem *selskabsdama* og því hafi tengslin komið í ljós.

⁷ Magnús Magnússon (Torfasonar) 1965, viðskiptafræðingur. Var mikill fótboltamaður en nú kominn í gönguskíði og keppnismaður í þeirri grein.

⁸ Bergþór Magnússon (1962), lögfræðingur og yfirmaður í utanríkisráðuneytinu.

⁹ Kolfinna Magnúsdóttir (1964), viðskiptafræðingur og forstjóri í Noregi.

¹⁰ Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir (1962) sjónvarpsmaður.

¹¹ Kristján Hjaltason (1956) viðskiptafræðingur og fiskviðskiptamaður á Bretlandseyjum.

Þarna sérðu eins og ég sagði áðan, að ég kemst í svo gott skap við að tala við þig í þessu bréfi. Mér finnst eins og þú sért hér hjá mér, gætir komið á hverri stundu innan úr herberginu þínu og klappað á öxlina á mér. Þess vegna er bréfið orðið svona langt. Mér finnst ég ekki vilji missa þig frá mér.

En mikið verður gaman þegar þú kemur og við fáum að heyra um öll ævintýrin. Þá verður nú gaman fyrir þig að hitta *farsan, morsan, brorsan, tjejnana och grabbarna!* --

Eggert Ásgeirsson skrifar Kerstin Vennerström. Rvík. 8.7.1980.

Segir fréttir af fyrirhugaðri útilegu, fundum af ýmsu tagi hjá okkur báðum, Sirri og mér og að ég fari aftur til Afríku í haust. Þau standi í því að mála gluggana á húsinu o.fl.

Biður hana segja Auði frá því að vinkonur hennar, Ragnheiður og Jóhanna hafi verið að spyrja eftir henni, áttu von á að hún væri komin. Þær dauðöfunda hana af öllum ævintýrunum og skenskukunnáttunni. Síðan rætt um skipulag heimferðar Auðar.

Auður Eggertsdóttir skrifar Friede P. Briem. Torrskog? 8.7.1980.

-- Nú er ég búin að gera svo mikið að ég hef varla tölu yfir allt. Þegar pabbi og mamma hringdu fann ég að ég hafði gleymt 17. júní, en rétt á eftir fékk ég fánann, en þá var of seint að flagga, reyndar var hann alltof lítill, en enginn getur ásakað þig fyrir það, en nú er ég búin að fá annan mátulegan og stendur nú íslenski fáninn dag og nótt.

Um daginn fór ég í stórum bát, sem vinkona Kerstin á, og strákrum hennar. Komu þau bæði tvö og voru mjög skemmtileg, sigldum við til Bengtsfors. Kerstin kom keyrandi í bíl og síðan ætluðu þau að halda áfram og sigla til Stockholms. Svo keyrðum við til baka, en einu má ég ekki gleyma að segja þér að ég fór í skipastiga í fyrsta sinn á ævinni og þótti mér mjög gaman. En næstu nótt eftir þetta ævintýri fékk ég gubbapest, en gubbaði bara miklu meir en venjulega, en nú er ég búin að ná mér alveg og get farið að baða mig aftur í vatninu, því nú er komin bryggja langt út í vatnið og nú mjakar maður sér ekki smám saman í vatnið, heldur tekur sprett eftir endilangri bryggjunni og hoppar í. --

En nú er ég komin með heimþrá, en hún er samt ekki á háþrýstisvæði, enn fæ ég tár í augun þegar ég skrifa þetta bréf, og get vel grátið, sérstaklega þegar ég hugsa heim til ömmu gömlu og til pabba og mömmu. En nú verð ég hreint og beint að slá botn í þetta bréf og vona að sé ekki svo leiðinlegt að þú hendir því, og ennþá síður brenni það. Bið að heilsa í húsinu og vinkonunum ef þú sérð þær. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Henrik Beer.¹ Rvík. 11.7.1980.

Þetta er persónulegt bréf, skýrsla um starfið í matsnefnd, um starf R.K. í sunnanverðri Afríku og persónuleg afstaða mín til þess að höfðu samráði við stjórn RKÍ sem samþykkt hafði framlag mitt til verksins. Ég hef ekki öll bréf um þetta efni undir höndum, en þau eru vonandi í bréfasafni RKÍ. Gengið var út frá jafnri þátttöku nefndarmannanna þriggja. Fljótt kom í ljós að launaður leiðtogi nefndarinnar hefur starfað mun meira en hinir nefndarmennirnir hafa séð sér fært. Sjálfur mun ég hafa verið valinn þar sem RKÍ hefur gengið á skömmum tíma gegnum öll þróunarstig RK-félags. Síðan segi ég frá starfi nefndarinnar, ber lof á Nkosi, gagnrýni starf Ritchie, sem er gáfaður hæfileikamaður, en lítt sveigjanlegur. Hann undirbýr verkáætlanir ekki vel, vinnur á síðustu stundu þannig að ógerlegt er fyrir samstarfsmenn hans að koma sínum sjónarmiðum að. Niðurlag bréfsins er þetta:

-- The present evaluation has in the past produced an unforeseen experience. It puts me in an awkward position. My mandate is from you and I am supposed to represent a number of national societies participating in the Southern African Programme. In the course of time I have developed a feeling of loyalty towards the SAP and my fellow team members. Especially I feel committed to the development of evaluation within the Red Cross. My obligations have increased timewise, so much so, that I am now in a difficult position. I am being brought into a crossfire over the evaluation and have agreed to a certain degree with the *hostile elements*. At first I decided to live with this problem and let my services to the League fade out with my term. Then I decided to give you this personal report in order that you may take my experience into account when deciding on the future of the evaluation.

You can rest assured that I support your decision. My services are of course available in the future, as they have been in the past. I consider it wise to let the term of the present team expire before any future decision is taken on the composition of the next team. --

¹ Henrik Beer, framkvæmdastjóri Alþjóðasambands Rauða kross félaga.

Finally, I want to inform you, that this letter has been discussed in the Executive Council of the Icelandic Red Cross. The Committee has assured me of its support for you in your handling of this matter. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 14.7.1980.

Segir rækilega frá útileguferðalagi sem fjölskyldan fór í, þegar Ásgeir var kominn frá vinnu sinni við Sog, til að skoða Surtshelli. og Stefánshelli, sem við reyndar fundum ekki þótt pabbi hennar hefði gumað mjög af honum,

-- skemmtilegasta helli sem hann hefði komið í, falletur og auðveldur skoðunar. -- Í Surtshelli kemur maður að heljarstöru opi, þar er mikill grjótruðningur sem maður klöngrast niður, en á þessum tíma er snjór ekki horfinn og var svell langar leiðir inn eftir hellinum, og svo hált að við urðum að snúa við, draup úr loftinu og urðum rennblaut. -- ég held að allir hafi orðið þeirri stund fegnastir þegar við komum út undir bert loft. -- Héldum áfram að leita að Stefánshelli fundum ekki -- fórum í tjaldstað - stríddum pabba ykkar og sögðum að hann hefði áreiðanlega aldrei séð þennan helli -- þetta væri bara mont. -- Sváfum við vel í tjaldinu og enginn útilegumaður kom í heimsókn. --

Segir áþekka gamansögu, á minn kostnað, þegar við ætluðum að fara í Víðgelmi, sem bæði var þröngur og erfíður, en tókst svo að finna aðalopið, sem Eggert hafði lýst fagurlega, þar var stór tjörn sem við komumst ekki yfir og gáfumst við þar upp, eftir talverðar háðsglósur sem beindust að Eggert.

-- Hvað heldurðu að ég hafi séð í ganginum niðri. Bréf frá Svíþjóð til Frú Friede P. Briem. Við vorum heldur en ekki spenntar, og amma þín las upphátt þetta líka skemmtilega bréfið. Svo er ég búin að hringja í pabba þinn og lesa bréfið líka fyrir hann. Ég veit að hann fer beint í kaffistofuna og segir fólkinu fréttir af þér og montar sig yfir dóttur sinni í Svíþjóð. -- Líði þér sem best. --

Friede P. Briem skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík, 18.7.1980.

-- það var eins og þú værir allt í einu komin og sætir við hliðina á mér. En þegar ég leit í kringum mig varstu hvergi nærri, en þetta var dásamleg uppbót.

Palli er alltaf að bjóða mér ýmislegt, svo vel geti farið um mig, rúm, stóla, og það sem best er og ég þigg með þökkum eru hljómf lutningtæki. En af því að ég kann ekkert á þessháttar nýtískutækni, hlakka ég til að biðja þig um að hjálpa mér, því ég veit að þú kannt miklu fleira en að baka brauð og alls konar kökur --

Pabbi þinn og mamma eru úti í garði, pabbi þinn er að slá og mamma þín að klippa kanta. Nú eru Ásgeir og Dagur báðir heima, því það er föstudagskvöld --

Ég er stundum úti í garði -- og þá er alltaf fullt af fólki sem gjarna vill tala við mig og það þykir mér mjög skemmtilegt. Um daginn kom Gyða¹ til þess að bjóða mér að sjá dýrgripina hans Lárusar bróður hennar, sem hann hefur safnað frá því að hann var ungur; en nú er hann á spítala. Þótti mér það virkilega áhugavert að sjá allar þessar rússnesku dýrtingamyndir, sumar svipaðar þeim er Palli og Lára eiga, dýrgripir sem nú er bannað að flytja úr landi --

Segir frá því að vinkonur Auðar hafi komið inn í garðinn og spurst fyrir um hana, þótti hún ótrúlega lengi burtu og sögðust ætla að skrifa henni.

-- Ég hlakka svo til þegar þú ferð að rifja upp allt frá Svíþjóðardvölinni, allt er svo skemmtilegt eftir á. Að minnsta kosti fannst mér það þegar ég hafði verið í sveitadvöl austur í Odda, en þar leiddist mér alveg ósegjanlega mikið, enda var ég hrædd með kýrnar sem voru með horn, hundana sem glefsuðu í mann og hestana sem voru svo hræðilega styggir, en mér þótti gaman að folöldunum, kálfunum og hvolpunum. En drottinn minn, þegar þetta fór allt að stækka, þá var allur kjarkur á bak og burt. --

Henrik Beer skrifar Eggert Ásgeirssyni. Genf. 25.7.1980.

Svarar einkabréfi frá 11.7. Segir að tækifæri sé til að ræða málið þegar þeir hittist í ágúst. Hann og tveir trúnaðarvinir séu hrifnir af einlægni bréfsins og snjallri skoðun hans á verkefninu. Vonar að EÁ muni halda áfram. Þeir eru líka sammála um að varast beri að láta verkefnið vaxa fjárhagslega, hvað varðar tímaramma og ráðsmennsku formanns sem þeir segjast munu taka upp við hann. Eru sammála mér að láta verkefnið ekki vaxa í höndum nefndarinnar að því er varðar fjármál og verkefni, svo sem ég hafi nefnt. Þeir viðurkenna að hafa látið hjá líða að skipta sér af starfi nefndarinnar eftir móttöku fyrstu skýrslu hennar. Þökk fyrir athugasemdir um að með því að auka umfang matsins truflist starf SAP verkefnisins.

¹ Gyða Ingólfssdóttir.

Viðurkennt er að erfitt sé fyrir bæði mig og Nkosi að leggja fram aukið starf á kostnað annarra starfa. Leggur áherslu á að Nkosi beri fullt traust til mín og þakki fyrir framlag mitt. Matsstarfið sé mikilvægur og sjálfstæður þáttur bæði í hjálpar og þróunarstarfi.

Að lokum fer hann og samstarfsmenn eftir frekari umræður um það fram á að ég taki áfram þátt í starfinu.

Eggert Ásgeirsson skrifar Kerstin Vennerström. Rvík. 10.8.1980.

Segir frá afmælisdegi Auðar. Beðið er eftir afmælisgestunum sem koma kl. 6. Þakkar hjartanlega gestrisni hennar og sem hefur valdið því að nú er Auður orðin enn fjörugri ung stúlka en nokkru sinni fyrr. Segir frá heimsókn vina þeirra og samstarfsfólks, Nils Gussing, konu hans Surya, indverska frá Ethiópíu og börn þeirra frá Genf. Allir gestirnir með sínum erlendu tungumálum hafa reynst mikil hlunnindi til þroska og skemmtunar. Íbúðin er full, eldhúsið lyktar af framandi matrétum og af ferðum með þeim á nýja og merkilega staði.

Svólítið er tómlegt hér eftir að Palli flutti með fjölskylduna til Noregs. Einkum fyrir mömmu þeirra; hitt vegur þyngra að mikilvægt er fyrir hann að komast lengra áleiðis í sérgrein sinni.

Svo förum við Sirrí norður í land og eftir það læt ég mig hverfa til Afríku. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríður Dagbjartsd. Lusaka, Zambíu. 30.8.1980.

-- Enn einu sinni er ég sestur niður til að skrifa ykkur og skemmta mér. Ég kom hingað í morgun eftir flug frá London.

31.8. Ég var svo þreyttur þegar ég var byrjaður að skrifa að ég gafst upp og fór í rúmið. --

Fyrsti maðurinn sem ég hitti þegar ég kom í biðsal flugvallarins í London var Hollendingurinn Van Kleef, gamall kunningi. Þegar ég fór út í vélina kallaði Brian Hodgson (*frkvstj. Breska Rauða krossins*) í mig og spurði um Sirrí: *How is your -- wife?* og bað að heilsa.

Þótt við værum í langri og breiðri þotu vildi svo til að við Van Kleef, höfðum sæti saman og mikið skemmtilegt. (*Hann hefur verið hér undanfarna mánuði*) og finnst landið og íbúarnir, þeir svörtu, alveg dásamlegir og allt friðsamlegt og í engu samræmi við heimsfréttir (fremur en venja er) sem alltaf virðast á eftir stórfréttum. Svo var dregið fyrir gluggana og allir fóru að sofa nema flugmaðurinn, held ég. --

Í dag hefur fólk verið að safnast hér saman, heilmiklir fundir, en í fyrramálið byrjar aðal vinnan. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Lusaka, Zambia. 2.9.1980.

-- við höfum verið að drukkna í heimsóknum útlendinga til landsins og tilheyrandi ferðalögum og heimboðum. En við höfum verið heppin með gesti. Hafa heimsóknirnar verið sérlega vel heppnaðar í augum krakkanna. Nú hefur sú breyting orðið á eftir að Auður var í Torrskog að hún og þau öll geta talað við gesti, hvort heldur er á norðurlandamálum eða ensku, svona nokkurn veginn. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Lusaka, Zambíu. 3.9.1980.

-- Það er eins og hálf bjánalegt að vera að skrifa ykkur með landpóstum rétt eftir að ég er búinn að senda telex heim og fyrir tveim mínútum að fá kveðjur til baka. Ég er hálf villtur á ritvélina hans Dags, eftir að hafa skrifað á telexið án íslenskra bókstafa. --

Er gaman að vera hér með öllu því fólki sem ég er farinn að þekkja vel. Fundir matsnefndarinnar eru ekki eins skemmtilegir, en bærilegir, enda á ég mikinn stuðning allra hér.

Anders Wijkman¹ stendur sig aðdáunarlega, sannarlega glæsilegur fulltrúi, opinskár, mér sýnist allir ánægðir með hann.

Hans Höegh² og hann höfðu óskaplega gaman af að fara á Hótel Sögu; höfðu aldrei á æfi sinni séð aðra eins Klondyke-stemningu. Þeir voru ekki hissa á því þó Ásgeiri hefði þótt þeir fjörugir. --

¹ Anders Wijkman (1944), var nýorðinn framkvæmdastj. sænska RK og var það í 10 ár. Hann fór síðan út í stjórnsmál, sat á þingi og á Evrópuþingi. Má segja að hann hafi flakkað milli flokka, en það er vegna þess að hann er fyrst og fremst náttúruverndarmaður, styður ekki flokka nema eindregna á því sviði, m.a. vegna velferðar þróunarlandanna. Hann er forseti Rómaklúbbsins og áhrifamikill í alþjóðlegum umhverfismálum.

² Hans Höegh (1926-2010) var Íslandsvinur og Rauða kross maður. Hann var formaður Norska Rauða krossins og síðar framkvæmdastjóri Alþjóðasambands Rauða kross félaga.

Ég var í gærkvöldi í matarboði, stóru og opinberu hér í hótelinu -- Þá kemur til mín maður sem spyr feiminn hvort nokkur Íslendingur sé í þessu boði. Skrýtið að hann skyldi hitta á mig. Þetta var Bjarni Jóhannesson¹ sem er flugstjóri hjá British Caledonian, sonur Bjarnveigar Bjarnadóttur² og bróðir Lofts Jóhannessonar flugstjóra.³ Við höfum reynt að ná hvor til annars í dag en ekki tekist. Hann langar einhver ósköp að hitta mig, sem vonlegt er, enda hefur hann ekki talað íslensku lengi. Hann bauð mér í kokkteilpartí hér á sjöundu hæð með áhöfnum hér stöddum og einhverjum tóbaksbændum frá Ródesíu -- Mig grunar að tóbaksbændurnir hafi verið Brian Hodgson og Evelyn Shockburn því þeir birtust í hópi ungra og misfallegra flugfreyja -- en ég afþakkaði. Eitthvað er það nú *duló*. --

Friede P. Briem skrifar Fjólu Haraldsdóttur. Rvík, 5.9.1980.

-- Nú sendi ég þér tregablandna ástarvísu sem varð til inni á Hótel Vík, þegar þú birtist þar með ungum manni fyrir mörgum árum. Skáldin tvö sem þar voru fyrir voru Guðmundur Sigurðsson og Steinn Steinarr. Hér kemur þetta dásamlega erindi, sem snertir alla þá sem unnað hafa og einnig misst.

*Margt er það sem milli ber.
Aldrei má ég unna þér
álfakroppurinn mjói. --*

Friede P. Briem skrifar Lóu Vennerström. Rvík, 12.9.1980.

Segir fréttir af Eggert í Afríku; Palli og fjölskylda komin til Osló og börnin í skóla þar. Ekki þurfi hún að kvarta með fjölskylduna í húsinu, sem kaupir öll blöðin, sem hún les með áfergju, um peningamál, verðbólgu og pólitískt ósamlyndi. Þó virðist öllum líða vel; eru skemmti- og matstaðir sóttir. Segir hún frá því hvað Auður var ánægð í Torrskog þá um sumarið og rifjar upp allt sem þar gerðist...

Helgi bróðir hennar heldur upp á 400 ára samanlagt afmæli þeirra systkinanna.

-- Nú er ég hætt að vinna, en þó eru einstaka sérvitringar sem alltaf koma og biðja mig að gera eitthvað smávegis fyrir þá, og það geri ég með gleði, ef ég ræð við það og þarf ekki að flýta mér.

-- Sumarið hjá okkur hefur verið óvenjulega sólríkt og hlýtt, allt vaxið vel, kartöfluuppskera margföld og nú eiga bændurnir svo mikið hey að þeir geta selt það úr landi, enda verða þeir að minnka búin og fækka kúnum og líka fénu. Hugsaðu þér hvað þetta er allt breytilegt. Þegar við vorum lítil fékk maður aldrei mjólk að drekka, alltaf mjólkurskortur og þurfti fólk að berjast til þess að ná í dreytil. Auðvitað fékk maður mjólkurmat, en ekkert mjólkurþamb.

Nú, *rifja ég upp*, -- eins og Gauja í Ráðagerði. -- Annars eru ótrúlega margir sem koma í Ráðagerði, enda á Gauja alltaf eitthvert góðgæti -- Víngeymslan er gamla klukkan sem stendur þar í stofunni; þegar hún vippar sér yfir gólfið og kemur með flösku til baka, þá sópar nú að henni og hýrnar yfir gestunum. Sannarlega gaman að vera orðinn gamall og hafa kynnst svona persónu. Ég held að hægt sé að segja að hún sé sérkennilegasta sögupersóna, sem á sér engan líka. Alls staðar eru breytingar í kringum hana, einbýlishús og þó nokkur atvinnurekstur í sambandi við fisk; eins er þarna prentsmiðja. Túnið kringum Ráðagerði er eins og það hefur alltaf verið, gamla húsið með sama svipmóti og áður, og enn stendur gamla fjósið á sínum stað, þó engar séu kúr eða skepnur, en skýlir fyrir norðanvindinum. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Addis Ababa, Ethiopiu. 14.9.1980.

-- Ég er í svo ágætu skapi að mér fannst ég þurfa að skrifa -- Hálf-asnalegt að skrifa heim þegar ég er á leiðinni þangað. Ég skrifa gjarna kunningjum þegar ég er á veraldarrápi. Kannski aldrei þess á milli. Er ég þá ekki að monta mig eða að reyna að ganga fram af fólki? Sé sú niðurstaðan, þá ert þú sá eini, sem eftir er og ég get skrifað --

Klukkan er 21.30. Ég var að koma úr afmælisboði læknis frá Karl Marx Stadt í A-Þýskal. sem starfar á vegum RK. Við fórum mörg saman á kínverskan veitingastað og höfðum það skemmtilegt. Hér er í gangi talsvert hjálparstarf á vegum RK, bæði vegna ægilegra og versnandi þurrka og flóttamanna frá grannlöndum og afleiðandi landamæraskæra.

¹ Bjarni M. Jóhannesson (1939).

² Bjarnveig Bjarnadóttir (1905-93) myndlistarfrömuður, forstöðumaður Ásgrímssafns.

³ Loftur Jóhannesson (1930), báðir bræðurnir búsettir erlendis.

⁴ Fjóla Haraldsdóttir (1913-2004), heimilivinkona sem hafði unnið með Þórdísi Briem í Bókabúð Eggerts P. Briem. Síðast dildarstj. í heilbrigðisráðuneyti. Eiginm. hennar var Guðmundur Sigurðsson, sem mun hafa átt hlut að vísunni.

Ég kom í morgun frá Dar es Salaam þar sem ég hafði mikið skemmtilega viku. Fór m.a. norður að Viktoríuvatni til Mwanza, ferðaðist um sveitirnar í kring. Þar var mikið sungið og dansað. Fólkið var óskaplega glatt og fjörugt, þrátt fyrir harðsvírað pólitískt kerfi í landinu. Það bar okkur á höndum sér, gaf okkur heimilisiðnað að skilnaði, þannig að við vorum í vandræðum með að þurfa að þiggja það. Gaman er að koma út á meðal fólksins, sem er meðvitað um fátækt sína og erfiðleika. Það er náð fyrir það að fá að stofna til RK-starfs og læra svoltið um hvernig beri að verjast sjúkdómum og stofna til lækningastöðva. Það bæði byggir og starfrækir, án neinnar annarrar aðstoðar en skipulagshjálpar. Má margt um þetta segja. Skrítið er að ganga innan um börnin sem aldrei hafa séð hvítan mann. Ég sýndi þeim hendur mínar, sérstaklega lófana, augun og hárið. Undrunin lýsti sér í andlitunum.

Allir eru sífellt að heilsa með handabandi. Ef maður vill leggja áherslu á eitthvað, þá tekur maður í hönd þess sem maður talar við. Ef eitthvað vekur hlátur, þá takast menn í hendur og það á sérstakan hátt. --

Á leiðinni frá D.e.S. var lent í borginni Kilimanjaró, flogið yfir fjallið í stórkostlegu skyggni í morgun. Þótt hér sé allt sagt þurrt, var landið iðjagrænt, en þurrara en gerist. Hér er allt skreytt ungerskum og rússneskum fánum, því uppreisnardagurinn var í gær. --

Nú fer ég til Genf, verð á fundum þar á miðvikud., fer heim á föstudagskvöld. Vona að allt sé í lagi þar og hjá þér. --¹

Eggert Ásgeirss. skrifar Jóhannesi Ólafssyni. Lusaka, Zambíu. 3.9.1980.

Kæri Jóhannes.² Eiginlega er einkennilegt að vera hér í landi, vita af bekkjarbróður í *grennd!* Ég reyndi að hringja til þín, en var sagt að símalínan væri biluð. Ég sat svo á tali í kvöld við kollega þinn dr. Kelemu sem er framkvæmdastjóri RK Eþíópíu og sagði honum frá því hvar þú byggir. Hann sagði mér að hjálparlið sem er að fara úr borginni á morgun muni stansa á hótelinu hinu næsta við sjúkrahúsið þar sem þú starfar. Svo þess vegna fara þessar línur af stað. Ég var líka að segja þeim frá því að Konsó stöðin væri ekki langt frá hjálparstöðvum RK í Yabello; raunar er Jinla og Mega talsvert langt frá.

Ég vona að þessar línur sæki þig vel heim og þína konu. --

Segir frá ástæðum ferðalaga sinna og verkefnum.

-- Þar sem hér er nokkurt hjálparstarf RK og ef til vill meira í uppsiglingu þá ákvað ég að drepa hér niður tál á leiðinni heim og sjá hvort það geti aukið afrakstur fjársöfnunar sem er að fara í gang heima vegna A-Afríku. Ætlunin er að fara af stað heim í fyrramálið, þ.e. ef ég kemst úr landi. Passinn minn er einhvers staðar í geymslu. Sumir svartsýnir á að ég komist heim á tilsettum tíma vegna skriffinnskuveldis, eins og Óli Hans³ kallaði það einhver tíma.

Þessar línur eru ekki nema til að minna á tilvist mína í þessu fyrrverandi keisaradæmi og til að óska þér velfarnaðar. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Láru Ingólfsd. Rvík. 3.10.1980.

-- Maður dauðöfundar ykkur að vera svona þrælballanseruð -- Hér er allt í sama stressinu, mikið að gera í vinnunni, matarstúss og börnin í skólanum. Eggert er á fartinni til og frá Afríku og guð má vita hvert. Og áttæðisafmæli á næstunni. Verðandi afmælisbarn er reyndar afslappaðasta og kraftmesta *mannsveskjan* í húsinu og þó víðar væri leitað fanga. Hún gerir allt sjálf og áreiðanlega verður þetta flottasta og skemmtilegasta áttæðisafmæli, sem haldið hefur verið eða verður haldið Það er gaman að eldast svona vel.

¹ Reynolds saga. Utan þróunarstofnunar í Addis var *bílakirkjugarður*. Þannig stóð á. Hjálparsamtök eru gjarnan spennit fyrir að gefa bíla. Auðvitað byggist það á því að móttakendur eru líka óðir í bíla. Tillögu um t.d. tvo ódýra bíla, eða að starfsmenn noti mótorhjól, var illa tekið. Bílaumboð bjóða góða kosti, jafnvel er hægt að kría út ókeypis flutning. Þetta leiddi til þess að fjöldi tegunda safnast fyrir án þess að varahlutir eða kunnátta í viðhaldi sé fyrir hendi. Þannig var þessi bílakirkjugarður til kominn. Þeir sem gefa hugsa um sjálfa sig. Einn söfnunaraðili, sem ég kannast við; ekki alinn upp langt frá mér; stóð fyrir frægri söfnun. Nú skyldi gefa sjúkrahúsið. Sjálfur kom hann alla leið frá Íslandi til að afhenda gripinn. En - því miður - bíllinn ókominn. Varð úr að hann fékk lánaðan sjúkrahúsið til að *afhenda!* í myndatöku. Vonandi kom bíllinn seinna! Má bæta við að í löndum þar sem engin lækniþjónusta er sem heitið geti, borgar sjúkrahúsið sig aðeins fyrir yfirstéttina, áþekkt því sem Árni Björnsson lækni kynntist og áður var nefnt. Bæta má við að á þessu happdrætti var undirballans og leitað til RKÍ til að bjarga hneykslinu, sem gert var. En stjórnandinn hlaut mikinn heiður af!

² Jóhannes Ólafsson (1928) bekkjarbróðir minn, lengi trúboðslæknir í Eþíópíu og síðar starfandi læknir í Noregi. Hann var sonur Ólafs og Herborgar Ólafsson, kristniðnaði, lengi í Kína.

³ Ólafur Hansson (1909-81) sögukennarinn góði í MR og HÍ.

Eggert hefur mikið að gera í sambandi við Austur-Afríkusöfnunina. Reyndar var Jón Ásgeirsson ráðinn til að standa fyrir henni og hefur reynst mjög vel. -- Um helgina verður söfnunin formlega sett -- að viðstöddum forsetanum. --

Ég frétti að Árni Geir væri byrjaður í Menntaskólanum við Sund og hættur við þjóninn. Vonandi verður það honum til góðs. Og Kári væri í Hagaskóla. --

Við vorum óskaplega heppin þegar norræni fundurinn var haldinn hjá RKÍ. Ég fór með konurnar í dagsferð um bæinn ásamt Kristínu konu Óla Míxa. -- veðrið var svo gott að maður gat ímyndað sér að maður væri í útlöndum. Eins var það dagana fyrir norðan, en fundurinn hélt áfram á Húsavík og síðan var farið í tveggja daga ferðir, og hef ég aldrei skemmt mér svona vel með útlendingum fyrir. Þeir voru líka alveg stórhreifnir af landinu og þótti mikið til koma að fljúga yfir Heklu og sjá nýja hraunið. --

Auður fékk að skipta yfir úr dönsku í sænsku -- sat einn tíma, og leist ekki á blikuna -- fannst málið hræðilegt. -- Dagur hefur mikinn áhuga á frönsku og er búinn að innrita sig í nám -- Ásgeir er orðinn áhugasamari í skólanum og situr nú meira við nám en hann hefur gert áður. Helgi Briem Pálsson féll og er aftur í 5. bekk. --

Eggert á eftir að fara eina ferð til Afríku --

Eggert Ásgeirss. skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. Rvík. 5.10.1980.

-- Klukkan er nú nokkuð yfir miðnætti og allir komnir í ró í húsinu. Þegar ég lít á almanakið sé ég að afmælisdagur ömmu í Nesi er kominn. Eru þá 120 ár frá fæðingu hennar - skrítn tilviljun. Amma var mér ákaflega góð. Alltaf hef ég þó séð eftir því að ég skyldi umgangast hana í Nesi með sama kaldrana og allir aðrir þar á bæ. Ég vissi að hún myndi vilja komast nær mér en hún gerði, en ég var á þeim aldri og í umhverfi þar sem ég þóttist þurfa að sýna karlmennskubrag, enda 14 ára síðasta árið í Nesi. Það þýðir ekki að iðrast eftir dauðann. Sem stendur kemst ég ekki nær henni en með því að ræða um hana og skoða af henni málverkið sem hangir á veggnum fyrir ofan mig.

Eins og venjulega kemur afmæli mömmu tveim dögum eftir ömmu í Nesi eða 7. okt., en þá verður hún áttæð. Það standa ekki margir jafnaldrar hennar henni á sporði í því efni, en hún er að undirbúa afmælisveislu þar sem eiga að verða 40 manns. Hún fer létt með það, undirbýr það á löngum tíma og skipuleggur svo að allt verði án meiriháttar erfiðis. --

Það má gott telja að hún skuli þekkja svo marga til að bjóða sem enn eru á lífi, en hár aldur virðist ráðandi, bæði í fjölskyldu og vinahópi. Merkilegt er til dæmis að þau skuli, öll systkinin, vera á lífi og við sémilega heilsu.

Mamma er mjög svo ánægð með að vera hætt vinnunni. Efnahagsáhyggjur hennar eru um garð gengnar og hún unir sér mjög vel, les mikið og ferðast um borgina í strætisvögnum. --

Ég er nýkominn frá Zambíu, Tanzaníu og Eþíópíu úr þriggja vikna ferð. Ég er stöðugt að segja fréttir af ferð minni í blöð og útvarp þar sem reynt er að gera sem mest úr þýðingu ferðarinnar vegna þess að við (*RKÍ*) erum að safna fé fyrir Austur-Afríku.

Þess á milli skrepp ég til Vestmannaeyja, en þar var ég í vikunni, verð í næstu viku á Patreksfirði. Ég er að ljúka þessari vinnu sem ég tók að mér í Afríku og á eftir aðeins eina ferð suður í lok nóvember. Ég hef ekki neinn áhuga á að flytjast til annarra landa eða búa þar þó um skamman tíma væri að ræða. Hins vegar er skemmtilegt að taka að sér verk af þessu tagi sem víkka sjóndeildarhringinn, sérstaklega ef maður getur orðið að liði í leiðinni.

Það má líka venjast svona ferðum. Þær virðast styttest eftir því sem maður venst þeim. Það er líka eins og tíminn heima virðist óslitinn; þannig að tveim dögum eftir að heim er komið er ég kominn í samt lag. Sama gildir þegar ég er á ferðum innanlands.

Segir frá því að börnin eigi nú val á ýmsum möguleikum á heimsóknum til útlanda eftir því sem þau kynnast fleirum. Um leið fækkar þeim tækifærum sem við höfum til að gera ýmislegt saman - senn fara menn sitt í hvora áttina, eins og vera ber.

Þá ræði ég um hvað Auður hafí haft gott af að dveljast í Torrskog og að hitta frændfólk í Karlstad og Stokkhólmi.

-- hefur hún fengið allt annað sjálfstraust en áður. Einnig er gott að hún hefur náð valdi á sænsku. Að læra eitt tungumál opnar leið til fleiri mála, þannig að hún er nú sterkari í ensku en áður. -- Kannski er mest virði að komast í persónulegt samband við frændur. -- Dagur hefur mikinn áhuga á frönsku og hefur sótt kvöldskóla til að tileinka sér hana. --

6.10.1980.

Gat ekki lokið bréfinu. Var að skrifa fyrirlestur um Ísland og þróunarlöndin. Slær botninn í.

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 9.10.1980.

-- Nú er afmælisdagurinn mikli liðinn við mikinn glaum (*átræðisafmæli mömmu*). Undirbúningurinn var svo sem vænta mátti nákvæmur og langur. Var gerð áætlun og undirátælanir til að allt mætti vel takast, eins og það reyndar gerði. --

Mamma annaðist svo til allt sjálf. Þegar ég bauð henni að flytja eitthvað eða að strákarnir gætu hjálpað til við flutning þá sagði hún: *Það er dásamlegt að eiga ykkur!* Næst þegar ég kom til hennar var hún búin að öllu, jafnvel meiriháttar mubluflutningi. -- Sjálf er hún eins og nýslegin eftir allt þuðið og farin að leggja framtíðarplön um enn frekari veisluhöld. Vona ég að hún láti þau ekki niður falla.

Fyrstir gesta komu Árni Geir og Kári (*Pálssynir*) og virtust eiga stórskemmtilegan tíma með krökkunum og fólkinu öllu. Afar gaman að hitta þá.

13.10.1980. Ég hef verið haldinn ægilegri sektartilfinningu yfir að hafa horft á ólokið bréfið hér á borðinu. Ég hef verið á slíku spani vegna söfnunarinnar hér um þessar mundir. Ég hef meira að segja tvisvar að undanförunu átt að fara til útlanda; annað skiptið til Hafnar; hitt á morgun til Genf; en ég hef ekki treyst mér til þess tímans vegna. Þetta hefur ekki verið neitt kvalræði. Vinnan hefur gengið ágætlega, við vorum með ráðstefnu ásamt *Lífi og landi*¹ á Kjarvalsstöðum. Ég sendi ritling um ráðstefnuna, ef þú hefðir gaman að lesa það sem ég sagði; hitt er rusl!! Ekki síst var þægilegt hvað krakkarnir hjálpuðu mér mikið og nutu þess að vera trúnaðarmenn á Kjarvalsstöðum, auk þess sem þau höfðu gaman af ýmsu sem sýnt var, einkum af hálfu Alþýðuleikhússins um kvöldið og tónlistarefni mörgu.

Mamma gengur *amokk* í boðum. Hún hótaði að bjóða okkur ásamt einhverjum nágrönnum okkar, en við Sirrí þverneituðum að koma og felldi hún boðið þá niður. Í staðinn ætlar hún að bjóða dætrum Jónu á morgun í matarboð og við féllumst allra náðarsamlegast á að fara niður og nærast. Það var líka gaman að hitta þær þrjár, systur Láru, og menn þeirra tvo um daginn. Mér líst alveg þrýðilega á ef framhald verður á slíkum boðum með rækjusalötum og ég veit ekki hverju --

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 4.11.1980.

Pakkar bréf og fréttir. Hvetur hann til að skrifa sonum sínum, láti þá njóta forgangs. Þeir voru í heimsókn, m.a. vildi Kári sýna hundinn sinn og vakti það fögnuð krakkanna. Segir frá undirbúningi ferðar sinnar til Afríku og Finnlands og langar til að koma í heimsókn hjá fjölskyldunni í Osló. Segist eiga 32 daga eftir af sumarleyfinu í ár!

-- Hér er voða grín í húsinu. Sirrí telst að mamma hafi haldið átta boð í tilefni af afmælinu og að sjálfsögðu erum við ómissandi í flest. Og hún stendur sig ágætlega. Hún smakkar svo til ekki vín í boðum, spilar á píanó, kannski eins og 3-4 lög eftir Sigfús, enda hyllist hún til að fá söngmenn góða í hvert boð. Það er alveg einstaklega skemmtilegt að fylgjast með henni, þar sem henni líður svo vel. Þótt hún tali heil ósköp gerir það ekkert til, enda sýnist manni að hún eigi rétt á að tala í sínum eigin boðum komin á níráðisaldur. Hún er mjög upplýft þessa dagana út af heilmiklu stússi sem gert hefur verið með hana (*og Zonta*) út af Heyrnar- og talmeinstöðinni, þegar hún var opnuð. Hún endurnýjast í heyrnaráhuga sínum og er að safna gögnum um málið til að gefa Kvennasögusafninu. --

Auður hringdi til mín í vinnuna þegar bréfið kom frá þér til að spyrja um hvort hún mætti opna það og lesa. Hún reyndist eiga nokkuð erfitt með að krafsa sig fram úr því. Ég las svo bréfið upphátt fyrir hana rétt í þessu. Hún komst alveg við að heyra lýsingarnar frá Torrskog. Hún sér allt ljóslifandi fyrir sér þar, bátinn og strákana hans Anders. Hana langar einhver ósköp til að fara þangað aftur. Nú er það ekki lengur eins og að fara til útlanda; nú er það eins og að fara heim. Hún er alltaf jafn áhugasöm í samskiptum og sýnist hafa góð tök á henni.

Sirrí situr nú frammi í eldhúsi og les frönsku með Degi. Hann er í Námsflokkunum og hefur einhvern óskapar áhuga á því máli. Vinur hans er sonur franskra móður. Enda þótt þeir hafi ekki mikið samband sín á milli hefur það verið nóg til að koma honum á sporið. --

Klukkan er að verða tólf svo ég held að ég slái botn í bréfið til að hvorugur okkar verði þreyttur. -- Biður um kveðju til krakkanna. -- Við Fríðu skaltu segja að ég heyri af því látið hvað hún sé góð í norskunni. Og við Láru að hún sé orðlögð þrjónakona. Ég man ekki betur en það væri einmitt þrjónahæfileikinn sem þú féllst fyrir, í fyrsta og eina skiptið sem þú hefur kynnst þrjónakonu. Það hlýtur að skerpa ástina að búa með stólpa þrjónakonu í upphryllandi skítakuldum Kristjanú. --

¹ Líf og land var undir forystu Jóns Óttars Ragnarssonar (1945). Fyrirlestrarnir voru gefnir út: Hungur.

Henrik Bear skrifar Eggert Ásgeirssyni. Genf. 7.11.1980.

Skrifar í hasti. Þakkar sérstaklega fyrir hversu vel fjáröflunin v. A-Afríku gekk. Merkilegt hve vel tókst til miðað við íbúafjölda.

Skilur að það sé erfitt fyrir EÁ að taka þátt í fundum, enda þótt þátttakan sé nauðsynleg vegna gefenda og þiggjenda. Tekur fram eftir umræður að SAP muni halda áfram í breyttu formi.

Vonar hann að ég muni sjá mér fært að taka þátt í starfinu. Cyril Ritchie verði áfram ráðgjafi og sé það nefndarinnar að ákveða hvernig framtíðastarfinu verði hagað. Er fullkomlega sammála um að nauðsynlegt sé að finna kerfi, sennilega á fyrri braut, um eftirlit með kerfinu sem einnig nái til SA-Asú.

Friede P. Briem skrifar Gunnlaugi SE Briem. Rvík. 8.11.1980.

Skrifar bróðursyni sínum, segir fréttir af fjölskyldunni, einkum yngra fólkinu, einnig af pabba hans, mömmu og systur.

-- hingað kom gamall maður, sem hefur verið að fönndra við að búa til veski með höfðaletri. Þar sem hann er góður kunningi minn frá því hann var bréfbær hér á Bergstaðastræti --; töluðum við oft saman. Að lokum þurfti ég að gefa honum vottorð fyrir skilvísi í þessu starfi og er hann mér eilíflega þakklátur fyrir vottorðið sem bjargaði heiðri hans. -- En svo var mál með vexti að ég vann talsvert að fjölritun fyrir Lárus Jóhannesson hæstaréttardómara, sem var fótíúinn og sendi mér þess vegna mörg bréf í pósti. En það sem skeður er að eitt áriðandi bréf kemur ekki fram. Fyrrverandi hæstaréttardómara láta nú ekki bjóða sér slíkt, eins og að sjálfsgöðu er rétt; og allt kerfið er sett í gang. Flosi kemur til mín og segir mér raunasögu sína og biður mig hvort ég væri fánleg að gefa honum vottorð um að hann hefði verið samviskusamur bréfbær. Var mér það sannarlega mikil ánægja. Þetta var um jólaleytið þegar póstur og bréfaskriftir vaxa svo óðfluga að allir unglingar - læsir og ólæsir - fá þar aukavinnu. Pósthúsið sprengir utan af sér allar þessar bréfaskriftir og margfaldaðan póst og farið var út í bæ til að leita að nothæfu húsnæði; allir fá atvinnu; ónothæft húsnæði rýkur upp í verði, til þess að bjarga jólapóstinum.

Nú líður fram yfir áramót og skugginn hvílir alltaf yfir Flosa. Þá allt í einu birtir til. Innan um allar jólaóskirnar, sem fundust á bak við skáp, fannst bréfið frá Lárusi Jóhannessyni til mín - og nú birti yfir hjá Flosa. Mannorð hans var óflekkað og hann beðinn fyrirgefningar á öllu því ranglæti sem hann hafði orðið að þola; en bréfbærastöðunni hafnaði hann alfarið. Hann var hinn stolti maður og ekki að ófyrirsynju.

Þetta veski sem ég sendi þér er hans verk - fönður gamla mannsins. Hvort þetta letur hans er læsilegt og rétt er ég ekki dómbær á, og verður þú að ráða fram úr því. Skildist mér á honum að þarna væru heilræði. Ef rétt er þrykket verður þú ekki í vandræðum með að lesa.¹ --

Ég talaði við pabba þinn í gær, er hann alltaf jafn elskulegur og góður en auðvitað er heilsan ekki góð þó hann klæðist og geti svolítið farið út, þegar veðrið er gott. Mamma þín og Ragnheiður eru símálandi þarna suður í Garðabæ, en þær fara sjaldan báðar í einu frá pabba þínum, en allir verða að leggja mikið á sig til þess að flýta fyrir því að geta flutt inn í nýja húsið. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Robert Pierpont. Rvík. 11.11.1980.

Ræðir vináttu þeirra og alla ánægjuna sem hann hefur veitt fjölskyldunni. Talar um fjölskyldu hans og segir honum frá sínum börnum, hvað séu að sýsla, Ásgeir sé orðinn 18 ára, Dagur sé 15, Auður 12. Öll séu þau heimakær enda geti þau farið og kvartað við ömmu sína efforeldrarnir eru ekki þeim að skapi. Sirrí sé mjög ánægð í stjórnunarstarfi sínu hjá Tannlæknafélaginu.

Þá segir hann frá starfi sínu fyrir Alþjóðasamband RK en tveggja ára skuldbindingum sínum að S-Afríkuverkefninu sé nú að ljúka.

-- Þú hittir sannarlega naglann á hausinn þegar þú sagðir í fyrra að þú öfundaðir mig ekki að fá Cyril Ritchie sem ferðafélaga. Ég hef stundum vitnað til þinna orða, án þess að tengja þau við þig: *Hann reynir alltaf að vera fremstur.* Það hefur ekki verið auðvelt að vinna með honum, og það svo mjög að ég hef lagt fram tillögu um annað fyrirkomulag slíks verkefnis. Eftir því sem ég best veit hefur verið fallist á þessa tillögu. En hvað um hana verður veit ég ekki -- En starfið hefur verið mikil og góð reynsla fyrir mig. Nú fer ég til þriggja vikna starfs í Svásílandi og Lesótó og þá verður þessu verki lokið.

¹ Seinna rakst ég á seðlaveski með höfðaletri í dóti hér á Bergstaðastræti 69, sem greinilega er handarverk Flosa og vélritaður miði með þýðingu á höfðaletursvísuorðum: *Verðmætum ber virðing góð, vel skal þeirra gæta.* Hef ég rammað það inn og hengt upp á vegg í vinnuherberginu mínu.

Það hefur verið stórkostlegt fyrir mig og fyrir starf mitt hér heima að hafa fengið þetta tækifæri. Starfið er mjög erfitt og örðugt að vera svo mjög í burtu, þó mér falli verkið vel í geð. Zach Nkosi frá Svasílandi er góður félagi minn og í öllu þessu starfi hef ég hitt stórkostlegt fólk í álfunni, einnig það fólk sem vinnur að verkefnum.

Nils Gussing er góður vinur minn. Hann kom í heimsókn í sumar með fjölskyldu sína. Sírri og kona hans eru góðar vinkonur.¹ --

Segir frá því að við Sírri færum til Helsinki og komum við hjá bróður Eggerts í Noregi.

-- Henrik Beer dvaldi hjá okkur aftur í sumar, en nú hallar heldur undan fæti fyrir honum. Minnið er aðeins farið að bregðast og úthaldið ekki það sama og áður. En hann er alltaf jafn góður maður og vinur. Ég vona að hann kveðji starfið og eigi nóg inni til að geta notið þess sem eftir er. Þegar ég vinn hörðum höndum - stundum um of - þá reyni ég að hafa í huga að nú fari að halla undan fæti fyrir mér á þeirri 100 ára æfi sem ég óska mér. Þessa skoðun ætla ég ekki öðrum, hún er mín; ég hef í huga öll gamalmennin, skyldfólk mitt á báðar hliðar. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. Rvík. 12.11.1980.

-- Það er orðið svo langt síðan þú hefur heyrt frá mér, nema kannski gegnum Palla. Mér sýnast horfur á að hann verði eins og grár köttur hjá ykkur --

Klukkan er nú nálægt miðnætti. Ég var að koma af fundi um æskulýðsmál suðri Garðabæ. Ég kom heim og fólkíð var flest farið að sofa. Sírri lá uppi í rúmi og las nýju bókina hans Laxness.² Dagur sat við skrifborðið mitt og barðist við að lesa enska grein um stjórnufræði, en það er hans áhugamál um þessar mundir. Auður, litla barnið, var sofnuð, enda er hún venjulega í þreyttara lagi þegar hún kemur af ballettæfingum. Ásgeir er ekki heima, skólaball Menntaskólans er í kvöld, frí í skólanum á morgun.

Þannig er lífið að falla í dúnalog, eins og vera ber. Ég treysti mér ekki til að fara í rúmið strax. Ég er venjulega upprifinn eftir fundi sem þessa, þeir eru eins og próf sem maður er búinn að búa sig undir lengi. Tómarúm fylgir í kjölfarið. Ég setti á grammófóninn píanókonert eftir Tjækofskí, er nú að hlusta á annan eftir Rakkmanínoff. Indælt og afslappandi, akkúrat það sem ég þarf. --

Segir frá ferðaáætlunum sínum.

-- Krakkarnir hlakka heilmikið til þess að við förum og sérstaklega að við komum heim svona rétt fyrir jólin, kannski með eitthvað --

Ég nefndi Laxness og bókina hans. Hún heitir *Grikklandsárið* og fjallar um átjándu aldursárið hans, árið sem stóð til að hann færi til Grikklands, en var svikinn um farið og fór hvergi. En bókin er indæl og fjallar mikið um Jóhann Jónsson skáld o.fl. vini Halldórs í Reykjavík. Halldór er að verða eins og aldið lárviðarskáld, sem talar um allt sem honum dettur í hug. Allt er jafn fullt af kímni, visku, reynslu og mildi, sem eykst með hverju ári. Hann verður mér æ meir að skapi með aldrinum, en eins og þú veist, þykir mér gamalt fólk skemmtilegra en ungt, að jafnaði.

Þá fór ég í dag á fund Vigdísar forseta. Hún tók frábærlega vel á móti mér, eins og gamalli bekkjarsystur sæmdi. Hún er svo umsvermuð sjónvarps- og öðrum fjölmiðlamönnum, að vart verður með góðu móti að henni komist. Hún stendur sig vel, enda önnur kynslóð forystukvenna. Móðir hennar er Sigríður Eiríksdóttir hjúkrunarkona, lengi formaður Hjúkrunarfélagssins Líknar; skörungur og vinstrikona á sínum tíma, dóttir Eiríks sem var bóndi í Miðdal. Pabbi hennar er Finnboði Rútur Þorvaldsson prófessor, sonur séra Þorvaldar Jakobssonar prests í Sauðlauksdal.

Þá er Stefán Jóhann fallinn frá. Enginn maður á þessari öld hefur fengið jafn harðar árásir frá hægri og vinstri eins og hann, án þess þó að hafa látið það á sig fá að því er séð verður. Eftirmælin um hann voru hvorki vel skrifuð né fróðleg, en sýndu þó hverja orrahríð hann hafði gengið í gegnum.

Þessa dagana er að koma út sjálfsævisaga Einars Olgeirssonar og hann bætir nú heldur á fyrri trakteringar, sallar á Stefán, eins og nú er orðað. Svona er það gjarnan í béaðri pólitíkinni. Það er hvorki vel vanin né fallett tík; sennilega ofalin.--

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Maseru, Svasílandi. 28.11.1980.

Situr og nýtur lífsins í einu skemmtilegasta hóteli sem hann hefur búið í. Hótelið var byggt úr stráum! Verið er að undirbúa ferðalag innanlands. Kom í gær frá Jóhannesarborg og Bloemfontein og ók þaðan gegnum fögur kornræktarhéruð.

¹ Sú vinátta hefur haldist alla tíð þótt þau Nils hafi skilið.

² Það mun hafa verið: Grikklandsárið.

-- Ég var eina nótt í Jóhannesarborg. Undir og kringum hótelið var verslunarmiðstöð á þrem hæðum neðanjarðar. Hvílik fjölbreytni og jólaös. -- stórkostlegt hve iðnaður og verslun eru á háu stigi -- Það væri sannarlega sorglegt ef menn eiga eftir að berast á banaspjót og allt fari í vaskinn. Vonandi að svo fari ekki. Þó ekki væri nema vegna heimsálfunnar og heimsins. --

Ég hafði komið til Jóhannesarborgar eftir 16 tíma flug. Óskiljanlega langt miðað við fyrri ferðir. En þegar litið er á flugleiðina má sjá að S-Afríkuflugfélagið má hvergi fljúga yfir (*önnur lönd*) S-Afríku af pólitískum ástæðum. Svo við þurftum að taka stóran krók og millilenda á Kanaríeyjum. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Maseru, Svasílandi. 30.11.1980.

-- Ég var hálf leiður yfir því að hafa hlaupið frá stíflunni án þess að hafa gert ráðstafanir. En seinasta kvöldið var ég hálfmeðvitundarlaus, hálfur kominn hingað suður eftir og hálfur á formannafundinum. Ekkert pláss fyrir ykkur í huginum. Kannski ekki í fyrsta skiptið.

Ég áttaði mig á því í flugvélinni að ég hafði gleymt malaríulyfinu heima. Sem betur fer fékkst sama lyf án lyfseðils á Haethrow. Svo þið þurfið ekki að vera hrædd um að ég smiti ykkur -- enda gengur malaría víst alls ekki hér um slóðir.

Ég hef notað helgina til ferðalaga um landið með RK-fólkinu hér. Ég er búinn að skoða einhver ósköp af mæðra- og barnadeildum en því miður var þar ekkert að gera og við hittum engar mæður eða börn. En ferðin var skemmtileg og landið fallett. --

Lýsir landinu, háfjöllunum og sléttunum og segir frá einhverjum fundum.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Láru Ingólfsd. Rvík. 30.11.1980.

Segir frá því að tengdamóðir þeirra, F.P.B., sé á Vífilsstaðaspítala, þar sem allt gangi vel í höndunum á Tryggva vini okkar Ásmundssyni.

-- Hér er heldur tómlegt þegar mæðginin eru í burtu. Raunar nóg að gera. -- Auður kom heim úr skólanum og sagðist hafa verið send heim. Hún hafði lent í slagsmálum úti í frímínútum við strák í hennar bekk. Það er víst einhver vandræðastrákur, sem er alltaf að lemja hana. Sagðist hún hafa verið orðin svo þreytt á honum að hún hefði lamið á móti og svo lenti allt í slag. Hún þurfti að fara til skólatannlæknis til að láta mynda tennurnar, því haldið var að bitið hefði skekkst. Það losnaði líka eitthvað af spönginni og eitthvað fleira amaði að. Auður varð hálfgerð hetja af þessu, því ekki leið á löngu þar til síminn byrjaðir að hringja og allir að spyrja hvernig hún hefði það. Ein vinkonan gaf henni litla postulínsstyttu. Ég vona að hún geri ekki meira af þessu.

Ásgeir fékk bílinn lánaðan í gærkvöldi og sagðist aðeins þurfa að skreppa inn í Hofteig til að skila plötu. Hann kom ekki fyrr en kl. tvö um nóttina. Hafði hann hitt Árna Geir og Ásgeir vin hans og farið með þeim í bíó. Hann sagðist reyndar hafa verið að reyna að hringja en síminn í Regnboganum hefði verið bilaður. --

Hér er annars allt í kaldakoli í þjóðfélaginu, eftir því sem blöð og útvarp segja. Um helgina er gert ráð fyrir bankamannverkfalli. Það er ljóta vesenið. Það eru allir að taka út úr bönkunum, því ekkert verður hægt að greiða með ávísunum. -- Það er nýbúin að vera smjörúsala. Allir urðu hamslausir og keyptu heilu kassana af smjöri. Nú tekur við peningahamstur, sennilega. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede P. Briem. Maseru, Svasílandi. 1.12.1980.

-- Í fyrradag var ég í ferðalagi og hitti skemmtileg sænsk hjón. Hann heitir Carl Gustav Asplund og er formaður RK í Skarborgarléni. Strax kom í ljós að hann þekkir þessar tvær *mannsveskjur* sem við Sirrí þekkjum í Lidköping. Flinck sem var með okkur á námskeiði bæjarstarfsmanna í Frakklandi forðum og frú von Hofsten, ekkju fyrrv. form. RK Svíþjóðar Elias von Hofsten. Þau bjuggu hér í rúmt ár fyrir 14 árum, voru lánuð hingað til að hjálpa landinu í landamerkjamáli við S-Afríku. Hann hefur líka verið ráðgjafi í dómsmálum í Ethiópíu, á Kýpur og víðar.

En það skrítna var að konan hans Viveka þekkti mjög vel Sigurð og Ólöfu Nordal. Norski bókmennta- og sögufrófessorinn Fredrik Paasche¹ var tvígiftur. Í fyrra hjónabandinu var hann giftur föðursystur Viveku, dóttur stjórnmálamannsins Hugo Hamilton,² voða fínt nafn í Svíaríki, en missti hana. Í síðara hjónabandinu er hann

¹ Fredrik Paasche (1886-1943) prófessor í norrænni sögu, og hefur fjallað mjög um Ísland. Hann flúði land við innrás Þjóðverja í Noreg og settist að í Svíþjóð.

² Hugo Hamilton (1849-1928). Þingmaður, ráðherra og landshöfðingi í Älvsborg. Vel ættaður, dóttursonur stórskáldsins Gustav Gejer og afi Olof Lagerkrantz, rithöfundar og lengi umdeildur ritstjóri Dagens Nyheter.

giftur móðursystur hennar, sem mig minnir að heiti Stina Mörner¹ (eigið nafn hennar er Paasche) sem enn lifir á tíræðisaldri, málari og skrifari. Hjá þessari fjölskyldu var frú Asplund gjarna á sumrin, um og upp úr 1930. Þangað komu Ólöf og „*professor Nordal*“ gjarna þar sem þau dvöldu á sveitasetrinu. Hún fylgdist með þeim gegnum móðursystur sína alla tíð síðan.

Þetta var dásamleg tilviljun, að sitja hér og ræða svona hluti á ferðalagi um sveitir Lesótó. Ég kvaddi þau í gærkvöldi en þau halda til Durban í S-Afríku og taka sér far með fraktskipi þaðan til Mogadishu í Sómalíu. --

Það má sannarlega segja að þetta bréf fjallar ekki nema um eitt efni. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Vigdísí Finnbogadóttur. Maseru, Svasílandi.

1.12.1980.

Bréfið er einkum til að þakka henni fyrir boð sem hún hélt á Bessastöðum fyrir fulltrúa á formannafundi R.K. Segi ég henni frá ferðum mínum og heimsókninni til Svasílands og fundi mínum með Jónatan forsætisráðherra og skemmtilegum, geðþekkingum ungum kóngi landsins Moshoeshe II.

Eggert Ásgeirss. skrifar George Elsey, form. R.K. BNA. Maseru, Svasílandi.

2.12.1980.

Segi honum frá verkefnum mínum og árangri. Gagnrýni hjálp USA sem veitt er kapólskum hjálparsamtökum og spyr hvort bandaríski R.K. geti ekki látið til sín taka í vandræðamáli.

Eggert Ásgeirss. skrifar Bo Almqvist. Maseru, Svasílandi. 2.12.1980.

Frásögn af ferðalagi og verkefnum. Einnig af framhaldi ferðarinnar þegar hann muni heimsækja Palla í Osló, þar sem sameiginlegur vinur þeirra allra, Sigurjón Jóhannsson² er kennari við Blaðamannaháskólann og konan hans, Erna Þorleifsdóttir,³ nemur félagsráðgjöf. Börnin okkar Sigríðar hafi mikinn áhuga á Írlandsferð til að heimsækja þau.

Eggert Ásg. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Mansini, Svasílandi. 3.12.1980.

Farinn að hlakka til þess að hitta mömmu þeirra í London. Hér er lítið um að vera því nú er regntíminn yfir og þeir nefndarmenn að ganga frá niðurstöðum starfsins; eiga að verða búnir að ganga frá þeim á morgun, þó ekki finnist honum það líklegt.

-- ég fer allavega heim á laugardag, þ.e. í áttina heim, til Nairobi. Þegar ég segi að mér lítist ekki á það þá á ég við að tíminn er lítill. Mér hefur verið boðið að vera keyrður til Jóhannesarborgar, eitthvað 4ra tíma akstur. Finnst það nú ágætt, annars þyrfti ég að bíða þar á vellinum eða skreppa inn í borgina þar sem ég hef ekkert að sýsla. Færi kannski að borða Prins Póló og kók út af leiðindum!

Annars fór ég í afar skemmtilega hringferð í dag norður í land, meðan verið var að ganga frá skýrslu. Landið er ákaflega fallett; hef ég ekki áður farið um það. Nokkuð eru fjöllin há, en sveitabæir eru upp um alla fjallstoppa. Einkennilegt hvað landið er líkt Noregi; hef sagt það áður. Tré vaxa upp um öll fjöll og þekja 1/5 hluta landsins. En öllum hefur þessum trjám og skógum verið plantað; ekkert smávegis, því ég rakst á þrjár sögunarmylur. Þetta er skemmtilegt að sjá, einmitt meðan flestar þjóðir eru að eyðileggja skógana og þar með að vinna tjón á andrúmsloftinu.

Ég var heima hjá Zacheus N'kosi fyrir stuttu síðan og færði honum selskinnið. Það var orðið þurr þegar ég opnaði pakkann. Ég hef í gær og í dag verið að reyna að pressa það niður með blautum handklæðum, undir ferðatöskum, ritvélum, skóm, bókum, skjölum; öllu lauslegu. Það gekk svo vel að það var orðið alveg slétt í kvöld. Og mikla vakti það hrifningu hjá fjölskyldunni.⁴ Þau höfðu aldrei séð neitt eins fallett, skildist mér. Skrítn þótti þeim ferðasaga skinnisins, gegnum snjókomu Barðastrandar. --

¹ Stina Mörner (1889-1992). Hún var dóttir próf. Karl Axel Mörner.

² Sigurjón Jóhannsson (1933-2005) blaðamaður.

³ Erna Þorleifsdóttir (1933-94) félagsráðgjafi.

⁴ Zacheus Nkosi hafði sagt að gaman væri að sjá selskinn. Við rákumst á eitt slíkt á Barðaströnd. Bæti við: Erfitt var að ná burt lyktinni. Þó ég sæi skinnið, einstaklega fallett á veggnum í stofu Zach, átti ég aldrei von á að þau myndu hafa það lengi uppi við. Fyrirhöfnin og lyktin í ferðatöskunni, var samt verkefnisins virði.

Eggert Ásgeirsson skrifar Þórdísi Briem. Manzini, Svasílandi. 5.12.1980.

-- Mikið verð ég feginn að kveðja samverkamennina og sleppa úr þessu djöppi sem verulega tekur á taugarnar. Sem sagt, nú verður þessu lokið endanlega og ekki fleiri ferðir hingað, a.m.k. þess vegna. Annars er ég mest farinn að hlakka til að koma til London og hitta Sirrí og geta farið að vinna nokkurn vegin skaplegu andlegu lífi. -- enda sérðu að ég er orðinn andlaus. --

Eggert skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Nairobi, Kenya. 7.12.1980.

-- Landslagið (*á leið til Jóhannesborgar í S-Afríku*) var varla finnanlegt. Aðeins tilbreyting þegar komið var nær Jóhannesborg. Þar voru gífurleg raforkuvirki og rafstöðvar, byggðar þar sem kolanámur eru. Kolin eru möluð og notuð sem eins konar duft til brennslu í rafmagnsframleiðslu. En úrgangur er geysimikill, svo kringum kolanámunar eru miklir gjallhaugar. Sjá má færiböndin flytja glóðheitt gjallið út á haugana. Þegar nær er komið verða haugarnir hærri og þá taka við haugarnir, úrgangur gjallnámana, sumir orðnir svo gamlir að stærðar tré vaxa upp á þeim.

Hingað til Nairobi kom ég svo í um miðnætti í gærkvöld. Tók á móti mér aðalsendifulltrúinn Christer Áqvist¹ á flugvöllinum.

Ég veit ekki hvort fréttir hafi verið um það í blöðunum að kólera hefur komið upp í S-Afríku og sums staðar alvarlegt ástand. -- þegar maður fær svona fréttir þakkar maður fyrir að hafa verið bólusetur.

Ég gleymdi að segja að ég vona að allar fréttir af ykkur séu góðar og búskapurinn gangi bærilega. Eitt kvöldið brá mér illilega og hélt að eitthvað væri mikið að. Fékk í Manzinihótelinu skilaboð um að hringja í 12250. Kom reyndar í ljós að Cyril átti að fá boðin, svo mér varð rörra, en allt var ólæsilegt í skilaboðinu.

Í dag hef ég verið að ræða við Áqvist. Eftir það fór ég í göngutúr um þessa mikið fallegu borg.

9.12.1980. Hér er allt annað þjóðasafn en í sunnanverðri Afríku, miklu fleiri Indverjar en í Tanzaníu, fleiri múslimar og miklu fleira hvítt fólk. Þetta er greinilega ferðamannaland og safarískrifstofur á hverju horni, safaríföt í hverri búð.

Jomo Kenyatta, frelsishetja og fyrsti forsetinn, byggði hér í upphafi sjálfstæðisins margar miklar og glæsilegar byggingar sem setja svip á bæinn. Hér er allt fullt af betlurum og farandsölum sem setja á borgina heldur leiðinlegan svip.

Í morgun var ég hjá Rauða krossi Kenya og var þar sagt frá hjálparstarfinu sem verið er að vinna að hér. Á morgun fer ég aftur til þeirra og verður mér þá sýnt sitthvað af því sem þeir hafa með höndum hér í borg. Annað kvöld sest ég svo upp í flugvélinu til London.

Skrítið að hugsa til þess að mamma ykkar sé nú ko- nei nú ruglaðist ég - sé að fara í fyrramálið til London, ef allt hefur gengið vel. --

Ég vona að ykkur gangi vel heimilishaldið og ykkur komi vel saman og allt verði í góðu lagi þegar við komum aftur heim. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Lise Fremm. Nairobi, Kenya. 7.12.1980.

Lise Fremm var kona Arne Fremm (1916-1980) framkvæmdastjóra Dansk Röde Kors sem var góður vinur sem við Sirrí kynntumst náíð 1964 er við hittumst fyrst. Hann hafði sem ungur verið í ýmsum verkefnum andspyrnuhreyfingarinnar. Eftir heimsstyrjöldina vann hann að margvíslegum hjálpar og flóttamannaverkefnum uns hann var framkvæmdastjóri DRK árið 1957. Mig langaði til að skrifa konu hans, en við Sirrí höfðum búið hjá þeim í heimsókn til Hafnar. Treysti mér illa til þess, þangað til í Afríkuferðinni er miði datt úr veskinu mínu og á gólfíð með nafni Lise og heimilisfangi. Ávallt stóð til að Lise kæmi til Íslands með Arne, en af því varð ekki. Arne, sá merki sómamaður og skemmtilegi samverkamaður dó í Khöfn 28. sept. 1980.

¹ Christe Áqvist vann lengi að ýmsu hjálparstarfi, síðast þegar ég vissi (2007) vann hann við skipulag flóttamannamála í Jórdaníu.

Eggert Ásgeirss. skrifar Pálma Hlöðvessyni.¹ Nairobi, Kenya. 7.12.1980.

Segi frá ferðum mínum og erfiðleikum með að komast í samband við hann í Uganda, þar sem hann starfaði. Á þessum tíma voru yfirþyrmandi vandkvæði með póst og símasamband í Afríku, ekki síst landa milli þar sem logaði ófriðarbál. Þá hafði mér tekist að fá heimilisfang Pálma frá yfirmönnum hans í Genf. Notaði nú tækifærið til að skrifa honum og segja fréttir frá Íslandi. Þá sendi ég honum bréf sem ég hafði fengið frá Genf þar sem yfirmaður hjálparstarfsins var rólegur og yfirvegaður, þrátt fyrir vöðufréttir í blöðum. Þá hafði komið ósk fram um að Pálmi yrði lengur við RK hjálparstörf. Sagðist ég vilja það, bæði vegna hans og RKÍ. Ákveðið hafi verið að efla hjálparstarf R.K.Í. Yrði Auður Einarsdóttir yfirmaður þess og var hún send á námskeið í Finnlandi í því skyni. Sagði hún að skipulag Finna hefði vakið hrifningu. Það þykir mér vafasamt þar sem það er fyrst og fremst á sviði hjúkrunar- og lækisfræði. Tel skipulag og stjórnun veigameiri.

Þá fjalla ég um þróun söfnunarkassamálsins, sem Pálmi stjórnaði, og voru erfið, vegna myntbreytingar og að SÁÁ vildi líka koma sér upp söfnunarkössum. Væri verið að vinna í því máli á Íslandi. Segi frá Sigríði Guðmundsdóttur hjúkrunarkonu, sem líka var við hjálparstörf á vegum RK en var á heimleið. Þá ræði ég um Mic Magnússon, fjölmiðlamann á Íslandi, sem virtist vera á leið til Kenýa og jafnvel Úganda.

Ræði um Jón Ásgeirsson² sem hugsanlegan yfirmann fræðsludeildar. En hann er að eðli frílansari og erfitt að fá hann til að taka ákvarðanir. Hann kom með áætlun sem hvorki Ólafi Mixa né mér leist á.

-- Ég hafði einhvern tíma sagt -- að hlutverk fræðslu- og auglýsingadeildar væri að fá menn til að setja fé í söfnunarkassa, ekki af spila- og skemmtanafíkn, heldur til að verja fé, leitast við að láta það renna til góðs málefnis.--

Við áttum góðan formannafund. Voru umræður og blær þar í alla staði góður og hefur ekki verið betri síðan ég kom fyrst á slíka fundi -- árið 1956. Yngra og betra hæfileikafólk er í flestum formannsstöðum RK-deilda. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Guðmundsd.³ Nairobi, Kenya. 7.12.1980.

Ræðir samskipti við fjölmiðla.

-- Þetta snýst allt til betri vegar, smám saman, þegar þið Pálmi farið að vara ykkur á blaðamönnum. Pálmi skrifaði mér fyrir allöngu og sagðist hafa hitt einn slíkan. Við -- vissum upp á hár hvað það myndi boða. Ég frétti það svo í bréfi sem Monica Pejovic (sænsk) sendi mér til Svasílands að stórar yfirskriftir hefðu komið í Aftenposten í Osló um að R.K. og U.N. gerðu ekkert. Sameinuðu þjóðirnar hafa nefnilega skuldbundið sig til að sjá fyrir mat og Flóttamannastofnun fyrir bifreiðum en ekki staðið við það. Nú hvað um það? Vittani, yfirmaður Austur-Afríku task force varð alveg hoppandi, en Monica alveg róleg og líka Nauclér. Þau sögðu að Pálmi hefði svarað alveg hárrétt og þetta yrði þá að vera svipa á S.þ. og stjórn Uganda. -- Út úr þessu hefur komið slíkt feiknarlegt hrós um Pálma, bæði í blaðinu; einnig er hann sagður með bestu sendifulltrúum sem frést hefur af lengi. -- Blessuð láttu taka margar myndir af myndum með þér.

Pálmi sendi heim um 200 myndir, en var ekki sjálfur á neinni þeirra, bara einhverjir svertingjar. Við auglýsingamenn gefum nú ekki mikið fyrir slíkt!!! En gott væri að einhverjir negrar væru með á myndum. Þetta átti nú ekki að vera neitt negrahatur!!! --

Auður var á neyðarnámskeiðinu í Finnlandi -- Hún mun á næstunni (árum?) sinna erlendum málum betur en hægt hefur verið til þessa. Er ætlunin að halda neyðarnámskeið í vor. Vonandi verður þú FYRIRLESARI. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Fred Schmit. Nairobi, Kenya. 7.12.1980.

F.S. var yfirmaður þróunarhjálp R.K.

--I remain convinced that it would be wrong of us to run around for such meetings and thereby upset our own development -- the result is of course, as always, that the affluent and geographically proximate national societies, and thereby the Red Cross, continue to be dominated by the same societies, the staff becomes increasingly fairhaired, and gradually more greyhaired. This will of course in due time somehow be changed as such inbreeding can not continue -- Others go bilateral or „nonlateral“!!

¹ Pálmi Hlöðvesson (1942) var skipherra hjá Landhelgisgæslunni, en varð svo stjórnandi söfnunarkassa RKÍ. Hafði nú verið lánaður til neyðarhjálpstarfa Rauða krossins í Uganda. Hann hætti um leið og ég hjá RKÍ; varð yfirkennari við Stýrimannaskólann. Varð hann vel þekktur í hópi hjálparstarfsmanna fyrir framúrskarandi störf, þá í Uganda.

² Jón Ásgeirsson (1937-2000) sjúkraþjálfari og blaðamaður var upphald Ólafs Mixa og sýndi sig að honum var komið í þetta starf til að grafa undan mér, sem og tókst. Tók hann við af mér sem framkvæmdastjóri RKÍ.

³ Sigríður Guðmundsdóttir var lengi sendifulltrúi Rauða krossins og fleiri stofnana. Síðar hjúkrunardeildarstjóri á Grensásdeild Landspítala.

I have been told about the response to my remarks on the need for evaluation. Vittani responded by saying that the Task force will take care of that (be the caretaker?). -- Evaluation is no threat to the management, unless you appoint a certain known independent consultant. -- The evaluation should be moved into the open; from the cocktail lounges. --

Framhald bréfsins er áhugavert þó ekki sé nú, löngu seinna ástæða til endurtekningar.

--If we - or rather - when we - will have a disaster in my country, I would flatly refuse to receive a League delegate without having his motives, abilities and even mannerism screened. --

Dear Fred. If you ever submit my name for anything in the future, which I hope that you will not do again; remember that I can not thrive without a true human (humanitarian and even humanistic) element in my life and work. I hate to meet *besserwissers* and *lyseslukkere*, a Danish word for those that extinguish lights (candle and/or mental). --

When will the *operating* societies participate? --

Friede P. Briem skrifar Guðrúnu Þórhildi Skúlad. Berg.¹ Rvík, 13.12.1980.

Samúdarkveðjur vegna dauða móður hennar um leið og hún þakkar góðar óskir á áttæðisafmæli sínu. Segir fréttir af sér og hafi hún fengið astmakast og lögð inn á Vífilsstaði, með góðum árangri.

Þá segir hún frá starfi Eggerts og nú séu þau bæði, Sigríður og hann, í London, þangað sem hún fór til móts við hann. Þannig að Friede er ein heima með börnin. Gladdi það hana að þau Þórhildur, Páll og fjölskyldurnar hefðu hist í Oslo.

-- Þú kannast við þau síðan við heimsóttum ykkur í Nesbyen. Eru þær minningar með þeim skemmtilegustu sem ég hef upplifað, að hitta ykkur og njóta þeirrar gestrisni sem aldrei hefur verið endurgoldin, sjá gamla heimilið ykkar þarna á þessum stað, í dásamlegu umhverfi. --

¹ Guðrún Þórhildur Skúladóttir Berg (1929) kennari í Oslo, dóttir Skúla Skúlasonar, ritstjóra Fálkans og Nelly Skúlason norskrar konu hans.

1981

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Láru Ingólfsdóttur. Rvík. 2.1.1981.

Þakkar fyrir góðar jólagjafir. Einnig var góð sendingin frá Osló á ýmsu sem þau Eggert höfðu keypt í Osló þegar þau voru þar í heimsókn. Lýsir líka ýmsum vel heppnuðum jólagjöfum innan fjölskyldunnar.

-- Í gær vorum við boðin niður til Fríðu í hádegismat með Árna og Kára (*stjúpsonum Láru*) og Áslaugu Sívertsen. Gaman var að hitta strákana. Áslaug hafði orð á því hvað gaman væri að hitta svona hressa unglínga svona snemma dags á nýja árinu. Hún hafði sem betur fer ekki heyrt næturlíflýsingar Árna og Kára. Þeir voru, held, ég í þrem partíum, Árni var búinn að sofa í 2½ tíma. Þeir litu samt vel út og voru hinir skemmtilegustu. --

Friede Pálsdóttir Briem skrifar Ragnheiði Björnsson. Rvík. 6.1.1981.

-- Þegar ég fékk bréfið þitt góða var ég á Vífilsstaðspítala. -- Var ég sannarlega heppin, því Eggert, sonur minn, gat náð í Tryggva Ásmundsson lækni, sem einmitt var á vakt þarna suður frá þennan dag. Hann sagði okkur að koma strax. Þar var mér tekið tveim höndum og fékk þá bestu meðferð sem nokkur spítali getur veitt manni. -- Ég var á spítalanum í þrjár vikur og líður mér alveg ágætlega -- Þegar ég veiktist var Eggert rétt á förum til Suður-Afríku -- en gat hjálpað mér svona vel í þessar frábæru læknishendur Tryggva. Magnús bróðir hans vinnur á Akureyrarspítala, en faðir þeirra er Ásmundur Guðmundss. biskup, svo þeir eiga til góðra að telja.

Það var sannarlega gaman að fá að vera við opnun Heyrnar og talmeinstöðvar Íslands þ. 24. okt. og vera boðin velkomin af yfirlækninum Einari Sindrasyni, sem tók mér eins og gömlum vini og kunningja, þó þetta væri í fyrsta sinn sem ég sæi hann. Sagðist hann þekkja mig af kynnum sínum við dr. Ole Bentzen, sem oft hefði minnst á mig, en hann er velgjörðarmaður, sem má segja að allt starf Zontaklúbbsins hafi byggt á. Það var ekki einungis að hann valdi tækin sem Zontaklúbburinn keypti, til þess að þetta starf gæti farið af stað, heldur útvegaði hann öllum styrkþegum klúbbsins húsnæði og skipulagði kennslu þeirra og þjálfun. Er þetta alveg einstakt, fyrir utan nú öll hvatningarorðin sem hann var óspar á. Ég hef aldrei kynnst öðrum eins hugsjónamanni og sönnum mannvini. Og nú gleðst maður sannarlega yfir að þessi mál skuli hafa þróast á þennan hátt. Ég er búin að segja mig úr Zontaklúbbum, þegar ég fór að draga saman seglin; var líka orðin dálítið ónýtt að mæta á fundum. En alltaf eru þær að bjóða mér og nú seinast á jólafundinn sem var í Þingholti, þar sem hóteltjórinn, Ingibjörg Guðmundsdóttir, gaf allan matinn sem var á borðum, en konurnar greiddu með fullu verði -- allur ágóði átti að renna -- til áframhaldandi starfs. --

Hinsvegar bauð Einar Sindrasyni mér, þegar klúbburinn afhenti Talmeinstöðinni eitthvert ómissandi tæki, sem notað er til rannsóknar á raddböndum sjúklinga, svo ég var þarna tvisvar í góðum fagnaði og kampavínsdrykkju. Formaður Zontaklúbbsins nú er alveg frábær kona, doktor í málvísindum, Þuríður Kristjánsdóttir, og hún verður alveg ábyggilega driffjöðurin í áframhaldandi starfi í þágu heyrnarmála. --

Segir frá heilsufari Þórhildar systur sinnar, sem er gleymin orðin en er glaðsinna og hefur ánægju af að hitta fólk. Segir frá húsinu á Bergstaðastræti 76 og þær breytingar sem Sigurður Línadal, sonur hennar, og María konan hans eru að gera á húsinu. Segir frá því að Eggert hitti sína indælu konu Sigríði í London; fóru þau þaðan til Helsinki og komu á heimleiðinni við í Oslo hjá Páli og Láru. Segir frá starfi Þórdísar á Sólvangi í Hafnarfirði þangað sem hún fer daglega í strætisvagni þó 78 ára sé.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Jenny á Hvarfi. Rvík. 2.1.1981.

Segir margar fréttir og þakkar fyrir góðar kveðjur. Gleðst yfir þroska barnanna þeirra.¹

LORCS.² Henrik Beer skrifar Eggert Ásgeirss. Genf, 21.1.1981.

Hefur mótttekið bréf 8.1. um að Eggert gefi ekki kost á sér til frekari starfa við SAP verkefnið; þykir það miður. Óskar eftir fyllri upplýsingum um ástæður og mun ekki líta á þetta bréf sem uppsögn þar til þær hafa borist.

¹ Ekki leit alltaf vel út með þroska þeirra. Það gerðist árið 2015 að synirnir Björn Jónsson, verkamaður á Akureyri, sem hefur stundum verið í ýmsu veseni, gaf með konu sinni út glæsilega ljósmynda og listabók, sem vakið hefur athygli. Hermann Jónsson, sjómaður á Grenivík, gaf út myndabók og leiðarlýsingar, ásamt hnitum, um fjöllin á skaganum milli Eyjafjarða og Skjálfanda. Togarasjómenn eru með tveggja vikna úthaldi og jafn löngu á milli. Þeir eiga sumir í vandræðum með að nota tímamann á milli. Hermann ekki. Árdís Jónsdóttir vinnur ásamt manni sínum á Sólheimum í Grímsnesi, þar sem þau finna upp á ýmsum framkvæmdum sem hæfir vistmönnum og þroskar. Árni Geir Pálsson og Ásgeir sonur okkar voru báðir í sveit á Hvarfi.

² LORCS - samtök Rauðakrossfélaga.

Eggert Ásgeirsson skrifar Rauða krossi Íslands. Rvík. 22.1.1981.

Uppsagnarbréf frá 1.5.1981. Árituð samþykkt Ólafs Mixa formanns um laun til júliloka.

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 15.2.1981.

Segir honum af ýmissi fyrirgreiðslu vegna myndar eftir Hjörleif Sigurðsson sem Páll keypti til að gefa Andréssi Reyni Kristjánssyni vini sínum í 50 ára afmælisgjöf. Hjörleifur vildi helst ramma myndina sjálfur en ég treysti honum ekki til að gera það nógu vel fyrir Reyni.

-- Við höldum svo ábúðarmiklir, Hjörleifur, til Hauks Heiðars sem tók okkur vel með stórum orðum, glæsilegum fingrahreyfingum og rúllandi augasteinum. Við völdum hinn fallegasta ramma, karton og annað tilheyrandi -- Haukur reyndi að selja okkur breiðan og djúpan ramma og lýsti því að hann hefði einmitt sett hann á mynd sem væri áþekkt mynd Hjörleifs og hefði hún orðið alveg gullfalleg á að líta o.s.frv. Bætti hann við að myndin hefði verið eftir Höskuld Björnsson. Þegar hann sagði það þóttist ég ekki heyra meira --

Ekki er komin endanleg niðurstaða í málið sem ég sagði þér frá og uppsögnina. Ég ætla að senda þér -- greinargerð sem ég tók saman. Það er ekki víst hvað ég geri við hana. -- Ég er að vinna að því að halda áfarm. Það er starf í uppsiglingu sem ýmsir úr heilbrigðissectornum vilja fá mig í. --

Dagur var að ljúka samræmda prófinu -- Hann er mjög spenntur því hann hefur auga á einhverju framhaldsnámi sem krefst stærðfræðikunnáttu. Hjá okkur var um tíma áætlun um ferðalag til útlanda með krökkunum. Nú sýnist það vera að fara í vaskinn -- Ásgeir vill ekki fara, leggur meira upp úr því að fá tekjur til að nota sér. Hugsanlegt er að hann fari með skólasystkinum sínum í fimmtubekkjjarferð. Dagur hefur ógnarlegan áhuga á að komast til frönskumælandi lands og æfa sig í og læra frönsku. -- Svo nú eru komin einkennin sem svo margir foreldrar óttast að börnin séu að fara sitt í hverja áttina --

Það má segja um sambandið við þig að ég sé í dag ríkur, á morgun fátækur. Það er alltaf upp og niður í fréttunum -- Mér sýnist ástandið þó haldast ósköp stöðugt, aðeins um lítilsháttar geðbrigði að ræða.

Mamma hefur mikla ánægju af að lesa bréf þín til mín; meiri en bréfin til hennar sjálfar. Þau eru full af heimspeki, predíkun og vangaveltum um veikindi og elli. Hún vill bara fá almennar fréttir, engar vangaveltur um erfiðleika. Nöfn og boð eru hennar fréttir. Mundu það. --

Segi ég frá veislu sem við höldum heima fyrir upplýsinga- og fjáröflunarmenn frá RK-Norðurlanda. Var það skemmtilegt nema hvað Danirnir gripu mjög fram í fyrir öðrum og sögðu brandara. Ég hef þekkt þá lengi og kannast við kauða. Jóni Ásgeirssyni sem var ráðinn upplýsingamaður, gengur ágætlega --¹

-- Að vísu finnst mér hann full hægri sinnaður, ekki það, að mér sé ekki sama um hvaða skoðanir hann hefur. Mér þykir fólk leiðinlegt sem er með útreiknanlegar skoðanir. Norðmaðurinn lýsti fyrir mér málinu um Odd Grann² og er greinilegt að maðurinn er meira en lítið lausmáll og greinilega lítt hæfur til að búa sínar skoðanir í ópólitískt mót.

Þó sýnist mér að RKÍ hafi gengið í gildru og tekið mann sem var hápólitískur og allur almenningur þekkir eða grunar að hann sé lengst á hægri kantinum. Því er hætt við að hann verði grunaður, hvenær sem hann opnar túlann. Það veitir ekki á gott.

-- Mér líður einstaklega vel eftir að ég sagði upp. Þótt svo kunni að fara að ég haldi áfram er greinilegt að ég hef gott af því að hreinsa andrúmsloftið. --

Sigríður Dagbjarts. skrifar Elíasbet Vestdal Abéla. Rvík. 26.2.1981.

-- Ég kom á skrifstofu lögreglustjóra og talaði við Signýju (*Sen*) frænku þína. Ég spurði hana um hvernig mamma þín hefði það og sagði hún að það væri ósköp erfitt hjá henni, en sín skoðun væri að hún þyrfti sjálf að reyna að komast út úr erfiðleikunum. --

Segir frá skólagaöngu Dags og áhuga hans á frönsku og voru foreldra hans að hugsa um að koma honum til Frakklands en hann hefur verið í aukatímum í frönsku. Kennarinn hans segir að hann hafi staðið sig vel í prófum svo hann getur sleppt vorprófum og yrði vetrareinkunn látin gilda. Spyr hana um hvort hún sjái lausn á þessu máli.

Hafði hitt Hólmfríð Gunnarsdóttur, bekkjarsystur þeirra. Sagðist hún ætla að bjóða bekkjarsystrunum næst þegar Elíasbet kæmi. --

¹ Jón Ásgeirsson (1937-2000) varð frkvstj. RKÍ 1981-88. Fljótlega eftir að hann kom til starfa sýndi það sig að hann hóf að grafa undan starfi mínu og náði tengslum við formanninn, Ólaf Mixa. Ef það hefur ekki tekist fyrir.

² Odd Grann (1932) var nokkur ár framkvæmdastjóri Norska Rauða krossins.

Eggert Ásgeirsson skrifar Nils Gussing. Rvík. 27.3.1981.

Ræði við hann m.a. um Austur-Afríkuátakið og hvernig það byggi á reynslunni af SAP. Einnig vandamál mitt í starfinu hjá RKÍ; ég hafi verið óánægður, en lausn sé í sjónmáli. Segir honum frá og sendi eintak af fyrirlestri mínum um samskipti sjálfbodins liðs og ráðinna starfsmanna.¹ Vandamálið sé áþekkt Mr. Who syndrome (var þá mikið rætt í stjórnumarfræðum: Stjórn án stefnu - höfuðlaus her. Stjórn með markmiði leiðir til sigurs. Þetta sýni að vandamál eru víðar en í þróunarlöndum. Hef grun um að þau eigi auðveldara með að finna lausn á málinu en við sjálf.

Sigríður Dagbjarts. skrifar Láru Ingólfssdóttur. Rvík. 19.5.1981.

-- Það fer að líða að starfslokum Eggerts hjá RKÍ og erum við fegin þegar allt þetta er yfirstaðið. Eggert er að leita sér fyrir um vinnu og með ýmislegt í sigti. Ekki er hægt að neita því, að þetta hefur verið erfiður tími, en þegar ég lít yfir undanfarna mánuði í starfi Eggerts, þá sé ég að málin þar hafa þróast á vonlausan hátt og eins gott að forða sér. Samt hefði verið betra, ef þetta hefði verið sársaukalaust.

Hér hafa börnin verið í prófum, Dagur fer á morgun í sitt síðasta og Auður sitt næstsíðasta. -- Dagur heldur upp á útskriftina með ferðalagi í Þórsmörk með árganginum. Fer svo að vinna í byggingavinnu eins og tvö undanfarin sumur. Ásgeir er að slappa af eftir prófin. Búinn að fá vinnu í Sigöldu og kannski í Hraðfrystistöð Hvals í Hafnarfirði, eins og Árni Geir, svo hann verður að velja. Hann fer í haust í fimmta bekkjar-ferðalag með MR. Ferð er heitið í Svartaskóg, í hálfan mánuð. Auður hlakkar til Svíþjóðardvalarinnar og fer 5. júní. -- Hún treystir á ykkur á flugvellinum. Við látum vita hvenær hún kemur. --

Við buðum Fjólu eitt kvöldið með Dídí og Fríðu og krydduðum boðið með Steinunni og Fróða. Fróði er að byggja stórt gróðurhús² og mátti ekkert vera að því að drekka og Steina var skikkanleg. -- Gömlu konunum þótti boðið mjög skemmtilegt.

Við vorum boðin eitt kvöld í voða fínt boð í sænska sendiráðinu - smóking og allt. Eggert dubbaði upp á 15 ára smóking og passaði í hann, þurfti bara að kaupa skyrtu. Siggi og María voru líka boðin og hann hefði svo sannarlega þurft að fá sér skyrtu líka. -- Þetta var allra skemmtilegasta boð með ráðherra, ráðuneyttisstjórum, landlækni, og svo okkur.³

Í dag byrjaði verkfall aðstoðarlækna og sérfræðinga í sjúkrahúsum -- Þeir fara fram með gífurlegar kaupkröfur -- búinir að stofan félag og ætla að innheimta eftir þeim taxta ef þeir verða kallaðir út. Eggert segir að þeir hafi alltaf verið óheppnir með forsvarsmenn og mjög klaufalegir í sínum málum --

Diddó (*Sigurjón Jóhannsson*) kom til okkar í mat með Óla og Jójó, en fór alltof snemma því hann þurfti að vakna snemma og fara til Vestmanneyja með hóp. Hann sagði að þið ætluðuð að taka íbúðina þeirra á leigu. Síðan höfum við frétt að þið væruð að svipast eftir íbúð, svo ekki er það ákveðið. --

-- Fríða má ekki við neinu og verður miður sín út af ýmsu sem okkur finnst ekki alvarlegt. Dídí langar í sumarfrí til útlanda og er að spana hana upp. -- Hún vill fara á rólegan stað - engar skoðunarferðir -

Segir frá að verið sé að byggja pall í stað þess sem f auk. Eru Ásgeir og Eggert að hamast við að hjálpa.

-- Hef ég haft mikið að gera við að undirbúa aðalfund T.F.Í. Nú er því lokið og ég get slappað af og skrifað bréf til kunningja, eins og þú sérð.

-- Ég sótti í annað sinn um sænska tungumálanámskeiðið í Framnesi -- Kærar kveðjur.

Almannavarnaráð ríkisins / Guðjón Petersen skrifar Eggert Ásgeirss. Rvík, 11.6.1981.

-- *Almannavarnaráð og framkvæmdastjóri þess leyfa sér, þar sem þér hafið að eigin ósk hætt störfum sem framkvæmdastjóri Rauða kross Íslands, að senda yður þakki sínar fyrir störf yðar í þágu almannavarna- og neyðarvarnaviðbúnaðar í landinu.*

Vér leyfum oss að líta svo á, að þér hafið rutt braut merkum áföngum í almannavörnum og öryggismálum á sviði fjölda- og félagslegs hjálparstarfs á hættutímum og í samræmingu sjálfbodins hjálparstarfs og starfsemi yfirvalda á þeim vettvangi. --

¹ Eggert Ásgeirsson: *Samarbete mellan frivilliga och tjänstemän*. Flutt á norrænum RK fundi í Yvaskylä í Finnlandi 1981.

² Á Dalsgarði í Mosfellssveit.

³ Þetta varð mikilvægt fyrir mig - kannski fleiri. Við Ólafur Ólafsson landlæknir ræddum um sjúkraflutninga og úr því varð heilmikil starfsemi og skýrsla fyrir embættið

Eggert Ásgeirsson skrifar Tore Larsen.¹ Rvík. 1.6.1981.

Segi frá ástæðum uppsagnar minnar hjá RK, ræði um samstarf hans við Ísland, sérstaklega við Hjálpartækjabanka, sem ég átti þátt í að stofna. Frkvstj. H.b. var neikvæður um frekara samstarf. Segir frá börnunum; Auði í Svíþjóð, Ásgeiri við virkjanaframkvæmdir og Degi í Hvalnum. Reyni að fá Tore til Íslands með björgunartækjasýningu.

Eggert Ásgeirss. skrifar Kerstin Wennerström. Rvík. 1.6.1981.

Ræði ferðir fjölskyldunnar og þá merkilegu tilfinningu sem fylgir því að bæði Auður og Sirrí verði staddar á ólíkum stöðum í Svíþjóð á sama tíma, Auður á Vermland eins og áður, Sirrí á námskeiði í Piteå í N-Svíþjóð. Þá fer Ásgeir á námskeið í Þýskalandi. Dagur í vaktavinnu í Hvalnum. Vinnur að byggingu útivistarpalls eftir að sá gamli fauk. Segi frá því að ég sé atvinnulaus sem standi, eigi von á ráðgjafarstarfi en ánægður með að vera laus úr svokölluðu frjálsum félagsmálastarfi. Spyr um hennar störf og stöðu sem séu áþekk.

-- Auður kom rétt í þessu inn til að sýna mér regnfötin sín og æfingagallann fyrir Svíþjóðardvölinu. Hún, reynslurík, leggur mikla áherslu á regnföt. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Lóu Vennerström. Rvík. 4.6.1981.

Ánægður með fréttir sem hann hefur fengið af henni en þykir leiðinlegt að sambúðarvandi sé milli fólksins á Glänne og Malte sonarsonar hennar.

Segi frá ferðalögum Ásgeirs til Þýskalands og Sirríar til Norrbotten í Svíþjóð. Dagur og hann verði einir heima en Dagur vinnur á vöktum hjá Hval í Hafnarfirði.

-- ég vil ógjarna að Auður fari til Svíþjóðar án þess að hafa svo mikið sem tíu línur í farangrinum til þín. --

Mamma er svolítið farin að missa kjarkinn og er t.d. lítið upplögð að fara til útlanda. Hún er hins vegar ánægð, en þyrfti að hreyfa sig meira, m.a. til þess að þyngjast ekki.

Segir frá breytingum á starfi sínu.

-- ég er mjög ánægður með að við Sirrí skulum hafa ákveðið þetta. Ég treysti mér ekki til að bera ábyrgð á miklu starfi nema skipulag sé að einhverju leyti að mínu skapi. En skritið er, eftir margra ára starf og langan vinnudag, starf um helgar og mikil umsvif að vera að vimsast hér heima. -- Ég veit að þetta er einna erfiðast fyrir krakkana, sem aðeins hafa sé ljósu hliðarnar á R.K., þabba með fínan titil og margs konar samskipti innanland og utan. Þau voru samt fljót að átta sig og skildu raunar að ýmsir skapbrestir mínir hér heima áttu sér skýringar. -- Svona breytast hlutirnir. Ég, sem áður var á stöðugu rápi, er nú sá sem heima sit. --

Sigríður Dagbjarts. skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvk. 14.6.1981.

-- Okkur þabba þínum leið vel og sjá á eftir ykkur Ásu samferða. -- Þú skrifar svo skemmtileg bréf sem þú átt hrós skilið fyrir. Okkur þótti spaugilegt að þið skyldu fara á sama kínverska veitingastaðinn og við fórum á, eins og þeir eru margir þarna. Ég er líka svo stolt af að þú skyldir harka af þér og fara með Kerstin til Stokkhólms en ekki aftur til Osló. Þú hefur séð eftir því. --

Ásgeir hefur verið á Hrauneyjarfossi og komið heim um helgar. Nú, 17. júní, á hann að keyra sjálfur Lada-sportbíl með þrem öðrum strákum uppeftir á mánudag og svo kemur hann aftur keyrandi í bæinn til að hafa frí 17. júní. Þetta er nú meiri flækingurinn. Hann fór í morgun í gönguferð með Útivist til Þingvalla yfir Mosfellsheiði.

Dagur hefur verið hjá Birni Traustasyni en kemst líklega í hraðfrystihús Hvals í Hafnarfirði í kvöld. Hann varð heldur en ekki glaður að fá inngöngu í Menntaskólann í Hamrahlíð. Ég held að hann hafi hoppað hæð sína. Hann átti að mæta í gær og valdi *edlisfræðisvið*. Hann bjóst ekki við því. --

Þá er að segja frá mér: *Jag sitter och pluggar svenska dessa dagarna i Nordens hus*. Finnst þér ég ekki vera flínk? Ég byrja svo um helgina á námskeiði til undirbúnings Piteå-ferðinni. *Segir frá undirbúningi ferðarinnar.*

-- Þetta er ægilega gaman og ég var að segja við þabba þinn að þetta væri eiginlega það sem mig hefur langað til í 20 ár - að læra undirstöðu í sænskri málfræði og læra að tala sænsku. Ég veit sjálf hvað ég hef talað hana vitlaust og hvað ég kunni lítið til að babbla hana. Það er svo skemmtileg kona sem kennir okkur, Ingrid Westin.² Hún verður kennarinn okkar í málaskólanum í Framnäs, eins og staðurinn heitir þar sem ég verð. Piteå er næsti bær við Framnäs. Nú er ég í frímínútum --

¹ Tore Larsen (1942) þekktur RK-maður sem starfaði innan hjálparseita, en þar er RK mjög mikilvægur aðili. Stofnaði fyrirtækið *Scan Rescue* og hleypti ásamt RKÍ nýju lífi í sjúkraflutningaþjónustu og sem enn sér merki. Við höfðum snemma gott samband sem enn stendur.

² Ingrid Westin rannsakaði síðar breytingar sem hafi orðið á ensku blaðamáli *Daily Telegraph*, *Guardian* og *The Times* og gaf út rómaða bók um efnið.

Ég er farin að hlakka óskaplega til að fara til Svíþjóðar, sérstaklega ef við getum gert eitthvað saman --
Krakkarnir virðast horfnir af götunni, hvort þeir eru farnir í sveit, veit ég ekki. --

Allt gott að fréttu af ömmu þinni. Hún hafði óskaplega gaman af að heyra bréfið þitt lesið. Svo kom bréf frá Palla sem sagði hvað gaman hefði verið að fá þig og að þú værir dugleg. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 15.6.1981.

Segi frá atvinnuleit, ferðum Ásgeirs til og frá Hrauneyjarfossi þar sem hann vinnur hjá Landsvirkjun og blautum hrakningum hans um helgina í gönguferð frá Kolviðarhóli í Grafning. Dagur sagði upp byggingarvinnunni hjá Birni Traustasyni og er að byrja í Hvalnum. Hann kaus sér edlisfræðisvið í Hamrahlíðaskólanum, ætlar sér heilmikið, því hann valdi hraðferð í tveim greinum.

-- Maður er afskaplega stoltur yfir þér og sjálfstæði þínu að leggja svona land undir fót og vera óbangin í Svíþjóð. -- Ég vona að þú verðir dugleg og ef þú saknar okkar hér þá skaltu bara hugsa þér:

- a. pabbi í vondu skapi
- b. rigning
- c. sjónvarpið lokað
- d. allir að hlusta á sjónvarpið
- e. enginn heima í götunni
- f. að við séum að fá þig til að koma á málverkasýningar
- f. þú að reyta arfa í garðinum
- g. þú að bera fúavarnarefni á fjalir
- h. tiltekt í herberginu þínu
- j. ___ (fyllist út eftir vali).

Eggert Ásgeirsson skrifar Bob Pierpont. Rvík. 16.6.1981.

Segir rækilega frá starfi sínu, ástæðum uppsagnar o.fl. Ekki síst hafi það verið síðasti spretturinn í matstarfinu í sunnanverðri Afríku sem hafi verið álag sem veik stjórn RKÍ þoldi ekki. Segir frá skýrslu sinni um starf sitt. Sendir rauðakrossnál sem vin Bob langaði til að eignast.

-- Tell him that this is my pin, as I do not need it anymore! --

Friede Pálsd. Briem skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 17.6.1981.

Ávarpar hjartabarnið sitt og þakkar ferðasöguna. Segir frá þjóðhátíðardeginum. Ásgeir er við vinnu í Sigölduvirkjun og Dagur hjá Hval. í Hafnarf. Unnið er á átta tíma vöktum og vel borgað. Fékk bréf frá Fríðu Pálsdóttur í Osló sem gladdist yfir að hafa hitt frænku sína. Þá er verið að gera nýjan garðpall og unnu Eggert og Ásgeir við það þangað til hann fór í Sigöldu.

Segir frá því að Steinunn ömmusystir Auðar muni flytja til Benedikts Eiríkssonar, út á Seltjarnarnes þar sem hún fær séríbúð.

-- Pabbi þinn var að slá garðinn og Arnbjörn (Ingimundarson Sveinssonar) fylgdi honum hvert sem hann fór og talaði við hann, sem auðvitað heyrðist ekki fyrir hávaða --

Sigríður Dagbjarts. skrifa Elíasbetu Vestdal Abéla. 18.6.1981.

Auk almennra fréttu segir hún frá áhuga bekkjarsystra að hittast heima hjá Hallveigu Thorlacius. Hólmsfríður Gunnarsdóttir fól Sirrí að hringja í nokkrar, sem leiddi til að þær hittust 22. Var mikið gaman að hittast aftur.

-- Ég hef ekki hitt sumar í tugi ára. Það var mikið fjör í mannskapnum. Þarna var fjármálaráðherrann okkar, Ragnar Arnalds, og tók kvikmynd af okkur, en þau höfðu skipulagt leikatriði fyrir hverja einstaka -- og sagðist ætla að sýna okkur í 50 ára stúdentsafmælinu. Ég tilkynnti að þú ætlaðir að koma heim í sumar og þá ætla ég að húa í þær. -- Voru allar að spyrja fréttu af þér. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 21.6.1981.

-- Það er orðið nokkuð langt síðan bréf hafa farið á milli okkar, enda von þegar hægt er að grípa í síma og hringja á annarra kostnað. Því er nú lokið og verður þá að grípa til handavinnunnar. --

Af okkur er allt hið sæmilegasta að fréttu. Að vísu er nokkuð erfitt hlutskipti að vera atvinnulaus. -- Annars venst það eins og annað og jafnframt er maður brýndur til frekari átaka. En mikið er ég feginn að vera laus við

RK, þótt breytingarnar séu samt þungar. Ég er almennt í hinu besta skapi, þó ekki alveg í augnablikinu þar sem ég var að tala við fyrri samstarfsmann og bar á góma bull frá RKÍ sem heldur kom mér úr jafnvægi. --

Segi frá atvinnuleit, m.a. umsókn um störf erlendis.

-- Það er heldur tómlegt í húsinu hjá okkur. Auður bætir að vísu fjarveruna upp með skemmtilegum og tíðum bréfaskriftum. Á föstudag voru fimm bréf í póstinum frá henni. --

Mamma hefur það sæmlegt. Hún fitnar að vísu og gerist æ þungfærari, kannski einum of þegar hún fær sér drykk -- þegar lítið ber á. En ekkert er það í verulegu óhófi, þannig að við fettum ekki fingur út í það; hví má fólk aldrei láta sér líða vel eða skemmta sér þegar komið er á þennan aldur. Að vísu er hún dálítið leiðinleg þegar hún er undir áhrifum, en kannski er það sonur hennar sem er leiðinlegur þegar þannig stendur á. --

Ég vona að þið hafið það bærilegt í fámenninu, því sennilega eru börnin, Ingólfur og Fríða nú komin til Torrskog. --

Ásgeir Eggertsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Hrauneyjarfossi, 22.6.1981.

Kæra litla systir! Hér sit ég í mötuneyti Landsvirkjunar á Hrauneyjarfossi og er að skrifa bréf sem þú færð að njóta. Klukkan er 10.30 og margt manna er hér í kringum mig, sumir að lesa blöðin eða hlusta á útvarp, aðrir að spila *domino*.

Í dag, sem er mánudagur, var ég í vinnunni eins og venjulega. Ég lagði af stað í morgun klukkan 6.30 og kom ekki hingað fyrr en um 10 leytið. Þá fór ég strax að vinna í *labinu* (Laboratorium = rannsóknarstofa). Þar er ég að gera ýmsar tilraunir. Ég keyri um allt svæðið fyrir hádegi og tek sýni af ýmsum tegundum jarðvegs sem er notaður í virkjunina, bæði til að byggja stíflur (því ekki mega þær leka) og líka notaðar í steypu. Þegar búíð er að taka sýnin eru þau sett í sérstakt sigti sem sigtar allan jarðveginn og hann situr eftir í mismunandi stórum sigtum. Grjótið af sigtunum er síðan tekið og vigtað. Því næst er blað tekið og reiknað út hve mikill hluti af jarðveginum situr á hverju sigti. Niðurstöðurnar eru síðan sendar til ýmissa sérfræðinga sem ákveða hvort efnið er nothæft eða ekki. Þetta er nú vinnan mín í stórum dráttum, en einnig framkvæmi ég ýmiskonar tilraunir sem væri flókið mál að lýsa --

Þegar ég fór úr bænum í dag leið öllum vel. Pallurinn hjá ömmu er tilbúinn og er hún mjög glöð yfir því, en nú rignir svo mikið að hann er ekki nothæfur. --

Dagur er byrjaður að vinna í Frystihúsi Hvals í Hafnarfirði. Hann var alveg ruglaður í gær þegar ég vakti hann klukkan 3, um miðjan daginn, og hann þurfti að fara í vinnuna.

Hér er Dagný (*Halldórsdóttir*) frænka að vinna við að setja niður vélarnar í virkjuninni. Hún er búin að fá sér *permanent* og er öll orðin krulluð svo að ég þekkti hana ekki fyrr en eftir að ég var búinn að horfa lengi á hana. Hún biður áreiðanlega að heilsa þér.

Fleiri eru líka að vinna hér sem þú þekkir. Jórunn frænka er líka hér og einnig Finnur kærasti Dagnýjar.

Ég var að fá fréttir af því að ég fer til Þýskaland 12. eða 13. ágúst með um 30 öðrum krökkum úr skólanum. Ég á síðan einhverja daga þar til skólinn byrjar getur verið að ég fari til Oslóar og heilsa upp á Palla og co. ef hann verður ekki á einhverju flakkinu.

Hér er mikil rigning og verður maður að klæða sig vel í regngalla ef maður á ekki að blotna.

Nú hef ég miklu meira að segja en verð að láta það bíða betri tíma. Bið að heilsa ættingjunum. --

Sigríður Dagbjarts. skrifar Auði Eggertsd. Rvík, 22.6.1981.

-- Héðan er allt gott að fréttu. Það er heldur skrítið lífið hér á Bergstaðastrætinu. Þú í útlandinu, Ásgeir á Hrauneyjarfossi og Dagur í hvalnum. Þetta er ógurlega mikil vinna, átta tímar í einu, frá 4-12 á miðnætti, átta tíma hvíld, þá byrjar hann aftur. Sem sagt átta tíma vinna og átta tíma hvíld, en svo fær hann einn heilan dag frí í viku. Honum finnst hann vera orðinn hálfbruglaður vegna þess að hann er alltaf að fara í vinnuna og sefur á undarlegustu tímum. Hann fær líka mikið kaup fyrir og gleður sig yfir því. Hann fer á milli í Hafnarfjarðastrætó. --

Segir frá heimsókn Mike Smith, vinar úr Ameríska Rauða krossinum, skoðunarferðum um söfn og borg.

-- Mike rabbaði mikið við strákana um ljósmyndataekni og músikk. Tók í sundur sýningarvélina og sagði hvað að henni væri. Einnig kasettutækið, sem strákarnir sögðu að væri ekki með góðum hljómi. Hann lagaði það. -- Myndirnar sem þú tókst voru mjög góðar. --

Við höfum lesið bréfin þín fyrir ömmu Fríðu og eru það skemmtilegustu stundir hennar og okkar þegar bréf koma frá þér. --

Friede Pálsd. Briem skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 26.6.1981.

-- Erindið út í dag var að heimsækja Cillu Helgason frænku þína, en hún er nú á Rauða kross hótelinu að jafna sig eftir augnuppskurð -- fer vel um fólknið og það hefur það skemmtilegt ef það er bærilega frískt -- Þetta er nú verkið hans pabba þíns að þetta sjúkrahótel komst í gagnið, og þó að hann sé hættur þarna nú, þá er gaman að láta eftir sig ódauðleg verk, sem fólk sem er einstæðingar og enginn getur hjálpað, hefur þarna aðhlyningu og ánægju hvert af öðru.

Segir frá Cillu, búskap hennar og baráttu frá því að þau fluttu inn í torfbæ þar til nú.

Heyið var geymt í gömlum moldarkofa, sem var alveg kominn að því að hrynja, enda einn daginn þegar Cilla fór að svipast um var kofinn hrúninn. Hún fór að skimast um eftir drengnum sínum; loks heyrði hún eitthvert hljóð, þá var þetta sonurinn Jón, sem

hafði verið að róla sér, og þó hann væri ekki nema 5-6 ára heyrðist í honum; Cilla fór upp á þakið og í gegnum smá rifu sá hún í andlitið á elsku drengnum sínum - einkasyninum; það hann að hreyfa sig ekki, hún þyrfti að fá hjálp. Og þá hjálp fékk hún og hann var grafinn út úr öllu þessu, ekki slasaður en mjög dasaður. Og nú er þessi drengur bóndi á bænum, á indæla konu, eina dóttur og tvíbura, önnur kafinn í nefndum og alls konar trúnaðarstörfum.

En nú kemur að Cillu. Stundin rann upp að hún á að fara að mjólka; þá koma kýrnar á móti henni og ætla beinlínis að ráðast á hana. Hún var með skjólu í hendinni og það skrölti í henni; kýrnar halda að þarna sé kominn einhver erkióvinur, sem ætli að gera þeim illt. En það var mesti misskilningur, það var skröltið í skjóðunni sem þær misskildu og það espaði þær svo mikið upp á móti henni að þær beinlínis réðust á hana, enda skipti engum togum að Cilla lagði á flóttu. Og þetta er sá mesti flótti sem nokkurn tíma hefur skeð í Þverárhlíð. Enda lagði hún aldrei í það að mæta aftur í kofann með skröltandi skjólu. En henni búnaðist vel, byggði upp og byrjaði á íbúðarhúsinu, nokkuð sem enginn búmaður gerir; svo leið tíminn, fjós og hlaða byggð, landið ræktað og allt blessaðist. Þetta er -- um Cecilie Helgason - biskupsdótturina, frænku þína sem sótti hamingjuna í íslenska mold.

Þegar ég kom úr strætisvagninum á Barónsstíg hitti ég Hrólfr (*Einarsson Sveinssonar*) og einhvern vin hans. Og þeir voru svo óðamála að ég skildi þá varla, enda er Hrólfr nú búinn að missa allar framtennurnar - barnatennurnar - svo hann var mjög blestur - og svo töluðu þeir báðir í einu. En þeir voru í uppnámi yfir því að hann Gulli hefði farið fyrir hornið á Bergstaðstrætinu á tveim hjólum og það meira að segja beint fyrir bíl, sem var að koma úr hinni áttinni. Auk þess sem þeir voru dauðhræddir um líf sitt á hjólunum, héldu þeir að allt annað myndi fara í klessu. En það bjargaðist, allt nema skrekkurinn, og börnin gátu komið sér undan. En Gulli; hver var hann? Jú það var Gunnlaugur Þórðarson,¹ sem talinn er versti bílstjóri í bænum, en kannske líka sá heppnasti. Því alltaf hefur hann sloppið með líf sitt og annarra.

En þú kannast ef til vill við það þegar mamma þín var að flýta sér fyrir Tannlæknafélagið ofan í bæ, og var að sópa snjóinn af bílnum -- Gunnlaugur kemur þarna og segir við hana.

Heldurðu ekki að þú getir skotið mér ofan í bæ.

Segir þá mamma þín:

Ég held að þú værir nú fljótari gangandi, því ég verð svo lengi að hreinsa bílinn.

Gunnlaugur:

Ég held mig muni ekki mikið um að hjálpa þér við það, og svo brunum við af stað.

Og ekki hafði hann lokið setningunni fyrr en hann byrjaði að ólmast í snjómokstrinum af þaki og rúðum, og síðan settist hann inn í bílinn (ekki við stýrið) og þá segir hann við mömmu þína:

Hvað heitirðu annars?

Ég held að hún hafi svarað því. Síðan var brunað af stað með Gunnlaug; auðvitað í þveröfuga átt við það sem mamma þín ætlaði að fara. En hún skilaði honum heilum og höldnum í áfangastað.

En eitt verð ég að segja þér um Gunnlaug. Þú veist að Hilda ömmusystir þín býr við hliðina á honum. Einn dag kemur hún út á tröppurnar hjá sér til að dusta úr klút. Þá hittir hún unga stúlku, sem er með 2-3 plastpoka í höndunum út á Bergstaðastræti.

Stúlkan vindur sér að henni og segir:

Ég skil ekkert í þessu. Ég finn ekki sorptunnuna hans pabba. (Hann býr við hliðina á Hildu.)

Og Hilda fer að skyggast um og segir:

Ég er allt í einu búin að fá tvær sorptunnur; hefur verið mitt keppikefli síðan ég flutti í þetta hús á Bergstaðastræti 76 að fela mína; en nú eru þær allt í einu orðnar tvær.

Stúlkan, sem ég held að heiti Tinna² segir:

Já; en má ég setja ruslið í þína tunnu?

Hilda segir:

Já, alveg sjálfsagt, við lagfærum þetta allt seinna. Gerðu svo vel.

En tunnan stendur þarna enn. Var það Gunnlaugur sem þarna tók sér Bessaleyfi, af því að hann hefur svo fágaðan fegurðarsmekk, að hann vill ekki hafa slíkt fyrir augunum.

Það eru margir furðufuglar á Íslandi, og jafnvel í syðsta hluta Bergstaðastrætisins. En það er einmitt þetta sem gefur lífinu gildi að taka eftir sérvitringum og furðufuglum. Ég er svo hversdagleg að þó eitthvað sé furðulegt í kringum mig kem ég ekki einu sinni auga á það. Þetta er vöntun. --

Segir frá Smára, furðustrák í nágrenninu, sem kom í heimsókn til hennar, en hún gat ekki tekið við honum því allar stelpurnar í götunni, sérstaklega Helga Jónsdóttir,³ voru svo hræddar við hann.

-- Ef þú heldur að þetta sem ég hef verið að segja þér sé lygisaga, þá vil ég bæta við að hún er sönn. En kannske ekkert áhugaverð fyrir þig, sem ert að leggja út í lífið, og meira að segja að kynnast nýjum stofni Nesfólksins. Það er alveg dásamlegt; og reyndu nú að festa þér í mynni alla sérviskuna og sérkennin hennar Lóu. Hún er og verður alltaf einstök og gleymdu því aldrei að hún elskaði

¹ Gunnlaugur Þórðarson (1919-98), hrl. og listunnandi. sem bjó á Bergstaðastræti 74.

² Tinna Gunnlaugsdóttir, þjóðleikhússtjóri.

³ Helga Jónsdóttir Stefánssonar verkfræðings og Guðrúnar Sveinsdóttur, lögfræðings. Þau bjuggu þarna hlið við hlið og á móti systkinin, Guðrún, Einar frkvvstj. og Ingimundur Sveinsson arkitekt. Þau voru systrabörn við Sigríði Dagbjartsdóttur.

og dáði hann afa þinn, Ásgeir, og þess hef ég alltaf notið. Hún var mér svo góð, á meðan hún var og hét. Og skemmtilegri bréf en þau sem ég fékk frá henni, hef ég aldrei fengið. Stundum þótti mér jafnvel nóg um hreinskilnina, þegar hún tjáði sig.

Pabbi þinn og mamma eru boðin til Hjalta Geirs og Sigríðar Erlendsdóttur, sem nú hefur lokið prófi.¹ Og svo núna, einhvern næstu daga eru þau boðin til forsetans² -- Gangi þér vel að ráða við rollingana. --

Dagur Eggertsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 1.7.1981.

-- Eftir að pabbi og mamma höfðu kennt mér undirstöðuatriði þess að skrifa bréf ákvað ég að láta verða af því.

Eins og þú hefur kannski frétt er ég hættur að vinna hjá Birni³ og farinn að vinna í frystihúsi. Nánar tiltekið í hraðfrystihúsi Hvals h.f. í Hafnarfirði. Þetta er vaktavinna svo að ég verð oft að taka strætó úteftir klukkan 12 á miðnætti og fara að vinna.

Fyrst þegar ég kom þangað var mér fengin svunta, sloppur, gúmmíhanskar, ermahlífar og eyrnahlífar. Þegar ég hafði farið í þetta var ég látinn í að baða hvalkjötsbita sem höfðu verið í frysti og átti að fara að pakka.

Þegar ég hafði verið í þessu í tvo daga var mér fengið annað starf, en það var tvennt sem ég þurfti að gera í því starfi: Það var að setja hvalkjöt upp á færiband og hefta saman kassa fyrir hvalkjöt og rengi. En þegar tveir dagar höfðu liðið var ég settur í enn annað starf, og það var einmitt að pakka spikinu og renginu. Eftir aðeins þrjá daga í því starfi gripu örlögin í taumana. Til að geta pakkað spikinu og renginu þarf að skera það aðeins til, en þar sem ég er svo mikill klaufi með hnífa þurfti ég endilega að skera mig. Ég var keyrður í snarheitum upp á slysavarðstofu þar sem saumuð voru fimm spor í þumalfingurinn á mér.

Hérna heima er sagt að ég hafi gert þetta viljandi vegna þess að ég fékk tíu daga frí á launum. Þess vegna hef ég undanfarna daga sofið út og tekið lífinu með ró á daginn.

Á fimmtudaginn fór pabbi með mig upp fyrir Vífilsstaði og leyfði mér að keyra Escortinn hennar mömmu. Í fyrradag fóru pabbi og mamma aftur með mig, nú í sandgryfju inni við Elliðaárvoginn og var ég að keyra með þau þar fram og til baka í hálf tíma. Þó að þetta hafi lítið soldið bjánalega út, þá var þetta frábært.

Mamma er að fara að selja Escortinn og eftir að hún hafði auglýst í vísí þá hringdu margir.

Jenný (á Hvarfi) kemur í dag og er hún í húsmæðraorlofi og ætlar að gista eina nótt í þínu herbergi. Við erum auðvitað búin að hengja upp myndina hennar sem hún sendi okkur einu sinni.

Jæja, einn Hafnarfjarðarbrandara að lokum sem Ólafur Björgúlfsson sagði mér í morgun: Hver er munur á Hafnfirðingi og banana? Jú, bananinn þroskast he he. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 2.7.1981.

-- Jenní⁴ var hjá okkur í nótt. Hún er með konum úr Þingeyjarsýslum í húsmæðraorlofi og hafði eitt markmið með förinni til Reykjavíkur að fá tækifæri til að heimsækja okkur. Þær konurnar fóru til Bessastaða í þeim tilgangi að skoða kirkjuna. Þá varð Vigdís þeirra vör, bauð þeim inn, en hún var með boð fyrir einhverja útlendinga. Og þær urðu hrifnar konurnar; sögðu þetta ógleymanlegt - og tárudust. Það var sannarlega gaman að hitta Jenní. Mamma þín er með hana úti þessa stundina til að aðstoða hana eitthvað. --

Við förum á eftir í móttöku hjá Vigdís á Bessastaði og fáum tækifæri til að bjóða þá velkomna sendherra N-Kóreu og Kúbu. Hlýtur það að verða ósköp gaman. Við hittum Vigdís líka á laugardaginn var. Þá var Sigga Erlends að útskrifast kand. mag., sagnfræðingur frá Háskólanum. Var mikið um dýrðir heima hjá henni, mikið af bekkjarsystur og fjölskyldum þeirra. --

Landlæknir fól mér heilmikið verk í sambandi við sjúkraflutninga og verð ég að vera búinn með það fyrir 15. sept. Ég þarf sem sé að vinna af miklum krafti að því verki. Svo eru ýmsir að fela mér önnur verk og er það allt mjög gaman. --

Nú í augnablikinu eru þau Dagur og mamma þín úti á pallinum fína. Ég ætla að skreppa til Fróða og Steinunnar upp í Mosfellsuveit til að fá blóm handa Sigga Líndal sem á fimmtugsafmæli. Ætlum við til hans áður en við förum á Bessastaði. --

Friede Pálsd. Briem skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 5.7.1981.

-- Nú er mitt aðal- og upphaldsumræðuefni að tala um pallinn hérna út frá skrifstofunni minni, eins og hann hefur alltaf verið. En í dag fór eiginlega hálfgerð vígsla fram. Gott veður og grillað úti. Jórunn amma þín kom í partíð sem var um hádegis; það þurfti að vekja Dag, sem hafði verið alla nóttina að vinna, fór í vinnuna kl. 12 á miðnætti og vann til kl. 8 í morgun, svo honum veitti nú sannarlega ekki af hvíld. Svo var Ásgeir líka heima þessa helgi. Eftir matinn, sem tókst með ágætum, flatmögudu allir sem vildu, og nutu sólarinnar.

Á föstudaginn komu Ulla⁵ og Tomas⁶ til pabba þíns og mömmu, og fengu hádegismat sem mamma þín kallaði snarl, og þar var talað um þig, Kerstin, Katrínu, Katarínu, allt skemmtilegasta fólkið í Svíþjóð, og þótti mér sérstaklega gaman að hitta þau. Tomas er gamansamur og það var mikið hlegið. Enda rifjaðist margt upp sem þú hafðir sagt um Tomas, sem espaði þig upp í að vera

¹ Hjalti Geir Kristjánsson frkvtstj. og húsgagnaarkitekt. Sigríður Erlendsdóttir var að ljúka prófi í sagnfræði, varð svo háskólakennari og brautryðjandi í kvennasögu, einkum atvinnuþátttöku kvenna. Sigríður var bekkjarsystir Eggerts og þau bæði náid vinafólk og börn þeirra líka.

² Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands, var önnur bekkjarsystir.

³ Björn Traustason, velþekktur byggingameistari. Þar var hann starfandi um skeið.

⁴ Jenný Henriksen (1939), Hvarfi, Bárðardal. Þar voru strákarnir, einkum Ásgeir, í sveit.

⁵ Ulla Wennerström, tengdadóttir Lóu, og móðir fólksins sem Auður var hjá.

⁶ Tomas Schartau, lögmaður, vinur Ullu, og forvinur fjölskyldunnar í Svíþjóð.

*elak*¹, sem er alls ekki þitt eðli, en er mjög gaman að geta brugðið fyrir sig og látið allt flakka. Þegar við vorum búin að borða fór mamma þín í vinnuna, en pabbi þinn fór í sýningarferð með gestina út á Nes, heilsaði upp á Rúnu og Stínu,² og allt gekk ágætlega, nema bréfið sem Ulla skrifaði um ferðina hingað og er ekki komið fram, og eins er um fleiri bréf, sem ekki enn hafa komið fram.³ En Ulla sagði okkur aðeins góðar fréttir af þér, nema hvað rignt hefði mikið í Torsskog --

Segir frá því þegar sveitakonur að norðan, þ.á.m. Jenny á Hvarfi, sem Ásgeir hafði verið hjá í sveit, komu til að skoða Bessastaðakirkju. Vigdís sá til þeirra og bauð þeim öllum inn, þeim til ómældrar hrifningar og þakklætis.

Sigríður Dagbj. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 6.7.1981.

-- langt síðan við höfum heyrt frá þér. Ulla og Tómas komu til okkar -- Ulla sagðist hafa talað við Kerstin og var allt gott að fréttu. Þú værir orðin mjög góð í sænsku og mjög dugleg í vistinni og myndarleg. Þetta þótti okkur pabba þínum mjög skemmtilegt að heyra. Reyndar kom þetta okkur ekki á óvart, þegar Lára hringdi -- þegar við vorum að leggja af stað með Ullu og Tómasi -- í dagsferð um Fljótshlíð og Þjórsárdal og sagði að þú vildir koma heim. Við pabbi þinn fórum að hugsa málið og sögðum Láru að skila til þín, eins og hún hefur kannski gert, að við yrðum mjög leið ef þú gerðir þetta. Við þóttumst líka sjá að Fríða væri að hafa áhrif á þig, með því að hún álitur það skemmtilegasta sem hún getur hugsað sér. Lára er líka svo fljót að láta undan börnum, eins og við höfum talað saman um. Þau mega varla biðja um nokkurn skapaðan hlut, þá er tekið mark á öllu. Svo fórum við að hugsa málið -- ekki vildum við að þú værir þar áfram ef allt væri ómögulegt, sem okkur þótti nú heldur ósennilegt, svo við hringdum í Kerstin.

Það svaraði aldrei hjá ykkur. Loksins þegar við voru komin á Hvolsvöll náðist samband og Kerstin kom í símann. Það er eins og Ulla sagði - það er svo gott að tala við Kerstin, hún tekur svo skynsamlega á málum. Hún sagðist vita að bæði Fríða og þú yrðu leiðar við skilnaðinn, en svo væri það búið, þú værir orðin það skynsöm og ekki eins mikið barn og Fríða; vissir að allt yrði gott á eftir. --

Sigríður er með áætlun um Svíþjóðarferð og leggur fyrir hana áætlun um fyrirkomulag þess að þær hittust í Osló og Khöfn.

Segir frá áætlun um ferð til Akureyrar og að verða á Hvarfi og hitta Ásgeir og skoða okkur um í Bárðardal og nágrenni. Ætlar amma hennar að hugsa um Dag á meðan.

-- Hann er að verða góður í fingrinum -- Þeir bræður keyptu sér bakpoka saman og ætlar Ásgeir að vígja hann með Daníel vini sínum -- í gönguferð úr Hvalfjarðarbotni á Þingvöllum yfir Botnssúlur.⁴

Það var gaman að vera með Ullu og Tómasi.⁵ Lýsingin sem þú gafst af honum er frábær og passar alveg. Hann er mikill grallari, léttur og skemmtilegur og segir allt sem honum dettur í hug. Þau voru svo heppni að fólkið sem Tómas þekkir hér lánaði þeim heila íbúð til að vera í við Laugarásveg og líður þeim vel þar.⁶ --

Segir frá viðræðum Eggerts við bæjarstjórnann á Akranesi um vinnu. Einnig væri hann með tveggja mánaða verkefni fyrir landlækni um skipulag sjúkraflutninga og finnst þetta skemmtilegt verkefni.

-- Okkur finnst tómlegt hér í húsinu þegar Ásgeir er á Hrauneyjarfossi og Dagur sést aldrei nema þegar hann stingur sér í bólið og stekkur út í strætó með nestispakkann sinn, og þú í útlöndinu. --

Vinkonurnar vonast eftir bréfum og segjast hafa skrifað, en svo hafa þær farið sjálfar til fjarlæggra staða. --

Páll Ásgeirss. skrifar Eggert Ásgeirss. Osló. 9.7.1981.

-- lítið verður úr bréfaskriftum -- ríf þau í tætlur af því að þau eru ekki nógu andrík, geðug frjálssleg eða bara skemmtileg. Ef þetta bréf kemst af stað verður það varla af því að það uppfylli öll skilyrðin, heldur vegna þess að samviskan hefur tekið í taumana -- Nú er þetta bréf farið að verða eins og þú hefur stundum kvartað yfir, undarlegt og næstum - eða alveg óskiljanlegt --

Segir frá sumarferðlagsáætlun sinni en þau fara til Bergen að heimsækja Hrafnhildi vinkonu sína af Nesinu og Brynjúlfmann hennar sem var sendikennari þar. Síðan til Gotlands þar sem hann ætlar að starfa við afleysingu. Segir frá starfi sínu en hann er búinn að vera ár á Lovisenbergsjúkrahúsinu. Stingur hann upp á ýmsu sem ég geti tekið mér fyrir hendur: Sölu á alfræðabókum, silungsflytning, fjölrítun, byggingu smábúða, galleri, eftirprentanaverslun, kínversk reiðhjól og píanó.

-- Nú sé ég að ég hefði átt að stofna fjölþjóðafyrirtæki með þessu öllu. En svo stofna ég bara ekki nokkurn skapaðan hlut, nema hjónabönd og börn. Nú er aftur farið að slá út í fyrir mér; finnst þér áreiðanlega, þó að mér finnst ég eiginlega vera ansi sniðugur. --

¹ Vond.

² Systurnar frá Móum á Kjalarnesi.

³ Komu aldrei fram. Var hið undarlegasta mál, sem ekki upplýstist þrátt fyrir mikil bréfaskipti við Pósthjórna.

⁴ Þetta mun vera Leggjabrjótsleið.

⁵ Tómas Schartau var lögfræðingur. Voru þeir skólabræður pabbi Tómasar og vinir, Geir Zoëga vegamálastjóri og var samband þeirra náði alla tíð. M.a. hafði Geir gefið honum málverk, sem ég seinna hjálpaði honum að koma í verð.

⁶ Íbúðina átti Áslaug Geirsdóttir Zoëga (1926), æskuvinkona Rúnu í Móum.

Sigríður Dagbj. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 9.7.1981.

-- Þakka þér fyrir bréfin þín fjögur sem komu í gær. Þetta er eins og lygasaga þetta með pósthúsbúðunum til okkar. Eins og ég sagði þér í síðasta bréfi er langt síðan við höfum heyrt neitt frá þér. Svo þegar Ulla kom var hún alveg hissa að við skyldum ekki heldur hafa fengið bréf sem hún hafði skrifað 24. júní og sagt okkur hvenær hún kæmi til landsins.

Þá gerist það í gærmorgun að Auður Einarsdóttir hringir til pabba þíns og segist hafa heyrt einhvern ávæning í skrifstofu R.K. að í skrifstofunni (RK, Reykjavíkurdæld) á Öldugötu væri bunki af bréfum til pabba þíns. Þabbi þinn bað hana um að gangast í málið og um eftirmiddaginn kom Kalli (Hrist) með sextán bréf sem höfðu safnast þar saman.

Þegar ég fór í vinnuna í gær, þá hitti ég pósthreyfjuna - sem er að leysa af í sumarfrú - og sagði henni að það hlyti að vera eitthvað að pósthúsbúðunum því við vissum um heilmarga sem væru búnir að skrifa okkur, og við ekki fengið bréfin. Þá varð hún voða vandræðaleg og sagðist einmitt hafa verið að uppgötva þessa vitleysu. Hún hefði fyrir nokkru fengið miða þar sem var tilkynntur flutningur Eggerts Ásgeirssonar af Bergstaðastræti 69 í Nóatún 21. Þangað fór pósturinn aldrei, en af einhverjum ástæðum var hann sendur upp á Öldugötu 4 (Rvíkurdæld).

Þabbi þinn er búinn að skrifa yfirmanni póstsins bréf þar sem hann biður um að málið verði rannsakað. --¹

-- Amma þín sagði, þegar hún hafði lesið bréfin frá þér og að Kerstin hafi sagst ætla að kasta þeim út úr bílnum sem talaði: „*Ætli hún hafi erfð skapið hennar Lóu ömmu sinnar?*“

Ég sagðist halda að það hlyti að vera erfitt með svona marga krakka í bíl, sérstaklega Fríðu og Ingólf, sem ég hef sjálf verið með í bíl. Þau tala svo hátt og láta svo illa að maður verður að vera strangur við þau. --

Dagur var mjög áhugasamur að fara á vaktina í morgun, því hann átti að fá útborgað! --

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 13.7.1981.

Þakkar þrjú bréf sem komu til fólksins í húsinu, allir heima.

-- Menn slógu sér á lær yfir skemmtilegum bréfunum og mikilli sálfræði í þeim. Þú barst mikið lof á Dag fyrir frábæra bréfrítun, og það að sjálfsgöðu með réttu. Hins vegar er hann sjálfur fullur af vanmetakennd yfir stúlgáfu sinni, segist ekkert geta, nái illa tókum á bréfum og þar fram eftir götum. Svo það sem þú sagðir var góð og nauðsynleg hvatning. Ekkert er skaðlegra en vanmetakennd. Orð þín glöddu hann áreiðanlega.

Dagur var heima með kvef. Ásgeir fór með Daníel vini sínum í Hvalfjörð; ætluðu þeir á Botnssúlur, en þær voru skjýjum huldar og fóru þá um Leggjabrot til Þingvalla. Tjölduðu og fóru að Mjóanesi, hittu þar fólk og tóku þátt í smalamennsku með því.

-- Sjálf vorum við mamma þín á sama tíma með kíkinn og vorum að skoða Mjóanesið handan vatnsins, sáum ekki Ásgeir, ekki nógu skarpskyggn. --

Vorum í sumarbústað Helgu Ingimundardóttur (móðursystur Sirrjár), reyndum að veiða á stöng en lögðum net og fengum góðan afla. Fórum líka í sumarbústað þeirra Ólafs B. Thors og Jójó, en bústaðurinn skemmdist illa í óveðri og þarf að endurbyggja. Óli vill það heldur en nýjan bústað, enda á hann æskuminningar þaðan.

-- Þar á eftir hittum við Björn Björnsson, doktor og prófessor (Bússa) í guðfræði og Svaní þar sem þau voru að ræða við kunningja sinn sem Jóhannes heitir. Jóhannes á sumarbústað í Grafningi og ætluðu Bússi og Svaní að heimsækja hann og bönkuðu upp á þar sem þótti líklegt að hann byggi, þóttust þekkja bílinn. Þá kom auðvitað bláókunnugt fólk til dyra, hissa og hvumsa. En þegar þau höfðu hrakist til baka kom Jóhannes og stóðu þau þar og töluðu saman, þegar við komum.

Bússi og Svaní höfðu farið með dóttur sinni í *útilegu* en rétt komið við hjá Siggu og Dadda (Sigríði Jónatansdóttur og Þórði Þorbjarnarsyni (*borgarverkfræðing*)) en fóru ekki lengra og gistu þar. --

Fór með Ullu og Tómasi til að sjá hvalskurð í Hvalfirði, sem þótti ævntýrlegt. Var skemmtilegt að hitta þar Árna Geir Pálsson blóðugan við hvalskurð.

-- Við fórum að sjálfsgöðu þangað í heimsókn einnig og höfðum mikla skemmtun þann tíma sem við stóðum við. Húsið fullt af gestum. Sigga stóð við að smyrja heilhvítbraud í eldhúsinu og rista niður tómata og gúrku; gestirnir inn í stofu að tala um biskupskosningarnar, að sjálfsgöðu, því Bússi vissi allt um þær.

Við þorðum illa að standa við, því á leiðinni höfðum við hlustað á söguþátt í útvarpinu sem fjallaði um hörmungar sumarbústaðalífsins, en þær virðast samanstanda af óslitnum straumi gesta sem *droppar* inn. Þá skildist okkur til hvers inngarðurinn hjá Helgu er og hvers vegna á honum eru þessar geysistöru dyr. Auðvitað til að hægt sé að aka þangað inn bílnum og láta líta svo út að enginn sé þar heima.

Eftir að við höfðum gert brauðsneiðunum góð skil, klappað hestinum sem Jónatan (*sonurinn*) er með þarna hjá sér og hvatt, þegar við sáum að engar frekari veitingar væri að fá, héldum við áleiðis í bílastrollunni til bæjarins og hittum strákana fagnandi, að vísu var Ásgeir mjög þreyttur, engan veginn glaðlegur, en hann jafnaði sig fljótt.

Já, nú veit ég að þú ert orðin svartsýn og heldur að ég gleymi biskupskosningunum. Jú, það fengust engin endanleg úrslit. Ólafur Skúlason fékk langflest atkvæðin, vantar bara tíu upp á löglegan meirihluta. Næstur var séra Pétur Sigurgeirsson á Akureyri og

¹ Ég sá eftir á að ég fór ekki rétt að. Ég óskaði eftir, en kærði málið ekki. Þetta var mjög dularfullt en ég geymi með mér skýringar. Þóttist vita að starfsmaður RKÍ hefði sett sig í samband við Reykjavíkurdæld RK, sem var lítið annað en kvenndadeild, og starfaði eftir öðrum reglum; reglum góðgerðarfélags kvenna, en ekki heimshjálparsamtaka. Þessa brotalóm RKÍ tókst ekki að bæta, ég hvarf á braut, og lengi við lýði eftir því sem eftirmenn mínir sögðu mér. Enda hafa mannaskipti í þeirri stöðu verið býsna tíð.

þriðji séra Arngrímur Jónsson. Mér líst allvel á þetta og held að Ólafi lítist líka vel á það, því hann kom hingað um daginn á 70 ára afmæli biskups, leit inn í garðinn til okkar; og ég las út úr svipnum á honum:

Ja, ekki er nú nágreinnið slorlegt!

Nú á að kjósa aftur um þessa þrjá, en nokkrir fleiri fengu atkvæði. Svo líklega flytur séra Ólafur hingað í haust og blessuð biskupshjónin flytjast brott með kettinum sínum hlaupandi á eftir.¹ --

Segi frá heimsókn Ullu Wennerström og vinar hennar Tomas Schartau. Þau bjuggu á Glänne, voru góðir vinir Auðar sem hún hafði kynnst í sumarðvölinni ári fyrr og átti eftir að kynnast enn betur enda var hún mörg sumur hjá börnum Ullu eða við sumarstörf í Karlstað.

Ásgeir Eggertss. skrifar Auði Eggertsd. Hrauneyjarsfossi. 16.7.1981.

-- Hér gengur allt sinn vanagang uppi á hálandinu. Veðrið er fallett en alltaf jafn kalt. Það bætir þó úr skák að ég er mest að vinna inni. Það helsta sem er í fréttum af mér að um síðustu helgi gerðist ég útilegumaður og kleif fjöll og firnindi. Ég gekk með piltungu sem ber nafnið Daníel, en hann var að vinna með mér í Soginu og er að vinna hérna við járnsmíði. Já við gengum sem leið liggur frá Hvalfirði (sem ég vona að þú vitir enn hvar er, þú manst lyktina) og yfir til Þingvalla. Ferðin gekk mjög vel og hrepptum við gott veður alla leiðina. Um kvöldið sváfum við á Þingvöllum. Það var margt fólk og fylgdi því mikil læti. Mér tókst ekki að sofna fyrr en um hálf þrjú. Eitt sinn vaknaði ég upp við það að einhver maður var að lemja strák sem hafði verið að reyna að stela úr öðru tjaldi. Strákurinn grenjaði svo svakalega að fólk hlýtur að hafa vaknað allt í kring.

Þá um kvöldið á Þingvöllum vorum við að elda matinn. Þá komu tveir litlir strákar til okkar og vildu endilega sjóða matinn fyrir okkur. Við tókum því með þökkum og suðu þeir hinn besta mat, pylsur, kartöflustöppu og bakaðar baunir. Annar strákurinn sagði að pabbi sinn hefði verið á kokkaskóla og hann hefði kennt sér að sjóða ókekkjaða súpu; sauð hann svo fyrir okkur ókekkjaða súpu. Hann sagðist verða mjög móðgaður ef við kláruðum ekki allan matinn.

Næsta dag fórum við í Sogið og hittum gamla kunningja. Þar lentum við í mikill smölun og þurfti ég að hlaupa upp um fjöll og firnindi. Síðan fórum við í sund og svo keyrði Helgi í Soginu okkur Daníel í bæinn. Þar gafst mér fyrst tími til að lesa bréfið þitt til mín og sem ég þakka mjög vel fyrir. Vonandi hefur þú ekki eytt miklum tíma í að skilja það sem ég er að gera hérna, enda er það mjög ómerkilegt. Þann 13. ágúst fer ég svo til Þýskalands og verð þar til 30. þannig að ekki gefst tími til að koma við hjá Palla því skólinn er að byrja. Sjáumst 30. ágúst. --

Friede Pálsd. Briem skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 18.7.1981.

-- Pabbi þinn og mamma fóru í sumarfrí -- norður í land og ætluðu að gista tvær nætur á Hvarfi hjá henni Jenný. Hún gisti eina nótt í þínu herbergi þegar hún var í orlofsferð húsmæðra, í snjóhvítum buxum og fallettum jakka. Já, svona eru sveitakonurnar á Íslandi í dag, það er ekki að furða þó bændurnir beri sig ekki vel þegar konunum er hleypt burtu af bænum og þær stefna beint í tískuverslanir bæjarins. Þegar ég þekkti til fyrir svo sem 15 árum, fóru sænsku bændurnir strax á veitingahús í Khöfn, átu og drukku sér til óbóta. Þegar þeir komu heim sögðu þeir eiginkonunum að þeir hefðu alltaf verið að ræða vandamál bænda í Svíþjóð. --

Nú nýtur maður þess að líta til baka og rifja allt upp, þó það væri stundum ekkert skemmtilegt þá í augnablikinu -- verður allt svo mikils virði þegar maður sér það gegnum rósrauðu gleraugun sín.

Í dag er hvasst og kalt, en heitt inni hjá manni -- og nú bíð ég eftir að Dagur komi úr sundi og Ásgeir komi heim í frí. Á morgun vona ég að þeir borði hjá mér lunda, en á morgun hleypi ég heimdraganum og fer norður á Löngumýri með Dídí -- Ég er alltaf að skrifa minnisseðla, svo ekkert gleymist sem ég þarf að taka með mér, en svo týni ég seðlunum. Ja, Auður mín, það væri gott að hafa þig hér til þess að minna mig á, en þegar þú kemur heim og við hittumst að nýju, þá skal sú gamla sannarlega ekki hlífa þér.

-- Ég ætlaði eiginlega að fara upp á spítala til þess að hitta Helga bróður, sem er búinn að vera þar í 6 mánuði. --

Þakka þér hjartanlega fyrir bréfið sem mér fannst mjög skemmtilegt og vel skrifað. Þú ert kannske að komast á afturfararaldurinn, eins og flestir komast á þegar þeir fara í menntaskóla og þegar þeir verða læknað getur enginn lesið skriftina þeirra. Ég undantek þó hann Palla, en pabbi þinn skrifaði svo aldeilis aðdáunarlega vel þegar hann var lítill, svo fór hann að flýta sér og þá var búíð með fegurðarskriftina. --

Ég fór að heimsækja hann Helga, minn kæra bróður, en því miður er hann alltaf sami sjúklingurinn, líður ekki mjög illa, en getur ekki tjáð sig. --

En þegar ég kom úr heimsókninni til Helga, stóð ég á tröppunum og beið eftir strætisvagni, sem ég raunar kunni ekki vel á, svo ég segi við mann sem þarna stóð og var líka að bíða eftir vagni, að ég hélt. Þá er þetta utanbæjamaður, en af því að við Íslendingar erum svo fáir og kannske líka allir skyldir, segir hann mér að hann sé að bíða eftir frænkum sínum, sem ætli að sækja hann. Þá spyr hann mig að heiti og segi ég honum það að sjálfsögðu. En hann segir mér að þegar hann komi í bæinn fari hann alltaf á listsýningar, bæði á Kjarvalsstöðum og víðar, og segir hann mér að hann hafi oft séð mig -- úr þessu verður yfirmáta skemmtilegt samtal, sem endar með því að frænkur hans vilja endilega aka mér heim, sem þær gerðu og lítill skrákur, á að giska fimm ára, vildi líka endilega tala við mig., svo ég sagði honum að þetta nafn þætti mér mjög fallett -- og sagði honum að mér fyndist líka svo fallett leikritið um *Pétur og úlfinn*, og það þekkti hann, því mamma hans og pabbi hefðu sagt sér allt um það ævintýri. Þarna sérðu, Auður mín, hvað það er mikils virði að vera í fámennu þjóðfélagi þar sem allir þekkjast. Svo sagði gamli maðurinn, sem

¹ Ekki fór það svo. Í síðari umferð sigráði séra Pétur Sigurgeirsson. Séra Ólafur Skúlason tók svo við af honum, fór illa og hraktist úr embætti. Séra Arngrímur Jónsson, seinast prestur í Háteigskirkju, var í forystu *svartstakka*, íhaldssamra presta sem vildu taka upp forna siði.

beið á tröppunum að hann hefði þekkt Guðmund I. Guðmundsson sendiherra, sem var fulltrúi hjá honum Ásgeiri afa þínum, þegar hann féll frá og ég seldi honum lögfræðiskrifstofuna hans. Svo þetta vað mikill fagnaðarfundur. Svona skeður ekki í Svíþjóð --

Þá biður hún Auði um að skrifa niður hjá sér allt hið merkilega sem hún upplifir og heyrir um það merka fólk sem hún er hjá, ekki síst Lóu afasystur sína.

Eggert Ásgeirsson skrifar Henrik Beer. Rvík. 23.7.1981.

Þakka fyrir meðmælabréf, fullt af óverðskulduðu hrósi sem hann þakkar fyrir. --

Sigríður Dagbjarts. skrifar Eggert Ásg. Framnäs. 4.8.1981.

-- Það hefur verið svo mikið að læra hjá mér að ég hef ekki komist til að skrifa. Var að hringja til Auðar og er hún aldeilis ánægð með lífið og allt sumarið, þegar hún lítur til baka. Hún segist til í að fara aftur næsta sumar og þá væri Katarina búin að bjóða henni að vera í Karlstad hjá sér.

Hér er gott að vera. Hópurinn hefur hrists vel saman og svo reynir maður að tala við Finnana, sem eru sumir mállausir á sænsku. Ég hef sérherbergi en deili baðherbergi með tveim konum. Þórunni Theodórsdóttur og Guðbjörgu Ársælsdóttur, sem vinnur hjá Ferðamálaráði og er með Sylvíu og Láru í saumaklúbb.

Í gærkvöldi bauð mér maður úr stjórn Norræna félagsins hér í ferð um nágrennið og út á bát í skerjagarðinum, sem er alveg stórkostlegur. Það voru allir grænir af öfund þegar ég kom til baka og sagði þeim frá hvað ég hefði verið að gera. --

Nú bankaði finnsk vinkona mín á dyrnar og bauð mér upp á svalir og var með rauðvínsflösku með sér (þú sérð það á skriftinni). Hún er kennari að mennt, jafngömul mér, gift finnskum tannlækni og búa þau í Kemi. -- Mér finnst hún tala góða sænsku. Við höfum hist nokkrum sinnum Íslendingarnir, sem ekki þora að tala við Finnana og öfunda mig af henni.

Í kvöld ætla Guðbjörg að sýna mynd frá Íslandi -- Eftir skólann skruppum við Íslendingarnir til Piteå - margir fóru í *Systemet*¹ en ég keypti mér *mygg-olíu* og pils sem ég ætla að vera í á morgun, en þá er okkur öllum boðið til Luleå -- endum á *Stadshotellet*, með dansi fram á nótt. --

Vona sérstaklega að allt gangi vel hjá þér. Það liggur við að ég hafi áhyggjur yfir hvað mér líður vel hér. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjarts. Rvík. 4.8.1981.

Helgi P. Briem, móðurbróðir minn dó 4. ágúst og fórum við, mamma og ég til Dorisar.

-- Doris var æst og hálf rugluð. Ég var feginn að geta komið fyrir hana því viti að vera ekki að auglýsa látið fyrr en eftir að búið væri að ná sambandi við börn Sylvíu, en þau voru út um hvippinn og hvappinn og hafa sennilega ekki komið heim fyrr en í gærkvöldi -- Ég fór svo og tók á móti þeim Magnúsi, Sylvíu og Sænni sem höfðu haft ánægjulega ferð. Þau voru mjög svo kvíðin fyrir að koma heim því þau áttu allt eins von á að allt færi í bál og brand (eins og venjulega). Doris er full ásakana fyrir að þau skyldu fara. -- Til viðbótar því sem við höfum áður heyrt um ósamkomulag þá gengur hún fram af börnum Sylvíu, þannig að þau forðast hana á stundum. Hún er því ánægðari með fólk sem það er fjarlægara, metur öll smáviðvik ókunnugs fólks meira en það sem gert er daglega af hinum nánustu. Svo eyðir hún fé á óskiljanlegan hátt og er með stöðugar hótanir um að gefa allt sem hún á, t.d. frændum sínum á Bretlandi eða jafnvel ókunnugum.² Svo það er ekki nema von að þau væru kvíðin að hitta hana. Já ekki er allt gott sem maður fréttir.

Allir eru fullir aðdáunar fyrir hvað Doris stendur sig vel. --

Við Ásgeir vorum boðnir til mömmu að borða í gær og hlustaði ég þar á miklar harmatölur Dídíar af óveðrum, skorti á stórum handklæðum o.s.frv. Þá fóru þær rækilega yfir sögur af séra Tómasi, sem var með þeim á húsmæðraorlofi á Löngumýri. --

Segi frá ánægjulegu samtali við Ólaf Ólafsson landlækni vegna sjúkraflutningaverksins, sem ég hef með höndum.

Einnig glaður yfir að Hans Höegh³ hringdi til mín.

Friede Pálsd. Briem skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 5.8.1981.

-- Þakka þér hjartanlega fyrir kortið og myndina frá Gotlandi -- Ég ætlaði einu sinni þangað í flugvél með afa þínum, það var árið 1928; ég hafði aldrei flogið og kveið svo mikið fyrir að ég varð alveg lystarlaus, sem aldrei skeður. Við vorum í Stokkhólmi hjá Lóu, og þegar búið var að panta far báðar leiðir, kom upp úr kafinu að viðstaðan var aðeins 2 klst. og það fannst okkur öllum of stutt viðstaða. -- Þegar hætt var við ferðina kom lystin aftur og hefur aldrei horfið síðan. --

Segir af orlofsferð að Löngumýri í Skagafirði, góðri fararstjórn séra Tómasar Sveinssonar.

Gleðst yfir dvöl Auðar á Gotlandi með Palla, Fríðu og Ingólfi, börnum hans. Þau eiga von á Láru, Hrafnhildi Sigurðardóttur og börnum hennar Ragnari og Ólöfu sem séu góðir krakkar.

-- Ekki er nema rúm vika þar til Ásgeir fer í ferðalagið til Suður-Þýskalands með 30 bekkjar- og skólafélögum. Enginn kennari með, heldur fá þau þýskan fararstjóra --

¹ Áfengisverslunina.

² Um skeið man ég að hún vildi arfleiða Birnu Hjaltested, vinkonu sína, er áður hefur verið minnst á.

³ Formaður Rauða kross Noregs og síðar aðalritari League of Red Cross Societies.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásg. Framnäs. 5.8.1981.

-- Þetta hefur verið viðburðaríkur dagur. Byrjaði með kennslu í morgun úti, í sól og hita. Kl. eitt var boðið í ferð til Luleå (60 km.) og gamli bærinn skoðaður og kirkjan frá 1492 og kirkju „*stugorna*“ (500, sem er mjög sérstætt hér í Norrbotten). Hér kom fólk langar leiðir til að sækja kirkju og þurfti að gista einhvers staðar, byggði lítil hús í námunda við kirkjurnar, þar sem hver fjölskylda hafði sitt herbergi. Það er stórmerkilegt að sjá öll þessi litlu, rauðu, snyrtilegu hús í þéttri þyrpingu, óskipulega staðsett, þétt, hvort upp að öðru. Þau hafa svo haldist í eigu sömu fjölskyldnanna síðan og notuð á sama hátt enn í dag. Nú kemur fólkið ekki eins oft, aðeins á stærstu hátíðum og fær styrk til að halda húsunum í góðu lagi.

Íslenski hópurinn hafði sérstaklega óskað eftir að fá að sjá heimilisíðnað. Vorum við tekin afsíðis og boðin velkomin með sérstakri kveðju frá Ragnar Lassinanti og afhentar gjafir frá honum, en hann er uppi í Tornedalen að ná sér eftir veikindi. Okkur var boðinn 30% afsláttur af öllu. Þá var haldið í *residensid*¹ þar sem okkur var boðið upp á veitingar. Finnunum var ekki boðið og þótti mér leiðinlegt að gera svona upp á milli hópsins. Ég fékk þá skýringu að landshöfðinginn vildi sérstaklega þakka Íslendingunum fyrir góðar móttökur þegar hann hefur komið til Íslands. Þar tók sonur hans á móti okkur. Þegar við vorum að labba út varð mér rétt lítil íslensk krús úr hraungrýti og sagt að ég yrði að afhenda honum - það gæti enginn annar. Það var hræðilegt, en gekk slysalaut. Svo bauð Luleå *kommun* upp á kvöldverð og dans á *Stadshotellet*. Var ég að koma þaðan kl. 3.45.

Eins og ég sagði þér í síðasta bréfi þá hef ég eignast hér mjög góða og skemmtilega finnska vinkonu og sat ég með henni og fleiri Finnum við borð. Misstum við af bússinum kl. 11 og tókum þann næsta sem fór kl. 1. Sátum við á barnum og höfðum það skemmtilegt.

Á morgun býður *Piteå kommun* heim og einnig ferð um bæinn. Það er eiginlega komið afmælið þitt núna. Þó mikið sé að gerast hér og skemmtilegt, þá hugsa ég mikið til þín og ykkar allra heima. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjarts. Rvík. 6.8.1981.

Þakka 52ja ára afmælisóskir. Mamma ætlar að halda afmælisboð fyrir þá Ásgeir, Dídi og Sigríði Tómasdóttur, frænku þeirra. Dagur fær afganga þegar hann kemur af vaktinni í Hvalnum og getur verið með við kistulagningu Helga frænda þeirra, sem verður jarðaður þann 10. á afmæli Auðar. Sendi grein sem ég skrifaði um Helga í Mbl.

Segir líka frá sjúkraflutningaverkefninu og skrýtnum viðbrögðum heilbrigðisráðuneytis v. starfsumsóknar, sennilega vegna þess að einhverjir ráðuneytis- eða landlæknismenn hafa áhuga á stöðunni.²

-- Ég hef verið að útvega Helga legstað í gamla kirkjugarðinum við hliðina á ömmu og afa, innan grafreits Helga Hálfánarsonar og Þórhildar Tómasdóttur. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásg. Framnäs. 7.8.1981.

-- Nú var ég að koma úr boði hjá skólastjórahjónunum, Jalla og Berit, þau buðu íslenska hópnunum í mat og Berit spilaði á píanó: *Ríðum, ríðum*. Hún var á málanámskeiðinu í sumar og sýndi litskyggjur, sem hún hafði tekið, mjög skemmtilegar og mundi öll nöfn á fjöllum, fossum og bæjum. Síðan afhentum við þeim gjafir. Elín Vilmundardóttir þakkaði fyrir hópinn -- ætti eiginlega að vera leikkona.-- Þegar heim kom fórum við í *Röda rummet*. Þar er dansað og sungið - og drukkið - á hverju kvöldi fram á nótt. Eru sumir stundum ansi framlágir morguninn eftir. Þar hitti ég Liisu vinkonu mína og fórum við upp til hennar og höfðum það huggulegt. Við leiðréttum hvor aðra óspart í sænskunni, en hún talar ágæta sænsku. -- Á sunnudagskvöld ætlum við að hafa "*Íslandskvöld*" fyrir Finnana, bjóða í kaffi og pönnukökur, sýna íslenska muni og syngja. Við erum vel sett með forsöngvara sem Guðlaugur Tryggvi Karlsson er, en hann er kaflí út af fyrir sig sem ég segi seinna frá. Þau hjónin muna eftir að hafa keypt barnarúmið af okkur og sögðu strákin þeirra nota það enn.

-- Kveðja til allra og vona að þið hafið það gott. Mér finnst mikill lúxus, nýt hvers dag, og finn að ég hef gagn af þessu. -- að vera hér

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Rvík. 9.8.1981.

Ásgeir er kominn úr vinnunni, ánægður, fékk ádrátt um vinnu við næstu virkjun næsta sumar og hækkar um tvo launaflokka við stúdentsprófið.

-- Við Dagur fórum til móts við Ásgeir á Selfoss -- Við fórum -- í alveg dásamlega leið upp Rangárvelli, hjá Stóra-Hofi að Keldum -- Við ókum inn eftir Fjallabaksvegi syðri og yfir Rangá hjá Reynifelli undir Þríhyrningi. Ókum næstum að bænum, en fannst hann búskaparlegur, snerum við og tjölduðum niðri við ána hjá brúnni. Þegar við vorum að borða kom fjölskylda akandi frá bænum og spurði okkur hvar í veröldinni þau væru stödd. Einhver hafði frætt þau um að bærinn væri í eyði og hefði verið í fimm ár. Svo við fórum að bænum og skoðuðum hann í kvöldkyrrðinni, alveg dásamleg reynsla. Að vísu var íbúðarhúsið, gamalt timburhús, lokað, sennilega notað fyrir sumarbústað, eða einhvern sem nýtti það; kannski er það maðurinn sem við hittum í réttinni við Þverá í Fljótshlíð.³ Öll önnur hús voru torfhús og flest í góðu standi, allt eins og gengið hefði verið út þaðan í vor. Sem

¹ Landshöfðingjabústaðurinn.

² Það reyndist rétt. Þetta mun hafa verið staða frkvst. Hollustuverndar sem Örn Bjarnason, kunningi minn, sótti um og fékk og stóð við í sex ár.

³ Þetta er sennilegt; seinna hittum við þennan mann aftur þegar við fundum Kollabæ í Fljótshlíð, þar sem Ingibjörg Eiríksdóttir, sýslumanns Sverrissonar, langamma mín, var fædd. Sagði hann okkur um sögu bæjarins og hörmuleg afdrif hans þegar Reynifell lenti í höndum svonefndra hestamanna. Einkenni þeirra er ofbeitt og hirðuleysi. Er við komum síðar að Reynifelli voru hross búin að troða niður og eyðileggja

sagt, ekki fornleifar. -- Það var stórkostlegt að koma inn í stóra torfhlöðu með frumstæðri súgþurrkun, fimm metrar undir loft. -- fuglamergð úti og inni; sauðfé allt um kring. Mig langar til að fara með þig þangað við tækifæri.¹ Þar er áreiðanlega margt fornra muna. Reiptöglin voru þar í húsunum, eins og þeim hefði nýlega verið fleygt á gólfid. Því miður voru þau að fúna. --

Þaðan fórum við að Gunnarsholti og upp svokallaðan Hekluveg sem liggur að Næfurholti. Sá vegur er einn þessara skemmtilegu gömlu vega, sem eru að hverfa, niðurgrafnir, fuglarnir fljúga langtímum saman á undan bílnum; rjúpur og lyng. Ég fór þarna um fyrir mörgum árum - þá var allt upp að blása. Nú er allt gróid svo langt er augað eygði, holdanaudahjarðir um allt. Á stað komum við þar sem vindmylla var og dældi vatni í þró. Á stélið á myllunni var ritað *Southern Cross*, líktist umhverfið Texas; nautahjörð, bölvandi, stæðilegir bolar, sem lögðu á flötta þegar við komum út úr bílnum og öll hjörðin létt á sér. Það er stórkostlegt að sjá fótfráar beljur. Bolarnir eru eins og þeir í Barcelona, reistir, hreint ekki á því að ráðast á okkur, þó óárennilegir væru. Þóttust vera óhræddir, gengu rólega í burtu, með reistan kamb og sama svip og *piccadillo* sem þykist ekkert vita um hættuna fyrir aftan þá. --

Síðan ókum við niður Landsveitina, sömu leið og fyrst, fórum heim að Hjallanesi, hjá Kaldárholti og Herru² og heim. -- Það var gott að koma heim. Mamma er nú alveg hætt að veita vín, Dídí auminginn fær ekkert að drekka á sunnudegi í hádeginu. --

Á morgun verður jarðarför Helga og eiga strákarnir að bera hann. Ég hef verið að tala við Sigga Líndal vegna uppsiglandi erfiðleika vegna Dorisar og sýnist mér málið eiga að geta leysts. Doris er viðráðanleg sagði Álfheiður Sylvía áðan. --

Mamma gengur upp í öllu þessu, er látlaust í símanum og reddar mörgu. -- Verður skrýtið að kveðja Ásgeir.³ --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Eggert Ásg. Framnäs. 10.8.1981.

-- Þakka minningargreinina um Helga, sem mér fannst mjög góð. Degi þakka ég fyrir kveðjurnar. -- Gott að allt gengur vel heima, án mín. --

Í kvöld vorum við í veislu sem Ragnar Lassinanti⁴ hélt okkur Íslendingum -- Það var mjög gaman að tala við hann. Sagðist hann hafa kynnst Stefáni Jóhanni Stefánssyni um 1952 þegar hann var forsætisráðherra. --

Á morgun verður svo veisla sem norræna félagið í Piteå býður Finnum og Íslendingum í og verður þar *surströmming*⁵ á borðum. Það gretta sig allir Svíar þegar maður spyr hvernig hann sé á bragðið.

Nú er farið að síga á seinni hluta námskeiðsins og mikið *spekúlerað* í ferðinni í lokin til Rovaniemi. Næsti næturstaður verður Salla, nálægt finnsku og rússnesku landamærunum. Á leiðinni verður stoppað í Kemi, þar sem Liisa, sem ég er mest með hér, er búin að bjóða hópnum heim í kaffi. Anna Einarsdóttir hjá Máli og menningu er að skipuleggja ferðina ásamt Pelle Flygare -- Ég gleymdi að segja þér að í gær fórum við í ferð hér til *Storforsen*, sem er stórt útivistarsvæði með stórbrotnum fossum, flúðum og klöppum þar sem fólk liggur í sólinni og borðar nestið sitt. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 12.8.1981.

Segir skrítið að hún sé á leið heim og jafnvel komin í samband við mömmu sína.

-- Nú er Ásgeir af krafti að undirbúa ferð sína til Þýskal. og hefur heilmikið að gera, fer í erindi fyrir heimilið og léttir um leið mjög á mér. Nú er hann að útrétta fyrir Dídí en sjónvarpið hennar bilaði og var hún komin í rimmu við ýmsa út af málinu -- Í gær var hann á fundi með samferðafélögum sínum.

Jarðarför Helga frænda fór hið besta fram á afmælinu þínu í fyrradag. Jarðarförin var frá Dómkirkjunni og prestur séra Hannes Hjartarson, bróðir Jóns leikara. Þeir Helgi höfðu verið saman í Frímúrarareglunni, einhverju ágætu leynifélagi. Flutti hann óvenju góða ræðu og var einstaklega þægilegur, t.d. laus við predíkunartón eða mærd. Við fórum saman, strákarnir, amma þín Dídí og Áslaug Skúladóttir. Hún hafði unnið lengi hjá Helga bæði í Stokkhólmi og Bonn, var hér í sumarleyfi og frestaði brottför sinni til Stokkhólms. -- Mér hafði tekist að ná í Árna Geir í Hvalstöðinni um morguninn. Átti hann frívakt og kom í bæinn og sat hjá okkur. Svo þetta var myndarlegur flokkur.

Á eftir var farið upp í Suðurgötukirkjugarðinn, en mér hafði eftir mikið starf tekist að útvega grafsvæði í leiðinu við hliðina á langömmu þinni og langafa, Páli Briem og Álfheiði, í leiði þar sem langalangafi þinn og langalangamma, Helgi Hálfánarson og Þórhildur Tómasdóttir (Sæmundssonar) eru jörðuð. Við vorum steinhissa á langri bið í kirkjugarðinum, hún reyndist vera vegna þess að Doris hafði heilsað öllum kirkjugestum og myndaðist slík biðröð að menn fengu jafnvel bágð yfir hve lengi þeir voru í

öll torfútihúsin og geymslur. Fagur staður eyðilagður. Þegar móðir mín, Friede, var í sveit í Odda var hún send með póstin þaðan og hitti þá Sigríði á Reynifelli, göfuga bóndakonu, en að ég held barnlausa; dásamaði göfuglyndi hennar alla tíð síðan.

¹ Við fórum þangað oft, tjölduðum við sömu réttina eins og við höfðum gert áður, þar til allt var niðurnítt.

² Dagbjartur móðurafi strákanna er frá Hjallanesi á Landi, Jórunn amma þeirra frá Kaldárholti í Holtum. Fríða Helgadóttir, fyrrnefnd vinkona fjölskyldunnar, var frá Herriðarhóli; borið fram: Herra.

³ Fór í fimmtubekkjjarferð til Þýskalands.

⁴ Ragnar Lassinanti (1915-1985) stjórnmalamaður, þá landshöfðingi í Norrbotten. Hann var áður vinsæll ríkisdagsmaður. Við formannskosningu sósíaldemókrataflokksins fékk hann næstflest atkvæði á eftir Tage Erlander forsætisráðherra. Ferillinn var margbrotinn, en hófst í lögreglunni. Hann var vinur Ívars og Lóu Wennerström. Ég hef minnst á það áður að er hann var á norrænum fundi á Hótel Loftleiðum eitt sinn, var hringt í mig og ég beðinn um að hitta hann. Kom í ljós að vinátta þeirra Lóu var svo rík að hann vildi ekki annað en að hitta mig, frænda þessarar merkilegu konu, sem hafði haft áhrif á sig. Framnäs námskeiðin munu hafa byrjað að frumkvæði Ragnars, en hann vildi efla þekkingu Finna á sænsku máli. Og einhvern veginn blandaðist Íslands inn í málið.

⁵ Ekki lýsir hún bragðinu á þessum rétti, er sagt var að hefði verið ástæða þess að Svíar voru sigursælir í styrjöldum. Þeir þurftu ekki annað en að opna niðusuðudósir með *surströmming*, bólgna af gerjun, sem gýs er þær eru opnaðar. Þetta er þjóðsaga. Aldrei hef ég smakkað þennan rétt, en sem sögð er manndómsraun að bragða á og kyngja.

jarðarförinni þegar þeir komu aftur til vinnu sinnar. Í kirkjugarðinum báru kistuna, auk Ásgeirs og Dags, Magnús Pálsson, Sæmundur bróðir hans, Helgi, Palli, Dollí og Jónas sonur Bergljótar, nýkominn frá Sviss. Þegar í kirkjugarðinn kom skein sólin svo að þar var mjög fallett og hjálpuðu Dagur og Ásgeir við að koma kistunni í gröfina ásamt tveim svokölluðum líkmönnum. Þeir héldu sem sé í spottann (kaðalinn) öðrum megin.

Á eftir var farið í Þingholt, þar var eins og Helgi hefði viljað, mjög skemmtilegt og góðar veitingar. --

Biður þær að flýta sér ekki heim og reyna að hafa það skemmtilegt.

Friede Pálsd. Briem skrifar séra Tómasi Sveinss. Rvík. 12.8.1981.

Þakkar honum fyrir góða stjórn hans og Maríu á sumarbúðunum á Löngumýri, frjálsslyndi hans, innileik, myndni og kæti.

-- Fyrir þetta þakka ég innilega og einnig kveðjur frá ykkur vegna láts Helga bróður míns. Ég fékk þarna bænheyrslu. Daginn eftir heimkomuna þyngdi Helga allt í einu og mér var veitt sú blessun að fá að sitja hjá honum til miðnættis með Dorisi, konu hans, og Þórdísi, en hann kvaddi þennan heim um nóttina. -- Eftir langan og gifturíkan dag, fékk hann legstað hjá foreldrum og móðurforeldrum í gamla kirkjugarðinum. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Rvík. 13.8.1981.

Er farinn að hlakka til að fá þær mæðgur heim frá Svíþjóð. Þakkar bréf sem koma eins og skæðadrífa. Segist hafa verið að tala við Guðmund Sveinsson skólameistara í Breiðholti um kennslu í heilsuvernd. Er líka að ræða við Halldóru Thoroddsen, frkvstj. Krabbameinssfél. Ísl. um eitthvert átak félagsins næsta ár.

-- Hér gengur húshaldið ágætlega. Mamma hélt Ásgeiri og mér veislu í gær og hafði soðinn lax. Svo beið hún með matinn tilbúinn þegar Dagur kom af vaktinni kl. 24. Var hann heldur ánægður.

Þetta var góð lexía fyrir Ásgeir, sem hefur tilburði til að telja verk eftir sér, að sjá ömmu sína enga fyrirhöfn spara fyrir hann eða aðra. --

Ásgeir er að fara til Þýskalands, var beðinn um að aðstoða dreng Maju Sigurðardóttur, Sigurð Andra, í ferðinni, en hann er stórskrítinn. Mátti sjá vandamál úr svip hennar þegar við sóttum hann og kvöddum.

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirsyni. Rvík. 13.8.1981.

-- bið þig að vera ekki feiminn að skrifa mér og vera ekki *selfkonsíus* þótt ég segði eitthvað í þá veru að bréf frá þér væru svona og svona. Ég átti eingöngu við bréf sem þú sendir mömmu; leiðréttist það hér með. Með bréf þín til mín er allt öðru máli að gegna. Því betra skapi, sem þú ert í, og því vitlausari sem bréfin eru, og því meira sem gammurinn geysar, þeim mun betra fyrir mig. Óformlegt betra en formlegt, tryllt betra en hátíðlegt, sundurlaust betra en inngangur-meginmál-niðurlag, bjána- betri en gáfna-stíll. Þó er allt þegið og skrifaðu nákvæmlega eins og þér þóknast - fyrir okkur hérna uppi.

Mamma virðist mér alls ekki þola sálfræði, Sólheimasögur, Móasögur o.s.frv. Hún vill vita nákvæmlega, ekkert þvaður. --

Velkominn úr sumarleyfinu. Þakka hjartanlega gestrisni og allt gott gert Auði. Vona ég að allt hafi gengið vel í fríinu og Lára þrífist vel að þér fjarverandi. Misréttið lengi lyfi. Konur allra landa sameinist og flytji búslóðir.

-- Ásgeir fór í morgun. -- Ók honum út á flugvöll og vildi hann að við vöknudum kl. 4.30, óskaplega spenntur, sá um alla hluti sjálfur, gjaldeyri, passa, pökkun, þvott og allt annað; sló garðinn fór með bílinn á verkstæði; að vísu einhverja hluti fyrir mig með hangandi hendi, en samt gekk hann með idjótaseðil upp á vasann og merkti við. --

Segir frá starfi og starfsumsóknun en segist ekki ætla að setja hann inn í mál sín. Líka fréttir af mömmu þeirra, sem líði betur eftir að hún hætti að smakka vín. Einnig segir hann að þeir Sigurður Línadal ráðgíst um mál Álfheiðar Sylvíu og mömmu hennar og þykir skrítið vera að ráðleggja mönnum um slíka hluti.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert Ásgeirss. Rovaniemi. 16.8.1981.

-- Hér vorum við í nótt á yndislegum stað, sem gaman væri að heimsækja aftur. Ferðin heldur austur að landamærum Rússlands og síðan aftur hingað til Rovaniemi. --

Svo höldum við til Luleå, þar sem við gistum síðustu nóttina, en á leiðinni heimsækjum við Liisu í Kemi, þar sem hún býður öllum hópnum heim. -- Hlakka til að hitta Auði. - Kveðjur til allra --

Friede Pálsd. Briem skrifar Guðrúnu Guðmundsd. Bergström. Rvík. 17.8.1981.

Segir fréttir af fjölskyldunni, heimili Páls á Nesinu, blómarækt hans og námsdvöl í Noregi.

-- Þú ættir að vita, Gunna mín elskulega, breytinguna sem er orðin á Nesinu, fínar götur og falleg hús, og nú hefur Þjóðminjasafnið keypt Nesstofu, sem er verið að gera við og koma húsinu í sama horf og þegar Bjarni Pálsson landlæknir reisti það. Því miður verður ekki stórt tún í kringum það, en vonandi verður þetta allt fallett þegar búið er að ganga frá því. Jón Steffensen hefur barist fyrir þessu öllu og stutt Þjóðminjasafnið með bæði stórum fjárgjöfum og mörgum öðrum mjög merkilegum gjöfum, en húsið á að verða læknaminjasafn -- ég er viss um að hann á eftir að veita því allan þann stuðning, sem hann getur í té látið.

Segir frá ættmennum, einkum bróðurbörnum hennar frá Móum á Kjalarnesi. Rúna á einstakan eiginmann Magnús Guðmundsson frá Hvítárakka, Kristín vinnur í versluninni Blómum og ávöxtum, eftir að hún missti manninn sinn. Kristín móðir þeirra er á Hrafnistu og út úr heiminum. Segir líka frá sinni nánustu fjölskyldu.

Eggert Ásgeirsson skrifar Pálma Hlöðvessyni. Rvík. 19.8.1981.

Við Pálmi, sem áður hefur verið minnst á, unnum saman um tveggja ára skeið hjá RKÍ. Nokkru eftir að ég hætti sagði hann upp störfum og sótti annað. Skrifaði ég óbeðinn, verðskuldað lofbréf til hans, lýsti starfsháttum hans, bæði að söfnunarkössum RKÍ og einnig hjálparstarfinu í Úganda.

Eggert Ásgeirsson skrifar Lóu Guðmundsdóttur Vennerström. Rvík. 8.9.1981.

Segi henni frá störfum sínum og ýmsu sem hann er að sýsla við bæði í vinnu sinni, í húsi og á heimili. Hef verið að mála gömlu skrifstofuna hennar mömmu, yfir alla prentsvertuna. Svo fékk hún sér nýtt teppi í herbergið.

Palli og fjölskylda hefur verið í heimsókn og í sambandi við það var ýmsu fólki hennar boðið, mikið ágætis fólk.

Sagði líka frá skemmtilegum fyrirlestri Magnúsar Magnússonar frá Edínborg um Snorra Sturluson og Egil Skallagrímsson og fornleifauppgröftinn í York. Allir virðast nú vera á því að Snorri hafi skrifað Egilssögu, en Magnús sagði að við skyldum varast að skoða sögu Egils og 10. aldar gegnum þrettánda aldargleraugu Snorra.

-- Magnús talar ágæta íslensku þótt hann hafi flutt til Bretlands tveggja ára og búið þar síðan. Hann hefur að vísu umgengist Íslendinga hvar sem hann hefur verið, t.d. í Khöfn þar sem hann var við nám. Einnig hefur hann komið hingað oft. Hann er mikill vinur Vigdísar Finnbogadóttur og þau hafa verið orðuð hvort við annað, því almannarómur samþykkir aldrei að karl og kona geti verið vinir, þau hljóti ávallt að vera að rötast uppi í rúmi, eins og það gerði þá mikið til.

-- Magnús sagðist einu sinni hafa verið í Færejum. Þar hefði verið haft útvarpsviðtal við hann. Hann spurði hvort hann mætti tala íslensku. Já, blessaður vertu, var svarið. Daginn eftir spurði hann hvernig hann hefði skilist. *Hvert orð*, var svarið, *nema Íslendingarnir, þeir skildu ekkert.*

-- Í fyrrkvöld vorum við eins og útlagar af heimilinu. Ásgeir átti afmæli og bauð til sín bekkjarsystkinum úr Menntaskólanum. Var það mikið boð og vel heppnað hjá honum - að sögn, því nærveru okkar var sérstaklega, ekki, óskað. Þó fannst okkur vænlegra að vera í húsinu og sátum niðri hjá mömmu og höfðum það ágætt. Og allt virtist fara vel fram. Að vísu sagði Auður að hún hefði aldrei séð svo margar vínlöskur, en þessir þrjátíu gestir virtust allflestir hafa með sér hvítvín. Ekki var það nú verra - eða gat varla verið betra. Svo fóru krakkarnir eitthvað á ball og við gengum frá öllu. --

Segi frá Sigfúsar Eymundssonarhúsinu á horni Lækjargötu og Austurstrætis, þar sem sett hefur verið á fót gallerí; og frá Bernhöftsbakaríu og Torfunni sem er verið að lagfæra. Allt væri það dýrt. Nú væri deilt um hvort varðveita beri Fjalaköttinn í Aðalstræti. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 15.9.1981.

Lýsir miklum breytingum á heimilinu eftir að Auður, Sírri og Ásgeir komu heim. Þá segi ég líka frá starfi og umsóknum.

-- Við Sírri þökkum hjartanlega fyrir góða meðferð á Auði og gestrisni henni sýnda. Hún elskar Gotland. Sýnist okkur lífið þar hafa verið henni mjög að skapi. Hún hefur breyst mjög og stækkað í sinni löngu útiveru. Það var sniðug hugmynd að koma henni fyrir hjá Áslaugu (Skúladóttur), bæði sparaði það henni langa ferð, en var einnig skemmtilegt fyrir hana að kynnast þessari ágætu konu.

Mér sýnist hápunktur ferðarinnar hafi verið þegar þær mæðgur hittust og eyddu dögnum saman í Stokkhólmi, í lestinni til Hafnar og þar, þangað til þær fóru heim. Við feðgar vorum líka eftirvæntingarfullir þegar við höldum suður á Völl til að hitta þær. Sírri hafði það ánægjulegt í Svíþjóð og hefur náð geysifínum tókum á sænskunni.

Ásgeir var svo hálfan mánuð í Þýskalandi. Ekki segi ég að ferðin hafi verið eins og auglýst var, en mér sýnist hún verða honum minnisstæð og hefur hann hug á að heimsækja Þýskaland næst þegar hann fer út í heim.

Svo byrjaði skólinn með puði sínu og eftirvæntingu fyrir Auði sem fór nú í gagnfræðadeild og Dag sem byrjaði í Hamrahlíðinni. Fyrir hann eru þetta ströng skipti, hann valdi erfiðasta sviðið, eðlisfræðisviðið og hraðferð í tveim eða fleiri greinum. --

Ég var í níu daga veiðiferð austur í Skaftafellssýslu með Birni Tryggvasyni og Ólafi Helgasynti.¹ Höfðum við það mjög ánægjulegt, hektíska daga, silungsveiði í einni til tveim ám á dag, gæsaskyttirí á kvöldin. Gæsatíminn var ekki byrjaður fyrir alvöru svo Björn náði ekki nema í tvo helsingja, og ég að sjálfsögðu engan, en nógur fiskur var og ferðin í alla staði skemmtileg. Við komum að Seglbúðum og veiddum hjá Jóni Helgasynti. Hann á geysimikið land og góða sjóbirtingsá. Var unaðslegt að kynnast landinu fyrir austan sand, milli Eldvatns vestra og Núpsvatna. Birni Tryggvasyni var alveg merkilegt að kynnast þarna, hvílk yfirferð, orka og komplex. --

¹ Þeir Björn Tryggvason, aðstoðarbankastjóri Seðlabankans og Ólafur Helgason, áður bankastjóri Útvegsbankans, voru æskuvinir, ólust upp við Laufásveg, störfuðu að bankamálum. Björns hefur áður verið getið. Hann hafði verið í sveit á Síðunni, þekkti svæðið vel. Seðlabankinn á sumarhús í Holtsdal sem við fengum til umráða. Ólafur (1924-97) var sonur Karítasar Ólafsdóttur og Helga Guðmundssonar bankastjóra Útvegsbankans, sem áður hafði verið fiskfulltrúi í Barcelona. Þeir Helgi P. Briem skiptust á störfum og hann flentist í utanríkisþjónustunni. Er minnst er á komplex var það að hluta til vegna þess að við höfðum lengi unnið saman í RKÍ þar sem hann var formaður. Starfið var mjög erfitt og ég held ég megi segja að komplexinn, sem ég minnst á, hafi verið vegna þess samstarfs, frekar hjá honum en mér. Þó er ekki að vita hvernig hann hefði lýst mér.

Sigr. Dagbjartsd. skrifar Ragnar Lassinantti landshöföingja. Rvík. 4.10.1981.

-- Jag vill tacka för senast när vi träffades under Framnäskursen och de vänliga ord sem du yttrade beträffande min mans faster, Loa Wennerström. Jag har berättat om vårt möte i brev till Loa, och jag är säker att det glädjer henne --

För det andra vill jag tacka för allt det banbrytararbeter du har gjort och som skapat mig och så många andra islänningar möjlighet att besöka de fantastiska arktiska trakter och innbyggarna som visat oss sådan personlig värme, som vi aldrig kommer att glömma.

--

Vi islänningar träffade och blev vänner með Liisa Nykanen från Kemi. Hon visade stort interesse för Isländsk kultur och språk och ämnar besöka deltagarna på Island nästa år. För att förbereda saken så väl som jag kan, beslöt jag att skrifa till dig och Pelle Flygare --

Eggert Ásgeirsson skrifar Marit Áhlén.¹ Reykjavík, 16.1. 1982.

-- Við sitjum núna klukkan rétt gengin í tvö á laugardagskvöldi, Sírri og ég. Kringum sjónvarpið í næsta herbergi sitja 10-12 stelpur, bekkjarsystur Auðar, borða gott, skemmta sér alveg óskaplega við að horfa á videómyndir. Þær tóku sig saman og leigðu videósýningarvél saman og nokkrar myndir, byrjuðu klukkan sjö og ég veit ekki hvað þær ætla að halda lengi áfram. Við rannsókuðum spólurnar og sáum að þetta var allt tiltölulega siðsamt. Hins vegar virðast þarna hryllingsmyndir líka. Rétt í þessu heyrðust skrækir í liðinu. Ég fór og kíkti í gættina, þótt það sé sjálfsagt ekki vel séð að foreldri láti sjá sig. Þá var Dagur þar ásamt kunningja sínum, svo kannski hafa skrækirnir aukist við það að strákar bættust í áhorfendahópinn.

Svo þú fylgist með öllu, þá er Auður orðin 13 ára. Hún var hjá frændfólki sínu í Svíþjóð í sumar, eins og í fyrrasumar. Það er í Torsskog í Dalsslandi. Þá fór hún einnig til Gotlands. Þar var Páll bróðir minn ásamt fjölskyldu í sumar þar sem hann leysti af lækni á barnageðdeild. Auður er mikil sænskumanneskja, stendur sig afar vel, að því er séð verður, einkum núna eftir annað sumarið í Svíþjóð. Hún á líka margt vinafólk þar og skrifast á við marga, fær sendar bækur o.fl.

Dagur er að verða 17 ára í næstu viku, tekur þá bílpróf. Hann er í Menntaskólanum í Hamrahlíð og leggur mikið kapp á stærðfræði. Hann er sá eini sem lært hefur dönsku og líkar heldur illa og hefur á henni lítinn áhuga, virðist hafa miklu meira gaman af norsku og lærir hana með því að herma eftir því hvað hún sé asnalegt mál. Ásgeir er orðinn 19 ára og tekur stúdentspróf í vor. Hann er óráðinn í hvað hann ætli að taka sér fyrir hendur. Öll eru krakkarnir þægilegt og skemmtilegt heimilisfólk. Sírri er líka í sænsku, innritaði sig í háskólann -- fór á sumarnámskeið í Framnäs folkhögskola í Piteå og fékk áhuga á að halda áfram. Svo ég er farinn að dusta rykið af sænskunni minni, því ég sem gamall sérfræðingur verði að veita góð ráð. Því miður stöðvaðist þróun mín í sænsku máli árið 1958 svo ég skil illa margt sem núna er sagt, sérstaklega blaðamál. Rúnasteinarnir eru mér mun nær. --

Segi frá að ég hafi hætt hjá RKÍ fyrir hálfu ári og sé nú að vinna að skýrslugerð um sjúkraflutninga fyrir landlækni og fleira. Það væri skritið að sitja við skrifborðið heima og erfitt fyrir fjölskylduna að venjast mér þar. Nú sé ég feginn að hafa gert þetta.

-- Það er óskaplega þreytandi, eins og mamma þín veit, að vinna í sjálfböðafélagsskap þar sem allir eru upp á móti öðrum. -- Helga Einarsdóttir er líka hætt í RK. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ebba Barnekow. Rvík. 28.1.1982.

Ebba Barnekow var fædd de la Gardie, af einni elstu aðalsætt Svíþjóðar. Var gift kona á frægu stórbýli, Sinclairsholm í Vinslöv á Skáni. Maður hennar, Carl Barnekow, var þekktur maður í stórbændastétt, forystumaður í innkaupa- og sölusamtökum stéttar sinnar og að auki yfirmaður Frímúrarareglunnar í Svíþjóð. Þau hjón eiga dóttu, fatlaða, höfðu komið til Íslands og fengið tröllatru á að dóttir þeirra fengi bót á fötlun sinni ef hún gæti sótt jarðböd eða sundstaði hér. Thomas Schartau vinur okkar og Ullu Wennerström, var auk þess vinur systur Ebbu, blaðakonunnar Christina de la Gardie.² Hann hafði samband við okkur og fór þess á leit að við skiptum á húsi og bíl. Varð það úr að við fórum næsta sumar til Svíþjóðar og bjuggum í eldfornu sumarhúsi þeirra og auk þess nokkra daga hjá þeim á Sinclairsholm. Í svarinu lýsi ég hvernig íbúðin okkar og hverfið sé, hvað sé upp á að bjóða.

Eggert Ásgeirsson skrifar Ólafi Ólafss. landlækni. Rvík. 2.2.1981.

Bréfið fjallar um lokabátt sjúkraflutningaskýrslunnar sem nú var tilbúin og gefin var út sem fylgiskjal með Heilbrigðisskýrslu. Þá sendi ég honum sem þakklætisvott hugleiðingar/skýrslu/tillögur um almannatengsl landlæknisembættisins.

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík. 9.2.1982.

Segi frá því helsta sem ég vinn að. Skýrslan um sjúkraflutninga verður tilbúin í vikunni og fundur haldinn um hana. Skýrslan er ekki fullkomin en er allgóð enda samkomulag um hana við landlæknisembættið. Segist fá ágætlega greitt fyrir verkið.

Svo er verið að ganga frá grein læknanna á Borgarspítalanum og minni um bráðabjónustu sem birtist í Acta Med. Scand. Var gaman að vinna með Þórði Harðarsyni að þessu.

Svo er ég að vinna að grein með Guðjóni Magnússyni og Ólafi Ólafssyni hjá landlæknisembættinu.³ Einnig grein um stjórnun í Frjálsa verslun. Þá er grein sem á að birtast í Fréttabréfi um heilbrigðismál. Ólafur Bjarnason prófessor og ritstjóri, stytti hana að mér fornspurðum og bannaði ég því að hún birtist. Svo er ég að vinna að ýmsu fyrir Krabbameinsfélagið.

-- Hér er alveg svartabylur. Við erum boðin í kvöld til Valdimars Örnólfssonar sem er fimmtugur í dag. Ég held að það sé mjög ólíklegt að gestir komi til hans upp í Breiðholt í þessu ekkisen veðri. Raunar veit ég varla hvort ég kemst til að sækja Sírri í vinnuna, hvort sem við nú förum heim aftur eða til Valdimars.

¹ Marit Áhlén var hér á landi við nám í íslensku. Móðir hennar var framarlega í Rauða krossinum á Upplandi og kom okkur í samband fyrir milligöngu Helgu Einarsdóttur bekkjarsystur minnar, þáverandi formanns þeirrar frægu Kvennadeildar RKÍ. Marit kenndi Ásgeiri okkar sænsku, varð heimilisvinur og er enn. Er helsti rúnafræðingur Svía og hefur skrifað mikið um það efni. Eiginmaður hannar er Elmevik prófessor og forystumaður í norrænum fræðum í Uppsölum, lengi stjórnaformaður Norræna hússins og kom hingað oft, eiginlega of oft til okkar Helgu.

² Mér skilst þær systur vera þær síðustu með ættarnafninu de la Gardie, sem einu sinni var frægt.

³ Greinin birtist ekki.

Í gærkvöldi vorum við hjá Snjólaugu með Knúti og er ég alveg rotaður af syfju og timburmönnnum eftir kampavínið hennar.¹ Það var eiginlega þess vegna sem ég fór að skrifa þér einmitt núna af því að ég gat ekki hugsað um verkefni mitt, ákvað að slá því á frest og gera eitthvað skemmtilegra. Knútur var að lýsa fyrir mér hvernig hefði verið á Kvíabryggju og hvað hann er yfirleitt að sýsla við --

Ég þakka þér hjartanlega fyrir það sem þú skrifaðir í bréfi þínu. Þú ert með hugann hjá mér og þakka ég þér hjartanlega fyrir það, en um leið ert þú áhyggjufullur yfir því að ráð þín falli í grýttan jarðveg og að sambandið sé ekki nógu gott okkar á milli. Ég hef mikið verið að velta þessu fyrir mér hvernig geti staðið á því, þykist hafa komist að bráðabirgðaniðurstöðu.

Hún er þessi: Í lífi sérhvers manns skiptast á skin og skúrir. Hjá sumum eru skúrir minnisstæðastar, hjá öðrum sólskinsblettirnir. Ekki aðeins í höfuðdráttunum eru jákvæðir og neikvæðir hlutir. Í mannum myndast margs konar tengsl sálarlífsins, líkamans jafnvel líka, við góða og vonda hluti í uppeldi, uppvexti og mótun.

Í mínu sinni er langmikilvægast að halda hinu jákvæða uppi á yfirborðinu. Ég gleðst yfir af að minnst jákvæðra hluta, lesa eitthvað skemmtilegt, rifja upp skemmtilegar minningar. Ég hef gaman af að horfa á fallega hluti sem tengjast góðu fólki og kærum minningum. Ég minnst ömmu í Nesi og hvernig hún strauk mér um kollinn. Ég minnst laugardagskvöldu sem við sátum og hlustuðum á útvarpsleikritin saman, þú og mamma; ég minnst hvað gott var að vera einn og lesa á næturnar í pínku-svefnherberginu mínu. Ég man eftir öllum góðu stundunum sem við tveir áttum saman; er við fórum í leikhús, á tónleika, allt þróblemlaust.

Svo er hitt sem er neikvætt. Ég reyni að láta þau tengsl við sálarlífið ekki hafa slæm áhrif á mig. Rifrildi í Tjarnargötunni hefur aldrei verið mér mjög nærri; sennilega vegna þess að ég fékk smærri skammt, vegna þess að ég var ekki heima, kannski kominn af viðkvæmasta stigi þegar það átti sér stað. Ég á neikvæðatengsl í hugarum við nám, gáfur, skólakennara. Ég fer enn að hökta í lestri upphátt ef ég er minntur á Manga franska² eða verð fyrir höstugum athugasemdum.

Sumarvinna mín hefur jákvætt yfirbragð. Neikvæð tengsl við þig eru til dæmis líkamleg; þegar þú stóðst upp frá matarborðinu, fórst í skenkinn fyrir aftan mig til að sækja einhver áhöld. Þú stríddir mér alltaf með því að strjúka eða koma við hárið á hnakkanum á mér. Af hverju mér fannst þetta óþægilegt og það kalli fram neikvæðar tilfinningar hjá mér (*veit ég ekki*).

Annað sem Sirrí hefur ekki getað skilið, og ég ekki heldur, eru neikvæð viðbrögð hjá mér gagnvart fólki sem getur ekki gengið framhjá mér með berar iljar undan sænginni, án þess að þurfa að kítla þær. Þetta gerðir þú, og hún gerði það þangað til ég fékk hana ofan af því.

Í mínum huga er eitthvað það alóskemmtilegasta sem ég geri að hlusta á uppgjör við fortíðina frá öðru fólki. Upprifjun á meira og minna brengluðum minningum um samband fólks á milli. Það er mikilvægt að gera upp sína eigin fortíð samkvæmt sínum eigin lögmálum. En að hlusta á aðra rifja upp sínar minningar, ólíkar því sem maður man sjálfur, en tengjast manni samt óþægilega. Má ég þá heldur biðja um sálfræðing sem ekki er með fyrirfram hugmyndir.

Ég er ansi hræddur um að þetta stöðuga uppgjör á fortíð minni sem þú gerir þín vegna en sannfærir sjálfan þig um að sé gott fyrir mig, mín vegna og okkar sambands; sambandið við mömmu og Dídí sé á beinni leið með að eyðileggja samband okkar og hafi þegar gert skaða. Ég hef svo mikla andstyggð á þessum neikvæðu hlutum, frá mínu sjónarmiði, að ég myndi margt gera til að losna við að lenda í því.

Heimsóknin þín hingað um daginn var skemmtileg. Heimsókn mín til þín og ykkar í fyrravor var svo hræðileg í mínum huga að ég fæ illt í magann við að setja það á blað og rifja það upp. Er þetta eitthvað grunsamlegt. Er þetta einmitt ástæðan til þess að ég ætti að fara í enn frekari yfirhalingu, það verði að uppræta þetta? Ég held ekki.

Ég vona að þú skiljir að ég er ekkert hræddur við uppgjör. Mér finnst það einfaldlega leiðinlegt, m.a. vegna þess að það er á góðri leið að eyðileggja sambandið okkar á milli.

Þú sagðir í bréfinu þínu að ég hefði hæfileika. Þú nefndir líka galla á frændum okkar, sem stundum spegluðust í okkur.

Ég hef lengi hugsað um þetta og komist að þeirri niðurstöðu að maður verði að halda sínum sérkennum sem allra best. Ég get oft greint í mínum verkum sérkenni úr minni ætt. Get ég breytt mér, á ég að gera allt öðru vísi en mér er eiginlegt. Á maður að beygja sig og bukta og haga sér eftir því sem aðrir ætlast til og kemur sé vel. Maður getur kannski gert það í bráð, ekki í lengd.

Persónueinkennin eru þarna, þeim verður að beita rétt. --

Ég var að koma úr boðinu hjá Valdimar Örnólfssyni og sýnist ég hafa að einhverju leyti tapað þræðinum sem ég hafði hann í hendi mér áður. Ég ætla því að söðla yfir á aðra hlið þessa sama máls.

Við Sirrí höfum verið að ræða um að furða sé að ég skuli hafa sloppið öbrjálaður út úr þessum breytingum. Ég hef fundið mig aftur, orðið sáttur við tilveruna, náð rósemi hugans. Ég hef aldrei, að heitið geti, verið í reiðu skapi, en ég er síður í ofsagóðu skapi, því ég hitti færri og frétti minna. Ég geld þess hversu gjörsamlega upptekinn ég var af vinnunni, hún tók mig allan. En ég hef ekki snert áfengi vegna þessa máls eða klikkast með einum eða öðrum hætti. Ég er hættur að pilla á mér tærnar á kvöldin, bora minna upp í nefið og hef lagast af kláða í hársverðinum. Mér finnst kannski leiðinlegt að strákarnir láta atburðina að mestu fram hjá sér fara, án þess að sýna viðbrögð; ég er ekkert að þvinga mínum málum inn á þá, Ég held að það væri þeim til góðs að sjá og

¹ Snjólaug Sigurðardóttir (1903-87), móðursystir Magnúsar Magnússonar í Edinborg, mamma Knúts Bruun (1935) lögfræðings. Snjólaug var heimilisvinur, glöð og skemmtileg, *bóhem*, af Laxamýrarætt; fræg fyrir skemmtilegar veislur og sitt góða kampavín.

² Magnús Jónsson menntaskólakennari í frönsku, velgerðarmaður Svavars Gestssonar, síðast sendiherra. Þegar franska var lesin upphátt í tímum, og ekki alveg rétt framborin - og ég vissi það. Ekki fékk ég tækifæri til leiðréttingar því á mér dundi frá honum: *Nei-nei-nei!* Ég var sífellt á heimili mínu að hjálpa mömmu við samlestur. Ég las upphátt, komst upp á að lesa hratt, þannig að afköst voru góð hjá okkur. Ef ónotalega var leiðrétt, t.d. með höstugu nei-i, þá tók tíma til að komast á beina braut aftur.

fylgjast með því sem ég er að brjótast í, án þess þó að ég vilji neitt íþyngja þeim. Það er eins og gengur, börnin verða upptekin smám saman af eigin kunningjum, muna ekki fyrr en um seinan að taka upp þráðinn gagnvart sínum nánustu. Þetta er þó ekki neitt bagalegt.

Ég hef ekki viljað setja mömmu inn í einstakar fyrirætlunir mínar. Ekki vegna þess að þær séu leyndarmál. Mér leiðist kjaftæði í kringum hluti sem við Sirrí erum að brjótast í.

Ég veit að mömmu þykir leiðinlegt að fylgjast ekki með málunum. Það er nú einu sinni svo að ef fleiri blandast inn í mál verður úr því flækja, allir ruglast, enda þarf ég að hafa tíma til að vinna og hugsa um að ná tökum á mínu lífi og geta stýrt framtíðinni. Á sama hátt læt ég þig ekkert fylgjast með mér. Ég hef ekki tíma til þess og enga þörf. Það eina sem ég þarfnast er stuðningur við framtíðaráætlanir mínar, góð ráð, ekki afskiptasemi.

Helgi frændi var gott dæmi um ráðríkan vin, sem vildi alltaf taka ráðin í sínar hendur ef maður spurði. Þess vegna var ekkert gagn af honum til slíkra hluta. Ef ég lendi í árekstri þarf ég hjálp til að komast af staðnum, í viðgerð. Hellidemba vegna þess sem ég vissi sjálfur, að ég hefði farið óvarlega í umferðinni, það hjálpar ekki.

Þetta bréf fer nú að verða langt. Ég er í millitíðinni búinn að ganga frá greininni um *evaluation* fyrir Morgunblaðið; var að athuga hvort ég á að fá einhvern til að kíkja á hana með mér. Síðan fer ég að tala við Matthías Johannessen¹ út af Krabbameinsfélaginu. --

Sirrí er að komast á kaf í sænskuna. Það tekur hana talsvert mikinn tíma. Hún er í skólanum tvisvar í viku frá 10-15 og þar að auki að lesa mikið. En námið er henni mjög skemmtilegt. --

Segir frá því að strákarnir þurfi að fara að leita sér að vinnu. Ásgeir vill komast í Hvalinn en Dagur úr honum og er hálfgerð missætti um það á heimilinu. Þetta er eftirsótt vinna, en Dagur kannski dálítið fordómfullur.

Hef verið að reyna að fá mömmu til að skrifa eitthvað um Skúla Skúlason í Odda, en hún vill það ekki og eru eitthvað blendnar minningar tengdar Sigríði mömmu hans og Odda.²

-- Ég þakka hjartanlega fyrir bréfið eins og það var. Það kallaði fram ýmislegt sem ég hef hugsað um og gaf mér tækifæri til að leysa frá skjóðunni. Mér líður í alla staði vel og þess vegna taldi ég mér fært að ræða hluti sem kunna að sýnast flóknir. Þeir eru þó ofur einfaldir -- ég tel mig hafa komist að raun um hluti sem mikilvægt er að segja þér. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Eggert. Ásg. Khöfn. 4.3.1982.

Er hér á ferð og bíður eftir Liisu vinkonu sinni frá Kemi en þær ætla til Spánar saman. Býr á lélegu hóteli: Merkúr. Segist vandræðast í búðum og aðallega líta á hljómplötur og ljósmyndapappír fyrir strákana.

-- Það er skrítið að vera hér ein og ekki laust við að ég sakni einhvers.--

Svo hittu hún Ingu Valborgu bekkjarsystur Eggerts og Svein K. Sveinsson í Völundi sem voru á leið með Hjalta Pálssyni og Ingigerði Karlsdóttur konu hans til að semja um timburkaup. Keyptu sér pakkaferð til að fara á eftir til Moskvu.

-- Nú sit ég hér í matsalnum -- búin að vera með vitlausu klukku, sem nemur tveim tímum -- Erfitt að tala hér sænsku -- sem engir virðast skilja -- verð að nota dönskuna -- Bíð eftir Liisu. --

Sigríður Dagbj. skrifar Eggert, Degi, Auði og Ásgeiri. 5.3.1982.

Bíður eftir að Liisa komi um miðnætti -- nýtur góða veðursins og tekur við leiðbeiningum Spies-ferðaskrifstofufólksins.

Talaði við Palla sem sagði að þau byggjust við að koma heim frá Noregi í október.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 8.3.1982.

Sendir sakarvottorð og gögn frá Lánasjóðnum. --

-- Auður fékk bréf frá þér í gær. Gladdist hún og allir aðrir yfir því, að var svo skemmtilegt og vorum við öll mjög ánægð með þig. Amma þín dáðist meira að segja að skriftinni -- meira af slíku. --

Varð fyrir því óhappi á brúðkaupsdaginn 27.2. að skera framan af fingurgómi vísifingurs vinstri handar. -- allt er að gróa.

--Pabbi þinn sagði að þú værir að hugsa um að fara til Barcelona í fríinu þegar þú værir búinn að ganga frá umsóknum varðandi háskólann. Hann sagði að þú ætlaðir jafnvel að fara á puttanum. Er þetta óhætt? Þú verður að fara varlega. Það er annars gaman að koma til Barcelona. -- Helgi frændi þinn bjó þarna í mörg ár og þangað fóru afi þinn og amma í heimsókn. -- Kveðjur frá öllum. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Rvík. 8.3.1982.

Sirrí var þá á Spáni með Liisu Nykänen vinkonu sinni hinni finnsku frá sænskunámskeiðinu í Piteå. Segir frá kirtlaaðgerð á Ásgeiri og þátttöku hans í Herranótt. Illa var mætt í mat hjá mér svo ég bauð mömmu í flestar máltíðir.

¹ Matthías Johannessen(1930) ritstjóri.

² Mamma átti að ýmsu leyti skemmtilegar minningar frá Odda, t.d. tengdar Sigríði á Reynifelli, sem áður var nefnd, séra Skúla, Soffíu og Skúla og börnum hans. Hins vegar var Helgi, síðar augnlæknir og Páll, ritstjóri, hryssingslegur og stríðnir. Sömuleiðis Sigríður móðir þeirra. Þá þótti henni maturinn sem hún fékk vondur, heimilið sóðalegt. Þetta er upprifjun mín á fornum minningum hennar.

-- Við vorum boðin til mömmu ásamt Árna Geir og Kára (*Pálssonum*). Var gaman að hitta þá þótt Dídí gerði allt sem hún gat til að *rúnera* samtöl þar sem börn tóku þátt í. Hún fór svo sem eins og tvisvar í þagnarkerfi, en það virtist enginn taka eftir því og á meðan var allt samtál mjög skemmtilegt. --

Ásgeir er að skrifa ritgerð um utanþingsstjórn Björns Þórðarsonar. Dagur er að reyna að ná tökum á ritgerðinni um kvikmyndagerð. Við ræddum um málið og hann mótmælti því sem ég sagði. Ég bað hann um að hlusta nú vel á mig, mótmæla engu, spyrja bara. Ég væri tilbúinn að veita honum ráð, ég hefði ekkert val yfir því sem hann skrifaði og myndi ekki skipta mér af því. Ætlaði ég alls ekki í kappæðu um eitt eða neitt. Mér sýnist hann hafa farið að líta efnið frá nýrri hlið (kannski minni). A.m.k. hefur hann byrjað að lesa heimildir og skrifa. Hann ætlar engu að safna til viðbótar og ekki að tala við neina nema sérstakt tilefni gefist. Hann hefur komið til mín öðru hverju og borið undir mig það sem hann hefur gert og hvet ég hann eindregið á hans braut.

Á föstudaginn var svo fundurinn í Hlíðaskóla með borgarstjóra og borgarráði o.fl. Gekk hann ágætlega og voru allir sammála og glaðir. Í ljós kom að plötur eru farnar að detta úr lofti íþróttahússins og stafar slyshætta af. Árni Magnússon stóð sig hreint ágætlega á fundinum. Ég skrifaði svo í gærkvöldi fréttabréf til foreldra sem Dagur fór með upp í skóla¹ --

Ræði umsókn mína um forstöðumann Hollustuverndar ríkisins, en þar var við ramman reip að draga, því Örn Bjarnason, skólayfirlæknir, sótti um og fékk embættið, enda virtist veitingin hafa verið ákveðin áður. Svavar Gestsson var heilbrigðisráðherra og lék tveim skjöldum. Mikið var gert úr því er Erni var veitt embættið og að ég hefði sótt líka. Virtist ráðuneytið þakklátt að ekki skyldi vera einn umsækjandi. Þórhalli Halldórssyni hafði ég gert margan greiðann. Hann var í stjórn Hollustuverndar og virtist hafa augastað á embættinu, sem hann fékk svo á eftir Erni. Þegar ég skrifaði bréfið var ég orðinn heldur bjartsýnn. En Örn barðist hnúum og hnefum.

Auður var að leika í skólaleikriti en vildi ekki að ég kæmi með. Virtist standa sig á generealprufunni. Dagur lítið heima.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Rvík. 10.3.1982.

Segi frá samtali við Kerstin Wennerström sem spurðist fyrir um hvort Auður vildi vera mánuð í Torrskog og fara til Katarínu systur sinnar á Glänne á eftir. Auður er áhugasöm. Segir að Ulla sé að leita sér að húsnæði annars staðar en á Glänne þar sem Malte sonur hennar er að gera út af við hana.²

Mikið snerist á heimilinu um Herranótt MR, þar sem Ásgeir var tæknimaður.

-- Við vorum á frumsýningunni í gær,³ mamma þín, mamma og Stella. Þetta var alveg stórgóð og einstaklega skemmtileg sýning í alla staði. Stebbi⁴ var ágætur og einnig sonur Kolbrúnar og Erlings,⁵ ásamt syni Más Egilssonar.⁶ Þá voru tvær dætur Arnljótar Björnssonar⁷ alveg stórskemmtilegar. Þá var skemmtilega hlægileg blanda foreldra sinna dóttir Björns Friðfinnssonar.⁸ Þarna var alveg ágæt stemming og fjörug. Ásgeir kom heim kl. 5.30 í morgun, Stebbi um átta leytið. --

Afmæli litlu Hildu⁹ var í dag og mamma þar í heilmiklu kökuskralli. Kom heim með aðskiljanlegar kjaftasögur, t.d. þá að Ingibjörg¹⁰ dóttir Sóleyjar, við nám vestra, bjó þar með amrískum prófessor. Þá kom Sigrún og Jón Óttar og gerði Sigrún¹¹ sér lítið fyrir og komst á milli og var Ingibjörg ekki sein á sér að kveðja manninn. Bergljót hafði það eftir Sóleyju að gott væri ef saga þessi fengi vængi; er áreiðanlegt að hún fær þá. --

Svo var ég að garfa í umsókn um forstöðu Hollustuverndar, sem ég sótti um móti Erni Bjarnasyni skólayfirlækni.¹²

-- Ég fór til tannlæknisins í dag og fékk einhvers konar plastbrú! --

¹ Ég var formaður Foreldra- og kennarafélags Hlíðaskóla. Borgarstjóri var þá Egill Skúli Ingibergsson, geðugur og elskulegur maður. Þarna var líka Davíð Oddsson, sem ég hafði þekkt frá frumbersku hans. Hann var systursonur Þorvaldar vinar míns Lúðvíkssonar og ólst upp á heimili hans. Davíð gerði ekkert á fundinum til að afla sér vinsælda eða atkvæða, var í fylu, vildi ekki vera viðstaddur er verið var að ræða málin.

Árni Magnússon var skólastjóri.

² Vegna breytinga, framkvæmda og sölu á eignunum.

³ Leikritið var: *Ó, þetta er indælt stríð* eftir Joan Littlewood.

⁴ Stefán Jónsson leiklistarprófessor sonur Jóns Haraldssonar arkitekts og Áslaugar Stephensen. Þau voru grannar af Bergstaðastræti.

⁵ Kolbrún Þórhallsdóttir og Erling Aspelund. Karl sonur þeirra, lærði leiktjaldagerð en fór í BNA út í rannsóknir á íslenskri hönnunarsögu. Síðast er ég frétti var hann að skrifa doktorsritgerð vestra um íslenska kvenbúninginn.

⁶ Már Egilsson kaupmaður og Guðrún Steingrímisdóttir kaupkona í Lífstykkiþjáðinni áttu Steingrím Dúa kvikmyndagerðarmann.

⁷ Arnljótur Björnsson hæstaréttardómari og Lovísa Sigurðardóttir áttu tvær dætur sem urðu leikarar, Edda og Þórdís.

⁸ Dóttir Björns Friðfinnssonar ráðuneytisstjóra og Iðunnar Steinsdóttur rithöfundar: séra Steinunn Arnþrúður Björnsdóttir fulltr. í Biskupsstofu.

⁹ Þórhildur Línal, síðar löfgr., dóttir Sig. Línal próf. og Maríu Jóhannsdóttur hagfr.

¹⁰ Ingibjörg Björnsdóttir (1943)

¹¹ ?

¹² Varð þetta ragarí. Örn var kerfismaður og kollega ráðuneytisstjóra Páls Sigurðssonar, kunningja míns. Í stjórn Hollustuv. var samstarfsmaður minn lengi, Þórhallur Halldórsson, sem ekki studdi mig, að því er ég heyrði, en studdi Örn þótt hann hefði ekkert álit á honum. Örn fékk starfið, en lítt hæfur. Umsækjandi um lausa starfið eftir hann var Þórhallur, sem fékk embættið. Það bjargaði Þórhalli í framviðleitni hans að ég ýtti honum af stað, vann að því að hann yrði form. Starfsm.fél. Rvíkurborgar er Sigfinnur Sigurðsson hagfr. bauð sig fram. Tókst að koma Þórh. að. Vorum við samstarfsmenn lengi í stjórninni ásamt Sigfinni, sem sýndi nokkur merki óheiðarleika, er síðar varð honum að falli. Mestu máli skipti fyrir frama Þórhallar var að ég las Verkfræðingatal er það kom fyrst út. Sá ég þá að þar ætti Þórhallur heima. Hann hafði starfsheitið mjólkurfraeðingur sem það var alls ekki, heldur tengdist verkfræði, starfheiti sem tekið var yfir af *mejeristum*. Á grundvelli þeirrar vitneskju samdi ég fyrir hann umsókn og kom honum í Verkfræðingafél. Ísl. Þá hækkaði hann mjög í launum, sjálfstraustið batnaði. Erfitt var fyrir mig að eiga við hann í mínu máli. Ekki hvarflaði að mér, einfeldningnum, að hann, stjórnarmaður Hollustuverndar, sem ég ræddi við um umsókn mína, væri á eftir embættinu. Ágætt, eftir á að hyggja, að ég fékk ekki starfið. Þórhallur reyndi til æviloka að vingast við mig. Ég tók því aldrei illa, en hafði engan áhuga.

Sirri hitti ungan tannlækni í starfi sínu í Tanlæknafélagi. Var sá Karl Örn Karlsson sem var nýkominn til landsins, fyrsti sérfræðingurinn hér á landi í bitfræði, eða hvað sem það nú heitir. Sagði hann henni frá því. Þegar hún kom heim sagði hún mig þurfa að reyna þetta. Ég hafði um áratugaskeið átt við höfuðverk og hálsríg að stríða. Fór ég til Karls sem lagfærði tennurnar sem aflagast höfðu eftir tannviðgerðir hjá vini mínum. Á stuttum tíma bætti hann bitið og má segja að ég hafi fengið fullan bata, þrálátur rígur og höfðuverkur, horfið. Síðan hef ég litið á Karl Örn sem vin minn og velgjörðarmann.¹

-- er á kafi í Krabbameinsfélaginu, búinn að ná með mér í fjárflounarnefnd Bryndísi Schram² og Þorstein Pálsson.³

Segi frá grein í Mbl. eftir Hrólfr Sveinsson sem olli upphlaupi í Krabbameinsfélagi. Ísl. sem var á móti reykingavörnum. Þorvarður Örnólfsson⁴ frkvstj. Krabbameinsfélags Rvíkur fékk taugaáfall, leitaði í íbúðaskrá og símaskrá og fann manninn ekki. Þetta var gríngrein Helga Hálfðanarsonar (frænda míns, þýðanda) undir dulnefni sem síðar varð frægt.

Mamma var í leikhúsinu og ég að hamast við að hnýta teppi, henni til hjálpar.

Þá gerðist það að Vinnueftirlitið komst í mál íþróttahúss Hlíðaskóla og bannaði notkun þess. Var allt sett í gang og allir ánægðir nema? Líkl. borgaryfirvöld.

Eggert Ásgeirss. skrifar Lóu Guðmundsd. Wennerström. Rvík. 14.3.1982.

Segir frá ferðalagi Sirríar.

-- hef verið í eldamennsku, hafði saltkjöt með kartöflustöppu í hádeginu og tókst bætilega. Ég trúi því að það komi skritin tilfinning í þig að heyra minnst á saltkjöt. Það heldur enn velli sem herramannsmatur og eftirsóttur. Allir hafa það að sjálfsögðu með baunasúpu á sprengidaginn. Ég hef komist bætilega frá eldamennskunni, enda þótt ég sé eyðslusamari en Sirrí. Þó hef ég físk fullt eins oft, en það er lúxus sem ég fell fyrir. Ég er eins og góð húsmóðir, hef gaman af að fita börnin og mig.

-- Ekki man ég hvort ég hef sagt þér söguna sem Páll Línadal gróf upp um atvik þess er Veltan var seld á uppboði. Þá var Guðmundur afi inni á Hótel Íslandi og sá að uppboð stóð yfir fyrir utan. Hann spurði einhvern hvað verið væri að selja. Svarið var: Veltan. Þá sendi hann þjón út til að bjóða í húsið fyrir sig, og fékk það. Sagan kom í Tímanum í dag þótt ekki væri afi nefndur með nafni.

Góð uppfærsla Herranóttar á leikriti sem sýnt var oft við vinsældir, enda mikill áhugi á leikhúsum. Sama ekki að segja um stjórnsmál og stjórnarforystu Gunnars Thoroddsen. Telur listalf blómstra vegna þess að á stjórnsmálasviðinu sé ekki hægt að ná árangri.

Eggert Ásgeirsson skrifar Páli Ásgeirssyni. Rvík. 2.5.1982.

-- hefur verið ánægjulegt að hitta Fríðu. Hún og amma hennar hafa haft það mjög skemmtilegt saman. Til allrar hamingju hefur hún ekki sótt til okkar og við ekkert gert til að fá hana hingað til að trufla ekki samband hennar og mömmu. Ég er hreint og beint hissa á að mamma skuli hafa orku í allt standið sem hefur óhjákvæmilega fylgt Fríðu.

Þú hefur sjálfsagt frétt að Örn Bjarnason fékk Hollustuverndina. Ekki vil ég segja að ég sé því feginn. En ekki leist mér vel á embættið vegna margs konar óklárleika og skilnings forystumanna á hvert sé hlutverk stofnunarinnar. Auðvitað hefði þetta verið skemmtilegt og erfitt, en það hefur það bara. Ég er búinn að taka á leigu þrjú skrifstofuherbergi í Tjarnargötu 4, Steindórsprenti, og leigi það ásamt Krabbameinsfélaginu. Ég reikna með að setja upp *stassjón* þar um næstu helgi. --

Segi frá undirbúningi stofnunar Landsráðs með 40 landssamtökum. Svo er ég að vinna að koma á fót öldrunarsýningu á Kjarvalsstöðum í sumar. Einnig frá áætlunum með að Auður fari til Svíþjóðar 12.7. Biður um að aðstoða við að koma henni til Torrskog.

Segi frá Immu, dóttur minni, og syni hennar Hjalta Stefáni.

Er í stöðugum matartilbúningi vegna þess að Sirrí og krakkarnir eru öll í próflestri. Sirrí er við samskúningið í kjallaranum.

Var að selja Audibíl og keypti Peugeot 505.

-- Þegar Dagur sá hvað hún gat komið sér vel fyrir öfundaði hann hana, fór beint niður þegar hún kom upp í kvöld. Hér er samkeppni.

Stofnfundur Landsráðs gegna krabbameini. Ráðherrabústaðnum 4.5.1982.

Markmið: Sameina landsmenn í átaki gegn krabbameini.

1. Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir setur fundinn.
 2. Forsætisráðh. Gunnar Thoroddsen. Tillaga um stofnun landsráðs.
 3. Gunnlaugur Snædal form. Kr.fél. Ísl. leggur til að forseti Ísl., forsætisráðh. og biskup skipi heiðursráð.
 3. Forsætisráðherra tekur áskoruninni fyrir þeirra hönd. Ber fram tillögu.
 4. Gunnlaugur Geirsson yfirlæknir skýrir frá stöðunni.
 5. Hrafn Tulinius skýrir frá framtíðarverkefnum.
 6. Eggert Ásgeirsson form. undirbúningnefndar skýrir frá framkvæmdum.
 7. Biskupinn yfir Ísl., Pétur Sigurgeirsson flytur árnaðaróskir.
-

¹ Karl Örn Karlsson (1946) tannlæknir og háskólakennari.

² Bryndis Schram (1938) bekkarsystir Sirríar úr MR. Afbragðs samstarfskona.

³ Þorsteinn Pálsson (1947) þá hjá Vinnuveitendasambandinu, síðar forsætisráðherra. Reyndist Krabbameinsfél. vel, að sumu leyti. en erfiður í samtarfi, lék tveim skjöldum, ekki hreinn og beinn.

⁴ Bróðir Valdimars Örnólfssonar vinar okkar.

Eggert Ásgeirss. skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. Rvík. 8.5.1982.

-- Um síðust helgi fór ég út að Ráðagerði og var Gauja við bestu líðan, alltaf jafn vel upplögð, full af sögum frá gamla tímanum og glöð að fá okkur Auði og Dag í heimsókn. Ég fór til hennar m.a. í þeim tilgangi að fá hjá henni sand til að setja hér í garðinn, en ég berst við mosa, eins og þið á Glänne. Við fórum niður í fjöru og gengum um þessar dásamlegu klappir fyrir neðan Ráðagerði og Bygggarð og sáum brimið þeytast upp úr Kattargjá, sem svo var kölluð og pabbi var einu sinni rétt drukknaður í. Það er orðið mjög skemmtilegt að líta heim að Nesi, því endurbætur á gömlu stofunni ganga vel. Húsið hefur verið fært til fyrra útlits, sem er sennilega eldra en þú manst. Sett hefur verið tjöruborið tréþak á húsið, stóri kvisturinn okkar megin tekinn af en lítill settur í staðinn eins og á fyrstu teikningunni, hvort sem svo var byggt eða ekki. Þá hefur skúrinn verið tekinn og sett ris á kjallarloftið, sem sennileg hefur aldrei verið þannig, en fer vel við húsið að hafa hallann hinn sama og á aðalhúsinu.

Ég sé nú að ég hef gleymt að senda þér búendatal á Seltjarnarnesi sem Jóhann Eiríksson, vinur Óla frænda, sem var með honum á Hvanneyri, tók saman. Jóhann var alinn upp hjá Þórði Jónssyni í Ráðagerði og Halldóru Jónsdóttur frá Mýrarhúsum. Jóhann var mjög þyrstur í þjóðlegan fróðleik. Þegar ég var á Nesinu var hann mjólkurbílstjóri þar og síðar innheimtumaður hjá Mjólkursamsölunni. Jóhann er vel þekktur ættfræðingur og hefur gefið út nokkrar bækur. Hann er einstakur öðlingsmaður og mjög hlýtt til ömmu, en hann var um tíma í Nesi. Um hana segir hann í bæklingnum sínum:

Kristín var mikil myndarkona og manni sínum samhent um alla rausn og skörungsskap, mjög hjálpsöm öllum þeim sem hún vissi að voru hjálparþurfi. Neshjónin voru ákaflega hjúasæl og varla fór þaðan nokkur í aðrar vistir, nema þá hina síðustu ef um roskið fólk var að ræða. Kristín hélt fullri sinnu til æviloka. Á búi Guðmundar og Kristínar voru jafnan mikil umsvif. Sjórinn var stundaður af miklu kappi, bæði heima og heiman (í Leiru), aflinn verkaður heima að miklu leyti. Þá var landbúskapurinn mikill eftir því sem þá gerðist, 6-8 kýr, 2-3 hross, en sauðfé mun ekki hafa verið að talist gat. Það kom í hlut húsfreyju að sjá um búskapinn heima, enda var hann þar í góðri forsjá. Til að reka þetta stóra bú, til lands og sjávar, þurfti mikinn mannafla, enda var það að jafnaði um og yfir 29 manns í heimili, þegar allt var með fullri reisn. --

Segi frá því að við séum að fara á leikrit Hlíðaskóla, sem Auður leiki í: Saumastofunni. Leiki hún konu sem sé að tapa heilsunni vegna húsbýggingaástríðu.

-- Leikurinn tókst ágæta vel og með ólíkindum hversu vel þessum ungu stúlkum tókst að skila sínu hlutverki án teljanlegrar hjálpar. --

Allir á heimilinu eru í próflestri og sé ég um heimilishaldið og undirbý ferð Auðar til Torrskog.

-- Mamma hefur það ágætt, er mjög hress og kát, einmitt nú á kafi í vinnu fyrir Sirrí. Vinnan er nú orðið fremur tómstundagaman. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Páli Ásgeirss. Rvík. 21.5.1982.

Segi frá ferð Auðar til Osló 12.6. Einnig frá kosningunum og umræðum í sjónvarpinu og hve Davíð Oddsson hafi staðið sig vel og tekið frumkvæðið í sínar hendur þó aðeins sé hann 34ra ára. Heldur áfram tveim dögum seinna með bréfið; hafði verið að vinna í kjörstjón við kosningarnar. Sagðist hafa séð svo margt einkennilegt fólk að hann fór til að skoða tvö hverfi þar sem það bjó. Þá kom í ljós að þar leynist lygilegur fjöldi kumbalda og hirðuleysishjalla.

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 2.5.1982.

Hún er þá komin til Svíþjóðar og Sirrí á ferðalagi til Norðurlands með Liisu hinni finnsku vinkonu sinni. Mamma hafði boðið okkur og Liisu til sín.

-- eins og hún sagði til að endurgjalda gestrisnina sem hún naut í Finnlandi á sínum tíma. -- Liisa var alveg stórhreifin að hitta þær Dídí og mömmu, 78 og nærri 82ja ára, hressar og skemmtilegar. Á eftir fórum við í Norræna húsið og hlustuðum á Vísnavini. Að vísu var það heldur dapurlegt sem þeir sungu flest:

Einan sér og dáinn, hring eftir hring, meðan stríðið geysar; við eigum ekkert meðan stríðið kólnar; hverjum koma ljóðin við, hvar hafna þau þegar allir eru dánir, deyja þau ekki líka, markmiðin nálgast, leysast upp og hverfa niður um eldhúsvaskinn, endurteknar hugsanir í hægum hringdansi, fiskbúðin er veruleikinn, miðaldra kellingar kaupa í soðið, lífið verður sífellt þokukennendara, í einsemd, ég ætlaði varla að þekkja þig, svo langt síðan. Í Leningrad er erfitt fyrir börnin að vera hamingjusöm.

Þetta skrifaði ég hjá mér.

Þegar ég kom heim bætti ég dekkið á hjólinu þínu því Liisa og mamma þín ætla í hjólatúr, enda veðrið til þess. -- verðum við einir heima strákarnir um helgina; þeir að vísu lítið vegna vinnu sinnar. Þeir voru harla ánægðir með kaupnið sem þeir fengu útborgað í gær. Þá birti yfir. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 16.6.1982.

-- Við vorum hoppandi glöð að sjá bréfið frá þér. -- Svo þú hefur farið ein í gegnum allt þar til Palli tók á móti þér. Þú ert aldeilis dugleg. Ég er fegin að ég sagði þér hvað Guðmundur¹ er þegjandalegur, annars hefðir þú haldið að honum væri illa við þig að skipta sér svo lítið af þér.

Mér þykir þú segja fréttir að Katarina² sé að skilja við Kurt. Hvernig verður með Malin og Kristínu?³ --

Við pabbi þinn erum að fara í fyrramálið í fjögurra daga ferð til Skaftafells og ætlum að fara í gönguferðir, m.a. í Bæjarstaðaskóg. Strákarnir koma ekki með. Þeir byrja vinnu á laugardaginn, því verkfallinu hefur verið frestað. --

Segir frá blómakaupaleiðangri okkar í Hveragerði (*með margar gamlar konur*) og komum heim með fullt skottið af blómum og konum sem allar voru í sjöunda himni yfir að geta keypt ódýrari blóm en í bænum. Svo byrjuðum við að planta og í gær fórum við í kirkjugarðinn til að snyrta leiðin. --

Það hefur ekkert verið gert í herberginu þínu því Jónas smiður hefur verið veikur. --

Friede Pálsd. Briem skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 18.6.1982.

Segir frá þjóðhátíðardeginum 17. júní sem var vel heppnaður.

-- Pabbi þinn og mamma fóru í gærmorgun austur í Skaftafellssýslu með tjald og nesti, en Dagur og Ásgeir hafa verið heima og Dagur að mála kjallaragluggana, byrjaði á að skafa málninguna af þeim og síðan byrjaði hann að mála og er árangurinn stórfinn. Ásgeir var að úða víðinn. Anna var að ryksuga og taka til hjá mér, ég sjálf sat úti á palli og sólaði mig, svona á gamla fólkið að vera á ári aldraðra. Ég skrapp út í Finnsbúð og á leiðinni hitti ég Helgu⁴ sem sagði mér að hún hefði fengið bréf frá þér -- Ég fékk líka að lesa bréfið sem þú skrifaðir mömmu og pabba; þú ert verulega góður stílisti og lýsir ferðalaginu og öllu frábærlega vel; vona ég að leiðindastrákurinn þreyti þig ekki mikið -- Sumt getur verið dálítið leiðinlegt, en eftir á verður það bara hlægilegt. Þannig var það með hann Þórberg Þórðarson, þegar hann sat yfir fénu, þegar hann var nýfermdur, leiddist honum alveg hræðilega, en seinna fannst honum það svo skemmtilegt að hann skrifaði um það bók sem kemur manni til að hlæja. --

Friede Pálsd. Briem skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 20.6.1982.

Var að koma úr bænum og pósthúsinu vegna þess að hún var að senda Auði bókina: Kastaníugöngin. Segir fréttir af Palla og fjölskyldu. Einnig af bræðrum hennar. Páli sem er að vinna í Karlstad og ferðum hans og fjölskyldunnar til Skagen. Þórdís er að fara á Náttúrulekningahælið í Hveragerði.

-- Nú er sandkassinn horfinn héðan úr garðinum og er pabbi þinn búinn að tyrfa yfir allt saman, strá sandinum í grasið til að uppræta mosa, ná í mold og þökur upp í Kjós; búið að ganga frá öllu. En auðvitað var stéttin mjög óhrein eftir þessar miklu framkvæmdir, svo ég dreif mig í að þvo allt og sprauta á það vatni. En þá flykkust börnin úr nágrenninu að til þess að taka þátt í þessu með mér, brunuðu á hjóli í gegnum vatnsbununa, svo þau voru orðin rennandi, sum þeirra, sérstaklega Anna,⁵ og ég sem var á gangstéttinni með sópinn í mikilli lífshættu. En þetta gekk allt ljómandi vel, þó að ég yrði að hætta í miðju kafi, vegna gesta og gangandi. Anna þurfti svo að fara heim til þess að skipta um föt, en hin voru nú ekki svo illa leikin. Ég þarf ekki annað en að fara út í garð, helst ef ég þarf að snyrta dálítið til, sem ég geri nú ekki oft, þá kemur Bjössí⁶ alltaf til mín, og jafnvel Sveinn⁷ líka, og erum við þá að spjalla saman og þeir að segja mér hvað þeir ætli að verða þegar þeir verði stórir. Bjössí ætlar að verða lögga, en Sveinn arkitekt. Mér finnst báðir mjög skemmtilegir, kannske sérstaklega Bjössí, því hann er ekki eins feiminn og Sveinn. Bjössí hlakkar mikið til að verða stór, því þá ætlar hann að segja litlu krökkunum hvernig allt var í gamla daga, enda spurði hann mig um hvað ég hafi verið þegar ég var lítil. Þegar ég sagði honum að ég hefði átt heima við Tjörnina, þá spurði hann mig strax hvort ég hefði þá ekki líka verið að gefa öndunum eins og hann. Ég sagði honum að í gamla daga hefðu ekki verið neinar endur á Tjörninni, þá hefðu verið bátar og allir kunnað að róa og var hann alveg undrandi hvað allt væri breytt. Bjössí er skemmtilegur og oft með blokk, þar sem hann er að skrifa tölustafi; hann segir að allar löggur geri það. --

Lísa vinkona mömmu þinnar (*frá Finnlandi*) kom í gærkvöldi -- Mamma þín ætlar að vinna þessa viku og síðan taka sér frí og fara til Húsavíkur og heimsækja rafvirkjameistara sem þær báðar þekkja frá Norrbotten í fyrri. --⁸

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 21.6.1982.

-- vona að tárin séu þornuð með nýjum og spennandi viðfangsefnum. --

¹ Guðmundur Guðmundss. (1935) geð- og heimilislæknir, sonur Guðmundar Sigurðss., skálds og menningarpostula og Önnu Guðmundsdóttir. Er, eða var, vinur Palla. Þegjandalegrí, svo mjög miklu munar, en hálfbróðir hans Óttar Guðmundss. (1948) sérfræðingur í fjölmörgum greinum lækisfræðinnar, rithöfundur o.fl., sonur Fjólu Haraldsd. vinkonu Dídíar.

² Katarina Wennerström, fænka okkar. Hjúkrunarkona sem býr á Glenni í Vermlandí.

³ Þær hafa aldeilis spjarað sig í starfi og hjónabandi.

⁴ Helga Jónsdóttir Stefánssonar verkfræðings og Guðrúnar Sveinsdóttur lögfræðings. Helga varð líka lögfræðingur.

⁵ Anna Þorbjörg (1983) dóttir Guðrúnar og Jóns.

⁶ Arnbjörn Ingimundarson (1976), hagfræðingur í Reykjavík. Þeir Bjössí og Sveinn tengdust Friede nánum böndum og skrifuðu saman góða minningargrein um hana í Mbl.

⁷ Sveinn Ingimundarson (1974), auglýsingamaður í BNA. Þeir Bjössí og Sveinn eru þremmenningar við Auði.

⁸ Þar höfðu þau hist á samskúskólanum í Framnäs í Norrbotten í Svíþjóð.

Segi frá ferð okkar Sirríar að Skaftafelli með 6-7 klst. gönguferðum í tvo daga. Sagði mömmu að ég hefði hitt Eggert frænda hennar, Vilhjálmsson Briem, þar í tjaldi, 85 ára gamlan, en hún treystir sé ekki út af malbikinu, finnst hún völt á fótum.

-- Þegar við ókum í hlað heima voru strákarirnir uppi í háum stigum að mála og bera á hæstu gluggana á húsinu. -- Dagur fór með bílinn fyrir mig í -- eftirlit og sendiferð. Hann var hjá mér áðan, hringdi og fékk að vitað að þeir séu boðaðir bræðurnir á vakt í Hval. -- Eftir það borðuðum við hjá ömmu þinni - eins og venjulega notar hún hvert tækifæri til að gleðjast og gleðja. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 24.6.1982.

-- Það komu hvorki meira né minna en þrjú bréf frá þér í póstinum í dag, hvert öðru betur skrifað með góðri lýsingu á því sem fyrir þig ber. Sérstaklega finnst mér ágætt hvað þú lýsir hug þínum vel og innri baráttu þegar þú ert skömmuð, að þú leggir ekki í að segja hug þinn og mótmæla, þótt þér væri það næst skapi.

Það eru hræðileg ósköp að heyra hvernig skapbrestir Kerstin hlaupa með hana í gönur. Hún á eitthvað bágt út af því og væri gott ef hægt væri að koma henni til hjálpar. Ekki get ég gefið þér ráð í málinu, ég er ekki sérlega beysinn í svona tilfinningahlöðnu umhverfi. Kannski væri hægt að spyrja hana um hvað þú getir gert til að henni félli betur við verk þín. Mér finnst þú vera eins og sönn hetja og vil allt gera til þess að bæta þér upp síðar það sem á skortir núna. Þrátt fyrir allt gleður það mig og okkur mömmu þína innilega að heyra þig biðja okkur að koma og segja hvað það væri dásamlegt ef við gætum verið saman og haft það gott og skemmtilegt. Kannski þarf ýmislegt að gerast, eins og þetta, til þess að við, bæði þú og ég, metum raunverulega það mikla sem við eigum hvort í öðru og hjá hvort öðru, sem kennir okkur, svo við munum alltaf meta það góða sem aðrir gera manni. Kannski getur það neikvæða í augnablikinu orðið verðmæt og dýrmæt minning í framtíðinni

Mér hefur stundum fundist eins og þið krakkarnir metið ekki raunverulega það sem þið eigið, af því að þið hafið aldrei reynt ágreining, barsmíðar, rifrildi, fjarvistir, fátækt, ógreiðvikni, lygi, skapbrestí, þunglyndi og fyllirí sem sumir þurfa að ganga í gegnum. Það getur leitt til vandræða í sálum barna sem þurfa að reyna slíkt, og sem gerir þau óhæf til að mæta ýmsu sem þau hitta fyrir á lífsleiðinni, þau verða með krumpaða sál.

Sálin er viðkvæm á yngri árum. Ég þakka því guði fyrir þegar þú lýsir meingjörðum að þú skulir vera orðin svona stór. Nú er engin hætta með sálinu. Hún er orðin þroskuð, hún verður ekki fyrir skakkaföllum úr þessu, nú þegar þessi reynsla og veruleiki verður brátt að minningu sem kennir, og mun áreiðanlega einhvern tíma koma þér vel, gera þig hæfari í skiptum við aðra. Þrátt fyrir allt. --

Segist vera að undirbúa sýningu á Kjarvalsstöðum, sem lýkur 7.8. og höfum við pantað far til Osló 14. ág.

-- Framtíðin hjá mér er torráðin, því þá er komið að krabbameinssöfnuninni. Ég vona samt að ekkert geti komið í veg fyrir að við getum farið saman mamma þín og ég, hitt þig og gert eitthvað skemmtilegt saman. -- Kannski fara út í buskann, leigja sumarhús í Noregi eða --

Dagur tilkynnti okkur í gær, svona án þess að blikna, að hann ætlaði að fara til Parísar rétt áður en skólinn byrjaði. -- Ekkert blávatn drengurinn sá --

Dagur ætlar að verða þar einn um tíma eða þar til Kjartan Pierre Emilsson og kærasta hans koma þangað. Ásgeir var að senda umsókn um skólavist til Þýskalands. Það er vandi að velja lífsstarf sem vinna fæst við.

-- Amma þín hefur gengið upp í því að kaupa plöntur og er mjög dugleg; fór í strætó í Blómaval og keypti plöntur og plantaði þeim sjálf -- Hún gerir það meðan við hin erum burtu, þá getur hún farið sér hægt og ekki orðið sér til minnkunnar, eins og hún heldur að hún verði. Krakkarnir safnast að henni og ræða við hana. Þau hafa enga tilfinningu fyrir því að hún sé gömul og umgangast hana eins og jafningja --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 26.6.1982.

-- Hér rignir og er reglulegt gróðrarveður -- Við vorum að koma frá því að sækja túnþökur upp í Kjós og fengum lánaðan aftanívagn. -- Fyrst fórum við með drasl á öskuhaugana. Það byrjaði að fjúka af vagninum á Miklubrautinni. Þurfti pabbi þinn að stoppa og tína spýtnarusl upp. Svo þegar við komum til baka með túnþökurnar úr Kjósinni, fuku nokkrar af á veginum. Þá fór pabbi þinn að keyra hæggar og allt gekk þá vel. Nú er vagninn hér fyrir utan og bíður þess að vera losaður.

Strákarnir voru að koma af vakt kl. átta í morgun. Þeir eru ansi duglegir og er Dagur miklu duglegri en í fyrra og ekki eins óánægður. Þeir Ásgeir eru svo ánægðir með allt kaupið sem þeir fá. -- Dagur er búinn að ákveða að fara til Parísar í ágústlok. Þá er nú eins gott að eiga fyrir ferðinni. --

Ég er farin að hlakka til að fara í sumarfrí, ekki síst til að heimsækja þig. Vona að við finnum upp á einhverju skemmtilegu til að gera. Pabbi þinn var að hugsa um að tala við Tore Larsen og athuga hvort hann gæti útvegað okkur sumarhús -- Nú fer að stytast að Kerstin fari frá Torsskog og þá verður skemmtilegra hjá þér. Þú ert dugnaðarforkur, það hef ég alltaf vitað. --

Það hefur verið ansi mikið að gera hjá mér í vinnunni. Eftir helgi kemur Liisa og þá ætla ég að taka mér frí til að taka á móti henni. -- Svo keyrum við kannski á Snæfellsnesið o.fl. eftir helgi. Tómas Schartau hringdi og sagði að Jóhanna dóttir hans kæmi -- Ekki veit ég hvernig gengur að fá vinnu fyrir hana. --

Segir frá túnþökukaupum, sem Eggert feilreiknaði sig með, þannig að hann þyrfti að auglýsa í Dagbladinu, túnþökur til sölu.

Bræðurnir biðja að heilsa en þeir komu af vakt á miðnætti og fóru strax að sofa.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 30.6.1982.

Þakkar bréfasendingar, ekki síst til Dags, og hlakkar mikið til þegar þau hittist í Svíþjóð. Liisa, vinkona hennar er komin og reiknar hún með að þau fari í heimsókn til Húsavíkur þar sem einn Framnesfarinn býr.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 5.7.1982.

Segir ferðasöguna til Norðurlands með Liisu og þakkar bréfin þrjú sem komu meðan hún var burtu. Grímur Framnesfari tók á móti þeim ásamt Önnu konu sinni, ferðudust með þeim um Þingeyjarsýslu og báru á höndum sér og buðu þeim loks í stórveislu heima hjá sér á Húsavík þar sem þau eiga glæsilegt heimili.

Heimkomin hittu þær Joanna Schartau, sem von er um að fái vinnu á Blikastöðum. Hún er enn ekki orðin vön fólkinu og nokkuð feimin.

Þakkar fyrir lýsinguna á lífinu í Svíþjóð og ykkur Ellen í litla húsinu, sem verður svo glöð þegar hún vaknar og sér Auði.

Dagur hafði skorið sig í fingur í hvalvinnslunni en var ekki eins slæmt og í fyrra og gat unnið áfram. Ásgeir er búinn að fá svar frá háskólanum í Augsburg en á eftir að fá svar frá öllum hinum.

-- Nú er Joanna komin niður og það að heilsa þér. Hún er feimin, enda við ekki búin að kynnast. Nú erum við búin að borða ágætis fisk sem pabbi þinn steikti og Joanna vaskaði myndarlega upp. Dagur og Kjartan Pierre eru að æfa sig í frönsku, eða réttara sagt er það Kjartan sem er að kenna Degi að segja ýmislegt þegar hann kemur til Parísar. Þá kom í ljós að Joanna kunni ágætis frönsku. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 8.7.1982.

-- Þakka þér fyrir bréfið -- um Liseberg¹ ferðina. Þegar ég sá kortið fannst mér eins og ég hefði setið við hliðina á þér í rollerkosternum. Þú mátt trú á því að ég gladdist yfir góðum fréttum af þér og hugdettum ýmsum þar sem þú veltir vöngum yfir tilverunni, sambandi fólks (þess) á milli, sambandi innan okkar fjölskyldu o.fl.

Segi frá ferð Liisu og Sirríar á Snæfellsnes. Lýsir Liisu, greind hennar, reisn, skynsemi og yfirvegum; hrífandi framkomu, fallegu máli og rödd. Hún hefur fengið inni hjá vinum Sirríar í Þingholtsstræti þar sem hún er mikið, því hún vill ekki verða til byrði. Svo var haldið hér hóf í húsinu fyrir alla Framnesfarana í góðu veðri með sírenunum sex í blóma.

Segi frá komu Joanna Schartau, dóttur Tómasar vinar þeirra. Hún fékk vinnu í frystihúsi í Hornafirði.

Segi frá strákunum sem eru í verkfallsaðgerðum í Hval sem mun ekki koma að sök því engin hvalveiði er nú.

Þá var veisla hjá okkur með fólkinu sem vinnur að öldrunarsýningunni, m.a. Friðrik Friðriksson (seinna farastjóra) sem gerði fræga mynd með Auði sem sýnd var í Sjónvarpinu og lét hana gráta! --

Friede Pálsdóttir Briem skrifar Þórdísi Briem. Rvík. 13.7.1982.

Lýsir lífinu í kringum hana, veislum, fjölskyldu Páls Líndal og Guðrúnar Jónsdóttur, ferð þeirra hjóna til Norðulandanna, o.fl. og áhyggjum yfir starfsöruggi Guðrúnar, en Davíð Oddsson var þá nýlega orðinn borgarstjóri.

-- En þér að segja í trúnaði veit Guðrún ekkert hvað framundan er hjá henni, þar sem borgin tekur þarna alveg nýja stefnu, svo hún var talsvert áhyggjufull yfir öllu sem skeði meðan hún var í burtu -- Allavega er nú tekin ný stefna í skipulagsmálum. --

Eggert hefur mjög annríkt út af sýningu gamla fólksins á Kjarvalsstöðum, en líklega tekst að opna hana á laugardaginn. Vona ég að hún takist vel, því þetta er nýtt verkefni, sem Eggert hefur aldrei unnið við fyrr. --²

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 13.7.1982.

-- Nú ert þú komin að Glänne. Þar verður áreiðanlega eitthvað öðru vísi.³ Kannski ekki skemmtilegra, en samt. Það var skemmtilegt að tala við þig í símanum í gærkvöldi. Ég er stoltur yfir að Sigurður skyldi verða svona hrifinn af kvæðinu.

-- Það er mikill tætingur á mér út af sýningunni, fundir og vesen. Ég hef ekki tíma til að hugsa neina hugsun til enda.--

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 18.7.1982.

-- Við vorum öll mjög stolt yfir þér þegar við hlustuðum á séra Sigurð lesa upp kvæðið þitt við setningu sýningarinnar á Kjarvalsstöðum. Hann las kvæðið upphátt og alveg afskaplega vel, það varð ekki betur gert.

Það var mikið að gera við að koma upp sýningunni og vann fólk við það fram eftir öllu -- allt gekk vel. Sýningin skiptist í marga hluta.

- Verk eftir alþýðulistamenn. Þar eru mörg skritin verk og dálítið hlægileg. Það sem greinir alþýðulistamann frá öðrum listamönnum er að þeir er bljúgír í hjarta, líta ekki stórt á sig, reyna að tjá hugsanir sínar með hjálp lita eða öðrum tækjum, án þess að herma eftir öðrum - beita þeirri tækni sem þeir hafa sjálfir tamið sér. --

¹ Liseberg er frægur skemmtigarður í Gautaborg, stolt borgarinnar.

² Ég var þá skrifstofustjóri Samb. ísl. rafveitna og Samb. ísl. hitaveitna; starfaði líka að öldrunarmálum og hafði lengi gert.

³ Catarina Wennerström, systir Kerstin, mun hafa tekið mál Auðar í sínar hendur og fengið hana til sín. Eftir það voru sumarvalir Auðar í Svíþjóð sæludagar.

- Ásmundur Sveinsson og Sigurjón Ólafsson lána höggmyndir, gott dæmi um hvað menn geta gert þó þeir séu komnir á gamals aldur - nýstárleg verk og hugkvæm.
 - Sýning á ýmsum handmenntaverkum eða smíðisgripum gerðum af gömlu fólki., -- úr þrjónlesi, járni, steini, leðri o.fl. Þessi hluti er alveg frábærlega vel uppsettur og fallegur. Þar er t.d. girahjól eldsmiðsins sem sýnd var mynd af í sjónvarpinu. Það hefur hann smíðað að öllu leyti sjálfur, fundið upp gíra; býr það til úr rörum og ýmsu sem hann hefur átt heima hjá sér.
 - Videósýning sem Friðrik Friðriksson, vinur þinn,¹ tók af fólkinu þegar verið var að safna muninum saman úti um landið og hafði viðtöl við fólkið um leið. Stórkostleg videótæknin.
 - Sýning á myndum úr verðlaunasamkeppni barna.
 - Kvöldfundir um ýmis öldrunarmál.
 - Ráðstefna Lífs og lands og tónleikar Manuelu Wiesler. --
- Séra Sigurður var um daginn í Skotlandi með Karalakórnum Þröstum. Kórfélagar drukku mikinn bjór. Einn þeirra þurftir að fara á klósettið. Hann virtist alveg hissa þar sem hann pissaði að það virtist alveg óstöðvandi þar til loks að hann áttaði sig á því að sírennli var í klósettinu. --

Sigríður Dagbj.d. skrifar Láru Ingólfsd. og Páli Ásg. Rvk. Júlí? 1982.

-- Ekki veit ég hvar þið eruð á jarðarkringlunni en ætla samt að skrifa ykkur til Osló. Þið eruð komin frá Niðurlandinu, veit ég, en eruð líklega á förum til Skagen. -- við erum að fara til Oslóar 14. ágúst - sækjum Auði til Glänne, þar sem hún er nú --Tore Larsen, kunningi Eggerts í Horten, ætlar að lána okkur *hyttu* uppi í Hemsedal og útvega okkur bíl. --

Spurningin er hvort við getum fengið hútaskjól hjá ykkur, fyrstu dagana, þó þið verðið ekki heima. Við ætlum að kíkja á húsgagnamarkaðinn. Ef okkur líkar eitthvað, að fá að koma með það heim í ykkar búslóð. -- Gott væri að fréttu af hvernig ykkur líst á. Við vitum ekki hvað við verðum lengi, en erum að hugsa um 10-14 daga. Eggert er að ráða til sín stúlku - í sambandi við *Landsráðið gegn krabbameini* og hefur góðar vonir um að fá konu sem búið hefur lengi á Akureyri og kennt þar. Elsa Hermannsdóttir er ári yngri en ég, var gift Haraldi Haraldssyni arkitekt. Þau eru að skilja. Hann hefur verið mjög bundinn að vera svona einn, en heldur ekki fyrr en nú verið með fastmótað starf.

Ég er búin að vera í fríi. Vinkona mín, Liisa frá Kemi í Finnlandi, kom hér og var í hálfan mánuð. Við flugum til Akureyrar og þar tók á móti okkur Grímur Leifsson og Anna Jeppesen, hans frú frá Húsavík. Grímur var með okkur á Framnäs í Norrbotten. Þau keyrðu með okkur um Mývatnssvæðið og til Húsavíkur. -- Seinni vikuna keyrði ég með Liisu um Snæfellsnesið og fyrir Jökul í dásamlegu veðri.

Nú var dyrabjallan að hringja og Ingimundur Sveinsson kominn til að líta á lekann hér í stofunni. -- Ætli útbyggingin verði ekki koparslegin öll og skínandi eins og gull, þegar þið komið heim til landsins.

Amman spilar á píanóið, heyrir ég hingað upp: *Það er svo margt ef að er gáð*. Hún er við góða heilsu nú og hin ánægjulegasta að hafa nærri sér. Dídí er ekki eins heilsugóð og hefur verið óánægð á Náttúrulækningahælinu, en er að koma -- eftir þriggja vikna dvöl. --

Diddó er ánægður með starfið hjá Arnarflugi, markaðsfulltrúi -- Þau eru búin að fá fimm herbergja íbúð í verkamannabústöðum á Eiðisgranda. Þar er aðeins 10% útborgun² --

Frá okkur er gott að fréttu. Dagur fer, sama dag og við (14. ág.) til Parísar. Hann verður þar einn að flækjast í 6 daga, en þá kemur vinur hans og skólabróðir, Kjartan Pierre Emilsson (Eyjólfssonar) þangað með kærustu -- og verða þar saman í viku.

Ásgeir bíður eftir svari frá Þýskalandi en hann ætlar sér að vera einn vetur þar í þýskunámi. -- Gaman væri að fá svar frá ykkur varðandi upphaf bréfsins. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Osló. 19.7.1982.

Segi af ferðum þeirra Sirrjár til Karlstad til að sækja Auði.

-- Hún var í góðu skapi, brún og fjörug, allir virtust sakna hennar sárt þegar hún fór og vilja umfram allt fá hana aftur næsta ár. --

Svo fóru þau til Horten og fengu lykla að fjallakofanum í Hemsedal þar sem við verðum í nokkra daga þar til við komum hingað aftur til Palla og Láru. -- fengum líka lánaðan bíl.

-- Hugurinn er mikið hjá þér þar sem þú ert nú sennilega kominn á það stig að þurfa að taka mikilvægar ákvarðanir í sambandi við framtíðina. Óska allir hér þér heilla í ákvörðunum þínum. --

Eggert Ásgeirss. og Sigríður Dagbjartsd. skrifa Friede P. Briem. Osló. 19.7.1982.

-- Ferðin hingað hefur gengið mjög vel og hápunkturinn að hitta Auði sem blómstraði hjá Katarínu á Glänne. -- Það var alveg stórkostlegt að hitta Auði eftir þennan langa aðskilnað, en hún hefur þegar bætt það upp með kærleik sínum, fjöri og góðu innræti. Það voru miklar breytingar á Glänne þar sem Ulla var flutt í dásamlegt hús (*í Väse*) austan við Karlstad. Lóa er farin að gefa sig, var þó bærileg og gaman að hitta hana.

Við höfum ekki náð sambandi við Dag í París. -

¹ Lengst leiðsögumaður.

² Vinur þeirra, Svavar Gestsson (1940) og blaðamaður með honum á Þjóðviljanum, var þá félags- og tryggingaráðherra!

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 22.7.1982.

-- Segir frá því að hún sitji og skrifi bréfið og vatnið steypist niður um loftið, í vasa og fötur. Bíður hún eftir Ingimundi frænda sínum til að fá ráð um hvernig megi stöðva lekann, en ekki náð í hann. Sömu rigningunni spáð. Dídí er komin af Náttúrulekningahælinu, heldur óánægð með dvölinu en fékk engan bata.

Amma þín er hin hressasta og hefur hjálpað Eggert við ýmis konar fjölrítun í sambandi við ellisýninguna á Kjarvalsstöðum. Krakkarnir í nágrenninu koma oft til hennar í heimsóknir einkum börn Ingimundar Sveinssonar náganna okkar.

-- Pabbi þinn hringdi í Tore Larsson, vin okkar í Horten. Hann ætlar að lána okkur "stugu" -- stórt og fínt hús með 16 svefnplássum. Hann ætlar líka að útvega okkur bílaleigubíl. -- Ég býst við að við sækjum þig að Glenni og getum svo búið í íbúð Láru og Palla í Osló, en þau verða þá í Danmörku. Þar getum við litið á húsgögn. Tore sagði að við gætum fengið 25% afslátt ef við kaupum í gegnum fyrirtæki hans. --

Ég vona að þú njótir lífsins þangað til við komum. Það er notaleg tilfinning að hugsa til þín á Glenni. Þarna var pabbi þinn þegar hann var ungur og hjálpaði Guðmundi við búskapinn. Nú ert þú hjá dætrum hans. Þegar við pabbi þinn vorum í brúðkaupsferð, þá hitti ég allt þetta fólk í fyrsta sinni og gistum uppi á lofti í húsi Lóu. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 27.7.1982.

-- vorum að koma frá Kjarvalsstöðum. Við vorum að skoða sýninguna sem pabbi þinn sá um að setja upp ásamt fleirum. Þar er myndbandasýning í 3 klst. alla daga. Er þar fólk af öllu landinu að sýna og segja frá því sem það er að fönndra við heima hjá sér. Þar er viðtal við mömmu Láru, en hún safnar steinum og skeljum sem hún límir á kassa, býr einnig til veggmyndir.

Strákarnir koma heim af vaktinni kl. 12. Þeir steypa sér beint í rúmið.

Við fórum í útileguna með Stellu, Kristínu og Magnúsi um helgina og fórum í Fljótshlíðina, hans Gunnars á Hlíðarenda, og tjölduðum nálægt Þríhyrningi, auðvitað inni í rétt! Það var gott veður, fyrri daginn, en rigndi seinni daginn og urðum við að tjalda á leiðinni til að geta útbúið mat. En allir voru ánægðir með ferðina. Við skoðuðum aðallega kirkjur og fossa. Gengum upp Bleiksárgljúfur. Þar fóru pabbi þinn og krakkarnir yfir gljúfrið, efst uppi, og lentu svo hinum megin við ána, þegar niður var komið. Þar þurfti ég að kasta klofstígvélum yfir ána og pabbi þinn bar Kristínu á bakinu yfir. Svo köstuðum við stígvélunum aftur yfir til Magnúsar og hann óð, með miklum tilburðum, yfir ána -- Næst var það Gljúfrabúi og Seljalandsfoss -- Við skoðuðum kirkjuna í Odda, þar sem amma þín var í sveit og kirkjuna á Breiðabólstað þar sem Tómas Sæmundsson, langa-linga-langafi þinn var prestur, og langa-langafi þinn (langafi minn) var ráðsmaður. --

Friede Pálsd. Briem skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 5.8.1982.

-- Þakka þér fyrir mjög skemmtilegt bréf sem þú skrifaðir mér og svo hef ég haft ólýsanlega gaman af að fá að lesa öll bréfin sem þú hefur skrifað mömmu þinni og pabba. Ég hef haft mjög gaman af að kynnast fjölskyldunni bæði í Torrskog og þá ekki síður á Glänne --

Ég er nýkomin heim frá málþingi á Kjarvalsstöðum þar sem pabbi þinn flutti framsöguerindi og tókst það mjög vel. Síðan urðu umræður um gamla fólkíð og hvernig ætti að leysa vanda þess; ennþá þekki ég ekki þennan vanda af eigin raun. Ég hef haft mikið að gera undanfarið og er alls ekki búin að ljúka því sem ég á að gera, vegna þess að ég hef ekki pappír sem ég þarf að fjölríta á, hann er nýkominn til landsins -- Svo var ég líka að vinna fyrir pabba þinn í sambandi við sýninguna á Kjarvalsstöðum --

Sigríður og Eggert voru að fara í sumarleyfi til Noregs og Svíþjóðar, buðu Friede með, sem hún afþakkaði.

-- Bjóssi og Sveinn komu á sunnudaginn og gáfu mér fínan silung úr Þingvallavatni, sem þeir höfðu veitt sjálfir. Það er svo gaman þegar þeir koma til mín því þeir eru svo skemmtilegir, segja fréttir af afmælisdögum í fjölskyldunni, sem þeir muna ótrúlega vel og svo kunna þeir marga Hafnarfjarðabrandara, þetta eru sannarlega góðir gestir --

Dagur Eggertss. skrifar til pabba síns í Osló. París. 16.8.1982.

-- Við komum til Parísar í fyrradag, reyndar bara tveir, því að vinur minn Ásgeir¹ missti af vélinni og kom í gegnum Luxemborg daginn eftir. Við erum búnir að skoða Eiffelturninn, Sigurbogann og Pompidou listamiðstöðina þar sem við sáum sýningu eftir David Hockney en mér tókst ekki að draga þá á sýningu með Gorges Braque. Ég sé hana bara á morgun. Hér er allt fullt af sýningum með heimsfrægum listamönnum, t.d. Picasso, Dali og Miro. Ása, stelpan sem ég ætlaði að hitta er farin til Suður-Frakklands. BYE.

Dagur Eggertss. skrifar Ásgeiri Eggertss. París, 17.8.1982.

Bonjour, garçon! Þá erum við komnir til Parísar eftir smærfiðleika á leiðinni. Þegar við ætluðum út á flugvöll var Jói, vinur hans Ásgeirs týndur. Við fórum að leita að honum en hann fannst ekki. Þess vegna vorum við nærri búnir að missa af vélinni. Síðan þegar til Parísar kom týndist farangurinn hans Geira. Núna höfum við það bara rólegt. skrifum kort, sötrum bjór nýkomnir heim frá *Beaubourg* og *Tour Eiffel*. Í París er fátt um plötubúðir og engin plata keypt. BLESS ADIEU!

¹ Þetta mun vera Ásgeir Einarsson vinur hans og samverkamaður í Hvalnum, síðar lögfræðingur.

Eggert Ásgeirss. skrifar Tore Larsen. Rvík. 11.9.1982.

Þakka hjartanlega fyrir rausn, lán á bíl og húsi -- fyrir langa og góða vináttu. Segir að Ásgeir hafi tekið ferjuna frá Seyðisfirði til Bergen á leið til Berlínar þar sem hann stundar nám í þýsku við Freie Universität. Sé nú væntanlega hjá Palla og Láru í Osló.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 13.9.1982.

-- Pabbi þinn er farinn í vinnuna, Dagur og Auður í skólann. Auður fer allra sinna ferða á hjólinu sínu sem hún er heldur betur ánægð með. -- Ég vona að þú fái þetta bréf áður en þú ferð frá Palla. -- vantar mikið á heimilið, þegar þú ert ekki og mikið hugsað til þín og hlýlega --

Við fengum húsgögnin -- sem taka sig sérlega vel út hér hjá okkur.

Amma þín var að fara niður og biður aldeilis vel að heilsa þér. Hún var að gefa mér að smakka á spíruðum baunum, sem hún ræktar í eldhúsinu -- Hún er á kafi í áhuga á hollu mataræði og segir okkur frá hvernig fólk hafi bókstaflega fengið sig gott af alls konar kvillum, ef það heldur sig við rétt fæði -- og vítamín. --

Við vorum í hádegisverðarboði hjá henni í gær -- Þar var líka Lára með börnin og Kári. Árni gat ekki komið. Hann var kallaður upp í Hvalfjörð í aukavinnu.

Við buðum fyrst upp til okkar til að sýna húsgögnin og voru allir náttúrulega yfir sig hrifnir. Kári hafði farið á skemmtun hjá dávaldinum Frisnette og var að segja hvað þetta væri góð skemmtun. Ákváðu Dagur og Auður, Fríða og Ingólfur, Helga vinkona Auðar og Guðrún mamma hennar Sveinsdóttir líka að fara. Dagur keypti miða handa öllum og þeim fannst alveg óskaplega skemmtilegt og skildu ekkert í hvernig hann fór að öllu.

Eftir boðið hjá ömmu þinni fórum við pabbi þinn með ömmu þinni og Dídí á *Septem* '82 á Kjarvalsstöðum. Við buðum þeim þangað og amma þín keypti þar litla olúmynd eftir Jóhannes Jóhannesson. Hún sagðist þurfa að kaupa mynd í stað Kjarvalsmyndarinnar sem hún geymir fyrir Palla og verður brátt tekin aftur. Dagur hefur annars verið að lesa Laxdælasögu sem við fundum í bókaskápnunum þínum.

Partíð hjá honum var víst mjög vel heppnað. Við pabbi þinn og Auður fórum í bíó á meðan og þegar við komum heim kl. 11 var allt í fullu fjöri. Við fórum ekkert inn heldur buðum Auði upp á *shake*, fórum svo inn til ömmu þinnar. Fólkið fór skömmu síðar.

Við Auður skildum ekkert í hvað eldhúsgólfíð var klístrað, slettur upp um alla veggi og skápa. Við spurðum Dag, hvað komið hefði fyrir. Hann sagði að einhver hefði misst glas sem hefði lent beint á eldhúsgólfíð og allt sem í því var hefði þotið eins og gosbrunnur, beint upp í loft og út um allt eldhús. -- Eldhúsið verður gert hreint.

Auður er hin ánægðasta í skólanum. Sérstaklega er hún ánægð með Árna P. í stærðfræðinni. Hún kom himinlifandi heim eftir fyrsta tímann og lýsti hve vel hann útskýrði. Hún hefði skilið allt. Hlakkar samt mesttil að byrja í sænsku. --

Pabbi þinn vann sigur mikinn á sjónvarpsmönnum fyrir helgina. Útvarpsráð samþykkti 45 mín þátt um kvöldið, þegar söfnuninni átti að ljúka hjá Landsráðinu. Nú er bara að finna út hvernig á að útfæra þáttinn. --

Nýjustu fréttir af Dolly eru að hún er að fá tilfinningu í andlitstaugarnar og á góðum batavegi.¹ --

Bo Almqvist skrifar Eggert Ásgeirss. Dublin, 14.9.1982.

Þau Éilís og Bo eru loksins komin í löglegt hjónaband eftir ýmsar hindranir og búin að kaupa sér hús skammt frá Dublin.

Ásgeir Eggertsson skrifar fjölskyldunni. Berlín. 18.9.1982.

Kæra Bergstaðastræti! Nú er ég loksins kominn til Berlínar eftir langa og stranga ferð frá Rvík. Eins og gefur að skilja hefur margt drifið á daga mína og dvölin hjá Palla var ákaflega velheppnuð og dekraði hann við mig allan tímann. Við fórum í bíó, leikhús og heimsóknir. Síðast en ekki síst til Torrskog þar sem ég leitaði ákaflega að fjármunum hennar Auðar, en engir fundust.

Eftir að leiðir okkar Palla skildu tók ég næturlestina til Kaupmannahafnar. Í Osló hafði mér verið sagt að lestin færi kl. þrjú (*til Berlínar*), en hún fór ekki fyrr en hálf ellefu þannig að ég þurfti að bíða lengur en ég hafði haldið, en tímann notaði ég til að skoða borgina, fór í dýragarðinn og í Tívolí. Síðan hitti ég Erlend Hjaltason á Járnbrautarstöðinni og bauð hann mér upp á bjór.

En hér er ég sem sagt í Berlín eftir ferð með næturlestinni og er innan um Íslendinga hér í Willmannsdamn 13. Nú eru hér staddir Indriði Benediktsson og hans skata (sbr. skötuþjú), Ólöf Sigurðardóttir, sem var farin til Parísar, en fékk inni í skóla á Ítalíu og skrapp hingað, því skólinn byrjar um mánaðamótin. Svo skal nefna Jón Óskar (*Sólmes*) sem kom fyrir tveim dögum. Hefur hann verið að leita að húsnæði, en fékk ekki, og ætlum við að leita okkur að íbúð saman. -- Snorri Bergmann ætlaði í tölvufræði, en fékk ekki inngöngu og er á leið til Karlsruhe. -- Nú er kominn tími til að slá botninn í þetta bréf og svo er bara að vona að prófin gangi vel. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 18.9.1982.

-- Hugurinn leitar nú ansi oft til þín, ekki síst þessa dagana þegar þú ert að setja þig niður í Berlín og búa þig undir próf þar.

¹ Breytti um nafn í: *Iðunn* Doris Sigríður Magnúsdóttir (1966). Varð fyrir árás og líkamstjóni. Sálfræðingur.

Nú er laugardagur og við sitjum hér öll í stofunni. Mamma þín lagði sig í nýja sófann. Dagur er að lesa Tímanna og teikna. Auður var að tala í símann einn og oftast en hljóp nú út til Helgu, hins nývígða *busa*. Doris á áttæðisafmæli í dag og er amma þín að semja ræðu sem hún ætlar að halda fyrir henni á eftir.

Húsgögnin voru öll ansi velheppnuð, að öðru leyti en því að einn leðurstóll kom ekki og annar brotnaði. Tryggingarnar dæmdu hann ónýtan og fáum við því aukastól út úr því þegar búíð er að gera við þann brotna; svo hér fyllist allt af stólum.¹ Við auglýstum húsgögn en ekkert seldist svo við brugðum á það ráð að setja tvo hægingastóla inn til þín -- Mamma þín tók til hjá þér og er herbergið æði vistlegt, þótt ekki sé þar mikið aukapláss. --

Fréttir berast af glæsilegri frammistöðu Vigdísar á *Scandinavia today* sýningunni í Bandar. Það varpaði skugga á allt er Kristján Eldjárn féll frá eftir hjartaaðgerð, einmitt í Bandaríkjunum. --

-- Undirbúningur söfnunarinnar gengur bærilega. Við, eða öllu heldur ég, sigrum í bardaganum við sjónvarpið þannig að nú verður klukkustundardagskrá að kvöldi söfnunardagsins þar sem talning fer fram. Kostaði þessi ákvörðun mikla baráttu, skipulagða blöndu af tangasókn, oddasókn, breiðfylkingu, leiftursókn, taugastríði og þolinmæði. Nú er ég að undirbúa þáttinn. --

Ásgeir Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Berlín. 23.9.1982.

Segir þýskuna ganga vel þó þeir Íslendingar tali hana ekki saman og búi að auki í tyrknesku hverfi.

-- Í morgun fékk ég bréf frá ykkur og var það lesið upp til agna, svo maður tali ekki um hvað það er notalegt að sjá bréf í póstkassanum. Annars er það af okkur að fréttu að við Jón Óskar höfum verið í íbúðaleit og biðum í biðröð fyrir utan Bahnhof -- eftir blaðinu þar sem flestar leiguíbúðir eru auglýstar. -- Hringdum í nokkra. Einn ætlaði að hringja aftur. -- settum við auglýsingu í Berliner Morgenpost --

Hér í Berlín er mjög gott að vera og er þetta lífleg borg, mikið um að vera, svo maður tali ekki um knæpunar. Í gær gekk hér 6000 manna kröfuganga -- og sagt að göngunni og lögreglunni hafi slegið saman -- alltaf einhverjir að mótmæla. Hér hefur skapast sérstök menning kringum þá sem kallaðir eru *Hausbesitzer*, eða þeir sem setjast að í yfirgefnum húsum. Í sumum má finna ansi skemmtilegar kaffistofur og sýningarsali, en í öðrum fer ýmislegt vafasamt fram -- vopn fundust í einu húsanna. -- bið kærlega að heilsa.

P.S. Setjið rafhlöðu í reykskynjarann, hann er batteríslaus.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 7.10.1982.

-- Starfið gengur bara vel í Landsráðinu. Við erum að koma á fót umdæmisráðum um allt land -- eftir tvær vikur tekur við heiftarlegur áróður fram á söfnunardag, laugardag 30. Beina útsendingin í sjónvarpi er í undirbúningi og sjá um það að mestu Árni Johnsen og Bryndís Schram. Mér sýnist galgopangurinn kominn út í öfgar, syngjandi hundur úr Keflavík, Jón í Möðrudal. Ég verð á fundi með þeim á morgun eins konar fulltrúi heilbrigðrar skynsemi á þeim fundi, þótt heilbrigða skynsemin hljóti bráðum að lúta í lægra haldi, hún á nefnilega svo fáa málsvara. --

Ég skora á þig að skrifa mikið, þó ekki væri nema að æfa þig og eiga eitthvað til minningar um dvölinna þína í Berlín. Þú skrifar gott mál og líflegan stíl, sem kemur sér áreiðanlega vel að þjálfu. -- Til hamingju með ömmu þína 82ja. Gestirnir fara að koma. --

Friede Pálsd. Briem skrifar Ásgeiri Eggertss. 12.10.1982.

Ásgeir var nú kominn til náms í Berlín.

-- Mikið gladdi það mig á afmælinu mínu að þú skyldir hringja til mín. Margar góðar gjafir voru mér gefnar en ég verð að segja að samtalið við þig var samt allra besta gjöfin, að henni bý ég enn og lengi, lengi. Þakka þér fyrir að þú skyldir stytta bilið á milli okkar; allt í einu fannst mér þú næstum vera við hliðina á mér, það var góð og notaleg tilfinningu, sem gerði daginn ljúfan og góðan.

Boðið heppnaðist mjög vel, að mér fannst, með góðra manna hjálp; alls vorum við 22. Eins og venjulega byrjaði veislan með vermútglassi uppi hjá ykkur, þar sem gestirnir komust í *stud* og myktust allir upp. Ég bjó til matinn sjálf, en mamma þín lagði nú aldeilis hönd að verki, sauð hrísgrjón og gulrætur og hitaði pottréttinn og sá um allt herna niðri, á meðan ég skemmti mér með gestunum uppi. Hér inni á skrifstofunni var allt mjög veislulegt, skrifborðinu breytt í matarborð, áhöld og glös á ritvélaborðunum, pabbi þinn skenkti rauðvín og aðra drykki og Auður hjálpaði elstu kvensunum að finna sér sæti og bar glösin fyrir alla sem hafa vildu og á hjálp þurftu að halda. --

Fyrst kom ég til Berlínar árið 1923, þegar markið féll svo óðfluga að allir útlendingar með erlendana gjaldeyri voru milljónarar, rétt eins og við margir Íslendingar nú, þrátt fyrir myntbreytingu. Við Helgi bróðir vorum í fyrsta sinn á ævinni milljónamæringar, vegna þess að við áttum danskar krónur og gátum veitt okkur veislumat og vín á veitingahúsum; hvað vínið snerti kunnum við hvorugt að meta það og urðum því oftast að skilja flöskuna eftir á borðinu, hálfu með dýrindis hvítvíni eða rauðvíni, enda kunnum við ekki að meta slíka drykki í þann tíð. Það væri betur komið í kjallarann minn núna!!

En svo ég haldi áfram með afmælið, þá sat ég inni í borðstofu með sjö gestum og var að borða. Kom þá sendiboði með þrjár rauðar rósir, kveðju og blessunaróskum frá sr. Gunnþóri Ingasyni² og Þórhildi¹ konu hans, var þar vitnað í Davíðssálma 91,1-2.

¹ Þessi húsgögn voru keypt í Osló og réð Auður valinu að miklu leyti. „Brotnu“ stólarnir eru enn á heimilinu og leðurhúsgögnin hjá Auði á Ólafsfirði, eða einhvers staðar á þeim slóðum.

² Gunnþór Ingason,(1948) lengst sóknarprestur í Hafnarfirði,

Þegar ég fór með rósirnar í vasa og setti upp á píanóið, spurðu þeir sem þar voru, hver hefði nú sent mér þetta; sat pabbi þinn þarna, tók biblíuna, fletti upp, las kveðjuna og síðan las hann upp úr hinni heilögu bók. Er þetta í fyrsta skipti sem mér eru lesin slík orð í gestaboði. Siggi Líndal og María gáfu mér *Rætur Íslandsklukkunnar*, sem ég hlakka til að lesa, Dídí gaf mér ljóð Sigurðar frá Arnaholti, Áslaug Sívertsen gaf mér *Ljósmyndir Sigfúsar Eymundssonar*. Auður gaf mér svuntu, sem ég hafði óskað mér og vona ég að ég gleymi ekki alltaf að setja hana á mig og klíni allan kjólinn minn út. Og svo var gjöf frá pabba þínum og mömmu, sem kom mér aldeilis á óvart, en það var maski sem Kolbrún Kjarval hefur búið til, mjög ólík grímunni eftir hana sem hún bjó til fyrir 13 árum. Ég hef sérstaklega gaman af því að horfa beint í augun á manninum, kannske það endi með því að ég fari að tala við hann, enda finnst mér hann tilbúinn að svara mér; vona ég þá bara að ég skilji hann rétt.²

Þú veist að ég hef í rúm tvö ár geymt Kjarvalsmyndina hans Palla. Sá ég að veggurinn yrði dálítið tómlegur þegar hún færi, svo ég keypti mynd eftir Jóhannes Jóhannesson³ á SEPTEM-sýningunni. Þegar sýningin var búin færði Jóhannes mér myndina, hengdi hana upp, var mjög ánægður með staðinn, fannst hann vera í góðum félagsskap milli Jóhanns Briem og hins ljúfa Ásgríms. Ég skrifaði ávísun og við kvöddumst með kærleikum bæði ánægð.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 12.10.1982.

Spyr um hvar hann búi í Berlín. Segi að verið sé að undirbúa viðgerð á útbyggingunni til að koma í veg fyrir leka; líka að Nóbelsverðlaunin í lífeðlisfræði hefðu verið tilkynnt.

-- Amma þín var eins og hún hefði sjálf fengið Nóbelsverðlaunin því verðlaunin komu í hlut þeirra sem unnið hafa að uppgötvun á *prostaglandin*, en það er einmitt efni sem hún hefur hrifist af í skrifum Heilsuhringsins, en eins og fyrr er ég lítið hrifinn og fylli flokk óvina heilsufæðumanna -- Ég hafði nefnilega lesið grein í blaðinu þar sem þeir lögðu til að teknir væru hálskirtlar úr fólki til að koma í veg fyrir að það fengi krabbamein. Ætli séu ekki sömu efnahagsmunir þar á bak við og annars staðar. --

Palli fer að koma heim um helgina og verður gaman að hafa aftur fast samband við hann. ----

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 14.10.1982.

-- Ég vil ekki láta hjá líða að segja frá því að ég var í dag ráðinn framkvæmdastjóri⁴ Sambands ísl. rafveitna. Jafnframt hef ég rekstur Samb. ísl. hitaveitna með höndum. Tekur þetta verk við af vinnunni fyrir Landsráðið gegn krabbameini í næsta mánuði. Ég er mjög ánægður að fá þarna nýjan og væntanlega nokkuð öruggan starfsgrundvöll, ekki síst á þessum heldur viðsjárverðu tímum, efnahagsörðugleika o.fl.

Við ætlum að halda upp á daginn með því að fara á Tommaborgara, mamma þín og systkini. Við skálum í kók. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 23.10.1982.

-- Mér sýnist á öllu að þú vitir hvað þú viljir. Ég vona bara að eljusemi þín nægi til að ná settu marki. Eins og þú hefur skilið á mér er ég hræddur við hvað þú ert ískyggilega líkur mér á mínum aldri. Það var ekki fyrr en ég rak mig illilega á, fyrst með falli í læknaeild, síðan með vinnu sem átti alveg hræðilega illa við mig, hefði væntanlega gengið af mér dauðum ef mér hefði ekki auðnast að komast undir verndarvæng strangs húsbónda sem innrætti mér faglegan metnað og ekkert nema það besta sem maður gæti sýnt væri nógu gott. En öll þessi þvæla tók mig frá stúdentsprófi þar til ég var búinn að fá sæmilega vinnu, fimm ár. Þau voru ekki töpuð, síður en svo -- voru þáttur í mínu þroskaferli. Hann hefði þurft að vera styttri, en kannski þurfti ég hans með. Þegar ég lít til baka sýnist mér þú vera betur að heiman búinn en ég var -- Við styðjum þig öll af heilum hug, sérstaklega ef við vitum hvað þú ætlar þér. --

Eins og ég sagði þér fékk ég vinnu hjá Sambandi ísl. rafveitna og að nokkru leyti hjá Sambandi hitaveitna. Ég byrja að vinna þar fyrri hluta næsta mánaðar. Skrifstofan er í Hafnarhúsinu innan skrifstofu Rafmagnsveitunnar. Fyrirhugað er að fá sjálfstætt húsnæði einhvers staðar í miðbænum þegar Rafmagnsveitan flytur í Ármúla. Þetta er gjörólíkt efni frá því sem ég hef áður fengist við, en skipulag félaga er alltaf ámóta --

Nú fer fjársöfnunin bráðlega af stað. Allt er komið í fullan gang og gengur ótrúlega vel. Blöðin eru full af fréttum um krabbameinsvarnir og söfnunina -- og næsta laugardag verða alls 4 þús. manns við störf. -- Talningarsjónvarpið verður hápunkturinn þegar úrslitin liggja fyrir um kl. 23.30 --

Ásgeir Eggertsson skrifar fjölskyldunni. Berlín. 26.10.1982.

-- fékk símskeytið og varð heldur en ekki glaður -- Nú getur maður farið að búa hér nokkuð áhyggjulaus fram á næsta ár. --

Væri þakklátur fyrir að fá send einhver helgarblöð og segir frá helstu blöðum, áhrifum þeirra og skipun þeirra í stjórnmálum.

Er búinn að velja málaskóla og leist vel á skólann eftir fyrsta tímum. Segir frá leikritum og kvikmyndum sem hann hefur séð, lýsir og dæmir. Og hljótleika Ninu Hagen.

¹ Þórhildur Ólaf, (1950) síðar sóknarprestur í Áskirkju. Friede hafði unnið mikið og lengi fyrir þau.

² Kolbrún Kjarval (1945) er og var góður vinur fjölskyldunnar, dóttir Guðrúnar Hjörvar og Sveins Kjarval. Lengi með verslun á Skólavörðustíg en fluttist til Akraness.

³ Jóhannes Jóhannesson (1920-98) listmálari og gullsmiður.

⁴ Já. Það var orðað svo, en þegar rann af formanninum var skrifstofustjórattillinn dreginn fram. Ég lét það gott heita, hafði trú á breytingu og bættum launum síðar. Það reyndist ekki svo, en ég var og er enn ánægður með hlutskipti mitt.

-- Karl Blöndal og vinur hans Indriði Benediktsson gerðust svo kræfir að mæta með ökuskýrteinið sitt á tónleikana og sögðust vera blaðamenn blaðsins *Ökuskýrteini* á Íslandi og vera að gera grein um Ninu og var umsvifalaust hleypt inn. Það birtist væntanlega í Morgunblaðinu --

Ræðir mikið við Dag um kvikmyndir og Kvikmyndaklúbbinn. Segir þá Jón Sólves vera búna að panta síma.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 29.10.1982.

Segir af LÍN.

-- Á morgun er hinn mikli söfnunardagur, 30. okt.: *Þjóðaráttak gegn krabbameini*. Það verður spennandi. Hápunktur verður klukkutíma þáttur í sjónvarpinu annað kvöld, þar sem verða birtar tölur af öllu landinu um innkomið fé. Pabbi þinn og samstarfsfólk verður þar eins og við sína vinnu. Á eftir býður Landsráðið til kampavínsdrykkju og verða ca. 60 manns saman komin hér hjá okkur á Bergstaðastrætinu. Vonandi verður það sigursamkoma.

Segir frá vinnu við lokafrágang útbyggingarinnar. Hún klædd með kopar. Einnig breytingum í hverfinu þar sem Einar Sveinsson og Birna Hrólfss eru að flytja og selja húsið.

Þá segir hún frá breytingum á högum barna Hauks Heiðars og Renötu, þar sem þau eru að skilja og setja húsið á Laufásvegi 69 í sölu. Reynðar mun hann sjálfur kaupa húsið.

-- Amma þín er mjög hress og er með enn eitt boðið um helgina og koma einar 7 hressar *kellsur* til hennar. Hún ætti að fá styrk til að halda boð, því hún er svo vel til þess fallin.

-- Dagur sótti myndirnar til Gunna Gísla. Okkur finnst þær svo fallegar að okkur langar til að ramma þær inn -- Sérstaklega var Sænska frystihúsið skemmtilegt. --

Dagur fór eitt kvöldið í Hafnarfjörð og var að diskútera við Ingu, sem var með ykkur í Hvalnum, um myndirnar sem hann ætlar að mála á vegginn hjá henni. Leist henni vel á og ætlar hann að gera það um helgina. --

Hér er allt í háa lofti í pólitíkinni. Stjórnin rétt lafir og kosningar verða að vori. Verðbólgan geysist áfram og var Jóhannes Nordal að segja útvarpinu í kvöld að hún væri 60%. --

Friede Pálsd. Briem skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 1.11.1982.

Óskar honum til hamingju með tvítugsafmælið, 6.11.

-- vonar að þýskan verði honum tamari með degi hverjum.

Ég er nú heldur en ekki glöð yfir að Palli, Lára og börnin eru komin heim og var ég á föstudagskvöldi í alveg stórskemmtilegu fjölskyldubóði hjá þeim, þar sem um 40 manns var mætt á aldrinum 10 mán. til 83 ára, því foreldrar Láru og tvenn hjón frá Akureyri voru eiginlega heiðursgestir. Var mikið fjör og mikið sungið -- Þó að ég hafi ekki verið nema þriggja ára þegar ég fór frá Akureyri, þá fer hjartað að slá örur þegar ég er í nábýli við Norðlendinga, ekki síst Akureyringa -- gaman að sjá hvað húsgögnin og allt sem þau keyptu í Noregi var velheppnað -- Svo -- fengum við okkur mat -- ég hafði fjölrítt borðsálm Jónasar Hallgrímssonar og beðið Reyni¹ að vera forsöngvara og spilaði ég undir úr þjóðlögum Sveinbjarnar -- mikið fjör. --

Þá segir af veislu sem hún hélt fyrir Huldu Stefánsdóttur, ræðir hennar merkilega framlag til m.a. varðveislu Þingeyrarkirkju sem hafði verið rúin kirkjugripum, m.a. af Jóni Vídalín, kaupmanni sem gaf postulamyndirnar Þjóðminjasafninu ásamt mörgu fleiru.

-- Þú manst eftir stóru myndinni af seglskipunum á Eyrarsundi, eftir danska málarann Blanche, sem Dídí erfði eftir langömmu þína. Þessi mynd var brúðargjöf til Álfheiðar og Páls Briem á velmektardögum Jóns Vídalín² frá honum, en hann lifði fram til 1907 og var þá glæsimeenska og auður af honum hrúinn, eins og oft vill verða.

Okkur líður hér vel og Landsöfnunin hjá pabba þínum gekk stórvel, svo nú verður hægt að hefjast handa um byggingu leitarstöðvar -- endaði með skemmtilegri sjónvarpsdagskrá, sem eins og alltaf, eru skiptar skoðanir um, en það er líklega m.a. vegna þess að fólk kann ekki að meta skrifnar persónur, eins og Stefán í Möðrudal, en við þurfum á furðufuglum að halda til að setja svip á rigningarsuddann og stjórnmalamennina með allan sinn hátíðleika.

Siggi Línal og María eru að fara til London -- þar sem Siggi er boðinn til fyrirlestrahalds við Lundúnaháskóla; þau fá þar hús til umráða -- Siggi sagðist vera farinn að temja sér að hugsa á ensku, og auðvitað talar hann upp úr svefninum á nóttunni, svo hann notar tímann vel --

Hilda verður hjá Ölfu niðri í Tjarnargötu og hlakkar til þessarar ágætu tilbreytingar. Hún og Sigga Tomm voru hjá mér í dag og var ég svo uppgefin á langri heimsókn að ég varð að drepa á okkur dropa af vermúti; býst ég við að þreytumerkin komi glögglega fram í þessu bréfi og slæ nú botninn í það -- Sendi þér að gamni mínu borðsálminn, ef þú skyldir einhvern tíma hitta góða forsöngvara til þess að hverfa í huganum rúmlega hundrað ár aftur í tímann og gleðjast yfir snilli Jónasar.

Svo sendi ég þér ávísun á 200 mörk og vona að slík afmælisgjöf komi sér vel --

¹ Andrés Reynir Kristjánsson (1931-2007), vinur Palla úr Suðurgötu.

² Jón Vídalín (1857-1907), kaupmaður, auðmaður, en líka rausnarmaður. Myndin eftir Blanche er nú í eigu Sigurðar Línal og Maríu.

Ásgeir Eggertsson skrifar fjölskyldunni. Berlín. 3.11.1982.

Ræðir óeirðir í Berlín, bankarán og varúð sem útlendingar þurfi að hafa til að blandast ekki í óróleikann.

-- Í gær fékk ég afmælisgjöfina og kemur hún í góðar þarfir því þá endast peningarnir fram í miðjan mánuðinn. Fyrst eru útgjöldin alltaf mest en svo þegar maður er búinn að við að sér öllum nauðsynlegum áhöldum og apparötum minnkar kostnaðurinn smám saman. Einnig er maður kominn upp á ýmsar sparnaðarleidir sem Þjóðverjar eru þekktir fyrir -

Þá er Lánasjóðurinn til umræðu.

-- Ég var hissa á þér, Auður, að fara að læra frönsku. Varla er hægt að finna menningarlega mál en þýsku (að íslensku undanskilinni) enda má finna alla mestu heimspekinga og rithöfunda mæltá á þýðversku - nei-nei. --

Í Berlín eru staddir tveir Íslendingar sem eiga afmæli 6. okt., annar vitið þið hver er, en hinn heitir Karl Blöndal. Ætlunin er að slá tvær flugur í einu höggi og halda upp á afmælið sameiginlega í hans íbúð, fyrrverandi aðsetur mitt. Verð ég því að heiman á afmælisdaginn. Að sjálfsgöðu mun verða glaumur og gleði ríkjandi og munu íslenskir Þjóðverjar fjölmenna --

Málaskólinn er mjög góður og kennarinn ágætur. Sendir skissu af íbúðinni og lýsir hverfinu og sendir teikningu.

Eggert Ásgeirss. skrifar Tore Larsen. Rvík. 4.11.1982.

Tore hafði stungið upp á viðskiptasamstarfi við mig, en Tore var með fyrirtæki sem framleiddi og seldi sjúkraf lutninga- og björgunartæki á Norðurlöndum. Ég sagði honum að af því gæti ekki orðið því ég væri ráðinn til rafveitusambandsins og hitaveitusambandsins.

Sagði frá árangri landssöfnunarinnar sem hefði numið 60 ísl. eða 30 norskum kr. á íbúa og kostnaðurinn einungis 3.2% enda 4-5000 sjálfboðaliðar þátttakendur og sem virðast hafa gengið ánægðir frá verki. Allar aðferðir notaðar voru öðru vísi en áður þekktist.

Segi fréttir af landi og fjölskyldu.

Ásgeir Eggertss. skrifar Friede Pálsd. Briem. Berlín. 7.11.1982.

Elsku amma. -- Í dag hef ég mest verið að slappa af eftir afmælisveisluna í gær sem var hið myndarlegasta partí sem yfir 20 manns sóttu. Það tók mig nokkurn tíma í gær að muna eftir afmælisdeginum mínum. Það var ekki fyrr en ég opnaði bréfið til mín frá þér að ég áttaði mig á því hver aldraður ég væri orðinni

Ávísunin kemur sér vel og mun nokkur hluti hennar fara í að stofna síma sem kemur senn.

Í dag fór ég til Ólafs Axelssonar sem er að læra píanóleik og tónfræði og konu hans Svönu -- og fékk að sjá hjá þeim dagblöðin þar sem pabbi var aðal stjarnan. Það var gaman að sjá hve allt hafði tekist vel og allir ánægðir með árangurinn. --

Þegar ég hringdi í gær var ég nýkominn af ítölsku veitingahúsi þar sem við Jón Sólmes, Ólafur og Karl Blöndal héldum upp á tvöfaldan afmælisdag. Því næst var haldið í veisluna og voru okkur gefnar góðar gjafir, aðallega bækur -- Og auðvitað var borðsálmurinn sunginn við raust.

Eitthvað rámar mig í að þú hafir sagt mér frá því að þú hafir komið hingað til Berlínar meðan Helgi var sendifulltrúi hér. Gaman væri að heyra meira um það. -- Ekki fleira í frásögur færandi. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 14.11.1982.

-- Mamma var hjá okkur í hádeginu og vorum við með svartfugl og njóljafning - namm - namm. Hún sagði að þið Jón Sólmes væruð fjórmenningar. Langafi, Lýður Árnason og langafi hans í móðurætt voru bræður. -- Annars er mamma búin að segja upp í Vinnufatagerðinni -- Hún er orðin þreytt á þessum erfiða saumaskap -- Hún er hin ánægðasta yfir þessu og farin að plana hvað hún geti gert sér til dundurs, m.a. að fara í sund á hverjum degi, en þarf að byrja á að læra að synda. --

Vorum í boði hjá Dídí með Palla og Láru. Við hringdum um eitt leytið í Dag og var hann tilbúinn að sækja okkur, fór svo út á Seltjarnarnes í stjörnuskoðunarturninn og kom heim um fjögur leytið í nótt. Hann er ansi duglegur og aðsætinn við námið og er allur í tölfræðinni. -- Hann saknar þess að hafa þig ekki við hliðina á sér uppi og talar um að það væri gaman að hann gæti heimsótt þig -- Þú átt góðan og einlægán vin í honum bróður þínum, Svo ég minnst ekki á Auði. -- Það er tómlegt að líta inn í herbergið þitt sem er oftast lokað.

Imma var hjá okkur í gærdeg með Hjalta Stefán. Hún sagði okkur frá frænda sínum Ólafi Axelssyni og konu hans Svölu Víkingsdóttur, sem eru við nám í Berlín. Hann er arkitekt, en hún í músíknámi.¹ --

Á fimmtudaginn hef ég flugfreyjuklúbbinn hjá mér og á föstudag erum við boðin í sænska sendiráðið. Þar eru *smóking* og síðir kjólar og verð ég að fara af stað og kaupa mér einn góðan. Ætlar sérfræðingur minn í fatnaði, Auður E., að verða með mér í ráðum, svo ég er ekki á flæðiskeri stödd. --

¹ Þau eru foreldrar Víkings Heiðars Ólafssonar píanóleikara.

Ásgeir Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Berlín. 18.11.1982.

Nú er komið rof í bréfaútlát okkar þegar á víxl eru fréttir í pósti og síma. Þetta bréf ber með sér að Lánasjóður námsmanna virðist hafa tekið fyrir lánveitingu til Ásgeirs, kannski vegna þess að hann hafði sumartekjur. Ekki er það þó alveg ljóst af bréfinu.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 25.11.1982.

-- Gaman var að heyra röddina þína áðan. Ósköp finnst okkur vatna mikið hér á heimilið þegar þú ert ekki hér. En svona er gangur lífsins, er manni alltaf sagt. Eins og ég sagði þér var ég að reyna að ná í þig í kvöld en enginn svaraði. Ég ætlaði að fá að vita um fjárhaginn, og fékk að vita allt í gegnum símann. En samt sest ég nú niður til að skrifa líka. Mér finnst ég verða að framlengja símatalið og hafa þig með því lengur hjá mér fyrir bragðið.

Dagur kom heim í kvöld með blaðið Beneventum og var heldur en ekki hróðugur með framlag þeirra Kjartans í blaðinu. Hann bað mig um að stinga því með í bréf til þín. --Hér er heldur kalt --og inni finnst mér ekki nógu heitt. Ég sit hér í lopapeysu og gæruskinnskóm og dugir varla til. Nú kom Auður hingað og sagði: *Finnst þér ég ekki lekkert klædd!* Henni var þá líka svona kalt. Þar sem hún var að læra uppi hjá sér og þurfti að bæta á sig allskonar peysum og gæruskinnskóm.

Pabbi þinn var boðinn heim til Elsu Hermannsdóttur í rækjur og hvítvín með Halldóru Thoroddsen frkvstj. Krabbameinsfélagsins. Elsa vann hjá pabba þínum eins og þú veist, sást hana reyndar. Nú er öllu þessu lokið og á morgun verður peningaupphæðin afhent Krabbameinsfélaginu og Landsráðinu slitið formlega. Þá er hann laus úr þeirri vinnu Og hún gekk aldeilis vel og hefur hann fengið mikið hrós fyrir.

Thomas Schartau, vinur Ullu Vennerström, sem komu hingað í fyrrasumar, skrifaði okkur langt bréf og sagði okkur frá „*trollrika mánniskor*“, vinum sínum, sem eiga *slot*, sumarhús og íbúð í Stokkhólmi Þau eiga þrjú uppkomin börn og er ein dóttirin, 25 ára, heilasködduð. Þau vilja allt fyrir hana gera og Tómas hefur auðsjáanlega smitað þau af hrifningu af öllu íslensku. vilja þau nú koma hingað í júní, í einn mánuð og biðja um að komast í samband við fjölskyldu sem vill skipta á bústað og bíl. Við erum að hugsa um að gera þetta og eyða sumarfríinu okkar þarna. Sumarhúsið er í Gautalandi við vatn sem heitir Ásund, nærri Ulrichehamn. Hvernig líst þér á? --

Ég var að tala við Steinu, móðursystur mína, og bauð henni að borða með mömmu. Hún var nú heldur en ekki glöð. Það er allt of lítið sem maður hugsar til hennar, en alltaf er hún jafn upplögð og kát. Ég hugsa oft til hennar þegar ég hlusta á fólk sem eitthvað smáræði er að og sem kvartar og kvartar yfir smámunum einum. Hún heyrir aldrei kvarta. --

Þegar þú hringdir hélt ég að þetta væri enn einn að biðja mig um að kjósa sig í prófkjöri um helgina. Það er búið að hringja ósköp, senda mér bæklinga og maður opnar ekki blað án þess að lesa hrósgreinar sem vinir skrifa. --

Hér eru stillansar utan á viðbyggingunni. Verða líklega í allan vetur án þess að neitt verði gert. --

Á morgun hef ég mikið að gera. Þarf að senda út nýja taxa tannlækna.--

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 2.12.1982.

Ræði enn LÍN-mál, vottorð og gögn sem vantaði en nú komin. Einnig bréf hans, telur í hann kjark, þó þau mamma hans séu ekki vel stödd vegna þess að ríkissjóður stendur ekki í skilum við þau. Vandræðin með Lánasjóðinn eru vegna þess að hann hefur ekki komist í fast nám, sem geti í versta falli valdið því að hann þurfi að koma heim og lánið gjaldfellt. Nefni við hann möguleika án þess að leggja neitt til, því það sé hans ákvörðun.

Segi frá vinnustaðnum í Hafnarhúsinu, hann gangi þangað og komi heim í hádegina og þurfi lítið að hreyfa bíl. Hefur ekki enn fengið aðstoðarmann.

Segir frá kosningunni frægu þegar Geir Hallgrímsson lenti í 7. sæti og Albert í efsta.

-- gerði smá hlé á bréfinu. Við mamma þín vorum hjá ömmu þinni sem var að lesa upphátt bréf frá (*Álfheiði*) langömmu þinni þegar hún var í Berlín. Hún mun segja þér frá því. Það hafði stórkostlega hvetjandi áhrif á ömmu þína að þú skyldir spyrja hana um Berlín á hennar dvalardögum þar. Gott dæmi um hvað hvatning hefur góð áhrif á fólk á öllum aldri. --

Ég held enn að það eigi ekki að velja sér nám eftir því sem maður hefur áhuga fyrir. Maður fær áhuga fyrir þeirri vinnu sem maður hefur með höndum og kann skil á. Það er þörfin fyrir mann sem gerir verkið skemmtilegt og fær góða samstarfsmenn. Enginn veit hvert þróunin liggur. Ég er farinn að fjalla daglega um orkumál, rafmagn, varma o.fl. Auðvitað er það skemmtilegt þegar maður kynnist því. Það er ekki efnið sem er sérstakt og áhugavert, miklu fremur aðferðirnar, tæknin, möguleikarnir og samstafsólkið sem kveikir áhugann. Nú er klukkan orðin tólf.

Ég hefði viljað segja þér miklu fleiri fréttir. Mér finnst nefnilega skemmtilegt að skrifa þér og rabba við þig. Ég verð lens í síma; sími er ekki minn miðill, eins og þú veist. --

Friede Pálsdóttir Briem skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 4.12.1982.

-- Þakka þér innilega -- bréf eftir afmælið þitt. Þótti mér sérstaklega vænt um að þú fengir mína afmælisósk einmitt á réttum degi; og gaman að þú skyldir hringja um kvöldið -- Þú sóttir líka svo vel að okkur öllum sem sátum með kampavínglössin -- og sendum þér í huganum blessunaróskir, þegar síminn hringdi og sjálft blessað afmælisbarnið var í símanum. Þegar mamma þín kom aftur inn ljómaði hún eins og sól - hafði góðar fréttir --

Segist hafa verið að lesa bréf frá Álfheiði, langömmu hans frá Berlín 1937. Segir frá ferð hennar og Jónu þangað, í heimsókn til Helga. Voru skemmtanir miðaðar við þá ungu Jónu fösturdóttur. Fékk sirkusferðin svo á hana að hún þurfti að fara heim.

Segir þetta minna á þegar þau Ásgeir voru í Barcelona 1935 og Helgi bauð upp á nautaat, hið fullkonnasta. Lýsir nautaatinu. En ætlunin var að segja frá öðru.

-- Ung að árum sigldi ég í fyrsta sinn, 21 árs gömul árið 1922. Þegar maður var sigldur var búið að kvitta fyrir allar utanferðir. Í þann tíð þótti það nokkuð ævintýralegt að fara til útlanda og átti að gilda ævina út.

Segir Ásgeiri langa ferðasögu sem nær til margra landa. Allt til að hvetja hann til að standa sig vel.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 7.12.1982.

-- Hér er annars orðið talsvert jólalegt. Við Auður fórum í búdir -- Við vorum svona að skoða og spekulera og gekk það alveg ágætlega og var gaman að vera með henni í bænum. Hún er skynsöm í innkaupum, gefur góð ráð og mjög smekklek. Dagur og Auður hafa bæði verið í prófum -- Þau skrifa þér nú vonandi þegar um hægist.

Palli fékk allt í einu mikinn áhuga á gamla sófanum stóra niðri í kjallara. Sófinn er annars mest frægur fyrir að Jóhann risi hefur sest í hann og hann passaði alveg fyrir hans löngu fótleggi. Helgi frændi þinn átti hann. Pabbi þinn fékk hann frá honum og var þetta aðalhúsgagnið hans lengi. Nú er Palli búinn að sníkja hann af okkur og ætlaði að flytja hann út úr húsinu núna um helgina, en hann komst ekki út úr herberginu. Það er nefnilega búið að smíða utan um ofninn síðan við fluttum hann og þá rétt small hann inn. Palli er ekki vanur að gefast upp í fyrstu tilraun og er nú búinn að fá bólstrara til að líta á sófann og segja hvað það kosti að taka hann í sundur og bólstra hann. Það verður örugglega dýrt. Hann hugsar sér að hafa sófann inni á kontórnum sínum. Verður þá ekki meira sem kemst þar inn. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. Rvík. 12.12.1982.

-- Héðan er allt hið besta af öllum að fréttu sem við þekkjum bæði. Árin bætast við -- allir eldast þótt á sumum sjáist aldurinn meira en á öðrum. Breytingar sem aldrinum fylgja koma þó í lotum. Unglingaaldurinn og þroskaárin hafa afdrifaríkari og ófyrirséðar afleiðingar en nokkurt annað skeið. Áhrifin sjást þó oft ekki fyrir en miklu seinna. --

Hitti frænda þeirra, Gylfa Ásmundsson, sem er farinn

-- að rekja ættir okkar, hefur fundið ýmislegt öðruvísi en við áttum von á, hvaðan Bollagarðaættin -- sé sprottin -- Okkur þótti slæmt að geta ekki borið ýmislegt undir þig -- Að vísu veit ég fyrir víst að þú hefur ekki gamaldags ættfræði í hávegum. En mér þykir gaman að þekkja mitt fólk, þótt ég vilji heldur ekki vera að abbastráttur þú. --

Auður og Dagur eru hinir ágætustu heimilismenn og dugleg við það sem þau stunda. Námið er nokkuð erfitt hjá Degi en hann sækir mjög í stærðfræði og eðlisfræði. Auður fetar nokkuð í hans fótspor, enda er hann góður leiðbeinandi -- Hún stundar svo að auki sænsku og frönsku. Mamma hefur það alveg ágætt, er skemmtileg og þægileg að búa með; leggur mjög upp úr sjálfstæði og abbastráttur þú á neitt okkar en tekur vel á móti, les mikið og stundar vini sína sem nú eru farnir að tyna tölunni. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 14.12.1982.

-- Ég var í glögg-flugfreyju-saumaklúbb hjá Kolbrúnu Aspelund í gærkvöld þegar þú hringdir. Þegar ég kom heim kl. 12 kom amma þín í gættina og sagði að þú hefðir hringt og hún ljómaði af ánægju yfir hvað þú hefðir verið ánægður með sýrópskökurnar.

Hér er pabbi! Ég er heima í hádeginu og tek við bréfinu meðan mamma þín er að pakka smákökum til að senda þér í áramóttaglensíð.

Það var alveg stórkostlega gaman að tala við þig í gærkvöldi. Ég var mikið upplýftur yfir því. Ég var að lesa í morgun að Karl Aspelund¹ hefur tekið þátt í stúdentaléikhúsinu sem nú er að hefja göngu sína og sér um búninga og leiktjóld. Hann hefur sýnilega verið húkkaður úr leikhúsinu í fyrra.

Nú þarf ég að fara að hypja mig í vinnuna. Óska þér alls hins besta og gleðilegra jóla. --

Hér er mamma aftur! Segir fréttir af jólaundirbúningi. Gladdi Jenný á Hvarfi með fréttum af Ásgeiri. Einnig af ýmiskonar jólaboðum, glöggpartúm og boðum á gamlárskvöld hjá Steina og Steinu.

-- Það verður tómlegt að hafa þig ekki hérna á jólnum. Óska þess að þú eigir gleðirík jól og að nýja árið verði þér hamingju- og árangursríkt. --

Dagur Eggertss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 30.12.1982.

Komdu nú sæll, kærri bróðir.

Langt er síðan ég skrifaði síðast og er kannski helst um að kenna leti eða sendibréfafóbíu. En nú hef ég sest niður í skrifstællingur með Lester Bowie á fóninum.


Fyrir nokkrum dögum komst ég í jólafrí. Árangurinn úr prófunum var ekkert sérstakur, ýmist B eða C. Eftir prófin ákváðum við Kjartan að gera tilraun til að lifa íþróttamannslífi í nokkrar vikur. Síðan höfum við stundað Vesturbærjarlaugina ca. 4-sinum í viku og synt 1000 metra í hvert skipti (já þúsund, ég er hreykinn af mér).

Svo komu jólin. Og maturinn og jólagjafirnar líka. Já vel á minnst, þakka þér fyrir jólagjafirnar, þær hljóma mjög fallega.

¹ Karl Aspelund er nú háskólakennari á Rhode Island og var nýlega ritstjóri mikillar bókar um Sigurð málara.

Auk þinna gjafa fékk ég tvær aðrar velhljómandi gjafir. Plötu með *Siouxsie and the Banshees* og nýjustu plötuna með *Peyr, the fourth reich* -- Ýmsar bækur fékk ég og þar á meðal *Riddarar hringstigans*,¹ sem við Auður gáfum þér. Góð bók.

Á jóladag fórum við til Palla og Láru. Í boðinu fékk ég lánaðan heim með mér gamla rafmagnsgítarinn hans Ingós og hef ég verið að basla við að gera við hann undanfarna daga. Að lokum tókst mér að fá hann í gang.



Það minnir mig á eitt. Fyrir viku fór ég með Ottó, Kristínu og Kjartani í *Djúpið* til að hlýða á ljóð, trumbuslátt og ýmislegt annað sem *Þeysarar* stóðu fyrir. Allt var þetta mjög menningarlegt, nema eitt, veskinu mínu var stolið. Engir peningar voru í því (í mesta lagi 5 krónur og 20 centimes en öll skilríki, skírteini og allir minnismiðar --mínir sem voru í því og þar á meðal símanúmerið hennar Ingu.

Þá get ég eiginlega ekki sagt þér frá fleiru. Með bréfinu fylgir skólablað MR og skólablað MH sem greinin okkar Kjartans birtist í. Mamma, Auður og pabbi biðja að heilsa. *Áf vídersen.*

¹ Eftir Einar Má Guðmundsson.

Eggert Ásgeirss skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 2.1.1983.

Segir fréttir af jóla- og áramótaveisluhaldi og þakkar fyrir plötur sem hann fékk og voru góðar, gera mikla lukku á efri hæðinni. Fjölskyldan var hjá Steina á gamlárskvöld þar sem allir voru saman komnir og hæst ánægðir.

-- Við þurftum að hlusta á leiðindarollur um áramótin - Gunnar plataði þjóðina sem heldur að hann hafi talað blaðalaust. Vigdís þótti mér afskaplega vitlaus - eða kannski fer það í taugarnar á með þegar menn tala skv. skyldu og djúpu viti, skulum við segja, án innblásturs, þótt á miklum erfiðleikatímum sé. --

Auður Eggertsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 6.1.1983.

-- Núna undanfarna daga hefur verið alveg brjálað veður, rok og hagl svo ekki hefur sést í næstu hús. Þegar ég átti að byrja í skólanum, féll kennsla niður vegna veðurs og hvorki í gær eða dag. Ég braust þetta reyndar í morgun en þegar ég loksins kom upp í skóla þá var allt *lok lok og læs og allt í stáli*. Ekki er heldur hægt að nota bílinn því hvert sem maður fer, þá festist maður. Strætisvagnarnir ganga ekki heldur alltaf.

Núna á eftir fer ég að sækja Millett dúnúlpu, sem pabbi ætlar að gefa mömmu í jólagjöf, en þær komu fyrst í gær.

Mér finnst jólagjafirnar frá þér algjört æði og þakka ég þér einu sinni enn fyrir þær.

8.1.

Jæja, nú held ég áfram með þetta blessaða bréf. Við erum búin að gera fimm tilraunir til að komast á leikritið Garðveislu. Ýmist hefur verið óveður eða Tinna Gunnlaugsdóttir hefur verið veik. Við ætluðum nú í kvöld, en enn einu sinni er komið óveður og við reynum þann 13. í staðinn. Því miður var ekkert skemmtilegra í skólanum heldur en fyrir jól. – Á bakleiðinni var strætó alltof seinn svo ég beið í klukkutíma og voru tærnar mínar alveg frosnar í gegn.

Mamma var nú heldur en ekki ánægð með úlpuna, en það var ekki eins gaman að ná í hana. Á leiðinni lenti strætó í árekstri. Það var lítill fólksbíll sem keyrði inn í strætó og þá frusu tærnar mínar aftur. -- Nú hef ég ekki fleiri strætósögur. –

Í gærkvöldi fóru pabbi og mamma með einhverju fólki út að borða – Dagur og ég bundum hurðarsprengju á dyrasímann og svo hringdi ég á bjöllunni. Pabba brá alveg rosalega, en ég hló alveg eins og vitleysingur, veltist bókstaflega um af hlátri. Svo fóru þau út að borða og ég fór til Helgu. Þar sprengdi ég hurðarsprengju þegar Guðrún opnaði dyrnar og það var næstum því liðið yfir hana af hræðslu. Svo sátum við þrjár saman og spiluðum.

Við Helga vorum í því að hneyksla Guðrúnu, því hún þolir varla að heyra orðið rass, þá roðnar hún í framan og finnst við dónalegar. Svo kom Dagur og ætlaði að sækja mig klukkan svona hálf-þrjú, en hann fór bara að spila við okkur, svo við komum ekki heim fyrr en klukkan rúmlega fjögur.

Helga sagði mömmu sinni þennan: Þegar Bob Dylan hitti Maríu Markan, þá beit hann í barkann á Maríu. Þá sagði María Markan: *Hér dugir ekkert nema harkan*, og beit í tillann á Bob Dylan.

Guðrún eldroðnaðir og sagði: *Helga þó!*

Amma Friede hefur verið lasin, en er nú aftur orðin góð. Eins og þú kannski vissir, þá flutti Kata á Háteigsveg 14 með mömmu sinni. En nú eru þær alltaf að rífast svo að hún er flutt aftur til pabba síns á Laufásveginn.

Núna hafa verið sprengjuhótanir á Hótel Borg, Morgunblaðshúsinu og Almennum tryggingum og hefur alltaf þurft að rýma húsinn. Þetta er einhver geðveiklingur, sem á eftir að halda þessu áfram, áreiðanlega, þangað til hann næst einhvern tímann.

Jæja, nú held ég að ég fari að hætta, enda er ég alveg dauðuppgæfin í hendinni. Vertu blessaður, bróðir sæll!

P.s. Ég fékk nú í sænsku. -- Auður þínulitla systir.

Friede Pálsd. Briem skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 12.1.1983.

Þakkar fyrir bók sem hann sendi um Berlín-Köln. Gat ekki skrifað fyrr þar sem hún veiktist og lagðist í rúmið. Segir frá jólnum á Bergstaðastræti og áramótum á Seltjarnarnesi og óveðrinu þá. Einnig segir hún frá bókum sem hún fékk í jólagjöf. Á aðfangadag las Eggert upp úr Flosa Ólafssyni, Í kvosinni, og var mikið hlegið.

13.1. Auður, pabbi þinn og mamma ætluðu í leikhúsið og það tókst eftir að *Garðveislu* Guðmundar Steinssonar hafði verið aflýst fimm sinnum, fyrst vegna veikinda, svo vegna óveðurs. Þau fóru, en örskotsstund áður en þau fóru kom pabbi þinn með ljóðabók Sigurðar Pálsssonar *Ljóðvegagerð* og lánaði mér. Þegar ég hafði næstum lokið lestri bókarinnar komu þau heim, og held ég að ég hafi verið talsvert meira uppnumin af lestrinum en þau af Garðveislunni, nema Auður skemmti sér ágætlega. Ég bauð þeim í te og ráðlagði ég pabba þínum hvaða kvæði mér þóttu skemmtilegust, en erfitt er að gera upp á milli þeirra. Þegar ég kom inn með teborðið voru þau mjög upplyft, enda bókin stórkostleg. Hann hlýtur að marka tímamót í ísl. ljóðagerð.

Þá var hún mjög ánægð með bók Ingólfs Margeirssonar um Ragnar í Smára og segir að betra hefði verið að senda Ásgeiri hana en bókina um Albert, en segist sjálf hafa haft gaman af að kynnast honum --

-- en því eru fáir mér sammála.

SAMMÁLA. Hvenær verðum við sammála? Aldrei. Nú er Davíð að gera allt vitlaust með ráðríki sínu, og verður að leita til hlutlausra lögfræðinga, ef þeir eru þá lengur til, til þess að skera úr deilumálum um strætisvagnajöld og ýmislegt fleira. Er það óútkljáð enn þá. --

Segir af veislu hjá Sigurði Líndal og Maríu þangað sem þær Þórdís voru boðnar en gat sjálf ekki farið v. veikinda.

-- Sama daginn var Gunnlaugur Þórðarson að syngja út jólin og hafði kokkteilboð hjá sér og var dauðans vonsvikinn yfir að Siggí og María gátu ekki komið. En hann kom í boðið til Sigurðar þegar hans eigin gestir voru farnir, hann alveg bláedrú -- en tók þegar boðið í eigin hendur með sínu skemmtilega málfari.

Gunnlaugur sagðist vera orðinn hroðalega gleyminn, hann eigi gleraugu í tugatali, sem hann gleymi á ólíklegustu stöðum og eins sé um skjalatöskuna hans. Hann gleymi henni alltaf ef hann hittir skemmtilegt fólk, er óðar búinn að leggja hana frá sér og gengur burt, léttur á sér og töskulaus. Bíllinn er aldrei á þeim stað sem hann hélt að hann hefði skilið hann eftir á og ef hann hefur sett hann á stöðumæli endar dagurinn þannig að hann fer gangandi heim. Morguninn eftir fer hann ofan í bæ eldsnemma og þá kemur hann auga á einn býl á stæði; þá er hann himinglaður, því hann veit að það er hans góða gamla drusla og sektarmiðarnir blakta í golunni. En nú segist hann vera búinn að finna lækningu við minnisleysi. Hann hefur innritað sig í þrenn tungumál í háskólanum og bíður nú eftir að hann öðlist stálminni.

Svona sagði hann sjálfur frá í boðinu og skemmtu allir sér vel yfir lýsingunni. --

Ég fór í lækni skoðun í dag. Sagði lækurinn mér að ég væri mjög hress. Nú er þitt að dæma hvort það sé rétt. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 27.1.1983.

-- Það er eitthvað svo mikið og margt alltaf að gerast hjá mér að ég má ekki vera að, að skrifa þér. Dagur er nú að tala við þig í símann og pabbi þinn skilaði kveðju frá þér, sem ég þakka fyrir. -- Það er svo langt síðan við höfum fengið línu. Það er öðruvísi að talast við í síma. Ég gleymi öllu sem ég vildi sagt hafa. --

Ég á 25 ára stúdentsafmæli í vor og hefur árgangurinn hist til að planleggja hvernig best verði haldið upp á afmælið. -- Við bekkjarsystur erum búnar að hittast hjá Hólmsfríði Gunnarsdóttur og verður mikið um fundi okkar bekkjarsystur, vegna þess að venja er að 25 ára stúdínum haldi uppi skemmtiatriðum á árshátíð Kvenstúdentafélagsins -- Við erum svo heppnar að það er mikið af *talentum* í árganginum. Skal fyrst nefna Bryndísi Schram, Brynju Benediktsdóttur. Hallveigu Thorlacius (brúðuleikhús), Sírri Geirs og ótal smástirni. Þetta verður fyrst og fremst skemmtilegt meðan við erum að undirbúa og ákveða hvað við ætlum að gera.

Það er alltaf mikið að gera hjá mér í vinnunni. Ég held að það sé alltaf að verða meira og meira. Ég var með stjórninni á fundi áðan og lagði fyrir hana tillögu að breyttum skrifstofutíma. Í stað þess að vinna frá 2-6, þá stakk ég upp á tímanum 1-5 sem mér sýnist henta félaginu. Það yrði mikil breyting fyrir mig til batnaðar. Mér finnst þetta hálf-þreytandi vinnutími. Mér heyrðist á þeim að þetta gæti jafnvel orðið. --

Á næsta félagsfundum ætlar Flosi Ólafsson að segja frá tannlæknanámi sínu í Þýskalandi sem hann hætti fljótlega.

Segir frá bruna hjá Jóni Ásgeiri Eyjólfssyni sem leigir hjá Ólafi Björgúlfssyni í Miðstræti. Kviknaði út frá rafmagni í tannlæknaóstólnum þannig að svartur reykur kom á móti honum þegar hann mætti í vinnu. Engin veit hvernig þetta gerðist og síst af öllu, tryggingafélagið.

Auði og okkur þótti heldur leiðinlegt þegar við sáum Garðveislu eftir Guðmund Steinsson. En von er um skemmtun þegar Fleksnes verður í sjónvarpinu.

--sem ég ætla að horfa á. -- Hann var sko ekki drepfyndinn núna. --

Segir honum að búíð væri að leggja kr. 19 þús. námslán hans inn og segist bíða eftir bréfi.

Friede P. Briem skrifar Guðrúnu Guðmundsd. Bergström. Rvík. 3.2.1983.

Þakkar fyrir kort, vel skrifað, greinilegt og fallega hugsað. Það vekur ljúfar minningar. Segir fréttir af ungum og öldnum í fjölskyldunni.

-- Sírri er framkvæmdastjóri Tannlæknafélags Íslands og hefur mikið ábyrgðarstarf með höndum, sem hún leysir af hendi með ágætum, það segja tannlækarnir, mér enda er hún miklum kostum búin og ekki þarf að lýsa samvissuseminni, eins og raunar allt hennar fólk. Ennþá erum við í okkar þjóðfélagi þannig innstíllt að það þykir gott veganesti að vera af góðu fólki.

Eggert er ánægður með sitt nýja starf hjá Samb. ísl. rafveitna, sem hann tók við eftir að hafa staðið fyrir landssöfnun á vegum krabbameinsfélaga á öllu landinu og gekk frábærlega vel. Var það mikið og erfitt starf sem minnti okkur á vinnuálagið hjá Rauða krossinum og allar þær hugmyndir sem komu í framkvæmd undir hans stjórn og gerbreyttu starfinu hér. Oft minnir Eggert mig á pabba sinn, á hans sorglega stuttu ævi. Það gera drengirnir báðir, guði sé lof. Nú er Eggert á fundum rafveitusambanda í Danmörku og vonast þá til að geta heimsótt Ásgeir í Berlín. Býst ég við að það verði mikils virði fyrir þá báða að geta spjallað saman um nútíð og framtíð.

Oft tala ég við Gauju,¹ sem líður vel í gamla húsinu, gestir og gangandi hópast til hennar og þá liggur vel á henni, enda á hún marga tryggðavini. Palli og Lára líta stundum til hennar, þó Palli hafi mikið að gera, þá er stutt á milli þeirra og gott samband. Gauja er dugleg að fara í göngutúra alla leið út í Suðurnes. -- Svo þrjónar hún og vinnur við aðrar hannyrðir og gleður vini sína með gjöfum. Stundum mætumst við þrjár, Sírri, Auður og ég, með sína hvora hyrnuna, allar þrjónaðar af Gauju.

Nú skaltu leggja bréfið frá þér og hvíla þig á þessu rausi mín, en ég má til með að segja þér svolítið meira, sem ég vona að þú hafir svolítið gaman af að heyra.

¹ Guðríði Kristinsdóttur, Ráðagerði á Seltjarnarnesi.

Það er í sambandi við Veltuna¹ og leigjendurna sem þar bjuggu og kynntust þabba þínum og mömmu, og þá ekki síst Dabba,² sem færði þeim alltaf mjólkina og stundum líka ábrysti.³

Johs. Hansens enke hét verslunin og eigendurnir Johannes Hansen og kona hans með fallegu dæturnar, sem seinna giftust Jessen, vélstjórnaskólalastjóra og Hendrik Biering kaupmanni. Xenia varð frú Jessen⁴ og Olga⁵ varð frú Biering, sem nú er 87 ára og býr ein í sínu húsi niðri á Hringbraut, býsna hress og ég nýbúin að eiga gott samtal við hana í síma. Hún sagði mér frá því góða vináttusambandi sem varð milli fjölskyldnanna. Hún man eftir þabba þínum (*Guðmundi Einarssyni*), enda var hún níu ára þegar hann féll frá.

Lítlegra hafa þau búið þarna frá því rétt eftir aldamótin þangað til 1919-20. Hún sagði mér að mamma þín hefði boðið þeim oft í töðugjöldin, sem mikið var hlakkað til. Voru þau bæði sótt og flutt heim aftur eftir þær dásamlegu stundir í túninu í sól og góðu veðri og allt súkkulaðið og góðu kökurnar sem gestirnir og allir heimamenn sátu að og gerðu góð skil. Auk þessarar hátíðar, sem töðugjöldin voru, voru líka haldnar súkkulaðiveislur, bæði í Nesi og á bæjunum í kring, sem líka var boðið til. En svo kom stríðið 1914-18 og engar vörur fengust, svo árið 1919 varð þarna þrotabú og allt síðan selt á uppboði. Þarna skiptist á gleði og sorg, eins og alltaf gerist í lífinu á langri ævi.

Ekki veit ég hvort þú kynntist þessari fjölskyldu náið, en Olga Biering man eftir ykkur öllum, og þá ekki síst mömmu þinni og minnst alls með gleði og þakklæti. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 9.2.1983.

-- Mikið var gaman að fá þabba þinn heim með nýjustu fréttir af þér. Ekki var Dagur síður spenntur, en það var einkum út af tölvunni. Hann fékk þá réttu í London. -- Nú sitja þau Auður og Dagur við að reyna að kynna tækinu. Það var ekki laust við að ég öfundaði þabba þinn að hafa verið hjá þér. En óskaplega var gaman að heyra frá þessu öllu sem þið höfðuð gert saman. Og svo að heyra frá þínum málum, hvað þú hugsar þér að gera -- Honum leist vel á áform þín, svo nú er bara að halda strikinu. -- Ég sakna þín mikið að hafa þig ekki heima hjá okkur og oft er hugurinn hjá þér. En mér líður vel að vita þig ánægðan --

Segir frá starfi sínu, taxtahækkunarvinnu og fréttabréfum - heilmikil törn. Ánægð með kampavinsglösin sem Eggert kom með heim. Þau vígdu glösin og sögðu ömmu hans fréttir af honum, sem hún hafði gaman af að heyra.

-- Þegar ég var að flækjast ein í Höfn fyrir ári, á leið frá Spáni, þá sá ég þessi glös í glugga á Rósenthalbúðinni á Strikinu og hugsaði mér að þarna væru komin glösin sem ég gæti hugsað mér. -- ég gleymdi þeim svo --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 13.2.1983.

Var á fundi rafveitumanna í Khöfn og fór til að heimsækja Ásgeir í Berlín.

-- ég komst heim heill og ómeiddur. Ég kom inn á Terminal 1 í London og spurði um *Sinclair (tölvu)* og var sagt að búðin sem við höfðum fengið upplýsingar um, væri á Terminal 2. Ég fann hana þar og tölvuna og stírbusalegan mann sem ekkert vildi fyrir mig gera. Ég ætlaði að fara að skipta frönkunum hans Dags og kom að banka sem sagður var lokaður vegna *industrial dispute* eins og þeir kalla verkföll. Þá hélt ég að öllu væri lokið en fékk að vita í *nærstöddu!* apóteki að banki væri opin á Terminal 3. Ég þangað og skipti peningunum. Þar fann ég aðra sams konar búð með tölvunum. Verslunarstjórinn þar og indversk afgreiðslustúlka voru mér ákaflega hjálpleg en vildu ekki selja mér tölvuna, sem þau sögðu að ekki passaði við sjónvarpskerfið á Íslandi. Þau fóru og hringdu út og suður og tók það langan tíma. Loks komu þau aftur og sögðu: *Sorry, kommer ikke til mæle!* Þau fóru aftur og klukkan gekk. Ég fór þá að lesa leiðarvísinn og sá að tölvan var nothæf á Norðurlöndum. Þau komu aftur og sögðu: *Alltíkeii.* Ég keypti tölvuna borgaði og þrammaði á braut. Ég taldi mig heppinn hvað hún var ódýr, taldi mig hafa grætt 50 pund eða meira; sé þá á kassanum að þau höfðu selt mér minni gerðina. Ég sneri aftur og sagði vinunum frá málinu. Þau í símann og sögðu að hún kæmi eftir 40 mín. en þá var einmitt útkall í vélina. Ég beið síðan rétt hjá þar sem fólk var að kveðja aðstandendur við brottför í fjarlægðaðfluginu á Terminal 3. Einmitt þegar tæpar 40 mín voru liðnar fór ég í búðina, tölvan komin svo ég skokkaði ánægður út í vél.

Það má sannarlega segja að tölvan hafi gert lukku.⁶ Hér eru allir við tölvuna að æfa sig og eru Dagur og Auður farin að semja prógrömm og ýmislegt spennandi á tölvuna. Við erum hætt að geta notað sjónvarpið á kvöldin, nema þegar mikið liggur við. -- Þú sérð að heimilisbragurinn er að breytast. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. Rvík. 13.2.1983.

Langt síðan ég sendi henni línu. Hún er komin á elliheimili sem ég veit ekki hvar er. Erfitt hlýtur að vera að flytja úr gamalkunnu umhverfi á Glänne.

¹ Austurstræti 1, þar sem Eggert Briem rak seinna bókabúð og Þórdís starfaði við.

² Davíð Sigurðss. (1848-1926); Dabbi í Nesi. Sjá E.Á.: Nesfólkið við Seltjörn (2001). Einnig greinar í Lesbók, (12.8.1989) og (apríl 1993).

³ Spónamatur búinn til úr broddmjólk, fyrstu mjólki eftir kálfsburð.

⁴ Xenia Hansen Jessen (1893-1967)

⁵ Olga Hansen Biering (1895-1983). Bjó á Hringbraut 8.

⁶ Wikipedia: -- In 1980, Clive Sinclair entered the home computer market with the ZX80 at £99.95, at the time the cheapest personal computer for sale in the UK. In 1982 the ZX Spectrum was released, later becoming Britain's best selling computer, competing aggressively against Commodore and Amstrad. -- Tölvan var ekki með skjá en tengdist sjónvarpskjá.

-- Einn af erfiðleikum lengdrar æfi er ekki bara það álag sem það er á börnin, sem eru komin mjög til ára sinna og hafa ekki heilsu, getu og úthald til að sinna öðrum sem skyldi Svo eru samgöngu- og atvinnuhættir breyttir þannig að örðugt er að veita sömu aðstoð og áður. Ekki síst eru það flutningar fólks milli landshluta sem valda því að færri geta skipt með sér aðstoðarverkum. --

Segir frá ferðaáætlun sinni til Svíþjóðar og nýja starfinu.

-- Ég þurfti á dögunum að fara vinnunnar vegna til Danmerkur og notaði þá tækifærið og heimsótti Ásgeir til Berlínar. Var það skemmtilegt mjög og höfðum við feðgarnir gott af að þvælast saman í nokkra daga. Ásgeir býr ágætlega, hefur góða íbúð ásamt félaga sínum. Er nú búinn að fá inni í háskólanum eftir talsverðan undirbúning og inngöngupróf. Mun hann leggja stund á stjórn málafræði eða *political science* eins og það heitir á ensku og stefnir að einhvers konar blaðamennsku eða útgáfustarfsemi, ef ég skil það rétt. Á dögunum var mikil ferðamálasýning í Berlín og voru þar margar íslenskar ferðaskrifstofur. Vann Ásgeir við sýninguna til aðstoðar Íslendingunum og líkaði þeim mjög vel við hann. Nú er hlé í skólanum og fór hann í heimsókn til vina sinna sem eru við nám í Barcelona, en þeir höfðu áður heimsótt hann til Berlínar.¹ Það er einkennilegt að vita af drengnum flandra á eigin spýtur um meginland Evrópu án þess að maður haldi í höndina á honum.²

Af Auði og Degi er ágætt að fréttu, þau dafna, gengur ágætlega í skólanum, eru skemmtileg og einstaklega þægileg í alla staði. Dagur hefur feiknarlegan áhuga á stærðfræði og dreymir um nám á því sviði, jafnvel algebru, svo aðgengilegt sem það nú virðist vera þeim sem nasasjón hafa!

Mamma hefur það gott. Hún hefur mikið að gera við að útbúa gögn Zonta fyrir kvennasögusafn sem starfar hér af myndarskap undir stjórn Önnu, dóttur Sigurðar Þórólfssonar, sem eitt sinn bjó í Ráðagerði. Þetta hefur tekið áhuga hennar um langan tíma. Hún er dugleg að finna sér hugðarefni til að fást við. --

Palli og hans fjölskylda er aftur búin að koma sér vel fyrir og er eins og þau hefðu aldrei farið. Ég held að það hafi verið gott fyrir Palla að fá frí úr starfi sínu um tíma --

Ég vona að þú hafir það sem best, elsku frænka, að þú unir þér vel í nýju og framandi umhverfi og endist til að bíða eftir strjálum bréfum og heimsóknum frá mér. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ebbu Barnekow. Rvík. 23.2.1983.

Gleðst yfir að fjölskyldan vilji koma til Íslands. Passar það vel við þeirra eigin áætlanir en þá geta þau einmitt heimsótt son sinn í Berlín. Lýsir þaðmöguleikum á Íslandi ekki síst þeim fræga læk í Öskjuhlíð sem hægt er að fara í hvenær sem er. Einnig fleiri stöðum.

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 23.3.1983.

Efnið er peningasending og málefni Lánasjóðsins sem spyr hvaða fag hann stundi. Vill LÍN fá að vita hvert sé aðalfagið, það þyrfti að úrskurða. Yrði honum skrifað og beðinn um skýringar.

Segir frá ádeilum á fjársöfnun SÁÁ þar sem launað starfslíð gengur um og safnar framlagslofordum, ráðnu af Frjálsu framtaki til að framkvæma söfnun undir stjórn Magnúsar Hreggviðssonar. Er kostnaður mikill.

Biður hann um að hafa samband við Wolfgang Edelstein, sem áreiðanlega sé gott fyrir hann að hitta.

-- Mamma þín er á kafi við undirbúning 25 ára júbilsins í vor. --

Auður Eggertsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 23.3.1983.

-- Velkominn heim úr þessu ferðalagi. Þó verð ég að viðurkenna að ég varð hálf hrædd þegar ég frétti að þú værir að fara á **PUTTANUM!** en ég vona að allt hafi gengið vel. Af mér er það helst að fréttu að ég er að æfa á fullu undir árshátíðina en þar ætluð við í leikhópnum *Goodfelló*, eins og við köllum hann, að sýna Grænjaxla og er bara að vona að það takist eins vel og í fyrra. --

Ég tók nokkrar myndir af stofunni eins og hún lítur út á *hinu* heimili þínu.

Nú er Ásta³ alveg flutt héðan *sniff - sniff* því miður, en ég er búin að taka af henni þrjú loford, 1. Hringja oft í mig. 2. Bjóða mér einhvern tíma í heimsókn. 3. Lofa að hringja ef vantar þóssun.

Ég vona að þér líði eins vel og mér, nema ég er búin að borða yfir mig af lifur og fátækum riddurum. Dagur er uppi hjá sér að læra og ég átti nú eiginlega að fara að sofa ef ég á að geta drattast á fætur kl. 6.45 í fyrramálið.

Já vel á minnst: TAKK KÆRLEGA FYRIR BRÉFIÐ, ÞAÐ VAR ÆÐI AÐ FÁ BRÉF FRÁ ÞÉR TAKK. Líði þér vel og allir biðja að heilsa, en enginn þó eins vel og ég. Góða nótt - bless --

¹ Annan þekkti ég. Pétur Leifur Pétursson (1961-2008) Guðfinnssonar, vinar míns. P.L.P. bjó og dó í Barselóna.

² Frétti ekki fyrr en síðar að Ásgeir hefði farið á puttanum norður aftur og var tekinn upp í bílinn af stórhættulegum geðsjúkum byssumanni og átti fótum sínum fjör að launa þegar honum loks tókst að stinga hann af.

³ Ásta Einarsdóttir (1971), síðar fegurðardrottning og hagfræðingur í London.

Ásgeir Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Berlín. 5.4.1983.

Segir ferðasögu til Kölnar, Parísar og Barselóna þar sem hann bjó hjá Pétri Leifi heitnum Péturssyni Guðfinnsonar og konu hans. Síðan fór hann í heimsókn til bekkjasystra sinna Höllu Helgadóttur og Ragnheiðar Sigurðardóttur og naut þess að fara á listasöfnin í Aix en Provence.

-- Eftir Aix-dvölinu fór ég á puttanum til Parísar. Varð það söguleg ferð og mun seint líða mér úr minni. Framanaf ferðinni virtist þetta vera hinn friðsamlegasti maður, með hund og kött í bílnum hjá sér; en mig fer að gruna ýmislegt þegar hann tekur til við að innbyrða ótrúlega mikið magn af rauðvíni og stoppar reglulega til þess að útvega sér meira. Síðan fer enskan hjá honum að bjagast og endar það með því að ég skil ekki eitt orð af því sem maðurinn segir og fór ég bara að lesa í bók. Þá gerist hann svo reiður yfir því að ég vilji ekki tala við hann og hótar að myrða mig með byssu sem hann segist hafa í hanskahólfinu og hafi hann gert álíka áður og setið 13 ár í fangelsi. Einnig tekur hann hníf sem skýst út og segir að hundurinn bítu fast og hann geti látið köttinn míga á mig. Mér fer ekki að lítast á blikuna því bíllinn var ekki mjög stöðugur á veginum og var tilbúinn að grípa í stýrið ef hann myndi lognast út af. Hann sagði mér hins vegar að hafa engar áhyggjur því hann hefði keyrt meira og minna drukkin um þver og endilöng Bandaríkin. En heilu og höldnu komumst við til Parísar og drífur hann mig inn á fínan veitingastað og sagðist ætla að bjóða mér að borða og segir mér að panta mér hvað sem ég vilji, því hann eigi hvort sem er ekki fyrir því. Hann pantar sér síðan nautasteik. Allt í einu stekkur maðurinn út af veitingastaðnum, áður en pöntunin er kominn og fannst mér rétt að forða mér áður en nokkur sér til okkar. Nú fannst mér nóg komið af því góða og kvaddi manninn.

Síðan hafði ég samband við vinkonurnar Grétu og Ósk sem ég dvaldist hjá í fyrra skiptið og lagðist í djúpan svefn, enda veitti ekki af eftir það sem áður hafði gengið á. --

Fór ég síðan til Lux og segir ekki af ferðum mínum fyrr en ég kom til Bahnhof Zoo í Berlín í morgun.

Auðvitað biðu mín kíló af pósti og alls konar opinberir pappírar, bréf og pakkar frá ykkur.--

Þá ræðir hann ítarlega um Lánasjóðinn sem hefði að því er virtist tekið upp nýjar starfsreglur. Biður alla um að skrifa aðeins skemmtilegri bréf!

Eggert Ásgeirsson skrifar Snorra Ingimarssyni lækni. Rvík. 6.4.1983.

-- Sendir honum skjal sem hann þýddi: *Vandamál sjúklunga sem búa við þungbæra og sársaukafulla sjúkdóma.* --

Auður Eggertsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 7.4.1983.

-- Takk fyrir bréfið. -- Það var nú meiri lífsreynslan að lenda hjá svona klukkuðum karli. Ef ég hefði verið í þínum sporum, þá hefði ég opnað hurðina og hoppað út. Þú ert náttúrulega svo kaldur karl að þér hefur ekki einu sinni brugðið (ha ha - eða þannig sko!). Þegar mamma sagði að þú hefðir orðið hræddur, þá trúði ég því varla, vegna þess að ég hef aldrei séð þig hræddan. --

Eins og þú veist ætla pabbi og mamma til Svíþjóðar og heimsækja þau mig væntanlega og verð ég líklega eitthvað með þeim og langar okkur alveg óstjórlega mikið að heimsækja þig til Berlínar. Ég held samt að mig langi mest, því að ég verð alveg magaveik að hugsa um það að fá að hitta þig og þar að auki að koma í fyrsta sinn til Þýskalands. --

Ásgeir Eggertss. skrifar Auði Eggertsd. Berlín. 23.4.1983.

-- Í dag var ég að fá bréf frá þér, heldur en ekki stórt og mikið og þakka ég fyrir það. -- Heldur hlýtur að vera leiðinlegt að Ásta (*Einarsdóttir*) sé að flytja í burtu --

Auður virðist í skólanum taka þátt í uppsetningu skólaleikrits sem hann ræðir náði, rifjar upp kvikmynd með krökkum og leikrit í Þjóðleikhúsinu og gefur ráð í því sambandi.

Þá ræðir hann ferð hennar og dvöl í Svíþjóð og segist sjálfur laus úr skólanum í byrjun júlí og komi þá heim. Þá segir hann frá heimsókn vinar þeirra Bergþórs Magnússonar.

-- Hér var íslensk stelpa á ferðinni um daginn - var að koma frá Ítalíu, á leiðinni heim. Ég bað hana -- að taka lítinn pakka fyrir mig. Hún var fús, en næsta dag var hringt í mig og sagt að hún hefði þurft að skilja þá og fleira eftir, því hún hefði verið með of mikinn farangur. Svo við slógum upp ostapartíi en samt er hellingur af alls konar ostum eftir. --

Hér er aðalhitamálið mannlát sem átti sér stað á landamærum A-Þýskalands og Berlínar. Hann var að koma frá Vestur-Þýskalandi. A-Þjóðverjarnir segjast hafa séð til hans þegar hann rétti Austur-þýskum skyldmönnum sínum þakka, sem innihélt sælgæti (sem má alls ekki) svo maðurinn var tekinn til yfirheyrslu er hann kom til Berlínar, en var svo óheppinn að fá hjartaslag og detta á ofn í leiðinni (að sögn A-Þjóðverja). V-Þjóðv. sögðu að óeðlilega miklir áverkar hefðu fundist á líkinu, en virðast hafa fallist á skoðun A-Þjóðv. Aðalæsifrættastöðin birti heilsíðumynd af líkinu og hvöttu kanslarann til að hætta við fund með forseta A-Þýskalands, sem áætlaður hafði verið.

Annars er allt í góðu gengi, sumarið komið -- Þú færð 10 fyrir bréfið. Bréf sem ekkert stendur í eru alltaf skemmtilegust --

Auður Eggertsdóttir skrifar Lóu Vennerström. Rvík. 24.4.1983.

-- Ég vona að þér líði vel á nýja heimilinu þínu og að bréfin sem þú færð séu ekki allt of fá. Þakka þér fyrir síðast og ég vona að við hittumst þegar ég kem núna í júní. Ég hef það aldeilis þryðilegt, þó að ég sé stundum, eins og allir verða, þegar þeir eru í fýlu, svolítið leið á lífinu. Ég hef mikið setið hjá ömmu upp á síðkastið og er hún þá að rifja upp gamlar endurminningar og kemur þú þar oft við sögu enda mörg skemmtileg atvik sem hafa komið upp í gamla daga. -- Pabbi fór út að ganga og mamma er í fimmtugsafmæli hjá vinkonu sinni.

Í gær voru hér kosningar og fylgdist ég aðeins með þeim, en ég hef svo lítið vit á stjórn málum að ég held að það væri réttara að pabbi segði þér frá þeim.

Á hverju ári eru alltaf haldnar árs hátíðir í öllum skólum, eins og þú kannski veist. Í mínum skóla verður hátíðin á miðvikudaginn og verða nokkur skemmtiatriði, þar á meðal leikrit. Ég leik eitt aðalhlutverkið í því og er alveg rosalega gaman að æfa undir það, þó að það sé dálítið vesen stundum, þá gengur þetta yfirleitt vel.

Þetta er nú það helsta sem er að gerast hérna heima á Fróni. -- Ég hlakka til að sjá þig, væntanlega í júní. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 10.5.1983.

Þetta bréf er þras vegna viðskipta við LÍN m.a. sem ætlaði að sleppa ferðastyrk.

Segi frá fundum Hitaveitusambandsins og Rafveitusambandsins, heimsókn rafveitumanna frá Noregi. Dagur er í sjúkraprófi í frönsku; allt í pati með fjármál ríkisins.

Sirri er að æfa sig fyrir einhverja upptöðslu á 25 ára stúdentafmæli og ég að mála sjónvarpsherbergið á meðan.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 11.5.1983.

Fjallar m.a. um LÍN-mál.

-- Mig langar til að biðja þig um að fara til tannlæknis, Ásgeir minn, við fyrsta tækifæri. -- Það getur orðið dýrt spaug að draga það. Á ég að segja þér eina tannpínusögu? Kjartan Kjartansson¹ hringdi eitt kvöldið seint. Hann var að deyja úr tannpínu og búinn að vera það allan daginn og taka mikið *kódímagnýl*. Hann hélt kannski að það væri neyðarvakt tannlækna, en hún er bara um helgar. Hann hringdi svo í sinn tannlækni og hann var almennilegur við hann og tók hann strax það næsta sem við fréttum að búíð var að daga úr honum tönnina, Hún var orðin svo illa skemmd að dýrt var að gera við hana og Kjartan hafði ekki efni á því. Svona vill mamma þín ekki að fari fyrir þér.

Ég var að koma úr klippingu, voða fín með hárið út í allar áttir, en það þykir það smartasta. Við pabbi þinn erum að fara á ball í kvöld en aðalfundi SÍR lýkur með hófi í Áthugasal. Það hefur verið mikill undirbúningur hjá pabba þínum og er ég fegin þegar þessi fundur er búinn. Hann heldur líka erindi um almannatengsl fyrirtækja og hefur líka verið að semja það.

Dagur er að fara í síðasta prófið á morgun, en er í efnafræðipróf núna. Hann ætlar að athuga sín mál þegar prófum lýkur. -- Ég tók út orlofið þitt og borgaði Degi. Þá ertu skuldlaus við hann -- nema þá 400 kr. fyrir úri eða plötum sem hann biður þig að kaupa. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 16.5.1983.

-- mikið að gera hjá mér undanfarið. Pabbi þinn sagði þér frá leikstússinu hjá okkur bekkjarsystrunum og er ég fegin að það er afstaðið. Þetta var nokkurs konar kabarett þar sem uppistaðan var mjög skemmtilegt og vel gert leikrit sem Brynja Benediktsdóttir hafði samið og æft og sem heitir *Lífshlaupið*. Bryndís Schram var kynnir og svo var sungið mikið og við komum allar fram í 25 ára gömlum kjólum og höfðum um leið tískusýningu. Ég fékk lánaðan kjól hjá Guðrúnu Sveinsdóttur, frænku okkar hér á Bergstaðastrætina. Var það hvorki meira né minna en fermingarkjólinn hennar. Stella hafði keypt hann í Ameríku þegar hún var flugfreyja. Hann passað alveg á mig, enda er ég eins og fermingarstúlka - sýndi rokk í honum.

Jæja, nú ertu farinn að skellihlæja að henni móður þinni. Það er best að ég hætti þessu sjálfshóli. Ég er farin að hlakka til að hitta þig. Mikið væri nú gaman að geta kíkt stöku sinnum á þig, þó ekki væri nema til að sjá hvernig þú lítur út með skeggið. --

Ræðir ýmsa möguleika á að heimsækja hann, þegar við verðum búin að sækja Audi sem fer út 6. júní. Spyr hvenær heppilegt sé að þau komi. Ræðir ýmsa möguleika til að sameina heimsóknina heimkomu hans.

Segir frá Hitaveitusambandsfundum þar sem þau hittu Sigríði Óskarsdóttur Sólnes, mömmu Jóns Sólnes, en þeir Ásgeir deila saman íbúð. Höfðu þær um margt að spjalla. Hún sagði að þau hjón ætluðu líka að heimsækja Berlín í sumar.

Segir frá stjórnarmyndun og fleiru pólitísku.²

Eggert Ásgeirsson skrifar Ebbu Barnekow. Rvík. 20.5.1983.

Undirbúningur vegna komu þeirra til landsins í fullum gangi og hefur forstjóri Hitaveitu Suðurnesja boðið gestaherbergi á Svartsengi. Eftirvænting að fara til Svíþjóðar.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum og Degi. 7.6.1983.

-- Þínulítill heimprá sem ég var með, hvarf strax. -- Núna sit ég hér í eldhúsinu og er að passa Emmu litlu sem er fjöggra mánaða og Ellen sem verður bráðum þriggja ára. Márta fór til að kaupa endur til að hafa hér í garðinum. Hún er líka með hænsni. --

Jæja, nú er ég komin heim aftur. Við borðuðum hjá Mártu og nú man ég allt í einu að Arne á afmæli í dag. -- Það er skrítið að heimþráin sækir meira að manni á kvöldin; þá finnst mér ég eiga svo bággt að hafa ykkur ekki hérna hjá mér. -- Ég vona að Tómas komi um næstu helgi. Það á að verða boð á föstudaginn, og ég hlakka ekki til.

Ég þoli ekki svona helv. boð, bara einstaka sem þið haldið sjálf. -- Hlakka til að hitta ykkur --

¹ Kjartan Kjartansson, ungur heimilissvinur, kunnur hljóðsetningarmaður í kvikmyndum.

² Steingrímur Hermannsson varð forsætisráðherra í ríkisstjórn Framsóknar og Sjálfstæðisfl. til 1987.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum og Degi. 9.6.1983.

-- Í gærkvöldi sá ég kassa á borðinu hjá Katarinu og var hann fullur af myndum sem höfðu verið inni hjá Lóu, en hún tók engar myndir með sér á elliheimilið. Ég fór eitthvað að róta í kassanum og er þar þá fullt af myndum sem ég kannaðist við. Dreg ég þá ekki upp mynd af pabba. Þetta var eldgömul mynd síðan að pabbi vann hjá Rauða krossinum. Hún hafði verið klippt út úr dagblaði og í þessum fína ramma. Nú, ég tók náttúrlag myndina og er hún núna beint fyrir framan mig á borðinu.

Ég er aldeilis búin að vera dugleg -- Í gær ryksugaði ég allt húsið og þurrkaði af. Í dag er ég aftur á móti búin að þvo gluggana. Um morguninn fór ég niður eftir til Mártu til að passa ormana hennar smástund. Ellen er óþægasti krakki sem fyrirfinnst undir sólinni. Emma er pínulítill og fíngerð. Sem betur fer verður Ellen í sumar mest í Torrskog.¹

Auður Eggertsdóttir skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. 9.6.1983.

Óska henni til hamingju með afmælið. Vonar að hafi verið gaman fyrir þau á Ísafirði.

Segir frá því að hún hefði hitt Else-Mari Boström, dóttur Lóu Wennerström sem býr í Karlstad og á sumarbústað á Glänne.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum og Degi. 11.6.1983.

Segir frá „tildragelse“ milli Katarinu og Mats? Hann á dótturina Áse. Urðu þær Auður miklar vinkonur en hún var líka fengin að Glenni til að passa börn.

Er heldur en ekki glöð yfir að Thomas Schartau, vinur Ullu, hringdi í Auði.

-- Það var frábært að heyra í honum. Hann var eins og venjulega með gálgahúmorinn sinn. Ég fæ kannski mótörhjólíð á morgun.² Ég keyri það þá frá Väse³ og vona að ég villist ekki. Ég verð að fara að lúlla! --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. 11.6.1983.

Kerstin hafði komið við á Glänne á leið til Torrskog.

-- Ég er búin að finna út hvað er þægilegra við Katarinu en Kerstin. Þegar Katarina biður mig um að gera eitthvað, þá segir hún: *Viltu gera þetta, en það liggur ekkert á því, bara einhvern tíma á morgun, eða hinn.* Því hún veit að ég geri það strax. Þó þetta sé ekki mikill munur, þá finnst mér þægilegra að taka á móti svona, heldur en skipunum.

-- Restin af gestunum kom svo kringum 19.00. -- Ég var uppi að horfa á sjónvarpið og þrjónaði. Þegar ég kom niður þá er verið að skoða myndirnar hennar Lóu og ég þekkti nokkrar -- Katarina ætlar að biðja þig eða Palla að segja sér hvaða fólk er á myndunum. --

Malte er kominn að Glänne. Það eru ljótu sögurnar sem maður heyrir af honum. -- Þegar Katarina er spurð um þetta stóra hús, þá segir hún: *Þetta er foreldraheimili mitt, en nú býr J.R þar.*⁴

P.s. Hvað eru margir íbúar í Reykjavík? En á Íslandi? Það er alltaf verið að spyrja mig!

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum og Degi. 13.6.1983.

Segir frá mörgum bréfum sem hún hefur fengið og er þakklát fyrir.

-- Í gær fórum við Katarina í heimsókn til Lóu. Ég get ekki sagt annað en að ég vorkenni henni. Hún bara liggur þarna á elliheimilinu og bíður eftir dauðanum. Hún getur ekkert gert, ekki einu sinni setið uppi. Ég talaði ekkert við hana, en Katarina talaði við hana í um hálf tíma. Ég var í lopapeysunni hennar Katarinu og mundi Lóa eftir því að þetta var peysan hennar.

Í gær kom Thomas með „*moppen*“ eins og mótörhjólíð er kallað. -- Ég lét Thomas fá teppið. Ég held að hann ætli að gera það upp við ykkur. --

Ég sakna ykkar alveg óskaplega mikið og þið getið ekki trúað hvað ég hlakka til að sjá ykkur.

Auður Eggertsd. skrifar foreldrunum, Ásgeiri og Degi. Forshaga. 13.6.1983.

-- Þakka ykkur fyrir regnslána og 600 krónurnar. Það er þægilegt að vita af peningum, ef eitthvað skyldi koma fyrir.

Ég fékk morgunmatinn í rúmið, eins og í fyrra. Og gjafir frá öllum. Langánægðust var ég með gjöfina frá ömmu. Alveg frábær blússa sem passaði eins og hún hefði verið sniðin á mig.. Svo tindi ég hindber meðan Katarinu bakaði köku. Svo komu allir upp í kaffi og fékk ég gullhringi í eyrun frá þeim og „*ástarsögu*“. Frá Katarinu fékk ég 100 kr. Og garn í peysu sem ég er að þrjóna. Við borðuðum tertu og svo fór allir heim og svo á ströndina. Þangað kom svo Ulla og gaf mér bók frá henni og Thomasi sem heitir *Gösta Berlings saga* eftir Selmu Lagerlöf, en ég er ekki byrjuð á henni

¹ Ellen og Emma Sundh eru báðar þekktar konur. Ellen er uppfinningamaður og Emma er rithöfundur og tískuhönnuður.

² Mótörhjólíð var „*flaknop*“, mótörhjól með palli framan á. Þetta hafði mikil áhrif á dvölina. Auður stjórnaði því og var hægt að láta krakkagrislingana sitja á pallinum til að fara í leiðangra, ekki síst á baðströndina.

³ Väse, þéttbýli alllangt þar frá, þangað sem Ulla Vennerström hafði flutt og bjó lengi.

⁴ Malte, bróðir Katarinu og Kerstin er verkfræðingur. Sýndi áhuga fyrir að reka búskapinn áfram á Glänne. En svo fór að hann gerði það ekki og hefur allar götur síðar verið að selja búta af landinu. Systur hans eiga lóðirnar sem hús þeirra standa á. Þetta er sorgarsaga. Malte rekur ýmis konar viðskipti í Malmö, m.a. eins konar „kolaport“. J.R. var aðalpersóna í bandarískri myndaseríu sem þá var sýnd.

Það besta kom þegar við komum frá ströndinni, þ.e. símhringing frá Eggert Ásgeirssyni. Ef ég á að segja alveg eins og er, þá vonaði ég að þið mynduð ekki hringja, því ég var með hálfgerða heimþrá og ég vissi að ef þið hringduð þá myndi ég bara fara að gráta. Ég fór nú samt ekki að gráta, sem betur fer og var mjög fegin að heyra frá ykkur öllum. Það var nú aldeilis gaman, en ég neita því ekki að ég hafi orðið vond að hafa ekki hitt Liv *sniff! Sniff!* En það er ekkert hægt að gera við því núna þegar þetta er búið og gert. --

Ég fór um fjögur leytið heim með Helenu og sótti pabbi hennar okkur. Um kvöldið var krabbaveisla heima hjá þeim. Strax og við komum á áfangastað fórum við að hjálpa til að flytja borð og stóla, leggja á borð o.s.frv. Klukkan átta byrjaði allt saman og voru þá allir uppáklæddir, ég í hvítu buxunum og hvítu (frábæru) blússunni sem ég fékk í afmælisgjöf frá ömmu, svo með hvítu Iðunnarpeysuna á öxlunum, því það var svolítið kalt. Allir nágarnar voru mættir og lagt á borð úti á götu. Svo var búið að panta plötusnúð, sem kom með allar græjur. Svo var farið að borða, krabbabrauð og snafs. Mmm! hvað þetta var gott. Svo var farið að dansa í bílaporti. Það var eiginlega ekkert fjör fyrr en fólkið var orðið nokkuð fullt. Ég hef aldrei dansað svona mikið á ævinni, ef kalla má það að dansa, ég hoppaði nú eiginlega meira. En í dag get ég varla gengið, mér er svo illt í fótunum að ég er að deyja. Enda dansaði ég alveg stanslaust frá hálf nfu til klukkan fimm? Við fórum allavega að sofa klukkan hálf sex. Vöknuðum kl. hálf tíu og horfðum á *ishockey* og sofnuðum fyrir framan sjónvarpið og sváfum fram að kvöldmat. Borðuðum, sofnuðum fyrir hálf ellefu og sváfum til hálf ellefu **Gvöð minn góður!** Sofa er allt sem við höfum gert --

Ég hlakka svo til að koma heim að ég er að drepast hreinlega enda bara tvær vikur þangað til --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 14.6.1983.

Þakkar fyrir þrjú bréf frá henni.

-- Ferðin til Ísafjarðar var viðburðarík og skemmtileg. Veðrið var ekkert sérstakt, dumbungur, rigning, einn daginn bjart og fallegt. 10. júní var farið í siglingu á Flóabátnum Fagranesinu. Það var svo hvasst að þegar við vorum komin langleiðina inn í Jökulfirði varð að snúa við og sigldum við þess í stað inn Djúpið og kringum Æðey og Vigur. Í Æðey sátu kollurnar á eggjum sínum og við sáum fólkið með stóra poka framan á sér við að tína æðardún. Sigurður Líndal og María voru með, því hann hafði verið fenginn til að halda fyrirlestur á fundinum um eignarrétt. Var ég mest með Maríu, og var ég fegin að hafa hana með, því bæði er hún skemmtileg og svo þekkti ég ekkert þessar frúr allar. Á afmælisdaginn minn var farið með okkur, frúrnar, til Flateyrar við Önundarfjörð og í Dýrafjörð, að héraðsskólanum á Núpi. Á heiðinni upp frá Ísafjarðarkaupstað, á Breiðadalshéi¹ fórum við gegnum 6 metra há snjógöng. Runnu snjóskriður á veginn fyrir framan okkur og tepptumst við þar til jarðýta kom og bjargaði okkur. Þetta var mjög ævintýralegt og urðu sumar konurnar ansi hræddar þegar við vorum að bakka langar leiðir á mjóum veginum til að reyna að hleypa jarðýtunni framhjá.

Þetta var nú 36 ára afmælisdagurinn minn. Amma þín gaf mér gamalt kínverskt armband og eyrnalokka, sem hún hefur eiginlega aldrei notað, vegna þess hve viðkvæmt það er. Dídí gaf mér mjög skemmtilega karöflu undir saladdressing. Rúsínan í pylsuendanum var hringur sem pabbi þinn gaf mér, sem hann hafði keypt á finnskri sýningu í Norræna húsinu í vetur, þegar við keyptum *bangsastyttuna*. --

Við hringdum í Barnekowhjólinn í gær, en aldrei svaraði. Við höfðum samband við Thomas, sem hringdi aftur og sagði þau hlakka til að koma til okkar og stungu þau upp á að við kæmum til þeirra 7. júlí. Þá ætla þau að fræðast af okkur um Ísland og bjóða okkur í leikhús - sveitaleikhús - ekki langt frá þeim - og líka til að kynnst okkur. Svo ætla þau að keyra okkur og sýna bústaðinn. Við fáum svo bílinn og bústaðinn 9. júlí. Ég veit ekki hvað við gerum 29. júní til 7. júlí, eða hvar við fáum að vera. En það leysist. --

Stúdentaballið mitt í Áttugasalnum var mjög skemmtilegt. Leikþáttur Brynju var sýndur við góðar undirtektir. Það var mikið legið í okkur Heiði (*Vigfúsdóttur*) að sýna rokkið, en við gáfum okkur ekki, fannst það ekki passa þarna. Guðni (*Guðmundsson*) rektor og kona hans voru heiðursgestir og söng hann nokkur lög og gerði mikla lukku. --

Það munaði ekki miklu að við yrðum veðurteppt á Ísafirði og kæmumst ekki á ballið. Var orðið kalt og hvasst og byrjað að snjóa á Snæfjallaströndinni og í fjöllin. -- Var ófært að fljúga allan daginn. -- fé króknaði úr kulda. -- Hérna syðra er þurrt, rok og frekar kalt. --

Segist vera að útbúa mat í skömmtum fyrir strákana o.m.fl. -- um að gera að gera þá ósjálfbjarga. --

Ásgeir Eggertsson skrifar fjölskyldunni. Berlín. 20.6.1983.

-- 17. júní er kominn og farinn, eins og þið kannski vitið. Kunningi minn, Matthias, sem er með mér í stjórnmálafræðinni bauð mér í siglingu þann dag. Hann á lítinn spíttbát sem hann siglir um á ánni Havel. Þetta var ansi skemmtilegur túr og ég fékk meira að segja að stýra.

Síðdegis var ég svo boðinn til konsúlsins í kokkteilpartí. Þar hitti ég Wolfgang Edelstein. Hann sagðist mundu vera hér á þeim tíma sem þið komið og það endilega um að láta sig vita af ykkur, þegar þið kæmuð og skyldum við gera eitthvað reglulega skemmtilegt saman.

Wolfgang var svo vænn að útvega einni íslenskri stúlku aðgang að uppeldisfræði sem er N.C. fag. Hann hefur nýlega verið gerður að heiðursdoktor í þeirri grein við Freie Universität. -- Nýjasti Íslendingurinn hér er próf. Þórólfur Þórlindsson. Hann fékk leyfi frá starfi í eitt ár og vinnur við rannsóknir í félagsvísindum við F.U.

¹ Milli Önundarfjarðar og Skutulsfjarðar. 600 metra há heiði.

Foreldrar Jóns Óskars Sólnes voru að koma í dag. Þau ætla að kaupa videotæki hérna og láta Jón koma með það heim, þannig að við munum hafa tækið hjá okkur í þrjár vikur. Þegar þið komið verð ég með bauga undir augunum og vansvefta.

Í kvöld er ég að fara á David Bowie-tónleika og er uppselt á svæðið sem tekur 25 þús. manns. --

Takk fyrir bréfið Dagur, ég bið að heilsa Hvalnum -- Hittumst þann 12. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 21.6.1983.

Segir frá 17. júní, garðvinnu og vinnu Dags, sem er mikil, því verkafólkinu er þrælað út.

-- Lára sagði okkur að Palli væri búinn að hitta þig. Þú hefur verið ein heima á Glenni og ekki viljað fara með til Torrskog. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 22.6.1983.

Bréfið fjallar um utanlandsferðina til Hafnar, Sinclairsholm, dvöl í sumarbústað og síðan til Berlínar.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ólafi Ólafss. landlækni. Rvík. 22.6.1983.

-- Í framhaldi af samtali okkar hinn 19. apríl s.l. þykir mér hæfa að taka eftirfarandi fram.

Þú sagðir að reikningur minn fyrir athugun á sjúkraflutningum og skýrslugerð mín um það efni hefði verið hár.

1. Athugasemdir við reikningana fékk ég ekki fyrir en verkinu var löngu fulltekið, reikningum framvísað og farið að ganga eftir greiðslum vegna dráttar.
2. Hið fyrsta sem ég gerði eftir að þú fólst mér verkið hinn 29.6. '81 var að gera uppkast að bréfi sem ég ætlaðist til að fá frá landlæknisembættinu þar sem mér væri falið að vinna verkið. Í uppkastinu var kveðið náið á hvert verk skyldi vinna, hve langan tíma það skyldi taka o.fl. sem máli skipti, m.a. í sambandi við kostnað verksins. Ekki fékkst þetta bréf þó eftir væri gengið.
3. Taxtakaup var miðað við ráðgjafarþjónustu tæknifræðinga og var í taxtanum innifalið: Húsnæðiskostnaður, skrifstofuþjónusta, fjölritun, vélritun, heimildarrit, póstur, sími, þ.á.m. öll langlínusamtöl og bifreiðakostnaður. Samkomulag var um beina greiðslu embættisins til hagfræðings vegna úrvinnslu fjárhagsyfirlits, ásamt vélritunarkostnaði lokagerðar handrits til fjölritunar.
4. Á vikulegum fundum fylgdist þú með framvindu verksins. Þá óskaðir þú m.a. eftir því að ég hefði samband við fjölda heilbrigðisstarfsmanna, gerði tölulega úttekt, safnaði fjárhagslegum upplýsingum og ýmsu öðru sem allt reyndist mjög gagnlegt. Að sjálfsögðu jók það einnig á kostnað verksins.
5. Í kjölfar útkomu skýrslunnar varð nokkur vinna vegna greinargerða.
6. Við verklok lagði ég fram sjálfboðna skýrslu um almannatengsl landlæknisembættisins sem ég vona að hafi komið að haldi. Skýrsluna vann ég endurgjaldslaust.

Í samtali okkar 19. apríl sagðir þú við mig að kannski þyrfti ég að stefna þér eða höfða mál vegna ógreidds reiknings. Hvort hér var höfðað til drengskapar míns, eða einhvers annars, veit ég ekki, en óneitanlega setja þessi orð nokkurn skugga á ánægjulegt samstarf.

Vegna þessa taldi ég nauðsynlegt að gera grein fyrir máli mínu. Hrósyrði þín við lok verks míns met ég mikils og athugasemdir þínar um dýra skýrslu vona ég að sé spröttar úr fjárhagsörðugleikum embættisins sem í engu spilli löngum kunningsskap. Með bestu kveðju.¹ --

Auður Eggertsdóttir skrifar Friede P. Briem. Glänne. 28.6.1983.

-- Ég hafði ekki hugmynd um að þú ætlaðir að Hvanneyri og var bara alveg steinhissa þegar ég fékk bréfið frá þér í morgun., hvað þú væri að flækjast. -- mér fannst þetta stórsniðugt hjá ykkur Dídí að fara þetta.

Ég fékk fjögur bréf í morgun, frá þér, mömmu og tvö frá Helgu. Mamma sagði mér að þau kæmu ekki fyrir en 2. Júlí. Ég varð alveg steinhissa því ég bjóst við þeim á morgun. --

Palla er ég búin að hitta einu sinni en ég tala nú líka við hann í síma, sem betur fer, því mér finnst alltaf gaman að tala við hann. -- Svo hringdi síminn hérna í fyrradag og Katarína kallar og segir að þá sé síminn til mín. Það er ekki oft sem síminn hringir til mín og þegar ég tek upp tólið, þá er það Ásgeir. Ég var svo glöð að tala við hann að ég átti ekki orð. Við töludum heillengi saman, fannst mér. Og ég var í helmingi betra skapi þegar ég lagði tólið á heldur en þegar ég tók það upp.

Palli var að hringja núna rétt í þessu, hafði hringt til mömmu og var hann að skýra frá málavöxtum, en ég vissi ekkert hvenær við myndum hittast, en nú veit ég það.

Katarína er að reyna að hætta að reykja og gengur bara sæmilega, með minni hjálp. Ég er svo stöng að hún þorir ekki annað en að hlýða mér.

Ég hlakka svo til að heyra í þabba og mömmu og hvað þá að hitta þau. Mér leiðist hálfpartinn í dag, en þegar það gerist, þá hugsa ég alltaf heim, sem ég má alls ekki, því þá fæ ég heimþrá, sérstaklega þegar ég hugsa um hvað við höfum það oft gott saman. --

¹ Svavar Gestsson var heilbrigðismálaráðherra þá. Hann kallaði mig á sinn fund, hrósaði skýrslunni og bað mig um viðbótarupplýsingar sem ég skilaði í hendur hans. Reikning fyrir þau verk neitaði hann að borga, sagði þetta innifalið í verkinu sem ég þá hafði lokið. Lét ég það gott heita og ekki höfum við minnst á málið síðar. Aldrei minnst Ólafur landlæknir á þetta bréf sitt eða svar mitt framar.

Ég vona að það sé ekki of erfitt fyrir þig að umgangast hann Dag. Ég bið kærlega að heilsa honum og Dídí. En samt mest minni elskandi ömmu, sem hefur alltaf verið mér svo góð. Hafðu það gott og hugsaðu stundum til mín. --

Friede Pálsd. Briem skrifar Páli Ásgeirss.¹ Rvík. 4.7.1983.

-- Það var síminn til mín rétt í þessu. Ég var beðin um að taka að mér vélritun, en því miður treysti ég mér ekki til þess því ég er farin að sjá illa. En það er gaman að vera ekki gleymd, og áður en ég vissi af hringdi Ólafur Briem² til mín. Hann hefur verið veikur frá því í janúar, fékk jafnvægestruflun og ætlar nú að koma til mín á morgun, til þess að lesa saman með mér það sem ég var búin að vélrita fyrir hann. Það er ný útgáfa af *Heiðinn síður á Íslandi*. Mér þykir alltaf skemmtilegt að eiga von á Ólafi og þá ekki síður ef lítið er að vélrituninni að finna. --

5.7. Nú er kominn nýr dagur, við Ólafur búin að lesa saman og hann farinn gangandi heim til sín í Barmahlíðina. Ég horfði á eftir honum og varaði hann við öllum þrepunum hjá mér. Allt gekk vel; en þegar ég kom inn aftur sá ég að hann hafði gleymt gleraugunum sínum og síðan kom ég auga á að pípan hans lá í öskubakkanum. Ég hringdi niður í Reykjavíkur apótek og það Ólöfu Briem, bróðurdóttur hans, að bjarga þessu við, sem hún sagði að hún skyldi gera þegar hún væri búin að vinna. Eftir drjúga stund var hringt á dyrabjöllunni og þarna stóð Ólafur, sem hafði uppgötvað að pípan var ekki í jakkavasanum, svo hann sneri við til að ná í hana. Þá benti ég honum á að hann hefði líka gleymt gleraugunum. Fór hann þá ofan í vasa sinn og uppgötvaðist þá að hann hafði tekið mín gleraugu og sett þau kyrfilega ofan í hulstur og þar voru þau geymd. Ólöf þurfti ekki að ómaka sig og allt komst í lag.

Svo fékk ég líka heimsókn af Fríðu (*Pálsdóttur, sonardóttur, 10 ára*), sem hafði byrjaði í vinnunni í dag. Fannst henni telpan (*er hún gætti*) mikil grenjuskjóða, svo hún var fegin að líta inn til mín, en hún þurfti að bíða á meðan Ólafur lauk við lesturinn -- Síðan fengum við okkur hressingu öll saman og hún sagði okkur frá reynslunni sem hún gekk í gegnum með grenjuskjóðuna og hlógum við Ólafur bæði að lýsingunni hjá henni. Fríða er svo frjálslæg að spjalla við alla; þó aldursmunurinn sé geysilegur lætur hún það ekkert á sig fá. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrum og bræðrum. Glänne. 31.7.1983.

-- Á föstudaginn tókst Helenu að draga mig heim með sér. Ég skil ekki hvernig hún fór að því, ég sem var svo ákveðin að fara ekki. Það var enginn sem gat sótt okkur, svo að við neyddumst til að hjóla 20 km. Hvora leið og fullt af brekkum og ömurlegheitum. Við komumst á leiðarenda og fengum okkur strax að borða. Ég get nú bara ekki annað sagt en að hún eigi næstum eins skemmtilega fjölskyldu og ég. Við lifðum þar alveg í allsnægtum, kvöldkaffi báða dagana og allt svo gott og fínt. Svo fórum við með rútu til Karlstad til að versla. Hún keypti skó, en ég keypti buxur á útsölu, æðislega flottar, alveg bláar að lit en venjulegar í sniðinu. Þær voru á útsölu og þess vegna fannst mér ég verða að kaupa þær. Þær kostuðu rétt rúmlega 100 kr. sænskar. Þegar við komum heim til hennar höfðu foreldrarnir farið í sumarbústað, þannig að við hjóluðum þangað, varla meira en 12 km. Við fórum þar í vatnið og hjóluðum svo til baka. Um sexleytið þegar við vorum að fara að standa upp frá borðum, þá grípur pabbi Helenu stóreflis vatnskönnu og skvettir yfir hana, reyndar fór meirihlutinn yfir mig. Ég tek það fram að við borðuðum úti.

Út af þessu öllu voru fylltar allar vatnskönnur í húsinu og nokkur glös, og byrjað að skvetta, allir á alla. Það var alveg frábærlega gaman.

-- Seinni myndin var algjört ÆÐI! Hryllingsmynd, alveg frábær. Við Helena vorum báðar jafn hræddar, sátum þarna klesstar saman, með teppi yfir okkur og svo þegar okkur brá gripum við hvor í aðra. --

Næsta morgun fórum við til stelpu sem Helena þekkir og sem setti í hana *permanent*, þannig að nú er hún með voða fínar krullur. Um fjögur leytið borðuðum við og hjóluðum svo út á íþróttavöll þar sem var góðgerðarbingó og mamma Helenu og pabbi voru að vinna í sjoppunni. Fengum við súkkulaði í nesti og var það fyrsta sælgætið sem ég borðaði allan tímann. Svo hjóluðum við heim um sjö og komum heim um átta.

Svo hittum við Märtu og Arne og töluðum lengi við þau. Svo fór Auður litla upp og skrifaði bréf.

Ég vona að það sé ekki of snemmt að óska þér, pabbi, til hamingju með afmælið 6. Ágúst, en ég ætla allavega að reyna:

TIL HAMINGJU, ELSKU PABBI. Vonandi verður þú ekki algjör gamlingi eftir þennan afmælisdag, sem ég held að þú verðir aldrei. -- bið að heilsa ömmunum mínum báðum, Helgu og Ástu --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ebbu og Carl Barnekow. Rvík. 1.8.1983.

-- Vi vill tacka fört omhändertagande av oss i Sverige, inte det minsta i Ert underbara hem och bekväma sängar. Ni startade en kedjereaktions där inte bara Ni, men också Era närmaste släktningar och vänner - och deras vänner - spelade en viktig roll. -- Det var roligt att komma hem igen, allt i god ordning, nöje med Ers vistelse här i huset. Vi har klippt gräset över helgen, solat. Vi fick nämligen en underbar dag. Det har visat sig att julimånad var den kallaste i Reykjavik alltsedan 1886. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Christina de la Gardie. Rvík. 3.8.1983.

Þakkar fyrir gestrisni, ekki aðeins það heldur veislu á þessum stórkostlega stað: Högagärde herrgård. (Eigandi er nú Magnus, systursonur Christina, sonur Ebbu Barnekow). Högagärde er sérstaklega vel þekkt sem einn af: Gårdarna runt sjöarna sem

¹ Páll var þá við sumarstörf í Karlstad í Svíþjóð.

² Ólafur Briem (1909-94) norrænufræðingur; menntaskóllakennari og rithöfundur.

þekktir eru í ritum. Það var stórmerkilegt að sitja veislu hjá henni. Gestirnir komu, eins og sjálfsagt var einnig í gamla daga, á bátum frá næstu herrasetrum. Christina var þekkt sem blaðakona, skrifaði um menningu, bækur, siðvenjur og antíkmuni, ef rétt er með farið. Hún hvatti okkur til að heimsækja Läckö höllina, þar sem upphaf ættarinnar stendur á nesi út í Vänern vatnið fyrir norðan Lidköping. Upphaf hallarinnar má rekja til miðrar þrettándu aldar. Þó það væri ekki fyrr en á 16. öld sem ættfaðirinn, de la Gardie, komst í fremstu röð hirðmanna Kristínar Svíadrottningar. Höllin er einstök hvað það snertir að hún sýnir hvernig búíð var m.a. að þjónustuliðinu í húsinu. Í Lidköping er sú ágæta Rörstrand postulínsframleiðsla sem við skoðuðum og höfum haldið okkur við bollana frá, þá og síðar.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum, Ásgeiri og Degi. 6.8.1983.

Elsku --- (sérstaklega pabbi, því hann á afmæli.) Loksins er 6. ágúst kominn. Um leið og ég vaknaði mundi ég eftir hver á afmæli, svo þið sjáið að ég er ekki alveg búin að gleyma ykkur. Til hamingju!

Ég sendi ykkur þessa úrklippu úr Wermlandstidningen sem Malte sendi inn. Hann var búinn að reyna öll helstu blöðin í Svíþjóð, en enginn tók við greininni. Hann er alveg „snar“ og þeir sem þekkja ekki til málanna halda náttúrliga að Ulla sé alveg vitlaus, en það er alveg þvert á móti, finnst mér.¹ Öllum brá náttúrliga ferlega þegar þau lásu blöðin.

Nýjasta nýtt frá mér að ég er búin að kaupa garn sem ég byrja í kvöld að þrjúna. Í dag er frábært veður og sit ég nú úti. Áðan fór ég með krakkana niður að vatni og fer líklega aftur seinna. --

Þakka fyrir bréfið og greinina um tónleika David Bowie í Gautaborg, en allra mest fyrir miðana heim. -- Hlakka til að hitta ykkur. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 7.8.1983

-- Ég má til með að segja þér frá skemmtilega afmælisdeginum mínum og óska þér til hamingju með afmælið þitt -- þakka gott bréf með heillaóskum. Bréfið þitt var frábærlega vel skrifað og skemmtilegt, það skemmtilegasta sem ég hef séð frá þér og eru þau þó mörg skemmtileg. Liv, Mark og Surya (*Gussing*) eru hjá okkur núna -- stórskemmtileg heimsókn - sér lík - Liv hefur breyst mest, orðin stór og myndarleg - hefur verið með eyrnaverk - fór á göngudeild - þurft að halda sig innan dyra. --

Þakkar afmæligjöf frá Sirrí og krökkunum sem var ugla, frá Rörstrand í Lidköping. Svo var fjölskylduafmælisveisla með mörgum útlendingum. Surya og krakkarnir skemmtu sér vel og hún sagðist aldrei hafa hlegið svo mikið síðan þau Nils skildu.

Bjössi og Sveinn Ingimundarsynir buðu mömmu í kaffiboð, í þakklætisskyni fyrir öll gammeljómfrúarspilin. Fjölskyldan var að flytja í Skildinganes og Kristín Guðmundsd. innanhúsarkitekt flutti inn í húsnæði þeirra nr. 67.

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 15.8.1983.

-- Strákarnir eru inni í sjónvarpsherbergi ásamt Bergþóri (*Magnússyni*) að leika sér með tölvuna góðu. Ásgeir er farinn að prófa sig áfram með prógrömm, heilmikið áhugasamur. -- Dagur er í heillöngu frí, vegna veðurs veiddust engir hvalir --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 16.8.1983.

Gaman að heyra lýsingu þína á krabbaveislunni og dansinum fram á rauðamorgun.² Og gaman að hún hafi eignast góða vinkonu. Segir líka frá hvað hún hafi verið að gera til undirbúnings ársþingi tannlækna.

Einnig segir hún frá veislu sem þeir Framnesfarar héldu til heiðurs Finnum sem Íslendingarnir kynntust og eru í heimsókn. Var gaman að hittast.

Svo höfum við verið með fólkinu á norræna hitaveitubinginu, skoðunarferð á Svartsengi og förum svo fljúgandi til Mývatns og skoðuðum Kröflu í dásamlegu veðri.

Ásgeir kom í bæinn í gær og fer aftur til Berlínar þann 9. sept. --

Auður Eggertsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Glänne. 18.8.1983.

-- Takk fyrir frábærlega skemmtilegt bréfið frá þér -- Hvernig ferðu að því að skrifa svona ædisleg bréf. Enda sagði ég þegar ég sá bréfið í póstkassanum: *Þarna er bréfið sem ég hef verið að bíða eftir í allt sumar!*

Ef þú heldur að þú sleppir við mig með því að flytja niður í kjallara, þá er það dæla, því ég ætla að verða alveg jafn klístruð við þig og áður.

Það er alveg frábærlega skemmtileg stelpa, einu ári eldri en ég, að vinna hjá Märtu systur Katarinu. Hún heitir Helena og vorum við alveg límdar sama þann tíma sem hún var hér. En hún fór í dag. Ég fór tvisvar heim með henni og hún á bræður sem minntu mig á bræður mína, næstum allir eins.

Það er allt morandi af mótörhjólatöffurum hérna, sem eru algjört æði, eða *hittó*. Þeir eru búnir að uppgötva mótörhjólið sem ég er með í láni. Er þess vegna ekki friður þegar þeir þeysa hérna framhjá og glápa augun úr sér, keyra næstum útaf. Einu sinni þegar

¹ Nú, yfir þrem áratugum síðar, kom hann til mömmu sinnar og friðmæltist við hana háaldraða.

² Ein af þessum stórkostlegu veislum sem tíðkast í Svíþjóð. Þá er borðaður vatnakrabbí (*kräftor*), drukkið mikið brennivín og sungnir söngvar sem eiga við. Okkur leist ekki á allar drykkjuvísurnar sem hún kunnir, og kann enn.

við fórum á ströndina (Helena, ég og allir krakkarnir) komu tveir af töffurunum þangað. Svo þegar við fórum að pakka saman og ætluðum heim aftur, seinna um daginn, þá fóru þeir líka heim.

Mótorinn á þessu mótorhjólí mínu er slæmur og kemst hjólið ekki hratt, lúsast bara áfram þegar það eru sex manneskjur á því. Allavega voru þessir æðislegu gæjar fyrir aftan okkur allan tímann, þó þeir hefðu getað farið miklu hraðar. Mér fannst þetta fáránlegt. En svona eru sveitagæjarnir hér.

Í dag þegar ég var að hengja upp þvott koma tveir töffarar á mótorhjólí og beygðu inn til Katarinu og stoppa hjólin. Ég geng til þeirra og spyr hvort ég getið aðstoða? *Er einhver hér sem heitir Anna Karin?* Ég sagði bara: *nei* og þá sátu þeir lengi vandræðalegir, en fóru svo aftur af stað. *Gvuð, hvað þeir eru SVEITÓ.* Í dag hef ég verið dugleg að mála en annars hefur verið rólegt, fyrir utan þessi mótorhjól fram og til baka. --

Mér þykir leitt að geta ekki skrifað jafn skemmtileg bréf og þú. Það kemur kannski. (Bara 11 dagar eftir).

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Glänne. 20.8.1983.

-- Nú má ekki líða yfir ykkur. -- Ég er í aflúsun. Ég sit hérna alveg grálúsug, nei nú ýki ég, en nú ætla ég að segja ykkur alla söguna. Það byrjaði þannig að þegar Ellen kom heim frá Torrskog -- þá lagðist ég við hliðina á henni og ætlaði að svæfa hana. Hún var eitthvað svo óróleg og alltaf að klóra sér í hnakkanum. Svo þegar hún er loksins sofnuð þá spyr ég Mártu hvort hún sé með *exem* í höfðinu, því hún hafi alltaf verið að klóra sér. Hún sagðist halda að hún væri bara með óhreint hár. Svo var ekki hugsað meira um það, fyrr en um daginn þá klæjaði Mártu líka og Ellen klóraði sé alveg rosalega. Þá var loksins farið að nota heilabúið. Ellen er alveg **grálúsug** og Márta setti í hana lúsakrem og átti að setja í Ellen í kvöld. Svo verður að setja í Arne líka. Ég held að enginn hér í húsinu sé með lús en við umgöngumst lúsafjölskylduna og ég hef margoft notað greiður þaðan, þannig að ég setti í stelpurnar og sjálfa mig í kvöld og Katarina líka. Maður á að sofa með þetta í. Það sviður alveg ferlega. Ég held að stelpunum hafi þótt þetta spennandi. -- Verður þægilegt að þvo þetta ógeð úr hárinu --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 20.9.1983.

Vonum að ferðin „heim“ hafi gengið vel.

-- mikið að gera í vinnunni. Félagið er búið að koma út fyrsta tannlæknablaðinu, sem út hefur komið. Eru allir mjög hrifnir. --

Við buðum Dagnýju og Finni, ásamt Rósu, Jórinni og Steinunni, til okkar -- í mat en Dagný og Finnur hafa verið hér í mánuð, en eru farin vestur. Sidða og Halldór eru á mánaðarferðalagi í Indlandi, en hann fór þangað á vegum Landsvirkjunar á ráðstefnu. Það var mjög skemmtilegt að fá frækurnar, Var mikill afgangur svo við héldum annað boð í gær og buðum Palla, Láru og börnunum. Og svo var Dagur með kærustuna sína, sem heitir Pála. Hún er með honum í M.H., sæt lítill stúlka. --

Ræðir versnandi sjón Friede, ömmu hans, sem ekkert er hægt að gera til að bæta.

-- Hún á afmæli þann 7. okt. og bjóðast Palli og Lára til að halda upp á það. Hún þáði það með þökkum. -- Kveðjur. --

Eggert Ásgeirss. til Halldóru Thoroddsen frkvstj. Krabbam.fél. Ísl. Rvík. 21.9.1983.

Bad mig um og fékk umsögn frá mér um starfsáætlun norrænu krabbameinsfélaganna. Skilaði ég henni greinargerð og lagði áherslu á samhæfða rannsókn- og fræðsluáætlun allra félaganna.

Ásgeir Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Berlín. 27.9.1983.

-- Takk fyrir bréfið sem ég var að fá. Nú er ég búinn að vera hér í riflega mánuð og hefur margt á daga mína drifið. Í Amsterdam gistum við eina nótt -- Þegar við komum beið okkar haugur af allskonar reikningum og hótanir um lokun á síma og rafmagni. Auðvitað var símanum lokað -- um leið og ég hafði borgað -- Hangikjötið sem ég keypti á Keflavíkurlflugvelli sauð ég og helgina eftir og bauð tveim Mexíkönum og Peter Feldkamp sem kom í afmælisveisluna til þabba. Gekk það aldeilis vel. --

Segir margt af tónleikum hljómsveitarinnar MEZZOFORTE í Berlín og víðar sem hann fór á ásamt Þorsteini sem vann með honum á Sultartanga og vini hans, líka á Oktoberfest og til A-Berlínar.

-- Nú er ég búinn að fá neitun frá háskólanum í Berlín og er þá ákveðið að ég fari til München --

Leitar að húsnæði þar, sendir prófvottorð um þýskuna sem hann biður um að sent verði til LÍN ásamt fleiru.

Ásgeir Eggertsson skrifar fjölskyldunni. München. 17.10.1983.

-- Eftir að ég kom til München bjó ég hjá þeim heiðursmanni Hilmar Oddssyni¹ en flutti eftir tvo daga í íbúð Þórhalls Eypórssonar² sem var þá ókominn. Ég var fljótur að finna mér herbergi og gat valið úr nokkrum tilboðum -- Að lokum tók ég herbergi hjá ágætu fólki, rúmensku að uppruna, en búin að koma sér fyrir hér -- dálítið fyrir utan borgina. Ég er í herbergi á efri hæðinni - ágætu með húsgögnum, baði, eldunarhellum og síðast en ekki síst, sjónvarpi. Ég er ekki frá því að betra sé að leigja hjá þessum útlendingum en Þjóðverjum, því þeir geta verið svo asskoti leiðinlegir. Í gær héldu þau boð fyrir landa sína og aðra kunningja og var gaman að kynna þessu fólki betur. Á boðstólum voru rúmenskir réttir og sýndar myndir frá Rúmeníu. --

¹ Hilmar Oddsson (1957) kvikmyndaleikstjóri og rektor Kvikmyndaskólans.

² Þórhallur Eypórsson (1959) próffessor við HÍ í málvísindum.

Í gær kom dálítið skrytið fyrir. Ég ætlað nefnilega að skila Þórhalli lyklunum að íbúðinni. Hver haldið þið að hafi komið til dyra? Rósa Gísladóttir¹ nágrannakona okkar, sambýliskona Þórhalls. Fórum við að rifja upp forna tíma eins og gefur að skilja.

Skólinn byrjar ekki fyrr en í byrjun nóv. Mér líst vel á fagið en sýnist fyrstu árin verði að miklum hluta fræðileg en síðan praktísk.

Af peningamálum er það að fréttu að ég stend í plús 110 DM. Þetta ástand á eftir að batna fljótlega því Jón Óskar og kunningi hans Ágúst Borgþór² skulda mér u.þ.b. 1.200 DM. Ég seldi þeim græjurnar og er að spá í að kaupa mér ódýrt JVC kasettutæki í staðinn.

Nú fyrst sit ég í nafla Evrópu --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 18.10.1983.

-- Hugurinn er hjá þér þar sem þú situr í prófinu. --

Hér var mjög skemmtileg veisla hjá okkur -- Við vorum að halda upp á að pabbi þinn fékk starfið og er orðinn frkvstj. Sambands ísl. rafveitna.³ Það leggst mjög vel í hann -- og mikill léttir eftir alla þessa óvissu, að hafa þetta að hverfa til þegar fjársöfnunarstarfinu lýkur upp úr mánaðamótunum. Halldór Jónatansson var honum mjög hjálplegur, en hann þekkir marga á þessu sviði.⁴ Við buðum Halldóri og Siddu, Agnari og Rúri, Guðrúnu Sveinsdóttur og Jóni Stefánssyni, en Óli og Jójó gátu ekki komið. Það var ægilega skemmtilegt og stóð til kl. 4 um nóttina. --

Svo litu Palli og Lára inn. Er það mjög þægileg tilfinning að vera búinn að fá þau heim. --

Núna var Rúri að hringja og sagði að Bubba⁵ vinkona hennar hefði verið að koma frá Berlín. -- Bubba hefði setið á krá með öðrum Íslendingum. Þá hefðu komið inn tveir ljóshærðir og bláeygir piltar -- voru þetta Íslendingar, sem slógust í hópinn og settist annar við hliðina á henni. Rúri sagði við hana: *Hvað er þetta, spurðirðu ekki hverra manna hann var. Nei* sagði hún. Sesselja er löngu búin að banna mér svoleiðis. -- Mér hlýnar um hjartarætur og finnst ég hafa komist í samband við þig að heyra þetta. --

Það er helst að fréttu úr hverfinu að hús Hauks Heiðar og Renötu var auglýst til sölu -- Þau eru að skilja --

Við pabbi þinn erum boðin í kokkteil með mr. Maes, ameríkumanninum sem stofnaði sjóðinn sem pabbi þinn fékk úr þegar hann fór til Ameríku. Kokkteillin verður í Karphúsinu í boði Guðlaugs Þorvaldssonar, og svo fer einvalaliðið út að borða í Kristalssalnum. --

Ásgeir Eggertss. skrifar fjölskyldunni. München. 19.10.1983.

-- Kannski ég segi frá *löndunum* sem ég hef kynnst. Fyrstur er Hilmar Oddsson⁶ sem er að læra kvikmyndagerð. Í sumar vann hann við töku á kvikmynd sinni á Íslandi, sem er verkefni hans í skólanum. Ekkert vill hann gefa upp um innihald myndarinnar, en segist sennilega ætla að hafa sýningu á henni fyrir Íslendinga í München. Hilmar er mjög skemmtilegur og þægilegur náungi. Hann er fréttaritari DV í Þýskalandi og sendir vikulega heim úrslit og dóm um leiki fyrstudeildarliðanna. Hilmar var sá sem kom Alberts-vængnum á Vísi í uppnám með frétt um að Albert⁷ fengi prósentur af kaupverði Ásgeirs Sigurvinssonar þegar hann var seldur frá Bayern-München til Stuttgart hér um árið. Hann sagði þannig frá því að einhver Íslendingur hér hafi bent honum á greinina í dagblaði. Þýddi hann greinina og sendi heim. Hallur Íþróttafréttastjóri⁸ og Albertsmaður var í fríi og hafnaði greinin á forsíðu. Hilmar var í raun og veru ekki ábyrgðarmaður greinarinnar, því hann var einungis þýðandi hennar. Hann kom sér því í samband við þýska heimildarmanninn og mæltu þeir sér mót. Þá var eins og kiptt hefði verið í spotta, því alls staðar kom hann að lokuðum dyrum og vildi Þjóðverjinn ekki segja orð. Og ekki voru birtar fréttir frá Hilmar næsta hálfu árið.

Næst koma tvær stúlkur, Ásdís Schram (dóttir Ellerts)⁹ og vinkona hennar Kristín Theodórsdóttir, báðar nýútskrifaðar úr M.R. Þær ganga beint inn í íbúð sem maður Magdalenu Schram¹⁰ var með hér. --

Segir frá hvernig Bæjarar heilsast: Grüss Gott og Servus, sem tengist engri trú.

-- Þetta vissi Kristín vinkona Ásdísar ekki þegar barið var að dyrum hjá henni og henni heilsað með *grüss Gott* eða góðan daginn. Hún brást hin versta við og hélt að hér væru trúboðar komnir, skellti hurðinni á nefið á þeim --

Þórhallur Eyþórsson¹¹ -- búinn að vera hér í tæp 4 ár við nám í málvísindum. Hann vann á Helgarpóstinum í sumar -- og þóttu slúðurdálkarnir og umfjöllun um sjónvarp bera þess merki. M.a. kvað hann Birnu Hrólfs vera komna með nýjan gæja að nafni Siggí Gríms (*Sigurður Grímsson*), sem lærði hér í M. Þórhall þekki ég ekki nema af einni stuttri kvöldstund -- og virtist hann viðkunnanlegur, allavega ekki stórhættulegur maður „konu“ hans.

¹ Rósa Gísladóttir listakona, sem einmitt er nú, á páskum 2015, að sýna verk í Listasafni Árnesinga í Hveragerði. Hún er dóttir Gísla Magnússonar píanóleikara og Þorgerðar Þorgeirsdóttur á Bergstaðastræti 65. Þau Þórhallur búa í Kópavogi.

² Ágúst Borgþór mun vera Sverrisson mun fæddur 1962, rithöfundur og pistlahöfundur.

³ Það loforð var svikið og var ég í sama starfi með titlinum skrifstofustjóri. Sætti mig við titilinn, því starfið var það sama.

⁴ Aðallega var ég heppinn með að Aðalsteinn Guðjohnsen, rafveitustjóri, formaður SÍR hafði verið að skemmta sér og mætti ekki. Tók Eiríkur Briem, forstj. Landsvirkjunar, varaformaður, við stjórn og var það samþykkt samhljóða. Líklega hefði það verið samþykkt þó Aðalsteinn hefði verið þarna, en hann hafði mikla hæfileika til að flækja mál. Og gerði lengi. Halldór Jónatansson var skrifstofustjóri þá hjá Landsvirkjun.

⁵ Guðbjörg Benediktsdóttir (1929) kona Eyjólfis Konráðs Jónssonar (1928-1997).

⁶ Hilmar Oddson (1957) kvikmyndagerðarmaður og skólastjóri Kvikmyndaskólans. Systursonur Ólafs B. Thors.

⁷ Albert Guðmundsson, fótboltamaður, kaupmaður, stjórnmalamaður og sendiherra.

⁸ Hallur Símonarson (1927-2001) blaðamaður, lengst í íþróttum.

⁹ Sennilega Arna Schram, blaðamaður.

¹⁰ Magdalena Schram (1948-93) systir Ellerts.

¹¹ Þórhallur Eyþórsson prófessor við H.Í.

Rósu þekkið þið betur en ég, en hún sagði mér frá pabba, sem hafði verið að vinna í garðinum á þeim tíma sem garðinum var breytt. Stóðu þau, nokkrir krakkar og horfðu á hann vinna í fína garðinum. Spurðu þau hvort hann væri garðyrkjumaður. Svaraði hann þá: *Já, svona á minn hátt!* --

Ég læt þetta nægja - ekki að vita hvar þetta endar ef ég held áfram. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 31.10.1983.

-- mánudagsmorgunn og ég sit hér alein heima -- Þá heyrir ég klikk í bréfalúgunni, þýt niður í stiga í von um bréf frá þér. Nei. Ekki var því að heilsa, bara Time og blöð til pabba þíns og bréf frá lögreglustjóra til mín. Ég hafði fengið stöðumælasekt fyrir þrem vikum og gleymt.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 14.11.1983.

Segir fréttir af lánasjóðsmálum, kröfur og möguleika.

--Hvernig er jólafríð þitt? Er það nógu langt til þess að það borgi sig að koma heim um jólin. Eða -- Við vorum að fara í gegnum blöðin -- það er mjög erfitt -- Hvernig væri að senda helgarblöðin og sjá til hvernig þér líst á. Mest lesefni í þeim og stundum dálítið skemmtilegt.

Við buðum ömmu þinni og Dídí í slátur um helgina. Þeim fannst þetta mikil veisla og gott að fá slátrið og skyr á eftir. Svo drifum við þær á grafíkýningu í Norræna húsinu og það fannst þeim líka skemmtilegt. Sýningin var líka mjög góð. Ótrúlegt hvað íslenskir listamann hafa tekið miklum framförum í grafíklistinni.

Um kvöldið var fullt af krökkum hér. Helga var hjá Auði og svaf. Kjartan og Dagur voru að vinna í Fréttabréfi fyrir MH, sem þeir eru búnir að taka að sér. Þeir unnu alveg baki brotnu alla helgina, svo hér var eins og ritstjórnarskrifstofa. Pála vinkona Dags horfði á sjónvarpið með Helgu og Auði, því ekki mátti hún trufla ritstjórana. Pabbi þinn bjó svo til pizzu fyrir mannskapinn. -- Svo skoðuðum við hús Helgu í Hofgörðum á Seltjarnarnesi. --

Mig langar í lokin til að biðja þig um að skrifa ömmum þínum báðum - þarf ekki að vera langt - og þakka fyrir afmælisgjafirnar. Viltu lofa mér þessu, Ásgeir minn.

Ásgeir Eggertss. skrifar Friede Pálsd. Briem. München, 18.11.1983.

-- þakka þér kærlega fyrir afmælisgjöfina, hún kemur sér svo sannarlega vel. Kannski mætti segja að ég hafi alls ekki unnið fyrir henni, þ.e.a.s. ég hefði átt að vera búinn að skrifa talsvert fleiri bréf fyrir þessa upphæð. -- Myndin á kortinu fyllti mig ólýsanlegri sælu, alveg var ég búinn að gleyma hvað borgin okkar er fögur -- Lá við að ég hefði þust út á götu með íslenska fánann syngjandi: *Nú tjalda foldin fríða* --

Allt gott af mér að fréttu. Ég er í skólanum frá 9 til 5 nema föstudaga, þá er ég í frí, sem ég nota til lesturs, skrifta og bókasafnsferða. Með námið er ég nokkuð ánægður, það er bæði gert áhugavert og líflegt með vel gerðum bókum, umræðum í kennslustundum og skemmtilegum kennurum.

Frístundirnar nota ég aðallega til lesturs og fer stöku sinnum í kvikmyndahús. Um daginn las ég *Dægradvöl* Benedikts Gröndals og ævisögu Jóhannesar Birkilands sem hann nefnir: *Harmsaga ævi minnar*.

München er mjög falleg borg, ólík Berlín -- stutt til Austurríkis, Sviss og Ítalíu. Hér virðist fólk vera töluvert ríkara en annars staðar í landinu og lýsir það sér í vel viðhöldnum gömlum byggingum, dýrum búðum, sem enginn virðist versla í og síðast en ekki síst ótrúlega hárra húsaleigu. -- Sjáumst kannski um jólin. --

Ásgeir Eggertss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. München. 19.11.1983.

-- Nú gríp ég til ritvélarinnar, þeirrar góðu vinkonu. Ég var heldur betur kominn úr æfingu, í gær var ég þrjá tíma að vélrita bréf til ömmu.

Gott var að heyra námslánafréttirnar. Nú ætti ég að geta farið til rakarans og keypt mér buxur, vesti, brók og skó -- Helst langar mig samt að koma heim um jólin til að leika mér í snjónum, búa til snjókarl og detta niður um ísinn á Tjörninni. Flugleiðir bjóða upp á fargjald sem maður verður að hugleiða þrisvar áður en því er hafnað. --

Bætir við gamansögum og óþarfi sé að senda ísl. blöðin. Þakkar fyrir afmæliskeðjur og gjafir.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 6.12.1983

-- Til hamingju, lánið er fengið!¹ --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 8.12.1983.

--amma þín bauð Palla og Láru & co. í kvöldmat -- eftir að bréfin komu. Þar las pabbi þinn okkar bréf og líka bréf ömmu þinnar. Þetta var svo vellukkað að okkur var líka boðið út á skemmtilegheitin. Svo þú getur séð að við getum stórgrætt á því að fá bréf frá þér.

¹ Eilíft þras við LÍN enda starfsemin frumstæð miðað við það sem síðar varð.

Þá er námslánið komið og pabbi þinn sendi eitthvað af því til þín í gær.

Í gær eftir vinnu fór ég í 87 ára afmæli til Þórhildar, ömmusystur þinnar og var þarna fjöldi kellinga. Þar hitti ég Guðmund Þór og er hann aftur byrjaður á fullu í lögfræðinni. og segist taka námið mjög alvarlega og ekkert vinna með náminu.

Hilda var mjög kát og hress í nýjum kjól, sem ég hrósaði mjög, og spurði hana hvort hann væri nýr. Hún kallaði þá til Bergljótar og spurð: *Er ég í nýjum kjól?* Bergljót sagði henni þá allt um kjólinn. Hún var ekki heima kl. 4 þegar boðið byrjaði og amma þín kom í það. Sigggi og María sögðu að hún hefði verið send í *permanent* til þess að þau gætu undirbúið boðið. Ef hún er heima vill hún öllu ráða og bannar þeim þá meira að segja að fara í hirslurnar sínar. Alfa (*Álfheiður*) sagðist mikið hafa leitað að kökudiskunum hennar og fann þá í drasli í kjallaranum. Þar hafði hún falið þá -- Teskeiðar fundust engar og þurfti Sigggi og María að koma með sínar. Svo hringdi Hilda í Sigga úr hárgreiðslustofunni. Hann spurði: *Ertu búin í permanentinu?* Nei, sagði hún, *ég fékk mér bara lagningu*, hafði sagt við hárgreiðslukonuna að hún mætti ekki vera að því að taka permanentið. Var hún því allt of fljót, því þau voru ekki nærri búin að undirbúa boðið. Sigggi sagði henni þá að hún yrði að fara í permanent, því það væru að koma jól. Þetta væri jólapermanent. Hún fór þá til stúlkunnar og sagði að hún ætti að fá permanent og var þá öll lagningin sprautuð úr henni. Hún kom svo heim, seint og síðar meir, voða fín með sitt jólapermanent. Aillt boðið tilbúið og gestirnir að tínast að. Hún er alveg ágæt.

Auður er alltaf að leika Lúsíu núna. Í gærkvöldi í sænska sendiráðinu þar sem var hátíð og fjöldi manns. Ljósmyndari var frá Morgunblaðinu og við erum voða spennt að fletta blaðinu núna - allir nema hún. Svo á hún að vera Lúsía á þrem stöðum á þriðjudaginn, í Hagkaupum og einhverjum klúbbi uppi í Árbæ (fær borgað á báðum stöðum) og svo í Norræna húsinu. Annars eru Auður og Dagur í prófum og gera varla mikið annað en að lesa fyrir próf.

Við ætlum samt að taka sunnudag í laufabrauðsskurð og koma Palli & co til okkar. Nú er pappírinn búinn. Hlakka til að sjá þig. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Lóu Guðmundsd. Vennerström. Rvík. 15.12.1983

Skrifaði bréfið á sænsku ef ske kynni að sjónin væri biluð. Sagði frá endalokum stjórnar Gunnars Thoroddsen og dauða hans.

Við höfðum verið hjá Gauju í Ráðagerði og er gaman að koma þangað vegna þess hve mjög henni þykir vænt um Auði.

Auður situr hér hjá mér og skrifar um drykkjumenn og fjölskyldur þeirra. Svo hefur hún tekið þátt í Lúsíuhátíðum í Reykjavík.

Dagur er að lesa grein Gunnlaugs Claessen í Heilbrigðu lífi, um hvernig dauða Jónasar Hallgrímssonar bar að höndum og hvað dró hann til dauða.

Mömmu líður vel en sér illa til að lesa. --

1984

Ásgeir skrifar Dagbl. Vísi, Ellert Schram og Morgunbl., Styrmí Gunnarss. Rvk 7.1. 1984.

Staðfestir atvinnuviðtal og sendir umsóknir og starfsferilslysingu. Gerðar eru kröfur um að stúdentar taki sér störf sem tengjast námi þeirra.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 18.1.1984.

Dagur var að ljúka stúdentsprófi með tilheyrandi útskriftarveislu og er á leið til Parísar. Fjölskyldan fór saman og borðaði á Hótel Sögu. Dagur er að tæma herbergið sitt og pakka saman til að fara til Parísar.

-- Mikið hefur verið um að vera hjá okkur í sambandi við útskriftina og ætlar hann að halda veislu fyrir félagi sína og sama daginn heldur amma þín einhvers konar hanastélsboð. Henni þótti svo skemmtilegt þegar við buðum eitthvað 45 á útskriftardaginn að hún vildi gera slíkt hið sama.

Nú er farið að ganga betur í samskiptunum við LÍN. Ræðir sumarstarfið og hafði þess vegna talað við Styrmí Gunnarsson á Mbl. Lagði ég til, í framhaldi af því, við hann að hann æfði sig í skriftum, þýðingum, öflun upplýsinga og vinna úr þeim, hugsanlega að senda efni til birtingar.

-- Nú er komin í útvarpið stúlka frá V-Þýsk. með pistla þaðan. Hún er mjög slæm enn, að minni hyggju og ætti að vera auðvelt að skáka henni. Hún skrifar svolítið knúsað mál, en er verst í framsögn, enda fæst ekki góður lestur og mál nema með æfingu. -- Grein þín um bjórinn var ágæt, en hún var of -- þar sem þú hefur ekki enn fengið það mikla æfingu í að kynna þér efnið á einu máli og koma því yfir á annað, án þess að um þýðingu sýnist að ræða. En pennalipur ertu, bréfastíll léttur og eðlilegur, fjórlegur. --

Biður hann um að experimentera með stíl.¹

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 4.2.1984.

Segi heilsufarsfréttir, af verkfalli, stjórn málum Alberts, Sverris Hermannssonar og Steingríms Hermannssonar; samningum við Ísal. o.m.fl. Sendi afrit af bréfum til Styrmis Gunnarssonar og Ellerts Schram.

Tók upp á segulband skemmtilegan og merkilegan pistil eftir Jakob Magnússon.² Pabbi hans sagði hann engin gögn hafa haft, kannski þess vegna varð hann áheyrilegur. Tók einnig upp áramótapistil Péturs Gunnarssonar, sendi hann.

Segi af hreyfingum í kvikmyndaiðnaði og útvarpsrekstri sem menn eru hræddir við vegna afskipta Davíðs Oddssonar af honum.³ Sendir líka umræður um æðri menntun og langt viðtal um Badda feita, -- sem bjó hér á Laufásvegi og hefur lent í miklum ævintýrum, róaðist og fyllti flokk broddborgara í Ameríku. Nú eru menn hátíðlegir og enginn þorir að kríta liðugt.

-- Því miður kann ég ekki að ljúga, af tómrí leti. Það reyndi ég þegar ég lagði út á lyginnar braut að það kostaði svo mikið það að fylgjast með sjálfum mér að ég hætti því gjörsamlega -- það er t.d. miklu léttara. Auðkenni letingja er að segja alltaf satt, mæta á alla fundi og vera stundvísir. --

Dagur fór út að borða í kvöld með félögum sínum. Auður er að passa með Ástu vinkonu sinni. Hún fer með bekkjarsystkinum sínum út að borða í Grillinu á Sögu til að halda upp á að hafa lokið samræmdu prófunum.

Mamma þín er uppi á lofti að strauja og bæði erum við að hlusta á kvöldgesti Jónasar Jónassonar, ég með öðru eyranu; bæði eru þeir ekki sérlega skemmtilegir; ég að skrifa þér og einnig eru bollur inni í ofninum og ég sjálfsagt syfjaður enda klukkan gengin í eitt. --

Nú er mamma þín komin niður úr línstrokinu og situr hér og borðar bollur; hrósar mér heldur fyrir þær enda má hún það, því ég er farinn að baka úr pressugeri og smakkast það betur en perlugerið góða. Maður kemst á herra plan eftir því sem tíminn líður. --

Mamma þín minnir þig á að fara til tannlæknis --

Ásgeir Eggertss. skrifar foreldrunum. Ismaning. 25.2.1984.

-- Í gær var ég í prófi sem mér fannst nokkuð strembið, Ég hef ekki hugmynd um hvernig mér gekk og býst við hinu versta, en best að gleyma því þangað til ég fæ útkomuna eftir einn mánuð. Svo kemur annað á vinsældalistann próf sem ég er að búa mig undir af fullum krafti milli þess sem ég þvæ flíkurnar, skrifa bréf og hlusta á í Austurríki. Ég verð sem sé senn kominn í frí --

Ueltir fyrir sér möguleikunum, t.d. á vinnu.

-- Ég átti eftir að segja ykkur frá þorablótinu í Stuttgart, en við fórum þangað fjórir saman. Fyrst sáum við Ásgeir Sigurvinsson sparka bolta, sem hann gerði af mikilli kúnt. Síðan lá leið okkar til Helga⁴ til að ná í bíl sem Jón Baldur bílaverkfræðingur hafði

¹ Gera tilraunir með ritstíl.

² Jakob Frímánn Magnússon (1953) sonur Magnúsar á Hvítárþakka, stjúpsonur Rúnu í Móum.

³ Þetta er 30 ára saga, ef ekki lengri.

⁴ Helgi Briem Sæmunsson (1962) verkfræðingur sem bjó, og býr í Stuttgart. Sotos mun vera grískur sambýlismaður hans. Hann heldur góðu samband við mig, einkum eftir að Briemsættarboðin kom út. Systur hans búa báðar erlendis, í Noregi og Þýskalandi.

fengið lánaðan. Þar hittum við fyrir fjölmarga Íslendinga og höfðu sumir komið frá Austurríki þar sem þeir eru að læra söng í Vín. Konsúllinn hafði útvegað píanó sem notað var til undirleiks í fjöldasöng, Íslendingarnir höfðu keypt mat - hangikjöt, harðfisk, hákarl og hval - konsúllinn splæsti víni og Helgi matreiddi allt listavel. Síðan var blótað og blótað fram á nótt. Sotos, sem er með videódelu, eins og þið sáuð í Ásmundarsal, tók vel valda kafla á myndband, sem menn horfðu á með skelfingu daginn eftir. Eftir að Hilmar Oddsson hafði símað sínar fótboltafréttir til Dagblaðsins var haldið daginn eftir til München. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Trier. 9.3.1984.

-- Við erum nú búin að leigja okkur herbergi hér í útkanti bæjarins, með bjórstofu á neðri hæðinni. Þar sitjum við nú, þreytt eftir ferðalag dagsins. Það var náttúrlega eins og hálf klst. seinkun í Keflavík og vorum við ansi syfjuð að sitja þar. Til Lúxemborgar komum við svo eftir 3ja tíma flug -- Fórum við rakkleitt í bílaleiguna og fengum flunkunýjan Ford Fiesta afhentan og brunuðum af stað og byrjuðum á því að villast. En til Trier komumst við og höfum verið að skoða þennan 100 þús. íbúa bæ. Hér er kalt (0°) og var ég fegin að hafa úlpuna mína með.

Við ætlum svo í fyrramálið um Moseldalinn og að Rín þar sem árnar mætast og upp með Mainz og keyra til Kölnar.

Við sitjum hér á bjórstofunni, pabbi þinn með björglas og ég með Mosel-vín og hlustum á háværa Þjóðverja tala saman. Þeir hafa það skemmtilegt og hafa mikið að segja um fótbolta. -- Vona að allir hafi það gott og allt gangi vel. -- Ástarkveðjur.

19.3. Erum nú í Bernkastel við ána Mosel. Kveðjur.

Ásgeir Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Ismaning. 29.4.1984

-- Þá er ég kominn aftur heim og fyrsta bréfið senn komið af stað - best að þóknast þessum foreldrum! --Á flugvellingum í Amsterdam hitti ég tvo Íslendinga sem voru á leiðinni til München. Þeir ráðgerðu að fara klukkutíma seinna og hirtu ekkert um að fá sér ódýra lestarmiða, heldur keyptu venjulega miða á lestarstöðinni. -- Í lestinni var mér sem betur fer svefnsamt og hafði ég einn klefa alveg fyrir mig. --

Ég sendi hér innritunartvörf sem þið komið umsvifalaust til vinar míns Per Landrö¹ með bestu kveðjum. --

Ásgeir Eggertsson skrifar fjölskyldunni. Ismaning. 3.5.1984

Segir frá góðu leikriti eftir Per Olov Enquist um H.C. Andersen sem Ingmar Berman leikstýrir sem Íslendingarnir komu sér á hina ágætustu prufusýningu.

Segir frá skólanum og ýmsum námskeiðum. Biður um peninga því mjög saxist á fé vegna bókaþaua.

-- Ég hef verið að húa Íslendingum saman og er ætlunin að hittast í björkjallara einum. Hittist fólk 1. des og finnst mér vera kominn tími til að fólkið hittist aftur, ekki síst þegar skólinn er að byrja og nokkrir hafa bæst við á þessari önn. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 11.5.1984.

-- Ég fór í bítið í morgun til að annast þín mál. Inn á bókina sem þú kallar *Moggabókina* var búið að leggja 12.867 kr. Mér fannst það heldur lítið fyrir alla þessa kvöldvinnu síðasta mánuðinn. Jæja þetta kom sér samt vel. Og hér færðu þessi 800 mörk og vona ég að þau endist þér vel. --

Ég var að koma úr klippingu og er voða fín, með hárið út í allar áttir, en það þykir víst það smartasta. Við pabbi þinn erum að fara á ball í kvöld. Aðalfundi SÍR lýkur með hófi í Áthugasal Sögu. Það hefur verið mikill undirbúningur hjá pabba þínum og er ég feginn að fundurinn er búinn. Hann heldur líka erindi þar um almannatengsl fyrirtækja og hefur það líka verið vinna við að semja það.

Dagur fer í síðasta prófið á morgun og er í efnafræðiprófi núna. Hann ætlar að athuga sín mál þegar prófum lýkur. Við látum þig vita um framgang mála. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 28.5.1984.

-- hætti Dagur við að heimsækja þig og fékk styrk, hálf mánaðar dvalarstyrk til Frakklands. Hann verður að borga ferðirnar. Þetta er kennsla, útilífi og ferðalög. Honum lýst vel á og hlakkar til að fara. Fer hann út 15. júní og kemur aftur þann 30. Byrjar þá í Hvalnum daginn eftir, en hann fékk leyfi hjá verkstjóra að fara í þetta frí. -- Kjartan Emilsson -- útvegaði honum ódýrt fargjald með frönskum ferðahópi sem leigir flugvél hingað. --

Kjartan fékk lánaða stúdentshúfuna þína þegar hann útskrifaðist -- Það líður að því að Auður yfirgefi okkur líka. -- Tekur Katarina á móti henni í Osló. --

Það er margt að gerast í skemmtanalífinu. Annað kvöld er saumaklúbbur skólasystanna hjá Inger Jessen. -- Svo er síðasti flugfreyjuklúbbur vetrarins hjá Ragnhildi Björnsson og Arnbirni í Arnarnesinu. Hún býður okkur í hádegismat og eiginmönnum með. Það verður nú fjör, maður! Á föstudaginn verður bekkjarhóf hjá mínum árgangi og hittumst við í félagsheimili tannlækna og skemmtum okkur *bis tief in die Nacht hinein!*

¹ Per Landrö var *skelfilegur* samskiptaaðili okkar lengi og má segja að á framhaldsnámsárum barnanna hafi hann verið helsti terror heimilisins. Áreiðanlega hinn vandaðasti starfsmaður. Nú er hann lögg. skalbýðandi úr norsku.

Svo á laugardaginn erum við boðin í kokkteilboð til formanns TFÍ, Gunnars Þormars. Svo hvílum við okkur á sunnudag þar til Tore Larsen kemur, en hann gistir hjá okkur. og verður til 8. júní. Þú manst vonandi hvaða dagur það er?

Mig langar að fréttu hvernig þér gengur í prófinu. Hvenær er skólinn búinn --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 7.6.1984.

Auður er að fara til Svíþjóðar; fékk ekki vinnu í kirkjugörðunum, var ákveðið að hún færi og keypti miða. Þá kom tilkynning um að hún fengi vinnuna, en ekki varð aftur snúið. Dagur er að vinna við garðafrágang o.fl., nú hjá Guðrínu Sveins, frænku sinni og Jóni, en fer til Frakklands eftir viku.

-- Ég þarf að segja þér frá spaugilegu atviki. Fyrir hádegið hringdi Styrmir Gunnarsson í skrifstofuna mína og biður um skilaboð, þar sem ég var ekki við. Eftir hádegið hringdi ég í hann og sagði hann mér frá dálítið skuggalegum hlut, fyrir Morgunblaðið. Það höfðu átt sér stað mistök. Tölvun hafði haldið áfram að greiða þér út kaup eftir að þú hættir og hafði nú borgað rúmlega mánaðarkaup. Styrmir bað mig hinn bljúgasti hvort ég gæti nú ekki gert þeim þann greiða, úr því að tölvun var svona stíf á meiningunni, að borga sér kaupitil til baka.

Ég tók vel í það og hringdi til Auðar, sem þá var í frí og bað hana um að finna Morgunblaðs(banka)bókina þína og taka nefnda upphæð út úr henni og fara með hana niður á Morgunblað. Það var svo skjótlega eftir að ég hafði talað við Auði að Styrmir hringdi í mig aftur. Hann sagði nú að tölvun væri með þeim ósköpum fædd að hún gæti ómögulega, tekið við endurgreiðslu eftir að hún hefði borgað út.

Ég var, sagði Styrmir, búinn að tala um það við Ásgeir, að hann fengi hér vinnu. Verði þá greiðslan, sem hann er þegar búinn að fá, fyrirframgreiðsla upp í kaup í sumar.

Ég hélt það nú og sagði að málið félli niður og ég léti þig vita.

Svo stutt var nú liðið síðan ég talaði við Auði að ég hélt ég næði í hana áður en hún færi að heiman. En þegar ég hringdi svaraði ekki. Ég sá þá þann kost vænstan að hringja í *resepsjónina* á Morgunblaðinu og segja við stúlkuna þar að ef stúlka, ljós á hár o.s.frv. kæmi og spyrdi eftir Styrmi, þá skyldi hún biðja hana um að hringja í mig.

Litlu síður hringir Styrmir og spyr: *Varst þú að reyna að ná í mig. Nei-nei*, sagði ég, *ég lagði bara boð fyrir* - o.s.frv. Báðum við hvor annan vel að lifa.

Stuttu síðar hringdi Auður og sagðist vera í Landsbankanum. Hún hefði ætlað að taka umrædda upphæð út, en þá hefði ekki verið til innstæða fyrir henni. Ég bað hana að segja hver upphæðin væri, bankinn þyrfti að rekja hana, leggja inn á bókina, en ekki taka hana út, því Styrmir væri búinn að afpanta féð.

Þar með var sú saga búin, að því er ég hélt.

Tore Larsen hefur verið hjá okkur í verslunarferð og sofði í þínu rúmi, Ég sagði honum söguna um Styrmi og hló hann og sagði að aldrei stæðu neinar tölvur í vegi með þeim hætti sem Styrmir lýsti, nema ef maður kæmi þar nærri. Við fórum saman á Rótarífund í fyrradag og skemmtum okkur við að bera saman virðuleika félaga klúbbsins hér og í Noregi.

Þá sér mig Haraldur Sveinsson (*forstjóri Morgunblaðsins og gamall granni úr Tjarnargötu*). Urðum við glaðir þegar við hittumst.

Haraldur sagði: *Styrmir er duglegur að ráða, en hann gleymir alltaf að láta mig vita þegar menn hætta á blaðinu.*

Sem sagt. Mistökin urðu til þess, að ekki er hægt að losna við þig, a.m.k. meðan það er feimnismál að menn, en ekki tölvur, geri mistök á blaði allra landsmanna. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum og Degi. Glänne, 7.6.1984.

-- Þegar ég kom út úr tollinum fár ég að skyggast eftir honum AAGAARD, með fjórum a-um. Hann fann mig strax og fannst pabbi vera kominn alveg ljóslifandi. Hann keyrði mig upp á Holmenkollen. Þegar hann fór út úr bílnum ætlaði hann aðeins að laga púströrið, opnaði skottið og lokaði því og læsti, en því miður voru lykklarnir inni í því. Hann hringdi í einhverja víkingasveit sem hann er félagi í. Eftir einn og hálfan tíma kom maður og opnaði skottið á tveim sekúndum. Seinna fylgdi hann mér á járbrautarstöðina og kom mér í sætið. -- Á brautastöðinni í Karlstad tóku Katarína, Malin og Kristín á móti mér. Svo hitti ég HANN¹ sem ég veit ekki hvað heitir. Þetta virðist vera svo skemmtilegur og góður maður. --

Svo háttaði ég stelpurnar, las fyrir þær og sofnuðu þær strax. -- Allir voru ánægðir með gjafirnar. Stelpurnar náðu ekki andanum, þær voru svo hrifnar. --

Ég er alltaf að hugsa heim til ykkar og óska að ég væri hjá ykkur í herberginu mínu. -- gamla heimpráin -- verður farin á morgun. - - ég er bara að hugsa um að fara að sofa, þótt mig langi ekki, því ég er í svo voða góðu sambandi við ykkur á meðan ég skrifa. --

Það væri nú gaman að hittast í Stokkhólmi! --

Auður Eggertsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Ódagsett.

-- Þetta bréf verður að bíða eftir þér -- það getur ekki beðið að skrifa þér. Það var alveg frábært að tala við þig í símann. -- Eftir matinn fórum við Ása á mótörhjólina heim til hennar og fengum okkur sundsprett í vatninu, sem var mjög kalt. Ég lagði það

allavega á mig, því þá slapp ég við að vaska upp. -- Þegar ég kom hingað heim var sagt við mig: *Bróðir þinn hringdi. Ég varð alveg óð, sérstaklega því ég var pirruð út í Ásu og nagað mig í handarbökin fyrir að hafa farið með henni.*

Katarina var alveg hissa á hvað þú kynnrir góða sænsku. *Talið þið öll í fjölskyldunni eins góða sænsku? Hann talaði alveg eins og þú! Svo hringdi síminn.*

Ég kemst ekki yfir hvað það var frábært að heyra í þér. Jú vasadiskóið mitt brotnaði aftur --. Ég var að slá grasið og sláttuvélin er svo nútímaleg, ég dró of snögg í snúruna og hún slitnaði. Það gerir ekkert til. Ég lifi það af.

Svo fer að líða að Jónsmessu. --Thomas verður þarna, sem betur fer. Þá verður alla vega ekki eins leiðinlegt. Á morgun er nýr dagur með nýju uppvaski. Ég held að þegar matur er búinn til hér í húsinu séu notaðir allir pottar í húsinu, allar pönnur, föt, skálar o.s.frv. Það er alveg merkilegt hvað uppvaskið er mikið. --

Ræðir rækilega um plötu sem hún keypti með Linton Kwesi Johnson (1952) frá Jamaica.

-- Maður fær hroll þegar maður hlustar á hana. Það er alveg spaugilega lélegur, að mínu mati, músiksmekkurinn hennar. -- Ég keypti merki með Garfield. Hann er æði. -- Ég gef þér leyfi til að skrifa eitt bréf í viðbót, þau eru svo skemmtileg, bréfin frá þér. -- P.S. Mundu að það eru ekki allir sem eiga bróður sem er líka besti vinurinn. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum og Degi. Glänne. 8.6.1984.

-- Til hamingju með afmælið, elsku mamma mín. Þú ert uppáhalds mamma mín. -- Mér líður alveg stórvel skal ég segja ykkur. Ég er í vinnunni hjá Katarinu og hef setið í allan dag fyrir framan imbakassann og horft á tennis sem ég skil ekki rassgat í. Ég veit ekkert hvor er að vinna. --

Svo er alkóhólisti búinn að sitja hérna og tala og tala. Hann er ekki alveg heill í kollinum og skáldar ansi mikið. Hann hefur búið í svo mörgum löndum (*einum fimm*) legið einn metra frá Brigitte Bardot á strönd Frakklands: „*oh, þú hefðir átt að sjá línurnar, sagði hann.*

Hitti Palla smástund. Hann sagði bara allt gott. -- Ég var að strauja þega þú hringdir, mamma. Yndislegt að heyra í þér -- Það eru komna kýr hingað. Fólkið sem leigir af Malte á Glänne á þær. Þetta er alveg kássu af kúm, allar svartar og hvít-skjöldóttar. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 9.6.1984.

Segir frá afmælinu sínu þar sem voru boðnar amma Fríða, Dídí og Lára í svartfugl, njólaþafning og ís. Ingólfi þótti ekki taka því að koma til að borða svartfugl. Ágætt boð. Segir frá gjöfum, m.a. silfurfingurbjörg frá ömmu Fríðu, 90 ára, merkt ÁB.

Dagur fór í útilegu með félögum sínum í Reykjadal hjá Hveragerði þar sem þeir ætluðu að tjalda. Átta saman. Hann var í miðju bréfi til Auðar þegar hann fór.

-- Þegar við komum heim, eftir að hafa talað við þig í síma, beið bréf í forstofunni frá Menntaskólanum um að þú hefðir hlotið inngöngu í Menntaskólann í -- ja bíddu við -- ég ætla ekki að pína þig meira - í Hamrahlíð. Til hamingju. Dagur ætlar að gang frá plöggum fyrir skólann.

Hann er að vinna í garðinum hjá Jóni og Guðrúnu en fer svo til Frakklands. Hann hlakkar mikið til -- Við höfum líka unnið í garðinum og er hann orðinn mjög falletgur. -- Kveðjur frá öllum til fólksins á Glenni.

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 17.6.1984.

-- Dagurinn er blautur - eiginlega vel við hæfi að veðrið sé eins og þegar lýðveldið var stofnað fyrir 40 árum.

-- Dagur fór í fyrradag til Amsterdam -- ætlar að vera þar nótt og fara þá til Parísar og Ardenne. -- Hann sótti um fyrir þig og skræði í námið í M.H. -- Þar með er hægt fyrir þig að bæta við stigum sem sænskunni nemur og um leið auka líkur á að stytta leið gegnum skólann. Kannski með sama hætti og hann gerði sjálfur, þó það sé meiri vinna. --

Í gær var haldið upp á 35 ára stúdentsafmælið mitt. Hófst það kl. 5 eins og fyrirhugað var með því að allir komu saman hjá Vigdís á Bessastöðum. Þar var bæði hátíðlegt og mjög skemmtilegt, ágætar ræður fluttar, góðar veitingar, skemmtilegt hús og kátt - ungt - fólk! Bara 35 ára. Síðan var farið í Strætó í félagsheimili Bessastaðahrepps, þar rétt hjá, borðað og dansað fram á nótt. Við komum heim upp úr kl. tvö í góðu veðri og morgunbirtu næturinnar. Og í tómt hús - skrítið - sváfum fram undir hádegi - í tómu húsi - allar hurðir opnar - skrítið.

Þá var okkur boðið í hádegisverð til Sigga og Maríu - þar var skemmtilegt að vera - þótt þið krakkarnir gætuð ekki komið. Jónas¹ var þarna og var gaman að tala við hann. Hann lýkur lagaprófi á næsta ári og hefur unnið fyrir sér með námi með því að vera næturvörður - lesið á vaktinni, aldrei tekið lán og var að kaupa sér íbúð, í húsinu við Lönguhlíð, sem skagar út í Miklubrautina. Guðmundur Þór² ætlar að fara að búa. Svo var þarna slatti af börnum. Einstaklega skemmtilegt. --

Sigríður Dagbjartsdóttir bætir við: Við vorum voða fín foreldrarin þínir þegar við fórum á Bessastaði í gær. Ég vildi að þú hefðir séð okkur. Reyndar tók pabbi þinn mynd af okkur með sjálfakara. Hann var í smóking og ég í eldrauðum síðum kjól með gylltu belti og í gylltum skóm, sem ég keypti í tilefni dagsins, og með gyllta tösku. Vigdís var í hvítum síðum kjól, svo við vorum báðar í tískunni, tískulitirnir í ár! --

¹ Jónas Guðmundsson sýslumaður Vestfjarða.

² Guðmundur Þór Guðmundsson lögfræðingur biskupsstofu.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Glänne. 17.6.1984.

- Nú er hann Dagur líklega í París, þannig að núna stíla ég ekki bréfið á hann. Takk fyrir bréfið, mamma. Ég fékk líka bréf frá Degi og Helgu. Það er ekki amalegt að byrja á að fá þrjú bréf í einu.

Ég rakst í rassinn á Guði, ég hoppaði svo hátt þega ég frétti að ég hefði komist inn í MH. Ég vona að Dagur hafi ekki gert neina vitleysu þegar hann valdi fyrir mig, ég er ekkert hrædd um það, ég treysti honum --

Ég byrjaði daginn með því að flytja viðinn, sem var bakvið hús, svo sló ég garðinn, sem var nú enginn barnaleikur, þessi líka rosa stærð. Ég búinn að fá mótörhjólíð. -- Mats fór þar hjá, svo ég fékk að fljóta með. Klukkan var að vísu hálf átta og að auki helli rigning. Ég var í regngalla, stígvélum, með hanska og hjálm. Þið getið ímyndað ykkur hvað ég var mikill *mótörhjálátöffari*. Þetta gekk mjög vel, og gott að vera búin að fá mótörhjólíð aftur. --

Svo fórum við til Ásu í Melsjö. Ég var með Ásu, Kristin og Malin á *flakinu*.¹ -- Katarina og Márta fóru að rífast aftur í gær út af einhverju jafn fáránlegu og alltaf. Svo varð allt gott og blessað.

Svo fer ég með Ásu í bæinn í dag og þá get ég farið í búðir sem Katarinu myndi aldrei fara í.

Þið þurfið ekki að hafa áhyggjur að ég hangi of mikið fyrir framan imbakassann. Hér er enginn sem nennir að horfa á sjónvarp, svo ég nenni því ekki heldur. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 22.6.1984.

-- pabbi þinn er að horfa á beina útsendingu knattspyrnunnar í Evrópubíkarkeppninni. Þar eru Danir og Spánverjar að keppa og það liðið sem vinnur á að keppa við Frakka um Evrópubíkarinn. Jæja, en ég ætla nú heldur að skrifa þér.

Við erum búin að vera ofsalega dugleg. Ef þú bara vissir hvað við erum að gera. Við erum búin að mála herbergið í kjallaranum í hólf og gólf. -- allt í hvítu -- herbergið virkar allt stærra og bjartara. Svo tók pabbi þinn heilmikið af skjölum, sorteraði og henti heilmiklu af skjölum og tímaritum sem hann átti í hillunum. Svo núna er herbergið virkilega vistlegt. --

Liisa hringdi og bað mig um að hafa samband við vinkonu sína frá Kemi sem er á íslenskunámskeiði hér með Svíum og Finnum. Ég fór á móttöku og hitti konuna, blaðamann. Hún er mjög geðug og skemmtileg. Parna var margt fólk sem ég hafði verið með á Framnäs. Ég bauð henni svo, hún heitir Inkeri, annað kvöld ásamt konum sem voru á Framnäs. Ég ætla að hafa svartfuglspásteik, sem ég er að fara að búa út.

Við heimsóttum Gauju í Ráðgerði; skiluðum kveðju frá þér. -- Pabbi þinn var að kalla að vítaspyrnukeppni væri að hefjast - Spánverjar unnu. --

Á miðvikudag fórum við, pabbi þinn, til Akureyrar. Þar er aðalfundur SÍH, Samband íslenskra hitaveitna og vor konum boðið með og heilmikið prógramm fyrir okkur, m.a. farið út í Hrísey. Allt endar með balli í Sjallanum. Loksins fær maður að koma í Sjallann. Svo er okkur boðið til Siglufjarðar á skak. Það er Ásdís, dóttir Unnar frá Bakka á Seltjarnarnesi sem býr þar og hennar maður, sem er fulltrúi á þinginu. Hún vildi endilag að við kæmum. Hann á finan bát með kunningjum og bauð okkur til sín. Vonandi komum við heim nógu snemma til að taka á móti Degi. -- Þú sérð að nóg er að gera. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Glänne. 23.6.1984.

-- (*þegar ég kom heim*) -- var það fyrsta sem Katarina sagði: *Hann bróðir þinn hringdi*. Ég varð alveg hoppandi vond og blótaði eins og mér væri borgað -- Katarina og Mats sögðu: *Hann hringir áreiðanleg annað kvöld*. -- ég var komin með stóran kökk í hálsinn. Svo settist ég niður og fékk mér te. -- KRAFTAVERK! Síminn hringdi. Ég þorði ekki að vona að þetta væri Dagur, en það var hann. Í einu orði sagt **FRÁBÆRT** að heyra í honum. Ég á frábæran bróður (bræður). Ég var alveg í skýjunum eftir samtalið.

Takk fyrir bréfin frá ykkur. Ég hlakka til að sjá myndina af ykkur. --Takk fyrir dagblöðin. Gaman að kíkja í þau. -- Svo hefur lífið gengið sinn vanangang. -- Mér þætti fróðlegt að fá að vita í hvað Dagur skráði mig í MH. Ég kannski byrja á tónlistarbraut - ég veit ekkert. --

Í gær var svo Jónsmessunótt. -- Það var frí hjá öllum (eða næstum). -- Svo fórum við af stað í boðið kl. 17-18. Katarina og Mats hjóluðu. Ása og ég fórum á mótörhjólínu. -- Í byrjun var alveg hrútleiðinlegt og eins gott að við komum ekki fyrr. Það var frábært að hitta Thomas, sem er alltaf sjálfum sér líkur. (*Var heilmikil seremónía við að raða við borðið, sem var svo hundleiðinlegt*.) Ég kannaðist við marga frá því í fyrra.

Svo var farið út og Thomas kannski búinn að fá sér einum of mikið púns. Það var spaugilegt þegar var búíð að syngja eina af mörgum *punchvísum*, þá kallaði hann: *Nágon har tagit min punch!* Þá vissi maður að hann var orðinn vel fullur. Svo var farið að dansa og var skrítíð að dansa innan um svona eldra fólk. Því fannst kannski líka skrítíð að vera innan um okkur --

En Thomasi fannst allt vera í sómanum. Hann dansaði eins og óður væri. Það var svo spaugilegt, þegar maður dansaði við hann, þá reyndi hann alltaf að herma eftir. Maður gat hlegið sig alveg brjáláðan að horfa á hann kútveltast um gólfín og gretta sig í leiðinni. Svo var þarna einhver ógeðslegur náungi og Thomas naut þess að gretta sig framan í hann. Svo var hann svo hræddur um að ég myndi fara eitthvað í burtu: *Hörre du, du fær inte överge mig!* sagði hann alltaf.

¹ Pallinum.

Svo var allt í einu tilkynnt að nú megi þeir sem vildu fara út að horfa á loftbelginn. Ég fór út með Thomas, sem hefði ekki getað gengið sjálfur í þýfinu: *Du får inte bli rädd för ballongen, jag är här*, sagði hann. Svo var hola í grasinu og ég sagði: *Akta dig*. Þá sagði hann: *Ja, det är bra att du tar hand om mig, Auður, annars skulle jag vara död nu*. Hann var frábær.

Svo fórum við Ása upp í loftbelginn með hjálm. Ekki hátt, en samt frábært. Svo þegar Thomas sá að ég þorði upp, þá varð hann líka að fara. Hann stóð fyrir neðan og öskraði eins og hann gat: *Högre upp!* Svo fór hann upp og kallaði niður: *Hallá, hör ni mig, jag är förskräckligt rädd*. Svo varð að lyfta honum úr, því hann komst ekki sjálfur upp úr körfunni. Þá fórum við aftur inn að dansa og eftir smá stund mátti fá sér næturkaffi. Thomas hélt að ég myndi ekki koma aftur og reyndi að fá mig til að fara hvergi. Um þrjúleytið þökkudum við Ása fyrir okkur og fórum heim á *moppnum*. Frábært, um miðja nótt í myrkri að keyra heim á flakmótorhjól.

Annars ætla Thomas að kaupa loftbelg og ég má fá hann lánaðan næsta sumar, þegar ég þarf að fara á milli.

Við Ása fórum heim á Glänne (og fengu sér ís) og svo komu Mats og Katarina og við ræddum við þau smástund. Þannig að við fórum að sofa kl. rúmlega fjögur. Svo vakan ég við símhringingu. Hvað haldið þið að klukkan hafi verið: kortér í tvö. Ása þvoði upp og ég tók til í húsinu, en þar var allt á hvolfi, ryksugaði eldhúsið, forstofuna, upp sigann og ganginn uppi. --

Bið kærlega að heilsa vinum og kunningjum. Ég þakka fyrir að vera ekki með heimþrá eins og Helga. Hún er alveg að farast, ég fæ oft bréf frá henni -- vorkenni henni, þekki það. (Ekki segja neinum.) --

Ásgeir Eggertss. skrifar fjölskyldunni. München. 1.7.1984

-- Fyrst ætla ég að þakka þér fyrir símtalið og blöðin sem ég fékk --

Ræðir heimferð. Segir frá gönguferð hjá Starnberger See, fyrir sunnan München. Einnig segir hann frá heimferð sinni í ágúst. Ekki hafi hann enn komist til tannlæknis. Segir frá 17. júníhátíðinni og yfirstandandi kvikmyndahátíð.

Þá hitti hann Sigurlaugu Sæmundsdóttur, arkitekt, frænku sína af Briemstett, sem hefur í hyggju að bjóða honum heim.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Glänne. 1.7.1984.

-- Takk fyrir viðtalið við forseta vorn Vigdís Finnogadóttur. Það var mjög skemmtilegt. Takk líka fyrir regnslána, hún kom sér vel í ömurlegu veðrinu hér. --

Ég er orðin svo heilsusamleg að ég trimma núna daglega í kringum Glänne og geri svo æfingar á eftir. Rúgbrauð á morgnana og þar fram eftir götunum. Eruð þið ekki stolt af litlu dóttur ykkar. Auðvitað segi ég ekki hvað ég borða á dag--inn. --

Fór með krakkaskara á tónleika Carola Häggkvist, eða äggvisp¹ eins og hún er líka kölluð. Lenti í 3. sæti á Evróvisjón í fyrra. Stelpurnar dýrka hana. Mikill troðningur í Mariebergskóginum; fleiri þúsundir áheyrenda.

-- Það var sérstakt pláss fyrir börn undir 10 ára. Við komum snemma og ég plantaði krökkunum þar og setti tösku og dót hjá þeim, því þau áttu ekki að færa sig. Ég fór frá, því ég mátti ekki vera þarna og fór að ráfa um. Við höfðum ákveðið að hittast á ákveðnum stað þega allt væri búið. Eftir einn og hálfan tíma og hálf tími þangað til allt byrjaði, þá fann ég Malin hágrátandi. Ég skildi voða illa það sem hún sagði, fyrir ekkasogum. Þau höfðu stungið hana af og hún fann ekki töskuna. -- Við fórum að leita að töskunni, en náttúrleg 1% líkur á að finna hana í mannþrönginni. Þannig að við gáfum skít í töskuna. Við fundum ekki heldur hinar stelpurnar, þannig að við Malin sátum þarna og biðum. Vandamálið var að Malin sá hvergi að ég mætti ekki fara inn í barnaplássíð og hún vildi ekki heyra talað um að skilja við mig. Hún bara vældi allan tímann „ég sé ekki“. Svo gat ég loksins fengið hana til að troða sér inn í barnahópin og ég lofaði að vera alltaf á sama stað.

Svo kom fituklessan inn á sviðið. Ég þoli ekki svona. Hún hefur frábæra rödd, en músikkin óbærileg. Svo var hún alltaf að skipta um föt, leika og dansa á sviðinu. -- Ég þoli ekki svona, án þess þó að fá mikla klígju. -- Þangað til hún fer að syngja trúarsöngva. Þá var mér allri lokið: *Hallelúja, amen, Jesús og ég erum vinir*. Oj bara. Ég þoli ekki svona.

Svo þegar allt var búið var svo mikill troðningur að við Malin fundum enga. Að lokum fundum við Kristin og Joanna. Þá var eftir að finna Katrin. Að lokum fundum við hana og töskuna líka. Hún var að vísu *niðurtrömpuð* og saft út um allt, brauðið og bollurnar orðnar að stöppu. Yndislegt.

Svo gengum við til pabba Malinar sem býr þarna alveg rétt hjá. -- Svo komu foreldarnir og sóttu okkur -- Var gott að koma heim og ég var alveg búin að vera. Samt sleppti ég ekki trimminu. Því sleppi ég aldrei. --

Svo borðuðum við öll hjá Ullu.

-- Síðast en ekki síst Thomas. Hann er alltaf sami grallarasþóinn. Sem betur fer. Ég vona að hann breytist aldrei -- Fengum fyrst síld, kartöflur og graflax. Svo kjúklingarétt með grjónum og á eftir ostaköku og eftir það var kaffi með smákökum. Sannkölluð veisla. --

Ég ætla sko alls ekki á næstu tónleika! -- Það eru allir að spyrja um hvenær þið komið! --

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 3.7.1984.

Segi frá heimkomu Dags. Dagur innritaði Auði á náttúrufræðisvið MH.

¹ Eggjapískari.

Segi frá Eyjafjarðarferð sem var að hluta til vinnuferð. Við skoðuðum Eyjafjörð og Svarfaðardal. Heimsóttum við vin úr R.K.Í. Björn Þórleifsson,¹ sem þar er skólastjóri.

Ferð til Finnlands er heitið á fund rafveitusambanda, sem vegna tímamóta sambandsins var haldið í Savonlinna, sem á sænsku heitir Nyslott, en það er heimsfrægur staður vegna úti-sumaróperu.

Við höfðum heyrt frá Tómasi Schartau að hann myndi hýsa okkur í Stokkhólmi.

Eftir Finnlandsförina bauð Tore Larson okkur í siglingu um Oslófjörð og dvöl í fjallabústaðnum Randabu, þar sem við höfum verið áður.

-- Kostulegasta fréttin er af 75 ára ræstingakonu á Borgarspítalanum, sem hefur fengið uppsögn og er hætt að fá kaup, en heldur áfram æðrulaus við ræstingarnar. Hún er með sína fötu og sinn fataskáp. Nú síðast lagði forstjóri spítalans á hana hendur þegar hann reyndi að ná af henni nafnskiltinu, sem hann sagði að væri eign spítalans. Hlaut konan af þessu marbletti og vildi fá áverkavottorð hjá slysadeild sama spítala. Slysadeildin vildi ekki láta það af hendi þar sem það væri ekki gert nema um dómsmál væri að ræða. Gamla konan ætlar ekki að fara í mál, hún vildi bara halda áfram að vinna.

Er þetta ekki dýrðlegt. Gamla konan og kerfið. Ætli það verði ekki næsta stórmynd um hvernig vinnugleði og elli sigra sjúkrahúskerfið. Ætli það endi ekki með því að hún verði flutt á geðdeild sama spítala, þar sem hún dvelst lengi, ásamt forstjóra, ræstingastjóra og starfsmannastjóra. Eða þeir verði að flytja spítalann til að losna úr klóm kerlingar.

Getur þú búið til betri endi? --

Eggert Ásgeirss. skrifar Friede P. Briem. Horten. 21.7.1984.

Erum komin til Tore Larsen og fjölsk. í Horten. Vorum í siglingu á firðinum. Bjuggum í Stokkhólmi hjá Tómasi eftir komuna frá Helsinki.

23.7. -- Erum komin til Hemsedal í dásamlegu veðri og umhverfi. Stundum gönguferðir og höfum talað við Auði, Dag og Ásgeir. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 7.8.1984.

Pakka afmælisgjöf. Segi frá afmælisboði þar sem voru frændfólkið, Álfheiður Sylvia, Siggí Líndal, Ragnheiður Briem, ásamt mökum, auk mömmu og Dídí. Ræðir heimkomu hennar og segir að við séum á leið í útilegu.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 8.8.1984.

-- Pakka þér fyrir síðast og góðan viðurgjörning. Ferðin heim gekk vel. Við sváfum seinustu nóttina í Horten hjá Tore, fórum út á bátnum en veðrið var ekki gott, rigning. Líka rigndi í Osló, þannig að ég var blaut í fætuna þegar ég kom heim. -- Við hittum Ásgeir á flugvællinum í Keflavík -- Dagur tók á móti okkur og hafði fengið frí á vaktinni. --

Við erum að búa okkur út í útilegu til að nota dagana sem eftir eru af sumarleyfinu. -- Ferðinni er heitið í Skaftafell.--

Ásgeir byrjaði á Morgunblaðinu á mánudaginn og var vel tekið þar.

Dagur segir að stundum sé lítið að gera í Hvalnum og er hræddur um að farið verði að slíta vöktunum og vinna bara á daginn. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum á bréfspjald. Stokkhólmi. 8.8.1984.

Halló, elsku foreldrar. Jæja, þá erum við loksins komnar til Stokkhólms og rötum út um allt, eins og við hefðum aldrei gert neitt annað en að ferðast með neðanjarðarlest.

Það er alveg frábært að vera hér og að ég nú ekki tala um að búa hjá Thomasi.

Vit sitjum hérna í Gamla stan og höfum það reglulega gott saman. Við förum annað hvort heim á föstudag eða mánudag.

Ég gæti verið hér það sem eftir er ársins. Nei, ég var bara að leika mér. Bið að heilsa! Ausa

Ásgeir Eggertsson skrifar fjölskyldunni. München. 25.10.1984

-- Nú fáíð þið loksins sitthvað að fréttu af barninu ykkar úti í hinum stóra heimi. -- Hvern dag er alltaf nóg að gera. Nú er ég að vinna að verkefninu sem ég á að vera búinn að skila fyrir lok þessa mánaðar, og gengur svona hægt og sígandi. Fljótlega eftir að ég kom hingað keypti ég mér tvær IKEA hillur sem nú standa yfirfullar af bókum og ýmislegu krami. --

Ég hef líka reynt ítrekað að komast til tannlæknis. Í fyrra skiptið gleymdi ég hreinlega tímanum og hringdi til þess að biðjast auðmjúklega afsökunar. --

Áður en ég fór báðuð þig mig um að nefna eitthvað sem ég óskaði mér í afmælisgjöf, það mynduð þið svo borga. Ætli það myndi ekki verða peningur í sambandi við hillurnar sem kostuðu 240 mörk. Annað dettur mér ekki í hug. --

Lok bréfsins fjallar um Lánasjóðinn.

¹ Björn Þórleifsson (1947-2003). Ágætismaður og samstarfsmaður í RKÍ. Síðast skólastjóri Húsabakkaskóla í Svarfaðardal.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 1.11.1984.

Loks getur maður farið að skrifa þér. Verkfallið leystist hjá BSRB og borgarstarfsmönnum. -- svipaðir samningar, 18% kauphækkun, sérsamningar um uppbót í sept. og nú í nóv. og svo einhverjir sérsamningar um desemberuppbót. -- Þetta eru verðbólguáætlingar. Ráðamenn telja víst að allt hljóti að hækka. Sjómenn eiga svo eftir að semja, sætta sig líklega ekki við lægri laun og ætli þá verði ekki að fella gengið til að fá meiri peninga fyrir innflutninginn. -- Þetta er hundleiðinlegt og allir búnir að fá nóg af kjaramálum og deilum.

Hér á heimilinu er allt í friðsemd. Sidda og Stella voru í verkfalli, hundleiðar og þar að auki kauplausar í næstum mánuð. --

Palli kom og sagði allt gott að fréttu af Árna Geir og spurði hvort þið hefðuð hist. Hann er að læra ítölsku í vetur og ætlar sér í arkitektúr þar í Flórens. Hann kemur heim um jólin og fær kannski vinnu hjá Ingimundi (*Sveinssyni*).

Dagur er í Myndlistarskólanum, fyrsta tímanum, þar sem verkfallið hindraði skólagönguna -- Það er líf og fjör kringum hann. Stundum er eins og matsala hér á kvöldin, því það borða svo margir að við þabbi þinn verðum að fara í megrun eða þykjast vera södd, því hann lætur ekkert vita af fyrr en matur er tilbúinn og allur skarinn mættur. Auður er mikið í þessum hópi Dags og þykir hann skemmtilegri en sinn. Dagur átti að útskrifast fyrir jól en vegna verkfallsins verður það ekki fyrr en viku af janúar. Hann var að koma heim úr myndlistarskólanum og sagði að það hefði verið æði! Kennarinn heitir Ivan og alveg frábær. Sigurður Örlygsson átti að kenna, en hann hefur ekki mætt.

Við þabbi þinn erum farin að brugga hvítvín og rauðvín til jólna. Það bobblar heldur betur í hitaklefanum þessa dagana og verður gaman að vera heima á jólnunum. Gott að þú kemur ekki til að drekka það allt frá okkur -- nei, ég var að leika mér!

Þetta átti að vera afmælisbréf en kemst ekki vegna verkfallsins. Að hugsa sér hvað þú ert orðinn gamall, drengur. Því miður getur þú ekki haft hangikjötið á afmælinu, en á morgun ætla ég að kaupa það og senda. --

Gaman væri að heyra í hvaða kúrsum þú ert og hvernig þér líst á. -- Hvað kostar fyrir þig að lifa á mánuði? -- Palli segir að það kosti núna 20 þús. kr. á mánuði, en hann er í dýrum einkaskóla. --

Amma þín biður að heilsa og mamma gaf þér þúsundkall. -- Hvað á maður að gefa þér í afmælisgjöf. Guð, ég veit það ekki. --

Erum hjá þér í anda á tuttugu og tveggja ára afmælinu. -- Gangi þér allt í haginn -- --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 7.11.1984.

-- gaman að heyra í þér á afmælinu þínu. Amma þín var búin að hringja tvisvar meðan þið voruð í leikhúsinu. Hún sagði að þú hefðir verið að skila ritgerð -- og skólinn byrjaður af fullum krafti. Ég vona að veturinn gangi vel hjá þér.

Ég er alltaf að bíða eftir bréfinu þínu. Það er einhvers staðar í verkfallshauginum og tekur marga daga að fara í gegnum og bera út. --

Ásgeir Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Ismaning. 8.11.1984.

-- Takk fyrir bréfið og pakkana sem ég fékk í gær. Svo mikið hef ég aldrei fengið á einum degi.¹ Þönnuna tók ég strax í notkun og bakaði fyrir liðið og öllum sagt að ekki megi þvo hana. Hangikjötið verður borðað við tækifæri. Er hangikjöt og hangilæri það sama? --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 20.11.1984.

-- Pakka þér fyrir þitt ágæta en umvöndunarsama bréf. Það veitir ekki af að taka mann í geng, svona einstöku sinnum. -- Hangikjöt og hangilæri er nú það sama, nema bara að læri er læri.

-- Dagur er búinn að vera í eldhúsinu í allt kvöld að búa til pizzur fyrir sig og útskriftarhópin -- Þau selja þetta allt í skólanum á morgun - 50 kr. bitann. Hann hafði hana svo flotta með sveppum og öllu mögulegu fínirí, að ég sagði honum að það yrði líklega undirballans á þessu, ef hann þyrfti að borga hráefnið. Þau eru alltaf að selja eitthvað svona góðgæti til að safna í sjóð til að nota þegar þau dimmittiera. -- útskrift fer fram 12. janúar, allt öðru vísi en hjá þér. --

Jónas smiður ætlar að setja viðurplötu í stað glerrúðu í kjallarahurðina -- auðvelt væri að brjótast þar inn með því að brjóta eina rúðuna og teygja sig í lásinn. Þetta gerðist einmitt í fyrrakvöld rétt fyrir kl. 12 um kvöldið.

Ég átti leið niður í kjallara til að taka út úr þvottavélinni. Stendur þá ekki einhver ókunnugur maður inni í geymslunni okkar, í rökkriinu þar. Mér bregður heldur betur og spyr hvað í ósköpunum hann sé að gera þarna og hvernig hann hafi komist inn. Hann viðurkenndi að hann væri að leita sér að flösku. Var vínlykt af honum. Það hlægilega við þetta var að hann stóð þarna innan um allar tómu flöskurnar. Ef hann hefði farið inn í þvottahúsið þá eru þar tveir fullir kútar, sem þabbi þinn er að leggja í - rauðvín og hvítvín. Og ég sagði aldeilis hneyksluð að hér væri sko aldrei til vín í húsinu. „*En allar þessar tómu flöskur*“ sagði hann vantrúaður. Svo hrósaði hann mér fyrir hvað ég væri ofboðslega hugrökki. Ég væri einhver sú hugrakkasta kona, sem hann hefði hitt. Hann hefur sjálf sagt lent á ýmsum. Hann vissi bara ekki hvað ég var mikið hrædd. Svo rak ég hann út og hann var alveg eyðilagður yfir skemmdarverkinu á hurðinni og spurði hvað það myndi kosta að setja nýtt gler í. Þabbi þinn var ekki heima svo ég gat ekki kallað á neina hjálp. Ég vona bara að ég eigi aldrei eftir að lenda í slíku aftur.

¹ Ásgeir átti afmæli 6. nóv.

Héðan er annars allt gott að fréttu. Pabbi þinn situr og bindur inn bækur. Dagur býr til pizzur og Auður var að koma seint heim úr sænsku. -- Dagur má ekkert vera að því að skrifa þér en hann er ákveðinn að fara til Parísar í lok janúar. Þetta verður dýrt, en hann á alveg fyrir því í sparimerkjum, orlofi og gjaldeyri. --

Eitt man ég til viðbótar. Gengið var fellt í dag um 12%. Það mátti svo sem vita það eftir kjarasamningana o.fl. --

Það þýðir víst ekki að fárast yfir því. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Elísabet Vestdal Abéla. Rvík. 25.11.1984.

Segir að langt sé síðan þær hittust en við hefðum verið burtu þegar þau Roger komu til landsins.

-- Í sumar fórum við í mjög skemmtilega ferð til Finnlands, Svíþjóðar og Noregs, allan júlímánuð. Við sigldum milli Svíþjóðar og Finnlands á Silja-line, sem er skemmtiferðaskip milli Stokkhólms og Helsingfors. Svo vorum við í fjallakofa í Noregi og gengum á fjöll til að losna við aukakílóin. Einhvern veginn fóru þau nú ekki af okkur.

Auður var í Svíþjóð hjá frændfólki sínu í allt sumar, að passa börn og taka til. Þetta var fimmta sumarið hennar þarna. -- Hún var að byrja í Menntaskólanum í Hamrahlíð og líkar mjög vel. Dagur er að klára skólann um jólin og útskrifast sem stúdent 12. jan. og ætlar að fara þá til Parísar. Hann er búinn að sækja um nokkra skóla þar í frönskunám. -- Hann hefur mikinn áhuga á frönsku og langar til að fá sig góðan með því móti. --

Það var ægilega gaman á 25 ára stúdentsafmælinu. -- Annars var nú reyndar meira gaman í sambandi við árshátíð Kvenstúdentafélagsins, en þá er venjan að 25 ára stúdínum sjái um skemmtiatriðin. Við hittumst allar bekkjarsysturnar, við og við í allan vetur, og æfðum prógramm og endaði allt með hófi í Áthugasal. Þar kynnti Bryndís Schram atriðin. Brynja samdi dúndurgott leikrit, við Heiður sýndum rokk, já ég veit þú trúir mér ekki, en það tókst svona líka vel, að við fengum mörg tilboð á eftir! --

Segir fréttir af gengisfalli og af því er Jón Baldvin Hannibalsson felldi Kjartan Jóhannsson í formannslag Alþýðuflokksins.

Segir margar fréttir af þeim hjónum Bryndísi og Jóni Baldvin. Einnig af Sirrí Geirs.

Segir fréttir af börnunum. Einnig að Signý Sen, frænka Elísabetar, hefði verið veislustjóri í 35 ára stúdentsfagnaði Eggerts. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 2.12.1984.

Segi að lítið hafi verið skrifað af bréfum enda mikið að gera við skipulag funda og námskeiða.

Hjá Lánasjóðnum voru allir komnir með tölvur. Ég sagði við tengiliðinn þar, Per, að allir starfsmennirnir -

-væru að horfa á sjónvarpið. Per skildi spaugið alls ekki og ég gerði mér ekki grein fyrir skilningsleysi hans. Hann lofaði nú samt að athuga skjölin þín.

-- Ég var á listmunauppbóði. Fjölskyldan stóð í gættinni þegar ég fór og mændi á mig bænaraugum um að kaupa nú ekki enn nýtt listaverk. Fyrir nokkrum dögum fékk ég ágætt verk eftir Karl Kvaran (já annað) fyrir fjögur þúsund. Trónar það hér í stofunni, a.m.k. mér til ánægju.

Ég vann afrek í sambandi við uppbóðið. Við vorum að skoða listaverkin og stóðum við tveggja metra háa mynd undir gleri eftir Sverri Haraldsson. Kemur þá ekki drukinn maður inn í Gyllta salinn á Hótel Borg, þar sem uppbóðið var haldið. Sýndist honum myndin vera hurð og ætlaði að opna hana. Var myndin við það að detta á gólfíð. Áður en hún skall niður gat ég gripið hana og bjargað.

Þegar ég nú sat á uppbóðinu átti annað óhapp sér stað, því ein myndin datt í gólfíð, þó án skaða. Sessunautar mínir hvísluðu að vonandi hefði komið gat á myndina! Þetta voru sem sé listaverkaviðgerðarmennirnir sem vinna með Knúti Bruun (í *Morkinskinnu þeir Ríkharð Hörðal og Hilmar Einarsson*). Ég sagði þeim söguna af fyllibyttunni og að björgunardáðir mínar hefðu svipt þá mikilli vinnu. -- Ég keypti ekkert! --

Á föstudaginn verður 88 ára afmæli Hildu frænku. Vonandi verður hún ekki eins rugluð og á afmælinu í fyrra þegar hún þvoði og lagði á sér hárið tvisvar sama dag þar sem hún var búin að gleyma fyrra skiptinu. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Bo Almqvist. Rvík. 2.12.1984.

Uppsafnaðar fréttir, breytingu á starfi okkar Sirríar fyrir allöngu; því eitthvað hafa bréfaskiptin gliðnað. Segi af störfum og börnum og að vinkona hans, Lóa Vennerström, sé dái og ég sé núna að skrifa um hana grein.

Ég sé Helga Guðmundsson öðru hvoru en hann er giftur matgæðingi og sagnfræðingi, Sigrúnu Davíðsdóttur.¹ Hjörleifur Sigurðsson (listmálari) sé búsettur í Noregi þar sem konan hans Else-Mia var menningarstjóri í Lofoten, síðar í Lier. Hjörleifur þolir illa að búa í Noregi vegna ofnæmis.

¹ Helgi Guðmundsson prófessor í norrænum fræðum. Kona hans var þá Sigrún Davíðsdóttir fréttamaður.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 27.1.1985.

-- Það var sannarlega ánægjulegt að heyra röddina þína í gær og aftur nú í kvöld. -- Húsið er hálfþómt eftir að þú fórst, lítið hringt miðað við það sem áður var. Söknuður í brjóstum en þó mikil gleði yfir að þú skulir fá tækifæri til að stækka sjóndeildarhringinn og bæta menntun þína og persónuþroska. --

Dagur var þá staddur í Frakklandi. Segir fréttir af Ásgeiri og ýmsum vinum, m.a. Marianne og Jóni Abéla bróður hennar sem er við arkitektanám í Frakklandi og því til viðbótar fornleifafraði til að bæta atvinnumöguleika sína.

Dagur Eggertss. skrifar heim. París 28.1.1985.

Komiði sæl, nú er vika síðan ég kom hingað og tíminn hér líður hratt. Tímann síðan ég kom hef ég notað til að skoða París, söfn og mannlífið. Ég hef kynnst nokkrum Íslendingum hér og verið nokkur kvöld með fjölskyldu sem systir Hönnu Stínu benti mér á. Á föstudagskvöld fór ég á einn frægasta jazzkjallarann í París með strák úr þeirri fjölskyldu og daginn eftir fórum við á flóamarkað. Þessir markaðir eru mjög skemmtilegir og hægt að finna ódýra og mjög skemmtilega hluti.


Í gærkvöldi sagði ég ykkur frá konunni sem leigir mér herbergið. Að vissu leyti skammast ég mín að hafa verið svona fljótur á mér að taka herbergið, því kröfurnar sem hún gerir til manns eru svolítið spaugilegar, sumar eftir að ég var fluttur inn.

Eftir að hafa notað vaskinn vill hún að maður þurrki hann með tusku, klósettið verður að þvo eftir hverja notkun, það má ekki borða nema morgunmat á herberginu, það má ekki liggja á rúminu með rúmteppinu á, ég má ekki fá neina heimsókn til mín og það besta: *Þegar maður fer í sturtu má ekki koma vatnsdropi á veggina!* Samt sem áður líður mér alveg ágætlega hér, bíð bara eftir að skólinn byrji.

Ég er viss um að þú, Auður, vildir vera hér 10. febr. Þá verða tónleikar með U2, sem ég ætla á með Sigga (stráknum sem ég fór með á jassklúbbinn). Hér ætla ég að slá botninn í bréfið, því ég hef ekki fleira að segja --

Eftirmáli: Í dag kemur Halla Haraldsdóttir Hamar¹ til Parísar og hitti ég frönsku vinkonu hennar, Noël og fjölskyldu hennar. Noël er í menntaskóla á leiklistarsviði og foreldrar hennar í einhvers konar skrifstofuvinnu, sérlega gott og skemmtilegt fólk. Þau buðu okkur út að borða á ágætis veitingahús, nálæg Les Halles. Ég fékk fína æfingu í að tala frönsku -- Eftir matinn keyrðu þau mig heim og á leiðinni skoðuðum við helstu byggingarnar, þ.á.m. frelsisstyttuna, sem ég hafði ekki séð áður. Var ég rétt að koma inn úr dyrurinum.

Ég segi þá bara bless - sjáumst.

**Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 29.1.1985.**

-- Þá er maður nýstaðinn upp frá því að horfa á leynilögrelukappann Derrick frá München -- hann kann að leysa morðgáturnar og talar svo góða þýsku að gaman er að hlusta.

Dagur fór til Parísar fyrir viku og var mikið vesen með allan undirbúninginn. Hann er svo nákvæmur með allt. -- Ég var kvefuð og fór ekki út á flugvöll, en Hanna Stína og Auður voru svo fullar saknaðar að þær grétu víst báðar leiðir. Þetta er nú allt að jafna sig. -- Við töluðum við Dag --*sem búinn var að innrita sig í skólann* -- Hann sagðist vera heldur stíður í málinu og heldur klaufalegur en vongóður um að það lagaðist --

Segir fréttir af börnum Elísabetar Vestdal er búa í París. Jón Abéla er orðinn arkitekt en fær ekkert að gera. Friðrik er í kvikmyndaskóla. Marianne systir þeirra er að læra stjórnun og komu mæðgurnar í heimsókn eitt kvöldið.

-- Pabbi þinn er búinn að leggja undir sig kjallaraherbergið og er þar í öllum frístundum sínum að binda inn bækur, undirbúa þær, rífa í sundur og sauma og fer svo með þær í bókbandstímana í Handíða- og myndlistarskólanum. --

¹ Halla Haraldsdóttir Hamar er arkitekt í Reykjavík.

Biður Ásgeir um að athuga skinn og pappír og hvort hann sé ekki ódýrari þar.¹

Auður var að fara á skólaball eftir partí. Balldressið hennar var hvít blússa, svart pils og hvítar síðar nærbuxur af ömmu ykkar. Ofsafloft.

-- Mamma á 74 ára afmæli í dag og heldur ekki upp á það. Biður að heilsa þér og það gerir líka hin amman. Hún er hin hressasta, sérstaklega eftir boðið sem hún hélt. -- Hún var svo hrifin af fyrirkomulaginu í stúdentsboði Dags að hana langaði til að halda eins veislu. Við vorum með stóru bolluskálina finnsku, sem fólk bara fékk sér sjálf úr og svo voru pizzur og ostar og fleira sem fólkið fékk sér. Við Lára hjálpuðum henni með veitingarnar og Palli sá um bolluskálina. Sjálf gekk hún í sæluvímu og naut þess að halda boðið. Hún bauð, held ég, 35 manns. --

Jæja, þá er ég búin að tæma allar fréttir. Þarf að fara að háttu og sofa og athuga hann þabba þinn þarna niðri í kjallara. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 10.2.1985.

-- Ég sé að ég skrifa alltaf á afmælisdögum mömmu og þabba. Síðasta bréfið var skrifað 29. jan. og nú 10. febr. á Dagbjartur afi þinn afmæli og hefði orðið 79 ára. --

Ég skrifa þér af því að mér leiðist svo. Til að athuga hvort þú getir ekki haft skemmtileg áhrif. Ég sit hérna ein á sunnudegi, þabbi þinn skrapp á skrifstofuna. Auður er að læra uppi. Hér er rafvirki að draga í nýjar leiðslur. Leiðslurnar hér í húsin eru orðnar svo gamlar að þær eru að gefa sig. Þetta er nokkuð sem við erum búin að óttast í mörg ár - vegna kostnaðar. Nú um daginn fór ljósið í stígaganginum að dofna, eins og kominn væri *dimmer* í kerfið. Annar vírinn fór einhvers staðar í sundur og við erum búin að ganga um kjallarann í kolniðamyrkri, vikutíma. Það er furða hverju maður getur vanist. Nú er sem sé byrjað á verkinu og ætlar pilturinn að draga í allt og koma kerfinu í lag.

Það er langt síðan við höfum frétt af Degi. Við vitum ekki hvort hann er enn á sama stað, en hann bað okkur að skrifa ekki á þá adressu. Hann er víst byrjaður í skólanum.--

Segir frá yfirvofandi verkfalli kennara og óánægju þeirra.

- Í Morgunblaðinu birtist í dag auglýsing frá 30 kennurum eftir vinnu. --

E.Á. tekur við 11.2. Nú tekur pápi gamli sjálfur við í eigin persónu.

Hér er dásamlegt veður upp á hvern dag en snjólaust. Beggja vegna Atlantsála er vetrarbál hið mesta og óhuggulegt að vita af ykkur Degi í þessum kulda.

Allt stefnir í verkfall, klassíska rimmu milli aðila, með þriðja aðila og nemendum sem gíslum.

Ég var að koma heim úr bókbandi og geyspa alveg ógurlega og þarf að þurrka tárin úr augunum. -- Maður keppist við í bókbandinu, sem hægt gengur því tímarnir eru fáir fyrir það í viku hverri. En þó er furða hvað gengur undan.

Allt gengur á afturfótum hjá okkur. Fyrst var þessi uppákoma með rafmagnið. Svo var keyrt á bílinn í stæði um daginn. Þó ekki sjái mikið á kostar viðgerðin 5 þús. kr. Ofan á rafmagnsvinnuna erum við að skipta um plötur á eldhúsbörðunum, setjum á þau beyki-límtre og mála eldhús og það, til að allt verði í góðu standi þegar þú kemur --.

Ég er búinn að fá Digital-tölvu á skrifstofuna og basla við að læra á hana þessa dagana. Ekki byrjaði það beint vel þar sem ég hellti yfir lykklaborðið kaffi fyrsta daginn. Ég hringdi í viðgerðarmann sem spurði óttasleginn. *Notarðu svart og sykurlaust.* Ég hélt að þetta væru gjörningar, því tveim mínútum síðar gekk viðgerðarmaðurinn inn og sagði mér að nú væri farið af framleiða tölvur sem þyldu kók, sykrað kaffi og allskonar mylsnu, því fólk æti mjög og drykki við tölvuvinnslu. --

S.D. tekur aftur við: --Við skrifum ykkur strax og við höfum fréttir af vinnumálunum. -- Hvað með vinnuna á Morgunblaðinu. Þarf að áréttu það. --

P.s.: Dídí var mjög glöð og stolt yfir að fá bréf frá þér.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 18.2.1985.

Sendi peningagjöf til þeirra Dags svo þeir geti gert sér glaðan dag þegar Dagur kemur til München. Talaði við Jónas Kristjánsson um vinnu fyrir hann í sumar. Lætur hann mig vita.

Dagur Eggertsson skrifar Auði Eggertsdóttur. París, 23.2.1985.

Bréf til Ausunnar! Hæ Ausa, ausa! Nú get ég ekki sagt Ausa lausa samkvæmt þeim fregnum sem ég hef fengið hingað til Parísar. En það skiptir minnstu. Ég veit ekki hvað skiptir mestu.

Mér finnst ég vera eitthvað svo langt í burtu frá þér hér þar sem ég sit inni í hótélherbergiskytrunni minni og hugsa til þín. Núna er ég búinn að vera hér í einn mánuð og einn dag og get ekki annað sagt en að hann hafi verið býsna tilgangslaus, eiginlega sá tilgangslausasti frá því ég man eftir mér. Þegar maður hefur engan til að tala við í einlægni (nema í bréfum), er óheppinn með húsnæði og finnur litlar framfarir í frönskunni, þá er maður oft kominn að því að gefast upp.

En svo koma líka tímabil þar sem manni líður vel og finnst eins og að sjálf París hafi verið byggð handa manni. Þetta er svo skrítið. Maður hefur hingað til ekki þurft að venjast því að hemja sturlaðar konur, að vísu bara eina. Það var nú mikill léttir að losna úr herberginu og fara til Ásgeirs.. --

¹ Í ljós kom að í sama húsi og hann bjó var bókbandsvörubúð sem mikið var keypt í.

Segir frá dvölinni München og miklu karnivali og ýmsu skemmtilegu.

-- Á leiðinn í lestinni komu inn í vagninn tvær stelpur sem ég útskrifaðist með, Guðrún Helga og Dóra Þorbjörg. Sú sem var með mér í hóp, já einmitt sú sem mér fannst svo leiðinleg. Það var æðislegt að hitta þær; Dóra er ekkert leiðinleg núna. Svo drakk maður bara bollu og bjór, át kræsingar og lét sér líða vel. Án þess að ég sé að lasta kræsingarnar, bolluna og bjórinn þá fannst mér best að láta mér líða vel. **Æ Já** og nú er vika síðan.

Daginn eftir tók ég lestina frá München til Saarbrücken sem er tæplega hálfu vegu frá München til Parísar.

Á brautarvallinum kvaddi ég Ásgeir með KÖTT, nei kökk í hálsinum. Að hugsa sér: 20 ára strákur fær kökk! Það væri hægt að nota þetta sem fyrirsögn í Mánudagsblaðið. Frá Saarbrücken fór ég svo á puttanum til Parísar og var kominn þangað kl. 2 um nóttina.

Það var dálítið spaugilegt á landamærunum. Í Saarbr. tók gamall Tyrki mig upp í og var ofsalega vingjarnlegur við mig, keyrði mig upp að landamærostöðinni og inn í passaskoðunina, af því að ég var eitthvað svo utangátta þarna á einskismanns landi. Þegar við komum inn í frönsku tollstofuna tók á móti okkur alveg eituhressit lið sem hafði ekkert að gera, stoppaði hvern einasta bíl bara til að tjatta við fólk. Þeir sögðu vesalings Tyrkjanum að ég væri eftirlýstur terroristi, sem hann trúði og sagði skelfingu lostinn að hann þekkti mig ekki neitt, ætlaði bara að hjálpa aumum túrista. En það rétta kom í ljós Tyrkjanum til léttis.

Svo kvaddi ég Tyrkjann og hann mig og ég landamæraverðina og þeir mig, otandi að mér frönsku herrablaði í þeirri von að ég viðurkenndi að „þær frönsku“ væru dýrðarmeyjar. Og svo kom ég til Parísar og hér er ég enn. -- fæ herbergi á þriðjudag og þá ætti mínum vandræðum að vera lokið og þá getur þú sent mér fáeinar línur, kannski Beneventum, Fréttabréfið eða ljósmyndir eða ef þér dettur ekkert í hug geturðu sent kökumylsnu.

Ég vona að þér líð vel og hafir það gott með Jóni. Vertu sjálfstæð og kát, því þú ert besta systir í heimi. Bið að heilsa -- skilaðu kveðju til Hönnu Stínu og klípt'ana í rassinn frá mér. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 11.3.1985.

--Ja hérna Dagur. Þú ert nú meiri maðurinn. Þetta er nú það fyrsta sem kemur upp í hugann þegar ég byrjaði bréfið. Ég er oft búin að hugsa þessi orð. Þú ferð bara til útlanda og hverfur manni alveg. Ekki einu sinni póstkort sem maður fær. Biður manni bara að skrifa ekki á fyrstu adressuna. Svo ekki meira. Við höfum að vísu haft fréttir af þér frá München, þar sem þú varst að skemmta þér fyrir peninga sem við sendum ykkur bræðrunum, en ekki hefur maður einu sinni fengið *svei-attan* fyrir það. Hanna Stína kom í heimsókn og sagði að þú værir búinn að fá gott herbergi, en hafði ekki einu sinni adressuna handa manni. Við vissum ekki fyrir en núna um daginn að hægt væri að senda á adressu *B. Guðbjörnsson*. Hvernig væri nú að setjast niður og skrifa manni ærlegt bréf og segja manni fréttir af þér: Um námið og framhaldið. Hvernig gengur hjá þér? Hvernig gengur námið. Hvað um áframhaldandi nám o.s.frv?

Þetta eru ekki skammir. Ég verð bara að segja þér hvað mér býr í brjósti. Það eru allir að spyrja fréttu af þér. -- Það getur verið að þú hafir samband við Hönnu Stínu í síma og gegnum bréf. En við fréttum ekkert af því, ekki fyrir en í gær. Nú hætti ég þessu rausi!

Við höfum það öll gott. Það var mjög rólegt eftir að þú fórst. Lítið að gera á heimilinu. Nú er heldur farið að færast líf í tuskurnar. Það er gaman að hafa Ásgeir.

Ég er farin að vinna til kl. 5. Þótti reyndar skrítíð að koma svona snemma heim. Ég vissu ekki hvað ég átti af mér að gera svona snemma. Ég ætlaði að fara beint inn í eldhús og byrja að búa til matinn, en það var of snemmt.--

Segir frá framkvæmdum í húsinu sem eru svo dýrar að þurfti að hægja á framkvæmdum.

Talaði við verkstjóran hjá Hval og tryggði honum vinnu þar. En Auður sagði að þú vildir komast að á arkitektastofu. Ekki væri verra ef hann tæki kvöldskóla í tækniteiknun svo hann verði ekki alger nýgræðingur.

-- Jæja, Dagur minn. -- Ég hef verið dálítið leiðinleg -- En mig langar svo til að fréttu af þér. Við erum með hugann hjá þér og til þín streyma góðar óskir um velgengni og ánægjulega dvöl. Ég vona að þér líði vel í litla herberginu þínu. Þú verður að hugsa um að borða hollan og góðan mat. --

Þú færð sendan tékka frá mömmu, sem sendir þér afmælisóskir. -- Ég vona að þú sendir henni smá bréfsþjald með þökkum fyrir -- Pabbi þinn er í bókbandinu. Ásgeir keypti mjög falleg skinn fyrir hann í München. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 11.3.1985.

-- Þegar ég kom heim úr bókbandinu var mamma þín hálf beygð yfir bréfinu og spurði hvort hún ætti að senda það með ofanígjöf og öllu.

Ég sagði að auðvitað ætti hún að gera það. Menn verða að segja það sem þeir meina - ef þeir meina það sem þeir segja. Börnin manns eru ekki framandi *partiklar*, sem bara hverfa út í buskann, án þess maður fái neitt frekar um. Þau eru og verða hluti af ykkur og okkur. Hins vegar er hægt að losa um tengslin með sambandsleysi, en þá er við búin að ekki sé handfesta, þegar til á að taka. Að því kemur að á henni þarf að halda, bæði vegna þess að taka þarf þátt í góðu gengi; eins ef eitthvað bjátar á, fyrir báða. Menn þurfa að rækta þann garð sem þeir eru í, stækka hann og bera vel á. Örlæti hugans, hlýleiki, hlýtt handtak. bros og fallett orð nærir umhverfið. En yfirborðið er einskis virði ef manngildi er ekki fyrir innan.

Drengskapur í öllu tilliti var það æðsta orð sem fornmennt áttu yfir menn. Sigurður Nordal þýddi það til nútíðarmáls, að góður drengur væri góður maður og vaxandi. Vöxtur í því tilliti varir alla æfi. Sumir staðna á þessari leið. Menn vaxa fyrir sig og sína. Aðrir eiga auðlegð í sálinni, sem þeir ausa úr til bóta umhverfi sínu.

Menn eru ekki eins og hundategundir sem flaðra upp um og gleyma. Þeir hafa minni og tryggð eins og sumir góðir hundar og hestar. En þeir eru undirgefnir og hlýðnir, ef vel er, það mega menn ekki vera nema að takmörkuðu leyti. Þeir þurfa með öllum eðliskostum sínum, þjónustu og tryggð við umhverfið að öðlast sjálfstæði, velja og hafna.

Þú ert á vegamótum. Þú ert að móta eðli þitt, hegðun og sjálfstæði. Mikið af því er þegar mótað. Það sem nú er í mótun eru góðir síðir og venjur; sjálfstæður vilji og smekkur. Með ferð þinni, námi, góðum gáfum, valkostum og stuðningi þeirra sem þig elska ert þú forréttingamaður slíkur, að ekki verður á betra kosið. Það er öryggi.

Þú veist að við erum hér og verðum alltaf. Það er kannski hrútleiðinlegt að hugsa til fábreytts lífs okkar hér. Við erum búin að breyta okkur, fyrir ykkur. Við erum hætt að flækjast úti hvert kvöld, eins og við gerðum stundum, þegar við vorum ung. Þetta er vegna ykkar. Við höldum, með réttu eða röngu, að vissan um kjölfestuna, ómeðvitað eða ekki, sé það mikilvægasta í öllu okkar lífi. Það getur verið leiðinlegt, ef þannig er á lítið. Hér er ekki fyllirí, óheidarleiki, framhjáhald. Þetta kjölfasta líf er orðið hluti af ykkur, þótt þið vitið það ekki - þið metið það kannski síðar. Það sem tapast er lífsháskinn, geðveikin eða fáránleikinn sem getur skapað snillinga og afreksmenn, fyrir tilviljun, en stundum brothætta persónuleika.

Hér lýkur „*heimspeki 69*“. Þinn elskandi, ævinlega saknandi stuðningsmaður og fylgjandi. --

Eggert og Sigríður skrifa Degi Eggertss. Rvík. 26.3.1985.

Eggert:

Segir frá vandræðum með að útvega gjaldeyri og ná út skyldusparnaði þar sem innritunartvörf í skólann finnst ekki. En það hafðist og fer nú Hanna Stína, kærastan hans, með þetta með sér. Sjálf ætlar fjölskyldan ásamt Palla og Láru að Húsafelli um helgina. Auður kemst ekki því nú er skóli á laugardögum til að vinna upp til prófs það sem tapaðist í kennaraverkfallinu.

-- Skólinn mun eiga að standa fram í maílok. Ástandið var orðið ísbyggilegt, raunar til mikils tjóns, þar sem margir nemendur hafa sagt sig úr skóla og hætt námi fyrir fullt og allt. Kennarar virðast hafa gefist upp, að minnsta kosti sýnast þeir fegnir átyllum til að hefja kennslu aftur. --

Sigríður:

-- Ég gríp hér aftur inn í bréfið -- ætla aðeins að segja þér frá því að ég talaði við Dund. ¹ Ég var búin að segja þér hvað Ingi² sagði. Dundur sagði alveg það sama. Það væri eiginlega út í hött að fá vinnu á arkitektastofu nema eftir fyrra hluta arkitektaprófs. ³ Það væri þá helst hjá borgarskipulagi. Þar er hins vegar búið að ráða sumarfólk. --

Mál þetta rætt fram og aftur, einnig samtal við Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt og franska sendiráðið vegna skólavistar í Frakklandi.

Segir frá ættarmóti síns fólks frá Hæli sem haldið var á Hótel Loftleiðum.

-- Nú er dvölin hjá þér hálfnuð. Vona að seinni parturinn verði ennþá betri en sá fyrri. --

Eggert: *Af verkföllum. Ásgeir skrifar m.a. kvikmyndadóma í DV. Hvetur Dag til að sækja bókasöfn og fylgjast með bókum og upplýsingum sem þar má finna. Dundur (Guðmundur Kristinn Guðmundsson) ráðleggur honum að heimsækja Högnu Sigurðardóttur arkitekt.*

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Uppsölum. 14.4.1985.

- Við erum stödd í Uppsölum. Fengum lánaðan bíl Kerstin Wennerström og buðum Dagnýju⁴ með. Vorum að skoða stærstu kirkju á Norðulöndum. Það er gott að búa hjá Tomasi í Stokkhólmi. -- Kveðjur --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 27.4.1985.

Segi frá heimsókn okkar Sirríar til München. Bíllinn sem hann var með var reyndar fullur svo farangurinn komst ekki inn en Reynir Einarsson, nágrenni og vinur Dags af Fjölnisvegi, nú flugstjóri, var að hefja sinn feril hjá Flugleiðum sem flugþjónn, bjargaði farangrinum inn í áhafnabílinn. Svo fórum við til Stokkhólms og bjuggum hjá Thomasi Schartau, vini Ullu Wennerström, besta húsráðanda sem hugsast gat. Hann var feginn að hafa okkur og var dvölin mikil hátíð. Þótti afleitt að Dagný Halldórsdóttir, sem var í þjálfun hjá IBM hefði búið á hóteli í úthverfi og hefur því lítið séð af Stokkhólmi. Við fengum lánaðan bíl hjá Kerstin Wennerström og fórum til Uppsala og Sigtuna með Dagnýju. Sirrí fór með hana í IKEA þar sem hún keypti sér gólfplísar.

Þegar við fórum heim tókum við með okkur málverk frá Thomasi til Íslands.

-- eftir Brynjólf Þórðarson frá Ráðagerði í farteskinu. Þannig stóð á að Sirrí sá í kjallaranum hjá Thomasi margar myndir. Við höfðum orð á því. Þá dró hann fram mynd Brynjólfs, með Þingvallamótívi, og vildi skenkja okkur, hafði engan áhuga á henni, þótti held ég myndin ljót. Myndina hafði Geir Zoëga vegamálastjóri gefið föður Tómasar árið 1934. Þeir höfðu verið saman á berklaheili ungir í Danmörku og urðu nánir vinir. Við stungum upp á því að við skyldum heldur reyna að selja myndina og

¹ Dundur: Guðmundur Kristinn Guðmundsson arkitekt og vinur.

² Ingi er Ingimundur Sveinsson arkitekt, frændi og nágrenni.

³ Þessu sneri Guðrún Jónsdóttir arkitekt aldeilis við þegar hún réði Dag til vinnu.

⁴ Dagný Halldórsdóttir (1958) verkfræðingur. Systurdóttir S.D. Er við sátum hjá henni þennan vordag var enn ís og snjór á öllum vötnum og sundum. Allt í einu kemur stærðarinnar finnlandsferja siglandi eftir „dalnum“ fyrir utan hótelluggann, sem var utan borgarinnar. Sjaldan hef ég séð neinn jafn hissa og Dagnýju þegar hún sá skipið sigla hraðbyri eftir dalnum sem blasti við okkur.

kannski gæti Tómas fengið fyrir hana fé sem dygði til Íslandsferðar. Það leist honum vel á og nú er myndin hér hjá mér, Þingvöllur og Botnssúlur. Öxarárfoss grillir í.

-- Ég vona að þú sért ötull við undirbúning framtíðarinnar --


Við komum myndinni í sölu og var Thomas bæði hissa og hrifinn, enda heldur blankur.

Mánuði síðar kom Dagur heim.

Dagur Eggertsson skrifar fjölskyldunni. París. 27.4.1985.

„Loxins fáum við bréf frá 'onum“. Er það ekki það sem þig hugsað? Þið afsakið vonandi alla pennaletina. Hér er rólegt. Hanna Stína á Spáni, í heimsókn hjá vinkonu sinni sem er *au-pair* í Bilbao. Hún fann ferðaskrifstofu sem selur svo ódýrar rútuferðir til Spánar að hún ákvað að skreppa yfir helgina. Á meðan ætla ég að nota tækifærið og sjá *Parísar-biennalinn*, sem er stærsta nýlistasýningin, haldin í París annað hvert ár. -- Annars er það að fréttu að ég er kominn í opna tíma í arkitektúr í ágætum skóla hér. Það vildi þannig til að við kynntumst chileönskum strák sem býr hér og sækir fyrirlestra í þessum sama skóla. Ég fræddi hann um mína stöðu, þ.e. að ég hygðist stunda nám í arkitektúr og væri að leita að námskeiði í tækniteiknun. Hann kom mér samstundis inn í skólann og vill allt gera til að ég fari í skóla í Lundúnum næsta haust. Það var mjög gaman að kynnast Ignacio því hann er mjög fróður um arkitektúr. Faðir hans er skólustjóri eins frægasta arkitektaskóla Bandaríkjanna, *Cranbrook school of architecture*, í þorpinu sem Saarinen hannaði. Jæja ég ætla að hætta þessu tuði, því klukkan er orðin margt. Held áfram á morgun.

27. apríl. Nú hef ég heldur betur látið hendur standa fram úr ermum. Ég fann nefnilega veggborð, einmitt sem mig vantaði. Ég fékk lánuð verkfæri, keypti málningu og skrúfur og tókst að festa borðið upp á vegg í herberginu og sit nú og er að vígja borðið með bréfi til ykkar. meðan ég er að tala um herbergið ætla ég að lýsa því fyrir ykkur.



Er þetta ekki bara ágætt? Herbergið er á 7. hæð (engin lyfta) í húsi sem stendur í rólegri hluta Montmarte-hverfisins, steinsnar frá Sacré Coeur kirkjunni.

Ásgeir hringdi í mig í fyrradag og bað mig um að senda sér lykilinn að íbúðinni sinni, sem ég hafði gleymt að skila þegar ég fór frá München. Hann gleymdi nefnilega sínum lykli hjá ykkur og hafði þá bara einn lykil. Einn þurfti því alltaf að vera heima til að gæta íbúðarinnar. Ég ætlaði svo að skutla bréfinu í póst áður en ég færi á Parísarbiennalinn og gæti eytt þar góðum degi. En þetta rann allt út um þúfur því tölvann í tölvubankanum var eitthvað í vondu skapi og át kortið mitt. Ég stóð þarna eins og glópur, alveg félaus og hugsaði til Ásgeirs heima hjá sér í Hömarkenstrasse. Bréfið komst samt í póst því í pósthúsinu hitti ég íslenska stelpu sem lánaði mér fyrir frímerkjum.

Við Hanna Stína fórum á *Rómeó og Júlíu* um páskana og var það stórkostlegt og náttúrlega enn stórkostlegra fyrir Hönnu Stínu. Í sambandi við heimkomuna, þá verð ég að biðja ykkur um að kaupa miðann fyrir mig heim því Arnarflug hefur enga skrifstofu hér í París. Skólinn er búinn 17. maí og verð ég í prófum til 24. og síðan líður vika þar til einkunnirnar verða afhentar. -- Ég sendi ljósrit af skólaskírteininu mínu til að þið getið tekið út skyldusparnað fyrir flugmiðanum. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 29.4.1985.

-- Það var gaman að hafa ykkur hérna og mikið leið tíminn fljótt. Við vorum náttúrlega ekki heima svo lengi -- stytti það samverutímann.

Ég var aldeilis hissa þegar Auður sagði mér að það hefði snjóað í München í gær. Hér er milt og gott veður. --

Það er mikið að gera í vinnunni. Ég var allan sunnudaginn að færa bókhaldið fyrir tölvufærslu. -- Sem betur fer fæ ég vel borgað fyrir.

Við fórum í boð til Bensa og Guðrúnar á laugardagskvöldið. Þá gerðist það sem maður óttast alltaf að geti gerst. Við komum klukku tíma of snemma í boðið. Ekki var það svo slæmt að dagurinn væri vitlaus. Sem betur fer var þetta hjá Bensa og gerðum við grín að öllu, fórum heim -- komum aftur. Þetta var hið mesta grín og gaman þegar boðið loksins byrjaði. --

Segir frá að Palli og Lára hafi verið að koma frá Ríó.

-- Við pabbi þinn erum bæði að undirbúa fundi. Þann 10.-11. maí verður norrænn fundur formanna og framkvæmdastjóra tannlæknafélaganna. -- fundir *útsáelsi* og allt þarf að undirbúa vel. Pabbi þinn verður með vorkund SÍR á Akureyri í lok júní með hátt í 200 manns. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 30.4.1985.

-- Ég rakst í fyrsta sinn á fréttaskeyti frá þér í D.V. Ég óska þér til hamingju með þessa prófraun. Til hvatningar, alls ekki til annars, jú þér til stuðnings, bendi ég á það sem betur mætti fara. Sérstaklega er mikilvægt að hver setning sé knöpp og ljós. --
Bendir á nokkrar setningar. -- Framhaldið er ágætt.

Segir frá góðu veðri, garðvinnu.

-- Mamma þín er stöðugt í símanum vegna leiðtogafundar norrænna tannlækna í vikunni. Eiginlega ætti ég að vera líka í skrifstofunni til að undirbúa minn fund.

Auður var að klára stúdentspróf í sænsku og er heldur en ekki ánægð, enda var skálað fyrir henni í veislu hjá Jónu (*Einarsdóttur*). Að vísu var veislan ekki haldin hennar vegna. --

Dagur Eggertsson skrifar Auði Eggertsdóttir. París. 11.5.1985.

Komdu nú kær, sæla Auður (eða öfugt).

Takk fyrir skemmtilegt bréf -- hér er allt ókei. -- Skólinn er bráðum búinn, ein vika eftir og svo próf á *laugardæinn*.

Ég vona að ég nái því en er ekki viss. Ég er alveg dauðsvektur yfir þessum skóla og kennslukonunni minni. Úff. Ég lenti í það þungum bekk að ég skildi ekki hvað um var verið að ræða í byrjun, þannig að kennarinn lét alla fyndni sína bitna á mér. Ég var svo ruglaður fyrst þegar ég kom hingað, að ég hafði ekki rænu á að skipta um bekk þannig að rígurinn milli okkar er alltaf að ágerast og er svo komið að ég hata hana. En hún kallar mig hálfvita og brosir. Æ ég verð fei-inn að ljúka þessu af hvort sem ég næ prófunum eða ekki og koma svo heim til þín og allra hinna sem eru ekki hérna (og ekki annars staðar).

Fyrir utan allt þetta væl í mér er ég bara í besta skapi. Um síðustu helgi fórum við Hanna Stína á Lúvrsafnið til að skoða Mónu Lísu og kompaní. Viti menn. Hver heldurðu að standi ekki í miðjum salnum með fingurinn til lofts, annar en hann SJÓN.¹ Já - það var frá-frá-fylking, nei annars, það var frá-bært. Við mæltum okkur mót... og svo heimsótti ég hann á hótelið hans og við fórum svo á Café de la Coupole. Við skeggræddum um súrrealisma tímum saman. Svo hittum við Hönnu Stínu og röltum öll þrjú inn á gamla listamannahverfið (Saint-Germain-des Prés) og hittum þar á kaffihúsi franska súrrealista, vini Sigurjóns. Þeir voru m-j-j-ög sniðugir og skemmtilegt að rabba við þá. Soldið sérstæðar týpur. Einn þessara súrrealista var - eða er - svona rúmlega tvítug stelpa sem er að lesa íslensku hér í París og talar ágæta íslensku. Hún heitir Christine.

Við Hanna Stína buðum Sjón og Christine í hangikjöt daginn eftir ásamt Þórdísi og Völu sem komu frá Grenoble þar sem þær eru au-pair. -- Hangikjötið okkar er bara gefið Íslendingum, á leið heim til Íslands, með kartöflum og uppstúfi, grænum baunum og ís á eftir. Þú hefur átt að sjá okkur afvelta af seddu á eftir. Sjón var í svo góðu skapi að hann reytti af sér fötin, nei, ég meina brandara. Christine kemur til Íslands í sumar og er Sjón að útvega henni vinnu.

Já svo verður þú að fá vinnu - einn - tveir og þrír, - Hélt að Dóri Jónatans ætlaði að ráða þig að Búrfelli. Mig langar svo að ráða þig á Búrfelli --- nei voðalegt bull! --

Mér finnst þú ættir að hringja í mig úr nemendastjórnarherberginu því ég er búinn að sakna þín svo mikið og oft langað að hringja í þig (ekki pabba og mömmu líka).

-- ég er að fara í tíma í framburðarfræði. -- hafðu það gott og gangi þér vel í prófunum. --



Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 10.6.1985.

-- Það er svo langt síðan að ég skrifaði þér að skömm er að. Ég gladdist mikið yfir að heyrna í þér á afmælinu mínu. Þetta var með betri afmælisgjöfum og voru þær þó margar og góðar. Pabbi þinn gaf mér plast-termos-krukku til að kæla vínflösku í. Auður og Dagur gáfu mér litla expressókaffikönnu, amma þín bók og gjöfina frá Jójó fæ ég á morgun.

Við vorum átta manns, eins og ég sagði þér. Voru sagðar margar sögur og ótrúlegar af Gunnlaugi Þórðarsyni, en víst allar sannar. Um eftirmiðdaginn varð ég að vera við móttöku nýrra tannlækna inni í Tannlæknafélagi. Þeir voru að ganga í félagið. Kvenfólk er svo lausmált og áður en ég vissi var ég búin að kjafta frá að þetta væri afmælisdagurinn minn. Viti menn. Um kvöldið kom þessi fíni *búkett* frá T.F.Í. sem allir dáðust að.

¹ Sigurjón Sigurðsson (1962) skáld og rithöfundur.

Dagur er sem sagt kominn heim eftir fjögurra mánaða útivist. Byrjaður í hvalnum á vöktunum. Hanna Stína vinnur á Fæðingardeildinni, líka á vöktum, svo þau hittast sjaldan. Ég sagði si-sona, að það væri ágætt, þau væru búin að vera svo mikið saman, þau þyrftu að hvíla sig hvort á öðru. Ég held þeim hafi ekki fundist það fyndið. Hann er smám saman að fá upplýsingar frá skólum í arkitektúr, en hann langar mest í skóla sem er í London. Vonandi gengur honum vel í þessu sem öðru.

Palli var að nefna að hann hefði hug á að heimsækja ykkur í júlí. Hann vill kaupa sér notaðan bíl í Þýskalandi. Er á leið til Karlstad eins og undanfarin ár til að leysa lækni af þar. Síðan ætlar hann að fara til þín.

Það gekk vel á skandinavíska tannlæknakongressinum. Eftir þrjú ár verður hann haldinn hér, og er búist við fjölda manns frá Norðurlöndunum Svo nú þarf að fara að undirbúa ýmislegt.

Það var svo mikið selskapslíf á okkar, að okkur var farið að þykja nóg um. Sverrir Einarsson tannlæknir var fulltrúi á *symposium* um hvað hægt væri að gera fyrir vanþróðu löndin. Ég held að hann hafi verið tannlæknirinn ykkar í Ísaksskóla, sköllóttur og ljótur, með skegg. Einn morguninn sagðist hann hafa heyrt þessa voðalegu skothríð fyrir utan hótelið -- *bang-bang*. Næsta kvöld er við vorum á göngu heim að hótelinu varð Sverrir heldur en ekki glaður. Enginn hafði trúað honum. Hann hljóp tindilfættur og hirti hverja patrónuna upp af annarri. Þegar við komum á hótelið spurðum við hvað hefði verið á seyði. Þá fór ævintýrablaerinn af. Hann sagði þetta hefði verið æfing hjá hernum. --

Hér er komið vorveður og vorum við að vinna í garðinum í allan gærdag. Pabbi þinn reif upp alla *spíreuna* upp við vegginn hjá Krúsugarði. --

Það er svo mikið að gera í vinnunni hjá mér að ég er farin að vinna allan daginn. Mér finnst þetta ansi mikið, en betra en að komast aldrei yfir það sem þarf að gera.

Mikið er framundan. Pabbi þinn er með aðalfund SÍR á Akureyri í júní. Við verðum með bílaleigubíl og ætlum að taka tvo daga extra, m.a. að heimsækja Jón og Jenny á Hvarfi. --

Í júlí ætlum við að taka okkur sumarfrí og fara m.a. í ferðalag um ættarslóðir mínar (að Hæli). Þau Guðrún Sveins og Jón eiga tjaldvagn og förum við með þeim og ætlum að banka upp á hjá frændfólki okkar á nokkrum bæjum og heilsa upp á það. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 25.6.1985.

Ræðir fjármál, inneign hans í bankanum, Lánasjóðinn og hótanir starfsmanns þar ef ekki kæmi vottorð prófessoranna um framgang námsins.

Einnig segir uppistand í T.F.Í. vegna umræðna um laun tannlækna, sem byggðar voru á röngum forsendum og sem Páll Magnússon í sjónvarpinu tók svo og bar saman við kjör verkamanna og skrifstofufólks. Nú væri fundur fyrirhugaður um hvernig ætti að bregðast við.

-- Hvaða voða gestagang ert þú að tala um í bréfinu þínu? Koma svona margir í heimsókn til ykkar í sumar? --

-- Pabbi þinn er farinn til Akureyrar á aðalfund SÍR og ég fer svo á morgun. --

Tore Larsen kemur á morgun - með tvö börnin sín. Hann fær lykil að húsinu og bílnum. Kemur svo til Akureyrar til að afhenda sjúkrabifreið. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 8.7.1985.

Setur ofan í við hann vegna þess hvað vottorðið kom seint, enda hefur Per Landrö hjá Lín brugðist hinn versti við, sendi það um hæl ásamt meðfylgjandi bréfi til þín.

-- Ég vona að þú reynir að fara í einu og öllu eftir því sem hann óskar, því LÍN er uppálagt að greiða ekki nein lán, nema þeim sem fullnægja öllum skilyrðum. Ef ekki er hægt að uppfylla þau er nauðsynlegt að svara og senda vinsamlega greinargerð. -- Betra að hafa þá með en móti. --Ég hleyp með þetta bréf í póstin. Því ég er í fríi. --

Allt gott af okkur að fréttu, dásamlegt sumar og steikjandi hiti. Allir Sunnlendingar rauðir í framan. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 27.7.1985.

-- var að horfa á leiðinlega sjónvarpsmynd, sem Sigurður Grímsson gerði '78. Hefur líklega verið prófmynd hans frá Hornströndum. Hundleiðinleg. Pabbi þinn gafst upp á henni, eins og venjulega. Hann hefur verið að mála kjallarann í hólf og gólf, undanfarnar vikur. Búinn með geymslurnar okkar og þurrkherbergið. Gangurinn er í meðferð og geymsla ömmu þinnar, sem er mikið verk. Þetta verður skínandi gott að lokum. Hann segist ætla að láta þetta endast þar til bókbandið byrjar í haust. Ég hef nú heldur ekki setið auðum höndum -- búin að mála allar hurðirnar sjö - segi og skrifa: sjö - hurðirnar uppi á lofti. aldeilis frábært. Við erum orðin svo vinnusöm að okkur líður illa ef við erum ekki með málningarpensil eða rúllu í hendinni. Það er verst að það er allt orðið svo vel málað hér að við verðum að fara að leita út fyrir heimilið. Þarf ekki að mála hjá ykkur?

Palli er ekki búinn að leysa út bílinn. Hann er kominn til landsins -- Hann var mjög hrifinn að búa hjá ykkur, sagði það hafa verið þægilegt í alla staði. Hann sagðist vera búinn að útvega ykkur gistingu í Khöfn og á Skagen, ef þið farið í ferðalagið.

Við pabbi þinn erum búin að fara í eina útilegu 12.-17. júlí með Guðrúnu Sveinsdóttur og Jóni Stefánssyni og stelpunum, Önnu og Ragnhildi -- í Gnúpverjahreppinn á ættarslóðir mínar. Þau voru með fellihýsið sitt og gátum við öll gíst í því. Það var bæði lúxus

og þægilegt. Fórum við sem leið lá að Hlíð og fengum að tjalda við Stóru Laxá. Bóndinn þar, Steinar Pálsson,¹ valdi okkur besta tjaldstað og leyfði okkur aðgang að gömlu veiðihúsi til nauðsynlegra erinda. Steinar og mamma eru systrabörn.

Fórum við að Hæli, næsta bæ við Hlíð og hittum Steinþór² alþingismann og bónda. Þar er sami skyldleikinn og í Hlíð.

Svo fórum við í dagsferðir, heimsóttum Fljótshóla, þar sem Sigríður ömmusystir mín bjó. Fengum við veitingar og var vel tekið.

Allir höfðu haft gaman á ættarmótinu og töluðu mikið um það. Guðrún var líka svo vel þekkt eftir að hafa verið skipuð forseti ættarráðsins.

Við fórum líka að Kaldárholti þar sem mamma og hennar systkin eru fædd og fengum að ganga þar um tún. Keyrðum við heim að Hjallanesi, þar sem pabbi fæddist. Svo lauk heimsóknum hjá Aldísi Pálsdóttur í Litlu-Sandvík, þáðum veitingar og skoðuðum mikið af fjölskyldumyndum. Brunuðum þaðan í bústað Helgu Ingimundardóttur, í Lambhaga í Grafningi. Þar vorum við tvær nætur við veiðiskap og ýmsa skemmtun. Bátaskýlið hafði brunnið og kyndingin bilað, en sem betur fer var hlýtt í veðri. Helga er nýbúin að ganga frá sölu á allri jörðinni Ölvusvatni. Þarna er svo mikill jarðhiti sem borgin vill nýta ásamt Nesjavöllum.³ --

Ég var búin að ráðgera frí til 1. ágúst. En þegar ég kom í bæinn hringdi formaður TFÍ í mig, bað mig um að koma á fund og þurfti ég að byrja vinnu aftur vegna ágreinings um gjaldskrá tannlækna -- Þetta fer að leysast með samningi við Tryggingastofnun ríkisins, og fellur þá vonandi allt í ljúfa löð. --

Eftir SÍR-fundinn og ball á Akureyri fórum við að Hvarfi. -- Jenný og Jón báðu mikið vel að heilsa þér. og líka Bubbi og Hemmi sem voru þar staddir. -- Það var gaman að koma þangað og minnst gömlu daganna þegar þú varst þarna --

Vona að allt sé gott hjá ykkur --

Eggert Ásgeirss. skrifar Thomasi Schartau. Rvík. 22.8.1985.

Skrifum honum enn til að biðja um gistingu -, segjum frá ferðum okkar til Osló, Karlstad og Stokkhólms. Verða Auður og Dagur með í för. Þá verður Ásgeir líka í Stokkhólmi en býr hjá Astrid Wennerström. Reyndar kom síðar í ljós að Sirrí komst ekki með vegna tannlæknafundar í Reykjavík. Ekki komst Auður heldur með. Ferð Dags var m.a. til að kynna sér arkitektaskóla í Osló og Stokkhólmi.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ullu Wennerström. Rvík. 26.10.1985.

Þakka gestrisni í Vermland. Segi frá að við ferðina hafi bæst ferð Eggerts til Skien þar sem haldið var upp á 100 ára afmæli rafveiturekstrar í Noregi. Þá fórum við Dagur saman til Ámtevik, þar sem Selma Lagerlöf bjó og í þann fræga myndastyttugarð, Rottneros, þar sem m.a. eru stytur eftir Ásmund Sveinsson.

Einnig segi ég frá umsókn Dags um arkitektaskólavist og að hann hafi fengið starf á arkitektastofu. Auður komst ekki með í ferðina vegna starfs síns á elliheimilinu Grund.

Mest breyting hafi orðið hjá mömmu, sem gengið hafði undir augnaðgerð. Ég hafði um árabíl stækkað afrit af útvarpsdagskránni svo hún gæti fylgst með henni. Það gerði ég ósjálfrátt nú þegar ég kom heim. Þegar hún sá það skellti hún upp úr; fleygði ljósritinu í körfuna. Hún er farin að vélrita aftur. Svo hélt hún með frændum og vinum upp á 85 ára afmælið og gaf út bók um heyrnarmál (Á brattann). Afhenti borgarstjóra eintak nr. 1.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 27.10.1985.

-- Nú sit ég hér og hlusta á símfónu eftir Brahms og skrifa þér afmælisbréf. Andagiftin hlýtur að koma yfir mig.

Sunnudagsmorgnarnir eru orðnir dálítið öðruvísi en áður fyrr hjá okkur. Nú er Dagur hjá Hönnu Stínu og Auður hjá Jóni, og við alein heima. Pabbi þinn að vinna í bókbandi niðri í kjallara og ég rorra hér ein. Helstu fréttir eru þær að amma þín hefur fengið betri sjón eftir uppskurðinn. Hún getur orðið gluggað í blöðin og er farin að skrifa á ritvél. --

Afmælisdagurinn hennar var kafla út af fyrir sig. Hún var aldeilis ánægð að heyra í þér. Palli og Lára höfðu skipulagt boðið að mestu. Hún hafði opið milli kl. 5 og 7 og ég held að það hafi verið nálægt 100 manns þegar mest var.

Zontaklúbburinn gaf á þessum degi út bók um heyrnarstöðina, sem Zontaklúbburinn gaf út á sínum tíma þegar amma þín var formaður og dreif málið í höfn. Hún bauð Davíð borgarstjóra og þar afhenti Guðrún Jónsdóttir form. Zonta ömmu þinni fyrsta eintak bókarinnar og amma þín afhenti hana svo Davíð, sem tók við bókinni fyrir hönd borgarinnar, sem rekur heyrnarstöðina. Borgarstjóri stansaði stutt við, en haldið var áfram að skemmta sér fram á kvöld, við söng og annan gleðskap. Við bárum fram bollu og hún kláraðist öll; ég held að segja megi að það hafi verið 50 lítrar.

Síðan er amma þín búin að halda mörg boð, því hún var óánægð með að koma ekki öllum á afmælisdaginn.

Hún bauð nágrönnunum t.d. einn eftirmiðdaginn; Magnúsi (*Torfasyri*) og Sigríði Þórðardóttur; Hjalta Geir Kristjánssyni og Siguu Erlendsdóttur, Sigurði Ólafssyni og Gyðu, og Lovísu.

Amma þín fékk svo mikið af blómum í tilefni afmælisins að það tók hana tvo tíma að veiða þau upp úr baðkarinu og koma þeim fyrir. Enginn hefur séð svo stóran blómvönd sem hún fékk frá heyrnarstöðinni. --

¹ Steinar Pálsson (1910-1997) bóndi í Hlíð, frændi Sirrfa, giftur Katrínu Árnadóttur (1910-2008) frá Oddgeirshólum í Hraungerðishreppi, frænku minni og félagsmálafrömuði af Briemsætt.

² Steinþór Gestsson (1913-2005) bóndi og þingmaður.

³ Verðmætið einkum fólgið í eignarlöndum í Henglinum.

Það helsta er héðan að fréttu að Dagur er búinn að láta klippa sig. Það var erfið ákvörðun sem tekin var að vel yfirlögðu ráði. Nú gengur hann með burstaklippinguna sína, hinn ánægðasti með útkomuna. og allt annað að sjá hann. Ný persóna. Hann er búinn að fá vinnu á arkitektastofunni hjá Guðrínu Jónsdóttur. Hún er með stofu á sama stað í Tjarnargötu 4 þar sem pabbi þinn var með skrifstofur fyrir Krabbameinssöfnunina. Þar fær hún skipulagsverkefni frá borginni og vinna hjá henni tveir arkitektar. Dagur er mjög ánægður með þetta. Svo er hann að skrifa bréf til skólanna á Norðurlöndum og biðja um inngöngu. --

Við erum hætt að sjá bílinn því Auður er alltaf að skreppa. -- Tore Larsen var hér og gisti í þrjú daga. Hann bauð okkur bíl næsta sumar í júlímánuði. -- Hver veit nema við þiggjum það. Hann sagði að við gætum skroppið til München og tekið okkur gott frí. Hann sagði líka að Dagur gæti fengið vinnu hjá sér í Horten ef hann fengi inni í arkitektaskólanum í Osló og gæti lært málið í svo sem mánuð áður en skólinn byrjaði.

Jæja, ég held að þetta sé orðið gott og aldeilis frábært bréf í raun og veru!! Ég læt herna með afmælisgjöf frá okkur pabba þínum og vona að þú getir keypt þér gott fyrir eða gert eitthvað gagnlegt. -- Til hamingju með afmælið, elsku Ásgeir minn. --.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 2.12.1985.

-- Auður er byrjuð í jólaþrófum -- er búin að fá loforð um vinnu á Elliheimilinu Grund. Dagur hefur fengið loforð hjá Guðrínu Jónsdóttur um að halda sinni vinnu fram yfir áramót. Þá er hann að vona að komast í verkefni sem Magnús Tómasson og Árbæjarsafnið eru með. -- Þá er hann að sækja um arkitektaskóla á Norðurlöndum. --

Sendir jólaglaðning og góðar óskir.

Eggert Ásgeirss. skrifar Guðrínu Guðmundsd. Bergström. Rvík. 25.12.1985.

Segi fréttir af tveim ferðum til Stokkhólms og að ég hafi reynt að ná sambandi við Einar son hennar, en ekki tekist. Einnig Árna, sem hann átti gott samtál við. Fréttir af mömmu og að Sirrí sé farin að vinna allan daginn hjá Tannlæknafélaginu. Öll börnin séu trúlofuð. Fréttir frá Ráðagerði og af Móafólkinu, en nú sé búið að selja jörðina og Teitur fluttur til Rvíkur. Rúna Guðmundsdóttir frá Móum eigi hinn ágætasta mann Magnús Guðmundsson frá Hvítárbakka og búi hér í næsta húsi við Fjölnisveg. Kristín Teitsdóttir frá Móum er á Elliheimili.

-- Ég kom fyrr á árinu út í Ólafsdal og heimsótti Bjarnþór son Kalla. Hann erfði húsið og allar eignir þeirra Ástu. Hann hafði reynst Kalla svo vel hið síðasta að mjög gott var að eigurnar skiptust ekki en færu til hans sem alltaf hefur verið tekjulítill. Hann hefur gert allt til að halda húsinu í upprunalegu ástandi. Er einkennilegt að koma þangað og sjá allt, eða svo til, með kyrrum kjörum, sömu myndir á veggjum, sömu ljósakrónur -- fékk hjá Bjarnþóri myndir úr fjölskyldunni --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 12.1.1986.

Sendi minningargrein sem ég skrifaði um Jón Sigurðsson borgarlækni og upptökur úr útvarpi. Hafi verið mjög leiðinlegt að sjá á eftir Degi til Noregs og vita af þeim í kuldu meginlandsins.

Eggert Ásgeirss. skrifar Guðrúnu Guðmundsd. Bergström. Rvík. 20.1.1986.

-- sendi þér Lesbók Morgunblaðsins -- í blaðinu er smágrein sem ég skrifaði fyrir nokkru um Lóu frænku og líf hennar.¹ mér fannst hún liggja óbætt hjá garði ef ég minntist hennar ekki með einhverjum hætti. Hún er búin að gera margt fyrir mig og við verið í sambandi hvort við annað langa hríð. En dálítið var erfitt að skrifa um hana því eins og þú veist var hún hornótt, hafði hnúskóttar skoðanir og lynti ekki við alla. Og ekki er rétt að lýsa fólki með rósrauðum lit, það er ótrúvert og leiðinlegt. Ég vona að þú getir lesið greinina til gagns og ánægju.² --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 25.1.1986.

Fréttir af heimilinu, sem nú samanstóð af foreldrunum og Auði. Er að safna ættartölugögnum vegna Nesættar (Bollagarðaætt) og að flytja dót fyrir Átak til Skjól, sem er nú heimilislaut, hingað í kjallarann.

-- Dagur er fluttur á stúdentagarð í Pilestredet og býr undir fölsku nafni í einhverri svartri leigustarfsemi. Maður þarf að hringja í númer -- og spyrja eftir Sigurbirni Kjartanssyni. Þá kemur Dagur í símann. --

Þetta bréf markar tímamót, skrifað á Macintosh tölvu. Er þá að mestu lokið vélrituðum bréfum frá mér. Sendi fréttir sem mikilvægar eru fyrir blaðamann og fréttir af okkur foreldrunum. Sirrí var á tannlæknafundum í Höfn og ég á orkufundum. Síðan fórum við í fyrstu sumarleyfisferðina okkar eftir öll tjaldferðalögin. Ferðinni heitið til Egyptalands.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 25.1.1986.

-- Héðan er allt gott að fréttu -- Nú stendur yfir í útvarpinu bein útsending þar sem Sjón æsir sig mikið vegna ritskoðunartilburða ríkisins í myndbandamálum og kvikmynda. Geðugur strákur en ætti ekki að tala alveg svona mikið, þótt honum sé mikið niðri fyrir. Hann á sér nefnilega nóga stuðningsmenn í þessu máli (?), þótt auðvitað gangi ofbeldi í myndum alltof langt, en hvers vegna ætti að bæta ritskoðun í þessum miðli þegar frelsi er í öllum öðrum. --

Ég er feginn að þú skulir kominn inn á stúdentagarð. Að vísu þætti mér skemmtilegra ef þú gætir verið þar í eigin nafni en ekki í einhverskonar neðanjaðrarleigu – betra samt en ekki. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 1.2.1986.

Vinnur að bókarþýðingu um orkumál og þarf að drífa sig snemma á fætur. Nú, í dag, er það hættu af kjarnorkuverum sem fjallað er um. Segir frá skemmtilegri myndlistarsýningu um sögu abstraktlistar. Þakkar skemmtileg myndskreytt bréf.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 18.2.1986.

Sendi upplýsingar um Lánasjóðinn og tilheyrandi skattframtal. Hefur mikið að gera við þýðingu. Vandræði eru með samband tölvu og prentara, sem ekki eru á sama kerfi. Segir frá kaffibaunamáli SÍS. Erlendur Einarsson forstj. var sýknaður en Hjalti Pálsson í búvörudeild dæmdur í tugthús.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 19.2.1986.

Sendir honum peninga til hans sjálfs og fyrir kaffivél sem hann ætlaði að kaupa fyrir hana.

-- Það sem er afgangur væri gott að þú notaðir til að kaupa bókbandsskinn fyrir pabba þinn.³ Hann hefur merkt inn prufurnar sem hann myndi helst vilja ((Oazentzieger) og svo langar hann til að prufa eitt skinn af því ódýrara (Ziegen-Narben-Spaltleder) nr. 513. --

Við erum ekki búin að selja gamla bílinn og erum á dýrum víxlum þangað til. Það er erfitt að selja bíla nú, en maður vonar það besta. -- Nýi bíllinn er frábær, einkum þegar komið verður í hann glymjandi útvarp.⁴

Dagur er að ganga frá umsóknum í arkitektaskóla á Norðurlöndum. Það er heilmikið verk, því hann sendir myndir af mörgum listaverkum sem hann hefur gert á undanförunum árum. Honum líkar mjög vel að vinna hjá Guðrúnu Jónsdóttur. Hún og fyrri maður hennar Knut Jeppesen taka þátt í samkeppni um hljómleikahöll og Dagur kemst þar á blað sem aðstoðarmaður þeirra. --

¹ Ólafía Guðmundsdóttir Vennerström (1889-1984).

² Þeim Guðrúnu og Lóu lynti ekki saman hið síðasta. Slitnaði uppúr sambandi þeirra milli.

³ Erfitt var að fá gott bókbandsskinn í Rvík. auk þess var bókbandsvarningsverslun í næsta húsi við hann.

⁴ Auður og Dagur höfðu sent beiðni til hans um einhverja rosafína þýska tegund.

Eggert Ásgeirss. skrifar Elísabet Vestdal Abéla. Rvík. 28.3.1986.

Ég fékk Jón Hannesson byggingameistara, vin minn til að hjálpa þýskri móður Elísabetar við endurbætur á húsinu hennar við Hávallgötu. Úr þessu varð mikil rimma. Marianne, sem var þýsk, vildi fá allt gert eins og í Þýskalandi, t.d. með glugga opnaða inn, sem er illfrankvæmanlegt hér á landi og ekki heldur á færi iðnaðarmanna. Þessi hjálp okkar Jóns rann út í sandinn. Gamla konan varð taugaveikluð út af þessu öllu, enda húsið mjög viðhaldsþurfi.

-- Ásgeir er í München, vinnur að prófverkefni og sem fararstjóri fatlaðra Münchenbúa til A-Þýskalands. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Bo Samsing. Rvík. 1.4. 1986.

Bo Samsing var skólabróðir hjá Folkhälsan í Stokkhólmi. Setti sig í samband við mig vegna einhverrar hátíðar skólabræðranna. Rifjar upp minningar og nöfn, segi frá ferli mínum síðan leiðir skildu um leið og ég afþakkaði boð um að hitta hópinn.

-- Hälsovárðsarbete; hälsovårdens mål och medel är en utmärkt förutsättning för andra sysslor, om man inte går för långt. När jag gifte mig sade den salige prostén Jónsson att jag skulle passa på att hålla hälsovårdsinspektören utanför hemmets portar. Det har jag gjort, är tacksam för dessa ord, som jag har lytt, med ett undantag. Jag, med mina bakteriologiska kunskaper har lyft kökstrasan till en mera respekterad plats än vad den tidigare haft i landets historia. Kyrkan fick sin belöning när jag kunde ge råd till att utrota husflugan från några av landsbygdens sockenkyrkor.

Det var viktigt för mig att få tillfälle, med Er hjälp, att bli införd i den särägna kultur som den svenska var före homogeniseringens och standardiseringens tidsålder. Jag steg på svensk jord den viktiga nationaldag, 1.10.1955, när motboken¹ försvann och alla mina svenska bekantar var berusade. -- Jag önskar er all framgång och hälsa, lyckligt hälsovårdsarbete allmänt och privat. Er avlägsne kurskamrat. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifa Ásgeiri Eggertss. Rvík. 30.5.1986.

-- mikið vorum við ánægð að heyra að prófið hefði gengið vel hjá þér. --

Segir frá stúdentsútskrift Helgu Jónsdóttur frænku hans og nágranna og falli ýmissa granna og kunningja.

-- Auður flaug til Osló í gær. Tók svo lest til Karlstad. Við vorum heldur óróleg því það logar allt í verkföllum í Noregi núna. En það gekk allt vel og hún komst í járnabrautarlestina -- Hún fer svo að vinna við heimilishjálp þar og líka Ása vinkona hennar í sams konar starfi.

Það er búið að vera mikið að gera í samkvæmislífinu hjá okkur þá þínunum. Hann hefur verið með vörfund SÍR og þar voru fimm manns sem komu frá Norðurlöndunum. Við buðum þeim fyrsta kvöldið heim í kokkteil og svo út að borða á Hótel Holti. Svo vorum við á dansleik á Hótel Sögu í gær og gerum nú ekki annað en geyspa.

Á morgun förum við í krækling með Jóni (*Stefánssyni*) og Guðrínu (*Sveinsdóttur*) í Hvalfjörð. Ætli við komum ekki hingað heim á eftir, hreinsum hann og búum til kræklingssúpu. --

Það er ekki talað um annað hér en Hafskipsmálið -- Það voru sex menn settir í gæsluvarðhald, en tveim sleppt. Það virðist hafa verið um að ræða mikið fölsuð skjöl, frádráttur til eigin þarfa og blekking gagnvart Útvegsbanka vegna lána. Það er spurning hvort Albert dragist inn í málið, en hann var bæði stjórnarformaður hjá Hafskip og Útvegsbankanum.

Ég er búin að fá tölvu á skrifstofuna. Það er verið að útbúa forrit fyrir mig og ég að læra á hana. Mér finnst þetta mjög spennandi og veit að hún á eftir að léttu mér störf.

1.6. kl. 13.00.

Segir frá kosningaúrslitunum þar sem lítil breyting var á fylgi flokkanna í Reykjavík en sigurvegari úti um land var Alþýðuflokkurinn sem bætti við sig 16 mönnum. Var skemmtilegt kosningasjónvarp þar sem staðan sást á tölvu jafnóðum og tölur birtust.

-- Dagur er ekki búinn að fá svar frá háskólunum sem hann sótti um. --

Er hann ásamt Magga að fara til Osló og Karlstad þar sem þeir ætla að heimsækja Auði og síðan til Khafnar.

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 1.6.1986.

Fréttir úr húsinu og af sveitarstjórnakosningunum þar sem Sjálfstæðismenn unnu í Reykjavík en töpuðu á landsvísu. Gekk um húsið og hugsaði:

-- hvort eða hvenær ég ætti að vekja Dag til hádegisverðar, að ósköp fyndist mér nú varasamt að venja sig á líf þar sem maður væri út og suður, óvíst hvar ætti að borða eða sofa, ekki síst á ungum aldri, þegar menn væru ekki einu sinni búnir að ljúka undirbúningi sínum að lífinu, námi og ævistarfi. Það gæti jafnvel verið erfitt að róa sig af og finna sig í tilbreytingarlausu námi um margra ára skeið. Athugunarefni hvort menn á þeim aldri ættu að taka út allt sem *skemmtilegt* er, hvort hlutirnir ættu ekki að koma í annarri röð. Þó veit ég ekki hvort réttara er. Maður getur ekki dæmt um það fyrir en eftirá; þá getur líka verið of seint að breyta um skoðun. --

¹ Áfengisskömmtunarbækur afnumdar.

Segi af starfi í húsi og garði, nýrri sláttuvél, blessunarlega liðnum aðalfundi í vinnunni, flutningi borðs á skrifstofuna og útgáfu fundarskýrslu. Langar mest til að komast í frí eftir törnina.

Eggert Ásgeirss. skrifar Kerstin Wennerström. Rvík. 1.6.1986.

Segi fréttir af Degi, ánægjulegu starfi hans á teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur. Hann sé þegar kominn með nafn sitt á blað í fleiri en einni arkitektasamkeppni. Nú er bara að vona að hann komist í góðan skóla. Sjálfur hef ég haft mikið að gera en erum við hjónin farin að leggja drög að ferð á fund í Stokkhólmi og þaðan í heimsókn til Ásgeirs í München.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum og Degi. Glänne. 2.6.1986.

-- Ferðin til Osló gekk vel -- ég tók ekki eftir neinum verkföllum þar, kannski voru þau leynileg. Minnstu munaði að ég missti af lestinni, ég þurfti að hlaupa allt hvað ég gat, frá efstu hæðinni í Steen og Ström, alla leið á járbrautarstöðina, sækja töskurnar, hlaupa upp þennan leiðinda stiga, inn allan ganginn og niður á spor 2, upp í lestina og svo af stað. **Úff.** Skall hurð nærri hælum! Það hefði verið gaman að vera nótt í Osló fyrir eintóman klaufaskap!

Það var aldeilis gaman að hitta Ásu og Katarinu, allt gengið, að ég tali ekki um kettina, sem eru alveg frábærir báðir tveir. (Nú sit ég með Stínu í fanginu sem malar og slefar sem mest hún má.) Afmælið hennar Katarinu var haldið upp á -- hún var ofsalega ánægð með gjöfina -- og svo fórum við í undirbúning og að leggja á borð fyrir 40 manns og allt það. En við Ása sátum ekki við borðið, heldur vorum þjónustustúlkur og ekkert smáræði sem við þurftum að gera. Ása er dálídið löt og óskipulögð, þannig að stálkonan Auður tók að sér stjórnun og skítverk (förfús, eins og venjulega). Það þurfti að hella í glösin - halda aðalréttinum heitum - baka möndlur - þeyta rjóma o.s.frv. En allt gekk ljómandi vel og eftir borðhaldið farið niður til Katarinu (borðhaldið var hjá Ingegerd, í húsinu hennar Majasu)¹ og þar var drukkið og dansað. Tómas lék á als-oddi eins og venjulega. Það var aldeilis gaman að hitta hann. Hann lofaði mér líka að ég mætti búa hjá honum í Stokkhólmi, hvernig sem það nú fer.

Daginn eftir voru allir dálítið seinir í hugsun eftir drykkju gærdagsins, en ekkert alvarlega. Þá var eftir að vaska allt saman upp og bera svo niður til Katarinu. Það var meiriháttar vesen, en allt gott sem endar vel, segir máltækið (held ég) og allt fór ljómandi vel.

Ása fór í gær heim til sín, til Karlstad og finnst mér gott að sleppa við hana dálítinn tíma. Hún er dálítið furðuleg oft á tíðum og gott að umgangast ekki of mikið. Í dag er ég búin að hafa það gott og núna hefnist mér fyrir það -- lét sólina sleikja mig og las *Hundrað ára einsemd* og brann ljósum logum. Nú er ég eins og tómatúr í framan -- Annars hef ég aldrei haft jafn mörg mýbit -- Í kvöld fórum við öll inn í Karlstad til að heyra Peter, bróður Ásu, syngja með *Kammarkören*. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 3.6.1986.

Segir frá kosningunum og sendir afmælisblað Rvíkurborgar þar sem Páll Líndal skrifar ágæta grein.

-- skemmtilegt viðtal í útvarpinu við Þórarin Eldjárn. Hann, ásamt nokkrum listamönnum, hafði sett auglýsingu í Moggann til stuðnings Davíð. -- Sagði að eftir að auglýsingin birtist hefðu listamenn byrjað að hringja í sig, áfellt hann; eins og hann sagði, þættust eiga talsverðan ráðstöfunarrétt yfir atkvæðinu. Þeir hefðu líka spurt hvað hann fengi fyrir atkvæðið, eins og annað kæmi ekki til. Þórarinn sagðist aðeins hafa kosið tvisvar í Reykjavík, í fyrra skiptið kvennaframboðið. Hann taldi að menn sæktust eftir launum fyrir að tengjast flokkunum, bæði fjármunum og ekki síst eftir vinsældum og viðurkenningu. --

Dagur var að fá inni í gær í Arkitektaskólanum í Osló og var mjög ánægður þar sem hann telur þann skóla vera annan tveggja hinna bestu. Þó talar hann um að reyna við Khöfn en Hanna Stína er að spekulera í námi þar. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum og Degi. Glänne. 5.6.1986.

-- Þá sit ég hérna í eldhúsinu -- Mats og Katarina eru í boði og ég bíð eftir að þau hringi, því ég ætla að sækja þau.. Ég keyrði þau líka þangað og munaði minnstu að ég villtist en Kristin bjargaði mér úr ögöngunum. Þetta er bara eins og heima, að keyra í og úr boðum. Mér finnst þetta bara *robbolega* gaman að keyra bíl hér í Svíþjóð, þó Mats og Katarina eigi ekki jafn góðan bíl og við (hm: þið), en þau eiga allavega þrjá bíla.

Takk fyrir bréfið pabbi, mér fannst það mjög skemmtilegt, réttara sagt fannst mér það alveg æðislega, frábærlega skemmtilegt. Einhvern veginn finnst mér ég kunnir betur að meta bréfin frá þér núna en síðast þegar við skrifuðumst á. Ég er kannski orðin stór stúlka núna. Mér finnst gaman að heyra frá vinnunni, lífinu og tilverunni og hugsunum þínum og hvernig þú fléttar húmor inn í þetta allt saman. Ég segi þetta bara, vegna þess að ég hugsaði ekki svona um bréfin síðast. Það er líka annað sem er öðruvísi en síðast. Það er það hvað, ja ég veit ekki hvernig ég get útskýrt það, ég er einhvern veginn róleg þegar ég les bréfið. Þegar sagt er frá einhverju skemmtilegu, þá finnst mér gaman að lesa það, en mér finnst ég alls ekki vera að missa af neinu, eins og mér fannst síðast. Ég hef það svo gott að geta verið hérna úti, að það væri bara asnalegt að vera öfundssjúk út af einhverjum smáatriðum sem ske, ég nýt þeirra bara í gegnum þá sem segja mér frá þeim, ég veit að ég missi ekki af neinu. Þið lífsreyndu foreldrar hljótið að skilja hvað ég á við.

Annars vona ég að ég nái að slá garðinn einu sinni, áður en snjórinn kemur, með þessu undrataeki sem þú keyptir, pápi minn. Furðulegt að þú svona gamall skulir fylgjast svona vel með tækninni (æ!æ! ekki sparka svona fast í mig.)

¹ Ingegerd var dóttir Else-Mari (Wennerström) Boström. Húsið þeirra var handan götunnar skammt frá húsi Katarinu, þar sem Lóa, amma hennar hafði búið.

Það er annars svo gott að skrifa til ykkar, mér finnst ég vera í svo góðu sambandi við ykkur og í leiðinni er furðulegt hvað bréf eru miklu skemmtilegri leið til að tjá sig en sími, þegar svona langt er á milli.

Sænskan er smám saman að troðast inn í hausinn á mér. Mér fannst þetta alveg hræðilegt í byrjun, mér leið eins og ég væri þroskaheft, að geta ekki tjáð mig almennilega. En þetta kemur allt smám saman; ég er farin að blóta á sænsku þegar eitthvað óvænt kemur upp á og það er góð byrjun, finnst mér, og þar að auki er ég farin að ruglast í íslensku stafsetningunni (góð afsökun) ha! ha!

Gott finnst mér að heyra að Jón komi í heimsókn og hafi samskipti við ykkur. Hann skrifar mér að honum finnst svo gott að koma á Bergstaðastrætið, það sé svo þægileg ró yfir heimilinu og ykkur (hann er öfundsjúkur, (og það má hann líka vera, því mér finnst ég eiga bestu fjölskyldu í heimi). --

Dagurinn í dag, og í gær, eru búnir að vera viðburðaríkir. -- ég er búin að kynnast því hvernig haldið er upp á stúdent hér í Svíþjóð. Það er ekkert smá! Í gær vorum við hér öll, nema Ása, að undirbúa móttökuna þegar hún kæmi út úr skólanum með stúdentshúfuna. Þá er síður að fjölskyldurnar búi til skilti, helst með mynd, og skrifi eitthvað sniðugt á það. Þegar stúdentarnir koma út úr skólanum, þá leita þeir bara að skiltinu og finna þar fjölskylduna. Við bjuggum nokkuð sniðugt skilti með stórrí mynd af Ásu o.fl. Svo er líka síður að búa út blómsveig til að hengja um hálsinn á henni (líka síður) --

Í morgun fórum við út í skóg og söguðum niður nokkur lítil tré til að skreyta bílinn með, allt eftir föstum venjum. --

Við héldum uppi skiltinu, blómum og blöðrum. Viti menn Ása kom hlaupandi til okkar. Við létum öll blóm um hálsinn á henni, þannig að hún sligaðist alveg undan þessari þyngd, því margir vinir komu líka með kransa. -- Það var svo gaman að fá að fylgjast með þessu öllu. Þetta er eins ólíkt og hægt er, þessari stirðu athöfn heima á Íslandi.

Svo var bara veisla heima hjá Ásu með léttum mat, kampavíni og góðri stemmningu., allt ofsalega gaman þó ég þekkti ekki helminginn af fólkinu. Alltaf kynnist maður fleiri og fleiri.

Við Kristín keyrðum heim í einum bílnun, af þrem og er ég búin að lesa fyrir hana. Svo fórum við í hárgreiðsluleik. Ég er svo heppin að henni finnst gaman að vesenast í hárinu á mér, sem mér finnst óhugnanlega þægilegt að ég ætla alvega að sofna þegar hún er að gera einhverja spes greiðslu. Núna sefur Kristín vært uppi. --

Á morgun fer ég að tala við einhverja konu út af vinnunni og flyt inn í Tinbergsgatan 1 -- í Karlstad Þar býr Curt og þar hef ég fengið leigt herbergi -- og ætla að vera sparsöm, eins og mér einni er lagið. Ég fæ líka lánað hjól og svo bíl við og við hjá Katarínu og, satt að segja, hlakka ég til alls þessa -- og geta búið svo nálægt miðbænum og skroppið við og við oní bæ. -- engar gyllivonir. - - Klukkan er tvö og ég legg mig með *Hundrað ára einsemd*. Alveg stórkostleg bók! Eftir stórkostlegan höfund og í stórkostlegri þýðingu Guðbergs. Segiði svo að ég lesi ekki stórkostlegar bækur. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 6.6.1986.

-- Nú er vika síðan þú fórst -- þín er sárt saknað -- Það er tómarúm hérna á heimilinu hafandi þig ekki. Að vísu kemur tölvan og fyllir upp í tímann hjá mér og ég er stöðugt að hugsa um eitthvert atriði á henni, hvernig eigi að fara að þessu eða hinu. Svo stoppar hún og ég verð að finna leið út úr ógöngunum. Nú er ég samt komin það áleiðis að ég skrifa Fréttabréfið á tölvuna.

Nú er pabbi þinn frammi í eldhúsi að búa til kvöldmatinn og ég að horfa út um gluggann á sjónvarpsherberginu og hugsa til þín og að það væri nú ágætt að nota tímann á meðan og skrifa þér nokkrar línur.

Ég var í morgunkaffi hjá Jójó. Hún er hætt í vinnunni Hún sagði upp fyrir fjórum mánuðum. -- Búin að vinna hjá Landsambandi lögreglumanna í sjö -- ár og orðin þreytt á sífelliðri öldri um kjarabætur og kjaramál yfirleitt og langar til að fá annað starf. --

Ég var á fundi með form. T.F.Í. hjá Skúla Johnsen borgarlækni ásamt framkvæmdastjóra Heilsuverndarstöðvarinnar. Það á að leggja niður *Neyðarvakt tannlækna* sem verið hefur þar -- og finna nýjan stað. Mér fannst dálítið skrítið að sitja þarna á fundi með þessum stjórum. Ég reyndi að vera *important* á svipinn, eins og þeir. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 8.6.1986.

Gleðst yfir að geta skrifað bréfin á tölvu. En nú er kvöldsólin að skína inn um gluggann svo ég get ekki lesið á skjáinn. Þakkar afmælisbréfið til mömmu hennar. Þegar hún fékk það var hún að þússa koparlampann sem þú hefur alltaf séð um á þessum degi. Mátti til með að senda bréf því ég geng framhjá pósthúsinu á heimleiðinn.

-- Palli og Lára komu heim með okkur eftir sýninguna -- Hann sagði okkur frá heimsókn Vigdísar þar sem hún var að skoða barnageðdeildina. Palli sagði hana hafa verið alveg frábæra og skemmtilega í umgengni við krakkana. Kom margt kúnstugt fyrir í heimsókninni. Einn lítill, sem ekki lætur mikið á sér bera sagðist geta talað við hana, hann þekkti hana eins og Jón Pál og Bjössu bollu. Hins vegar gat hann engu stunið upp þegar hann hitti hana augliti til auglitis. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum og Degi. Karlstad. 10.6.1986.

-- Fyrsta kvöldið inni í Karlstad -- nokkuð einmanalegt, en venst -- Við Ása fórum að tala við yfirmann okkar ásamt fimm öðrum stelpum. Við vorum í fundarherbergi og allt tekið skipulega fyrir og reynt að skýra sem best allt í sambandi við vinnuna. Við vorum þar í klst. Og reiknast sem vinnutíma og við fáum borgað fyrir hann. Okkur var sagt að mæta kl. hálfátta í fyrramálið til að hitta konuna sem við tókum við starfinu af. Svæðið sem við Ása höfum fyrsta mánuðinn er nokkuð langt frá þannig að við þurfum að hjóla héðan kl. sjö. Ég ætla rétt að vona að ég sofi ekki yfir mig og um að gera að fara snemma að sofa. Eftir að hafa verið þarna fórum við á bókasafnið og fengum hjólakort yfir Karlstad. Svo fórum við og versluðum það nauðsynlegasta -- tókum strætó og fórum hingað heim. Pakkaði ég upp og eldaði dálítt mat.

Þetta er ömurlegt herbergi, ofsalega drungalegt og leiðinlegt. Eftir nokkurn tíma fékk ég nokkurs konar heimþrá og var hálf-leið. Ekki var það nú hægt, svo ég fór í hjólatúr og leið þá svolítið betur. Svo kom Ása í heimsókn, svo nú líður mér ágætlega og vona að ég venjist fljótt.

Ætli ég fari ekki bara að sofa. Klukkan er tíu og ég er búin að smyrja mér fyrir morgundaginn. Það er bara einhver vonleysistilfinning í mér og ég stressuð út af vinnunni.

Takk fyrir bréfið mamma, það var skemmtilegt og vonandi skrifið þér mér fleiri skemmtileg. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 13.6.1986.

Þakka bréf og segi báða bræðurna hafa sams konar verkefni, hvor í sínu landi, að aðstoða keppendur um Alþingishústeikningu.

-- Dagur vann í gær alla nóttina og fram til kl. 16 er hann kom heim til að hvíla sig. Þá var frágangi að verða lokið, en þegar hann sofnaði fram á vinnuborðið var honum gefið frí.

Það fer að verða nokkuð tómmt hér í húsinu þegar Dagur verður farinn í sitt ferðalag um mánaðamótin. Að sjálfsögðu er Auður burtu. --

Dóttir Thomas Schartau vinar þeirra kemur sem fararstjóri ungra samvinnumanna og mun búa hjá okkur. Segir frá börnum hans sem eru í ýmskonar sálarvandræðum, sonur fyrirfór sér og dóttir sem var hjá okkur og sem fékk vinnu í Hornafirði; hún sturlaðist. Þessi dóttir sé ágæt.

Svo koma hingað vinir Ásgeirs. Ræði um ferð okkar til Stokkhólms og Berlínar.

Segir frá að honum hafi tekist að selja mynd Tómasar eftir Brynjólf Þórðarson frá Ráðagerði fyrir 30 þús. kr. og ætlar Tómas að nota þær til Íslandsferðar.

Auður hefur fengið vinnu við einhver líknanstörf í Karlstad og leigir herbergi þar. Við stöndum í því að ná tökum á tölvu sem ekki er eins góð og sú sem Sirrí hefur í vinnunni. Er önnum kafinn við innréttingu á mjög góðu framtíðar skrifstofuhúsnæði fyrir SÍR á Skólavörðustíg 6b. Einnig segi ég frá Hafskipsmálinu, fangavist Ragnars Kjartanssonar og Björgúlfs Guðm., tengslum Alberts Guðmundssonar og Guðmundar J. Guðmundssonar o.fl. við málið.

-- Það virðist vera leiðin til auðs að reka fyrirtæki, mjólka þau og láta síðan fara á hausinn. --

-- Ég er stoltur af því að mér tókst að koma Helgarpóstinum á kné. Hann var með leiðinda kjaftasemi um Jón Nordal og Salvöru frænku hans. Ég settist niður, setti ofan í við blaðið og fór með greinina á fund Haldórs Halldórssonar ritstjóra, frænda okkar. Hann sat hnípin meðan hann las athugasemdina; birti hana og baðst afsökunar. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 15.6.1986.

-- Það er mjög heppilegt að svo mikið rignir. Ekki líst mér á að spáð er batnandi veðri. Móðir þín góða hefur af því þungar áhyggjur og vaxandi að það séu að verða ónýtir gluggar hér á húsinu og að það sé mitt að hætta lífinu í 9 metra hæð til þess að mála þá. Það var einhver andskotans trésmiður sem sagði þetta inni í Tannlæknafélagi, illu heilli, og hún virðist trúá því sem henni er sagt þar. Öll róandi orð af minni hálfu mega sín lítils. Svo ég hundskaðist, í þeirri mestu rigningu sem hér hefur komið, síðan í Nóaflóði, og roki eftir því, að kaupa fúavarnarefni, grunn og sköfur. Í búiðinni hitti ég ágætan pilt sem sagði mér að í fyrsta lagi þyrfti viðurinn að vera alveg þurr þegar hann væri málaður. Í öðru lagi mætti ekki skína sól þegar málað væri. Þetta var góður maður. Ég keypti því mjög lítið af efnunum þar sem ég sá að þetta væri alveg vonlaust a.m.k. í sumar. Hvað heldurðu að hún móðir þín segi þá, að ég gæti tekið gluggana sólarinnis og verið í skugganum við verkið. Ofan á það að hún vill stefna mér í lífsháska við verkið. Eins og allir vita er ég mjög lofthráddur og fer að titra þegar ég er í stigum. Hún ætlast til að ég verði í skugganum í allt sumar, sennilega með efnæitrún af fúavarnæfninu, asma og exem, þar sem svona efni eru mjög lítið holl. Ætli ég komist nokkuð í Svíþjóðarferðina á afmælinu, verði bara heima og máli, meðan hún móðir þín heimsækir þig, Tómas og Ásgeir.

Þakka hjartanlega fyrir skemmtilegt bréf sem mamma þín er búin að svara. Ég dáist að stílnum hjá þér og hvað þú ert lipur við að tjá hugsanir þínar og hvað hugsanir þínar um þessar mundir eru eins og að rós sé að springa út. Það er þægileg tilfinning að skynja þetta hjá barni sínu. Auðvitað hugsar maður á hverjum degi hvort það sé á réttri leið, hvort þroskinn og lífið fari í rétta átt, svo sjálfstýringin sé að komast í lag. Vísbendingar allar um slíkt gleðja mann óseggjanlega. Það er mjög óþægileg tilfinning sem hlýtur að vera hjá öllum foreldrum, einhvern tíma, langan eða skamman, þegar þeir hafa þörf fyrir að leiðbeina, sjá nauðsyn þess eða a.m.k. þurfa að tala um hvað þeim finnst, án þess að þar með sé neitt að baki annað en að tjá sig eða að komast í samband, koma reynslu kynslóðanna á framfæri, en geta það ekki, vegna þess að viðmælandinn hallast í hina áttina. Hvort tveggja getur verið meðvitað, eða ómeðvitað, jafnvel gengið á misvíxl. Þá kemur misskilningurinn upp. Bréfið þitt var stórkostlegt, góður vitnisburður um vaxandi manneskju.

Úr því að ég notaði orðið vaxandi vil ég segja þér frá orði sem er hvað fallegast í íslensku og sem á sér djúpar rætur í sögunni. Í sögunum voru menn nefndir drengir, hann var drengur góður. Í einhverri bestu bók sem skrifuð hefur verið á íslensku á þessari öld, *Íslenskri menningu* eftir prófessor Sigurð Nordal, skýrir hann þetta orð, ef ég man rétt með því að *drengur sé góður maður og vaxandi*. Það er þetta að vera vaxandi sem er svo mikilvægt hverjum manni, að hann staðni ekki. Sumum mönnum er það mögulegt að vera vaxandi á langri ævi, en til þess þurfa þeir að þroskast og það gerist ekki með svefni, það gerist með vakandi ræktun huga og lífsins umhverfis, því maðurinn þroskast ekki einn, en þó má hann ekki verða hluti af hópi, því þá er þroskinn undir hópnum kominn, tískusveiflum, hópsál og stöðnunarhættu. Menn þroskast varla heldur með því að eiga allt sitt undir einstaklingi, þótt góður sé, þá er einnig hætt nokkru, því þeir geta aldrei verið eins; framvinda lífsins er ótrygg.

Þar sem ég nefndi Sigurð Nordal get ég sagt þér frá því að mamma vann allt fyrir hann til undirbúnings bóka hans, en hann skrifaði mjög ólæsilega en fallega rithönd (eins og ég) sem mamma gat lesið, ein fárra. Hann var giftur Ólöfu dóttur Jóns Jenssonar og Sigríðar Hjaltadóttur, en hún var besta vinkona langömmu þinnar í Tjarnargötu. Ólöf var besta vinkona Hildu og þannig varð heilmikill samgangur milli heimilanna. Þau Sigurður og Ólöf áttu synina Jón tónskáld og Jóhannes seðlabankastjóra og er margt af öllu þessu að segja sem ég rek ekki. --

Segi frá Listahátíð, Picassosýningu og Fröken Júlíu eftir Strindberg; Í deiglunni eftir Miller og efni leikritsins. Við vorum eins og dáleidd á sýningunni þar sem Edda Þórarinsdóttir lék eitt aðalhlutverkið.

-- Mamma þín var að koma á fætur. Við ákváðum af fara í vinnuna svona 2-3 tíma á þessum sunnudegi til að vinna við tölvurnar okkar, sitt á hvorum stað, með sitt hvort kerfi þannig að við getum hvorugt hinu hjálp veitt. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 20.6.1986.

-- Hér er ekki talað um annað en Hafskipsmálið. Það nýjasta er að Guðmundur jaki hefur þegið peningaupphæð --- úr hendi vinar síns Alberts Guðmundssonar -- Þessa peninga hélt Guðmundur komna fár Albert vini sínu, sem bar mikla umhyggju fyrir honum og vildi láta hann fara í heilsubótarferð til Flórída, sem hann og gerði. Nú kemur í ljós við rannsókn Hafskipsmálsins að Albert hefur fengið þessa peninga frá Hafskip og Eimskip. Guðmundur er formaður verkamannafélagsins Dagbrúnar, aðalviðsemjanda Hafskips í launamálum fyrir hönd verkafólksins við höfnina. Nú heimta allir að Albert segi af sér ráðherradómi og Guðmundur er búinn að heimta rannsókn hvort hann tengist Hafskipsmálinu -- er búinn að víkja sem alþingismaður meðan rannsókn stendur yfir. Þetta er allt ósköp ömurlegt --

Pabbi þinn bjó til matinn - sojabaunabuff með lauk og hrásalati, mjög gott. Svo fór hann niður í vinnu til að skrifa fyrirlestrana sem voru fluttir á aðalfundi SÍR um daginn. Þeir eru allir á segulbandi. Svo er þetta gefið út í bók -- Fyrir þetta fær hann aukapening sem við ætlum að nota í utanlandsferðina. --

Í gærkvöldi vorum við aldeilis dugleg. Pabbi þinn og Dagur rifu upp brekkuvíðinn meðfram gangstéttinni og svo plöntuðum við 60 trjám í staðinn -- fegin að láta verða af þessu -- maðurinn búinn að angra okkur. Þú hefur líka átt að sjá hvað hann var fjörugur og ógrynni af honum, sem barst svo inn í fötonum -- Ég skoðaði pabba þinn og Dag næstum í smásjá, þegar þeir komu inn -- held að ekkert hafi farið framhjá mér. --

Dagur þorði ekki annað en að þiggja plássíð í Arkitektaskólanum í Osló. Það er svo langt að bíða eftir svári frá Árhús og Khöfn. -- Ég hef verið að þæla í tölvunni -- Ég sé að ég læri aldrei á hana nema ég gefi mér tíma. Helst verði ég að fara um helgar þegar friður er, og spreyta mig á henni -- finn að ég verð betri ef ég braska sjálf í henni. --

Kolla¹ kom til okkar í gær. Hún er að fara til Þýskalands á vegum viðskiptafræðideildar og vinnur í sumar hjá Hewlett-Packard -- búin að hringja til Ásgeirs og ætlar að vera hjá honum í tvær nætur og fer svo til Luzern í Sviss þar sem Óli Loftsson² vinnur á fjallahótelum og ætlar að fara með honum til Ítalíu, áður en hún fer til Stuttgart. --

Sendir henni bók sem hún hefði lesið: Hundrad ára einsemd eftir Gabriel García Márquez.

-- Melduðum okkur til Dídí í eftirmiðdagskaffi. -- Hún er duglegri og sjálfstæðari eftir að þær amma þín eru hættar að hittast svona reglulega. Hún var hin skemmtilegasta. Svo bauð ég Jóni að borða. Svo kom Hanna Stína líka og svo breyttist boðið enn meira, því amma þín kom með nautavöðva -- varð hið ágætasta 17. júní-boð. Dagur, Hanna Stína og Jón fóru svo saman í bæinn -- við síðan líka, þar sem allt var þrúðmannlegt, enda allir unglíngarnir inni í Laugardalshöll á tónleikum. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 20.6.1986.

Segir frá udirbúningi interrail ferðar Dags.

-- Hætti að vinna hjá Guðrúnu Jónsdóttur, er búinn að vinna þar átta mánuði og segist hafa haft mjög gott af því. Nú er hann búinn að þiggja skólavist í Arkitektaskólanum í Osló og byrjar þar 1. sept.

Auður er byrjuð í vinnunni, búin að fá lánað hjól og ætlar að hjóla á hverjum degi í vinnuna, en úthverfið sem hún starfar í er langt í burtu. -- Hún sagði að herbergið sem hún leigir hjá Kurt (*fyrri manni Katarínu Wennerström*), sé heldur drungalegt³ -- Dagur er í viku við að leysa af. -- Ingólfur fékk að fara með honum.

Við vorum heldur betur í garðvinnunni í gærkvöldi, rifum upp brekkuvíðinn meðfram gangstéttinni og plöntuðum alparísi (*ribes alpina*)⁴ -- ljótur og morandi af maðki. --

Þau Eggert hafa fengið boð til að vera við opnun Hótelar Arkar, heilsuhótelar í Hveragerði.

-- Amma þín er við bestu heilsu. Hún er að fara í sumarfrí frá Dalbrautinni um mánaðarmótin. Forstöðukonan er að hætta og hefur staðið yfir söfnun meðal vistmanna og búin að kaupa gjöf. Auðvitað stjórnaði amma þín þessu öllu og gerði það vel. --

¹ Kolfinna Magnúsdóttir, nágrenni okkar á nr. 73, sem nú er forstjóri í Noregi. Samgangurinn var náinn á þessum árum.

² Ólafur Loftsson, nágrenni okkar líka, á nr. 72. Nú formaður grunnskólakennara.

³ Svo ekki sé meira sagt, því síðar kom í ljós að hann var drykkfelldur o.fl. þótt ekki hafi komið að sök, að virtist.

⁴ Alparísið stendur sig enn árið 2017.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 26.6.1986.

-- Ég var svo snemma kominn til vinnu minnar í dag, tölvan komin í gang, þannig að mig fór að kitla í fingurna. Hún er mjög skemmtilegt verkfæri, loksins orðin hugur minn, *touch wood*, og þjóta verkin í gegnum hana á undra hraða. Við höfum ekki fengið bréf frá þér, sem er bæði gott og illt. Illt að heyra ekki þínar skemmtilegu vangaveltur og frásagnir, en þá hefur maður líka á tilfinningunni að þú hafir nóg að sýsla og líði vel. Engar fréttir, góðar fréttir, hefur verið sagt. -- Svo kom Palli með góðar fréttir. -

Dagur er hættur í vinnunni hjá Guðrúnu og hugurinn kominn hálf leið og hann að ganga frá verkstæðinu og kemur þangað sennilega ekki mikið aftur.¹ --

Góða veðrið er eins og mara yfir manni þar sem ég þarf að fara að gera við húsið og mála, heilmikið verk og erfitt, sérstaklega þegar ekki er til stigi. Þórir lögga² er búinn að lána sinn og lánþeginn bíður eftir málningarveðri.

Nú er fólk farið að stinga sér inn á skrifstofuna og ég slæ botninn í bréfið. Skilaðu kveðju til vina og frænda. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Karlstad. 27.6.1986.

- og Degi þú ert ekki kominn til mín.

-- Nú er ég komin út til Glánne, föstudagskvöld, og ég ætla að vera hér um helgina. Húsið er hljótt, búið að henda köttunum út í myrkrið. Fuglarnir sofa vært, eins og aðrir í húsinu, enda klukkan að ganga eitt.

Það er bara hún Auður sem er vakandi og er að hugsa heim til pabba síns og mömmu. Það er gott að hugsa heim til ykkar; í huganum er ég hjá ykkur, þó ég viti ekki hvað þið eruð að gera þessa kvöldstund. Mér líður ósköp vel hér í Svíþjóðinni og á hverjum degi skeður eitthvað nýtt sem ég læri og þroskast af. Það er gaman að standa á eigin fótum. Komi eitthvað upp á, þá er ekkert að gera nema að leysa það sjálf og ég finn hvað ég hef gott af því

Svo fór ég að hugsa um hvað ég er þakklát ykkur fyrir að styðja mig í þessu öllu saman. Bæði fjárhagslega; að hvetja mig áfram og telja í mig kjark. Það gefur mér svo mikið og ég met það svo mikils því ég veit hvað ég er heppin að eiga að góða foreldra og fjölskyldu. Ég reyni líka að vera dugleg, vinna vel og láta ykkur finna það, en það tekst því miður ekki alltaf nóg vel hjá Auði.

Svo þegar þið fóruð að minnast á afmælisgjöf, þá hugsaði ég: Þið eruð búin að gefa mér bestu afmælisgjöf sem ég get hugsað mér, sem er þetta tækifæri að komast hingað og kynnast þessari hlið á Svíþjóð og sem ég hef ekki áður kynnst, atvinnumarkaðinum og að styðja mig í þessu. Betri afmælisgjöf get ég ekki fengið.

Mér líkar alveg stórvél í vinnunni. Mér finnst gott að lifa svona sjálfstæðu lífi og vera mikið með sjálfri mér. Vinnutíminn er nokkuð misjafn, því margt af fólkinu fer burt í sumarfrí og þá missi ég þá tíma.

Ég hef kynnst mörgu af fólkinu nokkuð vel, en það er líka aðallega það fólk sem ég er hjá svo til daglega.

Það er alltaf eitthvað að koma í ljós; alltaf kemst ég meira og meira að því hvað þessi heimur sem við búum í er lítill. Allir eru fullir áhuga á Íslandi og ég er full áhuga á Svíþjóð. Tveir hafa sagt við mig, þegar ég hef sagst vera íslensk, að fyrir mörgum árum hafi verið íslensk landshöfðingjafrú hér í Karlstad, sem oft hafi verið í íslenskum þjóðbúningi. Þá segi ég stolt, að það hafi verið hún afasystir mín. Oft finnst mér líka gaman að segja alls ekki frá því að ég sé ekki sænsk og er montin þegar ég kem ekki upp um mig með því að skilja ekki orð, eða svoleiðis nokkuð.

Oftast kann ég vel við mig í starfinu og geri mitt allra besta til að vera samviskusöm og dugleg telpa. Gallinn er að þetta er nokkuð langt í burtu. Ég er u.þ.b. 20-30 mín. að hjóla þetta. En eins og allir vita er Auður hreystimenni mikið og lætur svoleiðis ekki á sig fá. Ég vinn oftast frá átta til tvö, en eins og áður sagði þá getur svoleiðis alltaf breyst, en svo vinn ég eitt kvöld í viku og eina helgi, þ.e. frí í tvær og vinn eina o.s.frv. og mér líkar það bara vel.

Eftir vinnu fer ég oftast bara heim og dúlla mér eitthvað og fer snemma að sofa. Það er líka svo gott að hafa Ásu í næstu götu, því þá er maður alltaf að skoppa á milli. Já, mér líður robboðslega vel hérna, mér finnst þetta allt saman svo rólegt og gott. Ég er heimakær og mikið ein. Það er svo rólegt og gott.

Peningarnir nægðu mátulega, fannst mér. Þó ég segi sjálf frá, hef ég lifað spart og farið vel með þá. Hefði ég átt að fá fyrstu launin mín í gær, en það fór á annan veg. Nú ætla ég að segja ykkur söguna frá Auði og klúðrinu í þessum Svíum, alltaf hreint. Þannig var að ég vissi ekki hvernig ég ætti að gera með skattinn minn, og þar sem enginn af yfirmönnum mínum vissi neitt um netið (frekar en venjulega, því þetta er allt saman ferlega óskipulegt og koksad lið, sem veit ekkert í sinn haus, því miður) þá hélt ég bara að ég þyrfti ekkert að hugsa um þennan skatt og vann bara áfram, eins og venjulega. En einn góðan veðurdag, þegar ég kom í *miðstöðina* (við erum allar með lykil að lítilli íbúð á svæðinu, þar sem við hittumst og maður getur líka hitað sér mat og svoleiðis) þá eru þar skilaboð til mín um að ég þurfi að hafa samband við skattstofuna (*lokala skattmyndigheterna*) því ég fái engin laun, vegna þess að Svíar hafa fjóra tölustafi í fæðngarnúmerinu, en ég hafi bara þrjá, og þessu vilji tölvurnar ekki taka við. Þannig að ég hringi á skattstofuna, hef ekki hugmynd um við hvern ég eigi að tala, og ber upp vandamálið við konuna á skiptiborðinu. Hún gaf mér samband við „einhvern“ kall og honum sagði ég líka frá vandamáli mínu. Hann gaf mér samband við einhverja konu. Hún sagði mér að koma á skattstofuna. Eftir vinnuna hjólaði ég þangað. Þar voru allir elskulegir við mig og dönsuðu alveg í kringum mig og vildu ólmir útskýra og hjálpa mér, allir voru svo hressir og kátir, að það var bara gaman þarna.

¹ Dagur hafði verið þátttakandi í myndlistarverkstæði.

² Lögreglu maður á Fjölnisvegi 4, mikill garðyrkjumaður, flutti skömmu síðar burtu og hefur garðinum (og húsinu) ekki síðan verið sinnt.

Sýrenurnar sem ég gaf honum blómstra þó og fjölgar því, ég hef skroppið inn fyrir og gróðursett nokkar svo ég þurfi ekki lengur að horfa upp á vanrækta lóðina.

Parna fyllti ég út fullt af eyðublöðum og skrifaði undir fullt af pappírnum. Allt þetta vesen var til að ég fengi sænskt fæðingarnúmer - fjögurra stafa.

Pappírana þarf að senda til Stokkhólms þar sem þeir búa til fæðingarnúmer handa mér og senda svo aftur til Karlstad. Þá sendir skattsofan mér skattskýrsluna mína og ég fer með hana til yfirmanna minna. ÞÁ get ég fengið útborgað, en hvenær það verður hef ég ekki hugmynd um. Þannig að ég verð að vera voða dugleg að láta peningana endast, og svei mér þá, ég held að það takist; annars getur Katarina alltaf lánað mér. Þannig að ég bjarga mér hvernig sem fer. Þetta reddast allt.

Mér finnst svo gaman þegar eitthvað svona kemur upp á, að bjarga mér sjálf, enda tilneydd.

Herbergið, sem ég leigi hjá Curt, er alveg ágætt, með aðgangi að eldhúsi og baði og ég borga 300 kr. á mánuði. Það er bara Curt sjálfan sem ég er ekki sátt við frekar en fyrri daginn. Hann er alltof afskiptasamur um hluti sem honum koma ekki við og þar að auki hálfgerður *pervert* í hugsun. Það versta er að hann drekkur mikið og er alltaf spíralykt af honum og þess vegna finnst mér óþægilegt oft að tala við hann, þegar hann er í svoleiðis ástandi og mig grunar að hann geymi spíra í næsta herbergi við mitt. Það er ekki gott ástandið, en burtséð frá því hef ég það gott í herberginu.

Veðrið er búið að vera gott, oft á tíðum allt of heitt, sem getur verið erfitt þegar maður er að hamast við að skúra, skrúbba og bóna.

Í dag erum við Katarina búna að liggja á ströndinni og hafa það gott. Vatnið er orðið hlýtt og gott að skella sér í til að kæla sig.

Ég er farin að hlakka mikið til að fá hann Daxa minn í heimsókn. Vona ég að ég geti sýnt þeim eitthvað sniðugt hér þó vinnutíminn hittist illa á. En ég fékk lánaðan bílinn þann tíma sem þeir verða hér. --

Jæja, þetta er það helsta. Mér líður mjög vel og það er gott að vera svona mikið út af fyrir mig. Það er svo mikið að hugsa um og velta fyrir mér. Þá velti ég líka svo mikið fyrir mér öllu heima á Íslandi og reyni að fá skýra mynd af öllu þar. Það er svo gott þegar maður er svona langt í burtu, því þegar maður situr í súpunni er eftir að fá skýra mynd af öllu.

Ætli það sé ekki kominn tími til að hætta þessu bulli og fara að hugsa um aðra hluti, eins og að fara að sofa. Það er gott að koma út að Glänne svona við og við, fá almennilegan mat. -- Mikið hlakka ég til að hitta ykkur hvar í heiminum sem það nú verður. Ég hlakka mikið til --. Mér finnst það pínulítið skritið sjálfri að þó ég eigi núna kærasta, þá hverfur aldrei pabba og mömmu hugsunin. Hún á alltaf eftir að vera í mér. -- Úff hvað ykkur hlýtur að leiðast þetta þvaður í mér og því ætla ég að slá botn í þetta.

Þakka ykkur fyrir bréfin og Helgarpóstinn. Voru þar margar skemmtilegar greinar. -- bið að heilsa -- ekki ofreyna ykkur í garðyrkju og gluggamálningu. -- Mamma, vertu góð við hann pabba og ekki vera of ströng við hann, því þú veist hvað hann er viðkvæm sál. Nú er ég aftur farin að bulla. Ástarkveðjur. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 30.6.1986.

Segir frá Frederiku dóttur Tómasar Schartau sem kom með tveim samstarfsmönnum frá Stokkhólmi. Höfðu þau fengið verðlaun fyrir söfnun félaga í samvinnuhreyfinguna í Svíþjóð og hamast við að skoða allt sem þau geta, fara til Eyja og um Borgarfjörð.

-- Það verður tómlegt þegar Dagur er farinn -- Hann er búinn að kveðja fólkið á teiknistofunni og fór með tertu síðasta vinnudaginn. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 4.7.1986.

Segir enn fréttir af Hafskipsmálinu og þætti Guðmundar "jaka" sem Albert hafði afhent 100 þús. kr. sem hann hafði fengið frá Hafskipum og Eimskip. Einnig er hann upptekinn af flutningi skrifstofu SÍR úr Hafnarhúsi á Skólavörðustíg 6B.

Þá ræðir hann um Kurt, sem hún býr hjá og er undarlegur í háttum. Vonar hann að það sé ekki hættulegt fyrir hana. Biður hana um að hafa samband við Katarínu, fyrri konu Kurts og Ullu móður hennar út af málinu og spyr hvort eitthvað af gamla fólkinu sem hún sér um, geti ekki leigt henni herbergi.

Segir henni frá að þau mamma hennar hafi farið á áhrifamikla sýningu á leikritinu Merði Valgarðssyni eftir Jóhann Sigurjónsson, sem sýnt var í Rauðhólum og leikið af Helgu Bachmann (1931-2011) og Helga Skúlasyni (1933-1966), áhrifamikið og sjaldsýnt leikrit.

-- Það var Brynja Benediktsdóttir sem hvatti okkur til að fara að sjá leikritið sem er að ljúka æfingum á leikriti eftir höfund sem vildi ekki láta nafns síns getið. Sagðist hún ekki láta meira uppi um það, nema að hann væri bekkjarbróðir hennar og mömmu þinnar. Ég sagði henni að ýmislegt hefði um höfundinn kvisast. Hún vildi ekki segja meira nema það að einhver hefði sagt við mann að höfundurinn væri fyrrverandi fjármálaráðherra. Þegar viðmælandinn hafði heyrt það spurði hann forviða: *Ég vissi ekki að Albert (Guðmundsson) gæti samið leikrit.*

Þess má geta að einn fyrrverandi fjármálaráðherra og bekkjarbróðir þeirra stallsystra er Ragnar Arnalds, sá hinn sami og samdi leikrit sem gerðist í Skólaselinu, þar sem einhver laug því upp að komið væri stríð. Fjallaði leikritið um hrekjarbragð sem þau bekkjarsystkin gerðu og urðu fyrir á sínum tíma.

Segir frá því að hann hafi hitt vinkonu sína í Pósthúsinu.

-- Hún var að útskrifa son sinn í lögfræði og voru skírteini afhent á Háskólahátíð. Þega rektor kom í skikkju sinni sagði lítill drengur stundarhált: *Pabbi, pabbi, er þetta Laddi!* --

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 8.7.1986.

Ræðir muninn á bréfum og símtölum. Mikið byggist á viðtakandanum sem brýnir hugsunina og nærir hugmyndaflugnið, þó hann sé ekki á móti símanum. Þakkar fyrir bréf og kærleiksrík orð.

-- Við sátum svo tvö ein úti í garði í góða veðrinu, engin börn að veltast í kring eða nágrannakrakkar í heimsókn, eins og í *den tid*. Samt er það ekki saknaðarkennd, heldur ánægja yfir að börnin séu að spjara sig og ná tökum á sjálfum sér og umhverfinu., að móta sér stefnu, sem þau séu menn til að fylgja eftir.

Tók saman úrklippur og Helgarpóstinn og stakk í umslag. Þótti leiðinlegt að senda það án þess að láta nokkur orð fylgja.. -- Greinin um ættartengslin er svo full af villum og vafasömum ályktunum. Þjóðviljinn byrjaði á ámóta greinum fyrir allmörgum árum og stýrði þar Guðjón Friðriksson penna. Greinarnar snerust fljótt upp í ættartölur og þóttist ég sjá að Guðjón hefði ratað í ógöngur. Til að geta talað um ættarveldi þarf að vita hvaða innbyrðis tengsl eru í ættum. Takirðu nokkur stór nöfn í ættinni, mætti allt eins tína til þá sem lentu utangarðs, sjúklinga, letingja eða fólk sem er gott og gegnt, þótt ekki sækist eftir vegtyllum. En þessar frægu ættir er auðvelt að rekja -- Af því að Briemsættin er þarna nefnd -- Fjölskyldan var samsafn af vönduðum og gamaldags mönnum -- Það þýddi ekki að biðja þá um vinnu, því þeir vildu ekki hygla sínum, þvert á móti. Þannig stunduðu þeir *antinepótisma*, andstætt *nepótisma* - grískt orð að stofni - sem þýðir *frændfremd*, þ.e. gráðunni meira en frændrækni, sem er af hinu góða, því það voru þeir í besta lagi. En að hygla, af og frá!

Við mamma þín fórum út að ganga í gærkvöldi og komum við, til að hvíla okkur, á *Gauk á Stöng*. Þar sat einmitt áðurnefndur Guðjón Friðriksson. Ég spurði hann hvort það væri rétt hjá mér að hann hefði farið út í þetta af unngæðingshætti. Hann sagði mér að einmitt það hefði verið raunin, Hann gerði sér grein fyrir að allt væri ekki þar sem það væri séð. -- Mamma þín er líka í frí og skrapp í vinnuna, enda mikið á seyði, verið að ganga frá kjarasamningum.

Sjálfur ætla ég að fara með þetta bréf í póst, koma við á Skólavörðustíg og líta inn á skrifstofuna í Hafnarhúsinu -- nauðsynlegt að kikja þangað við og við þar sem Halldóra er ekki sérlega dugleg nema maður líti stöðugt eftir. Þannig er nú lífið. --¹

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Karlstad. 10.7.1986.

-- Ég sit hér í vinnustöðinni og er að biðja eftir Ásu. -- Ég hafði ósköp litla vinnu í dag og er þetta næst síðasti dagurinn á þessu svæði. -- Það verður gott að byrja á nýja svæðinu því ég er orðin þreytt á þessu óskipulagða svæði -- þar sem enginn veit neitt í sinn haus. Ég vona að hitt svæðið verði betra. Við Ása erum að planleggja að fara í ferð til vesturstrandarinnar þegar við fáum frí. Við myndum fá lánaðan bíl og tjald og hafa það gott í þrjá daga. --

Ég á í basli með laun og skattamál. Ég ætlað að reyna að skýra þetta út, en þar sem ég skil það ekki sjálf, þá verður það erfitt.

Fyrst byrjaði þetta allt með veseni út af fæðingarnúmerinu mínu -- Í leiðinni fyllti ég út s.k. *skattejäm্পkning* sem namar fylla út til að þurfa ekki að borga skatt af sumarkaupinu. Svo liður og biður og um daginn fékk ég sænska fæðingarnúmerið og tilkynningu um hvað ég eigi að borga mikinn skatt, 20%, sem mér þótti súrt þar sem ég fæ ekki mikið kaup fyrir. Þannig að ég fór niður á skattstofu og talaði við manninn sem skrifaði undir bréfið til að fá skýringu á þessu. Ég fékk skýringu að þar sem ég hefði ekki búið hér í Svíþjóð í neinn tíma (ár eða mánuði) heldur kæmi bara til að vinna, þá væri dregið frá, fyrst þúsund s. kr. og af afganginum 20%, þannig að eftir stendur ekki mikið, rétt rúmur helmingur af upphæðinni. Þetta var mér aldrei sagt, ekki einu sinni þegar ég var að fylla út pappírana. Þá hefði verið hægt að fara í kringum hlutina, en það er of seint nú. Þannig að ég er hér í hálfgerðu sjálfboðastarfi. Það hefði borgað sig að vera á Grund eða Sögu, en við þessu er ekkert að gera.

Ég er ekki leið yfir þessu, frekar reið og svekkt, spurði marga, en enginn vissi neitt. Þannig að þegar ég fæ launin verður ekki mikið eftir þegar ég hef borgað leigu og fæði. -- Ég hef verið duglega að lifa spart og verið ströng við sjálfa mig. Finn líka hvað ég hef gott af þessu öllu -- og að standa á eigin fótum og bjarga mér sjálf út úr öllum vandræðum. Aldrei hef ég beðið Katarinu að hjálpa mér, því ég ætla að bjarga mér sjálf og veit að ég get það.

Ég vona að þið hafið ekki neinar áhyggjur af mér. Því ég vil miklu frekar að þið séuð ánægð með mig, því ég reyni að vera dugleg og langar til að þið finnið það líka.

Curt er mjög óþægilegur og óyndislegur maður og ég hef ekki mikið næði fyrir honum og þar að auki grunar mig (þið megið láta það fara lengra) að hann sé alkóhólisti, því hann er alltaf drukkinn þegar ég hitti hann, en ég fæ þetta mjög ódýrt -- svo þetta er allt í lagi, þannig séð. Katarina fylgist líka vel með og ætlar að hjálpa mér að finna annað herbergi, um leið og ég segi til. Við tölum oft um Curt þannig að aumingja maðurinn hlýtur að þjást af hiksta af verstu gerð. Það er ekki lítið sem Katarina hefur mátt þola í þeirra sambúð.

Verið að laga baðið og allt í vitleysu með íbúðina svo hún fær að fara í sturtu hjá Ásu.

-- En eins og þú veist, mamma, þá kann ég best við mig í rusli. En ég ætla mér ekki að borga fulla leigu. --

Það var frábært að fá strákana í heimsókn og voru þeir hressir að vanda. Ég var dálítið stressuð. Þeir ætluðu að hringja áður en gerðu það ekki. Ég tók sénsinn og fór á járnbrautarstöðina, og sem betur fer voru þeir með lestinni. Ég gaf þeim kvöldmat hérna heima og svo röltum við oní bæ. Mér til undrunar rákumst við á tvo Íslendinga -- hef aldrei vitað um Íslending hér í Karlstad. Annar hét Ingi (veit ekki meir) og vinnur sem dyravörður á vinsælasta skemmtistaðnum hér. Hinn heitir Óli Waage, og er sá frægi Óli Waage - Óla skór, sem flestir Íslendingar eiga. Er hann búinn að koma upp skógerðinni sinni hér í Karlstad og hefur búið hér í rúm þrjú ár, með konu, tvö börn og tengdó. Óli var mjög skemmtilegur og hress maður og vildi endilega að við hittumst næsta dag og gerðum eitthvað sniðugt saman. Við voru meira en til í það. Þetta var nú meira upplevsið, sérstaklega fyrir mig. Til að jafna okkur á þessu settumst við á hallæriplanið hér í Karlstad og fengum okkur hressingu innan um ölvaða og vitlausu unglunga.

¹ Um það leyti sem ég flutti skrifstofuna fór Hafskip á hausinn. Einn dag þegar ég var að fara heim sé ég að verið er að fleygja drasli þaðan. Í gáminum sá ég þrjú skilti frá Hafskipum, m.a. skiltið sem var utan á Hafnarhúsinu með nafni fyrirtækisins. Ég klifraði upp í gáminn og náði í þrjú skilti sem nú hanga hér í kjallaranum á Bergstaðastræti þar sem ég sit og skrái þessi orð.

Þegar ég kom úr vinnunni drifum við okkur út til Glänne, í vatnið góða, sem við fórum saman í. Busluðum dálldinn tíma. -- Svo fórum við til Glänne - Katarína sagði að við mættum fara inn og fá okkur eitthvað. -- Við fengum okkur kaffi, skoðuðum húsið og höfðum það notalegt. Svo fórum við aftur oní bæ, þegar okkur tókst að draga Dag úr leiktækjunum, sem var ekki auðvelt.

Um kvöldið fórum við til Óla og hittum tvo aðra Íslendinga, sem ég kann ekki skil á, því ég hafði aðallega áhuga á krökkunum sem voru alveg ferlega skemmtilegir og konan hans Óla, Sif. -- Ekki leið á löngu þar til ég var búin að ráða mig sem barnfóstru og reyna að selja gamla fólkinu Óla-skó. Þetta var frábært kvöld og vorum við þar til kl. fjögur um morguninn. --

Svo fóru þeir á laugardaginn og kvaddi ég þá með tárur (auðvitað). Mér fannst alveg vonlaust að hugsa til að ég myndi ekki hitta elsku besta Daxa fyrr en á jólnum, þannig að ég felldi nokkur tár.

Nú er tilveran komin í réttar skorður, róleg og góð. Mér líður vel með mínum hugsunum og aldrei hef ég eytt svona miklum tíma í að stússast í kringum sjálfa mig, lesa, hugsa, skrifa, sofa og borða. Ég hlýt að verða óþolandi egóisti þegar við hittumst aftur.

Sif hringdi í kvöld og vantar líklega barnfóstru um helgina og ætla ég að hitta hana í *Óla skóm*.

Það er rólegt og gott hérna, því Curt er einhvers staða í burtu -- Vona að þið skrifið, þó ég sé ekki dugleg við það. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 11.7.1986.

-- Pabbi þinn er nýfluttur með skrifstofur SÍR á Skólavörðustíg og hefur verið með boð fyrir alla iðnaðarmennina sem voru iðnir við að láta allt koma heim og saman. Hann er ánægður með allt.¹ --

Það var gaman að fá vini þína Klaus og Maríon í heimsókn. --

Segir frá undirbúningi matarins, lambakjöts í römertopf.

-- Allt leit vel út, en með stuttum fyrirvara var boðaður félagsfundur í Tannlæknafélaginu út af áriðandi kjaramálum. Ég sagði við pabba þinn: *Ég verð að fara á þennan fund*. Þú tekur við gestunum þegar við erum búin að borða. Allt leit vel út. Ég set kjötið í pottinn, tíminn líður en kl. 20.15 hringir síminn og segir Marion flugvélinni hafi seinkað. --

Við setjumst loks til borðs og talar pabbi þinn lengi í símann. -- Ég sit og læt sem ekkert sé. Iðnaðarmaður hafði verið að vinna frameftir á skrifstofunni og sá að allt í einu var farið að leka niður veggina. Var þá allt á floti á efri hæðinni. Hvernig hefði farið annars? -- Svona var nú borðahaldið. Við stóðum upp og ég þurfti á fundinn og ég keyrði þau á tjaldstæðið. -- Við buðum þeim aftur að borða í gær. Var það mjög skemmtilegt kvöld. --

Pau fóru svo um Vesturland, Vestfirði og Norðurland.

Segir frá mikilli vinnu við undirbúning ársfundar. Gleðst yfir að Dagur skuli hafa heimsótt Auði í Karlstad.

Dagur Eggertsson skrifar foreldrunum. Split. 13.7.1986.

-- Sitjum hér við Magnús² ásamt skoskum félagamönnum okkar sem við urðum samferða frá Zagreb. Júgóslavía er ótrúlegt land, byggingarnar ævafornar niðurníddar, en fallegar. Engin sól, en þið kjaftið ekki frá. Við heimsóttum Ásgeir -- í München og skemmtum okkur konunglega á bæverskum krám. --

Sigríður Dagbjarsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 13.7.1986.

-- erum við búin að fréttu að þið Dagur hefðuð haft það skemmtilegt saman -- Þeir voru þá að fara til Búdapest. --

Við erum ein í kotinu, en líður bara vel. Í gær, laugardag, þegar við vöknudum eftir erfiðan föstudag hjá pabba þínum, því hann var að flytja skrifstofuna, spyr ég hann, hvað getum við gert í dag? Ekkert um sýningar og ekkert merkilegt að gerast, svo við förum í kaffi til mömmu. Hún fór að segja okkur fá útsölu í Pelsinum -- opið til fjögur -- Pabbi þinn er alltaf fljótur til. Klukkuna vantaði kortér í fjögur -- ekkert passaði -- Loks kemur stúlkan með óskaplega fallega dragt - smellpassaði - fékk að borga hana í þrennu lagi -- Ég var eftir mig og með samviskubit yfir eyðsluseminni -- allir dást --

Við erum búin að taka á móti kunningjafólki Ásgeirs frá München. Hún heitir Marion og vinnur við klippingar. Hann er dómari í refsirétti, fólk rúmlega fertugt. Marion er búin að útvega Ásgeiri starf við sjónvarpið sem hann segir að sé mjög vel borgað -- Þau eru farin á kampingbíl um landið. -- Við buðum þeim að gista hjá okkur seinustu nóttina og komu þau með fullt fang af bjór og tvær líkjörflöskur. Ásgeir hefur sagt þeim hvað við værum mikið fyrir það!

Ásgeir sendi bréf með þeim og sagðist líka hafa tekið inn á sig stúdenta frá Kiel, sem þau voru beðin fyrir frá háskólanum. Svo voru þau boðin í partí og datt Ásgeiri í hug að búa til salat. Á meðan hann fór á brautarstöðina að sækja Kollu hugsuðu stúdentarnir sér að hjálpa til að búa til salatið, en þeir fundu enga salatolíu, en samt einhverja olíu í ískápnum og notuðu hana. Heldur reyndist salatið slæmt á bragðið og skildu þeir ekkert í því. Þegar Ásgeir kemur svo heim báðu þeir hann um að smakka. Sér hann þá hvers kyns var. Í ísskáp hefur hann langa lengi átt lýsisflösku og notuðu þeir það út á salatið. Allt fór í ruslafötuna --

¹ Með tengslum við bókasafnara! tókst að fá þetta húsnæði á góðu verði. Vinur, Jón Hannesson húsnæðisráðgjafi, hjálpaði við að koma húsnæðinu í stand. Stjórn SÍR var alltaf að kvarta yfir verðinu, þótt enginn þekkti til. Er ákveðið var að flytja skrifstofuna nokkrum árum síðar fékk Jón Steinar Gunnlaugsson, þá hrl., síðar hæstaréttardómari um skeið, augastað á henni, kom blaðskellandi inn á stjórnarfund og tókst að dobbla stjórnina til að selja sér húsnæðið á gjafverði. Þá var annað hljóð í strokknum þegar smérið blandaðist pólitík. En það var allt í lagi, þó ekki væri ég glaður akkúrat þá. Ráðuneyti tók yfir húsnæðið í Hafnarhúsinu og vorum við ráðuneytisstjórnin, nágrenni minn, eitt sinn samferða heim. Hann spurði hvað húsnæðið hefði kostað. Kom þá í ljós að SÍR keypti nýtt húsnæði á sama verði og ráðuneytið greiddi í leigu fyrir jafn stórt húsnæði á ári.

² Magnús Sigurðarson, jafnaldri Dags, nú listamaður í Bandaríkjunum.

Ég hef verið upptekin við undirbúning ársþingsins sem verður haldið þegar ég kem heim og verður allt að vera tilbúið þegar ég kem heim. --

Pabbi þinn flutti skrifstofu SÍR á föstudaginn. Þá var hann með boð fyrir alla iðnaðarmennina sem höfðu unnið fyrir hann. Einhverjir komu líka úr stjórn SÍR. Þetta er mjög skemmtilegt húsnæði. bjart og rúmgott og fimm mín. gangur í vinnuna.¹ -- fór ég með pabba þínum til að velja gardínur og stengur fyrir skrifstofuna, klósett og vask. -- Þá gafst ég upp á frínu og fór í vinnuna. Þar var líka nóg að gera og ég var fegin að hafa farið. --

Amma þín er í frí frá Dalbrautarheimilinu þar sem er lokað í júlí. -- það okkur að velja uppþvottavél og ætlar að láta gera hreint eldhúsið og endurbæta rafmagsleiðslur á hæðinni hjá sér. Þetta er nú kerling í krapinu. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Elísabetu Vestdal og Roger Abéla. Rvík. 14.7.1986.

-- viðskipti komust á milli Jóns Hannessonar byggingameistara og móður þinnar, fyrir þín orð fyrst, og síðar er ég lagði mig fram um að fá Jón til verksins. Virðast þau ætla að þróast á nokkuð mikið annan veg en ég hefði viljað. Nú skal ég segja þér söguna eins og hún horfir við mér.

Ég kom móður þinni til hjálpar þegar hún leitaði til mín. -- Ég vissi að Jón Hannesson vildi taka verkið að sér og var sannfærður um að hann væri manna líklegastur til að gera það svo vel færi, enda þótt mamma þín væri mjög á verði og ætti von á sviksemi. Nú, ég heyrði svo ekkert um málið. Sírrí átti leið framhjá húsinu og sá að á það var komið nýtt og fint þak. Í dag hitti ég svo Jón Hannesson og sagði hann farir sínar ekki sléttar.

Ég vík að öðru um sinn.

-- Jón vann verk fyrir móður mína á þann fullkornasta máta tæknilega og á allan hátt drengilega þegar hér á húsinu voru gerðar endurbætur. Síðan eru liðin 17 ár og hefur síðan verið með okkur Jóni besta kunningjasamband, án þess að við ættum nein viðskipti. Jón er formaður byggingarnefndar kirkju í Breiðholti sem byggð var á mettíma og reyndist 30% undir áætlun. Á vormánuðum var ákveðið í fyrirtækinu sem ég vann hjá að kaupa húsnæði á byggingarstigi. Ákveðið var að biðja Jón um að taka verkið að sér og stjórna því, en hér var um framkvæmd upp á 1.5 millj. kr. að ræða. Hófust framkvæmdir í byrjun júní. Hægt er að segja að allt verkið hafi gengið betur en von var á, það reyndist ódýrara en búist var við og tók mun skemmri tíma en ætlað var. Auk þess voru samskiptin við Jón einstaklega ánægjuleg, þannig að á betra verður ekki kosið. Kom öllum saman um að menn hans séu góðir fagmenn og auk þess sé Jón svo almennt vel kynntur og í góðu sambandi við alla að verk margra gekk eins og smurð vél. Skrifstofan flutti inn í nýtt húsnæði 10.7. og við héldum upp á verkið.

Nú kom Jón til mín í dag og við að semja um lokagreiðslu og huga að smáatriðum. Þá verður mér næst að spyrja um hvernig verkið fyrir mömmu þína hafi gengið. Ekki var létt að fá Jón til að segja frá því, þar sem honum er ekki kunnugt um tengsl mömmu þinnar og okkar.

Svo kom þó að hann sagði farir sínar ekki sléttar. Mun ég ekki rekja það mál, en svo virðist sem þakið hafi verið lagfært. Gerð var teikning af nýju sólhúsi, fengið leyfi fyrir því í byggingarnefnd, það smíðað og stendur nú fullsmíðað hjá Völundi. Útvegaður var múrari til að gera við skemmdir á múr. Einhvern tíma á þessu tímabili birtist Jóhannes.² Hann fer að hræra í mömmu þinni, tekur að sér greiðslur; málið fer allt að verða hið furðulegasta. Hann vill eitt nú, annað síðar, vill fá hækun á einu og afslátt á öðrum lið.

Eins og ég sagði, get ég ekki, og vil ekki, setja mig inn í þetta mál. Eitt get ég þó sagt þér, kæra Elísabet, að mér þykir mjög fyrir að ég hafi gert á hlut Jóns Hannessonar með því að særa hann til að aðstoða mömmu þína. Ekki ætlaði ég mér að gerast dómari í þessu máli. Hitt veit ég að hafi Jón tekið að sér að gera sólhýsi þá verður það gott sólhýsi. Jóhannes og mamma þín vilja að gluggarnir opnast inn. Þá segir Jón að þeir muni ekki halda vatni. Þau segja að ef gluggarnir á því opnast út muni þeir fjúka af. Ég er nokkurn veginn viss um að frá faglegu sjónarmiði sé mál Jóns rétt. Einnig þannig að fjárhagsáætlunin muni halda.

Nú virðist svo að þau Jóhannes vilji ekki borga sólhýsið. Það þýðir að annað hvort verður Jón sjálfur eða trésmiðjan Völundur að borga. Nema innheimta þurfi það með dómi.

Ég vona nú, Elísabet, að þú skerist í leikinn og sjáir svo um að viðgerð hússins verði lokið sem allra fyrst og málinu öllu og að mamma þín taki engar ákvarðanir sem hleypi verðinu fram. Þetta bréf skrifa ég í því skyni að losa mál þetta úr vandræðastöðu sem ég er viss um að við erum bæði sammála um að sé vegna klaufaskapar. Ég vildi skrifa þér af þessu máli þegar í stað. Ég kom inn í þetta mál fyrir þinn orðastað og mun ekki skipta mér neitt af málinu hér --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Karlstad. 17.7.1986.

-- fæ hláturskast þegar þið eruð að lýsa heimilislífinu í „kötinu“ - síðast dragtarkaupin -- og lýsis-salat-dressingunni hjá Ásgeiri. -- Svo er ég rétt búin að fara í gegnum blaðasendinguna þegar sú næsta kemur -- gaman að fá að vita gang mála -- á gamla góða klakanum. --

Ég er núna í pásu í vinnunni -- þarf svo að sinna gömlum manni, gefa honum að borða -- þvo og koma honum í náttfötin. Þetta væri ekkert mál, ef hann væri ekki sjö hundruð og fimmtíu kíló, þannig að það er erfitt að drösla honum fram og tilbaka. Þetta reddast einhvern veginn, haldiði það ekki? Ég er sem sagt búin að skipta um vinnusvæði, og ég segi nú bara: „Jesús góður“ eins og Lára myndi segja. Þetta er alveg hryllilegt svæði, hitt var paradís á jörð miðað við þetta. Þar voru allir ruglaði og vissu ekkert í

¹ Skrifstofan var í Hafnarhúsinu en sú nýja var á Skólavörðustíg 6B.

² Jóhannes Jónsson Vestdal (1937), bróðir Elísabetar.

sinn haus, en þetta er miklu verra. Ég er alveg ferlega óánægð með allt hér. Það eina sem er gott, er að þetta er í mínu hverfi, og get ég skroppið heim í pásunum, og skrifað bréf til pabba og mömmu.

Svo er allt óvíst með kaupíð og kannski fæ ég ekkert útborgað fyrir en í lok ágúst, allt of seint, en það reddast líka.

Dvölin hefur breyst þó nokkuð, eftir að ég hitti Íslendingana og sé ég fram á að ég verði barnapía svo til daglega eftir vinnu og fram á kvöld. Mér finnst það bara ágætt, bæði að geta hjálpað til og fá almennilegan mat og svoleiðis. Þau eru alltaf að gefa mér skó, þannig að ég veit ekkert hvað ég á að gera við þá. Þau vilja allt fyrir mig gera og eru svo ferlega þakklát fyrir að ég passi.

Nú verð ég að þjóta! Bless á meðan.

-- Klukkan er hálf ellefu. Ég er búin að hafa það gott í kvöld. Það gekk vel að koma kallinum í rúmið, og þegar ég kom heim, þá fékk ég mér í svanginn, kjötbollur - nammi-namm.

Það er einn gamall maður sem ég fer sjaldan til, einu sinni í viku, sem er alveg frábær. Honum líkar svo vel við mig og okkur kemur svo vel saman að það er frábært að koma til hans. Hann er barnlaus og þykir það svo leiðinlegt að eiga engin börn, í kvöld ákváðum við að ég væri dóttir hans í þykjustunni Hann var svo ánægður með það að hann ljómaði allur. Það er svo gaman þegar fólkið er ánægt með mann, hælir manni, því það peppar mann upp, og manni fer að þykja vænt um fólkið og því finnst vænt um mann. Sem betur fer hefur mér tekist að komast í gott samband við flest fólkið, sem ég hef verið hjá, annars hefði þetta aldrei gengið. Það er munur á þessu og elliheimili, að maður nær persónulegra sambandi við fólk sem maður fer oft til.

-- Á þriðjudagskvöld fór ég á STATT, sem er vinsælasti skemmtistaðurinn hér í bæ og hitti hann Inga sem er dyravörður þar. Hann er búinn að lofa mér að vinna í fatahenginu og svo mætti ég hirða ágóðann. Ég stóð þar frá átta til tvö, og það var alveg þrælgaman. Maður hitti þar hinar skrautlegustu persónur. Ég fékk sémilegan pening fyrir, allavega fór ég strax á miðvikudag og keypti í matinn og fékk mér duglega að borða. Namm - hvað það var gott.

Svo fór ég í gær að passa tvö brjáluðustu börn sem ég hef komist í tæri við. Þau voru alveg band-sjóðandi vitlaus og það þýddi ekki annað en að vera frek og ströng á móti. Það var mjög gaman að passa þau, þó þau væru óþekk, það var svo góð umskipting frá gömlu fólki, allan daginn, út og inn. Svo er líka svo langt síðan ég hef passað svona litla krakka og það var alveg þrælgaman að skipta á kúkableyju og þvo lítinn sætan barnsrass (er ég of gróf núna?). Ég gaf þeim soðinn fisk og kartöflur, stappað með smjöri og kom þeim svo í rúmið með miklum erfiðismunum. Svo komu Óli og Sif og við Sif sátum og röbбуðum langt fram á kvöld, og Óli keyrði mig heim. Þau eru mjög skemmtileg og þakklát fyrir að ég nenni að passa fyrir þau. Ég fer þangað aftur á morgun. Vona að óþekktarormarnir verði rólegri þá.

Nei, þetta gengur ekki lengur. Ég er orðin svo þreytt að þetta bréf hlýtur að vera bara tóm t þvaður. -- Hafið það gott í nýjum vinnuhúsnæðum og nýjum leðurdrögtum. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 20.7.1986.

-- Við mamma þín höfum verið að mála húsið, eins og það var, nema Dagur lagði til að brúnirnar væru gráar, og var það framkvæmt. Ég hef verið skjálfaði að teygja mig upp í mæninn í riðandi stiga. --

Boðar för þeirra hjóna til Stokkhólms.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 20.7.1986.

Sendir ýmislegt efni úr blöðunum, ekki síst varðandi Hafskipsmálið og Albert Guðmundsson ásamt grein eftir Þorsteins frá Hamri um málþróun. Einnig grein eftir Gísli Jónsson sem sýnir málþróunina með grein með knattspyrnuskýningu frá 1919.

--Af Degi er ekkert að fréttu og við vitum ekki neitt um ferðir hans. Kort hafa borist hingað til lands frá Magga að hann væri staddur í München, væntanlega í för með Degi, kannski ekki allfjarri Ásgeiri, sem þar býr! --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 20.7.1986.

Bréf bendir til þess að Dagur sé kominn til Osló og náms í arkitektúr, því nú er talað um sendingu á vaðsekk til hans og vottorð vegna skólavistar og námslána. Auður er væntanleg frá París þar sem hún hefur verið í kalsaveðri.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Karlstad. 23.7.1986.

-- Þakka bréf og blöð, pabbi, allt tölvuvætt. -- mér finnst þegar þig skrifið úr vinnunni, á þessar fínu tölvur, að þið séuð ekki eins afslöppuð og heima og bréfin verði yfirborðskenndari. En þetta getur líka verið vitleysa hjá mér, því ég er vitlaus eins og þið vitið manna best. -- Ég er alveg úrvinda af þreytu á þessum fimmtudegi. -- Þetta er minn „frídagur“ í vikunni, en ég eyddi honum frá níu til fimm í Óla-skóbúðinni, fyrst inni á lager að telja skóbotna, en þreif allt húsnæðið eftir hádegi. Ég var á tímakaupi og fæ borgað svart, þannig að það er smá aukapeningur og auka bakverkur líka því síðustu dagana hefur mér verið illt í bakinu af þessum hreingerningum, sí og æ. Ég hef lítið frí haft eftir að ég fór að umgangast þessa Íslendinga, því ef ég er ekki í vinnunni er ég oftast að passa krakkana þeirra. Það er alveg ágætt, og þau voða góð við mig, alltaf að gefa mér nýja skó, en ég finn það nú þegar ég er komin heim, að það er gott að koma hingað og vera í ró og næði. Það er hljótt og gott hérna núna, ég er ein í húsinu þessa viku og ég er ákveðin í að hafa það gott. Það er rigning og búin að vera þennan mánuð svo maður heldur sig innan dyra. --

Eftir viku förum við Ása í smá tjaldferðalag og hafa það gott áður en ég fer héðan. -- Ég læt Ásu ráða ferðinni að mestu leyti, en ég er bílstjórinn. Já-já, ég lofa að fara varlega!

Þá er komið að viðkvæma málinu, laununum mínum. Ég hef enn ekki fengið neitt útborgað og verður spennandi að sjá hvort ég fæ eitthvað á morgun, sem er útborgunardagur. Allt bendir til að ég fái bara ekki neitt, eða svo að segja, fyrir en í lok ágúst, sem er allt

of seint fyrir mig. -- ég nenni ekki að hugsa um það, því það er svo mikill ruglingur. Hvar endar þetta allt saman? Ekki veit ég. Tölum um eitthvað skemmtilegra.

Ég er farin að hlakka til að hætta í vinnunni, hitta ykkur í Stokkhólmi og halda upp á afmælið mitt með ykkur. Það er orðið langt síðan ég hélt upp á það í heild sinni með ykkur. Í fyrra fóruð þið út úr bænum -- skammirnar ykkar. Þið verðið endilega að hafa samband við mig þegar þið komið til Stokkhólms, það er orðið svo langt síðan ég hef heyrt í ykkur. --

Hafið það sem allra best og skilið kveðju til ömmu, ömmu og allra hinna. -

Dagur Eggertsson skrifar fjölskyldunni. Osló. 31.8.1986.

-- Nú er stutt þangað til að skólinn byrjar á morgun. Hingað til hef ég notað tímann til að útvega mér húsnæði, en lítið miðar, að minnsta kosti er ekki komin reynsla á mínar aðgerðir. Fólkið sem Palli benti mér á að tala við hefur lítið um málið að segja nema það að allt húsnæði sé yfirfullt fyrir löngu. -- Svo sótti ég um á stúdentagarði.

Líklega kem ég ekki til með að fréttu af neinu fyrr en eftir kannski viku eða hálfan mánuð. Svo getur það auðvitað verið að maður heyri eitthvað frá skólasystkinum sínum, að maður komist í samleigu með einhverjum. Um að gera að vera bjartsýnn og halda leitinni áfram.

Svo er það lánasjóðurinn sem ég er farinn að hugsa ansi stíft um. Þessar fjögur þúsund norsku krónur sem ég fæ á mánuði duga rétt rúmlega fyrir saltinu í grautinn. Ef ég tek alvarlega það sem þeir á skólanum segja um bóka kaup og annan kostnað í þá veru, þá kæmi ég til að eyða tæplega helmingnum af láninu. -- Þetta kemur allt saman betur í ljós eftir að skólinn byrjar. Að minnsta kosti ætla ég ekki að fara strax að nölra í lánasjóðnum. (Held mig við ykkur til að byrja með).

Ég get nú ekki annað en brosað út í annað þegar ég hugsa til þess hvernig aðkoman hefur verið á Bergstaðastrætina þegar þið komuð heim. Garðurinn ósleginn og drasl út um allt hús. Ég hafði það þó af að ryksuga og þvo bílinn og redda velflestu sem ég þurfti að hafa með mér. Við skulum ekkert fara að tala um gjaldeyri. Annars er það helsta von mín að ykkur takist að þæla í gegnum dótið á skrifborðinu. --

Farseðlinum þarf að koma upp í Lánasjóð. Öðru held ég að ég hafi ekki gleymt -- Nú er komið - ég meina, nú er orðið framorðið og ég orðinn syfjaður. Eftir því sem mér skilist er fyrsti dagurinn lítið annað en sherrydrykkja. Ekki er það nú verra. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 4.9.1986.

-- Ég hrósa þér fyrir bréfið þitt, það er vel og léttilega skrifað, ber vott um að þú takir þín mál föstum tókum. Þú skýrir vafningalaust frá hlutunum, á mjög eðlilegu máli og með skemmtilegum stíl. (H)RÓS áttu skilið. --

Auður var að koma heim í kvöld, ákaflega ánægð með ferðina, einkum og sér í lagi var dvölin í Barselónu ánægjuleg. Hún var orðin gjörsamlega peningalaus í Amsterdam og svaf á flugvellinum síðustu nóttina.

Mamma þín er á fundi hjá TFÍ. Taxtadeilur standa sem hæst - aðeins glittir í sólargeisla framundan. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. 7.9.1986.

Dagur átti í miklum erfiðleikum með að útvega sér herbergi og bjó lengi á ýmsum stöðum, þegar vinir hans voru í frúm. Olli þetta okkur miklum áhyggjum. Mamma hans þekkti ýmsa sem höfðu reynslu af þessu frá Osló og skrifar hún honum um hvað þeir leggja til málanna. Þetta leysist vonandi.

-- Nú erum við að fara í móttökuveislu fyrir Auði hjá ömmu þinni. Hún er varla búin að halda kveðjupartí fyrir þig þegar hún tekur sig til og heldur veislu fyrir Auði. Hún er nú að setja á tertu og útbúa rækjusalat. Er öll af vilja gerð en sér illa til þess. --

Við vorum að taka til og dást að því hvað þú hafðir gengið vel um. Það var bara garðurinn sem við erum búin að kljást svolítið við. Eftir að við slógum hann er hann orðinn fínn.

Við erum búin að fara á Kjarvalsstaði -- hittum Magnús Tómasson¹ og ætlaði hann að senda reikning fyrir vinnu þína til borgarinnar. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 12.9.1986.

Sendir Ásgeiri þakkir fyrir gestrisni og dýrðlegar móttökur. Þau hafi fundið sig vera aufúsugesti hjá þeim og okkur þótti vænt um hvað þau sýndu okkur mikla hlýju og hafði búið vel um ykkur. Frá München fórum við í lest til Hafnar og þaðan til Ísl.

-- Tómlagt var að koma heim, engin börn í húsinu þó allt væri þar í góðu lagi og mamma í besta skapi. Nú er búið að koma garðinum í lag, undirbúa viðgerð á húsinu, tína rifsber og senda aðskiljanlegt skrifir til LÍN. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló, 14.9.1986.

Er búinn að fá herbergi á stúdentagarði.

-- Skólinn er í alla staði yndislegur og framúrskarandi -- mjög góður og -- þungur, en það er bara betra, eitthvað verður maður að leggja á sig. Kennslufyrirkomulagið er þægilegt og maður finnur að kennararnir leggja sig fram til að gera úr okkur almennilega arkitekta. Til dæmis er ég með sex kennara, þrjá myndlistarmenn og þrjá arkitekta. Í stað þess að þeir kenni kannski klukkutíma

¹ Dagur hafði unnið hjá honum við uppsetningu sýningar hans.

hver, eins og maður á að venjast, þá eru þeir allir samtímis á staðnum. Skiptast á að halda fyrirlestra, en sitja samt á meðal okkar og halda uppi umræðu um efnið. Þetta virkar líflegt og heldur manni við efnið -- Fólkið í bekknum er allt jákvætt og skemmtilegt og þægilegt að tala við og málið kemur fljótt. Engin vandræði með það. --

Þá ræðir hann fjármál, ekki síst vegna vinnuferðar nemendanna til Amsterdam. Segist hafa haft samband við frænku sína Elínu Finborud í ísl. sendiráðinu og borðaði hjá henni kvöldmat.

-- það var ekki mjög þægilegt að tala við hana. Hún er ekki þessi framúrskarandi, áhugasami og skemmtilegi hlustandi eins og ég er. Humm! Ég er kominn út á hálán ís. Samt sem áður var gaman að hitta hana og spjalla við hana. --


Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 17.9.1986.

Segi frá deginum þegar mikið er að gera hjá mömmu hans í TFÍ. Svo var vinur hans Magnús Sigurðarson (síðar listamaður í USA) hjá þeim lengi dags og ræddi framtíðina en hann langar til að læra arkitektúr í Mexícó.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 20.9.1986.

Pau Sírri eru að undirbúa veislu fyrir stjórn TFÍ vegna stjórnarskipta. Svo segir hann þær gleðifregnir að Dagur hafi fengið inni á stúdentagarði en hann hefur hingað til fengið að sofa hjá vinum sínum. Hann er ánægður með skóla og nám.

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 20.9.1986.




Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 20.9.1986.

-- þakka þér hjartanlega fyrir skemmtilegt bréf -- Ekki veit ég hvar þú hefur lært að skrifa svo stílsnjöll og skemmtileg bréf. Haltu í léttleikann og æfðu þig mikið! --

Amma þín er hætt á dagvistinni þar sem hún er mjög óánægð með nýtt starfsfólk og breytingar sem því fylgdu -- er að leita sér að nýjum farvegi og finnur hann áreiðanlega -- Til hamingju með stúdentagarðinn. Þeir sem til þekkja telja að þú hafir dottið í lukkupott --

Stríðið í SÍR er nú afstaðið og hef ég gert nýjan ráðningasamning við félagið sem skrifstofustjóri. Ráða þeir rafmagnsfræðing sem framkvæmdastj. og segja hagfræðingnum upp. Kjörin eru óbreytt. Er ég yfirleitt ánægður með þau, auk þess fæ ég betri lífeyrisréttindi. --



Dagur Eggertss. skrifar foreldrum og Auði. Osló. 21.9.1986.

-- ég er búinn að fá vaðsekkinn ásamt innihaldi -- get farið að stunda námið af fullum krafti. -- Á morgun fer ég til Amsterdam með skólanum - förum í skoðunarferðir til Útrecht og Arnhem.--

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertss. Rvík. 28.9.1986.

Gleðst yfir að hann sé búinn að fá inni á stúdentagarði. Segir fréttir af Auði sem liggur og dormar eftir að hafa verið að skemmta sér í gærkvöldi, búin að þvo eldhús- og baðherbergisgölf í morgun.

Segir frá Ársþingi tannlækna.

-- Ragnhildur Helgadóttir heilbrigðisráðherra -- setur það og býður kokkteil á eftir. Hún er nú aðalhreilir tannlækna, búin að setja á þá taxa ráðuneytisins og kannar taxa tannlækna á öðrum Norðurlöndum til samanburðar --

Ég hafði talað við Ragnhildi -- og beðið hana að setja þingið og tók hún vel í það -- Svo þegar þetta gjaldskrárstríð byrjaði voru tannlæknar mjög reiðir út í hana og voru helst á því að þiggja ekki hennar nærveru -- Það varð samt ofan á að blanda þessu tvennu ekki saman og fór ég aftur á stað og spurði hvort loforðið héldi. Hún spurði mig hvort ég héldi að tannlæknar vildu fá sig og þegar ég sagði svo vera, þá sló hún til og sagði að það væri líklega ágætt að fá sér í glas með þeim. Ég sníkti líka veitingarnar hjá henni. -- Þú sérð að ég er niðursokkin í vinnuna og hugsa ekki um annað núna, vinn flestar helgar til að allt gangi upp. Það virðist líka ætla að gera það og þá er voða gaman. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 5.10.1986.

Segir frá öllu tilstandinu kringum komu Gorbachev og Reagan, allir að reyna að koma á framfæri lausum herbergjum og íbúðum til leigu. Geysilegar varúðarráðstafanir. Vonar að hann komi hingað sem leiðsögumaður þýskra fjölmíðlamanna. Segir frá ráðningu sinni og strangri baráttu við Aðalstein Guðjohnsen formann¹ og vonar að vel takist með ráðningu nýs manns.

-- að vísu er Aðalsteini ekki treystandi fyrir miklu en ég held það sé mjög til bóta að þurfa ekki að vera í jafn miklu sambandi við hann -- Mest er um vert að hafa sæmilegan starfsfrið og geta tekið sumarleyfi sem ekki hefur tekist undanfarin ár.

Amma þín undirbýr 86 ára afmælið -- gestir koma til hennar, fjórtán talsins. Þegar ég lít á dagsetninguna sé ég að Kirstín langamma þín í Nesi var einmitt fædd í dag fyrir 126 árum. --

Dagur Eggertss. skrifar pabba, mömmu, Auði og Púsjó.² 14.10.1986

-- Í raun og veru var Amsterdamferðin ekkert nema vinna. Frá morgni til kvölds vorum við rissandi og teiknandi, sátum eins og steinrunnin klukktímum saman á söfnum og úti á götu, bara teiknandi. En það var ótrúlega skemmtilegt því árangurinn - eða - ég meina framfarirnar - létu ekki á sér standa. Svo höfðum við kvöldin frjáls, og þá gerði maður nú hitt og þetta annað en að slappa af. Hmm?

Við fórum einn daginn í rútuferð til annarra bæja í Hollandi. Fyrst skoðuðum við ráðhúsið í Hilversum. Svo fórum við á byggðasafn rétt utan við Arnhem. Þar fengum við verkefni, hópverkefni, einskona mini-greiningarverkefni, þ.e.a.s., við áttum að greina ákveðið hús, sem í okkar tilfalli var bóndabær, niður í þrjá grunnþætti, *form, funksjón og teknik*. Svo áttum við að teikna það upp og daginn eftir héldum við svo fyrirlestur þar sem við kynntum niðurstöðurnar. Ég held ég fresti frásögninni.



Já, nú tek ég upp þráðinn, fjórum dögum seinna. Núna er skólinn farinn að taka meiri tíma en áður. Verkefni sem við fáum eru oft svo þung að maður er vinnandi langt fram á kvöld. Það er soldið þreytandi, sérstaklega þegar maður þarf að leggja sig allan fram við að vera skapandi. En það er nú svona .. bráðum kemur betri tíð..


¹ Aðalsteinn Guðjohnsen rafveitustjóri og form. SÍR. Sjá *Veitumaðurinn* ég.

² Bíllinn sem við áttum.

Svo fór ég í bæinn ásamt Gunnari. Það sem mér fannst sérstaklega merkilegt við þessa, annars hversdagslegu bæjarferð, var að ég keypti mér kaffikvörn og lexíkon. Fyrst fékk ég kvörnina á hálfvirði eftir að hafa sannfært afgreiðslukonuna um að hún, kvörnin, væri ónýtt. Fínerís kaffikvörn fyrir 350 ísl. kr.

Svo datt ég, nei ég datt inn á flóamarkað og fann þetta líka völduga konversasjonslexíkon í fimm bindum á 20 n.kr. Þetta kalla ég velheppnaðan laugardag.

Svo ég fari nú yfir í annað efni þá var Amsterdamferðin í heildina mjög skemmtileg.



Við fórum í mikið af söfnum í Hollandi. Það var frábært, enda er mikið að gerast í nútímalist þar. Eitt safnið heitir Kröller-Müller safnið og er fyrir utan Arnhem. Það er svipað og Rotneros¹ myndastyttugarðurinn, samanlagt nema að þarna var meiri framúrstefnulist og sýningarsvæðið ca. 10 sinnum stærra. Eins og Vesturbærinn og Seltjarnarnesið. Alveg ótrúlega stórt. Það voru milljónamæringarnir Kröller og Müller sem komu þessu ferlíki á stofn. Það er nauðsynlegt að skoða þetta ef maður er á ferð um Holland.

Sigríður Dagbjartsdóttir Ásgeiri Eggertss. Rvík. 11.10.1986.

-- laugardagskvöld -- pabbi þinn les Moggann. Auður horfir á Stöðina nýju og ég skrifa þér.

Reagan og Gorbajov hafa verið að ræðast við og halda áfram á morgun. Það hefur verið undarlegt ástand hér síðustu vikurnar síðan Reykjavík var valin fyrir leiðtogafundinn. Allt er hér á öðrum endanum, undirlagt af fréttamönnum hvaðanæfa að úr heiminum. Reagan býr í Ameríska sendiráðinu og nærliggjandi götur allar lokaðar -- lögreglan hleypir engum óviðkomand í gegn. Sá rússneski býr í skemmtiferðaskipi rússnesku --

Dagur er ánægður með skólann og Amsterdamferðina. --

Missti af herberginu á stúdentagarðinum meðan hann var burtu og var bara feginn, vill búa nær miðbænum og fær að búa hjá vini sínum.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 19.10.1986.

Segir frá prófkjöri Sjálfstæðismanna í Rvík og ýmsum vandræðum tengdum Alberti, bæði vegna stjórn málaaðferða hans og Hafskipsmálsins sem hann blandast í. Stjórnmalamenn eru með glýju í augum vegna leiðtogafundarins og telja að út á hann geti þeir selt hvað sem er, farmiða, fisk --

-- kannski okkur sjálf. --

Sagðist hafa verið að hlusta í sjónvarpi á þátt þar sem Halldór Björn Runólfsson talaði við þann skemmtilega mann Helga Þorgils Friðjónsson sem komst ekki að fyrir Halldóri fyrr en leið á þáttinn og stóð sig þá vel.

-- vorum að koma af grafíksýningu -- á Kjarvalsstöðum. TFÍ/mamma þín keypti mynd eftir Björgu Þorsteinsdóttur -- var að sækja myndina. Hittum Jón Reykdal² sem spurði um þig og bað að heilsa. Hann samgladdist þér að vera kominn inn í skólann í Osló, sagðist viss um að þú spjaraðir þig og fagið væri áreiðanlega mjög skemmtilegt. Sjálfur sagðist hann hafa verið í listatímum með arkitektanemum í Stokkhólmi þar sem svo margt væri sameiginlegt myndlist og húsagerðarlistinni.

¹ Höggmyndagarður í Vermlandí þar sem m.a. er stytta eftir Ásmund Sveinsson.

² Jón Reykdal (1945-2013) dó fyrir þrem dögum. Skrifað upp 4.2.2013. Myndlistarkennari Dags í Handíða- og myndlistarskólanum.

Mamma þín fer með myndina á morgun í innrömmun og tekur með laufblaðið þitt gamla og myndina eftir Guðmund Thoroddsen¹ sem hann kom með til okkar um daginn. Hann það líka að heilsa þér. Ég þykist muna að þið hafið kynnst í París. --

Amma þín er alltaf að spila á píanó og taka upp fyrir vin sinn Halldór Gíslason² fv. skipstjóra sem hún kynntist á Dalbrautarheimilinu, er hún reyndar hætt þar, enda þoldi hún ekki alla guðræknina og er nú mjög ánægð heima. --

Auður er uppi á lofti að pæla með Jóni Ákasyni³ í stærðfræðinni, ég held að það sé Pýþagóras þessa stundina. Hún er mjög ánægð og telur að allt sé að opnast, en úthaldið í stærðfræðinni hefur aldrei verið mikið eins og þú þekkir. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 26.10.1986.

Segir fátt að fréttu af Bergstaðastræti. Og þó!

-- Svo maður byrji á *kjallaranum*. Þar gerðust undur í gær. Allt í einu fór að streyma vatn upp um geymslugólfid hjá ömmu þinn; ekki mikið, en breiddist þó út um tvo fermetra. Þrátt fyrir undrun hjá mér, þá lagði ég í að þurrka upp. Nú er þessu lokið og með öllu óskiljanlegt hvað valdið hefur. Er hér jarðvatn frá rigningum haustsins? Er bilun í vatnsleiðslu? Enn hefur þetta ekki skírst.⁴

Ekki veit ég hvort ég hef sagt þér af þeim viðburði í vor er Dagur svaf í rúmi sínu í *kjallaranum* að hann hrökk upp við það að þússningin í loftinu féll yfir rúmið. Sjokk fyrir alla. Hann slapp ómeiddur og hefur síðan valið sér bústað í Noregi. --

Í *þvottahúsinu* gamla eru bækur séra Árna Þórarinssonar, sem byrjað er á að binda. Bókiðnaðarmaðurinn fer senn að verða illræmdur fyrir að vanrækja skyldur sínar gagnvart eiginkonu og börnum, skrifar t.d. varla þeim sem í Bæjaralandi búa.

Í *kjallaranum* er *Vespa*, sem bróðir drengsins í Bæjaralandi keypti og ætlaði sér að koma snarlega í lag. Síðan eru ófá missiri. Tekur bílalistasafn við biluðum *Vespu*? Væri rétt að skrifa syninum í Kristjánfu og bera slíka ráðagerð undir hann.

1. hæð. Þar býr kona öldruð, nánar til tekið aldargömul, frekar tiltekið jafngömul öldinni. Fylgist með öllum fréttum, t.d. les hún nákvæmlega blaðaskrif afkomenda sinna, hvort sem þau fjalla um varðgæsamessuna í Frankfúrt eða bókanotkun þýska hersins⁵ og lætur vel af.

Þær leiðu fréttir hafði hún að segja að Kári⁶ hefði orðið fyrir zinkeitrun þegar hann var að logsjóða í skipsgeymi. Var fluttur meðvitundarlaus á sjúkrahús, en mun farinn að braggast -- Kári er trúlofaður fjölskyldu Hauks Morthens. Árni komst gegnum prófin á 1. ári í viðskiptafræði, ótrúlofaður skv. fréttum.

Háaloft. Ekki er ætlunin að sleppa tveim hæðum. Á háalofti eru bruggbirgðir þverrandi, en skv. fréttum úr kjallara eru horfur á að þær fari að aukast.

Hér kemur langur ævintýrakafli um sjónvarpsstöðvar, ruglara, afruglara, videoleigur, útvarpsrásir, aðrar rásir og sama lagið.

P.S. *Dagur* -- ákaflega ánægður með *dvölinu* í Osló, þykir námið þungt, óþanginn. Auður býr sig undir stærðfræðipróf, hálfþangin.

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló, 26.10.1986.

-- Nú set ég mig niður á koffortið mitt, tek upp teikniblokk og filtpenna og set mig í skrifarstellingar, hvernig sem þær eru. Hérna fyrir utan gluggann á götunni fyrir neðan eru heilu hjarðirnar af aðdáendum tveggja fótþoliðna, marserandi niður í bæ. Sennilega í leit að heppilegum bar ... þá annaðhvort til að drekkja sorgum sínum á, eða að fagna verðskuldudum sigri. Það var nefnilega að ljúka úrslitaleiknum í fyrstudeildinni norsku. Troms sigraði Lilleström, fjögur á móti einu. Ég var að horfa á leikinn í sjónvarpinu. Vesalings Haraldur krónprins varð fyrir því að þurfa að afhenda alla verðlaunapeningana og taka í höndina á þessum kófsveittu, blásandi hvöllum. Honum tókst að halda brosinu allan tímann, það kalla ég gott.

Hálfnaður, -- eða hálfnuð önnin núna eða þar um bil. Já, þetta er búið að vera indælt stríð *mjög* mjög erfitt og þá aðallega sálfræðilega. Maður hefur verið undir stöðugri hugmyndafræðilegri pressu, ef þið skiljið hvað ég á við. Það kemur fyrir að maður er hérumbil að kikna undan álaginu. „*Svona er arkitektúr*“ segja þeir „og *svona átt þú að fást við vandamálið*“, „og *verkefnið verður aðeins leyst með þessum hætti*.“

Svo verður maður að knékrjúpa fyrir svona þröngsýni. Uss, ég verð bara reiður að hugsa um þetta. En svona er þetta, ég tek bara minn tíma til að meðtaka þessa „*visku*“. Nóg um þetta. Ég held ótrauður áfram með námið. Ég reikna með því að einhverjir í bekknum komi til með að hætta þegar fram líða stundir. Annar Íslendinganna ætlar að hætta um jólin.

Annars er lítið í fréttum, nema kannski hystería lögreglunnar í sambandi við eiturlyfjasmygl. Það er hér um bil eins og hún sé sjálf á lyfjum, því hún hefur verið að því undanfarnar viku að handtaka saklaust fólk og gera húsleit hjá útlendingum. Hún sér svindlara og svikahrappa í hverju skúmaskoti. Í fyrradag var t.d. verið að láta lausan mann sem hafði verið í gæsluvarðhaldi í 11 mánuði.

¹ Guðmundur Thoroddsen (1952-1996) giftur Elísabetu Gunnarsdóttur (1958), arkitekt sem starfar í Kanada. Hafa þau Dagur verið í samstarfi á Nýfundnalandi.

² Halldór Gíslason (1899-1999) fv. skiptstjóri.

³ Jón Gunnar Ákason (1966) arkitekt í Noregi.

⁴ Þessir viðburðir hafa átt sér stað þrisvar sinnum. Loks uppgötvaðist að þakrennuniðurföll höfðu stíflast, sem búast mátti við, eftir öll þau ár síðan húsið var byggt. Kostaði það, uppgröft o.fl. aðgerðir, mér til heilsubótar.

⁵ Hér er vísað til útvarpspistla Ásgeirs í RÚV.

⁶ Kári Pálsson (1964), stóriðnrekandi um land allt og miðin.

Já, það er nú svo. En ég er hvorki dópisti né drykkjumaður eða svindlari og svikarapur þannig að ég losna við allt þess háttar vesen. Þetta var nú útdúr.

Annars hef ég alltaf haft soldið gaman af útdúrum. Ætli næsta bréf verði ekki einn útdúr. Ég skal hafa - það - bak - við eyrað. -

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 1.11.1986.

Þakkar einstaklega skemmtilegt teikniblokkarbréf, innilegt, opinskátt; manni finnst þú standir nærri. Ræðir um mikið álag í náminu og að próf skuli notuð af kennurum sem skálkaskjól. Guðrún Sveinsdóttir, frænka þeirra, sem er í lögfræði, segir að nemendurnir hefðu gengið frá prófi þar sem þeir skildu ekki spurningarnar.

-- hvort er hér við nemendur eða kennara að sakast.? -- hún var engan veginn viss -- var sannfærð um að falla -- en viti menn, hún varð næst-hæst. -- Eru svona próf til gagns?

-- Ég er búinn að vera úti við skurðgröft og þykist hafa fundið ástæðuna fyrir lekanum í kjallaranum. -- Við eigum von á Helgu, Rönku, Steinu og Jórinni¹ í kvöldverð -- þarf að ljúka bréfinu. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 7.11.1988.

Segir frá veislu sem haldin var fyrir Friede, Dídí, Jónu systur þeirra og Óla Vestmann, mann hennar.

-- Við höfðum skarf sem við keyptum hjá fólkinu í Flatey og var það mikill ágætismatur, líktist svolítið lunda en meyrari og nálgast kjúkling á bragðið. --

Við Auður tókum okkur til og byrjuðum í leikfimi saman --

Svo fórum við pabbi þinn í Iðnó að sjá Sveitasinfóníu eftir Ragnar Arnalds. Ég bjóst ekki við neinu merkilegu, en verkið er skemmtilegt, vel leikið og gerði mikla lukku. Það fjallar um líf fólks í sveit þar sem heimabrug kemur við sögu, virkjun í dalnum og svo náttúrlega ást og framhjáald til að auka spennuna. -- leikararnir fóru á kostum. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 9.11.1986.

-- Pabbi þinn er að þýða bók sem heitir *Energi i Norden*. Nordisk Ministerråd hefur gefið bókina út á hinum Norðurlöndunum og nú á að gera slíkt hið sama hérna. Páll Líndal fór fram á þetta við pabba þinn. Hann situr hér fastur við ritvélinu og það var bara með lagni sem ég gat smeygt mér að. Upp úr þessu hefur sprottið sú gagnlega umræða hvort við ættum ekki að skella okkur á tölvu og prentara. Þá er spurningin, hvaða tölvu eigi að kaupa. Helst viljum við kaupa eitthvað svipað því sem við höfum í vinnunni. Hvað segir þú um þetta?

Nú færðu líka úrklippur í sambandi við Hjálparstofnun kirkjunnar. Það kemur í ljós, að það sem almenningur er búinn að gefa til í árarandi er hin mesta svikastofnun. Starfslið og stjórn notar meiri part gjafafjár í eigin þarfir. Pabbi þinn hefur haft ótrú á þessari stofnun frá upphafi, svo þetta kemur honum ekki á óvart. -- Það versta er að stjórnendurnir þverskallast við og gera lítið sem ekkert úr þessu. -- Þeir hundskast ekki til að segja af sér til þess að endurskipulagning geti farið fram og fólk fái tiltrú á stofnunina aftur. --

Dagur Eggertsson skrifar fjölskyldunni, Osló. 9.11.1986.

-- Hér fáið þið eitt stutt bréf, svona í tilefni þess að það er orðið frekar framorðið. Í kvöld var ég og aðrir íbúar á St. gate 2 að horfa á gamla Roman Polanski bíómynd í sjónvarpi. Góð mynd. Þið getið bolverð R..P. fyrir að fá ekki lengra bréf, ef einhver ástæða er til.

Það allra nýjast í fréttum er að ég er búinn að kaupa mér þennan ágætis frakka.



¹ Þetta eru systurnar, Ingimundardætur frá Kaldárholti. Jórunn mamma Sirrjár, Helga, kona Sveins Ben., móðir fyrrnefndrar Guðrúnar, Ragnheiður Blöndal og Steinunn, sem bjuggu á Smáragötu 10, sem var miðstöð Kaldárhólts/Hælsættarinnar.

Já það tókst --- bíðiði við, ekki hlæja svona mikið, að minnsta kosti ekki þú, mamma. Mundu að það er ekki ég sem á að borga hann. Já - humm -- hann var svo ódýr, kostaði tæpar 2600 kr. norskar, en var vel þess virði. Og hér hafið þið mynd af mér í hinni nýju flík ásamt norsku umhverfi og veðrinu hér í Osló.

Svo fékk ég undarlegt heimboð á föstudagskvöldið (nú sunnud.) Þú manst kannski eftir rafmagnskarlinum Jan Edvardsen sem var á fundi með þér fyrir nokkrum vikum - eða missirum! Hann hafði samband við mig og bauð mér í kvöldmat heima hjá sér. Alveg ágætt. Sólveig kona hans eldaði lax, já, hreint sérdeilis góðan. Ein af dætrum þeirra var heima og allt var æðislega gaman. --

Boðar komu sína um jólin.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 13.11.1986.

Frétti að þeir félagar, Dagur og Logi Einarsson hefðu lagt mikla vinnu í skipulag Barcelona sem þeir ákváðu að leggja til hlíðar og byrja aftur frá byrjun.

-- Við erum alltaf að hlusta á Ásgeir með fréttirnar frá Þýskalandi. Hann stendur sig mjög vel og er í miklu meiri vinnu (*en ella*) vegna ástandsins sem nú er í A-Þýskalandi Hann hringdi í okkur í gær og sagði að þetta tefði sig frá ritgerðinni -- Hann fær mikið hrós fyrir gott og skýrt málfar. --

Við vorum í skemmtilegu boði hjá Agnari og Rúrí með Eyjólfri Konráði Jónssyni og Bubbu. Við komum beint af sínfónútónleikum þar sem Katia Riccarelli, heimsfræg sópransöngkona frá Ítalíu, söng og hreif hún mann með sér.

Auður átti að vinna frá kl. 6 í Þjóðleikhúskjallaranum og var til kl. 4. Hún var alveg búin að vera og fegin að fá frí á sunnudaginn og að geta talaði við Magga¹ í símann. Það er alltaf spennandi að fá fréttir af Þeim Möggu Blöndal,² Auður segir það mikla ást og er kankvís út af þessu. Við hittum -- Sveindísi og Harald Blöndal í Kringlunni og sneri Sveindís sér að mér til að forvitnast um þennan tilvonandi tengdason sem dóttirin var komin með upp á arminn. Hún vissi af kunningsskap okkar við hann og var heldur en ekki glöð þegar við gáfum honum þessi líka fínu meðmæli.³ --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 16.11.1986.

Dagur kemur um jólin; spyr um áætlun Ásgeirs. Segir mikið lagt á Dag. Hefði einn ísl. nemandi gefist upp.

Segir frá veislu sem þau Sirri héldu fyrir Rúrí, ekkju Agnars Biering, og systkini hans Gunnar, Henrik og Láru.

Hef verið að pæla í gegnum Hafskipsskýrslu rannsóknarnefndar Alþingis. Hræðileg skýrsla um ótrúlega spillingu. Þá hefur Hjálparstofnun kirkjunnar heldur betur verið í sviðsljósinu; framkv.stj. Guðmundur Einarsson, stjórnarformaðurinn Erling Aspelund, starfslíðið allt og framkvæmdanefnd sagt af sér og gefur ekki kost á sér aftur.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 23.11.1986.

Segir að þau Eggert hafi verið að mála íbúð sem mamma hennar hafði keypt í Eskihlíð. Við kláruðum aðra stofuna og undirbúning glugga. Steinunn hjálpaði líka til, en Steingrímur bróðir hennar fór til Japan til að kaupa vélar á vegum Landsvirkjunar.

Eggert hefur verið í fríu hálfan daginn um tíma þar sem hann á svo mikið sumarleyfi inni.

-- Séra Sigurður Guðmundsson bað hann um að taka að sér fjársöfnun fyrir hjúkrunarheimili sem á að rísa við Hrafnistu. Þetta átak verður í jólamánuðinum. -- Skrítið að komast í gamla gírinn. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 24.11.1986.

Segir honum frá útskrift Auðar næsta dag og undirbúningi hennar að námsdvöl í Nice og sambandi sem hún hefði við dóttur Elisabetar Vestdal þess vegna. Hjá henni í Frakklandi er allt orðið hvítt, en herna sumarblíða og sex stiga hiti, stjúpmæður og alparífs, allt í blóma. Elísabet Vestdal kemur með Jóni, arkitekt, syni sínum í nokkra daga vegna einhvers átaks í húsi þeirra á Breiðabólstöðum á Álftanesi.

Friede, ömmu hans, fer aftur.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 30.11.1986.

-- Auður er er byrjuð í próflestri. -- Var að lesa Íslandssögu Heimis Þorleifssonar sem Jón Hnefill kennir henni. Hún hefur hert sig mjög í skólanum -- Skrifaði ritgerð um ljóð Gyrðis Elíassonar, var að fá hana til baka og fékk 10 fyrir. Ritgerðin var mjög góð, svo hún átti það fyllilega skilið. Fékk mikið hrós kennarans sem hvetur hana áfram. Sigrún Hallbäck bað hana að vera Lúsíu í Sænska sendiráðinu og ætlar hún að gera það þó í próflestri sé. --

Ásgeir langar til að koma heim um jólin og var að spyrja um innstæðu á DV-spsj.bókinni.

Við keyptum okkur ítalska kommóðu í ganginn.⁴

¹ Magnús Sigurðarson (1966) listamaður, nú í BNA, vinur Dags.

² Margrét Blöndal listakona. Samband þeirra Magnúsar entist ekki lengi eftir að þau eignuðust son.

³ Það fór nú kannski ekki eins vel og vonað var. Ekki frekar en hjá spjendunum.

⁴ Sem enn stendur þar, en nú á neðstu hæð.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 30.11.1986.

Hrósar fyrir lipran penna og ágætan orðaforða. Pakkar ferðalýsingu frá Berlín og gleðst yfir áætlaðri heimferð um jólin.

-- Dagurinn í dag er hálf þreytulegur. Við mamma þín höfum undanfarna viku verið að mála íbúðina hennar (*Jórunnar*) ömmu þinnar í Eskihlíð -- Próf fara í hönd hjá Auði og les hún af kappi. Henni gengur stöðugt betur í skólanum, er áhugasöm; kappsfullri en áður -- fengið góðar einkunni í áfangaprófum. Einkum var hún ánægð, og við öll, þegar hún fékk 10 fyrir ritgerð um SJÓN og upphafið hrós kennarans fyrir hugkvæma orðanotkun. Það er þetta sem er svo mikilvægt, að komast svoltið fram úr og fá hvatningu, einmitt það sem gleymist fyrir hina sem verr gengur, en er mun mikilvægara þeim. Hún situr inni í borðstofu, böðuð kertaljósum, les um Jón Sigurðsson -- Mamma þín er frammi í eldhúsi, svo hér er hin hefðbundna fjölskylda og verkaskipting. --

Er í frú að miklu leyti þennan mánuð. Ég tók að mér fjölmiðlamál fyrir 100 rúma hjúkrunarheimilið Skjól. Reyndist það meira en vænst var, því unibrúningsstarfið var ekki í lagi. Verður farið í almenna fjársöfnun - en gaman að fá svona gamalkunnugt verkefni.

-- Friede amma þín hefur það gott og er að undirbúa erindi fyrir jólafund Zonta og er mjög upptekin við það, milli þess sem hún býður fólki heim til sín. Dídí er einangraðri, líður ágætlega en hefur gjarna allt á hornum sér þegar haft er samband við hana. Auður lenti í því þegar hún var að skila leikritum Shaw til hennar að hún var á móti öllu, dálítið leiðinlegt, hætt við að ungt fólk, sem ekki kann að leiða samtöl, sé varnarlaust, geti ekki fundið nýtt umræðuefni.

Jórunn, amma þín, er ekki með neinn fyrirgang, hefur minna frumkvæði og sættir sig við tilveruna og eldist líka hraðar en hinar. Hilda verður 90 ára eftir nokkra daga og er stefnt í stórveislu af öllu að dæma; verið að mála eins og ævinlega hefur verið gert rétt fyrir stórhátíðir á 76. --

Dagur Eggertsson skrifar fjölskyldunni. Ódags. 1986.

Segir fátt markvert að fréttu almenn frá Noregi, enda fjölmiðlun á lágu plani.

Er að ljúka verkefnum annarinnar og undirbúa verk þeirra næstu m.a. tölvuáfangu til að halda áfram verkefnum sem þeir vinirnir Kjartan Pierre Emilsson¹ höfðu unnið að m.a. til að leysa hljóðvistarvandamál. En Kjartan er farinn til Nice og allt í strandi.

Svo er hann og fleiri búinn að fá stórt skipulagsverkefni fyrir Barcelona. Kemur til Íslands svo fljótt sem verða má.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 7.12.1986.

Segir frá mikilli vinnu með fjölda sjálfboðaliða um helgina við að setja 83 þús. bréf í póst vegna fjársöfnunar til sjúkrastofnunarinnar Skjóls. Eru það 30 þús. eftir.

Segir frá ýmsum viðburðum og vinnu. M.a. að tengdamóðirin tók að sér að segja Zontafundi frá jólum í gamla daga og hefur hún verið að braska við þetta undanfarið og hefur haft mikið fyrir því. --

En ég held að hún klári það alveg. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 7.12.1986.

Gleðst yfir heimkomu hans. Hugurinn er hjá honum vegna verkefnisins sem hann hefur með höndum.

-- Við mamma þín höfum unnið myrkranna milli í sjálfboðavinnu við að pakka 83 þús. fjáröflunarbréfum vegna öldrunarheimilisins Skjóls -- Ég var beðinn að hjálpa við fjölmiðlaþáttinn, en þetta óx svo mjög að ég er alveg hreint bit. En allt í lagi þegar vel gengur. Að vísu urðum við að fresta laufabrauðinu -- og sleppa því að vera í níræðisafmæli Hildu -- fengum nákvæma skýrslu frá ömmu þinni um boðið. Furða hvað hún man mörg nöfn á mörgum kynslóðum og tengdafólki, auk ýmislegs annars. Hún er upptekin við ræðu sem hún á að halda í Zonta um jólasíði í æsku hennar. -- Sést þá hvað hún er orðin gömul að hún skuli taka málið alvarlega og hvað það er erfitt fyrir hana. En þær eru ekki margar 86 ára sem halda ræður opinberlega - sennilega engir karlar! --

Friede Pálsdóttir Briem skrifar Guðrúnu Skúladóttur Berg. Rvík. 20.12.1986.

Skrifar frænku sinni í Osló og segir frá baráttu sinn við blindu; augnaðgerð, sem skilaði góðum árangri.

-- Og ritvélin beið á borðinu hjá mér og nú nota ég hana til þess að skrifa þér fáein orð, en í þau kunna að slæðast villur þegar ég styð á vitlausan staf, en auðvitað fer ég mér hægt að þessu, enda veit ég að þú lest í málið, kennarinn með meðfædda hæfileika. -- Hilda systir mín varð níræð 7. des. og þar hitti ég Karl og Bitten² svona smástund. Ég á mjög bág með að greina andlitsdrætti fólks og þurfti að spyrja hver þau væru. Og á götu þekki ég engan, en stundum kemur fólk til mín og heilsar mér, það sannarlega gleður mig.

Ég tapaði sjón í rúm tvö ár, og var þá hvorki læs né skrifandi, og þá fór ég af stað til að reyna að finna stað þar sem ég gæti verið á daginn, svo drengirnir mínir og fjölskyldan þyrfti ekki að hafa eilífar áhyggjur af mér herna heima, þar sem ég oft var ein í húsinu, eins og allir eru nú á tímum, og ég fann einn stað þar sem ég gat verið í dagvistun, verið sótt á morgnana og flutt heim aftur,

¹ Kjartan Pierre Emilsson (1966) tölvufræðingur, æskuvinnur Dags.

² Karl Eríksson (1925) flugmaður og síðar framkvæmdastjóri Ormson og Ingibjörg Skúladóttir (1926-97) verslunarmaður, systir Guðrúnar.

fengið mat og ýmsa þjónustu, sem ég að sjálf sögðu borgaði fyrir með glöðu geði. Þar var ég í tvö og hálf ár og kynntist mörgu skemmtilegu fólki. --

Segir frá fyrirkomulagi, starfsfólki, handavinnu o.fl.

Þegar þessi mikla breyting varð hjá mér (*augnaðgerðin*) hætti ég þarna og hef verið heima síðan -- reyni eftir bestu getu að hjálpa mér sjálf.

Uppi á hæðunum tveim, fyrir ofan mig, býr Eggert sonur minn með sinni indælu fjölskyldu; Auði, þeirri yngstu, sem er 18 ára og er í menntaskóla. Nú í fyrradag kom Dagur heim í jólafrí frá Osló; svo *Nú er glatt í höllinni*, eins og þú getur nærri. Sírri er framkvæmdastjóri Tannlæknafélagsins og vinnur mikið.

Ræðir systur hennar og mág, sem selt hafa húsið sitt og eru að flytja í eftirsótt hús, Breiðablik, eftirsótt af þeim sem hafa peningarád.

-- Þó ég hafi enga húshjálp er ég ánægð að búa hér í minni íbúð, eiga sömu góðu nágrannana, sjá ljósin kvikna í húsunum, þar sem ég þekki fólkið, sem talar við mig og gleður mig í hvert skipti sem það verður á vegi mínum; finnst það mikils virði. Ég á bara hæðina sem ég er í; ég gekk frá -- peningamálum fyrir 10-15 árum, svo nú á Eggert tvær hæðirnar fyrir ofan mig. Þau hugsa um garðinn og allt sem gera þarf í húsinu og svo borga ég minn hluta af þeim kostnaði. Ég er ein þeirra mörgu sem langar til að vera heima eins lengi og ég get; allt fólkið sem með mér var í dagvistuninni er sama sinnis --

Auðvitað fer vinunum fækkandi, eins og gefur að skilja, en ég tala heilmikið í símann og svo fæ ég spólur sendar frá Blindrabókasafninu með ýmsu skemmtilegu efni --

Segist nú hætta, enda verið trufluð af síma og heimsóknum --

-- svo efnið verður ennþá tætingslegra fyrir það. --

Biður hana um að koma í heimsókn þegar hún kemur til landsins.¹

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 27.12.1986.

Segist vera að berjast við tölvu og prentara (ekki síðasta sinn). Þakkar bréf og kasettu. Segir frá því að Suðurlandið hafi sokkið ekki langt frá Færeyjum og með því sex manns, en fjórir björguðust. Skrýtin tilhugsun að við vorum að reyna að útvega þeim Degi vinnu hjá Nesskipum. Segir frá jólahaldi.

¹ Þetta mun hafa verið síðasta bréfið sem hún skrifaði frænku sinni. Ég fékk það hlutverk að skrifa um jól og önnur tækifæri, t.d. er dauðsföll urðu. Enduðu flest bréfin með ósk um að hún liti inn. Mörgum árum síðar komst ég að raun um að Guðrún Þórhildur hafði komið hingað reglulega, en aldrei litið inn, þar sem margt hefði verið að gera. Þar með lauk ég þeirri þjónustu fyrir móður mína.

Friede Pálsd. Briem skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 4.1.1987.

-- Gleðilegt nýár og blessaðar tíðir fylgi ykkur á ókomnum árum, ekki síst vil ég óska þess, ykkur sem eruð úti í fjarlægum löndum að mennta ykkur --

Nú er búið að þrasa um námslán til þeirra sem vilja leggja þetta á sig, að liggja yfir bókum í hálfköldum húsakynnum -- og elda ofan í sig sjálfir og kaupa frekar bók en brók. Ég býst við að ráðherrann sem þessu stýrir, hafi verið að hugsa um það öll jólnin hvernig sé hægt að klípa af þessum styrk, eða lánum, sem kallað er. --

Á laugardaginn sat ég við útvarpið og hlustaði á allt sem þar var á dagskrá frá 11-3.--

Segir frá ýmsu efni, einkum það sem Stefán Jökulsson kennari hafði verið með um vísindaleg efni. Hann --

-- sem hefur flúið frá kennslu í blaðamannastétt, vegna lágra launa. Hans hæfileiki er að grafa upp vísindamenn, sem enginn útvarpshlustandi þekkir, til þess að fræða okkur og segja frá einhverju sem þeir eru að grúska. -- Enginn gæti gefið okkur þessa fróðleiksmola nema að hafa farið utan í erlenda háskóla, þælt í gegnum doðranta, og nú komnir heim að miðla okkur. --

Hvernig stendur á að við höfum valið þessa ráðamenn?¹ --

Og ég er ein þeirra sem dáist að ykkur, að þér, Degi, að Auði -- að öllum sem eruð í þessari fróðleiksleit, bið og vona nú á þessu nýbyrjaða ári að ykkur vegni vel, gleðjist yfir hverjum nýjum áfanga er verði ykkur ganglegur og heillaríkur. Verði ykkur dýrmætur sjóður til framtíðar.

Segir fréttir af jólum og áramótum. Þakka fyrir jólagjöfina sem var sveitakonsertinn eftir Vivaldi. Segir fréttir af jólahaldi heima og annars staðar í fjölskyldunni.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 5.1.1987.

Segir frá viðburðum jóla, áramóta, góðum bókum og jólaboði með svartfuglsskorpusteik og áramóta boði hjá Steingrími bróður hennar. Þá hélt hún veislu fyrir Guðrúnu Sveinsdóttur og Jón og Benedikt og Guðríður héldu kampavínsboð 30. des. Fyrir ættingja og kunningja.


Þá hefur hún sjálf unnið í kringum áramótin að bókhaldsuppgjöri og sáu Auður og Dagur um matinn.

Þau eru bæði afar ánægð með nýju tölvuna.

--Pabbi þinn hefur verið límdur við hana -- Hann er búinn að skrifa eina minningargrein á hana, um Jón Sigurðsson borgarlækni sem dó um jólnin, farinn heilsu. -- Svo er hann byrjaður að þýða bókina -- fyrir Nordisk Ministerråd. -- Maður sér lítið af Degi. Hann er út um hvippinn og hvappinn að hitta kunningjana. -- Hann virðist ánægður með námið og líkar Osló vel. En alltaf í bráðabirgðahúsnæði. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 22.1.1987.

-- En sá munur! Að sofa í almennilegu rúmi, það er ekki bara betra, heldur er það farið að verða stórt vandamál. Og sængin, úff. Ímyndið þið ykkur mig liggjandi í allri þessari dýrð klukkan átta um morguninn. Ég meika það örugglega á tíu mínútum, og stilli vekjaraklukkna á tíu mínútur í níu. Ég verð að nota mér það sem ég lærði hjá honum Ronald, biðum við, svona já.



Svona lítur það út herbergið mitt -- Ekki beint stórt, en það passar mér og mínum. Það verður orðið fínt eftir næstu IKEA ferð. Já einmitt, takk fyrir afmælisgjöfina. Ég verð eiginlega að segja ykkur hver hún varð. Ég fór nefnilega í IKEA og keypti mér búsaðhöld. Það fannst mér reglulega sniðugt og svo keypti ég mér rakvélablöð og mjólk fyrir afganginn.

Æ, ég fer að sofa - góða nótt - ykkar ástkæri og syfjaði - Dagur.

¹ Þá var fjármálaráðh. Albert Guðmundss. og Ragnhildur Helgadóttir menntamálaráðh. í stjórn Steingríms Hermannss.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Elísabetu Vestdal Abéla. Rvík. 25.1.1987.

-- Það er lítið sem ég heyri eða sé af bekkjarsystkinum okkar. Virðist horfinn þessi mikli áhugi sem var í kringum 25 ára afmælið -
- Það eru líka allir svo uppteknir. --

Segir frá laganámi Elínar Norðdahl og starfi Bryndísar við að hjálpa Jóni Baldvin í Alþýðuflokknum sem er á uppleið með hann í forystunni og segja spár að hann sé orðinn næst-stærsti flokkurinn.

Segir frá því að Auði langi til að komast í au-pair starf í Frakklandi því hún hefur áhuga á frönsku, vill tengja nám í henni og starfi. Hún er von að passa börn, þykir gaman að því og vann við það í Svíþjóð. Svo hefur hún líka unnið á elliheimilinu Grund og við öldrunaþjónustu í Svíþjóð.

Spyr hvort hún gæti auglýst fyrir hana eftir au-pair starfi.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 8.2.1987.

Segir frá tónleikasókn þeirra hjóna, einkum af Andreas Schmidt barítón frá óperunni í Berlín, Óþelló í bíó og ýmsu fleiru. Auður var að koma úr leikhúsinu þar sem hún sá: Þar sem djöflaeyjan rís, í uppsetningu og stjórn Kjartans Ragnarssonar. Segir líka frá viðhaldi í húsinu o.m.fl.

Segir líka frá því að Guðríður (Gauja) í Ráðagerði hefði ekki fundist og væri nú ætlunin að hafa minningarathöfn um hana.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 8.2.1987.

Segir frá því að þýðing Eggerts á orkumálabókinni gangi vel.

Þá þakkar hún innilega fyrir Römertopf, þýskan leirpott sem hafi reynst sérlega vel og maturinn úr honum smakkist mjög vel. Líka segir frá ýmsum góðum tónleikum þýskra og rússneskra listamanna, ásamt Aidu. Þá séu þau Eggert búin að panta ferð til Egyptalands með Tjæreborg ferðaskrifstofunni í apríl, í framhaldi af fundi sem þau verða á í Khöfn.¹

Dagur Eggertsson skrifar fjölskyldunni. Osló, 9.2.1987.

Sendir kvittanir fyrir LÍN.

-- allt gott að fréttu. Það er búið að vera soldið stress út af verkefni sem ég skilaði í fyrradag. Það verður farið í gegnum það í dag, þannig að þið fáið líklega að heyra meira frá mér.

Takk fyrir Helgarpóstinn, það er gott að fá svolítið lesefni á móðurmálinu annað slagið. --

P.S. Ég fékk mjög góða gagnrýni.

Dagur Eggertsson skrifar fjölskyldunni. Osló, 16.2.1987.

Ræðir skattskýrslu og lánasjóð.

-- Eru buxurnar mínar komnar úr kúnststoppi? -- Annars er allt fínt í fréttum, ég hef verið að *bombardera* leigumarkaðinn -- en enginn árangur kominn.

Svo gengur ágætlega í skólanum, ég er með 2. verkefnið og miðar vel með það. Það er íbúð handa sjálfum mér --

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 23.2.1987.

Biður hann um aðstoð vegna fyrirhugaðrar ferðar til Egyptalands. Einnig að Snjólaug Sigurðardóttur (Bruun) hafi dáið um helgina úr krabbameini. Þá kviknaði í húsinu hennar þar sem hún bjó í kjallaranum. Reyndar var það á efstu hæð sem Þórir Bergsson, bekkjarbróðir minn bjó og mun hafa kveikt í hjá sér og hefur ekki komist til meðvitundar. (Hann dó 7.3. Knútur Bruun lögfr. bjó í íbúð mömmu sinnar, en hann var skilinn. Honum tókst að bjarga ýmsu frá skemmdum í kjallaranum.

Dagur Eggertsson skrifar fjölskyldunni. Osló. 26.2.1987.

-- Takk fyrir alla þessa Helgarpósta. Það er ótrúlega þægilegt að fá þessi föstu fréttaskeyti svo maður haldi sambandi við íslenskt þjóðlíf. Ég held líka að það endurspegli hvað best íslenskt þjóðlíf. Ég held líka að Helgarpósturinn endurspegli það hvað best íslenskra fjölmiðla,


Nú er norskan mín komin á meiri fart en nokkru sinni, enda umgengst ég Íslendinga minna núna.

Símtalið við þig, mamma, var alveg ferlegt, ég gat varla orðað það sem ég ætlaði að segja á íslensku. Ég verð að fara að skrifa ykkur meira.


Ég var í kvöld á fyrirlestri hjá spænskum arkitekti að nafni Santiago Calatrava í arkitektafélaginu, -- nútímalegur Gaudi. Skolli skemmtilegur. Nú, svo var ég að fá nýtt verkefni; *naturstaður við vatn* í þessum rómantíska norska náttúruanda. Ég verð bara að láta sem ég sé jafn yfirdrifinn náttúruromantíker og þeir, þ.e. Norðmennirnir. Verkefnið er í sjálfa sér fínt. Það kemur allt betur í

¹ Hér má skjóta inn að við vorum bæði í norðulandasamvinnu o.fl. vegna starfa okkar og gátum komið því svo fyrir að fundirnir voru gjarnan á sama tíma og stað. Þannig voru ferðirnar hagnýttar til að fara í heimsóknir til barnanna eða farið í ferðalög, og nýttum „sumarleyfin“ gjarna í þeim tilgangi.

I ljós. Hin verkefni sem ég er búinn með gengu ágætlega. Hið fyrri: *bryggjan*, fékk fína dóma, en svo fékk það síðara heldur hlutlausari dóma. Ég held að þau hafi ekki alveg skilið hugmyndina á bak við það. Hún var sú, að í stað þess að fá ofanbirtu, fékk ég ofan-myrkur. Það fannst mér að minnsta kosti eftirsóknarvert. Það fannst þeim ekki, held ég.



Svona lítur þetta nú út um það bil. Klukkan orðin hálf tólf, þannig að ég fer að sofa --



Dagur Eggertsson skrifar fjölskyldunni. Osló. 22.3.1987

-- lítið markvert af mér að fréttu, nema þó e.t.v. að málverkasýningin tókst bara afskaplega vel og ég seldi þrjú verk (ljótustu). Verðið fylgir ekki sögunni, en get bara sagt að bæði seljandi og kaupandi voru hæstánægðir.

Eitt dettur mér í hug: Kannist þið við ritið sem kom út í tengslum við abstraktsýninguna á Kjarvalsstöðum? Það heitir: *Íslensk abstraktlist* --. Ef þið hefðuð það undir höndum og ef lítið mál er að senda mér það --

Svo þarf ég að fara að klára *hyttuna* og skila henni. Þá líður mér betur. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 12.5.1987.

Höfum verið að reyna að ná í hann en ekki fundið. Hvetur hann til að fá sér fastan samastað. Segir líka að Auður sé að velja sér dag til utanfarar og muni fara til Lúxemborgar og fara til Ásgeirs í München og þaðan til Nice..

-- Ferðin okkar til Egyptalands gekk mjög vel. -- mörgum sinnum óskuðum við þess að þið krakkarnir hefðuð einhvern tíma tækifæri til að ferðast á þessum slóðum. Miklir listamenn hafa þeir verið Egyptarnir til forna. -- Fundirnir í Khöfn gengu vel. --

Þá segir hún frá undirbúningi stórafmælis síns sem haldið verður í Tannlæknafélagssalnum. Biður Dag um að kaupa sitthvað í fríhöfninni. Ætlar að bjóða 130 í veisluna.

Friede Pálsd. Briem skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 20.5.1987.

Auður er þá komin til starfa sem au pair í NCanne í Frakklandi.

-- Oft reikar hugur minn til þín -- vona ég að þú sjáir glitta í blátt Miðjarðarhafið -- og flugfiskarnir séu eins fjörugir (*eins og þegar hún sigldi þar*) og þá og taki enn þessi ótrúlegu stökk, það var eins og þeir væru óákveðnir með hvort þeir vildu heldur vera í sjó eða á landi. En aldrei lentu þeir á dekkinu á Kötlu gömlu -- þá var maður ekki að flýta sér, enda tók sjóferðin (*frá Rvík til Genúa*) þrjá vikur --

Þessi dagur hefur verið óútreiknanlegur, sólin að koma og fara, ég stillti bakarofninn á 250 í stað 200 svo kökurnar urðu óætar -- Pabbi þinn og mamma eru í sjötugsafmæli Einars (*Ingimundarsonar*), frænda þíns, bæjarfógeta -- Gæti ég trúað að margt yrði hjá Einari, eins og hann er afhaldinn.¹

Í ágúst 1921 var afi þinn að læra frönskuna sína, sem var honum svo drjúgt veganesti eftir námið í Sorbonne, Université de Paris. Vottorðið er talsvert gulnað í sófahandráðanum, vel geymt -- Ég held að þú hafir erfitt frá honum Ásgeiri afa þínum hvað þú ert hugrökk og ákveðin að grípa þau tækifæri sem gefast til að auðga anda og lífsreynslu. -- Vertu óhrædd að láta frönsku orðin fljúga, svo ég standi agndofa og hlusti á orðaflauminn hjá þér, eins og í fyrndinni þegar afi þinn og ég vorum í S-Frakklandi. Ég var bæði stolt og glöð, og er enn í dag, þegar ég rifja þessa ferð upp í huganum.

Auður var hjá Elísabetu bróðurdótturdóttur Oddnýjar Sen, sem giftist til Kína, kom aftur með mikil verðmæti kínverskra listmuna. Þær Friede og hún voru góðar vinkonur, m.a. starfandi í Zonta.

¹ Í uppáhaldi.

-- Oddný var fædd á Breiðabólstöðum (*á Álftanesi*) og fékk sér farkost og sigldi að Nesi við Seltjörn og þar hittust þær Lóa, til þess að fara í Kvennaskólann fimmtán ára gamlar 1903 og stunduðu námið til 1905. Það er svo skemmtilegt að vita þig núna endurheimta kunningsskap sem endurnýjast með kynslóðunum í daganna rás.

Pabbi þinn var að koma heim úr afmælisboði Einaris og var glaður og ánægður með mjög skemmtilega veislu og færði mér margar kveðjur frá veislugestunum sem þarna voru og þekktu mig.

Ég var boðin til Áslaugar Sívertsen í gær, með skemmtilegum konum, Ólöfu og Önnu, dætrum séra Bjarna Jónssonar. Gat Ólöf fært mér ýmsar fréttir úr Tjarnargötunni. -- Áslaug sem er nú að verða níræð þekkir mjög marga og hefur haldið vináttusambandi við vini sína í marga ættliði og hlúð að þeim kunningsskap. Þetta er dýrmætur hæfileiki -- Fyrir utan hús hennar stóð bíll, kolsvartur, gljáandi og glæsilegur, sem hún hefur átt í ca. 45 ár. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. München. 27.5.1987.

-- Hér er ég niður komin í München og hér sit ég víst kolföst í tvo daga og við því ekkert að gera. -- Kom babb í bátinn, lestarstarfsmenn á Ítalíu boðuðu verkfall -- ef ekkert heyrir frá mér verð ég ráfandi um götur Mílanó í angist, og kalla á pabba og mömmu mína. En ég vona að til þess komi ekki og ég komist áfallalaust til Mílanó, Já, lest, sagði ég og þið hafið væntanlega rekið upp stór augu. Þannig fór það eftir verðsamanburð. -- En verið ekki stolt af mér fyrr en ég er komin á leiðarenda. Ítalir eru alveg vonlausir. --

Ég er farin að hlakka til Frakklands þó ég kvarti ekki undan dvölinni hér.

Samband mitt við Ásgeir hefur aldrei verið neitt sérlega gott og ef ég miða við það, þá er það ágætt núna. Ekki það að aldursmunurinn sé neitt voðalegur. Ásgeir hefur bara alltaf, gegnum tíðina, sett sig á svolítinn stall sem stóri bróðir minn og gefur manni engan séns að vera neitt nema litla systir. Ég sagði honum þetta, en hann vildi ekki viðurkenna það, en svona er það nú samt. Mér líður, þrátt fyrir allt, mjög vel hér og okkur kemur, sem sagt, sæmilega saman. -- Það þurfti eitthvað djöfuls kvef og helvítis hálsbólga að áreita mig við komuna hingað -- er hálf lasin og það skyggir svolítið á. --

Við erum búin að hafa heilmikið fyrir stafni -- ráfa um bæinn, fara í enska garðinn, á sýningar, kaffihús og knæpur. Fyrsta kvöldið fórum við á alveg frábæran ís-bar þar sem allar hugsanlegar ístegundir eru á boðstólum. Ásgeir fékk sér *spaghetti* ís. Á morgun er frídagur og erum við boðin í morgunmat til Berndts. --

28.5. Ég frétti að minn ástkæri faðir hefði hringt hingað -- ég verð að játa að mér þótti þetta ansi súrt -- En hvað um það. Það á aldrei að svekkja sig á einhverju sem hefði getað orðið. -- Við ætlum að fara í sturtu í einhverri sundhöll, því sturtan hér er biluð. Það vantaði bara það upp á á þessu heimili, sem er ekki bara drullu skítugt, heldur er líka allt bilað sem mögulega getur bilað. Mér er sosomeg saman, en ég skil ekki hvernig þau geta látið sér líða vel hér í þessu *kaosi*.

Það var mjög gaman í morgunmatnum hjá Berndt. Hann hafði bakað ofsagóðar hveitibollur, sem hann bauð upp á með áleggi og tei. Hann býr í notalegu hverfi, með litlum gördum og litlum húsum, allt mjög kjútt. Við Ásgeir löbbaðum heim um „*hverfi*“ ákaflega áhugavert! --

Fyrirgefði, það er bara ekkert gaman að vera hér með bullandi kvef, drulluskítug og skilja ekkert sem fólk er að segja. Setjið ykkur í mín spor. Þetta er orðið leiðindabréf, ég held ég hætti áður en það versnar. -- Vonandi hafið þið það gott heima öll sömul. Lífið gengur sinn vanagang þrátt fyrir jarðskjálfta. -- kveðju frá mér til allra -- Ásgeir biður að heilsa. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 29.5.1987.

Gerir ráð fyrir að á þessari stundu sitji Auður í lestinni til Nice. Segir góðar fréttir, m.a. af Degi sem sé að vinna fyrir arkitekt við að smíða módel, en byrji svo í byggingavinnu hjá Jóni Hannessyni við einbýlishús.

-- Dúfurmar úr næsta garði eru að gera okkur gráhærð. Ég settist út á pall í góða veðrinu og ætlaði að krækja mér í svolitla brúnku. Þá skeit á mig dúfa og þá sagði ég, hingað og ekki lengra. Amma þín segist oft hafa þurft að flýja inn vegna þeirra. Pabbi þinn talaði við Guðmund nágranna okkar við Fjölneisveg og hann var voða skelkaður og sagðist hafa varað strákinn við en verið of linur að leyfa þetta. --¹

Segir frá mikilli afmælisveislu á sjötugsafmæli Einaris Ingimundarsonar ömmubróður Dags.

Þá hafi þau líka fengið í heimsókn, þau Tore og Ann Katrin Larsen vinafólk frá Horten í Noregi, sem voru á leið í útskrift dóttur þeirra í BNA. Þau gista hjá okkur og þarf eitthvað að skemmta þeim.

Segir líka frá undirbúningi afmælisins í húsi TFÍ.

-- það var 50 ára afmæli hér í salnum í gær og voru kampavínflöskurnar tómu 96.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Annecy. Ódags.

-- Ég er mjög ánægð að vera hérna. Það er mikill munur frá Svíþjóð, sérstaklega að því leyti að ég kann ekki tungumálið. En feigin er ég að hafa ekki farið aftur til Svíþjóðar, það má ekki staðna, alltaf að halda áfram og reyna eitthvað nýtt.

Það er skrítið að ferðast með þessum lestum. Hér um slóðir kann enginn neitt nema eigin móðurmál, hér í Frakklandi er það frekar móðurmálsstolt sem ætlar að drepa alla, það vill enginn einu sinni reyna að tala ensku, jafnvel þótt kunnátta sé fyrir hendi. En

¹ Auður bjargaði þessu þegar hún kom aftur heim. Talaði við strákinn og bauðst til að kaupa dúfurnar!

vonandi get ég bæði gert mig skiljanlega og skilið aðra á leiðinni heim. Þá er tilganginum náð að vissu leyti, en of snemmt um að segja núna.

Þessa stundina er ég í Annecy hjá Elísabetu Vetdal og fjölskyldu, kom hingað á föstudag og erum að fara aftur í dag, sunnud. Þetta er sjö tíma keyrsla á milli, dálítið erfitt að sitja svona lengi í bíl, sérstaklega með tveggja mánaða barn sem ekki er alltaf jafn ánægð með þessa meðferð.

Ég var dálítið kvíðin að koma hingað, það er stundum erfitt að vera aukamanneskja. En mér var nú aldeilis vel tekið. Allir afar og ömmur, frændur og kunningjar, tóku mér opnum örmum og ég kysst í bak og fyrir. Svo var borðuð dýrindis máltíð og ég reyndi eftir bestu getu að skilja það sem fólk sagði; það gekk misjafnlega. Það getur gengið ágætlega að skilja, en erfiðara að segja eitthvað, jafnvel þó maður sé með setningarnar í huganum, það eru einhverjar hömlur, sem losna vonandi með tímanum.

Annars er ekki mikið að gera heima fyrsta mánuðinn. Ungu hjónin eru afskaplega upptekin af barninu, eiginlega of upptekin, því ég get stunum vorkennt barninu að fá aldrei að vera í friði þegar ég er að passa. Hún er bara tveggja mánaða og heitir einhverju mjög furðulegu nafni, en ég kalla hana bara Áróru, sem er sambærilegt. Það var mikið lagt á taugar Áróru að koma hingað, bílferðin, og síðan allir ættingjarnir, sem hópuðust í kringum hana í einu. Aumingja barnið vissi ekki hvaðan á sig stóð veðrið og hefur eiginlega grátið látlaust síðan.

Ég er ekki svo lánsöm að sjá hafð, þar sem ég bý.-- Þetta er mjög lítið þorp í fjöllunum fyrir ofan Nice og heitir La Colle sur Loup. Hvert sem þú lítur eru skógi vaxin fjöll og pínulítill hús, hér og þar. Ef ég væri listamaður myndi ég slá upp trönunum og mála þetta fallega landslag, en ég verð víst að láta öðrum þá ánægju eftir. Fólk er fremur neikvætt í viðmóti, fýlulegt á svip, ekki nema von, þegar það mætir aðskotahlut eins og mér, sem fellur alls ekki inn í umhverfið, allt öðru vísi en annað fólk hér. Vonandi venst það mér, ég bíð bara þolinmóð

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Niece. 1.6.1987.

-- hingað er ég komin -- búin að vera hér í tvo daga. -- Það var gott að komast af stað. Það var aldrei ætlunin að vera svona lengi hjá Ásgeiri. -- Ég viðurkenni að ég var mjög stressuð að fara í svona langa lestarferð þangað sem ég kynni ekki málið. -- Ásgeir fylgdi mér í lestina. -- Ég sat með dæmigerðum þýskurum í klefa þar sem ekki var sagt stakt orð, ég sat og las í litlu bókinni minni. Þeir tæmdust svo úr lestinni og hún fylltist af Ítölum. Ég skildi ekkert og hélt mér við bókina mína. Klefafélagi minn, að ljúka herskyldu, var alveg hissa á að ég vildi ekki þiggja gistingu, frábært tilboð! Ég þurfti svo að bíða í Mílanó eftir lestinni til Nice, sem hún gerði reyndar ekki.

Ég ætla sossu ekkert að kvarta, en lestarstöðin í Mílanó er ekki skemmtilegasti staður til að bíða ein á í klukkutíma, um miðja nótt. Þarna voru allar tegundir af mönnum sem voru að abbast upp á mann, en það er ekki að spyrja að því, hún Auður lætur ekki bjóða sér hvað sem er og drap hvern þann sem vogaði sér svo mikið sem að líta í áttina til hennar, með sínu versta drápsaugnaráði -- Ég var fegin þegar lestin kom og ég gat sest niður í rólegheitum. Ég spjallaði heimikið við klefafélagana og gat sofnað -- Þá kom að landamærunum og þá voru allir reknir út í *passtjékk* og síðan þurfti að skipta um lest. Ekkert lítið á passann eftir allt *visamálið*, nema ef -- Síðasti spökurinn var fallegur, gegnum öll smáþorpin á ströndinni. Svo beið ég smá stund. Þá komu Marianne og Marc ásamt henni Áróru. Ég reyni ekki að bera nafnið fram, hvað þá að skrifa það.

Þau búa í þessu þorpi, rétt utan Nice, *La Colle sur Loup*, sem eins og Elísabet segir, þetta hlýtur að vera fallegasti staður í heimi! Dásamlega kyrrlát, ágætis íbúð með risastórum svölum og **útsýni!** Að horfa út af svölunum er eins og póstkort eða væmin Hollywood-mynd, ótrúlegt. Hvernig gæti ég mögulega verið annað en ánægð hér, bara að líta út um gluggann, gerir mig glaða og ánægða. Hér á ég að vera fyrsta mánuðinn í smásnatti, passa Áróru - eins og ég er að gera núna, og sitthvað fleira.

Veðrið er náttúrulega ferlegt, brjálður hiti og sól, ég er þegar brunnin á öxlunum, þannig að ég held mig inni núna. Það er pínulítill sundlaug hér alveg hjá, alveg jökulköld og gott að kæla sig í --

Marianne fór út í einhver erindi og Áróra liggur í rúminu sínu, sýgur puttann af ákefð, þannig að smjattið heyrir um allt hús. Ég geri ráð fyrir að hún fari að skæla á hverri stundu, en annars er hún rólegt og skemmtilegt barn. Foreldarnir eru líka alltaf í andköfum yfir henni, skríkja eitthvað það furðulegasta barnamál, sem ég hef heyrt, hvort í kapp við annað. Ég veit ekki hvort er skemmtilegra að fylgjast með þeim eða stelpunni skríkja!

Jæja ég þarf að gera pásu, hita pelann og -- Í fyrsta skiptið drakk hún pelann sinn. Haldiði að það sé. Svo bara geispaði hún og grét, geispaði og grét og sofnaði.

Ég notaði tækifærið, fór í ísskápinn og fékk mér kex og ost og líka epli. Ég get sag ykkur eitt í hreinskilni, hér á ég eftir að fitna. Ostarnir eru ómótstæðilegir, ég ræð bara ekkert við mig. Ég get borðað þá endalaust. Það verður að hafa það. --

Meistarakeppnin í tennis er í gangi hér, ég held á Rívírunni. Marianne og Marc eru miklir áhugamenn um tennis og því er sjónvarpið í gangi allan daginn og þau horfa eins og þau geta. Þau eru ósköp notaleg við mig, tala mest ensku við mig, en ég reyni að hlusta og skilja, þegar þau tala saman. Mathes hjónin (*sem hún á eftir að þjóna*) kunna ekki bofs í ensku þannig að þar á ég engra kosta val.

Þetta er allt mikill munur frá því í fyrra. Mikið er ég fegin. Það var kominn tími til að breyta til. Það er ekki bara umhverfið og allt í kringum mig sem er breytt, ég sjálf lít allt örðuvísi á tilveruna, og stend miklu traustar í fætturna en áður. Þetta er í fyrsta skipti sem ég hef farið af stað, og ekki byrjað að telja dagana þangað til ég komi heim aftur, strax í flugvélinni. Ég sat nú bara, var ánægð og hlakkaði til.

Þið hljótið að hafa séð muninn sjálf. Ég var ekkert bangin þegar ég fór inn í fríhöfnina. Þið lítið þetta náttúrulega allt öðrum augum en ég, því í ykkar augum er ég alltaf litla dóttir ykkar og það breytist ekki í bráð. Þar fyrir utan er ég líka ein eftir heima og þá finnst mér einhvern veginn eins og þið lítið mig örðum augum en þegar við vorum öll heima. Allt sem ég geri, er eitthvað mikið mál. Æ, ég veit ekki, kannski finnst ykkur þetta vera bölvað bull í mér, en svona lítur þetta samt út í mínum augum. Þið megið

ekki ætlast til þess að ég opni mig alveg fyrir ykkur. Ekki vegna þess að ég treysti ykkur ekki, sumt vill maður bara aldrei opna, maður verður að eiga eitthvað þrúvat inni sér.

Æ! Þetta er bölvað bull. Ég ætla að hætta núna og skrifa frekar aftur seinna.

Eitt í lokin: TIL HAMINGJU MEÐ AFMÆLIÐ, MAMMA! Ekki drekka mikið kampavín í veislunni og megi hún lukkast í alla staði --

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 2.6.1987.

Auður var við störf í Nice m.a. við barnapössun hjá dóttur Elísabetar Vestdal Abéla, Marianne, sem þar bjó.

-- Vonum sannarlega að þú hafir það gott og sjáir fram á að geta unað þér við Miðjarðarhafið út samningstímamann. --

Segir frá undirbúningi afmælis mömmu hennar sem gangi vel. Hún er búin að bjóða. Segi að ég hafi keypt gullhring handa henni í Egyptalandi. Daginn eftir afmælið fer ég til Hornafjarðar á ársþing SÍR og seinna kemur Sirrí í skemmtidagskrána.

Dagur er kominn í byggingarvinnu, skaðlega sólbrenndur eftir fyrstu dagana.

Segir frá stjórnarmyndunartilraunum Jóns Baldvins.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. La Colle sur Loup. 4.6.1987.

-- Hvernig get ég nóg samlega þakkað þér, elsku mamma, fyrir bréfið -- Mikið var gaman að gleypa í sig fréttir frá ykkur. Gott að þið séuð ekki búin að gleyma mér.

Ég sé svolítið eftir að í síðasta bréfi fannst mér ég skrifa eitthvað leiðinlega um Þýskalandsvölina. Það var ekki ætlunin því það var mjög gaman hjá Ásgeiri. -- Ég var bara eitthvað sár út í Ásgeir -- og þess vegna kom þetta svona leiðinlega út hjá mér.

-- Þið eruð í dúfuskít -- meðan ég er í bleyjum og kafnandi í hita. -- Ég var að koma úr sundlauginni, það er aldrei neinn í henni -- jökulköld en þægileg í þessum hita, þegar maður er kominn oní á annað borð. --

Allir nágrannar hér og allt fólkíð yfirleitt er fremur kuldalegt í viðmóti, allir svona eins og Hjörtur¹ og konan hans. Marianne² er mjög hissa á þessu og finnst þetta asnalegt, eins og skiljanlegt er --

Það er fátt sem drífur á dagana og ég veit eiginlega ekki hvað ég á að skrifa, en þrátt fyrir það leiðist mér ekki (hingað til) og mér líður vel í alla staði. Ég reyni að vera duglega að finna mér verkefni, í dag hreinsaði ég baðherbergið t.d. hátt og lágt - og veitti ekki af hm. - Marianne var mjög ánægð með þetta óvænta framtak mitt. Því næst hreinsaði ég ofninn. Á morgun förum við svo til Annecy. Hvað ég á að gera þar, hef ég ekki hugmynd um. --

Marianne er alltaf að hræða mig á hinni ómögulegu dóttur Mathezhjónanna, sem hún segir að sé algjör bomba. Ég veit ekki við hverju ég á að búast, dulbúnum King Kong?

Ég fer alltaf snemma að sofa, allavega snemma í rúmið og les, sofna snemma. Það geri ég þó ekki vegna þess að ég er góð stelpa, heldur hreinlega vegna þess að það er ekkert annað að gera, og ég vil ekki sitja alltaf yfir aumingja hjónunum, þau verða að fá frið fyrir mér.

Þetta get ég án pabba og mömmu! Hér er ég og enginn segir mér neitt, eins og þið gerið alltaf, enginn setur ofaní við mig enginn hefur áhyggjur af mér, hérna er ég stóra stelpa. Svo kem ég heim aftur og allt heldur áfram eins og frá var horfið, ég geri prakkarastrik og þið setjið oní við mig. Svona gengur þetta og allir virðast þó nokkuð ánægðir með lífið og tilveruna.

Alla malla. Þið hljótið að vera dauðleið á þessu bulli í mér, alltaf hreint, þannig að það er víst best að hætta núna. Skiliði bestu kveðjum til allra nema dúfnanna. Þær mega éta sinn skít. Fyrirgefiði ósmekklegan húmor! --

Stundum skil ég ekkert í sjálfri mér að vera að flækjast til einhvers ókunnugs lands, langt frá vinum og vandamönnum -- skilja ekkert og geta ekki gert mig skiljanlega. Hvað hef ég með það að gera að læra frönsku þegar ég get talað íslensku svona ljómandi vel. Það getur verið þreytandi að skilja ekki málið, maður er eitthvað svo vangefinn og heftur. --

Ég hugsaði mikið til hennar mömmu minnar á afmælisdaginn hennar og saknaði að geta ekki verið viðstödd veisluna. -- Þá keyrði ég í sjö klukkutíma gegnum Alpna frá Annecy til Nice og upplifði eitthvað hið fallegasta landslag sem ég hef séð og óskaði þess að ég gæti gefið mömmu Alpafjöllin í afmælisgjöf. Í staðinn færðu skitið afmælisbréf. PÖÖ

Það var gaman að koma til Annecy, mér var tekið afskaplega vel af öllum, ömmum, öfum, frænkum, frændum, bara öllum. --

Stína er farin að tala góða ensku, alltaf sami ærslabelgurinn. Ég yrði brjáluð ef ég þyrfti að búa með henni -- Hvað um það!

Elísabet kenndi mér á alla íbúðina fyrir ykkur, sendi ykkur atriði sem ég skrifaði hjá mér.³ Hrifnust var ég af kaffivélinni. -- Þá vitiði í hverju þið eigið að fjárfesta! --

Allir eru að tala um Íslandsferð. -- Fer eftir húsrýminu á Bestó! -- Ósannjarnt! Ég skipti mér ekki af því. Eitt vona ég! Að reykingabannið í bílnum okkar verði haldið. --

¹ Hjörtur Sigurðsson, andbýlingur, svæfingalæknir.

² Marianne Fagen, hagfræðingur, dóttir Elísabetar Vestdal Abéla. Býr í Nice og hafði milligöngu um ráðninguna.

³ Það er aldeilis nákvæm lýsing á þvottavélum, krönum, ristum, pottum, svölum, sóltjöldum, bílageymslum o.m.fl. nákvæmlega eins og nú 30 árum síðar, þegar Roger býr þar einn.

Auður Eggertsdóttir skrifar Sigríðir Dagbjartsd. La Colle sur Loup. 10.6.1987.

-- Ég gleymdi að biðja þig um að gera mér dálitinn greiða. -- Börnin sem ég passa hafa afskaplega takmarkaðan matarsmekk og því veit ég ekki hvort ég hafi nægilegt hugmyndaflug til að elda ólíka rétti -- Þannig að ég ætla að biðja þig að finna fyrir mig einhverjar uppskriftir, t.d. kartöflurétti ofnbakaða, *gratin* eða þvílíka ofnrétti --

Djö! maður. Hvað skeði akkúrat núna! Helvítis vírinn í tönnunum losnaðir eftir að hafa setið fastur í þrjú ár, akkúrat þegar ég er stödd í Frakklandi. Ég veit ekki einu sinni hvað er tannlæknir á frönsku. Það hlýtur að vera *dentiste* eða eitthvað --

Pabbi sagði áður en ég fór að ég ætti að vera dugleg að finna mér eitthvað að gera, hafa eitthvað fyrir stafni, sitja aldrei aðgerðarlaus. Þið megið ekki misskilja mig, þegar ég segi að mér leiðist og dagarnir líði hægt, að ég sé einhver letiklessa, sem sitji bara allan daginn og geri ekki neitt. Ég er mjög dugleg við að gera hitt og þetta, hluti sem Marianne gerir aldrei. Hún tekur ekki eftir að ég hafi gert, alls konar þrif, sem ég held að aldrei séu gerð annars, ásamt hreingerningu. Það er í raun og veru engin þörf fyrir mig hér, þannig að oft hef ég það á tilfinningunni að það sé betra að láta fara lítið fyrir mér í stað þess að trana mér fram, með alls kyns látum. Ég get ekki tekið íbúðina í gegn þrisvar á dag! Og þegar þau eru að snúast í kringum barnið, þá passa ég ekki alveg inn í myndina. Þá dreg ég mig í hlé. Þetta á eftir að breytast, og mér líður afskaplega vel hérna. Ég er viss um að Marianne finnist ósköp þægilegt að þurfa aldrei að vaska upp eða taka til. Ég held að allir séu ánægðir, ekki finn ég fyrir öðru.

-- Skiliði kveðju. Passiði ykkur að fitna ekki eins og ég. -- Ég elska þig alveg ROSALEGA og hlakka til að hitta ykkur hérna í ágúst. Það er gott að hlakka til *n'est-ce pas*. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. La Colle sur Loup. 14.6.1987.

-- Nú skrifa ég ykkur aftur, léttari í lund en þegar ég skrifaði síðasta bréf, enda hef ég ærna ástæðu til. Ekki er það svo vel að ég hafi fengið bréf -- en núna finn ég að hjólin séu farin að hreyfast pínulítið, ekki mikið, en þau standa ekki kyrr. Ég er búin að kynnast fjölskyldunni minni nokkuð og ég verð nú bara að segja eins og er, það er pínulítið leiðinlegt að kynnast fjölskyldunni nokkuð vel, vera kannski komin vel á veg með málið og fara þá heim. Þið megið ekki skilja mig þannig að ég vilji ekki koma heim eftir sumarið, alls ekki. Maður ætti bara eiginlega að nota tækifraðið, vera hér í heilt ár og læra málið almennilega. En það er ekki á allt kosið, ég get vonandi einhvern tíma drattast í gegnum þennan helv. (hm.) skóla. Þá bíða mín eflaust ótal tækifraði til að læra frönskuna, vonandi.

Já, ég er pínulítið farin að kynnast fjölskyldunni, sagði ég, og hún er í alla staði öðruvísi en ég hafði ímyndað mér, meira að segja eftir að ég hafði eytt degi með börnunum og mömmunni. Í gærmorgun (laugardag) fór ég heim til þeirra. Fyrst keyrði ég um Nice, í fyrsta sinn, með Brigitte. Hún sýndi mér aðalgötuna, bara svo til að ég næði áttum. Ég verð að segja að þetta er einstaklega falleg borg, núna, loksins þegar ég fékk að sjá hana. Síðan fórum við heim til að kynnast hverfinu. Því þarna á ég að vera ein með börnin 24.-27. júní, þannig að ég þarf að kunna pínulítið á þetta allt saman - *oder was?* Nú jæja, þarna er allt sem til þarf í einu hverfi. Miklu fullkomnara en á Bergstaðastræti, ég ætla að koma með tillögu við Krúsu, að það verði frekar gerð svona hverfissundlaug, þar sem bílskúrin er, það gæti sameinað fólkið í hverfinu og gert það voða-voða heimilislegt.

Þarna, nú er ég aftur komin til Frakklands, hitti ég aðrar *au-pair* stelpur, sænska stelpu sem var búin að vera hér í tíu mánuði og gat sagt mér ýmislegt um *au-pair* starfið.

Svo, nú sóttum við Bruno í skólann og allt var skýrt nákvæmlega út fyrir mér, ég var meira að segja kynnt fyrir kennslukonunni. Ég lærði svo mikið þarna, allt í einu, eftir að vera búin að hanga hér í aðgerðarleysi og læra varla neitt, þá, allt í einu fór ég af stað, alveg frábært. Svo fórum við heim að borða. Pierre (pabbinn) er mjög hressilegur, ef ég má orða það svo. Ég var orðinn fjölskyldumaður strax, hann sagðist eiga þrjú börn, Bruno, Laurence og mig.

Úff, ég ætla ekki að segja frá því hvað mér létti að vera hjá svona ágætis fólki, engin vandamál, allt eitthvað svo þægilegt og öruggt. Þau eru líka vön að hafa svona *au-pair* stelpur, þannig að það er á engan hátt óþægilegt að vera innan um fjölskylduna. Svo fór ég bara út með krakkana í sundlaugina, sem er bara nokkur skref frá blokkinni og lá í sólbaði meðan krakkarnir busluðu. Það er allt fullt af krökkum í hverfinu og *au-pair* stelpur á hverju strái. Það þurfti heldur engar áhyggjur að hafa af krökkunum, því þau eru flugsynd, jafnvel Laurence, sem er bara fjögurra ár. -- Bokkan var auðvitað strax dregin fram og látin ganga og stemmningin ákaflega skemmtileg, á plani við kirkjuna. Svo fórum við öll - fjölskyldan - heim að borða. Alls konar allt var á boðstólum, grænmeti, reykt svínskúru úr þorpinu, grillaðar kótleittur o.s.frv., stemmning mjög fjörug, allir léku á als oddi. Á efir voru fersk kirsuber - ekki amalegt það!

Á eftir þegar Auður var búin að vaska upp var kveikt á sjónvarpinu og Laurenc hélt danssýningu sem vakti lukku og mikið hlegið. Að lokum var farið í gönguferð um þorpið. Tók ekki langan tíma, því þorpið er lítið. Allir fóru svo glaðir og þreyttir í rúmið.

Einhvern veginn finnst mér þetta ævintýri líkast, ótrúlegt að ég sé að upplifa þetta, ólíkt öllu sem ég hef áður upplifað.

Það var einhver helv. fluga sem var að angra mig um nóttina þannig að ég var fegin að fara á fætur. Laurence togaði mig framúr, framúrskarandi, guðdómlegt barn -- þó hún sé óhlyðin og óþekk, mér finnst það bara normal.

Okkur var boðið í hádegismat til fólks í nokkurra km. fjarlægð. Já hádegismat segi ég, ég veit ekki hvað á að kalla þetta. Ég segi ykkur satt, ég hef aldrei á ævi minni borðað eins mikið og þarna. ALDREI! Þetta ætlaði aldrei að taka enda og mér leið afskaplega illa á eftir. Hina dæmigerðu frönsku máltíð, kalla þeir þetta -- Ég ætla að lýsa matseðlinum:

Fyrst var borðaður forréttur, einhverskonar dæmigert franskt *paté* og kökur með furðulegum fyllingum. Persónulega hefði ég látið forréttinn nægja, staðið upp og sagt *takk fyrir mig* og liðið vel. En því var aldeilis ekki að heilsa. Á eftir kom aðalrétturinn, meyrnt, grillað kjöt með kartöflum, mjög gott. Eftir þetta var ég orðin pakksödd. Á eftir aðalréttinum eru alltaf ostar, þarna líka ostar og sallad, púff, það var orðið erfitt að anda. Nú svo var eftirrétturinn, ný fersk jarðarber og eftir það hugsaði ég „loksins!“ EN .. á eftir jarðarberjunum var kaka. Þegar kakan var búin, þá voru borin fram kirsuber í stórum stífl. Þegar þau voru búin, voru bornar

fram smákökur, og þegar þær voru búnar var komið með risastóra körfu, fulla af eftirlíkingu ávaxta úr sykri; *oj* bara, aðra eins sykurlæðju hef ég aldrei vitað. Að lokum var kaffi og konfekt

Ég get svarið það, að mér leið alveg hræðilega eftir þetta. Það var erfitt að standa í fæturna. Svo vöskuðu allar konurnar upp meðan kallarnir hlunkuðu sér niður í stofunni. Þannig var nú þetta matarboð: fólkið var afskaplega ó-geðslegt og tilgerðarlegt, konurnar voru allar eins og barbídukkur og kallarnir, feitar klessur. Ég var bara alltaf með Bruno í kúluspili og allir litlir franskir strákar eru alltaf í því sem kallast: „Big“, með svona litlum glerkúlum, sem munstur er inni, þið vitið. Allar kúlurnar hafa eitthvað nafn, Brúnó er alltaf að kenna mér hvað þær heita og hlýðir mér reglulega yfir. Mér gengur ágætlega að muna. Ég er búin að komast að því að ég læri langmest innan um börnin, þau tala stanslaust og ég þori líka að reyna að tala við þau, það gerir þá ekkert til þó maður segi vitleysu.

Svo var bara brunað í bæinn. **Pása.**

Mánudaginn 15.6.1987

Jæja -- Nú var ég með tvo óþekktarorma í herberginu mínu í nótt, nei annars, bara einn Óþekktarorm. Stelpan er nú ára og afskaplega forvitin um alla mína hagi. Hún spyr mikið um fjölskylduna mína, vill fá að skoða allar mínar myndir, alltaf að spyrja um bræður mína og hvort ekki sé erfitt að vera svona lengi í burtu frá þabba sínum og mömmu. En þetta er þó bara smáatriði, miðað við eitt, sem hún kemst ekki yfir. Það er hárið á mér. Að hafa hvítt hár, það er bara eins og að eiga demantsnámu í hennar augum. Hún er alltaf að fikta í því, gera hárgreiðslur og svoleiðis spaugilegt. Mér er alveg sama þótt hún sé eitthvað að paufast, ef ég get lesið í friði. Það er enginn vandi að lesa meðan það er verið að toga í hárið, ég er orðin vön því.

Ég er nefnilega að lesa *Nafn rósarinnar* og síðan ég byrjaði hef ég ekki getað lagt hana frá mér, því hún er svo spennandi. Ég hef bara áhyggjur af að ég lesi of mikið, því ég er að verða búin með þrjár bækur af fjórum sem ég kom með, og ekki búin að vera mánuð. Það gæti svo farið að ég biðji ykkur að senda mér bækur --

Ég átti eftir að segja frá undri dagsins. Marianne kallar: „*Auður, vite, Auður, vite*“. Síminn hringdi nebblega þegar ég var að *gera leirtauíð* - vaska upp. Það fyrsts sem mér flaug í hug var að þetta væru foreldrarnir, sem ég elska ofurheitt, nei þetta var Anna. „*Anna, hvaða Anna*“ sagði ég. „*Nú Anna Þrúður - sæl vertu ertu hér í Nice - í viku - það var gaman - með þakka -- frá mömmu og ömmu!* --

Ég verð alveg hysterísk og sagðist reyna að koma með einhverju móti til Nice, þegar Marianne sagði að hún myndi keyra mig, kannski á morgun eða hinn. Ég get mér til að í pakkanum sé lesmál - takk - takk - takk. -- Mér væri sama þó þið senduð mér frauðplast, ég fæ bara sting í hjartað að finna að þið hugsið til mín - vonandi bréf með. -- ég vona bar að þið finnið hvað ég elska ykkur mikið --

Nú eruð þið eflaust farin að stynja og segja hvort við annað: *Djöfull er hún orðin væmin, maður!* -- Ég verð að hætta áður en ég ríf úr mér hjartað og sendi það í umslaginu, það væri einum um of. -- Ég slæ botninn í þessa vitleysu sem átti að verða bréf -- Allt er að fyllast af fólki og Áróra grætur --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 15.6.1987.

Segir pólitískar fréttir.

-- Afmæli mömmu þinnar var einstaklega velheppnað -- sannarlegur heiðursdagur fyrir hana. Það var kominn tími til að hennar margfalda lífi væri þarna safnað saman í einn fókus. Tannlæknarnir fengu tækifæri til að hitta vini og fjölskyldur; fjölskyldan hitti hana í ríki sínu, þar sem allt gengur svo frábærlega vel og hún í hávegum höfð. Og tannlæknarnir létu sitt ekki eftir liggja. Bæði gáfu þeir henni stórgjafir hver um sig og frá félaginu kom falleg grafíkmynd með silfurskildi. Það sem mér þótti best var að (*Norðurlanda*)formennirnir sem hún hefur þjónað með, líklega einir fimm talsins, sameinuðust um að gefa henni þetta líka stórfallega úr. Glæsileg þeirra gjörð. Og fylgdu henni úr hlaði með innilegum og skemmtilegum ræðum og heiðurssöng. Ég held að móðurfólki þitt sé með augun enn á stilkum, svo hissa var það að kynnast þessari hlið í lífi hennar.

Yfirleitt eru veislur sem þessar heldur í slappara lagi. En ég held að þessi hafi ekki verið slöpp, heldur afslöppuð og skemmtileg. -- Á morgun koma hingað konurnar sem hjálpa henni í félaginu - og svo heldur það áfram - væntanlega.

Dagur er að festast í snörunni -- að undirbúa för þeirra til Osló. --

Ég var að tala við Immu í kvöld. Hún, Kristján og Hjalti Stefán eru að fara til Schwartzwald -- Það var gaman að tala við Hjalta. Hann sagðist ætla að taka með sé vasaljós í Svartaskóg. Annars hefur verið hálfslæmt ástandið hjá þeim því Kristján hefur verið þjáður -- sem nú hefur fundist að er slitgikt. -- Sjúkleikinn gerir honum erfitt með að stunda vinnuna hjá Álafossi. --

Auður Eggertsdóttir skrifar fjölskyldunni. LaColle sur Loup. 18.6.1887.

Bonjour tout ma famille! Ef ég gæti óskað myndi ég óska mér heim í herbergið mitt, í stað þess að vera hér. Ég veit ekkert ömurlegra en aðgerðarleysi, þá má maður vera að því að fá heimþrá, hefur ekkert annað að gera en að velta sér upp úr hugsunum sem maður ætti alls ekkert að gera. Í Svíþjóð var það öðruvísi því þá hafði ég eigið húsnæði og reglulega vinnu, en hér er ég upp á aðra komin og verð að hugsa hvert fótspor með tilliti til þess. Já þannig að þið sjáið, að þegar ég opna þakka og les bréfin frá ykkur, þá gat ég ekki annað en tárast, þúsund þakkir, öll sömul. Þetta var dásamlegt.

-- veðrið er gott -- ég nota tímann stundum til að sleikja sólina á sundlaugarbakkanum, með músík í eyrum, þegar ég þarf ekki að passa. Í dag gat ég gert eitthvað gagn, ryksugaði og skúraði og veitti ekki af. Hvorki Marc né Marianne hafa neitt sérlega gaman af húsverkum. Yfirleitt er hér allt í óreiðu, sama þó ég sé alltaf að taka til, það er jafn vonlaust og að taka til í barnaherbergi brjálads barns, eftir fimm mínútur er allt komið í sama horfið. Ég fer alltaf eftir kvöldmat upp til mín -- Þið sjáið að ég er fremur dauf í dálkinn og dagarnir líða hægt. -- Ég hlakka til að flytja til Pierre og Brigitte, þar sem ég hef eitthvað að gera. --

Hugurinn vill velta því liðna fyrir sér -- Oftast er ég að velta fyrir mér síðastliðnum vetri og staldra þá við okkar ófáu „samtöl“ þ.e. þegar Auður var búin að gera eitthvert skammarstrik. Ekki get ég tilgreint neitt ákveðið, þar sem þau náðu að vera ansi mörg, þetta er óþekktarormur sem þið eigið. Mín kenning er hinsvegar sú að ég hafi alls ekkert hagað mér neitt verr síðasta vetur en áður, nú er ég bara orðin sú eina eftir sem gerir eitthvað og því beinist athyglin að mér; mér finnst ég allavega ekkert hafa versnað. En eitt úr samtölunum er það sem ég hef velt mikið fyrir mér -- Pabbi sagði mér að þið hefðuð aldrei verið ströng við okkur, en oft þegar hann hugsaði til baka, þá vildi hann óska að hann hefði verið það.

Ég veit ekki nákvæmlega hvernig ströng hann átti við þegar hann sagði þetta; sennilega átti hann við seinni tíð, þegar ég hugsa til baka, þá finnst mér ég eiga strangt uppeldi að baki. Ekki það að þið hafið staðið yfir okkur með svipuna. En í sambandi við ýmsa hluti hafið þið alltaf verið ströng, og af öllum mínum vinkonum átti ég langsamlega ströngustu foreldrana, jafnframt þá bestu.

Ennþá er þetta eins, þó allt öðruvísi. Þið eruð ströng, án þess að vera ströng, ég er bara farin að þekkja viðbrögðin betur og reyni að ganga varlega (sem oft á tíðum vill mistakast). Ég veit ekki hvort þið skiljið hvað ég meina, kannski er auðveldara að tala en að skrifa, ég geri þó mitt besta.

Já, ég nefndi í síðasta bréfi að það mætti senda mér eitthvað til að lesa og ég endurtek þá bón mína og gott væri að bókin væri ekki einsömul, því ég er fljót að gleypa þær í mig. Ég á eftir að lesa Grámosann eftir Thor, en annars treysti ég ykkur til að velja eitthvað uppbyggilegt og fræðandi handa þyrstri dóttur ykkar (og systur).

-- ég verð kannski um helgina hjá minni fjölskyldu. -- Á morgun ætla ég að vera löt og liggja í sólbaði og reyna að senda ykkur eins mikla hlýju og ég get í huganum -- Hlakka til að hitta mína ástkæru foreldrar í ágúst.

Auður Eggertsdóttir skrifar Friede P. Briem. LaColle sur Loup. 18.6.1887.

Elsku amma mín! Morgunstund gefur gull í mund. Ég ætla að athuga þetta, fremur af illri nauðsyn en af fúsum og frjálsum vilja. Ungu hjónin eru ekki komin fram, á þessum fállega laugardagsmorgni. Þá vil ég láta lítið fara fyrir mér. Svona er þetta á hverjum morgni, ég vakna og læðist niður stigann, eins og mús, opna ísskápinn og fæ mér eina jógúrt og ostbita; læðist svo upp til mín aftur. Ég vil ekki einu sinni fara á klósettið, því það er við hliðina á herberginu þeirra. Svo heyri ég að einhver kemur fram. Þá fer ég óhrædd niður og segi: *Nei takk, ég er búin að borða!* Og allir verða voða hissa. Ég er alveg viss um að þeim væri sama þó ég væri ekki svona hljóðleg, en ég er bara svona gerð, ég vil aldrei vera fyrir.

Já, amma mín. Ekki veit ég hvernig ég á að fara að því að þakka þínar dásamlegu gjafir, sem þú sendir mér, ég varð alveg orðlaus þegar ég opnaði pakkann. Þú hefur alltaf verið góð við mig, amma mín, svo góð, að mér finnst ég aldrei geta gefið neitt til baka. Ég sakna þín mikið, ég sakna þess að finna kökuilminn þinn góða, ég sakna þess að sjá ekki þessa glæsilegu konu koma gangandi eftir Bergsaðastrætinu og ég sakna þess að geta ekki sest inn til þín og rabbað við þig. Alltaf hefurðu gefið mér eitthvað og oft hef ég notað þína aðferð, þegar ég hef verið að passa börn. Já, mikið hlakka ég til að koma heim og hitta þig aftur. Ég hugsa mikið til þín hérna og svo sannarlega vona ég að þér líði vel, amma mín.

Í dag fer ég aftur til fjölskyldunnar „*minnar*“. Ég er farin að verða reglulegur heidursgestur þar, auðvitað ekki „gestur“. Ég hugsa að þau vilji að ég hjálpi þeim að þakka oní kassa fyrir flutningana, eða að ég fari eitthvað með krakkana, meðan þau þakka oní kassa. Mér er alveg sama, bara að ég hafi eitthvert verkefni, mér leiðist að hanga og gera ekki neitt. Helgarnar líða mjög hratt, en vikudagarnir silast áfram. Það er ég ekki nógu ánægð með.

Já, þetta gengur allt saman hægt, en það gengur. Í gær var ég, eiginlega allan daginn, að passa Áróru litlu. Það gengur frammar vonum, hún var afskaplega þæg við mig, borðaði, svaf og saug þumalinn. Hún er falleg þegar hún brosir til mín, þá tekur hjartað mitt kipp, það er svo gaman að fylgjast með framförumum. Á þessum fyrstu mánuðum breytist svo margt.

Elsku amma. Fyrirgefðu þetta ómerkileg krot, ég vona að það sæki vel að þér. Skilaðu svo kveðju til minna.

Fallegasta ljóði mitt er: „*ljóðið frá henni ömmu fjölrítara*“ sem þú ortir í minningabókina mína, fyrir mörgum árum. Þú ert skáldið mitt. --Þín elskandi Auður.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 22.6.1987.

-- góður dagur -- fjögur bréf komu inn um bréfalúguna og það 5. til Dags. -- merkileg póstpjónusta þarna við Miðjarðarhafið -- safna bréfunum -- senda svo allt af stað í einu. -- var gaman að fylgjast með þróuninni há þér frá fyrsta bréfinu til þess síðasta, hvernig þú verður smám saman ánægðari. --

Okkur finnst afmælið hafa tekist mjög vel og var ég í dag að fá síðustu afmæligjöfina. Sigurjón Ólafsson tannlæknir, sem er giftur frænku þinni, Kristínu Briem, kom upp á skrifstofu til mín með þennan líka fállega silkiklút frá Yves Saint Laurent. Sá var nú flott. -- Þau Sigurjón og Kristín gátu ekki komið í afmælið -- Það er ótrúlegt hvað tannlæknarnir hafa verið rausnarlegir við mig og sýnt mér mikla hlýju. --

Dagur kom seint heim úr vinnunni -- ansi þreyttur -- Hefur verið að senda umsókn til einhvers félagsmálaráðs í Noregi um íbúð --

Það var frábært veður 17. júní og horfðum við á Hönnu Stínu dansa á Tjarnarbrúnni. Það var götuleikhúsið sem var að færa upp leikritið um prinsessuna og drekan. Dagur var inni í drekanum að hjálpa til að halda honum uppi. Það var svo mikill hávaði þar inni að hann varð að hafa heyrnarhlifur. -- þekktum bara tvo í öllum mannfjöldanum. Það er ólíkt pabba þínum. Við settumst út í garð og þá kom Guðrún (*Sveinsdóttir*) og Jón í heimsón. Pabbi þinn tók fram *krokkettið* og áður en varði, voru komnir fleiri krakkar og mikið fjör, alveg eins og í gamla daga. --

Sgir frá framkvæmdum við innkeyrslu fyrir bílinn og að þau Eggert séu að lesa saman orkubókina, sem sé lokaspretturinn í þýðingarverkefninu fyrir ráðuneytið.

-- Við erum búin að kaupa gott kort af leiðinni frá Annecy til Nice þar sem *La lolle sur Loup* sést. --

Auður Eggertsdóttir skrifar fjölskyldunni. LaColle sur Loup. 22.6.1987.

-- Stundum er afskaplega erfitt að vera svona langt frá pabba sínum og ömmu, og öllum sem manni þykir svo vænt um. Ég verð stundum svo lítil í mér. Nú er ég alveg flutt frá Marianne og til Brigitte og Pierre. Ég sef með Laurence í herbergi. -- Það er allt á rúu og stúi hérna vegna flutninganna, í pappakössum og hrúgum. Mér er nokk sama.

Pierre og Brigitte skilja ekkert í mér að ég vilji ekki hringja til ykkar, ætli þau ímynda sér ekki eitthvað, guð má vita hvað, en ég segi alltaf *Nei, ekki strax*. Ég hugsa að það sé ekki gott, ég mundi bara vera enn aumari á manninn eftir samtalið og ekki vita í hvorn fótinn ég ætti að stíga. Ég vil geyma mér það, þangað til styttest í komu ykkar, það verður miklu betra þannig.

Ég kvíði pínulítið fyrir því þegar Pierre og Brigitte fara til Annecy og ég verð hérna með krakkana. Ég hugsa að þetta verði allt í lagi, þetta er bara voðaleg ábyrgð eitthvað, þau geta verið svo óþekk krakkarnir. Þau verða í skólanum mestan part dagsins, svo sækji ég þau, gef þeim að borða og kem þeim í rúmið. Á miðvikudögum er alltaf frí í skólum hér í Frakklandi. Í staðinn er kennt fyrir hádegi á laugardögum, asnalegt system. Heyriði mig! Ég ætla að sækja krakkana í skólann - ég held einhvern tíma áfram.

Jæja, nú er ég búin að sækja krakkana. Þar hitti ég stelpu sem passar vinkonu Laurence. Hún er frá Maroccó, heitir Katja og hefur búið hér í Frakklandi í ellefu ár. Það verður gaman að tala við hana. Ég er nú ekki sleip í frönskunni, en fólk sem ég tala við hjálpar mér yfirleitt áfram. Hún er tuttugu og fjögurra ára, búin að vera gift í sex mánuði. Hún bauð okkur í afmæli stelpunnar sem hún passar, spennandi, allt fullt af brjáluðum krökkum.

Mér finnst mjög gaman að rabba við svona stelpur, en mér finnst ekki nauðsynlegt að búa til einhvern náinn félagsskap á stundinni, svoleiðis kemur bara af sjálfu sér. Í gær hitti ég við sundlaugina stelpu frá Írlandi sem er búin að vera hér í viku, talaði ekki mikla frönsku, en það geri ég ekki heldur, en búin að vera hér lengur. Allavega var hún ekki allt of hress með dvölin, sagðist engan þekkja. Ekki veit ég hverju hún bjóst við, hópi af vinum. Einn-tveir þrír. Spurði --

Æ, ég veit ekki, ég vil bara gera það sem mér sýnist, ég nenni ekki að vera að aumkva mig yfir einhverjum sem vorkennir sjálfum sér, ég hef nóg að gera með að halda góða skapinu í sjálfri mér, það getur verið heilmikið verk. Ég sakna ykkar voðalega mikið, ég veit ekki hvort var auðveldara að vera lítil í Svíþjóð og gráta allan daginn af söknuði, eða vera stóra stelpa í Frakklandi, sem breyti aldrei um svip, hvað sem á dynur. Auðveldara held ég að hafi verið, sumarið í fyrra, þar sem ég var í eigin húsnæði og þurfti aldrei að taka tillit til neins, fyrir utan náttúrlega, sumarið á Grund.

Þetta sumar væri enginn vandi ef ég kynni málið. Það er það sem er svo þreytandi að skilja ekki það sem sagt er við mann og geta ekki tjáð sig vandráðalaust. Ég er viss um að þetta á allt eftir að breytast. Það er ekkert að marka mig núna. Hlustiði bara ekki á þetta kjaftæði í mér.

Já ég er ýmist hress og kát eða fremur leið, aldrei neitt alvarlega samt. Mér leiðist að vera ljóshæð og sting svo í stúf við annað fólk, ég gæti allt eins gengið með skilti um að ég væri útlendingur. Því þótt ýmsir frakkar séu ljósir á hörund og hár, eru þeir ekki jafn miklir álfar út úr hól, eins og ég.

Brigitte hefur miklar áhyggjur af því að ég vilji ekki hringja heim, ég verð að hringja til að sýna henni að það sé allt í lagi, ég verð bara að velja rétta tímann, þegar ég er í góðu skapi og allt í fína, þannig að samtalið endi ekki í neinu voli eð hvað. --

Mig sárvantar bækur! --

Auður Eggertsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Nice. 24.6.1987.

Elsku bróðir minn! -- Ég er nú ekki að skrifa þetta í ákjósanlegasta næði. Laurence suðar um að fá að teikna „*un bon homme*“ í bréfið. Þegar ég sest niður til að skrifa þá vill hún teikna bréfin mín, einkennileg árátta.

Ímyndaðu þér mig, einstæða móður með tvö börn á þriðju hæð í blokk í Nice í Frakklandi. Það þarf mikla þolinmæði, skal ég segja þér, að passa þessi börn allan daginn. Þau gera allt þveröfugt við það sem maður segir - getur verið þreytandi. Nú þarf ég að gera hlé, því við erum að fara í afmælið hennar Andreu, næstum nafna mín, fullt af brjáluðum krökkum. Bless á meðan.

Daxinn minn eini og sanni! Ertu nú að festast í snörunni aftur? --

Heyrðu mig nú. Ekki veit ég hvað ég á að skrifa þér títt, ég er í fínu skapi. Sátt við lífið og tilveruna, nema að einu leyti. Ég er nefnilega rauð eins og karfi eftir gærðaginn og treysti mér ekki til að snúa nefinu í sólina í dag, það verður að vera rassinn. Ég tók mig svo afskaplega vel út í gær, í rauðum skóm, rauðröndóttum skokk, rauðri peysu, með eldrautt smetti. Ég vakti mikla kátínu: *Tu est rouge ha ha ha!* Þannig að í dag prumpa ég bara á sólina. PRUMP!

Krakkarnir eru sí sona, þægir, upp og niður. Pierre og Brigitte segja mér að slá þau utan undir, ef þau eru mjög óþekk, en ég á erfitt með það. Ég hóta þeim ef ekkert annað dugar, vonandi komast þau ekki að því að hótanirnar eru ekki rökum studdar. Þá kæmist ég í klípu. --

Dagur er að kveldi kominn, ró og næði, líka inni mér. Dagurinn byrjaði rúmlega níu. -- Erfitt að troða einhverju í börnin á morgnana, en ég geri mitt besta. Við vorum boðin í afmæli -- Það byrjaði í sundlauginni, það er ótrúlegt hvað allir krakkar hér, synda vel, falleg sjón. Ég talaði heilmikið við írsku stelpu, sem er búin að vera hér í viku, er að gefast upp og fer heim eftir viku. Ég var eins og ég veit ekki hvað, þegar ég talaði við hana æðislega sjóuð í bransanum, eitthvað að hughreysta hana, því hún þjáist af heimþrá. Þetta er í fyrsta sinn sem hún fer frá fjölskyldunni. -- Ég sem tala af reynslu reyni að telja í hana kjark! Börnin hlýða engu sem hún segir en mín kenning er að þetta sé spurning um réttu tókin. Munur hvort maður segir nei eða NEI. Annars ætla ég ekki að angra þig með minni heimspeki í sambandi við börn. Mér þykir hreinlega vænt um börnin hérna. --

Það var erfitt að koma Laurence og Bruno niður á jörðina eftir öll þessi hræðilegu læti og tonn af sykri.

Mammí og papí (*amma og afi*) litu inn til að sjá hvernig allt gengi hjá mér og ég talaði við Brigitte í síma. Eftir heimsóknina leið mér vel, þau eru hlý og góð en *mammí* hrósar mér allt of mikið. Hún spurði hvernig mér líkaði hér í France og ég sagði henni

sannleikann að mér líkaði afskaplega vel, ég væri hjá yndislegri fjölskyldu og væri mjög ánægð. Hún var nú aldeilis glöð við að heyra þetta og hrósaði mér allt of mikið, sagði að ég væri brosmild og jákvæð (heldurðu?). Ertu ekki stoltur? (Núna áttu að kinka kolla, brosa bróðurlega og hrópa ferfalt húrra!) Ég ætla samt að ofmetnast ekki! Bruno var afskaplega reiður við mig vegna þess að hann átti að fara í rúmið snemma, öskraði á mig og rauk inn til sín. Hann kom svo fram eftir stutta stund og ég bað hann vinalega að öskra aldrei aftur á mig. Hann lofaði því og við sættumst í faðmlögum (þarna átt þú að segja: *En sætt*). Svo las ég Öskubusku fyrir þau og núna sofa þau. Finnst þér ég ekki vera þrælmyndarleg!? --

Vonandi finnst þér þetta ekki alveg glatað bréf og vonandi getur þú lesið það án þreytustunu, elsku besti bróðir. Mér líður svo vel inni mér, ég er svo róleg eitthvað -- ég elska þig mjög mikið og við verðum að vera dugleg að halda kontakt, ekki satt? Skilaðu kveðju til *hele familien* --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 1.7.1987.

-- Það er sannarlega ánægjulegt að heyra hugrenningar þínar. Það er meðal kostna þess að vera einn með sjálfum sér að hugsanir kristallast betur en ella og drepast ekki á dreif eins og vill til í amstri dægranna, *glingri og glysi, grammófónmúsíkk og bifreiðaslysum og sífelldu kjaftæði í síma*. Þetta er úr kvæði frá fyrrihluta aldarinnar, áður en við fæddumst.

Það sem gladdi mig mest í öllum þínum bréfum var að þú dróst í land með orð þín frá München. Þegar ég fékk það varð ég að setjast niður og skrifa þér um laun gistivínáttunnar, bróðurkærleik, fjölskyldusambönd, hið eina í þessu lífi sem hægt er að reiða sig á þegar á móti blæs, orku kærleikans, fallvaltleik lífsins, ótraust vináttusambönd, viðhlæjendur, römm er sú taug, ófarir annarra, virðing fyrir ólíkri skaphöfn o.s.frv. Ekkert af þessu þarf ég að nefna annað en: Systkinasamböldni og kærleikur er ofar öðru, lífsförunautar og afkomendur geta leyst hana af hólmi, þó geta þeir líka brugðist. Kærleikann má rækta, hann kemur af því að gefa, ekki af því sem maður krefst. Að vilja, eða vilja ekki, hefði Breti nokkur sagt. --

Segir frá góðviðri, grillveðri, gestum, ömmum, aðsteðjandi skjújum, stjórnarmyndun með Þorsteini Pálssyni í forsæti. Sýrenan að blómstra, húsviðgerðum. Þá er ég að koma út tveim skýrslum og ljúka þýðingarverkefni: Orka og Norðurlönd. Var í morgun að tala við höfundinn Mosgård.

Tvær sögur:

-- Á fyrri fundinum (Nato) setti finnski orkumálaráðherrann fund með miklum hátíðleik. Þegar átti að ganga til dagskrár veifaði Albert Guðmundsson höndunum og kallar: *Mr. chairman*. Hann talar sæmilega skandinavísku en talar hana ekki á Norðurlandafundum af prinsippástæðum - og heldur áfram: *I have an urgent matter that we must discuss*. Síðan dregur hann fram skýrslu sem ráðuneytisstjórnin¹ dreifir vandræðalega, skýrslu frá NATO um orkuvandamál. Vekja fundarmenn athygli á að hvorki Finnar né Svíar séu í Atlantshafsbandalaginu.

Þá sagði Albert: *But you ought to be*. Síðar kom Albert á fund orkumálaráðherranna og barst talið að Afríku. Birgitta Dahl, orkuráðherra Svía er vel heima í málefnum þess heimshluta og hefur áhuga á orkumálum þar. Skýrði hún fundarmönnum frá þeim. Þegar talið barst að S-Afríku varð Albert að orði: *Mr. Botha is a very good man*. Sá er forsætisráðherra landsins og forystumaður Búa og aðskilnaðarstefnunnar. Nærri má geta hverjar undirtektir þessi orð fengu á þessum stað. --

Ræðir bækur sem hún gæti haft gaman af að lesa og nefnir mannlysingarrit Sigurðar Nordal. Var jafnvel að hugsa um að senda henni bækurnar sem mamma hennar fékk í afmælisgjöf.

-- Bókin er svo stórvel skrifuð, ekki á strang-hrein-snyrtilegri íslensku. Heldur á fjölbreyttu máli, lætur réttitrun ekki hlaupa með sig í ofstæki, notar mál og stíl sem er *eterískur*, svífandi ljúfur, eins og himinninn hér úti fyrir, eins og Sigurður var sjálfur. Alls staðar grípur hann til gamansemi eða merkilegra samlíkinga. Það sem einkennir hann er takmarkalaus hlýja í garð þeirra sem hann talar um, hvort sem eru háir eða lágir. Sennilega skrifaði hann aldrei um þá sem honum voru á móti skapi. Ég veit að hann vildi ekki viðurkenna til doktorsprófs rit Vilhjálms Þ. Gíslasonar útvarpsstjóra, föður Þórs Vilhjálmssona og tengdaföður Ragnhildar Helgadóttur, frænku okkar. Hakkaði bókina í sig þegar hún kom út.²

Einkenni á Sigurði var hvað hann var barngóður og góður hlustandi þegar ég kom til hans í sendiferðir, hitti hann á götu eða í Tjarnargötu, þar sem hann kom í heimsókn oft ásamt Jóhannesi og Jóni. Mér fannst ég vera svo skemmtilegur þegar ég talaði við hann, og það tók alltaf dálítinn tíma að verða leiðinlegur aftur.

Þarna í ritinu er allt saman komið sem var dreift um allt í blöðum og tímaritum, sumt hafði hann jafnvel aldrei birt. Mikill munur á því gaspri sem nú kemur á þrykk. Ef einhver ætlar sér að ná tökum á íslensku þarf sá að lesa sögurnar - eða rit manna eins og Sig. Nordal, eða Signor Dal, eins og gárungar kölluðu hann. --

Nú er klukkan að verða tólf og mál að linni, tími kominn til að fara í rúmið og óska þér hvíldar og rósemi hugans. Ég sé þig fyrir mér sofandi, hér eða í Nice. Við erum búin að fá okkur ágætt kort af Provence og á því sjáum við Colle de Loup. --

Dagur er alltaf að skafa tímur í ákvæðisvinnu. Ég vaknaði kl. 5.30 í morgun þegar hann var að hita sér kaffi og *ilmjanin* (gotnesk orðmynd) smaug um vit mín. Hann ætlaði að vera mættur í vinnuna kl. 6, myndi félagi hans sækir hann. Sá svaf yfir sig og Dagur

¹ Vinur minn Páll Flygenring sem bað mig um að þýða bókina um orku og Norðurlönd..

² Ekki hef ég nú neitt við höndina sem staðfestir þetta orð: *hakkaði*. Þorsteinn Gíslason, faðir Vilhjálms Þ. Gíslasonar gaf 1923 og 1926 út tvær bækur Vilhjálms: *Íslensk endurreisn*, um tímamót í menningu 18. og 19. aldar. Síðari bókin fjallar um *Eggert Ólafsson* og áhrifatímabil hans. Bækurnar eru, að mínum dómi, ekki góðar, en samt meðal þess fáa sem hefur verið ritað um þetta menningartímabil og Eggert. Ekki veit ég hvort ég fer hér með rétt mál um samskipti þeirra Vilhjálms og Sigurðar. Þó held ég að það fari nærri lagi. Kominn tími til að bæta um betur.

sat til kl. sjö á Hlemmi og las Morgunblaðið. Hann bar sig samt vel í grillveislunni og fór í *húsnæðið*¹ til að gera einhverja merkilega skipulagsteikningu. --

Mamma þín biður að heilsa -- Þá býð ég góða nótt og óska þess að allt gott umlyki þig og fagarar hugsanir fylli hugann. Hugsaðu stundum til mín! Er þetta alvöruleysi, stílbrot, bréfsendur á skökkum tóni? Ég held að svo sé.

Ekkert er auðveldara en að eyða þeim orðum á skjánum. Ég læt það nú eiga sig og segi í staðinn. *Hafðu það gott, elsku stúlkan mín, skrifaðu fleiri falleg og snjöll bréf eins og þú hefur gert, sópaðu út úr sálarfylgsnunum.* --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Nice. 1.7.1987.

-- fer að stytast í að ég hitti ykkur hérna -- farin að hlakka mikið til. -- gaman að heyra um lífið -- á Bergstaðastrætinu -- það virðist allt vera skemmtilegt hjá ykkur -- annað væri nú ekki normalt, fjölskyldan mín hefur alltaf verið fjörug og fyrir það er ég þakklát -- vona bara að ég erfi fjörið. Ég er bara aldrei heima hjá mér á sumrin til að geta tekið þátt í lífinu á sumrin, alltaf að afla nýrrar reynslu og þroska úti í heimi, og ekki kvarta ég. -- samt sakna ég sumranna, sé aldrei landið, alltaf í skólanum á veturna, mig er farið að langa til að ferðast um og skoða landið almennilega. Þetta eru bara vangaveltur héðan úr hitanum, þá hugsar maður gjarna um eitthvað kalt, og ég meina ÍS-land, liggur það ekki beint við.

Hiti, segi ég, já, því hér er nóg af honum. Brigitte segir að hann sé ekki normal, svona eigi ekki að vera fyrr en í ágúst. Úff, ég vona að þetta eigi ekki að ágerast. --

Það verður gaman þegar þið komið hingað, það er fallett hér. Þetta er svo öðruvísi, kannski ekki umhverfið -- aðallega lífnaðarhættirnir og allar venjurnar. Vona að ég geti sýnt eitthvað af þessu, hver veit?

Nú erum við flutt endanlega, á meðan var ég send með krakkana til ömmu og afa í litla þorpið Rouainette uppi í fjöllumunum. Víst var fallett, en hreinlega ekkert að gera og tíminn lúsaðist áfram. Ég skrifaði og skrifaði. Ég held að ég hafi komið með nú bréf í bæinn, öll gjörsamlega andlaus og leiðinleg, hafði ekki einu sinni bók að lesa. -- þegar ég kom í bæinn -- þurfti ég að vinna upp svo mikið aðgerðarleysi að ég stoppaði hreinlega ekki allan daginn -- þreif skápa og allt mögulegt. Ég skipulagði eldhúsið vandlega og raðaði svo öllu úr pappakössum í skápa, eftir að hafa þvegið allt leirtauið upp. Færði mig síðan inn á bað.

Brigitte var nú heldur en ekki ánægð með þetta allt -- Já, dugleg var ég, þó ég segi sjálf frá, en það besta var að finna hvað þau voru ánægð með allt sem ég hafði gert, það voru bestu launin. --

Í dag gerði ég eiginlega ekki minna stórvirki, en ólíkt fyrri deginum. Í dag fór ég með bæði börnin á ströndina í strætó, án þess að hafa svo mikið sem gengið um borgina. Áður hafði Brigitte teiknað fyrir mig leiðina -- og svo hélt ég af stað með krakkana og körfu fulla af handklæðum. Allt byrjaði vel, ég fann fínan stað á ströndinni, fyrir hádegi, þannig að hitinn var ekki óbærilegur. -- Algjör lúxus og gekk mjög vel. Þegar við ætluðum heim aftur fóru hlutirnir að flækjast. Ég fann réttu stoppistöðina og eftir nokkra stund kom strætó merktur þessu hverfi, en þegar strætóstjórinn spurði hvert ég væri að fara þá svaraði hann mér að hann færi ekki þangað. Við stigum út og átti næsti vagn ekki að koma fyrr en fimm. Ég spurði nokkra strætóstjóra, enginn ætlaði þangað svo ég hringdi. Brigitte sótti okkur og fannst þetta allt í fína. Núna veit ég hvað ég á að gera. Það hefði verið betra fyrir mig að fara fyrst ein í bæinn og kynnast þessu pínulítið, því þegar maður er með krakkana verður öll athyglin að vera tengd þeim, að þau fari sér ekki að voða. En allt fór vel. --

Þau eru góð við mig, öll sömul eru góð við mig og ég hef enga ástæðu til að vera óánægð -- Það er líka frábært að vera í svona einbýlishúsi núna, eitthvað svo privat og þægilegt og allt smám saman að komst á sinn stað. --

Nú er ekkert annað að gera en að setjast niður við tölvuna fínu og hugsa til mín. Kveðjur --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Nice. 3.7.1987.

-- Vissulega þakka ég þér fyrir Helgarpóstinn, pabbi, en um leið vil ég lýsa óánægju minni, því það fylgdi ekki einu sinni kveðja með. Þetta líktist fremur gluggaumslagi, en umslagi frá pabba mínum. Ég skil vel að þú hafir mikið að gera alltaf, en að þú getir ekki skrifað dóttur þinni um að þú hugsir stundum til hennar, það tekur ekki langan tíma - og hafðu það! --

Í dag fékk ég tækifæri til að eyða peningum í eitthvað nothæft. Hingað til hafa allir peningar farið í bréfasendingar (dágóð summa, skal ég segja ykkur). -- Í dag fór ég með Laurence í bæinn og keypti mér sundbol og sólgleraugu, og er stolt af því. Byrjuðum á að kaupa okkur inn í strætisvagninn. Hann var mjög slæmur, því hann hristist og skoppaði óeðlilega mikið. Laurence kunni þó vel að meta það, hló hátt alla leiðina og kom eiginlega öllum öðrum í strætó til að hlæja, smitast af sér. Mér þótti þetta hins vegar öllu óþægilegra, maður kastaðist til og rófubeininu² mínu leist ekkert á blikuna. Við komumst þó heilar á húfi niður á Place Massena og marseruðum inn í Gallery Lafayette, stærsta magasínið hér. Þar fann ég strax þennan ágæta sundbol, sem reyndist of lítill, og þarf að skipta. Svo fann ég sólgleraugu -- Með þetta marseruðum við niður á ströndina þar sem við vorum frá ellefu til þrjú. Laurence er með öllu ófeimin og finnur sér strax vini í fólksmergðinni, skoppar á milli og ég sá hana varla allan tímann. Það er ágætt, því hún er svo ferlega óþekk að það er gott að fá frið. -- Við keyptum okkur ís, lölluðum um og fyrir tilviljun hittum við Brigitte, fórum í innkaup og heim. Allavega er rófubeinið aumt eftir daginn.

Ég er mikið að velta framtíðinni fyrir mér og hvað hún ber í skauti sér. Tekst mér að klára skólann á næsta skólaári? Ég velti því mikið fyrir mér og ef svo heppilega vildi til, að mér myndi takast það, hvað tekur þá við? -- Kannski gerist ég bara skæruliði í Afganistan - aldrei að vita.

Jæja, ég held ég fari að hætta þessu bulli, það er ekkert vit í þessum penna mínu.

¹ Hér mun átt við vinnustofu sem hann og fleiri listaspírur tóku á leigu í Brautarholti.

² Rófubeinið var þýðingarmikið. Það angraði hana lengi, eftir að Auður datt á stein á Sjonaskeri á Skaftafellsheiði þegar hún var eitthvað átta ára.

Vonandi hafið þið það fínt á Bestó. Kveðjur til pabba og mömmu, sem eru allar stundir úti í garði og Dags, sem lifir fyrir helgarnar, en situr þess á milli með Hönnu Stínu í fanginu. Amma að drolla frameftir á kvöldin og spilar: *Nú blikar við sólarlag* --, þegar andinn er yfir henni, ég vildi að ég gæti heyrt til hennar. Er þetta ekki einhvern veginn svona? --

Eggert Ásgeirss. skrifar Guðrúnu Guðmundsd. Bergstöm. Rvík. 4.7.1987.

Segir frá lífinu og veðurfarinu, Jóhanni Sigurjónssyni o.fl.

-- Allt í einu flókti hugurinn frá Jóhanni, yfir sundið til þín, frænka mín, og ég minntist þess að ég hafði ekki þakkað þér fyrir síðast eftir stutta en gefandi heimsókn til þín -- Mér þótti ánægjulegt að fá tækifæri til að hitta drengina þína, Árna sem ég hafði aldrei séð, og Tryggva sem ég hafði ekki hitt frá 1.10.1955. Heimsóknin var stutt, en góð. -- Fáum dögum síðar hélt ég svo heim á leið aftur en þá var Sirri búin að ljúka erindum sínum í borginni. Heima var allt í besta lagi. Auður sem verður senn 19 ára hafði annast húsið í félagsskap við ömmu sína, sem var við bestu heilsu. Auður fór svo til Nissa, þar sem hún verður við heimilisstörf hjá vinafólki okkar og þínu, afkomendum Erlendar frá Breiðabólstöðum. -- Dagur kom skömmu síðar til sumarvinnu og Ásgeir nokkru síðar --

Strax og ég kom heim sagði ég Gauju frá heimsókninni til þín; varð hún glöð við að fréttu af þér. -- Húsið í Ráðagerði verður hrörlegra með hverju árinu sem líður, ekkert fyrir það gert. Þar unir Gauja glöð við sitt, lifir sæl í minningum um fortíðina og samskiptin við foreldra og frændgarð -- má ekkert aamt sjá, er hjálpleg og heimsækir þá sem á sjúkrahúsum dvelja.

Af öðrum er allt hið besta að fréttu. Mamma hefur það gott. Kristínu í Móum líður vel á elliheimili utan við heiminn. Teitur og Unnur búin að selja Móa. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. 7.7.1987.

-- Mikið var gaman að heyra í þér í kvöld. Ég var í sælúvímu lengi á eftir. Það er svo ánægjulegt að heyra hvað þér líkaði vel og varst ánægð í alla staði. --

Segir að Ásgeir komi frá Lúx. 2.8., við þangað 1.8. og hittum væntanlega Elísabetu, Roger og hann.

Segir líka nákvæmlega frá myndun ríkisstjórnar Alþýðuflokks, Framsóknar og Sjálfstæðisflokks. Ragnhildur Helgadóttir vikur og Jóhanna Sigurðardóttir kemur inn. Líst ekki illa á nema hún vildi fá einhvern annan en Jón Helgason í landbúnaðarráðuneytið vegna klúðurs í þeim málaflökki. Fréttir eru sem sé af hundruðum tonna af kindakjöti sem hafi farið á haugana, birgðir frá '85.

-- Við fórum í heimsókn til Gauju í Ráðagerði og fengum hjá henni kaffisopa. Hún spurði um þig og gladdist mjög þegar hún heyrði að þú værir í Frakklandi. Hún minntist Ásgeirs afa þíns sem hún hafði heyrt tala við franska sjómenn í gamla daga á svo flottri frönsku. Hún bað voða vel að heilsa. Svo fórum við í aðra heimsókn til Dídí sem er orðin nokkuð hress -- Amma Fríða er hin hressasta og gladdist mjög þegar við bárum henni kveðjur frá þér og sögðum að þú værir ánægð. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. 13.7.1987.

-- Amma þín var mjög ánægð með símtalið. -- Það væri aldeilis sniðugt ef hægt væri að deila hitanum jafnar niður á jarðarbúa. Pabbi þinn var að tala til Finnlands og er þar leiðindaveður. Hjá þér er of heitt. Hér má segja að sé indælt veður þó sólin sé svolítið óþæg við okkur þó á landsmóti hestamanna á Húsavík sé 20 stíga hiti. --

Segir frá franski au-pair stúlku hjá Guðrúnu Sveinsdóttur og Jóni sem er ánægð en er leið á milli en er að fara í Skaptafell með Helgu Jóns og vinkonum og hlakkar til.

Þá er sagt frá garðvinnu og baráttu við mosa og lagfæringu kringum nýtt bílastaði, Sírenan er í blóma og margir stoppa og spyrja um tréð.

-- Mamma var óskaplega ánægð með bréfið sem þú skrifaðir henni. Hún bað mig um að skila voða góðri kveðju og þakklæti -- Hún er hin hressasta og fer í sund tvisvar í viku --

Dagur hefur mikið að gera. Hann er að reyna að mála á kvöldin og er á leiðinni með nokkur skemmtileg málverk - var að skrifa þér bréf sem hann finnur ekki. --

Svo byrjar fyrirkvíðanleg húsnæðisleit þegar út kemur og kvíðir hann fyrir þó hann fái að vera um sinn hjá Gunnari Steinarssyni, geðugur piltur, sem leit inn til okkar og var gaman að sjá þennan velgerðarmann sem er hættur að búa með sinni norsku stúlku.

-- Dagur var feginn því, sagði að þau hefðu stöðugt verið að rífast. --

Segir frá sextugsafmæli Sigríðar nágrannakonu þeirra Þórðardóttur og voru þar 60 manns.

-- Gunnlaugur Þórðarson kom og afhenti afmælisgjöf frá þeim Lofti Ólafssyni. Hann fór úr skónum og stóð upp á stól og ávarpaði Sigríði. Gjöfin var harðfiskur, sem er víst klassísk afmælisgjöf hans. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. 16.7.1987.

Segir frá farmiðum og ferðalögum og garðvinnu, þar sem naut hjálpar Dags til að koma honum í stand eftir gerð nýrrar innkeyrslu eða bílaplans. Segir líka fréttir af Auði og biður hann um að skrifa systur sinni. Þá segir hún fréttir af þúli Dags í byggingarvinnunni og sitthverju fleira.

-- Honum finnst hann hafa lítinn tíma aflögu, langar til að geta málað og sitthvað fleira. Hann var að ljúka við eina mjög skemmtilega mynd sem hann málaði á bylgjupappa og pabbi þinn sníkti af honum og ætlar að láta ramma inn.¹ --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. 17.7.1987.

Ræðir bækur og sendingar til hennar og dáist að því hvað hún les mikið.

Segir fréttir af þeim, og vinnunni klassísku við snyrtingu á fjölskyldugrafreitunum í gamla kirkjugarðinum.

-- Svo komum við heim. Loftur gekk framhjá og fór að tala við okkur. Svo kom Gunnlaugur Þórðarson. Þeir fóru að tala um gullregnið hjá okkur og þá sagði Gunnlaugur að það væri svo fallett gullregn hjá Hauki Heiðar.² Strákar, komið þið þangað, sagði hann við pabba þinn og Loft. Þeir fóru þangað. Þegar pabbi þinn kom aftur sagði hann að Haukur hefði rekið út hausinn um lítinn glugga við tröppurnar til að gá að hverjir væru á ferð. Svo gengu þeir allir um garðinn hjá honum, skoðuðu eplatré og gullregn.

Loftur og Gunnlaugur hafa mikinn áhuga á að koma upp skermi fyrir sjónvarpsloftnet hér í hverfinu til að geta séð BBC. Þeir spurðu pabba þinn hvort hann vildi vera með. Pabbi þinn hélt nú það. Loftur ætlaði að sjá um tæknihliðina og Gunnlaugur þá lögfræðilegu.³ --

Ég vona að þú komist yfir andvökuna. Mér dettur í hug andvökupestin sem gekk yfir þorpið, eftir að hafa lesið *Hundrað ára einsemd*, minnisleysið, sem leiddi til þess að allir voru komnir með miða á alla hluti til að minna sig á hvað þeir hétu og svo aðra miða til að minna sig á hvað ætti að gera við hlutina. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 19.7.1987.

Ræðir um samskiptin, dáist að hvernig hún opnar sig í bréfum sínum. Samband hennar og foreldranna sé í lagi.

-- Þegar við höfum sest niður með þér og rætt framtíðina („skammað“!?) er það ekki til þess að segja hvað þú eigir að gera, heldur ganga úr skugga um hvort þú hugsir um sama efni. Þetta er undirstaða mannglegra samskipta. -- Er einhvern tíma hægt að taka upp á ný trúnaðarsamband sem hefur rofnað í skilningsleysi og stóryrðum. Þetta segi ég ekki af sérstöku tilefni. -- Nú er mál komið til að skipta um umræðuefni. Niðurstaða: foreldravandamál - unglíngavandi = eitt og hið sama. --

Lít út um gluggann, ekkert hljóð í húsinu á þessum morgni, vafningsviðurinn læsir sig upp eftir glugganum, sem minnir á að fá þarf stiga; og gera við húsið, una ekki lengur svikum, fá rafvirkja til að gera kerfið öruggt. Svo förum við til Þingvalla til Jójó og Óla, þar sem boðið er í grill, ef veður og fluga leyfir.

-- Seint í gærkvöldi hringdi Guðrún Sveins með nýja farsímanum úr sumarbústaðnum til að þakka fyrir kræklingsveisluna -- Mikil læti voru í sumarbústaðnum og heyrðist varla mannsins mál. Þar voru Bensi og Eygerður með fjölskyldum og Ranka hin veiðisjúka -- Þær fréttir voru að Ranka hafði verið svo veiðibráð að hún datt í vatnið --

Búinn að fá Mackintoshtölvu í vinnuna, mikið undratæki og hleyp nú eins og ekkert væri milli þriggja tölvukerfa.

Segi frá Skálholtstónleikum góðum með Manuelu Wiesler og Einari Sveinbjörnssyni sem við fórum á með Inger Helgason, Dídí og mömmu.

-- Mikið þótti þeim gaman, þær hlógu alla leiðina og töluðu stundum allar í einu - og við líka. Við gáfum þeim kaffi í grænum bala gegnt Selfossi og á heimleiðinni helltum við í þær kokkteil og aftur hér fyrir ofan bæinn.

-- mikið að gera fyrir fríð, láta vini í Genf vita af ferðum okkar. -- vona að enginn verði fyrir vonbrigðum þegar við hittumst. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 19.7.1987.

Segi af ríkisstjórn, lífinu, hlakkar til að hitta hann í Lúxemburg, segir af Auði, stórskríbent, bæði að magni og gæðum.

-- Hér er gífurleg túristatraffíki. Við vorum í bænum í gærmorgun og ég sá ekki nema einn Íslending í Bankastræti. Sirri sá heldur ekki nema einn.⁴ --

Auður Eggertsdóttir skrifar fjölskyldunni. LaColle sur Loup. 19.7.1887.

-- hitti ég þær mæðgur, Ragnheiði og Siggú⁵ og átti með þeim dásamlegt kvöld, þar sem Ragnheiður dekraði allt of mikið við mig. Pierre og Brigitte keyrðu mig í bæinn -- og var ákveðið að ég myndi taka leigubíl heim, þegar ég væri búin að fá nóg. Síðasti strætó gengur kl. rúml. sjö og mér fannst það svona heldur stuttur tími til að borða. Við höfðum mælt okkur mót á hótelinu þeirra - og hafði ég nógan tíma til að spóka mig um bæinn í rólegheitum., búðir nenni ég ekki að líta í, því túristar eru bókstaflega búnir

¹ Auður eignaðist þessa mynd, sem hangir nú yfir hjónarúmi hennar og Axels.

² Haukur Heiðar bjó einn á Laufásvegi 69. Var oft ruglast á húsunum með sama númeri og var dálítið neyðarlegt er það voru stefnuvottar!

³ Ekki var frekar minnst á þetta mál.

⁴ Við hljótum að hafa einblínt hvort á annað!

⁵ Ragnheiður Briem (1938-2000) menntaskólakennari og kennslubókarhöfundur, fænka mín. Móðir hennar Sigríður Skúladóttir (1911-1999) var með í för.

að yfirtaka bæinn. En hvernig sem á því stóð varð klukkan sex fyrr en varði og ég labbaði mér á hótelið þeirra. Þar hitti ég mæðgurnar í svitabaði eftir rútuferð. Héldu að þær myndu aldrei ná sér aftur. Ég skiptist á við að tala við þær, eftir því hvor var í baði. Lox voru þær hreinar og fínar og komið að mér að taka mig til -hm - þó ég verði aldrei neitt voðalega kvenleg, þá geri ég alltaf mitt besta. Svo fórum við á lítinn veitingastað, þar sem ekki var mikið af fólki, og mér sagt að ég ætti að sjá um pöntunina, þar sem ég væri á heimavelli. Ekki kann ég mikið í því hrognamáli, hvað þá að ég kunni að lesa matsedeila. Þetta voru hálfgerð vandræði, sem ég var komin í, fannst mér. Að lokum tókst mér að stauta því upp úr mér að við vildum fá, blóðuga steik. Ég held að við höfum allar verið ánægðar með það, því góð var hún.

Við töluðum og töluðum og töluðum. Mikið skemmti ég mér vel, en ætli ég hafi ekki talað of mikið a.m.k. fannst mér ég tala og tala. En hvaða máli skiptir það, ég tala nú svo sem ekki mikið alla daga, allavega ekki mikið af viti, þannig að ég varð að hleypa út öllum vísdomnum sem í mér býr, ég er svo vel gefin, eins og þið vitið!

Eftir matinn fylgdu við henni Siggú heim, en settumst sjálfar niður á útveitingahúsi. Þjónninn hélt að við ætluðum að borða, rétti okkur matsedeilinn, hvernig átti hann að vita að við værum búnar að borða fineríis máltíð og að okkur langaði bara að rabba saman áfram. Þegar hann ætlaði að taka við pöntuninni þá rak hann upp hrossahlátur, hló vel og lengi. Ragnheiður pantaði romm og kók, en ég viskí. Hann átti bara alls ekki von á þessu frá þessum penu kvenmönnum. Þarna sátum við og röbbuðum saman um alla heima og geima, ég ætla ekki að reyna að lýsa því fyrir ykkur, hvað það var gaman að tala við hana Ragnheiði. Þrjátíu árin milli okkar skiptu engu máli, við töluðum um allt milli himins og jarðar. Allt í einu var klukkan að verða tvö. Þá var að finna leigubíl. Það gekk fljótt og vel og Ragnheiður tók ekki annað í mál en að borga bílinn fyrir mig heim, hún vildi ekki að ég eyddi þessu litla sumarkaupi mínu í vitlausar frænkur mínar. Haldiði það sé lúxus! Svo lét hún mig fá alltof mikla peninga og sagði mér að kaupa ís fyrir afganginn! Svo kvöddumst við og ég fór í leigubíl heim.

Að vísu var leigubílstjórinn alveg ruglaður og ég þurfti að vísa honum leiðina, en komst allaveg heim, heil á húfi. Þegar ég var orðin ein í herberginu mínu las ég bréfin frá ykkur, Degi, mömmu og ömmu. Þakka ykkur fyrir, bók, krem, franka og fallett bréf. Það voru þau sem gerðu kvöldið fullkomið.

Þjónninn á síðara veitingahúsinu var svo fjörugur að ég er enn að hlæja að honum. Hann spurði okkur hvaðan við værum og svo kom hann til okkar þegar við vorum að fara heim, lék Jón Pál: *I am the strongest man in the world*, hrópað hann, setti sig í kraftastellingar, og við Ragnheiður hlógum dátt.

Ég var nú ansi þreytt á laugardaginn, verð ég að viðurkenna, en mér fannst það vel þess virði, rólegur dagur, ég var bara eitthvað að leika mér við börnin, enda leiðindaveður síðustu dagana.

Hérna uppí fjöllunum eru svoleiðis læti í þrumunum og eldingunum, maður horfir á eldingarnar slá niður í ýmsa hluti, rétt utan við húsið. Þessu fylgja mikil læti og ég er alltaf skíthráð. --

Nú er ryksugan biluð og ég ætla að banka upp á hjá nágrannakonunni og fá aðra lánaða. Svo er að gefa þessum matvöndu krökkum eitthvað að ét..., nei ég meina borða, ef ég hitti eitthvað sem fellur í kramið er deginum bjargað. --

Auður Eggertsdóttir skrifar Friede P. Briem. Nice. 25.7.1987.

-- Ekki get ég nóg samlega þakkað þér sendinguna frá þér, sem kom með henni Ragnheiði. Ég átti yndislegt kvöld með þeim mæðgunum, sem var svo endanlega fullkomið þegar ég kom heim og las bréfin góðu í ró og næði. Svona sólar krem koma alltaf að góðum notum í veðurfari eins og hér, að ég ekki tala um, þegar merkið er fínt. Ég bar það á mig þar sem húðin er viðkvæmust, og svei mér þá, ég vaknaði bara eins og betri manneskja í morgun, hugsaði með mér: *Hún amma veit hvað hún syngur.*

Í dag er sem sé akkúrat vika síðan ég hitti hana Ragnheiði, og í dag átti ég aftur frídag. Ég tók strætó í morgun í bæinn, og þar sem ég var eini farþeginn, svo til alla leiðina, á þessum fagra laugardagsmorgni, þá átti ég langt og skemmtilegt samtal við bílstjóran, sem var hinn fjörugasti. Hann sagði mér allt um strætóferðir inn í bæinn og hafði miklar áhyggjur af því að ég myndi brenna á ströndinni. Áður en ég fór á ströndina leit ég við í einu vöruhúsinu til að kaupa sólaráburð og skoðaði mig um. Ég var líka, eins og alltaf þegar ég fer í bæinn, að reyna að finna afmælisgjöf handa mömmu, en það gengur bara ekki allt vel. Ég myndi vilja gefa henni allt fallett sem til er í heiminum. Það er kannski þessvegna sem mér gengur svo illa að finna eitthvað nógu gott handa henni. Svo flatmagaði ég á ströndinni, ósköp rólegt og þægilegt að fara svona barnlaus, þó mér líki ósköp vel við börnin. --

Fékk fréttir af að skólinn byrji viku fyrr en skólarnir í Nice og þykir það vandræðalegt.

-- Brigitt sagði að það væri ekkert vandamál -- tók ekki í mál að ég kæmi of seint í skólann. Svona kann ég að meta, hvað þau eru tillits- og umhyggjusöm. -- Þar með var það ákveðið að ég taki næturlestina 29. ágúst til Parísar og flugvél heim 1. sept. --

Fer upp í sveit með krökkunum og þegar hún kemur aftur verða foreldrarnir hennar komnir á svæðið.

-- Það er dásamleg tilfinning að finna að með hverjum deginum sem líður, þá er ég alltaf þínulítið að nálgast þig. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Colle de Loupe, 7.8.1987.

-- Ferðin gekk ágætlega til Annecy þar sem við vorum eina nótt. Héldum suðureftir og loks eftir langa ferð komum við hingað og ókum rակleitt til Auðar. Það var sannarlega gaman að hitta hana. Hún var bæði vellíðunarleg og hafði þroskast mikið í sumar. Hún flutti okkur svo hingað til Colle, seint í gærkvöldi. Við keyrðum hana svo aftur heim, snemma næsta morgun. Þannig hefur það gengið að við höfum farið á ströndina og skoðað okkur um, þar til í gærkvöldi þegar haldið var upp á afmælið mitt í alveg dásamlegu veitingahúsi, í næsta húsi við Auði, góður matur og stórskemmtilegt kvöld.

Í dag hefur verið skýjað og fórum við því að skoða okkur um, heimili Renoir og alþjóðlega nútímalistasýningu í Grimaldikastalanum rétt hjá. Mjög gott, en best að koma heim aftur. Þá hafði sólin brotist fram og við hvíldum okkur hér á svölunum.

Það er stórkostlegt að búa hér, hafa bíl og geta hringt í Auði. Þannig verður þetta eins og heimaveröld.

Ásgeir hringdi og var að leggja af stað í ferðalagið. Amma þín óskar Degi til hamingju. Hafði Ásgeir farið í Landmannalaugar og ætlaði að ganga til Þórsmerkur. –

Ekki var byrjað að nefna leiðina LAUGAVEG!

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 5.9.1987.

Fréttir úr húsinu. Auður sefur eftir kveðjuhóf fyrir Kjartan Kjartansson sem er á leið til Hafnar, væntanlega í hljóðupptökum, sem varð hans ævistarf. Á húsinu dynja hamarshögg því verið er að vinna að viðgerðum. Amma hans er að tygja sig í kirkjubrúðkaup Guðmundar Þórs Guðmundssonar¹ í Hallgrímskirkju. Svo er Ásgeir að undirbúa berjaferð að Írafossi. Við höfðum fengið hús lánað þar en þar urðu mistök í bókun og önnur fjölskylda komin í húsið. Var farið heim og nestið borðað þar.

Segir ferðasöguna frá Annecy til Lúxemborgar. Til Annecy (þar sem við bjuggum í íbúð Elísabetar Vestal) komu gestir, Surya Gussing og systir hennar; einnig Markku Niskala og Anita kona hans, vinir okkar frá Finnlandi, Afríku og víðar. Við fórum líka til Genf og gistum hjá Surýu og hittum þar gamla vini. Að vísu gripum við í tómt þar sem Henrik Beer hafði kvatt þennan heim fyrir skömmu.²

-- Auður þarf mikið að vinna í skólanum í vetur en hún hefur bæði hæfileika og vilja. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Elísabetu Vestdal Abéla. 9.9.1987.

-- Það var stórkostlegt að geta skipt fríinu á þessa tvo dásamlegu staði, Nice og Annecy. Þetta eru það ólíkir staðir að það er eins og að byrja á nýjum kafla að koma til Annecy.

Í Nice fórum við yfirleitt á ströndina fyrir hádegi og notuðum eftirmiðdaginn til skoðunarferða. Það er ótrúlega margt að skoða. Við höfðum Politiken leiðsögubók og þar var bent á margt skemmtilegt, m.a. á alla þá staði þar sem frægustu listamenn Frakka og annarra þjóða hafa búið. Söfnin með listaverkum þessara manna eru stórkostleg. Við reyndum líka að fylgjast með því sem var að gerast í skemmtanálffinu. Eitt kvöldið fórum við á konsert í Monaco þar sem *St. Martin in the Fields* lék úti, við höllina.

Íbúð Marianne og Marc er mjög skemmtileg, þægileg og yndislega fallett þar. Svalirnar voru náttúrulega aðalviðverustaður okkar þegar við vorum heima. Vespurnar voru svolítið að angra okkur, en ég gaf þeim smá matarbita á hinum enda borðsins og þar undu þær glaðar við sitt.

Auði hittum við nokkrum sinnum og það var líka það sem gerði dvölinna svo skemmtilega. Hún var mjög ánægð með dvölinna í Nice og sagði að það myndi verða gaman að koma í frönskutíma. Hún skildi allar spurningar og ætti auðveldara með að tjá sig og svara kennaranum. Það er ekki eins og í gamla daga, að töluð sé íslenska í frönskutímum. Hún tók næturlest til Parísar og var fjóra daga þar með kunningja sínum. Þegar hún kom í skólann sagði hún að krakkarnir hefðu litið á sig og sagt: *Þú hefur haft það gott í sumar*. Hún bætti nefnilega á sig tíu kílóum.

Við vorum ansi góð að rata um Nice, en þegar til Annecy kom þurftum við aftur að læra að komast leiðar okkar. Annecy er einhver fallestasti bæ sem ég hef komið til. Fyrstu dagana, þegar veðrið var gott var gaman að sjá allt fólkið niðri við vatnið. Allt snerist um það lífið. Svo þegar rigndi breyttist lífið gjörsamlega. Fólkið í tjöldunum flutti sig um set og það fækkaði í bænum. Við gistum tvær nætur í Genf hjá kunningjum okkar. Það var gaman að koma aftur til Genf eftir átta ár. Við vorum líka boðin einn daginn í móttöku heim til framkvæmdastjóra alþjóða Rauða krossins, Hans Höegh. Það er það aflflostasta og ríkmannlegasta heimili sem ég hef komið á.

Þú sérð að við höfum náð því að sjá og upplifa margt skemmtilegt þennan tíma í Frakklandi. Við erum óskaplega þakklát fyrir tækifærið sem þú gafst okkur að skipta svona á bústaði við þig. Við fréttum hjá mömmu þinni að allt hefði gengið vel með bygginguna, þó mikið verk sé eftir.

Við Eggert höfum verið að dást að þeim skipulagshæfileika sem þú hefur að geta komið svona Íslandsferð í kring með þátttöku svo margs fólks og til að vinna að þessu verki.

Ásgeir tók á móti okkur á flugvöllinum og það var nú það besta, að koma heim eftir svona velheppnaða ferð. Síðan hefur allt verið vitlaust að gera í vinnunni. Nú er mesti kúfurinn farinn af og allt farið að ganga sinn vanagang. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 9.9.1987.

-- Skólinn byrjaður -- Eftir þunglamalega byrjun er maður svona smám saman að hlaða upp orku og búa sig undir orrustu í þessari komandi önn. Fagið sem ég verð í til jóla heitir *PLAN*. Það er eins konar kynningarkúrs í borgarskipulagi. Þá er gott að hafa reynsluna frá henni Guðrúnu Jóns.³ Þetta er mjög spennandi fag og ætti að geta orðið nokkuð lifandi vegna þess að við tókum Osló fyrir og umhverfi hennar.

-- tilboð í -- íbúð -- Kringsjá -- framleiga -- til febrúar -- o.s.frv. frábært að heyra frá Auði í Frakklandi.--

¹ Guðmundur Þór Guðmundsson, sonur Bergljótar Línal og Guðmundar Jónssonar kennara. Guðmundur varð lögfræðingur og síðar frkvstj. í Biskupsstofu.

² Markku Niskala mun þá hafa tekið við framkvæmdastjórnastarfi alþjóðasambands RK-félaga. Sjá og minningargrein mína um Henrik Bee. Mbl. um haustið.

³ Guðrún Jónsdóttir (1935-2016), arkitekt, ekkja Páls Línalds frænda okkar, Dagur var í sumarvinnu hjá henni.

Hringdi í Barða vin minn Guðmundsson *pulsukall* og hann lofaði mér vinnu í nýuppgerðum pulsvagni í vetur á sama stað og síðasta vetur. Það verður gott, a.m.k. fjárhagslega.

Ég var að opna blaðapakka -- takk fyrir hann. Það var gaman að sjá þessa umfjöllun um skipulagið hennar Guðrúnar Jónsdóttur í Mogganum. Það breytist einhvern veginn verkefnið þegar maður sér fjallað um það af einhverjum öðrum en starfsmönnum hennar, líka eftir svona langan tíma

-- og þó kannski mest eftir að maður er farinn að fást við svona verkefni í skólanum sjálfur. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 14.9.1987.

Vitnar í bréf Dags og gleðst yfir hvað vel gengur í Osló. Verið er að ljúka viðgerðum á húsinu og frágangi við nýja innkeyrslu á lóðina.

-- Héðan er allt gott að fréttu. Heimilislífið tók á sig nýja mynd þegar Auður kom heim. -- hlátrasköllin hljóma um húsið. -- Boðið var skemmtilegt og matur góður sem mamma þín hafði búið til með kryddi frá Suríu. Ásgeir hafði búið til *mousse*, sem mun vera helmingi fínna en *frómasía*. Auður bjó til tómatsalat og á eftir var ostur; fékk REBLOUSSON frábæra dóma og þú líka, smekksins vegna. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 16.9.1987.

-- Mikið að stússast heima og í vinnu. Svo erum við búin að fara í berjamó, meira að segja tvisvar - eiginlega þrisvar. Þannig var að okkur datt í hug að fá leigt húsið á Árafossi eins og síðasta sumar, og fara í ber. Þabbi þinn talaði við Þórð¹ verkfræðing hjá Landsvirkjun, sem hefur með útleigu að gera og lofaði hann okkur húsinu. -- Við hugsuðum gott til glóðarinnar og buðum Palla og Láru að koma í heimsókn. Svo var Ásgeir og Elín vinkona hansa. Svo var lagt af stað á föstudag eftir vinnu, bíllinn fylltur með alls konar góðgæti, að berjatínum ógleymdum. Auður gat ekki komið því hún var með gesti og var verið að kveðja Kjartan sem er að fara í námið sitt í Danmörku. Allt gekk vel þar til við komum að húsinu, því þar var þá fólk fyrir. Við hittum þar mann sem sagði að það hefði verið tvíbókað í húsið. Laglegt kerfi það.

Þar sem ekkert var hægt að gera í málinu snerum við bílnum við og héldum aftur í bæinn Á leiðinni vorum við að koma okkur saman um hvað við ættum að segja Auði þegar við birtumst aftur. Okkur kom saman um að ég hefði gleymt náttkjólnum mínum og við ætluðum aðeins að koma inn til að sækja hann Auður kom undrandi út þegar við birtumst og ég held að gabbíð hafi tekist nokkuð vel.

Næsta dag fórum við svo í berjamó í Grafningnum í dásamlegu veðri. Ásgeir er búinn að sulta og safta.

Við vorum öll í brúðkaupsveislu á laugardaginn. Dagný og Finnur voru að gifta sig og héldu veisluna í félagsheimili TFÍ. Þar hittum við Margréti Harðardóttur vinkonu Dagnýjar. Hún sagðist gjarna vilja hitta þig þegar þú kæmir heim um jólin og hafði ýmislegt að segja um AA-skólann í London. Það væri mjög sérstakur skóli og passaði fyrir alla. Ekki sagðist hún ráðleggja neinum að taka allt námið í þeim skóla. --

Svo var Ásgeir boðinn í brúðkaup Guðmundar Þórs --

Það var busavígsla í MH í dag. Auður sagði að athöfnin á sal hefði farið vel fram og ekkert fyllirí, í fyrsta sinn. Svo hafði hún ekki áhuga á hinni athöfninni eða ballinu í kvöld. --

Er ánægð með fréttir af húsnaðismálum, segir fréttir úr húsinu og að ég sitji við að skrifa minningargrein um Henrik Beer sem þau ætluðu að heimsækja í Genf en fréttu þá að hann hefði dáið í mailok.

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 17.9.1987.

-- Það er ekki laust við að mann langi soldið að vera á Bergstaðastrætinu þegar maður heyrir um þetta fjöruga heimilislíf í bréfunum frá ykkur. En hérna í Steinsgötunni er líka ágætt að vera. --

Ég býst ekki við að ég fái aftur vinnuna hjá pylsusalanum. Hann ætlaði að hafa samband við mig fyrir mánuði. Ég reyni að útvega mér eitthvað annað, kannski við kvikmyndaleik. Það er verið að frumsýna sænska mynd þar sem aðalleikarinn er víst líkur mér, þannig að maður kemst varla út fyrir hússins dyr án þess að kallað sé á eftir manni!

Skólinn er farinn að verða mun skemmtilegri en í haust, enda er ég kominn nokkuð langt í verkefninu. Ég fékk það verkefni að skipuleggja torg eitt í miðbænum, *Arbeidersamfunnets plass*. Það er gaman að kafa djúpt ofan í vandamál skipulags á svona stað. Það er mikil skriffinnsla í svona verkefnum og það er eiginlega það skemmtilegasta, en þar er einn galli, ég þarf að skila öllu ritmáli á norsku og í henni er ég einfaldlega ekki neitt sérstaklega flinkur. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Barbro Beer. Rvík. 22.9.1987.

Sendi bréf og minningargreinina sem hann skrifaði um Henrik Beer.

¹ Þórður Guðmundsson (1949) svo forstjóri Landsnets og nú fyrrverandi. Var nágranni okkar um skeið með sinni konu og börnum. Stundum hefur Bergur sonur hans (1973) komið hér við sögu.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. 25.9.1987.

-- Nú er stund milli stríða í vinnunni, tölvan í gangi og skermurinn auður. -- Klukkan er hálf fimm á föstudegi og tannlæknar allir farnir í helgarfrí, því er hér allt rólegt. Síminn hringdi áðan og það heyrðist eins og píp frá útlöndum. Ég hélt að þú værir í símanum, en það var þá enginn. Pabbi þinn er á bílnum og kemur senn að sækja mig. Ég er búin að útbúa þátttökutilkynningar fyrir Ársþing TFÍ og kynningarbækling. Bókhaldsárinu er að ljúka og var ég að skila því tölvufærðu í fyrsta sinn. Með þessu léttir af mér heilmiklum áhyggjum.

Auður er búin að taka að sér tiltekt á heimilinu, ryksugar og þurrkar af neðri hæðina aðra vikuna og efri hæðina hina. Mér finnst þetta mikill léttir. Annars hefur hún sótt kvikmyndahátíð og þurft margt að sjá. Roman Polanski kemur á morgun með eina mynd sína.

Við fórum á sýningu SEPTEM hópsins á Kjarvalsstöðum og féllum fyrir mynd eftir Jóhannes Jóhannesson og keyptum. -- Maður finnur að vetur er í nánd. Bílastæðið er komið í lag, allt nema handriðið¹ og er mikil ánægja með það. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 4.10.1987.

--Takk fyrir reddingarnar í sambandi við VISA-kortið. Það var algjör vitleysa að vera ekki búinn að losa sig við kortið fyrir löngu, en svona kemur fyrir besta fólk (líka). --

Það var sögulegur dagur hjá okkur Hönnu Stínu því við vorum að flytja inn í Kringsjá Studentby. Það leit nú út fyrir að þær framkvæmdir færu í vaskinn vegna þess að við fundum það út að sendibílstöðvar eru lokaðar hérna í heimsborginni Osló. Já, það er ýmislegt fornaldarlegt hérna í heimsborginni Osló. En við létum það ekki stoppa okkur, pöntuðum stóran leigubíl og tróðum hann fullan af drasli. Svo í gær héldum við parti til að vígja íbúðina. Skemmtilegt. Svona er hún, hreint ekki svo slæm, snyrtilegt, sæmilega stór og björt en máluð í soldið óhreinum litum. Við erum ekki lögleg í íbúðinni þannig að bréfin verða að vera stífluð á Garðar Guðnason (piltinn sem ég leigi af). --

Annars er allt gott að fréttu. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 5.10.1987.

Segi frá framkvæmdum við nágrennlóðina og ýmislegu í sambandi við hana. Ögmundur Skarphéðinsson arkitekt annast teikningar. Hann er nú á leið til Bretlands til að vinna fyrir fjármögnunarfyrirtækið Sleipni og fékk í því framhaldi ýmis verkefni.

-- á miðvikudag er 87 ára afmæli Fríðu ömmu þinnar -- Hún býður -- tókst að fá það minnkað úr 30. Hún er gjörn á að efna til þrengsla þegar hún býður til sín gestum --

Einu má ég ekki gleyma. Eina ferðina enn ráðleggur Palli ömmu þinni að innréttu skrifstofuna sem svefnherbergi. Hann gengur í það með alkunnri röggsemi, öfugt við það sem fjölskyldan á efri hæðinni gerir. Við ráðleggjum henni að breyta smátt, fjarlægja eitthvað af vélum og skápum, fá nýjar gardínur og leita svo að rúmi. Palli hins vegar vill gera allt stórt, sækja frægan innahússarkitekt (og utanhúss raunar líka) hinn sama og innréttaði öll baðherbergin og herbergi krakkanna hans. Úr því á að verða *dömullegt* og sætt herbergi. Mamma vill allt fyrir son sinn gera. Við vonum að allt fari vel en óttumst svolítið *depressjónskast*. Ömmu þinn líður ekki sérlega vel þegar henni er stjórnað, en er mjög treg við að mótmæla í upphafi. Við vonum að þetta gangi vel. Palla finnst þessar hugmyndir stórkostlegar, en við erum að skila gardínusýnishornum aftur í Epal, bíðum eftir að fleiri húsfundir komist að niðurstöðu. --

Friede P. Briem skrifar Degi Eggertss. Rvík. 15.10.1987.

Þakkar fyrir hringinguna á afmælinu hennar og líka fyrir blómin sem þau systkinin sendu. Segist hún hafa haft mikið að gera við að skemmta sér. Nefnir sérstaklega sextugs afmæli frænda síns Sigurðar Helgasonar prófessors í BNA þar sem hún hitti marga frændur sem hún segir deili á. Þá var hún líka í 60 ára afmæli Hans Jetzek í Tjarnargötu 24. Líka var hún gerð að heiðursfélaga Zontafélagsskaparins, auk þess sem Sigríður mamma hans gekk inn í félagsskapinn á sama fundi.

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 26.10.1987

-- Núna líður mér vel ... og þar eru fyrst og fremst tvær ástæður. Hin fyrri er að núna er verkefnið í skólanum mínum hálfnað og eins og er held ég að ég sé nokkuð vel birgur af gögnum varðandi ritgerðina og fyrirlesturinn sem ég á að halda í lok verkefnisins... Síðustu daga hef ég verið í viðtölum við bæði hátt setta menn innan fyrirtækisins sem ég er að skoða og skipulagshöfunda skýrslunnar. Það er gaman að sjá hvað þeir taka manni mishátíðlega, sumir eru hinir ánægðustu yfir að sjá svona fróðleiksfúsan og gáfulegan námsmann, komandi alla leið frá Íslandi. Aðrir nenna ekkert að aðstoða mann, „*tíminn er dýrmaður*“. Þeir sperra eyrun og spyrja sig hvers vegna enginn haf látið þá vita að þessi skólastrákur sé frá Íslandi, eða var það kannski Finnland? En það er nú bara gaman, ég er ekki frá því að ég sé kominn með meira efni til ritgerðar í mannfræði byrkrata ... hvaða vitleysa. Verkefnið sem ég á að fást við, ef þið hafið ekki heyrt neitt um það, er byggt upp á þann hátt að nemendurnir í bekknum eru sendir hver á sína teiknistofu byggingafyrirtækis í nágrennasýslu Oslóar, Bærum kommune.

Já og verkefnið sem ég valdi mér var endurnýjun gamallar pappírverksmiðju í Sandvika, Haman Papirfabrik.

¹ Ætli hönnun handriðsins hafi ekki verið fyrsta raunverulega verkefni Dags.

Síðari ástæðan fyrir vellíðan minni er sú að loksins erum við H.S. búin að fá rúmið okkar hingað upp á Kringsjá. Þetta er líkamleg vellíðan að sofa í notalegu rúmi, sem aftur stuðlar að andlegri vellíðan. -- Þetta er því ein allsherjar *ekstasía* þessa dagana ...

Í framhaldi af snjöllum hugleiðingum þabba varðandi nafnabreytingar verð ég að bæta tveimur formum við.

Dagur Eggertsson frá Þingholtum (landfræðilegur stíll).

Daxi Eggertsson (módern stíll, e.t.v. pósmódern-)

Við verðum að taka málið upp á næsta fjölskyldufundi.

Eitt komment hér; mér finnst algjört æði að fá sendan Helgarpóstinn og þær úrklippur sem honum fylgja. Þið megið eiga margfaldar þakkir fyrir það.

Hei! ég sá mynd í gær sem hann Helgi Skúlason lék í. Myndin var *samísk*, leikin af Sömum (að mestu) töluð samíska og er afskaplega góð. Það var bara soldið skrítið að sjá Helga slátra nokkrum samagreyjum.

Nú læt ég staðar numið og ég vona að þið séuð fróðari eftir --

P.s. Ágæti umboðsmaður. Ég sendi aftur það sem þú sendir mér síðast, en ég var orðinn mjög seinn á mér með það að senda tekjuyfirlit frá skattstofunni þannig að ég sendi það beint.



Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 28.10.1987.

Vonar að þau Hanna Stína fái húsnæði til frambúðar. Segir í löngu máli frá leikritinu Rómúlus eftir Dürrenmatt og sínfónútónleikum með hrifandi verki eftir Áskel Másson.

-- Skemmtileg var lýsingin á því þegar þú varst uppi á senu við að skýra verkefnið þitt. Erlendum málum er erfitt að ná bærilegum tókum á. Nú ert þú/þið komin í þann feril sem háir Íslendingum. Þeir tala saman og er hætt við einangrun í máli o.fl. Það háir þeim og margir koma heim aftur fákunnandi um þann stað sem þeir voru á. Margir verkfræðingar kunna lítið í málinu sem þeir námu á, nema tæknimál. Þetta er hægt að leysa, ef fjölskyldan litla reynir, ekki aðeins að blanda geði við innfædda, heldur einnig með því að fylgjast vel með, lesa blöð hvern dag og fagurbókmenntir; láta annað veigaminnna mæta afgangi. -- menn mega heldur ekki vera ginnkeyptir fyrir því sem útlent er.

-- Auður er farin að vinna mjög að skólaverkefnum á tölvuna. Ég kemst varla að nema árla morguns eða síðla kvölds. Hef reyndar ekkert sérstakt að gera á hana nema að skrifa þér öðru hvoru, enda nóg af tölvum í vinnunni, kannski of mikið. --

Ásgeir vinnur af kappi að ritgerðum sínum. Nú fer að stytast dvölin hans hér, enn ein kafla- eða málsgreinaskil í lífi fjölskyldunnar. --

Fundarhöld eru mikil hjá ungu fólki þar sem Dagur (*Bergþóruson*) Eggertsson¹ flutti ávarp fyrir Árbæjarskóla. Nú ert þú neyddur til að skipta um nafn. TILLÖGUR:

Dagur Hönnu Stínu Eggertsson (þetta er í vestmannaeyjastíl);

Dagur Sigríðarson (womens lib-stíll);

Dagur E. Eggertsson (í stíl við séra Jón Pétursson Pétursson);

Dagur S.E. Eggertsson (affekteraður stíll);

Dagur Lýður Eggertsson (ætttræknistíll).

Með þessu verður þér ekki ruglað saman við nafna þinn. Nauðsyn er þó að hafa samráð. Verið getur að hann breyti líka og eigi móður sem heitir Sigurfljóð.

Nú þarf bulli að ljúka og bréfitari að gerast þægur heimilisfaðir og smáborgari og halda til innkaupa í Kringluna, stærsta og glæsilegasta verslunarhús í heimi. --

¹ Dagur B. Eggertsson (1972) lækni, forseti borgarstjórnar og margt fleira.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 2.11.1987.

Langt síðan hún skrifaði og segir frá 60 ára afmæli tannlæknifélagsins og 300 manna þingi í nýrri álmu á Hótel Sögu. En allt gekk vel.

-- Ég er varla búin að jafna mig eftir mikla vinnu. -- Nú er Ásgeir farinn - og sakna ég hans mikið. --

Við amma þín vorum boðnar á Zontafund eitt kvöldið. Guðrún Jónsdóttir bauð mér, amma þín var gerð að heiðursfélaga klúbbsins og ég tekin inn í hann. Þetta var hið skemmtilegasta kvöld. Borðið sem við amma þín sátum við var eins og í fjölskylduboði.

Bergljót Líndal er varaformaður klúbbsins, Sylvía Briem er gjaldkeri og Guðrún Jónsdóttir var þarna líka. Hún bað að heilsa þér - sagðist hafa nóg að gera í sinni vinnu.

Palli og Lára eru að koma frá Ameríku í nótt. Ekki veit maður annað en að allt hafi gengið vel, bæði í Perú og á Seltjarnarnesinu. Ég ætlaði að bjóða Seltirningunum að borða um helgina en allir voru svo uppteknir að ekki tókst að ná fólkinu saman. Kári er að vinna vaktavinnu með skólanum á geðdeild Landspítalans og er þar einhvers konar dyravörður. Fríða er að vinna um helgar í JL-bakaríinu og Ingólfur upptekinn við æfingar.

Nú var síðasti rukkarinn að koma út af bílastæðinu, það var sá sem lagði hellurnar og tók 18 þús. kr. fyrir. Okkur finnst það dýrt. Eftir að hafa borgað öllum þessum iðnaðarmönnum og borið reikninga þeirra saman við tannlæknareikninga; þá finnast mér tannlækningar ekki dýrar.

-- Ég held ég nenni ekki að tala um pólitíkina. Hún er leiðinleg, aðallega verið að tala um húsnæðislagafrumvarp sem gengur út á að lána fólki peninga sem ekki eru til af því að eldri kynslóðin er búin að fá þá alla lánaða og éta þá upp í verðbólgunni og eftirláta svo þeim yngri að borga upp sínar skuldir með vöxtum.

Auður er í bíó og pabbi þinn niðri í kjallara að bókbandi. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 16.11.1987.

-- Mamma borðaði hjá okkur í gærkvöldi. Hún hefur verið í barnapössun hjá Dagnýju þar sem Guðrún Halla hefur verið veik og foreldrarnir í vandræðum að geta ekki mætt í vinnu. Ömmur eru orðnar svo uppteknar, líka nú til dags, að nauðsynlegt er að hafa aðgang að langömmu til þess arna. --

Segir frá veislu hjá fimmtugum tannlækni, Höllu Sigurjóns,¹ þar sem þau hittu Guðrúnu Sveins og Jón sem eru með henni í gönguhópi. Var þar margt skemmtilegt fólk sem í fuglabjargi væri.

-- Pabbi þinn var með haustfund á Hótel Sögu - alltaf gott þegar svona tarnir eru yfirstaðnar, sérstaklega þegar vel hefur tekist til.--

Hann var að skrifa grein í Morgunbl. vegna þeirra miklu skulda sem hvíla á rafveitum og af hverju þær stafa.

-- Auður getur kannski fengið vinnu í jólafríinu sínu. Það er í barnafataversluninni Bangsa í Bankastræti 11 sem mamma Egils Ólafssonar á. Við eru búin að kaupa þar barnaföt handa dóttur Immu. --

Ég ætla að stinga blöðum og bók í pósthúsið til þín -- svo þarf ég að skrifa nokkuð sem heitir taxtaskýringar -- 20 bls. -- til að tannlæknar viti hvernig eigi að beita gjaldskránni rétt. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 23.11.1987.

-- vona að ekkert hafi orðið úr flensuskömminni sem var að herja á þig -- Hér eru allir flensulausir, hressir og að komast í jólaskapið. Það er ákveðið að bíða með laufabrauðið þar til snillingurinn kemur til landsins. --

Ráðstefnuhald foreldranna er yfirstaðið -- og gekk allt mjög vel. -- ég gat hjálpað honum um barmmerki sem ég átti afgang af og keyrt þau út á tölvu og runnu ljúflega í gegnum prentarann í stafrófsróð. --

Þá vorum við í sextíu ára afmæli Sverris Einarssonar.² -- frá golfurum fékk hann áletraða svokallaða púttkylfu og mátti skrúfa tappa úr endanum og fylla með góðum miði. --

Svo vorum við líka í 50 ára afmælisboði hjá Bússa.³ Þar ákváðum við Erna Þorleifsdóttir að kaupa okkur vídeó. Það væri kominn tími til að gera eitthvað í þessum málum sjálfar því bændurnir okkar væru ekki líklegir til þess.

Pabbi þinn fór samt í búðir í dag til að skoða. Upp úr því kom að biðja þig um að athuga hvað svona apparöt kosta hjá þér. --

Segir frá myndlistarsýningu Tryggva Ólafssonar sem henni finnst hafa staðnað. Svo var súrrealistasýning Lýðs Sigurðssonar.

-- Svo var að berast inn um lúguna boðskort á sýningu Hauks Clausen á Kjarvalsstöðum um næstu helgi. Það verður eitthvað fjör þar. Síðast seldi hann allar myndirnar og fengu færri en vildu. Þú þarft samt ekki að óttast að við kaupum.⁴

Auður hefur mikið að gera og skilað mörgum ritgerðum. --

¹ Halla Sigurjóns (1972-2002) tannlæknir. Maður hennar: Sigurgeir Kjartansson (1938), skurðlæknir.

² Sverrir Einarsson (1927) tannlæknir, bekkjarbróðir minn og félagi. Vinsæll og veltalandi.

³ Dr. Björn Björnsson guðfræðiprófessor. Í vinahópi Sirrjár.

⁴ Þetta var á erfiðum tímum Kjarvalsstaða þegar hægri menn stjórnðu þeim, Einar Hákonarson (1945) var listráðunautur.

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 2.11.1987.

-- Tómt hús - viðburðasnautt - leiðinlegra en fyrr. Þetta var blærinn fyrstu dagana eftir að þú fórst. -- Þessa dagana er mamma þín lítið heima, hefur notað helgina til að ná sér eftir ársþingsátökin - og telja peninga. Útlitið er gott með fjárhaginn og þingið velheppnað í alla staði - þrátt fyrir allan hávaðann. Það tekur venjulega svo sem einn dag að verða góður í hálsinum eftir átökin. Mamma þín fékk mikið hrós fyrir frammistöðuna. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 9.11.1987.

Segir fréttir af Ásgeiri og ferð hans til München og pistla hans fyrir RÚV.

-- farinn að skrifa listaskemmtilegan stíl, kemur með æfingunni, sem betur fer, annars færi illa fyrir fjölmiðlum sem illa fengu þrifist á meðfæddum hæfileikum.

Auður var að gera sér vonir um að geta gengið til stúdentsprófs, en hefur eitthvað of fáa punkta. En það er bara gott, oft vandræðalegt að ljúka því um áramót. Betra að nota tímann til að undirbúa framhaldsnám vel.

-- Auður er heimakær mjög og einstaklega skemmtilegt að hafa hana hér, meira svo en áður; enda sækist námið öruggar en áður, eigi síst það nám er ekki er í skólabókum --

Segir frá starfi mömmu hennar og fagnaði stjórnar TFÍ á Hótel Holti.

-- Nú fer Sirrí út meira en áður, því hún er gengin í Zontaklúbbinn -- Við hittum Guðrúnu (Jónsdóttur) og Pál (Líndal) í sunnudagsgöngutúr og kom þá í ljós að við Páll erum í því merkilega hlutverki að vera Zonta-boys, mennirnir kvennanna okkar. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 16.11.1987.

Segi fréttir af veðri, vinnu og af stjórnálagavettvangi sem er mikilvægt fyrir upprennandi fjölmiðlamann að þekkja.

Imma, eignaðist dóttur sem er alvarlega veik og ekki hugað líf (dó 28.12.).

Sirrí er í Macintosh tölvunni í vinnu minni, því í henni er hægt að útbúa glæsilega dagskrá fyrir komandi Skandinavískt þing tannlækna sem hún undirbýr.

Segi ég miklar deilur, mótmæli og útifundi vera vegna byggingar ráðhússins í Tjörninni enda sýni Davíð Oddsson slæm vinnubrögð og yfirlæti. -- Einnig eru fréttir af ríkisstjórnarheimilinu sem kvennalistinn virðist hagnast á.

Segi það af sjálfum mér að hafa verið að ljúka Vetrafundi orkumanna sem reyndist ánægjulegur. Líður betur í starfi eftir að vera búinn að fá framkvæmdastjóra þannig að minna mæðir á mér en fyrr.

Bókbandsnámskeið hafa lagst af vegna sparnaðar og hef ég því dregið úr bókbandi. Vinir og bekkjarbræður eru óðum að verða sextugir með tilheyrandi veislum og afsöfnu leiðinlegum ræðum í Dale Carnegie stíl.

-- Það er gott fyrir menn að vita að þeir geti talað en mikilvægara ef þeir kynnu að halda sér saman -- Þetta er eins og með fjölmiðlana. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 22.11.1987

-- núna er sunnudagsmorgunn, hérna megin við hafið! Það var svo fínt veðrið og kyrrlátt úti að ég ákvað að setjast við ritvélinu, horfa út um gluggann og skrifa eitthvað *sneddi* til ykkar. Þetta er ekki meint sem komment á veðurfregnirnar sem komu í síðasta bréfi, nei-nei, þær eru þáttur í almennri stöðulýsingu venjulegs bréf. Suðaustan stinningskaldi ... nei, núna er kominn snjór, það er búíð að snjóa í alla nótt þannig að landslagið er þakið hvítri breiðu og uppi í fjöllum er skógurinn silfurgrár. Ég skal reyna að teikna það.



Svona hér um bil er eins og það lítur út, við getum kallað þetta: *norskan-vatnslita-expressjónisma* en þar sem hann fer venjulega út í hálfgerða tilfinningavellu án þess að meðhöndla mótífið, þá er þetta ekki fjarri lagi. (Afsakið listfræðilegt innskot.) Þetta er útsýnið úr stofuglugganum, mjög gott panoráma út í náttúruna. Umhverfi stúdentabæjarins hérna er mjög fallett, Sognsvatnið hérna fyrir ofan og skógivaxnir ásar allt um kring. Þannig séð er ágætt að vera svolítið út úr bænum.

Nú er H.S. í vinnunni á hótelinu. Henni líkar ágæta vel þar, það er víst góður mórall þar og aðstaðan góð. Það er algjör Íslinganýlenda því þar vinna fjórar aðrar íslenskar.

Flensan staldraði bara stutt við, -- þannig að ég gat flutt fyrirlesturinn -- Það var svokallað *seminar*, hver nemandi flutti 15-20 mín. fyrirlestur um sitt verkefni -- nemendum stillt upp og spurðir út úr faglegum hlutum. Minn fyrirlestur eða umfjöllun gekk ágætlega -- kom þannig út að ég þurfti ekki að nota nein minnisblöð, myndirnar þjónuðu sama hlutverki. Það var mitt metnaðarmál að reyna að tala blaðalaust og losna við allt stressið sem ég hef alltaf haft við svona uppákomur - og það gekk bara mjög vel. Svo kemur seinna í ljós hvernig skýrslan fellur í þá, prófdómarana. Við sjáum til. --

Já og takk fyrir peningasendinguna. Þið eruð gersemi. Ég gæti sagt ykkur hundrað sögur af því hvernig við H.S. fórum að því að drýgja matarkostnaðinn. Geymi það þangað til seinna. --

Ég held svona yfir höfuð að námsmönnum muni eiga eftir að fækka mikið í útlöndum. -- Betra eða verra? Nóg komið af sósíalraunsæjum hugleiðingum --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 26.11.1987.

-- Mamma þín hefur mjög mikið að gera vegna tannlæknaþingsins sem byrjar í vikunni. Raunar hreint ótrúlegt hvílíkum meistaratökum hún hefur náð á því verki. Nú hefur henni tekist að skipuleggja starf sitt og fengið aðstoðarmann þessa síðustu viku.

Eins og alltaf þegar þið börnin eruð að fara að heiman er hálfgerður kvíði í foreldrunum -- Dvölin hans Ásgeirs hefur verið mjög skemmtileg - með fjöri því og hlátrasköllum sem á glumdu um húsið. -- Þá birtast enn nýjar hliðar á honum - maðurinn er *multidimensjonell*. Hann er fjörugur og einkar hlýlegur og virðist hafa góð tök á sínu námi. --

Auður hefur mikið að gera og verður þessi vetur henni þungur - eftir því sem hún segir. En hún er nú öll skipulegri í vinnubrögðum en áður og virðist hafa tök á náminu - ef hafa má það sem mark að henni þykja námsgreinarnar skemmtilegri en áður. Hún á það raunar til að fá höfðuverk og sofa illa -- hún mætti gjarna hugsa meira um líkamann, rétta vinnustöðu - útivist - slökun. En eins og þú veist er námstíminn sá tími sem hvað streitumestur er - einnig upphaf ævinnar þegar venjur og vinnubrögð, ásamt lífsháttum taka að myndast --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 29.11.1987.

Segi að von sé á fjölskyldunni. Palli var að koma frá útlöndum með Jóni Haraldssyni arkitekt og Stefáni Benediktssyni, líka arkitekt, og að mig minnir borgarfulltrúa. Það var vegna skoðunar á unglíngastofnunum,

Þá eru fréttir af deilunum um ráðhúsið. Í því sambandi ræðir hann um kosti þess að nota Hafnarhúsið, eða lóðina, einnig lóðina fyrir vestan, þar sem nú er borgarbókasafn o.fl.

30.11.1987. -- Palli var upplýftur yfir ferðinni til Hafnar. Hann var mjög ánægður með Stefán Benediktsson, ¹ þótti hann skilja fljótt og vel þau vandamál sem við er að eiga, en verið er að reisa heimili fyrir svo kölluð einhverf börn. -- Stefán hefur verið ráðinn þjóðgarðsvörður í Skaftafelli -- Jón Haraldsson ² var víst ekki eins góður ferðanautur. Hann kom beint úr þurrkví á Staðarfelli í Dölum, - fór beint í sukkið --

Þegar við sátum yfir kaffibollunum hringdi síminn. Þar var Gunnlaugur S.E. Briem. Hann hefur verið hér með einhverskonar sýningu og fyrirlestur -- Auður sótti hann snarlega í fjölskylduboðið og var ánægjulegt að fá hann þar sem hann er bæði skemmtilegur og langt síðan við höfum hitt hann. Meðal þess sem hann hefur verið að gera er fyrir *The Economist* sem ráðgjafi við útlit þess og hugsanlega unglíngautgáfu til notkunar í skólum. Gunnlaugur ferðast mikið, einkum til Vesturstrandarinnar og Silicon Valley, tölvuhéraðsins. Það er vegna þess að hann er að vinna að því að koma íslensku og færeysku stofnunum inn í Microsoftkerfið og sem getur leitt til þess að það standi til boða á öllum venjulegum PC-tölvum, leisiprenturum og Mackintosh tölvum. Ekki vegna þess að stafirnir séu svo mikilvægir, heldur fyrst og fremst að fyrirtækin geta og vilji sýna það. -- Ástæða þess að hann hringdi var að þegar pabbi hans dó fyrir 2½ ári sendum við þakkir fyrir samúðaróskir. Utan á okkar umslag var nafn og heimilisfang okkar mömmu þinnar (*fagurlega*) handskrifað af Gunnlaugi, en pósthfang vantaði. Ég nefndi þetta við mömmu hans og nú kom hann og vildi bæta úr. Þetta var skemmtileg kombínasjón. --


Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 2.12.1987.

-- Takk fyrir bréfið, pabbi. Það er gaman að fá svona bréf sem eru eiginlega bara rabb og hugsanir, það verður þá eins og að sitja í sófanum í stofunni heima á Bergstaðastíg og hlusta á manneskjuna sem situr fyrir framan sig.

Ég fór að hugleiða það sem þú sagðir, pabbi, um Hafnarhúsið og SÍS-skemmuna. Að vissu leyti er það kannski fullsnemmt núna að taka fyrir verkefni af þessari stærðargráðu, þó að ég myndi fullkomlega treysta mér til að leysa það á viðundandi hátt ... það er námskeið sem maður tekur á 4. ári sem þetta er orðið hluti af. Eða aftur á móti námskeiðið sem ég er á núna, en það yrði þá meira í „skipulegu“ samhengi --

¹ Stefán Benediktsson (1941) (arkitekt, alþingismaður o.fl.)

² Jón Haraldsson (1930-89) tannlæknir og arkitekt, nágrenni okkar á Bergstaðastræti.



Ég ætlaði eiginlega að fara að teikna fyrir skólann, en svo endaði ég með því að teikna sjálfsmynd handa ykkur. Kannski er ég orðinn of egosentrískur .. hmm? Fátt nýtt að fréttu, það væri kannski ráð að opna fyrir útvarpið? Eftir úrklippunum að dæma ættuð þið að vita meira um hvað gerist hérna megin en ég geri, þegar maður þarf að draga úr útgjöldum hættir maður að kaupa blöðin og sjónvarp er maður löngu hættur að horfa á.

-- við erum farin að hlakka til að koma heim. Ég verð búinn með síðasta verkefnið 11. des, fram yfir 17. verður farið yfir verkefnið okkar og svo komum við heim --

Nú verð ég að fara að teikna.

Auður, gerðu aðra tilraun til að hringja, það væri agalega gaman. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertss. Rvík. 6.12.1987.

-- Pabbi þinn fór á málverkaupboð á Hótel Sögu. Ég vona bara að hann komi ekki heim með málverk. Auður fór til bekkjarfélaga síns í spænsku þar sem hópur ætlar að læra saman fyrir prófið í fyrramálið. Svo var hún í söguprófi - svo tekur hvert prófið við og lýkur fyrir helgi. --

Segir frá mörgum boðum, saumaklúbbum og Zontafundi, ásamt 90 ára afmæli Áslaugar Sívertsen í Oddfellowhúsinu. Laugardaginn 20. verður laufabrauðsbakstur og vonar að þau verði ekki upptekin þá.

Sendir peninga svo hann geti keypt eitthvað í fríhöfninni.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 7.12.1987.

Undirbúningur jólanna kominn af stað en leiðinlegt að hann geti ekki verið með í laufabrauðsgerð o.fl. Auður er á kafi í prófum og kvíðir óskaplega spænskuþrófinu, sem hún valdi gegn vilja foreldranna, sem þótti tvö rómönsk mál of mikið. Svo fer hún að vinna í barnafataversluninni Bangsa v. Bankastræti.

Segir frá ástandi Emmu, nýfæddu dóttur Immu. Á meðan þau Kristján voru á spítalanum fór ég með Hjalta Stefán að gefa öndunum og vera við þegar kveikt var á jólatrénu á Austurvelli.

Segir líka að dóttir Guðmundar Þórs frænda hans og Elínar hafi fæðst andvana og var hann mjög niðurdreginn í 91 árs afmæli Þórhildar ömmu sinnar.

-- Aftur og aftur kemur fram, þótt menn vilji í óskaheimi sínum ekki gera neitt úr því, hvað meðganga og fæðing er hættuleg í lífi einstaklinganna. --

Friede Pálsd. Briem skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 11.12.1987.

Segir frá veislum, bæði hjá Þórhildi systur sinni og Áslaugu Sívertsen, sem var nírað. Vildi hún engar gjafir og bað Friede um að láta það berast að ef eitthvað bærisk myndi hún skilja það eftir í Oddfellowhúsinu.

-- Læt ég hér ávísun til þín og er mjög ánægð með að þú njótir þess sem ég sparaði. Ég veit að þú ert mér sammála.

Ég er á móti ráðhúsi í Tjörnninni og er ákaflega hlynnt öllu gömlu dóti sem fær að standa, það má gjarnan bíða þangað til Dagur kemur heim með sínar tillögur. Læt ég hér inn grein Helga Hálfðanarsonar um gamla bæinn og Tjarnarhýsið.

Hér kom drengur um daginn til að bjóða mér merki til verndar Þingholtunum. Var ég fljót að kaupa af honum -- og hélt að þetta væri smámerki sem ég gæti nælt í mig, en þetta var þá sjálfímandi plast sem á stóð talan 30. -- ég límdu það á eina flísina í eldhúsinu í staðinn fyrir að setja það beint í ruslið.

Svo fór Eggert, pabbi þinn, á fund þar sem var rætt um Bergstaðastrætið og hverfið hérna ásamt Þingholtunum, þar sem var rætt um aksturshraðann. Heldurðu ekki að þarna hafi hann sagt þeim dæmið um mig, 87 ára gamla, sem nú færi aldrei fram úr 30 km. hraða innanhúss. Þetta vakti kátínu á fundinum og allir skelli hlógu. Svona fór það. --

Allt er gott héðan að fréttu og er ég hin hressasta, enda búin að vera í æfingum og sjúkrahjálfun undanfarið, ýmist hjólað á þrekhlóli, sveigt mig og beygt, látin ganga á bretti sem ruggar eins og ég væri úti á stórsjó. Framfarirnar eru samt ekki á öllum sviðum, t.d. uppgötvaði ég að ég kann ekki lengur að synda, sökk eins og steinn - björgun tókst --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 14.12.1987.

-- Áslaug Sívertsen hélt upp á níraðisafmæli sitt í gær. Þegar safnað er saman fólki úr hennar aldurshópi kemur að sjálfsögðu fram hve misjafnt menn hafa það. Sumir eru blindir, aðrir meira og minna veikir. Enn aðrir eru að því er virðist heilsuhraustir. Sennilega er þó svo að allir eigi við misjafna heilsu að búa, en eru svo gæfusamir að það tekur misjafnlega á þá, hugurinn er misfastur við það sem miður fer. Að sjálfsögðu er ekki gott að bæla það sem veldur kvöl. Hitt er mikil gæfa þegar menn eru bjartýsnir, eða kannski réttara sagt, hugurinn er ekki fastur við erfiðleika og að á móti blæs. Einhver sagði að ekki væri neitt til sem væri stöðugur sársauki. Haldi menn öðru fram eru þeir að blekkja, eða hugurinn er svo truflaður að hann er uppfullur af því sem óþægilegt er eða menn nota það til að beygja þá sem umhverfis þá eru. En hvort sem erfiðleikar eða sjúkdómar eru af andlegum, líkamlegum, félagslegum eða öðrum orsökum, þá er það jafn slæmt. Hitt er gæfa ef menn fylla þann flokkinn sem líður vel - eða virðist líða vel. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 26.12.1987.

-- Hér gengu jólin sinn vanagang. Það setti skugga á að Emma litla dóttir Immu dó daginn fyrir Þorláksmessu og var það mikil lausn fyrir hana blessaða. Hana vantaði dag upp á tvo mánuði og fór stöðugt hrakandi. Hún hafði verið flutt af vökudeild fæðingardeildar á barnspítalann. Þá fengum við að heimsækja hana. Henni var farið að líða illa. Svörin við umhverfinu voru svo til engin, hún mókti og fékk krampa, sem að vísu voru ekki miklir. Næstu daga hætti hún að vakna. Á sunnudaginn var, þegar við vorum hér samankomin við laufabrauðsskurð fóru þau Kristján og Imma til að baða hana. Hún vaknaði ekki við baðið. Imma sagði að eftir að telpan stækkaði hafi henni farið að líða verr. Dauðinn var mikil lausn. Hún verður jörðuð á mánudag. Sem gefur að skilja hefur þetta verið mikil raun fyrir Immu og Kristján. En þau hafa staðið sig svo vel að aðdáun vekur, einkum hjá læknum sem hafa átt við þau mikil skipti. Þetta var þeim líka mikil raun þar sem um sama leyti var gerð uppstokkun á Álafossværsmiðjunum þar sem þau unnu bæði. Og fengu bæði uppsögn -- En svo vel vildi til að bæði fengu strax ný störf sem þau geta fellt sig við. Byrja um mánaðamótin. Þau eru líka svo gæfusöm að eiga Hjalta sem er skemmtilegur, greindur og vel alinn upp.

Þrátt fyrir allt var fjör í laufabrauðsgerðinni, lífið heldur áfram --

Aðfangadagskvöldið var hið ánægjulegasta, mamma og Dídí voru í góðu skapi, rifust ekkert, voru eins og englar. Mamma er farin að gefa gjafir á nýjan leik -- Skipuleggur mánuðinn í innkaup sem hún stundar með því að færa sér strætisvagnakerfið að fullu í nyt, kaupir bækur hjá forlögum um allan bæ. --

Ég gleymdi að segja þér frá því að þú gafst mömmu þinni skilrífi mikið. -- Þannig er mál með vexti að snemma í mánuðinum var haldið uppboð. Við fórum og skoðuðum myndirnar og ég sá strax eina sem mér leist ákaflega vel á; hypjuðum okkur þaðan fljótlega. Um kvöldið fór ég á Sögu. Áður en ég fór sagði allt heimilisfólkið í kór: *Ekki kaupa mynd!* Þetta var hörð fyrirskipum en mildaðist þó þegar Auður bætti við: *Og alls ekki eftir Karl Kvaran!*

Nú ég sat þarna í sakleysi mínu á uppboðinu. Myndin góða var þarna meðal frægra endemislistamanna sem þeir börðust um tannlæknar og grósserar borgarinnar. Ég hafði efst í huga boðorðin: *Ekki kaupa! Ekki kaupa!* Svo kom að Karli. Ég hélt að enginn myndi bjóða. *Tvö þúsund*, sagði ég. Það hnussaði í uppboðshaldaranum og grósserararnir litu við og sögðu hvor við annan: *Hvílíkur smekkur - fátæklingur í þokkabót.* Ég leit á bílasalann við hliðina á mér; hann varð feiminn þegar allra augu beindust að okkur. Svo var einhver ótætis kona sem sagði: *Sex!* Óþolandi ef svona kerling á að fá svona góða mynd. Þar sem ég er alþekktur á uppboðum horfði uppboðshaldarinn alltaf á mig, ég þarf ekki annað en að rétta upp einn putta eða tvo. Að vísu er ég alltaf hræddur um að það verði misskilið sem einn eða tveir tugir þúsunda. Uppboðshaldarinn hefur ekki mikið álit á mér, gallabuxnaklæddan svo hann frekar heldur að ég meini 100 krónur með hverjum putta. Nú rétti ég upp tvo putta og svo einn. Þá þagnar salurinn, enginn svarar. Allt í einu er ég orðinn eigandi eins Karls Kvaran enn. Hvað átti ég að gera. Allir forvitnir að vita hvað ég *kennerinn* aðhefðist. Ég stóð upp, þóttist fara á klósettið og kom ekki aftur.

Sirrí tók mér afar vel. Ég sagðist ekkert hafa keypt, sagði henni sögur af tannlæknum og forstjórnum sem hefðu opinberað smekkleysi sitt, ólöglega álagningu og skattsvik.

Næstu daga átti ég við þrálátt þunglyndi að stríða. Ég sótti myndina. Því miður var frændi minn staddur í fornsölunni, en hann var afskiptalífur, þóttist niðursökkinn í bækur. Ég hljóp með myndina út og tókst að koma myndinni í kjallarann áður en Sirrí kom úr vinnunni. Í húsinu er enginn staður til að fela eins fermetra dýrgrip. Loks fann ég stað á bak við *bobspilið* góða í kjallarann. Nú hófst áætlun. Í þessu máli yrði ég að sigra. Eina ráðið til að slá vopnin úr höndum mömmu þinnar var að gefa henni myndina í jólagjöf. Ef ég væri einn gefandinn væri ólíklegt að ætlunarverkið tækist. Með því að hafa ykkur öll með mér gæti það gerst og þá væri ekki spurt hvað myndin kostaði. Öll svör í því máli, há eða lág, myndu eyðileggja myndina um alla framtíð. Sönnu svari aldrei trúað og myndi eyða eindrægni okkar í milli um langa hríð.

Og það tókst. Myndin er fögur og setur mikinn svip á ganginn, eilífðar vitni um smekkvísi fjölskyldu Sigríðar Dagbjartsdóttur. Nokkrar hættur voru á leiðinni. Vinkona Sirrí spurði hvort ég hefði ekki komið heim með mynd. Hún hafði setið nærri. En hún tapaði þræðinum - sem betur fer.

Þá fór ég í Morkinskinnu og lét ramma myndina inn. Ég fór þangað margar ferðir, hitti ýmsa og talaði við. Lausmáll eins og venjulega fór ég heim og sagði allt sem á dagana hafði drifið. Sírri skildi ekkert í hvað ég hefði hitt marga á Laugaveginum, alla sem eitthvað tengdust Morkinskinnu. Meira að segja missti ég út úr mér að ég hefði séð fallegar bundnar bækur í Morkinskinnu. Þrátt fyrir allt virtist Sírri ekkert gruna. Um þetta allt fær hún aldrei neitt að vita, ég mun fela bréfið og eyða úr tölvunni. Sjálfur ætla ég að reyna að komast í hennar bréf og tölvudiska til að komast að því hvort hana grunar eitthvað, hvort hún kann að leggja saman tvo og tvo. --

Meira ætla ég ekki að bulla. Sendi Þjóðlíf með myndum eftir hinn dularfulla ljósmyndara: *Ásgeir*. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 16.1.1988.

Segir einkennilegt í húsinu tómu og allt útlit fyrir að svo verði áfram. Þið strákarnir hafið engar áætlanir um að koma og Auður ekki fyrr en eftir mitt sumar.

-- Dagurinn í gær var ósköp dapurlegur eftir að Auður var farin. Hún hefur sett fjörugan svip á alla tilveruna, síkát, lifandi, frjó, og umsvermuð fjölda ágætra ungmenna. Sérstaklega gaf hún ömmu þinni mikið. En ekki hefur verið jafn auðvelt að kveðja neitt ykkar barnanna en hana, að því leyti að hún er að mörgu leyti veraldarvanari en þið bræðurnir. Hún er nákvæm í öllum sínum undirbúningi og ræðir um viðfagsefnin. Við vitum því hvað hún er að hugsa og fást við og þurfum ekki að leggja henni lífsreglur þar sem hún hefur gert okkur þær ljósar.

Svo er það líka breyting fyrir foreldra að sjá á eftir síðasta barninu úr kofanum og gruna að þau eigi ekki eftir að koma hingað nema sem gestir héðan í frá, kannski með maka sér við hlið. Þannig er allt sem maður átti einn, orðin sameign með öðrum, kannski einhverjum sem verður ókunnugur að meira eða minna leyti - allavega hefur stjórnarformanni hlutafélagsins verið steypst af stóli.

En þetta er lífsins gangur sem allir þurfa að ganga í gegnum og gleðjast yfir.

Áður en Auður fór hringdi Marianne frá Nice og sagðist sennilega vera búin að fá herbergi fyrir hana nálægt háskólanum. Væri það hjá konu sem vinnur úti. -- Þá bauð Elísabet okkur skipti á bíl og íbúð í ágúst. Kannski gætum við skipulagt okkar ferðir þannig að við hittumst í París, Annecy eða Nice? --

Vona að ykkur hafi þótt gott að koma heim og steypa ykkur út í störf að nýju og takast á við spennandi verkefni. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 20.1.1988.

Ræðir teikningu á handriði sem Dagur er að teikna fyrir tröppur og bílaplan. Óskar til hamingju með afmælið á morgun.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 20.1.1988.

Sendir peninga frá ömmu hans. Er að setja upp bás um tannvernd á heilsutorgi í Kringlunni. Standa tannfræðingar og TFÍ að verkefninu. Biður Dag um að kaupa sér góða kuldaskó.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 23.1.1988.

Ánægður með fréttir af velheppnaðri afmælisveislu og að Dagur hafi komið skýrslu frá sér. Segir fréttir af grein sem hann skrifaði í Fjármálatíðindi og af Auði í Nice.

Vonskuveður á Suðurlandi.

-- Húsið er óttalega tómt eftir að þið fóruð. Maður venst því að vísu fljótt og tekur til óspilltra málanna -- Öll þessi tómu herbergi hrópa samt og maður gerir sér grein fyrir að þar að kemur að við minnkum við okkur og leigjum efri hæðina. Þó verður að hafa pláss til að taka á móti þessum indælu krökkum þegar þau koma --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 23.1.1988.

Segir fáar fréttir fari á milli og lítið heyrist frá Þýskalandi í fjölmiðlum nema helst frá Artúri Björgvini Bollasyni sem sagt hefur frá Hitlerssýningu í Hannover.

Sirrí hefur haft geysimikið að gera, starfið gengur vel, tannlæknar og stjórn félagsins ánægð með starf hennar. Nú bætist við þegar haldið verður norrænt tannlæknaþing hér.

Sendir úrklippur úr íslenskum og erl. blöðum, vel skrifaðar um merk mál.

-- Í fyrradag var afmæli Vestmannaeyjagossins. Ég sendi þér grein Björns Tryggvasonar um málið. Það er alveg fast í hausnum á honum og skilningur hans á málinu þróast ekkert eða breytist þótt frá lífi. Það sem hann skrifar er nánast eins og það sem hann gerði fyrir 12 árum. Hann las greinina fyrir mig og leiðrétti ég ýmislegt af mestu vitleysunum og var hann þakklátur fyrir það. En með sumt er honum ekki úr að aka. Hann segir að ég hafi hrópað til hans að morgni gosdagsins: *Mundu að skrá!* Segir hann að ég hafi haft í huga að skrá sjálfboðaliðana, en hann hafi skráð fólkið, og það reynst lykill að allri aðgerðinni. Þetta er svo hans uppsláttaratriði. Ég læt mér á sama standa um þetta, það eru fáir sem taka eftir því - þó fölsun sé. Kannski hefur þú gaman af greininni. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 26.1.1988.

Segir ýmsar fréttir: Úr fimmtugsafmæli Ólafs B. Thors; af því hve þjóðin er stolt yfir Jóhanni Hjartarsyni skákmeistara í baráttu hans við Kortsnoj í Kanada og að Thor Vilhjálmsson hafi fengið bókmenntaverðlaun Norðurlandaráðs fyrir Grámosann.

-- Lovísa¹ nágrannakona okkar á 71 er dái. Hún fékk hjartaáfall -- Svona breytist götmyndin smám saman. --

Auður hefur í veikindaförföllum tekið að sér að þrifa skrifstofu TFÍ.

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 30.1.1988.

Sendir grein sína úr Fjármálatíðindum sem virðist hafa komið út á réttum tíma þar sem komist hefur upp um misferli í fjáröflun. Fjármálatíðindi koma út í stóru upplagi en vekja litla athygli enda er þeim ekki dreift í áskrift. En ég hef gaman af að skrifa.

Nú er verið að undirbúa Briemsætt og segist þurfa að leita til hans vegna afkomenda Jóhönnu fögru Gunnlaugsdóttur Briem sem giftist til Bielefeldt. Hefur verið reynt að hafa samband við fólkið en án mikils árangurs enda hefur því verið skrifað á ensku.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 1.2.1988.

-- Það gerðist raunarlegt nú í vikunni að Gauja frænka þín í Ráðagerði týndist. Eru engar vísbendingar um hvernig það hefur borið að. Annar skórinn hennar fannst á sjávarkambi um 300 m. frá Ráðagerði og hinn var eftir heima. Þar var einnig kaffikannan í gangi og ljós kveikt. Ekkert bendir til að neitt vofeiflegt hafi hent og mjög fjarri talið að hún hafi viljað fyrirfara sér.

Þar sem hún á enga afkomendur er nokkur óvissa um úrræði í búinu. Þau Kristinn pabbi hennar og Gauja höfðu tekið að sér pilt, Tomma, sem kallaðist svo, en hét dönsku nafni, Tom, en sem tók nafnið Tómas. Hann dó fyrir nokkrum árum en átti son, Kristin, sem nú er 22ja ára og var mjög handgenginn Gauju. Hann er næstur til forstöðu búisins, þótt enn sé ekki ljóst hvort Gauja gekk formlega frá að svo skyldi vera.

Jórunn, amma þín, átti 77 ára afmæli á föstudag og buðum við henni og systkinum hennar. Var það mikill fögnuður. Engum sem ég þekki líður betur saman en þeim. Leiðindi eru ekki til í þeim, samkomulagið fullkomið, fjarri allir gaddar, horn og tilætlunarsemi. Svo voru mamma og Dídí hér í gærkvöldi, boðnar í afganginn af kjúklinga-pásteg. Það gekk allt mjög vel. --

Opnun Listasafns Íslands við Fríkirkjuveg. Mjög hrifin.

Dagur Eggertss. skrifar Friede P. Briem. Osló. 6.2.1988.

Pakkar ömmu sinn fyrir afmælisgjöf sem hann keypti sér skó fyrir og litkrítarteiknisett.

-- annars á ég erfitt með að trúja því að ég sé orðinn 23 ára gamall. Mér finnst eins og það hljóti að hafa verið hlaupið yfir svona tvö eða þrjú ár í talningunni. Ætli ég verði ekki svona til sextugs.

Að öðru leyti er ekkert nema gott af mér að fréttu -- margt spennandi að gera í skólanum. Ég held mér sé óhætt að segja að ég hafi aldrei haft jafn mikinn áhuga fyrir nokkru verkefni sem því sem ég fæst við núna. Viðfangsefnið er samband hugar og teikningar. Við notum texta sem við veljum okkur til að vinna út frá. Svo teiknum við hús t.d., sem samsvarar húsi í textanum. Ég lýsi því betur seinna þegar ég er búinn að leysa það. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 6.2.1988.

Umræðuefnið er einkum teikning á handriði við húsið nr. 69 við Bergstaðastrætið. Svo segir hann frá viðfangsefnum sem hann er að fást við í skólanum.

Þá er hann að leggja upp eigið prógramm fyrir haustönnuna; hljómburð í arkitektúr í alls konar byggingum, einkum hljómléika-, kvikmyndahúsum og upptökustúdíóum.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 8.2.1988.

Hjá þeim var Ingegerd Boström, frænka okkar frá Glänne. Hafði komið með hópi Svía á námskeið í samstarfstækni. Hún er hjúkrunarfræðingur en hefur farið út í allt aðra sálma, stjórn björgunarmála.

Heilmikil vandræði með undirbúning norraens tannlæknabings þar sem ekkert flugfar virðist laust.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 23.2.1988.

-- Sendi ljósrit sem pabbi þinn hefur verið að taka fyrir þig. --

Næsta verkefnið í húsinu verður að gera upp baðherbergið á neðri hæðinni. -- Auður leggur til að við tökum baðkarið og setjum í staðinn upp sturtuklefa. Þá myndast pláss fyrir klósett. --

Ásgeir kemur heim um páskana -- og Auður áætla að heimsækja þig. -- Hvernig er fjárhagurinn? Þarftu pening?. Láttu heyra frá þér! --

¹ Lovísa Halldórsdóttir (1908-88). Hún og maður hennar Þórður Hjörleifsson (1903-79) þekktur togaraskiptstjóri byggðu húsið og bjuggu hér alla tíð.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 29.2.1988.

Segir frá brúðkaupsafmælinu sem Auður missti af því hún hafði farið með vinkonum sínum í sumarhús í Brekkuskógi. Lánudum bílinn eftir tregðukast.

-- Í veislunni voru Óli og Jójó, Erna og Diddó og Ragnheiður og Guðmundur.¹ Þau síðastnefndu höfðu verið að skíra strákana sína, Atla Stein og Kára. Atli vill láta ferma sig, jafnvel þótt engin veisla verði, og sem ekki verður. Þegar ég frétti af skírinni fór ég til mömmu og ætlaði að segja henni frá viðburðinum. Ég stóðst ekki freistinguna, skrökvaði að strákarnir hefðu nú loks verið endanlega skírðir, Jóhannes og Sigurbörn. Og mamma trúði þessu. Að vísu stóð það ekki nema ca. 30 sek. þar til það leiðréttist.

Þetta bréf skrifa ég upp 25 árum síðar og geng í sömu gildru og ég lagði fyrir mömmu. Skildi ekki málið fyrr en ég spurði Sirrí. Brandarín lá í því að bræðurnir höfðu ávallt verið nefndir Atli Steinn og Kári. Því komu þessi nýgömlu nöfn á óvart, fyrst fyrir mömmu og nú aftur fyrir mig.

Ragnheiður kennir nú íslensku við MR og var gaman að heyra hana lýsa nemendum sínum. Þeir eru alveg ótrúlega fáfróðir um almenna hluti, en einstaklega vel gerðir, duglegir og áhugasamir. Út úr menntaskólanáminu sagði hún koma nemendur sem ekki stæðu að baki þeim bestu sem hún kenndi í Ameríku og aðgang ættu að hinum fremstu háskólum.

Segi frá stórkostlegum tónleikum. Rússneski bassinn Buchulase hélt tónleika með rússneskum ljóðum og einnig með Sinfóníunni þar sem hann söng úr óperum. Hinn var Andreas Schmidt, þýskur barítón sem söng ljóðaflokka eftir Schubert.

-- Ég var að hugsa er ég gekk um eftir tónleikana og leit á plötustafnana og hugsaði að hver plata kostar sem svarar tvisvar inn á tónleika. Allt ungt fólk lítur á það sem mannréttindi að kaupa diska og plötur í hundraðatali. En lúxus að fara á tónleika með heimsnöfnum -- eða leikhús. --

Ásgeir vinnur að orðasafni fyrir þýska ferðamenn.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 6.3.1988.

-- Við vorum í skírnarveislu í dag í Skildinganesinu. Það var verið að skíra tvíbura Guðrúnar (*Haraldsdóttur*) og Bjössa (*Björns Árnasonar*). Hingað til hafa þeir gegnt nöfnunum A og B, en í dag hlutu þeir nöfnin Arnar og Brynjar. Myndarlegustu piltar eins og þeir eiga kyn til. Séra Guðmundur Óskar Ólafsson prestur í Neskirkju skírði. Hann er hálfbróðir Flosa Ólafssonar leikara. Þeir grétu svo mikið að prestinum varð að orði eftir athöfnina að það væri engu líkara en þeir væru hjá tannlækninum. Dálítið líkt Flosa - ha? --

Hér er búin að vera mikil umræða undanfarna daga um mál Guðjóns B. Ólafssonar forstjóra Sambands ísl. samvinnufélaga, en hann var áður um tólf ára skeið forstjóri Coldwater (*í U.S.A.*). Það snýst um það að hann rekur tvo menn sem starfa í Coldwater Seafood verksmiðju Sambandsins í Harrisburg, forstjóra fyrirtækisins Eysteinn Helgason, sem áður var forstjóri Samvinnuferða/Landsýn og Geir Magnússon aðstoðarforstjóra fyrirtækisins. Eysteinn segir að Guðjón hafi skipað sér að reka Geir, en það taldi hann ekki vera í verkahring sínum, heldur stjórnarinnar sem réð hann. Síðan gerist það að Guðjón rekur þá báða. Í kjölfar þess koma svo miklar umræður um kaup og kjör Guðjóns þegar hann var sjálfur forstjóri Coldwater og að hann hafi tekið sér miklu hærra laun en um var samið. Það er í athugun hjá endurskoðendum Sambandsins sem hefur þarna orðið fyrir miklum skaða og almenningur veit ekki hvað þarna er að gerast. Víst er um að það fer fram mikil valdabaráttá innan sambandsins og laun Guðjóns svimandi há og verkalýðurinn vitnar mikið í, þar sem nú eru nýgerðir kjarasamningar og mörg verkalýðsfélög hafa fellt þá á sínum félagsfundum. Þú færð hér spólu með ágætum upplestri Jóns Arnar Marinóssonar tónlistarstjóra Útvarpsins, en hann er vikulega með þátt sem hann kallar Jónsbók. Hann tekur þar kvæðið Hrafninn eftir Edgar Allan Poe í þýðingu Einars Benediktssonar og breytir því í tilefni þessa Sambandsmáls. --

Auður var að koma til mín og biðja mig um að hlýða sér yfir franskt kvæði Victor Hugo sem hún kundi reiprennandi. Hún biður að heilsa og var ánægð með bréfið frá þér. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 7.3.1988.

-- Af okkur er hið besta að fréttu -- allt gengur sinn vanagang.

Þetta er upphaf allra bréfa. Ef þau eru stutt, enda þau þar með, uppgjöfin er gjörsamleg gagnvart fréttaleysisyfirlýsingunni og afstöðunni. Endist bréfið eilítið lengra þá upplýkst smám saman skjárinn á sálinni og sitthvað fer að koma í ljós. Eins og þú sérð er þessi langi inngangur tæknibrella sem ég beiti gagnvart sjálfum mér til að opna gluggann og draga sem lengst niðurlagið: meðbestukveðjumhafiðiðþaðgottþinnpabbi. --

Blöðin eru full af fréttum út af brottrekstri starfsmanna Iceland Seafood Corp. Þeirri stofnun sem byrjaði í fátækt, baráttu og framfaraviðleitni. Hún virðist hafa bólgnað út og þróast án eigandaábyrgðartilfinningar sem smám saman spillir. Þó veit maður lítið um hvað hér á sér stað. Alla vega virðist Guðjón Ólafsson, sem áður var forstjóri hafa fengið mjög mikið kaup, svo mikið að fólk skilur það ekki. Þó er alls ekki við hann að sakast. Kom sú uppljóstrun sér mjög illa fyrir vinnuveitendur sem eiga í vandræðum með að semja við fiskvinnslufólk úti um allt land, sem margt er einmitt starfsfólk SÍS. Hvernig þetta mál fer veit enginn. Augljóslega verður SÍS aldrei það sama eftir, jafnvel þótt öldur lægi. Þetta hlýtur að vera mjög mikið álag fyrir Guðjón og fjölskyldu hans --

¹ Ól. B. Thors, Jóhanna Jórunn Einarsd., Erna Þorleifsd., Sigurjón Jóhannss., Ragnheiður Briem, Guðmundur Elíass.

Segir frá góðri sýningu Tuma Magnússonar¹ í Norræna húsinu. Honum hefur farið mjög fram. Stella keypti eina bestu myndina á sýningu Tuma.

Þá var merkileg sýning alþýðulistamannsins Sæmundar Valdimarssonar.²

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 14.3.1988.

Þakkar grein sem hann sendi sem er í léttum stíl, eins og bréfin hans fleiri. Bendir á að stundum sé það sem hann skrifar sýnilega bundið við frumtexta og skorti léttleika. Segir Matthías Jochumsson hafa þýtt þannig að hann las síðu í einu og þýddi eftir minni. Þannig losaði hann sig úr böndum. En hann hafði líka ótrúlegt minni. Ræðir blöð og ber saman við textameðferðina.

-- Annars er ég að leggja síðustu hönd á minningargrein um Gauju í Ráðagerði en um hana verður minningarathöfn. Það er óþægilegt að skrifa minningargrein þegar langur tími er liðinn. Ég skrifaði greinina í byrjun febrúar og hef síðan verið að kíkja á hana og breyta. Það sem í upphafi var skrifað fremur af hughrifum er orðið hálfgerð *sammensúrrúm* í klassískum stíl.

-- Auður virðist vera mest að hugsa um nám í Frakklandi, þá helst í markaðsfræðum --

Biður hann um að athuga hvort til sé ný útgáfa af starfsvalsþók sem gefin var út fyrir þrjú lönd þegar hann var að undirbúa sitt nám.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 14.3.1988.

Þakka þér fyrir teikningarnar af handriði við útiðyratröppurnar. Við völdum teikninguna með skáspissunum.

-- Hér er mikill snjór en rólegt og gott veður. Umferðin er orðin svo mikil að hún þolir ekki svona snjókomu og hálfu - og allt fer úr skorðum.

Amma þín lenti í einu ævintýri á þriðjudaginn þegar skyndilega skall á hríð. Hún hafði farið í heimsókn til Cillu Helgason á Rauðkrosshótelid, þar sem hún dvelur eftir augnskurð (sem tókst svo vel að hún fékk góða sjón). Þegar hún fór frá henni var komið versta veður. Strætisvagnsstjórinn fór aðra leið en venjulega og hún bað hann um að láta sig út nálægt Bergstaðastræti. Hann lætur hana þá út hjá Landspítalanum og þar fer hún út í hriðina og veit ekkert hvar hún er. Þar dettur hún og gat ekki staðið upp.

Þá vill svo heppilega til, að Sigríður Þórðardóttir, grannkona okkar, átti leið þar framhjá, kom auga á hana í snjóskaflinun, og keyrði hana heim. Ekki var henni meint af þessu, en ergileg var hún út í bílstjórnann og hringdi strax næsta dag til forstjóra strætisvagnanna og kvartaði yfir þessum bílstjóra.

Sagan var nokkuð flókin því vagninn hafði farið miklar krókaleiðir. Þessi leið átti stoppistöð neðst á Barónsstíg við Bergstaðastræti. Því má og bæta við að mamma var ein eftir í bílnum, svo strætisvagnsstjóranum, og vagninn ekki á fastri leið, hefði verið í lófa lagið að aka henni heim. Þar sem forstjóri strætisvagnanna, Sveinn Björnsson,³ góðkunningi minn, maður Helgu Gröndal⁴ bekkjarsystur minnar, átti í hlut, bað ég Palla um að skrifa stjórn strætisvagnanna. Ekki hef ég fundið bréfaskiptin út af þessu máli, en mig minnir fastlega að svarið hafi augljóslega verið skrifað af lögfræðingi fyrirtækisins, í þeim tilgangi að játa engri sök en biðjast velvirðingar. Þannig er svörum fyrirtækja hagað, er um brot eða hneisu er að ræða. Allt til að forðast eftirmál.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 21.3.1988.

Segir frá mikilli og góðri sýningu Sigurðar Örylgssonar; einnig frá komu ungra myndlistarmanna, sem hafa lært og stundað listir í Hollandi. Virðist svo sem það taki fimm til tíu ár fyrir þá að ná sér á strik eftir námslok.

Segir frá veislu sem Einar Ingimundarson, ömmubróðir hans, hélt í nýju íbúðinni á Álftanesi.

-- Var sannarlega vel tekið á móti okkur enda stóð mikið til af hans hálfu og okkar. Hann lagði mikið upp úr því að Auður væri með. Kannski, öllu heldur, leyfði hann okkur að fylgja henni. Hann er mikið hrifinn af henni og þykir hún skemmtileg.

-- Nú breytist heimilið þegar Auður fer til ykkar og Ásgeir kemur --

Sirrí og ég vorum að undirbúa ferð til Helsingfors, skreppa þaðan til Leningrad, milli funda og koma svo við í Osló á heimleiðinni.

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 2.3.1988.

Ræðir komu Auðar til Osló og hvað þau geti gert saman auk þess að fara yfir eðlisfæðina með henni. Þá er búið að fá lánuð skíði og fleira áætlað til afþreyingar. Þakkar peningasendingu og segir efniskostnað mjög stóran útgjaldalið í náminu.

¹ Tumi Magnússon (1957), listmálar og listaháskólaprófessor. Hann er sonur vinafólks okkar, Önnu Sigríðar Gunnarsdóttur (1929) bekkjarsystur minnar og Magnúsar Pálsson (1929) listamanns, sem reyndar eru skilin.

² Sæmundur Valdimarsson (1918-2008). Nokkru seinna keyptum við myndverk eftir hann, tálgymynd og gáfum Degi. Skemmtilegt var að hitta fjölskylduna, en við dóttir hans höfðum starfað saman í Rauða krossinum.

³ Sveinn Björnsson (1926-2000) verkfræðingur.

⁴ Helga Gröndal (1929), læknafulltrúi.

-- Svona á meðan talað er um skólann, þá var ég að gera videó, yrkisefni er texti eftir Kafka. Ég gerði fyrst greiningu á textanum, raðaði svo upp einingum hans í kerfi sem hægt var að yfirfæra á videó. Þetta var röð hreyfinga sem ég tjaslaði saman með alls konar tæknifíffi. Svo sýndi ég það í dag fyrir kúrsinn og var því tekið afar vel. -- Þetta er hluti *workshop*, sem þýskur gestakennari var með okkur í. --

Segir frá fleiri verkefnum og installasjónum og ræðir að lokum fráganginn á handriðunum á Bergstaðastræti.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum og Ásgeiri. Osló. 25.3.1988.

God morgen mine kærester foreldre og også min kære bror Ásgeir som nu bruger sitt påskeferie på vårt land, ISLAND! Nu har jeg næsten blivt norsk efter to dagers ophold i fjordanas land, jeg kan næsten se den vakkre Holmenkollen ut genom mitt fenster. Dagur (min bror) og Hanna Stína (hans kærester) er veldig snille mot mej, kan jeg næsten få lov at gøre vad jeg ønsker mig.

Ég ætlaði bara að senda ykkur nokkrar línur til að láta ykkur vita að ég er á lífi og mér líður afskaplega vel hjá þeim skótuþjófum. Þau tóku á móti mér á flugvellið og það urðu fagnaðarfundir. Að vísu var ég mjög rugluð eftir flugferðina, en ég er nú komin með báða fætur á jörðina.

Hanna Stína bauð okkur á ballettsýningu í Óperunni í gærkvöldi - frábærlega skemmtileg sýning. Þið hefðuð orðið aldeilis stolt, ef þið hefðuð séð hvað við vorum glæsileg saman, öll á sparifötum. Hanna Stína lánaði mér sparikjólinn sinn. Mér fannst svo gaman að vera svona fín.

Í dag fylgdist ég með Degi skila af sér verkefni í Arkitektaskólanum, hljóðskúlptúr, og ég fékk meira að segja að aðstoða hann við skúlptúrinn. Ég ætla ekki að lýsa því fyrir ykkur hvað ég var yfir mig stolt af honum bróður mínum, hann stóð sig eins og hetja. Kennarinn afhenti honum rauða rós á eftir. Ég var hreinlega að springa.

Á eftir væflaðist ég svo um bæinn, reyndi að ná áttum, tók svo lestina heim. Það er mjög heimilislegt og notalegt að vera hérna, þægileg stemmning og afslappað.

Dagur er að fara í arkitektapartý og við Hanna Stína ætlum að röltu oní bæ.

Kærar kveðjur til ömmu, og allra. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertss. Rvík. 2.5.1988.

Ferðin til Helsingfors og Leningrad tókst vel og skemmtileg heimsóknin til Markku Niskala¹ og Anitu, sem voru ófarin til Genf.

Þakkar fyrir móttökurnar í Osló, góða heimferð þrátt fyrir truflun á samgöngum vegna verkfalla. Verkföllin gera það líka erfitt að fastsetja heimkomu Dags. Auður er að hamast í próflestri, svo tekur sumarvinna við og alvara fullorðinsáranna.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 9.5.1988.

Byður hann velkominn í nýja íbúð. Vantar mynd.

-- Nú er ættartala Briemanna að komast á lokastig. Heldurðu að þið drífið ykkur ekki til ljósmyndara -- ég borga. --

Segir frá prófum Auðar og að hún hafi fengið vinnu í bókaverslun Snæbjarnar í Hafnarstræti sem Anna Einarssóttir stjórnar fyrir Mál og menningu, góðri vinkonu hennar.

Segir frá fjölda myndlistarsýninga, einkum af sýningu Arnar Þorsteinssonar í Gallerí Grjóti, en hann er kominn út í skúlptúr. Vonar að Portúgalsferð skólans hafi gengið vel.

-- Hann spurði um þig, hvernig þér vegnaði, og bað að heilsa.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 16.5.1988.

-- Það eru mikil læti í stjórnmalunum núna. Stjórnin kom saman í gær og felldi gengið um 10% samkvæmt tilmælum frá Seðlabankanum. Fólkið var búið sjálft að fella gengið fyrir helgi og fé streymdi út úr bönkunum og gjaldeyrir fyrir tvo milljarða króna. Nú rífast þeir um hliðarráðstafanir og mér sýnist allt hanga á bláþræði. --.

Dagur Eggertsson skrifar fjölskyldunni. Osló. 18.5.1988.

Segir frá ferð sinni með skólanum til Lissabon og síðan lýkur skólanum og þau koma heim.

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 22.5.1988.

Auður er farin að vinna í bókabúð Snæbjarnar í Hafnarstræti, við afgreiðslu og á skrifstofunni; stúdentar að útskrifast.

Sirri er að halda upp á 30 ára stúdentsafmæli og okkur boðið á fund Hitaveitusambandsins, sem haldinn er í Eyjum.

Þá erum við að byggja kofa fyrir garðverkfæri og hlakka ég til að geta hætt að þurfa að burðast með sláttuvélina niður í þvottahús.

¹ Hann hafði verið ráðinn aðalritari Alþjóðasambands R.K.

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 22.5.1988.

Sendi honum grein sem ég hafði skrifað um bókbandslist í Lesbók Mbl. Hringdi Hafsteinn Guðmundsson bókaútgefandi og bókagerðarmeistari í mig til að þakka hana.

Eggert Ásgeirss. skrifar Arne Bergström. Rvík. 22.5.1988.

Skrifar Arne Bergström með samúðaróskum til fjölskyldunnar, en Guðrún föðursystir mín dó 5. apríl. Sagði honum frá sambandinu okkar á milli. Líka að ég hefði auglýst látið og skrifað grein um hana í Morgunblaðið 21.5.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 6.6.1988.

Segi frá því að Dagur sé kominn til landsins og ætli að vera sjálfstæður garðverktaki í sumar ásamt Jóni Gunnari Ákasyni og Magnúsi Sigurðarsyni vinum sínum.

-- Við mamma þín vorum að koma frá Vestmannaeyjum eftir tveggja náttu útivist, skemmtilega og mjög fróðlega. Alveg var dásamlegt að sjá breytinguna sem orðið hefur á eyjunum á þessum ca. 12 árum sem eru síðan ég kom þar síðast. Það sem áður var svart, er nú hágrænt, það sem ekki er grænt er mosagrátt. Hraunið hefur tekið stakkaskiptum -- Vestmannaeyingar eru alltaf jafn spaugsamir og glaðir. Það er sá blær sem er áberandi og sá stimpill sem þeir vilja koma á sig. Inni við beinið hljóta þeir að vera jafnmæddir og allir aðrir, skilja og drekka jafn oft.

En þetta er nú einu sinni sú *ímynd* sem þeir hafa komið sér upp hin síðustu ár undir forystu Árna Johnsen. Heldur er nú lágt risið á þeirra menningu, en menning er það nú samt: *lundapysjur, eyjapeyjar, Binni í Gröf, lundaveiði, Ve-hátíðin*, eða hvað sem hún nú heitir. Í Eyjum eru að mig minnir 32 félagsheimili, tugur fótboltavalla, mikill fjöldi ljótra listaverka, ballstaðir, ámóta margir og í Rvík. Þetta er samfélag karla. En þetta er *ímynd* sem þeim flestum virðist líka við. Hvar væru þeir án hennar? Eyjarnar hefðu varla byggst aftur í þeim mæli sem varð.

Mamma þín þekkir Eyjar betur en ég. Hún skoðaði þær vel en ég var upptekinn á hræðilega leiðinlegum fundum - ef þann mælikvarða má nota.

Nú er sumarið framundan. Mamma þín er upptekin framundir miðjan júlí við norræna þingið. svo förum við í frí -- tjaldferðalag -- fyrstu vikuna verðum við reyndar í sumarhúsi í Flatey --

Þegar ég uppgötvaði að ég var kominn upp fyrir 80 kíló sá ég að ég þyrfti að halda í við mig í mat og drykk. Nú eru þrjár vikur liðnar og hægt að gefa rapport. Raunar hefði það litið betur út eftir fyrstu vikuna því þá léttist ég um tvö kíló og fékk fjórar stjörnur. Stjarna er fyrir millimál (kökur og sælgæti), vínglös og meira en einu sinni á diskinn eða of mikið á hann. Fyrsta vikan var með fjórar stjörnur, önnur með átta og þriðja með 10. Viltu setja þetta í töflurita og segja mér hvernig verði um jólin, hvað ég verði þungur og hvernig ég líti þá út, ef ég yfirleitt lít út.

Stjörnukortið hefur hins vegar góð áhrif á fjölskylduna sem hæðist að mér þegar minnsta tækifæri gefst og vill greinilega hafa mig feitan og pattaalegan. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 27.6.1988.

Sendi Tímarit Máls og menningar með ágætum greinum Soffíu Auðar Birgisdóttur og Guðmundar Andra Thorssonar. Ritíð er alltaf að batna; einnig tímarit sögunema við HÍ þar sem rétt er um hlutverk sagnfræði í blaðamennsku. Út úr því kemur lítið.

-- allflestir telja sig efni í blaðamenn ef þeir hafa segulband til umráða. Fólk má heldur ekki sjá segulbandstæki nærri svo það hefji ekki vaðal og buslugang. Segulband og prentsverta freistar, vitræn umræða síður. Ekki var einu sinni gengið frá textanum á síðum ritsins sem sómasamlegt bókmál. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 9.7.1988.

-- Loksins er þessu ráðstefnufargi létt af mér og ég get farið að hlakka til að taka sumarfrí. Allur undirbúningurinn, sem má segja að hafi staðið í heilt ár, skilaði sér vel og ráðstefnugestir fóru ánægðir heim -- veðrið var eins og best getur orðið --

Það kryddaði líka tilveruna að Liisa vinkona mín frá Kemi var hér með Nike, manninum sínum, sem er tannlæknir. Við höfðum veislu fyrir þau þegar þau voru nýkomin og buðum upp á kampavín úti í garði, fyrir matinn. Nú er -- létu fargi af mér létt --

Segir frá gjöfum sem henni voru færðar.

-- Formaður sænska tannlæknafélagsins og konan hans gáfu mér þennan forláta silfurvasa. Ég átti hlut í að bera sáttarorð á milli þegar í óefni var komið á undirbúningstímanum. Hann er maður skjótra ákvarðana og skrifaði heldur hvassyrnt bréf, fyrr á þessu ári. Því var svarað héðan á heldur ruddalegan hátt og leiddi til þess að hann hótaði að koma ekki hingað á ráðstefnuna. Hann segir nú, þegar upp er staðið, að það hafi verið fyrir mín orð (úti í Helsingfors í vor), að allt var látið falla í gleymsku. Liisa færði okkur tvo fallega gripi. Það var þessi frægi Alvar Aalto vasi með bugðunum og svo fallegur glerfugl. Sænski framkvæmdastjórinn og konan hans gáfu mér lítinn, fallegan vasa frá Kosta Boda. Nú held ég að nóg sé komið af vösum á heimilinu. --

Nú er pabbi þinn í sumarfrí og er að drífa í ýmsum framkvæmdum, úti og inni. Ég hlakka til að geta farið að hugsa um svoleiðis. Við erum búin að koma upp garðhúsinu og er það alveg frábært. Svo keyptum við langan stiga og þurfum ekki lengur að vera háð Þóri löggu á Fjölnisvegi 4 eða öðrum nágrönnum. Ég vígði meira að segja stigann og málaði gluggaumgjörðina á miðhæðinni, fyrir ofan útidyratröppurnar. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 18.7.1988.

Segir af framkvæmdum við hús, garð og endurbætur á stétt, verk sem Dagur stjórnaði, vanur og hraustur. Vorum við verkið í 11 tíma og lukum hellulögn.

-- Sirir er byrjuð í tveggja vikna frí og sem hún herjaði með hörku út úr tannlæknunum sem telja sig eiga hana. Sjálf ber hún mikla umhyggju fyrir starfinu og vill heldur vinna en að láta vandamál safnast fyrir.

Hins vegar er erfitt að láta sumarfrí okkar ganga upp. Ég er búinn að vera í frí tvær vikur og verð væntanlega til miðs ágúst, enda vont að láta sumarfrí safnast upp --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 25.7.1988.

Dagur fór í Veiðivötn en veiddi ekkert sjálfur en naut ferðarinnar. Svo fór fjölskyldan í sumarhús Halldórs og Siddu sem er í Grímsnesi, fallegur staður þar sem framámenn búa við mýbit.

-- Halldór er farinn að gróðursetja barrvið í landið, en það virðist helsta áráttu okkar Íslendinga að láta náttúruna aldrei í friði, annaðhvort til að spilla henni eða bæta. Síðan fórum við heim um Grafning í heimsókn til Óla og Jójó. Þau voru einmitt búin að kveikja upp í grillinu og fengum við ágætasta kvöldverð með miklum fögnuði, enda fór Óli á kostum, reif af sér brandara þannig að krakkarnir voru máttlaus af hlátri.

Gaman var að þau fengu tækifæri til að hitta svona skemmtilegt fólk. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Orra Jónssyni, Fjölnisvegi 6. Rvík. 8.8.1988.

Sendi nágranna okkar ungum bréf þar sem ég bað hann um að fjarlægja dúfnakofa, lýsti afleiðingunum með skrautlegu orðfæri og stíl.

Á bréfið er skrifað: Auður leysti málið með því að tala við Orra. Boðskapur hennar mun hafa verið að við keyptum dúfurnar og kofann. Þar með leysti hún málið á augabragði með lagni. Orri er þekktur ljósmyndari, hefur gefið út bækur og haldið sýningar.

Eggert Ásgeirss. skrifar framkvæmdastj. Sjálfstæðisflokks. Rvík. 8.8.1988.

Skrifaði framkvæmdastjóra þingflokksins Sigurbirni Magnússyni,¹ sem ég hafði þekkt frá því að hann var ungur, prestssonur í Grundarfirði. Sendi flokknum merkilegar og nákvæmar tillögur mínar sem ég byggði á reynslu minni af starfi í orkunefnd og heilbrigðisnefnd flokksins. Heyrði ekkert frá honum eða Þorsteini Pálssyni, formanni. Sagði mig síðan endanlega úr flokknum.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 15.8.1988.

Ræðir slæma líðan í fæti.

Segir frá dauða Rúnu frænku okkar frá Móum í vikunni. Skrifaði ég um hana minningargrein.

Þá er búið að festa kaup á Pajeró jeppa, sömu tegund og þau áttu lengi upp frá því. Langar til að nota hann vel til ferðalaga meðan þau eru enn ung! Dagur fer á morgun til Osló en hefur verið að snyrta hús Haraldar Norðdahl, gegnt okkur á Bergstaðastræti.

-- Er mjög skemmtilegt að hafa þá félagu hér heima við og horfa á myndarleg vinnubrögð þeirra og príl um mæni og þak. Sjálfsmennska þeirra hefur gengið vel og hyggjast þeir gera hið sama næsta sumar, enda eru þeir búnir að fjárfesta í bílnum og geta þá tekið strax til óspilltra mála, reynslunni ríkari að láta ekki hlunnfara sig, sem mjög er reynt.--

Það af hinum ólíklegustu framámönnum, spekingum og --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 16.8.1988.

-- Við héldum hina frægustu veislu fyrir Auði tvítuga. Komu hingað yfir tveir tugir ungs fólks, þáði veitingar og skemmti sér. Fór allt vel fram. Tvær vikur var mamma þín í frí og eyddum við þeim hér heima í snyrtingu á húsi og lóð. -- Kofinn frægi stendur við hina fínustu stétt sem Dagur hjálpaði mér við að leggja. --

Notuðum við eldgamlar níðþungar hellur og bætti Dagur við smásteinum á milli svo nú er stéttin og baklóð falleg og aðgengileg.

-- sigur unninn í dúfnamálinu, þær farnar, skúrinn rifinn. Málið endaði með því að Auður talaði við Orra dúfnastrák, sem er í MH. Þegar hann sagðist ekki hafa fengið kaupendur að dúfunum bauðst hún til þess að kaupa þær. Beitti sama ráði og Salómon forðum. Þá hikaði Orri, vildi ekki sjá á eftir þeim í dauðann, lofaði að fara með þær. Stóð við það -- léttir að því, svefnsamara. Smám saman verður húsið hreint og þrifalegt; flugnager sem þreifst á skítum hverfur -- vonandi. --

¹ Sigurbjörn Magnússon (1959), síðar hæstaréttarlögmaður.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 29.8.1988.

Pakka fyrir kortið frá Vín -- gaman væri að fá ferðasöguna --

-- Dagur er farinn. Hann hafði nóg að gera í allt sumar, en ekki held ég að afraksturinn hafi verið mjög mikill. Alla vega höfðu þeir félagarnir mjög gott af þessari reynslu og ef þeir halda áfram næsta sumar lenda þeir ekki í þeim erfiðleikum sem þeir sáu ekki við núna í sumar.

Erfiðleikarnir voru efrétt er munað, einkum fjólgir í skuldseigum viðskipta "vinum", verkalýðssinum og prófessorshjónum.

-- Við vorum í jarðarför Rínu frænku þinnar í Móum. Það var sorglegt og margir sem sjá eftir henni. Pabbi þinn sendir þér hér með greinina sem hann skrifaði um hana. Hún bar af öðrum greinum og var Magnús mjög þakklátur fyrir hana.

Þá segir frá að við höfum keypt Mitsubishi jeppa.

-- Það er mjög gaman að vera kominn á svona stóran og góðan bíl og fá möguleika til að ferðast meira um landið en undanfarin ár. Það er skrytið að keyra, ekki eins létt og lipurt og gamla bílinn. Við buðum Jónu og Óla, ömmu þinni og Dídí í mat; fórum svo á eftir með þau í bíltúr upp í Grafarvog og fleiri ný hverfi og höfðu þau mjög gaman af og þótti gott að sjá út!

Svo fórum við út í Flatey á Breiðafirði. Þar er sumarhús sem Rarik leigir út til starfsmanna. Verðum við þar í viku og ætla Palli og Lára að koma í heimsókn. Auður verður ekki laus úr vinnunni og skólinn að byrja. --

Stjórnin hefur ákveðið að fara niðurfærsluleiðina í svokölluðu í taxtamálum. Hækkarnir sem áttu að ganga í gildi 1. sept. falla niður. Ég er mjög ánægð með það. Nú þarf ég ekki að vinna við nýjan taxa sem er mjög mikil vinna fyrir mig. Annars var ég að fá hækkun á bílastyrk og fyrirframgreiðslu í eitt ár, sem hjálpar okkur við útborgun á nýja bílnum --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 5.9.1988.

Er kominn til Osló og að undirbúa skipulag námsins.

-- Þá er hann búinn að ráða sig í vinnu í matvöruverslun á laugardögum. Fyrsta daginn var ég settur á búðakassa en tókst að rugla öllu þannig að ég var látinn í annað og á að læra á kassana og kem til með að vera á þeim í framtíðinni. Það er fínt að fá þessa vinnu því að bæði bætir þetta upp námslánið og svo fæ ég afslátt af öllu sem ég kaupí í búðinni og öðrum búðum í verslanakeðjunni.

Mér finnst svo gaman að prófa svona vinnu sem fólk yfirleitt álítur hundleiðinlega, því að þó hún sé að mörgu leyti einhæf þá felst í henni ákveðin fullkomunartilfinning, þegar maður nær tökum á henni. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 19.9.1988.

-- Héðan er allt hið besta að fréttu. Þegar við komum frá Flatey áttuðum við okkur á þeim mikla mun á því og að fara til útlanda. Innanlandsferð breytir klukkunni ekki, mataræðinu ekki heldur og tilfinningum minna. Þannig vorum við úthvíld þegar við komum heim og gátum snúið okkur af alefli að vinnu. Við vorum svo hrifin af dvölinni að við höfum lagt drög að því að komast þangað aftur næsta vor, helst í maí er vorblómi dýralíffsins er mestur.

I gærkvöldi matreiddi mamma þín skarf sem við höfðum fengið hjá Hafsteini bónda. Var það hin besta fæða, tók jafnvel fram svartfugli. Skarfurinn er stærri og mýkri undir tönn, enda einungis veiddir rétt fleygir ungar. --

Þegar við vorum þar komu Palli og Lára í heimsókn og urðum við samferða þeim heim um Barðaströnd. Jónas frændi (*Guðmundsson sýslufulltrúi í Stykkishólmi*) kom með þeim í skyndiheimsókn, skemmtilega. Hann þurfti að fara heim með sama báti eftir tvo tíma. Veðrið eins og best getur orðið. --

Á Barðaströnd var mikið af aðalbláberjum. Ríkisstjórnin fallin. Albert að tala við Sjálfstæðisflokk.

Segir frá nýjum bíl. Pajero. Þau lentu í vandræðum þar sem þau voru lykilslaus, þurftu að fara til baka, lentu í tímaþröng.

--í Kerlingaskarði -- tók billinn að dansa á veginum og skrensa. Munaði hreint engu að bílnum hvolfði eða færi út af. Við vorum í hálfgerðu sjokki og hétum hvort öðru því að héðan í frá skyldi ekið varlega og á löglegum hraða og eftir ástæðum.¹ --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 22.9.1988.

-- Hér sit ég í skólanum og er að bíða eftir fyrirlestri Rob Krier sem er einn þeirra frægu í arkitektúrnum. Verður spennandi að heyra í honum og sjá. Svo erum við Harald að grafa okkur niður í námsefnið, tala við arkitekta, akústíksérfræðinga og aðra málsmetandi menn. Allir hafa tekið okkur mjög vel. Við fáum að skoða alla hugsanlega sali hérna í borginni, fara á konserta til að hlusta. Okkur er boðið að koma á IRCAM stofnunina í París, en hún er víst einhver sú frægasta í heimi á sviði rannsókna á hljómburði. Mamma Haraldar vinnur í menningarmálaráðuneytinu hérna í Noregi og hún hafði samband við kollega sinn í París og óskaði eftir því við IRCAM að tveir guttar fengju að koma. Svo ætlum við að hafa samband við óperuna í París og fá að skoða hana. Sem sagt, allt á góðri leið í háskólanum.

Nú er ég búinn að vinna fimm skipti í búðinni. Afs. Hlé!

Já vinnan í búðinni er ágæt, það er a.m.k. peningur og þar með eitt skref í þá átt að standa fjárhagslega vel að vígi.

¹ Hef skrifað um lífsháska er ég hef lent í. En gleymt þessu. Kannski var hér um *fraudíska* gleymsku um sjálfskaparvíti að ræða.

Við erum að leita að ódýrari íbúð og væntanlega líka minni. -- Svo eigum við kost á að komast inn í *Yrkesskolenes hybellhus*. Það yrði ekki fyrr en í desember. -- Annars er allt gott að fréttu. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 27.9.1988.

Er ánægð með að hafa lokið aðalfundi TFÍ og líka yfir að hafa fengið góðan formann, Börk Thoroddsen.

-- Vinir pabba þíns eru nú að gerast gamlir. Við vorum í 60 ára afmæli Agnars Biering um daginn og svo varð Þorvaldur Lúðvíksson líka sextugur. Hann er líka lögfræðingur og var allt fullt þar af svoleiðis mönnum. M.a. var þar Haraldur Blöndal, sá sem átti heima í Lovíshúsi þegar þú varst lítill. Hann er núna formaður Umferðarráðs og við spurðum hann hvað hann ætlaði að gera í umferðarmálum á Bergstaðastræti; hvort hann ætlaði að hægja á umferðinni. Nei, hann sagðist ætla að auka hraðann þarna í þeirri von að tiltekin manneskja, *sem er gift frænda þínum*, sagði hann við pabba þinn, *yrði keyrð niður*. Við urðum mjög undrandi. Fyrsti maður sem mér datt í hug var Sigurður Línal, svo ég spurði: *Hana Maríu? Nei*, sagði hann, *getiði betur*. Þá rann upp fyrir mér ljós að það var auðvitað Guðrún Jónsdóttir. Mér finnst þetta vera dæmigerð yfiringangssemi og remba í karlpeningi. -- Palli og Lára voru að fara til Helsinki og Rússlands -- hlakkaði Lára mikið til að koma aftur til Moskvu.

Ég var að tala við Guðrúnu Sveins og bjóða þeim Jóni með Sigga Línal, Maríu og Óla og Jójó. Eins og þú sérð höfum við það skemmtilegt bæði í boðum hjá öðrum og reynum að lokka aðra til okkar.

Í gærkvöldi var ég með saumaklúbb. Sagði Auður við mig í morgun að hún hefði verið aldeilis hissa á talmaskínunum hjá mér. *Ég var bara að hugsa hvort ég yrði einhvern tíma svona*, sagði blessað barnið.

Nú er loksins búið að mynda stjórn eftir mikla leiksyningu í blöðum og sjónvarpi. Þessi stjórn situr sennilega ekki lengi.¹ –

Eggert Ásgeirsson skráði 2.10.1988.

Frásögn Friede P. Briem

Sagði mömmu frá því sem sagt hefði verið um Kristín bróður hennar í Sögu Sauðárkróks, að hann hefði alist upp á hálfgerðum flækingi eftir að móðir hans dó.

Hún sagði hann hafa verið mikið hjá afa sínum á Auðnum á Vatnsleysuströnd, eftir að Kristín mamma hans dó, en síðar hjá pabba sínum í Árbæ í Holtum eftir að hann kom sér upp heimili þar; síðar á Akureyri eftir að pabbi hans kvæntist aftur.

Kristinn var þar í skóla þegar pabbi hans dó. Hann hafði mikið samband við fjölskylduna í Rvík og sendi systkinum sínum gjafir frá Skotlandi er hann var við nám. Sjálf fékk hún ævinlega saumakassa.

Kristinn var mjög sóttþræddur þannig að er Eggert bróðir hans veiktist hætti hann alveg að koma á heimilið.

Það gerðist raunar með fleiri. Berklahættan vofði yfir þjóðinni. Eggert hæstaréttardómari, bróðir Páls og Guðrún kona hans, sem bjuggu í Tjarnargötu 28, forðuðust heimilið ásamt börnum sínum, sem voru á sama aldri og börn Álfheiðar. Voru lengst lítil tengsl milli systkinanna Gunnlaugs og Sigríðar og frændsystkinanna í nr. 24.

Eggert veiktist og átti að senda hann á hæli. Það vildi Álfheiður ekki. Hún hugsaði um hann, einangraði hann til þess að hann smitaði ekki út frá sér, hélt t.d. líni og diskum hans sér. Hún fórnaði sér fyrir hann meðan hann lá veikur í tvö ár. Löngu síðar kom í ljós er berklarannsóknir hófust að Eggert hafði aldrei smitast af berklum. Þegar hann náði sér loks vildu frændur að hann færi að vinna þar sem hann þyldi ekki skólavist. Var hann tekinn úr Menntaskólanum þar sem hann hafði verið dugnaðarnemandi.

Meðan hann lá rúmfastur lærði hann á eigin spýtur tungumál og pantaði sér papparitvélarborð til að æfa sig á og var orðinn besti vélritari er hann byrjaði að vinna hjá Eimskip. Lék allt í höndum hans. Þar sem hann fór út að vinna gat hann hjálpað Helga til náms sem annars hefði verið örðugt.

Friede fór líka að vinna á Eimskip, fyrst þrjá tíma á dag. Hinn hluta dagsins var hún heima við og hjálpaði mömmu sinni við að sauma flibba fyrir L.H. Müller. Síðar fór hún að vinna allan daginn og síðast á lögfræðiskrifstofu Sveins Björnssonar. Þórhildur systir þeirra starfaði í bókabúð Ísafoldar og Þórdís hjá Símanum og síðar í bókabúð Eggerts bróður síns.

Árlegur viðburður var vélritunarkerppi Verslunarmannafélagsins Merkúrs þar sem Eggert var í fyrsta sæti. Fékk hann Friede systur sína til að taka þátt. Hún átti við þekktar vélritunardömur að etja: Guðmundu konu Gunnars Kvaran og Sigríði Brynjólfsdóttur, frænku sína. Fékk hún önnur verðlaun því hún gætti sín að rita villulaust og lagði áherslu á frjálsan texta sem hún var leikin í.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 3.10.1988.

-- Til okkar komu Guðrún Sveins og Jón. Siggí Línal og María og Jójó og Óli. Það var mjög skemmtilegt. Guðrún er að byrja þriðja árið í lögfræði og sagðist kvíða svolítið fyrir skólanum. Hún hefur staðið sig mjög vel hingað til. Hún hefur óskað lengi eftir að vera boðin einhvern tíma til okkar með Sigga. Henni þykir hann skemmtilegasti maður sem hún hittir. --

Segir frá leikhúsfærð, að sjá leikrit Guðmundar Kamban, Marmara. Húsið var fullt en leikritið ekki að sama skapi fullt af lífi. Segir frá lífi og örlögum Guðmundar Kamban. Í útvarpi var flutt gömul upptaka af Skálholti Kambans þar sem höfundur deilir á klerkaveldið.

Þá er verið að undirbúa 88 ára afmæli ömmu hans. Sirrí býr til matinn, fordrykkur niðri, en borðað uppi, gestir verða margir eins og venjulega hjá henni. En með þessari aðferð tekst það.

Auður er byrjuð að sækja um skólavist í Frakklandi.

¹ Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra úr Framsóknarflokki.

Dagur Eggertss. skrifar Friede P. Briem. Osló. 7.10.1988.

Elsku amma. Til hamingju með afmælið. Það verður mikið um að vera hjá þér í kvöld eftir því sem ég hef heyrt. Þegar þú lest þetta verður allt yfirstaðið, vonandi vel heppnað allt saman.

Hérna hinum megin við hafið höfum við alltaf nóg að gera (fyrir utan að hugsa til þín), bæði í skólanum og öðru. Við erum enn farin að leita okkur að húsnæði. Það sem við erum í núna er of dýrt og óhagkvæmt --

Verkefnið sem ég hef á skólanum gengur ágætlega. Það snýst um hljómburði í byggingum og er alveg sjálfstætt, þ.e. að ég skipulegg allt sjálfur ásamt öðrum strák. -- Förum eftir nokkra daga til Þrándheims til að skoða rannsóknarstofu tækniskólans þar.

-- okkur líður bara vel hérna -- vonandi hefur þú það gott amma mín. --

Dagur Eggertsson skrifar fjölskyldunni. Þrándheimi. 13.10.1988.

-- Nú er ég staddur í Niðarósi á námsferðalagi með Haraldi félagamín. Við höfum unnið síðustu daga, verið á tækniskólanum hérna og skoðað hljóðtilraunastofu sem er sú besta og fullkomnasta hér í Noregi. Það hefur verið mjög gaman, sérstaklega þær móttökur sem við höfum fengið frá sérfræðingum og prófessorum. Við eru búnir að komast að því núna að við erum svo að segja einu arkitektanemarnir í öllum Noregi sem höfum stúderað hljómburðarfræði á síðustu áratugum. Það er soldið spennandi að fást við eitthvað nýtt, að vísu er það ekki eins auðvelt og það hljómar því akústíksérfræðingar eru yfirleitt mjög skeptískir á þetta fyrirtæki og arkitektarnir skilja ekki neitt. Fólk er samt þó nokkuð forvitnið á það, og hvað við endum með. Nú er kortið búið og krotið líka. Bless.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 17.10.1988.

Nú er lokið boðatörn fyrir tengdamóður hennar. Síðara boðið var með 25 gestum. Þá voru Palli og Lára komin heim. Magnús Torfason og Sigríður voru þar og ýmist fólk yngri kynslóðarinnar.

-- Hún fékk svo mikið af konfektkössum frá Nóa-Sírúsi að á morgun fer ég með einn risastóran til að skipta á og einhverju betra. Okkur finnst Nóa konfekt vont konfekt.

Það gerðist líka um helgina að við seldum Peugeot bílinn. Það var maður frá Selfossi sem rekur grjótmulningsverksmiðju sem keypti og borgaði út í hönd. Við sögðum honum að við hefðum æft þig í að keyra bíl í sandnámunni þar sem hann sagði marga hafa æft sig.

Við fengum kort frá Degi frá Þrándheimi þar er hann að kynna sér hljóð-arkitektúr ásamt norskum skólabróður. Segist hafa komist að því að enginn arkitekt á Norðurlöndum hafi kynnt sér akústíkk í tugi ára og allir mjög skeptískir á útkomuna hjá þeim. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 17.10.1988.

-- Þær fréttir eru af okkur að í gær tókst að selja Peugeotbílinn. Við gáfumst upp á bílasölum eftir að eina nótt hafði hjólkoppunum verið stolið. Sá sem keypti var grjótmulningsmaður af Selfossi, sá er á námuna í Ingólfsfjalli þar sem Ásgeir var æfður í akstri þegar við vorum í heimsókn á Þórustöðum forðum. Ég er feginn að ekki eru lengur tveir bílar á heimilinu. Ég stressaðist að sjá tvo bíla óhreinkast og ganga úr sér. --

Amma þín komst í svo mikið stuð af afmælisveislunni að hún fékk mömmu þína til að halda aðra veislu. Hún lét gamminn geysa uns mér var hætt að lítast á blikuna. Það endaði með fjórðungi af hundraði dúfnaveislan þessi og var mjög vel heppnuð. Reyndist vel að kalla saman fólk sem ekki þekktist vel. Uppistaðan voru Eva Línal og hennar börn, Þórhildur og Björn, bæði lögfræðingar. Þau eru bæði fædd hér á efstu hæðinni, höfðu gaman af að sjá æskustöðvarnar. Þá voru þarna börn Steinunnar Sívertsen, jafnöldrur, náfrænku og bestu vinkonu ömmu þinnar og manns hennar Gústavs Jónssonar ráðuneytisstjóra, vinar afa ykkar, léttskálds (Tótukvæði o.fl.). -- Mjög gaman að tala við allt þetta fólk og þess skemmtilegu maka. Væri vel þess virði að gefa nánari skýrslu, en því nenni ég ekki. --

Auður hóf í kvöld næturvinnu á barnum í Þjóðleikhúskjallaranum. Var mikið að gera, uppgefin þegar heim kom, augljóst að gengilbeina verður þreytt í fótum. -- Ætlar að halda áfram. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 24.10.1988.

-- Amma þín var hjá okkur í gærkvöldi -- var upptekin af nokkuð einkennilegu máli og getur ekki þurrkað það út úr huganum, hvað sem pabbi þinn reynir.

Þannig var að Illugi Jökulsson var með þátt sinn *Friðsjar hendur* um síðustu helgi eins og vant er. Þar gerir hann þá blaðamannsskyssu, að hann tekur feil á tveim mönnum og leggur allan þáttinn út úr vitleysunni. Hann segir frá Hádegisblaðinu, sem út kom 1933, hinu versta sorpblaði, sem hann les síðan upp úr í þessum klukkutíma þætti. Útgefandinn var Ásgeir Guðmundsson og hélt Illugi að það væri afi þinn og segir frá því í inngangi að það sé Ásgeir Guðmundson¹ frá *”Seltjörn á Seltjarnarnesi”*, lögfræðingur og félagi Stefáns Jóhanns Stefánssonar *”forsprakka í Alþýðuflokknum”*, eins og hann orðaði það.

Pabbi þinn skrifaði bæði Illuga og Útvarpsráði og leiðrétti þetta og heimtaði bragarbót. Í gærkvöldi kom leiðrétting þar sem sagt er að hér sé ekki um Ásgeir Guðmundsson *”frá Seltjörn á Nesi”* að ræða, heldur annan. Aftur villa. Þetta er bæði gott og vont. Gott ef maður ætlar að láta stríðið halda áfram, en illt ef maður vill slíðra sverðin. Þeir hjá útvarpsráði, Markús Örn og Elva Björk

¹ Faðir minn var Ásgeir Guðmundsson (1899-1935) frá Nesi við Seltjörn.

Gunnarsdóttir eru að vinna að málinu. En nú sækir þetta svo á huga ömmu þinnar, að hún er farin að tala við dómara, ekki vegna kæru, heldur til upplýsinga, og ráðgerir nú að bjóða Elvu Björk Gunnarsdóttur til sín. Það er erfitt fyrir þessa þinn að hjálpa henni, þar sem hún sættir sig ekki við það sem gert er fyrir hana og málin taka oft undarlega stefnu hjá henni. Pabbi þinn er búinn að eyða miklum tíma á söfnum undanfarna viku til að grafa upp, í fyrsta lagi þetta Hádegisblað, og svo að finna út hver hinn Ásgeirinn var. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 24.10.1988.

-- Amma þín var hjá okkur í gærkvöldi og borðaði önd sem mamma þín fann og gerði úr lystilegustu máltíð. Gamla konan er upptekin af einkennilegu máli, getur ekki þurrkað það úr huganum hvað sem ég reyni. Verst er að ég á nokkra sök á að það festist svona í henni.

Þannig var að Illugi Jökulsson var með þátt sinn *Frjálsar hendur* um síðustu helgi -- Þar gerir hann þá blaðamannaskyssu, sem einna verst er. Hann blandar saman tveim mönnum, leggur allan þáttinn út af vitleysunni. Segir frá Hádegisblaðinu sem út kom 1933, hinu versta sorpblaði, sem hann les síðan upp úr í þessum klukkutíma þætti. Útgefandinn var Ásgeir Guðmundsson og heldur Illugi að það sé pabbi og segir frá því í inngangi að það sé Ásgeir Guðmundsson frá *Seltjörn á Seltjarnarnesi* (!), lögfræðingur og félagi Stefáns Jóhanns Stefánssonar *forsprakka í Alþýðuflokknum og síðar forsætisráðherra*, eins og hann orðaði það og bætti við að Ásgeir hafi gefið ritið út í *mannbætandi tilgangi* eins og hann orðaði það.¹

Nú, ég skrifaði bæði Illuga og útvarpsráði, leiðrétti þetta og heimitaði bragarbót. Í gærkvöldi kom leiðrétting þar sem sagt er að hér sé ekki um Ásgeir Guðmundsson frá *Seltjörn á Nesi* að ræða heldur annan. Aftur villa. Þetta er bæði gott og vont. Gott ef maður vill að stríðið haldi áfram, en illt ef maður vill slíðra sverðin. Þeir hjá útvarpsráði, Markús Örn og Elva Björk í hljóðvarpi eru að vinna í málinu. En nú sækir þetta svo á huga mömmu að hún er farin að tala við dómara, ekki vegna kæru, heldur til upplýsinga, ráðgerir að bjóða Elvu Björk Gunnarsdóttur til sín. Ég sagði henni að það væri í góðu lagi. Hún vill sem sé ekki að málið hafi sinn gang í þeim farvegi sem ég kom því í og sættir sig ekki við mín rök. Illugi á sjálfsagt ekki gott, og ástæðulaust að reyna að koma höggi á hann. Einnig að ef maður ætlar að sýna fram á hvað blaðið sé afleitt og útgefandinn vondur, þá er maður að koma höggi á Ásgeir Guðmundsson prentara og hans fjölskyldu, (m.a. son hans Pál!!!) sem hefur sjálfsagt verið í einhverri kreppu þegar hann stóð í mjög undarlegri útgáfu á þessum árum.

Sem sé málið er fast í huga mömmu, eins og svona mál vilja raunar gera. -- Þarna féll Illugi í þá gildru sem sérhver blaðamaður hlýtur að óttast hvað mest. --

Viðbót.

Eiginlega má segja að merkilegasti þáttur þessa máls komi ekki fram í bréfunum.

Ég átti í erfiðleikum með að finna þau blöð á Landsbókasafninu sem Illugi virtist hafa haft undir höndum. Þau var ekki að finna í safninu. En þá var ekki búið að leggja Háskólabókasafn niður. Fór ég þangað í leit minni að blöðum sem Ásgeir Guðmundsson (hinn) hafði skrifað og gefið út. Þar var ekki mikið til af Hádegisblaðinu (o.fl. blöðum Á.G.), en þó sitthvað og sem vísaði leiðina.

Ég var þá staddur í „pósthólfum“ pósthússins við Austurstræti og hitti Sigurgeir Sigurjónsson (1908-1995) hæstaréttarlögmann. Sagði ég honum frá vandamálinu sem ég væri að glíma við. Sigurgeir hafði ég þekkt frá bernsku. Hann hóf sem sé starfsferil sinn sem fulltrúi hjá föður mínum, þótt stutt yrði því Sigurgeir varð fulltrúi hans eftir kandidateitun í lögum í júní 1935, en pabbi andaðist í nóvemberbyrjun. Fékk ég ávallt að njóta þess, þótt samstarf þeirra yrði stutt. Sigurgerir var fljótur að átta sig og sagði mér að hér væri þeim blandað saman alnófnunum. Prentarinn Ásgeir átti við mikla erfiðleika að stríða vegna vanheilsu. Hann reyndi að amla fyrir sér og fjölskyldunni með útgáfu og prentun ýmissa rita, sem kalla mætti sorprit.

Þar var skýring fengin og ég búinn að fá svar við ýmsum spurningum. Mér var hreint ekki skemmt og hafði samband við Illuga og lýsti vanþóknun minni á stuttaralegri „*afsökun*“ hans eða „*skýringu*“ í þætti hans. En ég fann þegar ég talaði við hann að honum var brugðið, því bókin var um það bil að koma út.

Sem sé!. Þessi uppákoma og viðbrögð okkar, bjargaði þeim bræðrum úr þessu klúðri. Gátu þeir komið leiðréttingum inn á síðstu stundu útgáfunnar.

--

Enn annar þáttur þessarar sögu var spurningin: *Hvernig stóð á að bækurmar fundust ekki?*

Ég talaði við Finnboaga Guðmundsson landsbókavörð og sagði honum frá þeim grun mínum að tímaritin hefði horfið úr safninu. Hann ræddi málið við samstarfsmenn sína og fundu þeir skýringu. Illugi Jökulsson hafði unnið, ásamt bróður sínum Hrafni að samningu bókar „*Íslenskir nasistar*“. Meðan á ritun bókarinnar stóð tóku þeir á leigu herbergi handan Hverfisgötunnar, á mótí Landsbókasafninu, og var bókavörðunum kunnugt um það, því þeir bræður gengu þar oft inn og út.

Þegar þetta gerðist virðist verki þeirra lokið að mestu. Fóru bókaverðir nú yfir götuna og fundu vinnuherbergi þeirra bræðra. Virtust þeir hafa yfirgefið staðinn og skilið mikið dót eftir í skrifstofunni. Þar á meðal voru tímaritin sem ég hafði ekki fundið í Landsbókasafninu. Mun hafa tekist að endurheimta ritin og koma þeim aftur fyrir í safninu. Ekki er mér kunnugt um nein eftirmál!

--

¹ Hér sleppi ég ýmsu, m.a. því sem hann tengdi þessa við nasistaflokkinn.

Niðurstaða mín er því sú að ég var hundfúll út í Ríkisútvarpið, Markús Örn Antonsson og Illuga. Elfa Björk Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri Hljóðvarps stóð sig með þryði og leysti persónulegt mál móður minnar með því að heimsækja og tala við hana.

En þrátt fyrir það held ég að þessi atburðarrás og gagnaleit mín, ásamt rífrildi mínu og taugaveiklun minnar góð móður, sem þá var 88 ára, hafi orðið til að bjargar þeim ágætu bræðrum, sem hafa staðið sig vel í lífinu síðan, og gert ýmislegt gott, að því er ég best veit.

Þegar mál þetta kom upp hafði ég samband við Illuga og sagði honum frá grun mínum. Fann ég að honum brá. En hvernig hann leysti það, veit ég ekki. En bókin kom út, án þess að föður mínum væri blandað í nasisma á Íslandi og þeir bræður yrðu uppvísir að öllu því sem ég hef hér rakið.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 24.10.1988.

Segir Degi frá þætti Jökuls Jakobssonar sem kom fram í bréfi mínu til hans sama dag.

--Ég var að vinna heilmikið um helgina, með hjálp pabba þíns, við að senda út fréttabréf til tannlækna og mikla skýrslu um tannheilsu Íslendinga. Þetta er mikið verk sem ég er búin að vinna mikið að og hafa erfiði af að koma út. Nú er því verki loksins lokið og er ég fegin að hafa það frá. Ég var svo óheppin að mér var vísað á Sigurjón í Letri sem gæti prentað þetta hefti af Macintosh disk. Hann kunnir ekkert á kerfið þegar til kom og er búinn að draga okkur á öllu saman frá því í júlí að hann lofaði þessu fyrst. Þetta er eitthvert það versta mál sem ég hef lent í, að tala við þennan mann á hverjum degi í marga mánuði. Hann talaði alltaf tóma delli, laug stöðugt að mér um gang mála.

Við fórum á höggmyndasýningu í nýjum sýningarsal í nýgömlu húsi Sigurjóns Ólafssonar á Laugarnestanga. Mjög fallegur salur og listaverk Sigurjóns komin í umhverfi sem þau eiga svo sannarlega skilið. Ögmundur Skarphéðinsson teiknaði húsið. Það má vera ykkur tilhlökkunarefni að skoða þetta þegar þið komið um jólin. --

Auður er farin að vinna um helgar á barnum í Þjóðleikhúskjallaranum. Henni finnst það bæði erfitt og skemmtilegt og segir okkur allar helstu fréttir út skemmtanalífinu --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 15.11.1988.

Segir frá Auði sem er að undirbúa dimission. Verið er að undirbúa útskriftarferð til London og Rómar. Henni þykir það full nærri áætlaðri ferð sinni til Frakklands í febrúar.

-- Hún er mjög dugleg að vinna aðra hvora helgi í Þjóðleikhúskjallaranum. --

Nú var Jónatan Þórmundsson, sérstaklega skipaður saksóknari í Hafskipsmálinu að gefa út ákæru á sextán manns. Hann tekur líka með bankaráð og bankastjóra Útvegsbankans -- fleiri en Hallvarður Einvarðsson gerði. Jóhann Einvarðsson þingmaður Framsóknar í Reykjaneskjördæmi fær líka ákæru, en hann er varaformaður í bankaráðinu. En það þarf að létta af honum þinghelgi til þess og það er undir Alþingi komið. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 5.12.1988.

Fréttir af jólabókum. Árni Geir og Kári Pálssynir eru báðir komnir með kærustur. Lítið samband við Palla og Láru sem koma sjaldan til mömmu. Hann á það til að reyna að reformera hana og er hún lengi að ná sér eftir slíkt, enda ekki allt vel til fundið.

-- Við vorum að rifja það upp í gær þegar Palli fékk mömmu til að skipta frá Volkswagen í Fiatbíl, aðgerð sem leiddi til þess að hún hætti að keyra. Kannski var það gott, því hún var orðin áttræð.¹ En sjálf hefði hún haft gott af að eiga bíl lengur og hætta af eigin sannfæringu. Það er dálítið leiðinlegt að sjá hana niðurdregna eftir *hreinskilin* samtöl.

Annars má maður telja heppni að hafa brugðist hart við orðum Illuga Jökulssonar í útvarpinu. Nú er bókin um nasismann á Íslandi komin út, í hálfgerðri hasarútgáfu, sem gengur ekki eins og Þór Whithead hefur gert, að ræða um forystuna, og útfærslu stefnunnar. Hér virðist fremur rætt um óbreytta flokksmenn, sem oft voru ungir að árum, kannski rétt um tvítugt, og draga þá fram þótt ekki hafi verið um lengri stjórnmalastarfsemi að ræða, eða mennirnir gengið í aðra flokka og reynst vel í lífinu. Hann minnst í bókinni á Ásgeir Guðmundsson útgefanda Hádegisblaðsins og vitnar eitthvað í hann. Ekki mátti á tæpara standa með að hann drægi pabba inn í málið, því bókin virðist hafa verið komin í prentun þegar ég talaði við Illuga. Amma þín hefur ekki enn að fullu náð sér eftir þetta. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 5.12.1988.

Segir m.a. frá prófi Auðar í ítölsku.

Einnig segir hún frá mikilli uppgjörsveislu tannlækna vegna norræna þingsins í sumar: Fordrykkur heima hjá Ólafi Björgúlfssyni. Síðan fór hópurinn í rútu í Hús verslunarinnar þar sem matast var.

Vonar að þeirra nýja húsnæði reynist gott. Kannski fáum við að sjá það í apríl þegar við förum á fund, ég í Khöfn og pabbi þinn í Osló.

¹ Þetta skrifa ég 88 ára, bílkeyrandi!

Eggert Ásgeirss. skrifar Emigrantregistret í Karlstad. Rvík. 27.12.1988.

*Nú var hafin útgáfa Bollagarðaættar. Ég var fenginn til að sjá um kafla afkomenda Kristínar og Guðmundar í Nesi við Seltjörn. Ég setti mér að þær væru jafn ítarlegar upplýsingar um tengdafólk Guðrúnar og Lóu, föðursystra minna í Svíþjóð eins og tíðkast í slíkum afkomendatölum íslenskum. Fann ég út að ein fárra ættfræðistofnana sænskra væri þessi stofnun, en báðir makar föðursystra minna í Svíþjóð höfðu verið í Ameríku. Því tókst ýmislegt að finna. Sjá bókina: **Systurnar Lóa og Guðrún frá Nesi.***

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 15.1.1989.

-- Það er nú liðið að kvöldi dagsins sem þú hleyptir heimdraganum og við kvöddumst í flugstöðinni. Mér hefur þótt þetta langur sunnudagur og, þegar mér verður hugsaði til þín, á köflum ansi dapurlegur. Það var öðruvísi að kveðja þig núna en öll þau skipti sem þú hefur varið til sumardvalar. Nú geri ég mér grein fyrir að þú ert að fara, búin með þitt menntaskólanám og farin að heiman eins og strákarnir. Það er auðvitað ekkert nema gott og gleðilegt við það, en mér hefur samt reynst dagurinn erfiður. Þess vegna sest ég niður og skrifa, því það gerir mér gott að segja hugsanir mínar.

Ég hef verið að rifja það upp hvað þú hefur alltaf verið okkur til mikillar ánægju, öll þín ár. Hvað við höfum haft það skemmtilegt saman og hvað við höfum alltaf verið stolt af þér. Við töluðum um það á leiðinni í bæinn, hvað það væri þægileg tilfinning þegar þú værir að fara svona út í heiminn, hvað þú værir vel gerð og traust. Ég var jafngömul þér þegar ég fór í fyrsta sinn til útlanda, til Cambridge í sumarskóla. Hvað þú ert helmingi þroskaðri, duglegri og sjálfstæðari en ég var.

Dagurinn hefur liðið þannig að við lögðum okkur þegar heim kom. Mér var svo kalt á fótunum að ég ætlaði aldrei að geta sofnað. Pabbi þinn sofnaði strax og fór svo niður að lesa Moggann. Hann kom svo upp kl. tíu og þá var Elísabet í símanum. --

Elísabet stjórnadi fjölskyldunni af myndarskap og skipulagði heimsókn Auðar að nokkru. Hún ræddi hér um Íslandsförina í sumar, komu þeirra til Íslands til þess m.a. að halda upp á fimmtugsafmælið sitt. Hún bauð okkur bílinn sinn og mátti skilja að dóttir hennar og tengdasonur vildu fá bílinn okkar lánaðan.

-- Ég steypiti mér út í tiltekt á heimilinu og sá að mér liði vel ef ég hamaðist sem mest -- Þegar allt angaði af hreinlæti fékk ég mér bjór -- hvíldi mig -- hreyfði mig ekki þó mér væri boðið í kaffi til ömmu þinnar.¹

Palli og Lára komu í kaffi til ömmu þinnar og fóru bræðurnir í Norræna húsið á fyrirlestur um víkingaforneifar sem fundist hafa við uppgröft í York á Englandi. Þessir munir verða til sýnis í Þjóðminjasafninu og Norræna húsinu -- Er þetta athyglisverð sýning. Pabba þínum fannst fyrirlesturinn heldur leiðinlegur. Fyrirlesarinn sneri sér mest að korti á vegg í stað þess að snúa að áheyrendum - margt fór því fyrir ofan garð og neðan. --

Á morgun tekur nýr dagur við með mörgum verkefnum og er það gott. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 16.1.1989.

-- Auður fór í gær og hefur mér satt best að segja liðið heldur ömurlega eftir það. Hún skilur eftir sig stórt tómarúm, bæði í húsinu og svo innra með mér. En ég kemst yfir það bráðum þegar ég sökkvi mér ofan í vinnu og hugsa um eitthvað annað. -- Vonandi hefur þér gengið vel með að ljúka verkefninu um *akústík*. Þú varst rosalega duglegur að vinna frídagana heima. Það máttu eiga. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 18.1.1989.

-- Hér gátu menn staðið úti á skyrtuermunum og fagnað nýju ári og sprengt fleiri bombur en nokkru sinni. --

Segir frá áramótunum og að Dagur sé farinn til Noregs.

-- tómlægt hér þegar Dagur fer og hljótt. Hann á slíkan vinahóp að hér fyllist allt frá því hann kemur og þar til hann fer. Ágætis hópur og skemmtilegur. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Khöfn. 18.1.1989.

-- Jæja. Þá er maður komin af stað í þessa ferð, sem endar vonandi þegar öllu er á botninn hvolft, í Nís. --

Hér í Kaupmannahöfn er mjög gott veður, átta stiga hiti upp á hvern dag, þægilegt að spóka sig um í bænum. Það dásamlegasta við að vera hérna, er að geta trampað á hundaskít, þegar maður er í skapi til þess. Að því leyti hefur borgin ekkert breyst síðan þið voruð hér síðast, ef hún hefur þá nokkuð breyst.

Það hefur ekkert dregið sérstaklega til tíðinda, þetta er allt rólegt og gott. Ég lifi á grænmeti og kaffi, líklega drekk ég meira kaffi til að bæta upp kjötpörfina. Nei annars, það er mjög gott að borða svona fæði.

Ég bý ekki langt frá miðbænum og það er bara skemmtilegt ferðalag að spássera ofaní bæ. Núna er ferðinni heitið í dýragarðinn til að skoða litlu dýrin. Verst er að Tómas skuli ekki vera með, hann er kjörinn leiðsögumaður um dýragarða og víða.

Fátt hefur drifið á dagana, ég er að láta vita að ég sé á lifi. Ég hugsa mikið til ykkar á Bergstaðastrætinu og hlakka til að heyra frá ykkur. Kær kveðja til ömmu, ömmu, Dídí og ..

Auður Eggertsdóttir skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Khöfn? 18.1.1989.

-- Ég held ég verði að halda áfram (*þræðinum?*) eftir bréfið sem ég fékk frá mömmu minni áðan. Talandi um táraflóð, þá var punkturinn settur yfir i-ið við lestur bréfsins hér úti. Það kom við mínar viðkvæmustu taugar og -- ja, ég segi nú ekki annað, ég er heppin manneskja að eiga góða að.

¹ Ég skráði bréfið 26.11.13. Rifjaðist upp að við vorum orðin þrjú á Bergstaðastræti 69; húsi sem sex áratugum fyrr hýsti 23 íbúa, fjölskyldur, leigjendur á þrem hæðum og þrjár stúlkur (sem heimilishjálpar voru nefndar - aldrei vinnukonur í minni fjölskyldu) og bjuggu í kjallaranum.

Það er svo skrítið að ganga um götur borgarinnar, því ég man svo vel eftir því þegar við vorum bara tvær hérna, mamma, hvað við höfum oft haft það skemmtilegt saman. Og þegar ég las bréfið frá þér, þá gerði ég mér svo vel grein fyrir því hve góðar vinkonur við höfum verið í gegnum tíðina. Og ef við erum duglegar við bréfaskriftir og annað (sem ég efast ekkert um) þá mun sambandið bara verða betra með tímanum. Ég ætla að hringja í þig á morgun. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 22.1.1989.

-- Það var haldið upp á afmælisdag bróður þíns með óvenjulegu afmælisboði. Til okkar kom Briemsættar-undirbúningsnefndin - bakaði ég reiðinnar ósköp af pönnukökum og gaf þeim með kaffinu. Þetta þótti víst góður fundur en ég var þar ekki. --

Við hringdum í Dag. Hann bauð bekkjarfélögum sínum til afmæliscaffidrykkju í stúdentagarðinum. Allir komu með kökur eða annað góðgæti með sér og var hann hinn ánægðasti. Jón¹ birtist óvænt -- og fannst Degi það hin besta afmælisgjöf. Dagur er að skipuleggja Ameríkuferðina og er að detta í hug að ferðast þó nokkuð innan Ameríku -- Prófessorunum þótti hann færast heldur mikið í fang. --

Segir frá árshátíð tannlækna þar sem var illa mætt, sem þýðir að þá aðferð félagsmála þarf að endurskoða. Ingólfur Eldjárn tannlæknir á Húsavík var ræðumaður kvöldsins og mæltist vel. Spaugstofumenn skemmtu en voru illa undirbúnir.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 23.1.1989.

-- Mikið var gaman að tala við þig. Nú er ég orðin eins og litla manneskjan sem talað var við hér fyrir á árum milli landa; vöknar um augu þegar ég heyri málróminn. --

Veður slæmt, snjór og umferðartafir. Blíðskaparveður komið í miðbænum en ekki í Breiðholti.

Fyrsta tölvubrésið með íslensku lettri er komið frá Ásgeiri sem var heldur en ekki montinn með það. Hann spurði hvort við værum ekki einmana en janúar er einmitt mikill afmælistími í fjölskyldu Sirrjár.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 23.1.1989.

-- Þetta var góður dagur hjá okkur á Bergstaðastrætina í dag. Þegar við komum heim í hádeginu beið okkar bréf frá þér. Svona líka skemmtilegt og ég tala nú ekki um prentunina. Þetta er mjög skemmtilegt letur --

Auður hringdi -- og lét vel af sér. Hún er sennilega búin að fá herbergi í Nice sem Marianne útvegaði. Það er hjá konu sem vinnur úti allan daginn og leigir fleira skólafólki. Það er um 10 mín. gangur í skólann Auði leist vel á lýsinguna og bað hana um að taka herbergið. -- Fer hún eftir helgina suður eftir. -- Elísabet hringdi og var að bjóða okkur íbúð Marianne í sumar. Pabbi þinn verður sextugur 6.8. og er ekki spenntur að vera heima og halda upp á afmælið, ómögulegt að vita nema við þiggjum boðið. Kannski getum við hist þar í sumar? --

Það er rétt sem þú segir í bréfinu. Það þarf lítið bensín að kaupa núna og síminn hringir aldrei. Ef hann hringir er það venjulega skakkt númer. Þegar ég fer að kaupa í matinn í Hagkaupi þá er það lítið miðað við fyrri tíð. Eitthvað hlýtur að verða meira eftir í buddunni fyrir bragðið. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Khöfn. 24.1.1989.

-- mér datt *sí sona* í hug að senda ykkur nokkrar línur, fyrst ég er að fara oní bæ og framhjá pósthúsinu. Gettu nú, móðir góð, hvað ég ætla að gera oní bæ. Ég ætla að líta á plíseruð pils sem ég kom auga á, á útsölu. Það má alltaf athuga málið.

Ég fékk bréfið frá Marianne í gær -- ég ætla að hringja í hana og læt ykkur vita hvað kemur út úr því. Anna Karls er komin til Kaupmannahafnar. Ég hitti hana í gær. Og - eins og mig grunaði, hjólin fóru að snúast. Hún þekkir Khöfn eins og lófann á sér og var ég dregin út um allan bæ, endalaust mötuð á upplýsingum um það sem fyrir augu bar. Ég skrifa ykkur betur um ævintýri dagsins. Hitti Önnu á eftir. -- Hugsa til ykkar á Bergstaðastrætina, í hverju spori. Ástarkveðjur.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Khöfn. 25.1.1989.

-- þakka bréfið frá henni móður minni -- eins og ég sé komin heim um stundarsakir. Má líka þakka henni móður minni fyrir hvað hún er orðin æfð að tala í síma milli landa. Ég gleymi öllu sem mig langar að segja, þá manst þú eftir öllu. Þetta er æfingin eftir að hafa talað við strákana. Eins og ég sagði þá er hún Anna Karls komin hingað, en liggur í flensu. Hún er búin að teyma mig um borgina, sýna mér verslunarhverfi og bara allt saman.

Við fórum líka heim til hennar, þar sem hún býr með kærastanum sínum. Það er nú eiginlega það skemmtilegasta, því hún býr í *kommúnu*, í alveg risastórri íbúð þar sem fullt af ungu fólki býr saman. Það var gaman að sjá þetta og hitta fólkið. Að vísu myndi ég aldrei geta hugsað mér að búa svona með fullt af öðru fólki, en þeim leið vel, við þessar aðstæður.

Allir þessir krakkar eru með hústökustefnunni og vilja gjarna berjast með hústökumönnunum. Ég var frædd þarna um heimspekina og staðreyndir á bakvið þessar hústökur. Það er gaman að vera í hópi fólks sem maður hefur bara lesið um í blöðunum. Hlusta á þeirra sjónarmið. Þau eru ekki sjálf hústökufólk í þessari íbúð. Það var gaman að kynna þessu, að vísu skil ég ekki rassgat í þessu hrognamáli sem ég hef fyrir eyrunum hér og það fyllir mig vissulega bjartsýni um tungumálið sem tekur við af þessu. --

¹ Jón Ákason (1966) arkitekt í Osló.

Ég gleymdi áður en ég fór að heiman að hugsa um gjafir fyrir Marianne og Marc, að auki veit ég ekki hvað ég gæti gefið þeim. Mér datt í hug flaska af *pastis* fyrir Marc, en það er svo ódýrt og venjulegt að ég gæti eins gefið honum pott af mjólk. Hvað finnst ykkur um viskú eða konfektikassa.

Vodalega finnst mér gaman að skrifa ykkur bréf. Mér finnst eins og ég sé að rabba við ykkur heima. Að vísu er ég ekki eins krepp og bogin, þegar ég tala við ykkur, eins og ég er núna, þegar ég er með nefið ofaní blaðinu. Þar að auki fæ ég ekki vöðvabólgu þegar ég tala. Það er vel þess virði að vera krypplingur í stutta stund, kannski ég reyni að slappa pínulítið af.

Ég hef dálitlar áhyggjur af að ég sé of skapstór manneskja. Ég veit ekki hvort ég sé mjög erfið í skapinu þegar ég er heima, mér finnst það ekki þegar ég er ein, en þegar ég er hérna úti, þá á ég svo auðvelt með að láta fólk fara í taugarnar á mér og þá fer það líka svo í taugarnar á mér að mér finnst ég verða brjáluð. Það hleypur einhver fjandinn í mig og ég ræð ekkert við þetta, hvað sem ég reyni. Þá verð ég að fara út í göngutúr eða eitthvað til að róa mig niður. Mér finnst svo óþægilegt að finna þetta, því það getur verið að ég hafi alltaf verið svona, alveg frá því að ég fór á bak við lampann í borðstofunni í fyrsta sinn, en ég hef bara aldrei gert mér grein fyrir því áður. Kannski er þetta bara tímabil í lífi mínu, sem ég kemst svo yfir, ég vona allavega að ég verði ekki eitthvað skapvonsku-skass alla ævi. --

Jú, eitt enn. Í gær ætlaði ég að hitta Önnu á kaffihúsi og tók strætó oní bæ. Fyrr en ég veit er ég komin eitthvað langt út í buskann, út í úthverfi Kaupmannahafnar og hafði ekkert kort. Ég hoppaði þá út úr strætó, ekki þó á ferð, eins og pabbi hefði gert á mínum aldri, og fann annan strætó. Hann fór með mig eitthvað miðsvæðis - ég labbaði og labbaði og fann Strikið lox, og náði áttum. Ég var svo ánægð með þetta villuspor mitt að ég get bara ekki lýst því. Og allan tímann meðan ég var að villast gat ég ekki annað en hugsað „*en gaman!*“! Maður getur aldrei lært á borg nema að villast í henni. Enda er ég og Kaupmannahöfn miklu betri vinkonur núna en áður.

Annað sem mér fannst skemmtileg var að labba niður alla Istergade. Þið haldið náttúrlega að mér hafi fundist svo gaman út af öllum pornó búðunum, sem ég gat skoðað. En merkilegt nokk, það var ekki ástæðan! Það var gaman að labba götu þar sem maður var pínulítið hræddur, þar sem maður sá óhuggulegt fólk og ógeðslegt. Þá getur maður verið svo ánægður með að hafa aldrei farið sjálfur út í neina vitleysu og hvað maður hefur það gott í lífinu, miðað við þetta fólk.

Annars finnst mér Kaupmannahöfn mjög skítug borg, svona yfir höfuð. En fólkíð er mjög vinalegt og gott, ef ég bara skildi hvað það er að segja. Danskan er alveg hrikalegt tungumál.

Óska ykkur til hamingju með ömmu Jónu og berið þið henni kveðju mína. Ég ætla að senda henni afmælistkort. Þið skilið líka kveðju til annarra ættingja og ég vona að allir séu hraustir og fjörugir, ég er allavega fjörug -- núna!

P.s. Ætli ég skoði ekki Kristjánú næst? Ykkar.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 29.1.1989.

Nú ræðum við talsvert um niðjatalið og samskipti hans við frændur í Þýskalandi. Segi frá hvernig útgáfa niðjatala Briemsættar gengur. Dagur undirbýr Ameríkuför af kappi.

-- gaman að heyra í þér í símanum og áhuga þinn á niðjatalinu. -- Þykir mér skrytnast að hafa haft þetta á borðinu hjá mér allan tímann sem þið voru hér án þess að sýna þér.--

Skýrir málið sem hann fékk til athugunar og sem hefur dregist, þar til Þorsteinn Jónsson sendi nokkra kafla. Í þá vantaði blöð sem hann lofaði að senda og dróst mjög.

-- Sendi óleiðrétt eintak af *ættarlandafraði Briemanna*, verk sem Þorsteinn hefur beðið mig um að endurbæta með hliðsjón af nýjstu útskrift niðjatalans. Mér þótti merkilegt að lesa talið á sínum tíma vegna þess hve fólkíð hafði búið víða og hve oft ég hef farið um hlaðið á bæjunum án þess að vita af því. -- Annaðhvort er að taka fólkíð í útlöndum með eða ekki. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 30.1.1989.

Þakkar skemmtilegt bréf sem reyndar upplýsir ekki hvenær hún fari til Nice. Segir fréttir úr afmælistkaffi móður sinnar þar sem allir voru mættir. Halldór og Sidda eru að fara í boðsferð kúnversks fyrirtækis, sem tveir aðrir starfsmenn fara með í ásamt konum sínum. Guðrún og Bjössu eru í byggingastússi og Magnús í próflestri.

Það er rólegt hér - viðburður ef síminn hringir -- Ein hringing kom þó í vikunni, og litum við spyrjandi hvort á annað. Ég fór í símann og var þá spurt eftir Sigríði. Já, það er hún, sagði ég. Þá var spurt: *Ertu spákona?* Það komu vöblur á mig og konan var fljót að biðjast afsökunar og sagði mig vitlausa Sigríði. Ég sá, eftir á, að þarna var möguleiki á að fá sér aukavinnu og tekjur, og vitlaus hefði ég verið að grípa ekki tækifærið. Gróa er stundum að spá í bolla fyrir mig, svo ég er búin að öðlast ágæta reynslu -- Hún spáði um daginn að ég færi í langt ferðalag í sumar og sá meðal annars bílaleigubíl! --

Segir frá undirbúningi árshátíðar TFI og því tengist hárgreiðsla, permanent, kjólaval og lýsingu á fínum konum, smekklestum og með dálítið af glimmer og pallíettum. Ræðir líka um dvöl Auðar í Khöfn og ýmislegt sem menn upplifa þegar þeir rata ekki.

-- Það er gaman að heyra hugsanir þínar og heilabrot. Ekki vil ég viðurkenna að þú hafir verið erfið í umgengni, sökum þess, eins og þú segir, á þú sért kannski of skapstór. Ég álit það gott að vera skapmikill. En það er list að temja skap sitt og það finnst mér þú hafa kunnað mjög vel það sem að okkur hefur snúið. Það er sennilega munur að umgangast fólk sem maður þekkir niður í smáatrið. Mér finnst þú einmitt hafa verið dugleg að halda ró þinni og skapi í samskiptum við fólk vegna ýmislegs sem þú hefur sagt okkur. En við náin samskipti kemur alltaf ýmislegt í ljós sem fer í taugarnar á manni. En þá kemur væntumþykja, umburðarlyndi og málamiðlun til skjalanna. Mér finnst þú vera dugleg og fim að rökræða og tala um hlutina án þess að stökkva upp á nef þér. Svo er líka gott að geta séð kómísku hliðarnar á hlutunum. ---

-- við erum að fara á fundi til Osló og Stokkhólms um 10. apríl. Pabbi þinn var að spekulera hvort hægt væri að fara eitthvað í leiðinni. Við erum nú búin að ákveða að vera nokkrum dögum lengur í Stokkhólmi og fara þar í leikhús og á tónleika. Ég sagði pabba þínum að ég saknaði þess að hafa fátt upplifað þar. Við höfum svo oft verið að flýta okkur eitthvað annað. Við ætlum að taka okkur langt sumarfrí og kannski maður geti þá hist. *Den tid, den sorg*, svo maður slái um sig með dönskunni sem þú ert svo hrifin af.

31.1. Mér leið svo vel að tala við þig í símann í gær. Hugurinn er hjá þér. -- Dagur hringdi rétt á eftir og var spenntur að heyra af þér. Honum hafði tekist að skila báðum verkefnum og er nú rólegri tími framundan --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 1.2.1989.

-- Dagurinn var merkilegur í þínu lífi. Dagurinn þegar þú lagðir upp í námið í Air France þotu á yfir 500 km. hraða. Er að furða þótt mönnum finnst eins og eitthvað hafi orðið eftir einhvers staðar, eða þeir hafi orðið á undan sjálfum sér. Ég var í vinnunni fram eftir í kvöld, hringdi til mömmu þinnar. Þá var hún nýbúin að tala við þig, komna til *Colle sur Loup*. Gleðilegar fréttir -- það var eins og mamma þín væri ekki hér, hún var með hugann hjá þér, fannst þið báðar vera svo ógnarlega einmana - þú ein í íbúðinni - hún ein í vinnunni.

Mér finnst þetta síðasta ár hafa verið svo indælt og gott fyrir ykkur mæðgur. Þið voruð svo nátengdar lengi. Svo var eins og þið fjarlægðust hvor aðra. Þangað til í fyrra. Þá var sem segullinn væri aftur hlaðinn og vináttuþelið vaxandi. Ég var að vísu áhorfandi. Mér leið vel að finna að ykkur leið vel. Í huganum verður þetta ár minninga, ekki stórra atburða, heldur hlýju og notalegheita. Tilfinningalíf á sömu bylgjulengd.

Þess vegna er mamma þín einmana, þegar þú ert það, og þú átt bágð þegar hún er niðurdregin. En svo gleðjast þið og við öll þegar glaðnar yfir og allir verða svo ánægðir af því að allir eru bjartsýnir - læra smám saman á tilfinningahljóðfærið, gleðin bæði fólgin í dimmum og háum tónum. Af því að menn kunna á hljóðfærið.

Þegar þú varst að segja okkur í þínu dásamlega bréfi frá Khöfn af fýlupokastandinu; þá rifjaði ég upp hvernig reiðin bálaði upp og skælur hlupu í þig. Skapillskan var ekki fúllyndi, heldur sú að þér þótti svo ósköp gott að láta faðma þig og sleikja úr þér. Þú varst fullviss um að öllum þótti ofurvænt um þig og því var svo gott að skríða á bak við lampa, af því að það var svo gott að láta sækja sig þangað.

Í stofunni var, og er, koparlampi, sá sami og minnst hefur verið á að Auður þússaði fyrir hátíðar. Í skotið bak við lampann fór hún, ef hún var í þungu skapi, og lét lokka sig þaðan, og allt varð gott.

Flestir verða annars reiðir af því að þeir kunna ekki að beisla tilfinningarnar og beina þeim í annan farveg. Þegar sagt er: *Þú ert asni!* þá fara sumir að festa hug sinn við orðið. *Hann sagði að ég væri asni* og setja þessi orð í fókus, í stað þess að finna sér nýjan fókus þannig að eitthvað annað verði aðalatriðið, ekki þessi ómerkilegu orð, mælt í vitleysu af vitlausum manni. Manni getur gramist, ef manni finnst maður sjálfur vera asni. Þá er maður asni ef ekki er hægt að beina huganum að framtíðinni og þeirri þjálfun hugans að vera ekki asni framar.

Þú átt dálítið erfitt að fara í svona andlega eyðimerkurgöngu hafandi verið svona óskaplega umsvermuð kunningjum og vandamönnum. Þeir geta verið eins og dóp, erfitt að beina sál og gáfum í eigin farveg, virkja eigin fossa, vera ekki eins og áralaus bátur, háður veðri, vindum, straumum. Smám saman öðlast maður kunnáttu í að stjórna eigin fleytu, varast straumkast, vindsveipi, ólag; lærir að haga seglum og beita stýri þannig að komast megi þangað sem maður hefur ákveðið sjálfur að sé fyrir bestu.

Þegar mamma þín var búin að segja mér - döpur í bragði - hvað þú værir einmana þá hringdi ég vegna ættartölunnar til Katarínu og talaði við þau Mats. Ég sagði henni að þú værir komin í áfangastað. Hún var heldur en ekki ánægð að heyra það og bað þig um að vera fljót að láta heyra af þér svo hún gæti skrifað. --

Sagði hún að Ulla væri komin á eftirlaun, stödd í London. Sjálf væri hún búin að fá nýja vinnu, sinnti nú heimsóknun frá spítalanum. Líka hringdi ég til Märthu og Arne; allt í lagi hjá öllum á Glenni.

-- Ég spurði Arne hvaða dag þau hefðu gift sig. (*Sjálf sagt vegna einhverra ættfræðirannsókna.*) Hann sagði að þau hefðu farið í borgaralegt hjónaband og á eftir í veitingahús. Þar týndu þau giftingarvottorðinu. -- Loks þegar þau ætluðu að rifja málið upp voru þau búin að gleyma giftingardeginum. Arne sagði það ekki neitt merkilegt sín vegna, hann gleymdi öllum afmælisdögum og slíkum viðburðum.¹

-- Það er tómlægt hér í húsinu eftir að þið fóruð öll. Síminn hringir varla nokkurn tímann nema þegar verið er að biðja mömmu þína um að spá fyrir sér.² Samt er lífið ósköp notalegt. Helstu viðburðirnir eru bréfin frá ykkur. --

Dagur hringdi í gær og var með áhyggjur yfir skattframtalinu. Ert þú ekki líka áhyggjufull yfir því og leið að ég skuli þurfa að lenda í að fylla það út? Já, ég vissi það, þið eruð bæði ágæt. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Nice. 2.2.1989.

-- Jæja, nú er ég búin að jafna mig svolítið á þessu mikla sjokki að koma hingað til Nís. Ég var nú kannski ekki á glaðværustu nótonum þegar ég talaði við mömmu áðan. Stundum vorkennir maður sjálfum sé svo mikið að það virðast hvergi vera takmörk. Það er nú kannski allt í lagi, myndi ég segja. Ég vona bara að ég sé ekki verri manneskja fyrir vikið. Ég er búin að vera ein heima,

¹ Þetta var skráð 2013. Þá höfðum við nýlega verið í heimsókn á Glenni og þá barst giftingardagurinn enn í tal. Þau Märta og Arne höfðu þá nýlega gengið aftur í hjónaband, áttu engar heimildir um fyrri giftingu og létu þá verða af henni í annað sinn.

² Spákonan Sigríður Klingenberg auglýsti sig í símaskránni og var númerið skakkt. Því fékk Sírri margar ánægjulegar upphringingar.

síðan ég kom og það gefur manni góðan tíma til að hugsa um hvað maður eigi bág, einn í þessum stóra heimi. „ÉG VIL FARA HEIM TIL MÖMMU OG PABBA“ hugsunin gamalkunna vill þá verða dómnerandi í huganum. Þess á milli hristir maður sig og segir: *Auður, vertu ekki með neinn aumingjaskap*, en bognar svo aftur í baki og stynur. *Ó, mig auma!* Þetta er ekki svo auðvelt líf sem maður lifir á köflum, máttlaus og allslaus. -- Maður má ekki vera svartsýnn svona á fyrsta degi.

Þau eru ekki komin heim úr vinnunni enn, Marianne og Marc. Brigitte hringdi í mig áðan, það get ég sagt að mér þótti mjög vænt um. Hún sagði að þau væru öll spennt að hitta mig sem fyrst. Ég talaði líka við Laurence, heyrði á málrómnum, hvað hún hefur stækkað. Ég hlakka virkilega til að hitta þau aftur öll sömul. Þetta peppaði mig virkilega upp í aumindum mínum og gerði mig meira að segja dálítið bjartsýna. Það er aldeilis!! --

Ég er að lesa mjög skemmtilega bók: Mömö, fullorðins-barnabók eftir þýskan höfund. Á leiðinni hingað las ég einmitt kafla sem átti mjög vel við, akkúrat þegar ég er sem allra hræddust við tímann. Ég læt hann fylgja:

Það eru til dagatöl og klukkur, sem mæla tímann. En það segir ekki alla söguna. Allir þekkja að ein klukkustund getur virst vera heil eilífð. Eins getur ein klukkustund liðið sem og örskot, allt eftir því hvað maður upplifi.

Því tími er líf. Og lífið býr í hjartanu.

-- Það er undarleg hvað lykt getur rifjað margt upp fyrir manni. Það helltust alveg yfir mig minningarnar, þegar ég kom hingað inn í íbúðina, frá því að þið voruð hérna. Munið þið ekki eftir að það þurfti alltaf að skrúfa frá klósett-kassanum til að fylla hann af vatni?

-- Ég vona að ég vakni hress og kát á morgun, allur kökkur verði á bak og burt ... Maður má alltaf vona. Ég sakna ykkar og er bara hreinlega alltaf að hugsa til ykkar. Ástarkveðjur --

Dagur Eggertsson skrifar fjölskyldunni. Osló. 3.2.1989.

-- Þá tekur Dagur loks til skrifta, eins og þið sjáið, á tölvu skólans. Það er búíð að vera ansi stormasamt lífið hér í skólanum upp á síðkastið. Fyrst var það akústikkverkefnið sem ég skilaði inn 20.1. og svo tók við önnur ritgerð sem ég þurfti að skila sex dögum seinna. Törninn hefur staðið frá því fyrir jóla. Nú er ég búinn að jafna mig í viku.

Lífið er farið að ganga sinn vanagang, á nýjum *kúrsi* með nýjum kennurum. Ég er ákaflega ánægður með námsefni þessarar annar. Það er mjög vel framsett, ákveðið og mikið lagt í það. Aðalkennarinn er þekktur fyrir svolítið sérstaka hugmyndafræði og hefur á opinberum vettvangi verið gagnrýndur fyrir hana. Ég verð að segja það að ég fellst að mörgu leyti á þessar skoðanir hans og virði hann hvað hann ber þær á borð fyrir mann á skýran og greinargóðan hátt. Hann telst til fylgismanna hins *póstmóderníska* skóla í arkitektúr. Ég hlífi ykkur við að útlista nánar kenningar hans, þó mig dauðlangi.

Verkefnið sem við erum að fást við núna er hönnun á *klassískum* inngangi, m.ö.o. inngangur í grísk rómverskum stíl. Mjög gaman. Ég ætla að taka fyrir inngang í kirkjugarð og spila út frá þeirri sýmbólíkk sem það býður upp á. --

Ég las af miklum áhuga greinina sem þú skrifaðir, pabbi, í Fjármálatíðindi. Skemmtilegt hvað þú skrifar af mikilli gleði og áhuga á viðfangsefninu. Ég sá umfjöllun um hana í Þjóðviljanum. Það er alltaf gott að boðskapurinn náði til fólks.

Ég sit hér niðri í skóla og glápi út í góða veðrið milli greinarskila og hugsa hvort ég ætti nú kannski að drífa mig af stað heim á leið.

Eitt verð ég að biðja um, að senda mér heimilisfangið hennar Auðar, þegar þið fáid það. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Nice. 4.2.1989.

-- Þá er ég búin að koma mér fyrir úti á svölum -- dálítið kalt -- fljótlega inn. Kannski strax. Fínt veður en rakt og rok. -- Hér er ég, sem sagt, búin að tala tvisvar við mömmu og verið frekar aum -- Mér fallast hendur þegar ég hugsa um hvað þetta er langur tími burtu, ekki þessi venjulegi sumartími, heldur talsvert meira. Maður er ekki vanur að vera sjálfum sér nægur svona lengi, engir vinir, engir foreldrar, enginn til að stóla á og ekkert tungumál til að tala. Svona hugsanir hafa algjörlega dregið mig niður og allt verið tilgangslaust. Og svo þegar ég hef hringt í mömmu, þá hef ég sagt: „*vertu sterk, ekki gráta*“. En þegar ég heyri röddina fjúka allar slíkar uppörfanir út í hafsauga. Svona lítil get ég verið og aum.

Nú er ég orðin sterkari. Ég er að minnsta kosti smávegis farin að setta mig við þennan fjandans raunveruleika. Enn á ný verð ég að bíta á jaxlinn, það er orðið dálítið langt síðan síðast. Þrátt fyrir að ég hafi verið aum myndi ég á hinn bóginn ekki geta gefist upp. Ég myndi ekki bara geta komið heim og sagt að ég kunní ekki við mig þarna -- maður má aldrei gefast upp, eða hvað?

Ég er víst búin að segja mömmu söguna af göngutúrum mínum um alla borgina, en ég hef ekki sagt frá þessum hrikalegu harðsperrum sem hafa verið að drepa mig í fótunum. Þó Magga hafi reynt á mig í leikfimi hefur svona aldrei komið fyrir mig.

Marc keyrði mig -- að skólanum. Það tók mig langan tíma að finna staðinn, því þetta er ákaflega stór skóli. Þegar ég hafði fundið innganginn upphófst leitinn að skrifstofunni -- opnaði kl. 10. -- Settist út í sólina. -- Ósköp elskuleg kona -- borgaði henni -- ekki með myndir með mér -- án skólaskírteinis -- ekki leigumiðlun. -- Labbaði niðri bæ -- vissi ekki -- leigumiðlun -- vorkenndi mér -- vel tekið -- fann fótóátómat -- fékk mér kaffi-óle og samloku -- fékk skólaskírteini -- helling af vottorðum og kvittunum -- fékk að vita um prófið 14. feb.

Allavega var gaman að skoða fólkið í kringum mig -- hellingur af könum, danskar og sænskar stelpur. Allir héldu hóp eftir þjóðerni -- Þá gat ég farið í leigumiðlun og fengið útprentaðan lista um húsnæði. --

Um kvöldið hringdi Marianne og útkoman var tvær heimsóknir. Fyrri heimsóknin var hjá gamalli konu sem býr ekki langt frá skólanum, næstum alveg við ströndina. Hún var voða fjörug og sagði að ég mætti gjarna horfa á sjónvarpið með henni á kvöldin -- Hún er kanadísk og dálítið rugluð. Herbergið losnar ekki fyrr en um mánaðamót -- Ég talaði við stelpuna sem býr í herberginu --

og mér leist vel á allt. Á hinum staðnum var allt meira þrútt. -- konan leigir út herbergi fyrir skólafólk -- tómlægra en á hinum staðnum. -- Erfitt að velja -- ég myndi fara yfrum ef ég væri alltaf ein. Gott að geta horft á sjónvarpið ef ég er -- einmana, finna líf í kringum mig. --

Marianne sagði að ég gæti verið hér þangað til -- að vísu ekki gott að búa inni á þeim, hrædd um að vera fyrir, en það verður að hafa það. -- Hér er allt hljótt, hjónin að horfa á sjónvarpið. Það væri nú aldeilis ekki hljótt af hún væri vakandi, þessi litla frekja.

Ég myndi léttilega geta skrifað bók um Aurore.¹ -- Bókin myndi heita: HVERNIG Á EKKI AÐ ALA UPP BÖRN. Það þarf ekki annað en að fylgjast með henni í fimm mínútur þá hefur hún sýnt á sér allar hliðar. Hún er voða sæt, hjólbeinótt og öskrar við öll tækifæri. Hún vill ekkert borða nema súkkulaði, kex, nammi og kökur og .. og .. Það er allt í lagi. Myndi líða yfir mig ef ég heyri einhvern tíma sagt nei við þessa dekurdrós. En ég skipti mér lítið af því, þetta er þeirra höfuðverkur -- Hún er tveggja ára og fer að sofa kl. ellefu á kvöldin. Svona er þetta. Ef maður hefði fæðst inn í svona paradís, súkkulaði í allar máltíðir og sofa þegar ég vil.

Eitthvað annað á mínu heimili. Þar var ekki til vondur matur, bara mismunandi góður! --

Engum þykir jafn vænt um foreldra sína og mér, ég meina raunverulega. Það kemur iðulaga fyrir að mér finnst ég ekki vita nóg um ykkur, ég meina, fyrir utan þá hlið sem snýr að mér. En þið hugsið kannski það sama um mig. Ég veit það ekki.

Vona að þið hafið það öll gott. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 5.2.1989.

Ásgeir er staddur í Hamborg, kominn á lokasprett í náminu. Þakka góðar lýsingar á lífinu þar. Er dálítið áhyggjufullur yfir að leitinn að ættfræðiupplýsingum Briemsættar valdi töfum á námi hans. Sjálfur hafði ég verið í hálsaðgerð, tókst þó áður að koma ritinu Raforku í prentun. Sirrí fer ein í sendiför til Khafnar.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 5.2.1989.

Situr við að skrifa bréf á tölvuna, horfandi út í hríðina.

-- það er ekki svo vitlaust sem einhver sagði í útvarpinu að það væru tvær þjóðir sem byggðu þetta land: Sú sem kynni að aka í snjó og hin sem spólar og kann ekki að aka. -- Jæja, hér er annars allt gott hjá okkur. -- Amma þín og Dídí borðuðu þorramat hjá okkur og voru hinar kátustu. Sérstaklega eftir ákavítissnafsana. Ekki var Dídí hrifin af hákarlinum, en lét sig hafa hann með ákavítinu.

Eftir matinn fórum við pabbi þinn svo að skoða litlu dóttur Gunnars Biering. Agnar og Rúrí eru sem sagt orðin afi og amma. Gunnar og fjölskylda búa fyrst um sinn hjá þeim. Gunnar er í Versló og verður stúdent næsta ár. --

Auður er í Nice, ekki búin að fá herbergi en býr hjá Marianne Abéla og er að leita. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 6.2.1989.

Segir Auði vera heldur þunga í skapi, en hún býr í La Colle sur Loup hjá Marianna Abéla þar sem hún annast börn og heimili á daginn. Bið Dag um að skrifa henni og létta henni skapið.

Segi líka frá starfinu að Bollagarðaættinni og kostulegu boði sem þau héldu fyrir mömmu og Dídí. Líka segir hann frá hrönnun miðbæjarins þegar æ fleiri fyrirtæki fara á hausinn og flytjast.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 7.2.1989.

Segi af því sem ég starfa að, einnig af Degi sem er ánægður með sinn hlut. Sjálf förum við innan skamms til Osló og Stokkhólms.

-- sendi grein sem birtist í Fjármálatíðindum. Óttalega góð, eins og Lóa hefði sagt. Hræðilega góð, eins og séra Árni Þórarinnsson hefði sagt. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Nice. 8.2.1989.

-- búin að koma mér fyrir úti í sólinni sem skín alla daga. Hvergi í landinu er rigningardropi og áður en langt um líður skapast vandræðaástand út af þurrkum. Þið finnið víst lítið fyrir því.

Þakka fyrir bréfið frá pabba í gær og mömmu í dag. -- Ég get ekki lýst því hvað það er dásamlegt að fá bréf frá ykkur. Ég sest niður í rólegheitum og les þau hægt - orð fyrir orð - væti þau örlítið í tárur, vellíðunartárur. Þá finn ég svo vel, hvað mér þykir óskaplega vænt um ykkur. Í bréfunum finn ég þær tilfinningar endurgoldnar - heldur í mér lífinu -

Svo var ég að hugsa um hvað maður þekkist nú í rauninni vel, án þess að vera alltof meðvitaður um það. Maður heldur svo oft að foreldrar manns víti ekki hvernig maður sé, nema að vissu marki, en svo kemur bara í ljós að þið lesið mig eins og opna bók.

Bréfin frá ykkur eru eins og töluð út úr mínu hjarta.

Ég finn að ég verð sterkari og sterkari með hverjum deginum sem líður, en samt, samt er ég svo týnd inni mér. Ég er náttúrulega að bíða eftir að byrja í skólanum, þannig að hlutverk mitt geti raunverulega byrjað. Þetta millibilsástand er bara ekki nógu gott. Þegar

¹ Aurore Abéla er hæfileikamanneskja, lærði leiklist, gerðist kvikmyndaleikkona í New York. Býr nú í París. Reglulegur sumargestur hjá Roger, afa sínum, á Breiðabólstöðum á Álftanesi.

ég tek ákvörðun um eitthvað, þá efast ég alltaf, er hrædd um að taka ranga ákvörðun og er alltaf að taka tillit til Marianne og Marc. Þau vinna allan daginn fram á kvöld og mig langar til að gera mig ósýnilega þegar þau koma heim. Ekki að þau séu óalminnileg við mig, nei, nei, alls ekki. En þetta er lítið heimili og ég stór aðskotahlutur inni á því. --

Langar til að flytja og fá ráð. Segir frá viðskiptum við bankann og líkar það vel að hún geti rætt um fjármálin við Marianne.

Er búin að lesa bækurnar sem hún kom með. Er það alveg nóg, því nú kemur tímabil franskra bókmennta.

-- Við erum öll boðin til Mathezfjölskyldunnar á laugardaginn. Þá ætla bæði hjónin að leika tennis. Ég geri ráð fyrir að ég fái heiðurinn af að passa börnin á meðan. Ég held að það verði mín *missjón* í lífinu að passa börn, en ég hef alltaf minna og minna gaman af því, þetta eru svo miklar frekjudósir, engan veginn eins og ég vil hafa þau. --

Ég er voðalega tóm í höfðinu. Það er líklega því að kenna, að þegar ég finn til einmanaleika, þá finnst mér allt bergmála inni í mér. Einu samskiptin sem ég hef við fólk er þegar ég fæ bréf, þess á milli er allt tomt. --

Ræðir væntanlegt próf.

10.8.1989. Ekkert að bæta við í fréttir sem er spennandi. Marianne sagði mér þó eitt í gærkvöldi. Hún var í vinnunni í gær og einn viðskiptavinurinn fór yfrum og hótaði öllu starfsfólkinu með byssu. Hún var með hjartað í buxunum allan tímann, og er ég ekki hissa. Það tók svólítinn tíma að róa manninn, en engum hugkvæmdist að kalla á lögregluna. Marc sagði að hann hefði sko undir eins kallað á lögregluna, en það er svo auðvelt að segja svona - ef ég væri í þínum sporum þá --- - svo mundi maður bara alls ekki gera það sem maður segir þegar allt kemur til alls. Svona er þessi munnur á manni sígaggandi um hitt og þetta sem maður hefur ekki hundsvit á. --

Þið sjáið að ég hef ekki frá mörgun að segja. Eina ferðina enn segi ég þó hvað ég sakna ykkar. --

Af öllu því sem ég skildi við mig á Íslandi, þá sakna ég þess mest sem var fasti punkturinn í lífi mínu: Bergstaðastræti nr. 69 og allt sem það hús hefur að geyma. Ég veit hvað ég er óákveðin með allt sem varðar framtíð mína, og það hlýtur að valda ykkur talsverðum heilabrotum, ekki síður en mér. Ég vona bara að ég eigi eftir að stíga rétt spor í lífinu og það styrkir mig mikið, hvað sem framtíðin ber í skauti sér, að finna það og vita með vissu að ég á bestu foreldra í öllum heiminum!! --

Auður Eggertsdóttir skrifar. Nice. 9.2.1989.

Elsku kona í tannlæknafélaginu!

Það hefur spurst alla leið hingað á suðurströnd Frakklands hversu framúrskarandi starfskraft Tannlæknafélag Íslands hafi. Þó tannlækningar á Ísland séu fimmtán árum á eftir sinni samtíð, þá bætir þú það allt saman upp. Ég mátti til með að senda þér nokkrar línur þar sem ég er á leiðinni út í póstkassa og þið svo ofarlega í huga mínum, eins og alltaf.

Tíminn silast áfram, ekki reyni ég að stöðva hann á ferðalagi sínu, þvert á mót. Annað bréf frá mér er á leiðinni.

Ástarkveður til ykkar frá ykkar elskandi (og pínulítið einmana) Auði.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 12.2.1989.

-- Það er skrýtið að skrifa þér með handafla og nota ekki nútímatæknina hér við hliðina á mér. Ég var komin áleiðis með mjög gott bréf, en viti menn - rafmagnið fór af Reykjavíkursvæðinu -- Bréfið var horfið út í rokið.

Hér er nefnilega. eins og þú kannski veist, sama vetrarríkið. Að vísu ekki mikið frost en rokið þeim mun meira og ofanbylur eins og maður gæti hugsað sér á pólunum. Pabbi þinn sagði, þegar við komum úr bílferð í bæinn, vegna þess að ég var með póst sem ég þurfti að skila fyrir TFÍ, að hús t.d. í Kaliforníu myndu hrynja í svona veðri og glöddumst yfir hvað hús væru vel byggð hér, studdi sig um leið við handriðið og húsið til að fjúka ekki, greip mig í leiðinni, því eflaust vildi hann ekki missa mig út í ofsann.

En í bréfinu sem ég var byrjuð á, sagði ég þér hvað ég saknaði þín mikið og tárin voru þá komin fram í augun - og nú koma þau aftur. Við erum svo spennat að fréttu frá þér. Hvernig gengur þér að útvega herbergi? -- Myndin af þér í rammanum hér í stiganum, sem ég fékk á Þjóðviljanum, er svo góð að ég hugsa til þín og horfi á þig og sakna þín. --

Við höfum það annars mjög gott. Oft hefur maður blessað mikla vinnu. Nú gleymir maður sjálfum sér í amstri dagsins og þakkar fyrir að hafa eitthvað fyrir stafni. Nú heyri ég að amma þín er að spila á píanóið og þykir mér það gott að heyra. Það er sunnudagseftirmiðdagur. Pabbi þinn situr í stofunni og les Time og ég við skrifborðið. Klukkan er 18 og ég þarf að keppast við tímann því bráðum fer að skyggja - og ekkert rafmagn. Nú kemur pabbi þinn með kertastjaka til mín, því skyggja tekur.

Í gær vorum við í skemmtilegu boði hjá Óla og Jójó. Árni Indriðason og Kristín Klara (systir Jójó og hennar maður) voru þar líka. Áður en við vissum var klukkan orðin fjögur og engan bíl að fá. Þá tók Óli til sinna ráða og keyrði okkur heim. -- Við Jójó rifjuðum upp gamla daga og spiluðum gamlar plötur.

Nú er klukkan 18.30 og ekkert rafmagn komið.

Á þriðjudag er ég að fara á Zontafund og er forseta Íslands boðið. Sylvía Briem var að hringja í mig og biðja mig um að hvetja ömmu þína til að koma. Hún er heiðursfélagi og auk þess á að afhenda forsetanum eintak af bókinni hennar: *Á brattann*, en þar er sögu klúbbsins lýst.

Ég sé fyrir mér ströndina í Nice og langar til að koma þangað aftur. Þar er ekkert túristalíf núna.--

-- búíð að vera matarhlé. Pabbi þinn náði í tvo prímusa og við útbjuggum þennan fína mat á borðstofuborðinu. Svo kom rafmagnið í um klst., fór svo aftur og nú sitjum við í myrkri. Það er svo mikið salt sem sest á vírana, segir í fréttum, en líklega er það skammtað í bænum --

Ásgeir var að hringja -- vildi fá fréttir af þessu innisnjóaða fólki. Sagði að allt gengi samkvæmt áætlun hjá sér. Var búinn að skila ritgerð og byrjaður á nýrri og var að skrifa þér.

Nú er rafmagnið komið aftur. -- Hér er einmanalegt þegar engin Auður er. Engin Auður að spyrja hvort ekki sé eitthvað gott í matinn - hvort hún megi skreppa á bílnum eða fagna mér þegar ég kem úr vinnunni. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Nice. 12.2.1989.

-- Suma daga dettur maður ekki bara í lukkupottinn heldur fær maður að svamla í honum góða stund. Ég get ekki sagt að það hafi oft komið fyrir síðan ég kom hingað, en gærdagurinn var súper! Úff ég veit ekki almennilega hvar ég á að byrja.

Jæja, byrjum bara á því að vakna, maður byrjar *korteðer* yfirleitt á því. Vekjaraklukkan í hausnum á mér hringir rétt fyrir átta, en þar sem það er laugardagur og ekkert hljóð að heyra, þá álykta ég að allir sofi enn og þá kemst ég ekki almennilega út úr herberginu mínu. Þá sest ég upp og fer að lesa og þegar klukkan er orðin hálf ellefu og ég er alvega að pissa undir, þá hringir síminn til allra hamingju og vekur fjölskylduna. Þá fer ég í sturtu og við Marianne og Aurore förum að kaupa inn og skoða bókasafnið í Nís, sem var gaman. Í næstu viku fer ég og fæ mér skírteini og ég á eflaust eftir að heimsækja það oft. Það er samt afskaplega þreytandi að vera mikið nálægt Aurore, ég get alveg orðið brjáluð. Hún er alveg eins og ég veit ekki hvað á almannaferi, mér myndi líða betur með svín undir hendinni. Það verður mikill léttir að flytja frá þessu „krakkasvíni“ (eins og Anna Einars myndi segja). Á meðan ég á bágð með að hemja mig gagnvart krakkanum, þá halla Marc og Marianne höfðinu út á öxl, brosa blítt og segja: *Gvuð hvað hún er sæt!* Sæt, almáttugur, ég má ekki halda of langan reiðipistil um þennan krakka --

Næst keyrðum við heim og ég lærði mikinn munnsöfnuð af því að keyra með Marianne. Þegar við komum heim var systir Marc og maðurinn hennar komin í heimsókn með tvö börn, til að vera í tvær nætur. Við þurftum samt aftur að bruna af stað til Mathez fjölskyldunnar því Marianne og Marc ætluðu að spila tennis við þau. Ætlunin var að borða þar líka, en þar sem systir Marc var komin í heimsókn, þá var matnum aflýst og bara spilaður tennis.

Það var voða skrítið að koma á gamla staðinn sinn aftur og hitta fjölskylduna. Allir voru þarna, Bruno, Laurence, Pierre, Brigitte og afi og amma. Allir kysstir í bak og fyrir. Svo skoðaði ég húsið undir leiðsögn Laurence, sem leiddi mig útum allt og vildi ekki sleppa af mér hendinni. Það er búíð að breyta svo til öllu, allt smekklegt og vistlegt. Mér leið mjög vel að vera komin þangað aftur, afskaplega þægileg tilfinning, ekki síst vegna þess hvað allir tóku mér eins og nákomnum. Svo fór fólkíð að spila tennis og ég var eftir heima með krakkana. Ég fléttaði Laurence, skoðaði öll leikföngin og lék úti í garði við krakkana. Mér fannst heimurinn brosa framan í mig. Þetta var frábært. Svo þegar þau komu úr tennisnum var spjallað góða stund og spurði Brigitte hvort ég vildi ekki vera eftir þó að Marianne og Marc færu. Ég var ekki lengi að hugsa mig um, jú, ég vildi gjarna vera eftir, heldur en að fara heim og pirrast út í allt og alla.

En -- bíðum við, áður er þau fóru hringdi ég í gömlu kanadísku konuna mína hana Mme Gileshepie. Ég talaði við stelpuna sem leigir hjá henni og sagði hún að ég gæti fengið herbergið á föstudaginn. Ég var nú heldur en ekki ánægð með það, hálfum mánuði fyrr en gert var ráð fyrir. Ég fer í fyrramálið til að tala við Mme Gilhespie og geng frá lausum endum. Haldiðasé!! Ég var svo glöð að ég vissi ekki í hvorn fótinn ég átti að stíga. -- Aldeilisflott.

Þvínæst var farið í spariföt (eða þannig) og farið út að borða. Það var gaman að gera svona dagamun, ég meina, það var verið að gera allt fyrir mig, það hlýjaði mér svo um hjartaræturnar að þið getið ekki trúað því, allir í svo góðu skapi og allt hátíðlegt. Bærinn var fullur af fólki, því hér í Nís stendur yfir CARNIVAL og bærinn allur skreyttur. Við borðuðum á veitingastað í gamla bænum. Það er skemmtilegt hvað Pierre og Brigitte vilja alltaf að ég smakki allt sem er „*ekta Nís matur*“. Þannig að ég belgdi mig út af allskyns mat, sem ég - verð að smakka! Og það var borðað vel og lengi, ég fékk mér humar, og eftir allt saman sagði ég „*se fíku*“.¹

Á eftir löbbaðum við og skoðuðum karnivalið. Það er svo erfitt að lýsa hvað mér leið vel og skemmti mér konunglega, Fullt af fólki, ljósadýrð og skrautsýningar. Þetta var ÆDISLEGT og Laurence hélt alltaf í hendina á mér ef hún var ekki dansandi í kringum mig. Við komum heim um miðnætti, ég svaf með bros á vör og Laurence á gólfinu við hliðina á mér.

Morguninn eftir vaknaði ég meðan allir voru á fastasvefni (þið þekkið ekki þessa hlið á mér) en smám saman rankaði fólkíð við sér og lífið byrjaði á nýjan leik. Ég spilaði borðtennis við Bruno, lék mér við krakkana og síðan var farið í bíltúr. Fyrst á hamborgarastað.

Ég hef ekkert kjöt borðað síðan ég fór að heiman. Ég fann það í Kaupmannahöfn, innan um allar grænmetisæturnar þar að ég var svo létt á mér og mér leið svo vel, jafnvel þó ég belgdi mig út af mat, að ég ákvað að halda þessu áfram. Ég sagði Marc og Marianne að ég borði ekki kjöt og það hefur ekki verið vandamál. Próteinið fæ ég úr ostum og mjólkurvörum og borða líka banana, sem vegur allt upp á móti.

Á þessum hamborgarastað kunni ég ekki við að segja neitt, því þau eru búin að vera svo góð við mig. „Einn hamborgari drepur mig varla“, hugsaði ég, en það munaði minnstu. Ég geri ráð fyrir að maginn kunni ekki lengur að melta kjöt eftir einn mánuð, því líkaminn mótmælti þessu harðlega. Allsherjar timburmenn!

En ég sýndi ekkert og við förum af hamborgarastaðnum hin ánægðustu, keyrðum til Antibes og skoðuðum Picasso-safnið þar. Ég held að við höfum öll skemmt okkur vel. Þetta er falletgur kastali, en ég held að Pierre og Brigitte hafi ekki þótt mikið til listaverkanna koma. Á eftir förum við á kaffihús og fengum okkur vöflur SVONA stórar, drekkta í súkkulaði og HRIKALEGA góðar.

¹ Þetta er fjölskyldubrandari. Kári Pálsson, frændi okkar, sagði þetta í frumbersku í Danmörku, en gat ekki sagt *ce magnifique*.

Svo var mér skilað heim, ánægðri og kátri (með mikla timburmenn). Marianne var farin til Parísar í sambandi við vinnuna, þannig að næstu vikuna fæ ég að leika húsmóður. En ég gef samt kjöt að borða þó ég borði það ekki sjálf. Þið megið ekki halda að ég sé neitt fanatísk MÁ EKKI DREPA DÝRIN og svoleiðis kjaftæði.

14.2.1989. Jæja ég sit á kaffihúsi á Promenade des Anglais, eintómt gamalt fólk í kringum mig að drekka morgunkaffið sitt. Ég var að koma úr munnlega prófinu og hef pásu þangað til ég fer í skriflega prófið. -- Þau setja mig á þá gráðu sem ég tilheyrir --

Núna er ég að fara til gömlu konunnar á Bd. Gambetta, til að borga fyrirframleiguna. -- Það er ágætt að umgangast Marc. Hann er þægilegur í umgengni, Marianne upptekin af sjálfri sér og sínu, finnst annað ömurlegt. Það er dálítið myndið að hún er alveg blind á að hún og hennar líkar séu líka gallaðir, allir. Henni finnst Bruno og Laurence illa uppálin, hræðileg börn --

Brigitte bauð henni að vera au-pair sem hún segist ekki ætla að þiggja en er þakklát fyrir boðið. Hún sagði við Marianne um au pair stúlkuna í sumar:

„Hún var ágæt, en var ekki Auður.“ Haldiða sé!

-- Nú fer ég til hennar Mme Ghilesapie. --

Prófið gekk illa, ég stóð á gati og ómöguleg í málfræði.

-- En ég eignaðist tvær vinkonur. -- Þakkar fyrir þrjú bréf. -- Tárin koma fram þegar ég les bréfin ykkar. -- Mér líður meira og meira eins og ég sé ekki í útlöndum --

P.s. Gaman væri að fá fleiri úrklippur eftir Guðmund Andra Thorsson -- Les greinina þína, pabbi.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 13.2.1989.

Segi frá undirbúningi ferðar okkar Sirríar. Vildi gjarnan fá tækifæri til að vera samvistum með þeim Hönnu Stínu, fara í leikhús eða á tónleika.

-- Þegar ég sit hér við tölvuna á ég allt eins von á að hún bregðist á hverri stundu. Hér eru mestu rafmagnstruflanir á landinu í manna minnum, ísing og salt hefur sest á einangrara og rofa í raforkuvirkjum um land allt. Rafmagnslaust var lengi í gær og sama er um mestan hluta landsins. Í raun og veru er ekkert óvenjulegt á ferðinni. Það óvenjulega er að við höfum haft gott veður undanfarin ár. En sjálfsagt er hinn alþjóðlegi hluti samfélagskerfisins, raforkukerfið, ekki gerður til að mæta þessum ham.

Minni manna er skammt, sérstaklega um allt sem er slæmt og óæskilegt. Því vilja menn gleyma hvar þeir búa. Þessu til viðbótar er að menn hafa sótt til suðlægra landa og gera samninga við ferðaskrifstofur um tvær vikur í garanteruðu sólskini. Fyllast andúð gegn eigin landi ef þar er ekki allt eins og menn óska sér.

Þegar ég fór út í fyrradag og var rétt fokin um koll við húshornið og vindstrokan fyllti vitin, þá kom upp í hugann minningin um indæla æskudaga og ég fann að hér var náttúra landsins að sýna mér blíðuhót. Hún er eins og tröllið, veit ekki hvað fólk er viðkvæmt og að það getur fokið við hinn minnsta tröllablæ. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 14.2.1989.

-- Þegar þú færð þetta bréf átt þú að vera komin inn í herbergið sem þú leigðir. -- Þakka fyrir gott bréf -- einstaklega hugmyndafríkt, skemmtilegt og innilegt. Vona ég að þú megir alla tíð halda í þann hæfileika að skrifa frá hjartanu. Þetta bréf verður náma fyrir okkur að ganga í þegar okkur finnst langt frá því að þú forst eða við hugmyndalaus um efni, þá er bara að ganga í bréfið þitt, bæði til að fá eitthvað til að ræða um eða sjá hvernig á að skrifa sínum nánustu.

Í kvöld sit ég einn heima. Mamma þín fór með ömmu þína á Zontafund þar sem Vigdís forseti er heiðursgestur. Þær Álfheiður Sylvía og Bergljót Línadal hringdu báðar í mömmu þína til að tryggja að hún tæki ömmu þína með. Hún, heiðursfélaginn, átti að sitja hjá forsetanum. Þar átti líka að afhenda Vigdís bæklinginn hennar ömmu þinnar: *Á brattann*, sem að eilífu virðist eiga að verða stolt þeirra klúbbkvenna. --

Hef verið að skrifa grein til Alþingis um hvernig menn búist við að raforkukerfið verði í vedraham ef verðstöðvun, sem nú er á dagskrá, kemur til framkvæmda.

Segi frá heimsókn í gamla húsið á Reynistað í Skerjafirði þar sem Kristín Claessen frænka okkar og Guðmundur Benediktsson¹ ráðuneytisstjóri búa. Ég var að biðja hana um að hjálpa mér að afla upplýsinga, fyrir Briemsettina, um dætur Gunnlaugs læknaprófessors Claessen, föðurbróður Kristínar, en þær búa í Danmörku. Erfitt hefur líka verið að ná sambandi við annað ættfólk okkar í Danmörku.² Öll þessi leit er komin til vegna þess að Sögusteinn, sem er að gefa út Bollagaðaættina (Nesettina) fékk tröllatrú á hæfileikum mínum að útvega upplýsingar frá útlöndum eftir hjálp mína við að útvega upplýsingar um fólk Gunnu og Lóu, svo mjög að Þorsteinn Jónsson vildi fá mig í Briemsettina.

-- Sem sé ég er að sérhæfa mig í erlendum samskiptum. -- En það er gaman að þessu - fyrir mig -- ekki þig. En skrátið er hvað ættin skreppur saman og verður lítil og auðskiljanleg þegar maður setur sig inn í málið. --

Enn er kafald, algjör þögn í hverfinu, engin umferð -- Ég þurfti allt í einu að rjúka á fætur, gleymdi að Jökull Jakobsson er að byrja, sendi þér upptöku á morgun og líka af Sjón. --

¹ Kristín Claessen (1926) og Guðmundur Benediktsson (1924-2005), ráðuneytisstjóri.

² Guðmundur Benediktsson fylgdist glaður með umræðum um ættina og stakk því inn í samtalið að Davíð Oddson væri múlati (*flökkusaga af Austurlandi, löngu afsönnuð*). Kom Guðmundur með margar skemmtilegar sannanir fyrir réttmæti sinnar staðhæfingar.

Kári og Gudda eru komin í sambúð, á mjög einkennilegan hátt. Það er að segja: Gudda er í Englandi. Kári og Gudda ætluðu að fá íbúð í Breiðholti. Nú allt í einu fengu þau íbúðina, Gudda fjarri. Sem sagt: Gudda og Kári byrja saman, þótt hún sé í Englandi. He, he! --

Friede Pálsd. Briem skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 15.2.1989.

-- Nú ætla ég að reyna að skrifa, þó andríkið sé í lágmarki, enda hef ég ekki farið inn á Dalbraut, til að hitta jafnaldrana, vegna ófærðar og snjókomu, svo mikillar að stundum hefur þurft að loka þessum eftirsóttá skemmtistað --

Ég skrifa þér á þennan þunna pappír, ekki til að spara burðargjald, heldur hef ég fundið örð með línunum, sem ég reyni að fylgja svo bréfið verði sæmilega snyrtilegt og læsilegt, líkist bréfunum þínum sem þú skrifar svo fallega að unun er að lesa.

Vona að ég sæki vel að þér og þú hafir haft gaman af að hitta fjölskylduna frá því í fyrra og hafir verið heppin með herbergið, þar sem þú ræður ríkjum. --

Svo var ég í gærkvöldi á Zontafundi með mömmu þinni þar sem Vigdís forseti var gestur. Var það mjög skemmtilegt; Bergljót Líndal, sem er formaður, hélt ágæta og skemmtilega ræðu og fræddi forsetann um Zontaklúbbinn og starf hans. Var Vigdís gefinn bæklingurinn sem ég hnoðaði saman þegar ég gat hvorki lesið eða skrifað. Vigdís hélt svo að síðustu ræðu, og tókst vel að vanda.

--

Mikið hafði snjóað svo mamma þín tók kúst og sópaði bílinn, ég sat í honum og dáðist að henni og snörum handtökum hennar -- Já maður nýtur, og hefur notið, margs á langri ævi. --

Segir fréttir af börnum Álfheiðar Sylviu, Kára Pálssyni og Guddu hans, Árna Geir sem fór til Japan með skólafélögum í viðskiptadeild og Soffía líka, þar sem hún er flugfreyja.

-- Guð blessi þig alltaf dýrmæti gimsteinninn okkar allra og nú býð ég þér góða nótt og sofðu sætt. Mig hálf minnir að eitthvað sé minnst á svefn á spólunni. Svo manstu að það er holt að hlæja og blessað brosið þitt fer þér svo vel --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 19.2.1989.

Segir Immu og fjölskyldu hafa verið hjá þeim í gær. Þau eiga von á barni, í senn eftirvæntingarfull og kvíðin eftir að hafa misst dóttur fyrir rúmu ári. Kristján er slæmur af liðagigt og sykursýki og er að leita að léttari vinnu. Hjalti Stefán er að missa barnatennur.

Ásgeir er að skrifa frændum okkar í Þýskalandi bréf vegna niðjatalansins. Þegar því er lokið ætti bókin að geta komið út.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Nice. 20.2.1989.

Pakkar bréf ömmu sinnar og mömmu.

-- Ég get ekki lýst því hvað það er dásamlegt að fá bréf frá ykkur, finna kökkinn koma í hálsinn og augun fyllast af tárnum, væntumþykjan streymir um mig alla. Ég veit að það er á margvíslegan hátt sem maður finnur væntumþykju, gagnvart ykkur sérstaklega, sem ég hef fundið síðan ég var lítil, sannarlega mögnuð tilfinning.

Það er algjör nýung að fá handskrifað bréf frá mömmu, allt öðruvísi að lesa það, dásamlegt.

Mikið finnst mér gaman að heyra frá því að þið skulið lifa ljúfu lífi, ég hefði gjarna viljað fylgjast með ykkur hjá Jójó og Óla, spilandi gamlar plötur og rifja upp gamlar minningar, eflaust mikið, sem mín ungu eyru hafa aldrei fengið að heyra. Svona er þetta. Maður verður að setta sig við að geta í eyðurnar, heyrir brot hér og brot þar. Og svo verður maður bara að sauma það saman eftir eigin hugmyndaflugi. Þið ættuð að vita útkomuna!!

Já, ég sakna ykkar svo sannarlega og þegar maður er svona langt í burtu, einn með sjálfum sér, þá streyma minningarnar í stríðum straumum inn úr huga mér, hinar og þessar minningar frá sambandi okkar í gegnum tíðina. Það er svo skrítið að þegar ég hef talað við Ásgeir og Dag um fjölskyldu og minningar, þá eru viðhorfin sitthvor hjá okkur þrem, þar sem við höfum myndað okkur misjafnar skoðanir. Það er dálítið skemmtilegt hvernig við höfum upplifað sama atvikið á ólíkan hátt. Ég er einmitt búin að skrifa þeim báðum og segja frá hvað litla systir sé að bardúsa. Litla systir sem vill vera umsvermuð af vinum og kunningjum og finna líf í kringum sig, að nú sé hún bara í góðum félagsskap með sjálfri sér SUÐRÍRASSGATI. Kraftaverk gerast enn í dag.

Það eru bæði einstakar minningar sem koma upp í huga mér, eitthvað einstakt sem við gerðum saman og líka daglegir atburðir sem ég sakna svo mikið. Deila við pabba hvað „skreppa“ þýði; ég meira að segja sakna þess að finna þegar þið eruð óánægð með mig. Hvað mér fannst hræðilegt í eitt skipti að vera tekin á eintal eftir mín fyrstu alvarlegu brot innan fjölskyldunnar. Þetta var eitthvað óumflýjanlegt og hræðilegt. Útskýra má mitt, undirbúa mig og nota sannfæringarkraftinn. Hvernig átti ég að geta það þegar ég vissi upp á mig sökina?

Smám saman var þetta eitthvað þægilegt. Tappa af spennu og allir föðmuðust þegar búin var að ræða út vandamálið. Og eflaust hefði ég aldrei komist í kynni við sannfæringarkraftinn ef ekki hefði verið fyrir skammarstrik mín. Ég læt svo ykkur dæma um hvort ég var óstýrilátur unglingur!

Jæja. Nú er ég alveg búin að gleyma mér í minningum, ekki var nú ætlunin að skrifa ykkur bara það sem við vitum öll. Bréf eru ætluð til að skrifa fréttir, ekki satt? Ég segi nú bara svona.

Já, ég er flutt núna. Ég get ekki alveg sagt hvort ég er ánægð hér, enn. Ég er allavega ekki vitund óánægð. Mér finnst gott að vera búin að koma mér fyrir með allt mitt dót í kringum mig. Ég er búin að raða myndunum mínum til að hengja upp á vegg, en mig vantar kennaratyggjón; ég kaup þá á morgun. En ég get ekki sagt hvort ég sé ánægð, því ég finn það ekki enn, það tekur sinn tíma að venjast öllu. Gamla konan, Mme Ghilespe, biður mig mikið um að gera hitt og þetta fyrir sig, sem ég geri auðvitað alltaf.

Stundum fer það í taugarnar á mér að þurfa að hlaupa til, þegar ég er að gera eitthvað allt annað, eiga alltaf von á kalli -- En ég geri mér líka grein fyrir að ef ég byggi ein, þá væri ég eflaust einmana. Hvort er nú betra? Ég ætla bara að sjá til - hún er afskaplega indæl við mig.

Á mánudagskvöld var ég, sem sagt, „heima“, hugsaði til ykkar hjá Þóru að skemmta ykkur og fannst gott að hugsa til ykkar. Ég var of tóm í hausnum til að skrifa bréf og dró því fram SURPRIS-ið mitt, sem ég var búin að geyma til þess tíma, sem ég kæmi í eigið herbergi og hefði ekkert að gera. Ítalíuskript!! Heftið hans Gunnlaugs Briem, sem ég tók með mér, er ég langt komin með fyrra heftið og hef mikið gaman af, en ég er bara í krassi, skrifraræfingarnar koma síðar. --

Þið munið eflaust taka eftir þegar skriftin breytist, þegar ég fer að skrifa á ítölsku MERDA MERDA!! -- Þann dag sem mér dettur ekkert í hug að gera, þá mun ég deyja úr leiðindum.

Rúmið mitt er alltof mjúkt. Ég sekk niðri möndul jarðar þegar ég leggst í það og þarf mikið átak til að snúa mér á hina hliðina. -- Ég fór svo í bíó, sá grínmyndina *A Fish Called Wanda* og ég hló mig alveg máttlausa. --

Í dag var fyrsti skóladaður, mjög skemmtilegur -- málfræðiæfingar og *dikte*.

SKIFAR UPP STUNDATÖFLUNA og lýsir kennsludeginum rækilega kennara og kennslu.

Sérstaklega „civilisation“. Sjarmerandi maður sem á í vandræðum með nafn hennar og kemur sammendum til að hlæja þegar hann gerir það.

-- „*Taktu hendurnar frá munninum þegar þú talar*“ sagði hann við mig, og ég roðnaði, en það var alveg satt, ég var svo stressuð að tala að ég setti alltaf hendurnar framan í mig. Þá get ég hætt að gera það, fyrst hann lét mig vita af því, það var í lagi að roðna dálítið. Hann sagði okkur aðeins frá sögu Frakklands, mjög sjarmerandi maður.

Já svo labbaði ég oní bæ með skemmtilegustu manneskjuni sem ég hef hitt hér, hingað til. Ef eitthvað er sjarmerandi, þá er það hún Ning-Ning og er kínversk. Hláturmild, sé vægt til orða tekið, hlær og hlær, dillandi kínverskum hlátri. Þið hefðuð átt að sjá okkur labba saman, hún smitaði mig svo af hlátri að það var mesta undur! Við löbбуðum skellihlæjandi, stoppuðum og töluðum, hlógum meira og gátum ekki almennilega tjáð okkur, því við hlógum alltaf mikið. Ég hlakka til að hitta hana aftur og hlæja dálítið meira, mér fannst losna um alla spennu, þegar ég hló svona mikið, við alveg hreint skellihlógum. Hún sagði mér frá Kína og fjölskyldu sinni. -- Hún sagði að Kínverjar væru greindir en kommúnisminn lokaði á möguleika þeirra að vinna úr greindinni. --

-- komin upp mynd af ykkur - bestu hjón í heimi. -- Ég ætla að fara að sofa.

Auður Eggertsdóttir skrifar Friede P. Briem. Nice. 23.2.1989.

-- Þakka skemmtilegt bréf -- ótrúlegt hvað þú lendir í miklum ævintýrum, alltaf hreint, þér tekst að gera hvern dag að merkisdegi. Ég vona að ég muni erfa þennan góða hæfileika. -- Nú er ég búin að vera hér í Nís í tuttugu og þrjá daga, á hverjum einasta degi hefur viðhorf mitt til borgarinnar og umhverfisins breyst. Það varð náttúrulega að gerast þar sem ég var til að byrja með alls ekki sátt við það að vera hér. Í dag líður mér hins vegar vel og er ánægð með að hafa drifið mig út í þetta ferðalag. Mannskepnan er gædd aðlögunarhæfileikum, en það verður líka að gefa henni tíma. Og tíma ætti ég að eiga nóg af, það er eitt af því sem ég þarf ekki að hugsa um að spara.

Ég var að koma úr löngum göngutúr eftir ströndinni. Í dag var fyrsti rigningardagur í langan tíma, hellirigning þegar ég fór í skólann. Ég var ekki komin marga metra þegar ég var orðin rennblaut inn að beini, en mér fannst það afskaplega gaman að stappa í rigningunni og pollunum.

„Æði“, eins og Linda Pétursdóttir myndi segja, en ég segi auðvitað ekki svoleiðis, því ég verð að vanda málið, sem ég tala ekki, og þar að auki vel uppalin stúlka - eða hvað? Þegar ég kom í skólann byrjaði ég að hrista mig eins og hundur og vinda buxaskálmarnar, úr hvorri um sig komu myndarlegir pollar. Fyrsta tímamann draup svo úr hárinu á mér að blöðin á borðinu fyrir framan mig urðu gjörsamlega ólæsileg, en það var ekki bara í lagi, heldur í allra besta lagi, eins og heimspekingurinn Altúnga sagði svo réttilega. Þegar ég fór svo heim, þá var hætt að rigna, en ég var samt ennþá rennandi blaut.

Ég fékk mér hressilegan kaffibolla hérna heima með henni Ning-Ning vinkonu minni og fórum við svo út í göngutúr með hundinum hennar Mme. Ghilespie. Það er svo hressandi að ganga í roki. Ég vil helst alltaf hafa rok. Þetta er líklega í náttúru minni sem Íslending, ég veit bara ekkert þægilegra en að láta rokið berja mig (í hófi þó). Þannig finn ég að ég lifi. Ég hefði varla trúað því sjálf, sem er ekki fylgjandi hundahaldi í borgum, að ég gangi úti með hundinn daglega. Mismikið að vísu, stundum bara rétt fyrir framan dyrnar, en stundum í langan göngutúr. Mér finnst það þægilegt, þá er ég ekki ein úti að ganga; með félagsskap, en samt segi ég ekki aukatekið orð. Í dag var sérstaklega gaman að fylgjast með ölduganginum. STÓRAR öldur, maður varð saltur, gaf mér tilefni til að vera sérstaklega ánægð með lífið og tilveruna. Já, ég er skritin.

Já, ég er búin að búa hér hjá Mme. Ghilespie í viku og er bara ánægð með það. Hún kallar að vísu ansi mikið á mig til að gera hitt og þetta smávægilegt, en það er ekkert verra. Henni finnst gott ef ég útbý matinn handa henni, vill þá að ég borði með henni, ég geri þetta, bæði gæti ég ekki sagt nei, og svo er þetta auðvelt fyrir mig, þar sem ég er ung og létt á fæti, en hún á erfitt með að hreyfa sig. Ég veit að hún kann að meta þetta, lækkar leiguna örlítið, sem er hentugt fyrir mig. Ég viðurkenni, að ef hún kallar mikið á mig, þegar ég vil vera í ró og næði, þá þykist ég bara ekki heyra í henni. Hún hættir þá að kalla, ef það er eitthvað smáræði, en æpir herra, ef það er mikilvægt.

Ég er ánægð í skólanum, finnst reglulega skemmtilegt þar. Kennararnir eru mjög traustvekjandi, gera kröfur til okkar, og það finnst mér gott. Við erum þarna saman, af ýmsu þjóðerni. Það myndi auðvelda málin verulega ef ég héti einfaldara nafni. Ég verð að setta við mig að heita *Ösör* hér í Frakklandi. Gæti verið verra.

Ég er búin að eignast virkilega góða kínverska vinkonu Ning-Ning. Það er skemmtilegt að við, sem þykjum frá fjarlægustu og undarlegustu löndunum, skyldum ná svona vel saman. Við getum endalaust talað saman. Hún er yndilsleg manneskja og fylgir svo

fallegri heimspeki. Mér finnst ég alltaf vera ríkari manneskja eftir að hafa talað við hana. Hún hefur sagt mér mikið frá Kína. Allt sem hún segir frá verður ljóslifandi og skemmtilegt. Hún býr í Mónakó og á sunnudaginn ætla ég að heimsækja hana þangað og við ætlum að fara á söfn. Það besta við hana; hún er alltaf í góðu skapi, hlær dillandi kínverskum hlátri og kemur mér alltaf til að hlæja. Eins og þú segir alltaf: *Hláturinn lengir lífið*. Ég hlakka alltaf til að fara í skólann og hitta Ning-Ning. --

Já, svona gengur nú lífið hjá mér á suðursrönd Frakklands. Það besta er að vera sáttt við sjálfa sig, þá þarf maður aldrei að vera einmana, ef félagskapur minn getur nægt mér.

Ég vona að bréfið sæki vel að þér, elsku amma mín, og að veðurguðirnir leyfi þér stundum að skreppa inn á Dalbraut, ég veit að þú ert ómissandi þar inn frá. Ég bið innilega að heilsa Dídí og efri hæðinni. Þó er eins og mig gruni að pappírskortið frá mér flækist stundum á milli hæða; já ég hef ýmislegt á tilfinningunni, þó ég sé í nokkurra þúsund kílómetra fjarlægð. Kannski er það vegna þess að ég er klukkutíma á undan!

Æ, það er best að hætta þessu bulli. Hugurinn er alltaf hjá ykkur, það styrkir mig að finna hvað ég á góða fjölskyldu. Ástarkveðjur.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 29.2.1989.

Sirrí er í Khöfn og Dagur kom í heimsókn á leið til New York sem vonandi tekst vel.

Við vorum í sambandi við þýskan frænda okkar, Peter Hübner, sem þekktur er sem stjórnandi listahátíða og stefnt var að því að fá til fyrirlestra til Íslands á vegum Bandalags ísl. listamanna. Auður stefnir að einhverskonar markaðsmálum lista, hefur áhuga á að komast í samband við hann, en treystir sér illa til að hefja nám í þýsku sem hún hefur aldrei lært. Sér þó tækifæri að komast í samband við hann. Ætlar að skrifa honum.

-- Héðan er allt gott að fréttu. -- Hilda (*Þórhildur Línadal*) er á spítala eftir bylту. Var það ekki alvarlegt en ljóst að hún getur ekki verið heima lengi enn. Hún er í góðu skapi og enn detta út úr henni fleyg orð eins og þegar Siggí spurði hana hvernig henni liði: *Þú ert alltaf að spyryja að því sama, ertu orðinn eitthvað gleyminn?* Þegar hann kváði eftir orði: *Hvað, ertu farinn að heyra verr?*

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 29.2.1989?

Pakkar innihaldsrík bréf og skemmtileg.

-- Svo var gott að heyra í þér og fá að fylgjast með því þegar þú varst að flytja í eigið húsnæði í gær. -- Það var gaman að heyra að þú hygðir gott til glóðarinnar með námið og laugardagsferðirnar á söfn með skólanum leist mér vel á. Chagall safnið og Ferdinand Léger-safnið fannst mér ógleymanlegt. Líka Picasso-safnið í Antibes, sem þú ert búin að skoða.

Það er skrýtið að hugsa sér þig þarna í góða veðrinu þegar snjór herjar á okkur og hið mesta illviðri. Það er að vísu fallegur sunnudagseftirmiðdagur og við búin að fara í göngutúr um hverfið. Snjóbirta og stafalogn --

Eins og ég sagði þér í símann var árshátíð *Vængstýfðra engla* hjá Þóru Jónsdóttur. Þetta var mjög skemmtilegt boð, merkilegur og langur fordrykkur. -- Þegar sest var að borðum voru allir orðnir mjög kátir og háværir. Var Erling Aspelund veislustjóri og fór á kostum. Við sátum við langborð. Var karlmönnum sagt að velja sér borðdömu og leiða til sætis. Valdimar Örnólfsson kom skeiðandi til mín og leiddi mig til borðs. Hann byrjar alltaf á sömu ræðunni í þessum boðum, að hann hafi alltaf verið svo *svag*¹ fyrir mér, klappar og kreistir mig því til staðfestingar. Borðhaldið var mjög fjörugt og þegar hæst stóð skikkaði veislustjóri alla til að halda mínútulanga ræðu -- Menn höfðu misjafnlega gaman af að láta ljós sitt skína en öllum mæltist vel og af innlifun. Pabbi þinn sagði að ég hefði verið best.

Ég hafði verið á námskeiði um morguninn inni í Tannlæknafélagi þar sem var verið að kenna hópi tannlækna að koma fram og halda stuttan fyrirlestur um ákveðið efni. Voru viðstaddir beðnir að gagnrýna óspart, sem og var gert. Einn fyrirlesarinn, ungur tannlæknir, sem var með litskyggjur, sneri sér mest að myndunum og óæðri endanum í viðstadda. Benti þá Ólafur Stephensen, sem hélt námskeiðið, á þetta. Skyldum við minnst þess að *það væri enginn fæddur með silfurskeið í rassinum*.

Valdimar, borðherra minn, sneri svo bakinu í mig þann tíma sem hann hélt sína ræðu á sinn sjálfumglaða hátt, sem honum er lagið. Minntist ég þá orða Ólafs frá því um morguninn og byrjaði mína ræðu á að stríða Valdimar með þessu. Ætlaði hann aldrei að komast yfir þessi orð mín og var að afsaka sig allt kvöldið með því að hann hefði ekki getað staðið öðruvísi.

Gærdagurinn var einn af þeim dögum þegar allt hleðst á. Eins og ég sagði var ég á námskeiðinu í TFÍ sem var mjög skemmtilegt. - klukkan þrjú var ég mætt hjá Sigríði Haraldsdóttur, sem er formaður móttökunefndar svæðisþings Zonta sem haldið verður í október í haust. Við erum nokkrar í þessari nefnd og bað Sigríður mig um að vera gjaldkeri. Ég hefði nú alls ekki treyst mér til þess nema af því að ég var búin að ganga í gegnum Skandinavíska tannlæknakongressinn í sumar. -- Konurnar sem eru með mér í nefndinni eru búnar að vera lengi í Zonta og þekkja hvernig svona þing ganga fyrir sig, svo það er mjög þægilegt. Guðrún Jónsdóttir arkitekt er svæðisstjóri fyrir Ísland. Allt eru þetta hinar þægilegustu konur. --

Nú hef ég verið að undirbúa mat fyrir kvöldið, en við erum búin að kalla á Immu og fjölskyldu í kvöldmat --

Fór með mömmu sína í Hagkaup. Keypti hún margt sem var þungt, gerði mjög góð kaup, að henni fannst.

-- Amma Fríða er alltaf jafn ánægð þegar bréf koma eða heyrast frá þér. --

¹ Veikur fyrir.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 25.2.1989.

Segir frá fjölskyldusamfundum þar sem allt var undirlagt af handbolta vegna landsleiks við Pólverja. Þá fór hún með mömmu sína til að kaupa með henni kápu og virðist það allt hafa gengið vonum framár.

Svo snýr hún sér að aðal-efninu sem var að þakka ágæt bréf frá Auði, sem reyndar höfðu verið, eins og fyrr var þekkt, talsvert lengi á leiðinni. En full af fréttum og efni sem sýnir hvernig hún nær smám saman tókum á sér og umhverfinu.

Svo segir hún frá 29 ára brúðkaupsafmælinu og hleypur yfir meginatriðin í sambúðinni.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 27.2.1989.

Fréttir af brúðkaupsafmæli okkar og veisluhöldum í því sambandi, sem reyndar þurfti að flytja vegna anna. Mikið rætt um B-daginn, dagurinn þegar bjórinn var leyfður í landinu.

Ræðir upplýsingasöfnun vegna Briemsættartalsins. Nauðsynlegt að vita hvar fólk hafi búið, ekki bara hvar það sé fætt og dáíð.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 28.2.1989.

-- Þótt þú gæfir í skyn í samtalinu í gær að ég ynni ekki sómasamlega hér í skrifstofunni og ætti þess vegna að vera móðgaður; skrifa samt - og það í vinnunni. Ég áttaði mig nefnilega allt í einu á að ég vinn alltof mikið, á þar af leiðandi heilmikið inni. --

Segir frá að Dröfn Guðmundsdóttir,¹ samstarfskona, hafi verið að skrifa ritgerð í H.Í. um kvenfrelsi; fór ég að hjálpa henni um upplýsingar en átti ekki ritgerð Páls Briem langafa Auðar Um frelsi kvenna. Talaði við Sigga Líndal, átti hann tvö eintök og lofaði að gefa mér annað. Líka sagði hann að amma hefði gefið honum sálmaþók, annað bindi, í 17 ára afmælisgjöf. Hann hefði séð fyrra bindið hjá mér, spurði hvort ég væri ekki til í að sameina bindin á móti. Sem ég að sjálfsögðu samþykkti. Segi henni frá sögu kvenfrelsisbaráttunnar og þætti Páls í þeirri sögu, systra hans og ýmissa frænda og stofnun kvenmaskólans á Laugalandi.

-- Þakka stórgott bréf sem við fengum þegar við komum heim eftir að hafa talað við þig í gær. Betri gjafir var ekki hægt að fá, bréf og samtal á sama degi! Og ekki bara bréf, stórskemmtilegt, fróðlegt, fyndið í ofanálag. Þú ert hreinn stílsnillingur. Þú flýgur! Áreiðanlega nagar þú ekki blýantinn eins og Dídí ómmusystir þín og líka þeir í Seðlabankanum. Það er sérlega gaman að hlusta á lýsingar þínar, ekki síst þar sem við þekkjum staðhætti.

Á leiðinni heim fór mamma þín, já haltu þér fast, í viðtal á geðdeild Landspítalans. Hún var valin í úrtak til rannsóknar á áhrifum skammdegis á heilsu fólks. Nú var það svo með hana, eins og fleiri á heimilinu smáa á Bergstö, að hún finnur engan mun á sér eftir árstíðum. Þetta þarfnaðist sérstakrar athugunar við og því fór hún í viðtal.

Að vera normal er að vera nærri normalgildi. Ef menn víkja of langt til beggja hliða, þá eru þeir ónormal, því verri sem þeir víkja meira frá miðju. Sem sagt: Mamma þín er mjög afbrigðileg í þessu og ... Nú þori ég ekki að segja meira! *Eller hur?*

Nú, svo klæddum við okkur í okkar fínasta, fengum okkur kokkteil, dáðumst að blómakvöstum sem borist höfðu frá aðdáendum öllum í húsinu; héldum í rokinu og kuldanum og skinnflíkunum, niður í veitingahúsið Óperu. Það er -- *hér kemur lýsing á steinasteik* -- sátum lengi kvölds og töluðum um - ég segi það ekki - svo löbбуðum við heim hjá Tjörnninni - ég fór að sjálfsögðu á hausinn - vegna þess að göturnar eru hálar. Jú, víst! --

Klukkan tólf rennur upp bjórdagurinn mikli, 1. mars, og er mikill viðbúnaður-- Starfsfólk Flugleiða sá við þessu og byrjar í kvöld á Hard Rock kl. 00.00. Flugleiðir munu eiga eitthvað inni hjá veitingastaðnum. Starfsfólkið tók skuldina yfir og skemmti sér fyrir hana í nótt. Við skulum ekki fljúga í fyrramálið. Kannski vélarnar komist ekki á loft. -- Nú er að þrengjast um tíma og ég þarf að fara heim til að taka við uppgefnunum *gymnast* þegar sú kemur úr æfingum. -- Ég ætla að hlaupa heim til að gá að hvort bréf sé komið frá þér. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 28.2.1989.

Segi frá undirbúningi afmælis (85) Dídí. Palli bauðst til að halda það en þegar gestafjöldinn var kominn í 60 manns stakk Sirrí upp á Tannlæknafélaginu þar sem hún getur ráðið öllu sjálf.

-- Dídí sagðist vilja hafa þetta erfidrykkju, bara vildi hún vera viðstödd og njóta hennar. --

Við förum til Osló 11. apríl og verðum þar í tvo daga. Annan verðum við upptekin með Degi og H.S., hinn kringum rafmagnsmennina. 13. apríl förum við til Stokkhólms og búum hjá Tómasi. Þar verðum við í eitthvað viku og förum svo beint heim. --

Sigríður Dagbj. skrifar Degi Egg. Rvík. Fyrsti dagur bjórmánaðar. 1.3.1989.

-- Þá er runninn upp þessi langþráði dagur fyrir margan mann. Farið er að selja bjór eftir 76 ára bjórbann. Það er óhætt að segja að þetta er mikill viðburður þó maður láti sér fátt um finnast og þykist hafinn yfir fjálglegt tal um bjórinn. Ég hef samt verið meðmælt bjórnum vegna þess að mér finnst ekki hægt að einangra sig frá því sem er allt í kringum mann. Svo geta líka sumir haft aðgang að honum en aðrir ekki. Maður getur heldur ekki leyft sér að vantreysta öllum nema sjálfum sér. Ég fór í Iðnaðarbankann í Lækjargötu í morgun. Þar sem ég gekk um bæinn í þessu yndislega vetrarveðri -- fannst mér eins og einhver eftirvænting lægi í

¹ Dröfn Guðmundsdóttir (1947-2013) listakona sem þá var samstarfskona mín.

loftinu. Það var eins og fólk væri að hugsa að nú væru merk tímamót runnin upp, knæpur komnar á næsta horn og breyttir tímar. Við værum orðnir menn með mönnum.

Það eru margir sem gera sér dagamun, fyrirtæki halda upp á daginn með starfsfólkinu. Hér sit ég ein í mínu fyrirtæki. Pabbi þinn þurfti að nota bílinn svo ég sótti hann í vinnuna til að fara í erindrektur og svo keyrði ég hann í vinnuna. Ég ver hádeginu hér við að skrifa þetta bréf. Ég hélt upp á bjórdaginn með því að ná mér í einn Egils pilsner inn í geymslu, og skálaði í honum við sjálfa mig og keypti samloku í sjoppunni hér niðri.

Nú eru hádegisfréttir og allt gengur út á bjórinn. Einhver viðmælandi segir að yngra fólkið muni halla sér meir að bjór og léttum vínunum, sennilega til bættrar vinnmenningar. Það held ég líka, en erfitt er um að spá. Það er sagt að fleiri fréttamenn en viðskiptavinir hafi verið í Ríknu í morgun. --

Segir frá komu sinni og Eggerts, fellst á að búa á Hótel Bondeheimen¹ og biður hann um að panta þar. Segir líka frá 29 ára brúðkaupsafmælinu sem þau héldu upp á í veitingahúsinu Óperu í Lækjargötu og buðu svo næsta dag ömmu Dags og Dídí

-- Það er gott að hafa nóg að gera þegar svona rólegt er heima fyrir. Ég var í matarboði hjá Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt -- bauðst til að búa til eftirrættinn. Þetta eru Zontakonur. Við vorum að undirbúa svæðismót Zonta í Rvík í október. Umdæmisstjórinn sem er norsk, Gro Ramsted Wesenberg, tannlæknir frá Bergen, kemur vegna undirbúningsins. Guðrún, sem er í umdæmisstjórninni, bauð henni heim ásamt stjórn Zonta og undirbúningsnefndinni. Svo er pabbi þinn á fundi Oddfellowa annað kvöld. Þetta er skýrsla um útstælsi.

Auður hefur verið dugleg að skrifa, leyft okkur að fylgjast með framvindu hjá sér. Hún er ánægð í skólanum og búin að eignast vinkonur --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 1.3.1989.

-- Þakka þér fyrir símtalið á brúðkaupsdaginn okkar og bréfið góða sem beið okkar þegar við komum heim. Það hlýjar manni um hjartaræturnar þegar munað er eftir svona hátíðisdögum. Vona ég að þú komist að því hvaðan flóabitið er. Það er svo óþægilegt að búa við svona. -- Ég er ein hér á skrifstofunni í hádeginu, því pabbi þinn þurfti að nota bílinn -- Ég hélt upp á bjórdaginn með því að fara inn í geymslu og fékk mér einn Egils-pilsner, keypti samloku í sjoppunni hér niðri, skálaði við sjálfa mig og skrifa þetta bréf.

Fréttirnar í útvarpinu fjalla aðeins um bollaleggingar um hvert þetta muni leiða þjóðina.

-- Pabbi þinn verður á síðasta inntökufundi sínum í Oddfellow annað kvöld. --

Ég vona að þú hafir komist að af hverju flóabitið stafar. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 2.3.1989.

Sendir bréf o.fl. með Kjartani Pierre Emilssyni, vini Dags og hennar, sem er á leið til Cannes í fyrirlestrarferð. Vonar að þau geti haft það skemmtilegt saman.

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 2.3.1989.

-- Takk fyrir öll bréfin. Það var líka gaman að fá spólurnar. Hann hefur verið í blöðunum hérna þessi Magnús *seldrápssvikaafhjúpari* eða hvað á nú að kalla hann.

Norðmenn eru alveg sérstaklega duglegir í því að hanna í svona spennufréttaflutningi -- kannski vegna þess að það vekur athygli á alþjóðavettvangi. --

Ræðir LÍN mál. Einnig undirbúning komu foreldranna til Osló, pöntun hótellherbergis á Bondeheimen.

Segist líka hafa farið til Helsingborgar í heimsókn til systur Hönnu Stínu. Fékk hann góða krítík fyrir ritgerð um klassískan, grísk- rómverskan stíl.

Þá eru ráðagerðir um að hann heimsæki Ásgeir í Berlín og Auði í Nice.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 6.3.1989.

Segist vera farin að hlakka til komu hans, þótt við verðum skamman tíma með honum því við erum á leið til Osló. Segir frá bíóferð okkar með mömmu og Dídí á Kristnihald undir jökli eftir Laxness. Voru gömlu konurnar mjög ánægðar en okkur þótti Guðný dóttir Halldórs, fylgja þræðinum um of.

-- Pabbi þinn sagðist hafa dottað svolítið í bíóinu.

Hér hefur verið talað svo mikið um bjórinn að maður er alveg búinn að fá nóg af þessu í fjölmiðlum. Þeir svartsýnu höfðu spáð því að þjóðin myndi umturnast og liggja í bjórnum. Svo þegar ein vika er liðin er fólk yfirleitt sammála um að það hafi verið með friðsamara móti í borginni. --

Palli og Lára eru búin að bjóðast til að halda upp á 85 ára afmæli Dídíar heima hjá sér 1. apríl. Spyr hvort hann geti hagað ferð sinni og verið þar.

¹ Sem mér leist ekki beint vel á. Reyndist hið besta. Þetta var gott dæmi um fordóma!

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 6.3.1989.

-- Þakka frábært bréf, nú til ömmu þinnar. Mikið var hún ánægð þegar ég óskaði henni til hamingju með hvað hún ætti ritfæra, hlýja og góða sonardóttur.

Það var merkileg og skemmtileg hersing sem hélt í *drossú* heimilisins á nýju kvikmyndina: *Kristnihald undir Jökli*.

Þær voru, amma þín og Dídí, hér um síðustu helgi. Þá missti Sirrí það út úr sér að hún ætlaði að bjóða þeim með okkur á *Haldið*. Ég lækkaði mjög í sessi yfir þessu illkvittna loforði móður þinnar, sem augljóslega væri ætlað að koma óvini íslenskrar kvikmyndagerðar nr. 1 í opna skjöldu.

Í dag héldum við af stað kl. fimm, troðfullt hús. Myndin er undir stjórn dóttur Laxness, Guðnýjar, held ég hún heiti. Systurnar skemmtu sér konunglega. Amma þín sá myndina ekki rétt vel. Myndin fylgdi söguþræði á þessari verstu bók HKL allri og leitast ekki við að skýra neitt út eða einfalda. Þú mátt trú á því að ég dró ýsur, eins og venjulega á íslenskum myndum.

Vegna Bollagarðaættarinnar fór ég af stað og fékk leyfi til að lána mynd af gamla bænum.¹ Hleypt inn í Ráðagerði til að sækja myndina. Fór þangað í fylgd Sekúráttis-vaktarmanns. Heldur er nú sorglegt að sjá svona gömul hús. Strax og hætt er að búa í þeim verða þau ónýtt. Bæði kalt vatn og heitt hafði bilað. Því hafði húsið orðið fyrir miklum skemmdum. Að vísu ekki miklum, en strigi og veggfóður af loftum hefur sigið á 2-3 stöðum. Allt var annars með sömu ummerkjum eins og þegar Gauja fór út, sömu diskarnir í eldhúsvaskinum eins og þegar hún fór þaðan. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 6.3.1989.

Þakkar bréf og þykir gott að heyra að verið sé að undirbúa komu okkar. Segir frá skemmtilegri þátttöku okkar í púttkeppni í Tannlæknafélaginu sem við höfum staðið okkur bærilega í. Hafði keypt marga kassa af bjór sem hurfu allir ofan í mannskapinn, 50 manns. Þótti mönnum gott að kneypa bjór í stað sterkra drykkja.

-- Við fórum á skemmtilega sýningu á Kjarvalsstöðum. Þar eru fyrstu Súmarar að sýna. Fannst mér Jón Gunnar og Magnús Tómasson mjög skemmtilegir. Það er þarna ýmislegt sem maður var alveg steinhissa á hér áður fyrr, en finnst nú allt í lagi. Svona mildast maður með árunum. --

Við fengum líka bréf frá Ásgeiri -- hann er að skipuleggja síðasta sprettinn í náminu sínu og er bjartsýnn -- Hann kemur hingað í apríl til að safna gögnum í MA ritgerðina sína --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Nice. 9.3.1989.

-- Langt síðan ég hef skrifað ykkur, eða skrifað yfirleitt. -- Ástæðan er alls ekki sú að þið séuð að hverfa úr huga mínum. --

Þakkar bréf sem Kjartan Pierre Emilsson kom með en hann kom til að halda fyrirlestur.

-- Þetta var bara eins og á jólonum, Ópal og C-vítamín -- yndislegt að finna að hugsað sé til manns. --

Segir frá kláða sem hún varð fyrir, þurfti að flytja út og gista hjá Ning-Ning, vinkonu sinni. Sýndi gömlu konunni blettina og hringdi hún á lækni sem kom strax og úrskurðaði að þetta væri ofnæmi. En svo kom í ljós, þegar hún hætti að nota rúmið. Að þetta voru flær. Uppgötvaði þetta um miðja nótt, skipti um föt og svaf það sem eftir var nætur í stofu gömlu konunnar sem hún býr hjá.

-- Mikið var ég fegin að komast að því hver ástæðan var. -- Svo var framið fjöldamorð í herberginu, ætla ég að vona. Eftir það gat ég aftur notað rúmið. --

Skólinn gengur sinn vanagang, mér gengur misjafnlega, suma daga gengur mér vel, en er alltaf ánægð. -- Ég verð að játa að ég er ansi feimin að tjá mig fyrir framan hópinn, þó ég geti sagt allt sem ég vil annars staðar. -- Ég held ég hafi gott af þessu og á eftir að minnst þessara stund og get sagt barna-börnunum mínum sögur: ÞEGAR ÉG VAR UNG.

Jú, ég hef aldeilis borðað steinasteik á Óperu, þegar Anna Einarsdóttir bauð okkur starfsfólkinu út að borða í sumar með Ásu. Þá fékk ég mér steinasteik, **rosalega gott!** Nú geng ég hins vegar undir því undarlega nafni: *AUÐUR GRÆNMETISÆTA*. Þykir þetta fremur undarlegt í landi kjötsins -- Mér finnst þetta ágætt þegar ég er boðin að borða með fólki sem ég nenni ekki að borða með. -- Annars finnst mér þetta fremur hallærislegt, ég er líklega ekki orðin nógu vön.

Ég er búin að borða á mig gat þann tíma sem Kjartan hefur verið hérna. Á hverju kvöldi belgjum við okkur út af alls kyns góðgæti, og ég held að það sé mín gæfa, að hann sé hérna bara í viku. Þar að auki er mér farið að liða hálf illa að hafa vanrækt allt mitt þessa viku. -- Mér finnst ég taka lífinu of létt. Þetta er bara stuttur tími, en mér finnst samt ekki gott að geta ekki ræktað hugann. Ég segi ekki að þetta hafi verið skemmtilegt, ég hef gert meira þessa viku en ég hef gert allan hinn tímann samanlagðan. Maður er meira drífandi í skoðunarleiðangra, þegar maður er ekki ein. Þá reynir mikið á kunnáttu mína um borgina. --

Í kvöld ætla Kjartan að bjóða mér út að borða og svo förum við í Óperuna, tveir miðar fylgdu þessari ráðstefnu hans. Á morgun fer hann svo heim og þá fer lífið aftur að ganga sinn vanagang hjá mér. -- Líka verður íslenskan ráðandi í hausnum á mér og það er ekki nógu gott. Franska skal það vera. --

10.3. 1989.

¹ Svo dó Baldvin Jónsson vinur minn, svo þegar til alls kom hætti ég við að skila myndinni inn í þetta illa farna hús. Ef einhver les þetta sem á eignarrétt á henni, þá bið ég hann um að snúa sér til mín eða erfingja minna.

Jæja, nú Er Auður orðin ein: *Back to normal*. Það hugsaði ég þegar ég kom inn í herbergið mitt í eftirmiðdag, myndskreytt öllu sem mér þykir vænt um og er virkilega mitt litla heimili hérna. -- Óperan fór nú aldeilis fyrir lítið í gær. Áður en við fórum af stað las Kjartan á miðann og sagði: *Er ekki örugglega tjúsdei í dag?* Ég horfði stórum augum á hann og hélt að hann væri að grínast og sagði: *Nú í dag er þörsdei*. Þannig fór það. Kjartan er með allt á hreinu á ensku, nema vikudagana. --

Fékk gjöf frá Fríðu, ömmu sinni sem hún keypti sér tvennar buxur fyrir

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 12.3.1989.

-- Á þessum dásamlega, sólríka, sólbjarta, einnar gráðu heita sunnudegi höfum við gengið um borgina, skoðað málverkasýningar og hreinlega notið lífsins eins og svo margir aðrir.

Á Kjarvalsstöðum er sýning með verkum Súmmaranna, skemmtileg og fjölbreytt. Gaman er að lifa upp aftur þá stemningu sem ríkti þar. Mér er sérlega minnisstæð mynd eftir Hrein Friðfinnsson, samsett úr ljósmyndum sem teknar eru út á svörtum sandi, með einu hliði máluðu og sést frá mismunandi sjónarhornum. Ekki var ég hrifinn þá og ekki enn. Samt hef ég mildast. En myndin er í Pompídúsafninu. Bárújárnsmynd Palla og Láru er á sýningunni og tekur sig mjög vel út.

Í Listasafni Íslands er sýning með verkum Júlíönu Sveinsdóttur, sem nú væri níræð, ef hefði lifað. Frábær sýning. --

-- Tókum þátt í púttkeppni tannlækna -- Þetta er gaman og skemmtilegt að hafa viðfangsefni sem þetta. Margt broslegt gerðist þá menn gerðust ræðuglaðir er líða tók á skemmtunina.

Spyr um hennar framtíðarplön.

Auður Eggertsdóttir skrifar Friede Pálsdóttur Briem. Nice. 13.3.1989.

-- Þúsund-þúsund þakkar fyrir peningasendinguna, ég var nú svo aldeilis hissa á hvað þetta gæti eiginlega verið merkilegt sem ég þurfti að kvitta fyrir. Ég tók sprettinn undir eins, hljóp með peningana í bankann og læsti þá þar inni, þar til ég fyndi eitthvað fallett til að kaupa fyrir þá.

Nú er ég búin að kaupa mér tvennar buxur og peysu, enda var kominn tími til að endurnýja aðeins úrvalið í fataskápnum, hálfgerð lufsa alltaf. Ekki vil ég verða ykkur til skammar.

Ég er alltaf ánægð í skólanum. Auðvitað eru engir tveir dagar eins og maður er misjafnlega upplagður. Það er undarlegt að suma daga get ég bara alls ekki talað, en aðra kjaftar á mér hver tuska, ég finn það þó að ég á erfiðara með að tala við kennarana en vini mína. Þegar ég tala við kennarana, þá finnst mér ég verða að vanda mig svo mikið. Þetta er náttúrulega algjör vitleysa, auðvitað ætti ég bara að láta allt vaða, einmitt við kennarana, en út af þessu halda sumir kennararnir að ég geti bara alls ekki talað, nema kannski helst fingramálið.

Það er búið að eitra í herberginu mínu fyrir flónum sem nærast á mér á nóttunni. Því miður fann ég fyrir flónum eftir eitrunina og því er ég aftur flutt inn í stofu á nóttinni. Ég veit ekki hvert næsta skref verður -- Ég ætla þá að slá botninn í þetta og fara að sofa, endurnærð í skólanum á morgun (ekki veitir af).

-- fyrirgefðu þetta fljótfærnishrip en hugurinn er hjá þér, ávallt. Kærar kveðjur frá þinni elskandi --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 13.3.1989.

-- þakkar fyrir skemmtilegt, fjörugt, hreinskilið, vel skrifað bréf. Þægileg tilfinning að heyra þig ræða um vinnusemi, svo dæmi sé nefnt. -- ég vona að þú eyðir ekki of miklum tíma frá náminu í ættartöluna. -- þakka fyrir að gefa okkur tækifæri til að skyggjast milli stafs og hurðar í huga þinn. --

Við höfðum öll mikla gleði af að lesa bréfið þitt til frændfólksins. Okkur þótti það svo frábærlega vel stílað, skemmtilegt og sannfærandi. Ég er viss um að það skilar árangri. Þýskan sem þú skrifar er eins og maður þekkir hana fallegasta.

Þegar ég var búinn að skrifa þér um málið og senda í póst, þá sagði ég við sjálfan mig; Æ! ég hefði átt að benda Ásgeiri á þetta, eða hitt. -- Þetta er það sem ráðrikir, umhyggjusamir, góðir, óþolandi - undirstrikið það sem við á - foreldrar láta sér gjarna detta í hug, getur einnig átt við vinnuveitendur og marga fleiri. Svo þegar bréfið kom, er allt í því, sem maður gæti látið sér best detta í hug, hlýlegur, rólegur, sannfærandi og skemmtilegur stíll. --

Nú er Hilda frænka að flytjast að fullu í Hafnarbúðir. Er það eins og ávallt mikil krísa fyrir fjölskylduna -- Hún man ekkert, en er alltaf í góðu skapi og ánægð. Henni líður vel en fjölskyldan kemur verr út úr þessu. Amma þín er mikið hugsandi -- Hún setti mig niður hjá sér í gær og sagðist vera búin að skrifa yfirlýsingu um að hún verði flutt á heimili, ef hún yrði til byrði. Tók hún af mér loforð í 10. skiptið. Hún lætur ekki bilbug á sér finna, ruglast aldrei í neinu -- Hún hefur aldrei, eftir að hún varð gömul, þolað þögn. Því vill hún ekki leyfa þögninni að njóta sín, heldur fyllir hana út. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Nice. 16.3.1989.

-- Þakka bréf, fullt af fréttum og spóla að auki. Alltaf eruð þið jafn góð við mig. Stundum finnst mér ég eiga það ekki skilið.

Bréfaskriftir mínar eru orðnar færri og færri. Það er hreint ekki þannig að þið séuð að hverfa úr huga mín, nei, nei, ég er alltaf að hugsa til ykkar en nú er tíminn farinn að líða svo óskaplega hratt. Ég hef enga stjórn á þessu -- hvað verður um alla dagana er mér hulin ráðgáta. Ég fer stundum út að leita að þeim, spyr fólk á förnun vegi: *Afsakið. Hafði þið nokkuð séð miðvikudag nýlega?* En alltaf er sama svarið: *Nei, en föstudagur er þarna handan við hornið*. Nú er ég eiginlega hætt að hlaupa eftir þessum dularfullu dögum og sætti mig við tveggja daga viku.

En, hver er eiginlega skýringin á þessum ógnar hraða, þessum hraða, sem vekur mig á hverjum morgni:

Auður, Auður, flýttu þér á fætur því það er dásamlegur dagur sem bíður þín fyrir utan gluggann þinn, þú mátt ekki missa af neinu!! Þetta er allt í hjartanu! Ef ég er glöð og ánægð, þá finn ég helst fyrir því í hjartanu: búmm - búmm - búmm -

Einhver eftirvænting í mér allri: *Gaman að fara í sturtu, gaman að labba í skólann, gaman að hitta bekkjarfélagana og gaman að sitja í tímum og læra eitthvað nýtt á hverjum degi.*

Ef mér hefði áður þótt svona gaman í skóla, þá væri löngu búíð að loka mig inni fyrir óeðlileg viðhorf gagnvart skólakerfinu.

Auðvitað eru ekki allir dagar jafn bjartir; stundum finnst mér ég eiga við vandamál að stríða, lítil vandamál sem skjóta upp í kollinum á mér. Þá þarf ég að helga mig þeim í dálítinn tíma, kryfja þau, til að komast að, hvernig sé hægt að afgreiða þau á bestan hátt. Eftir það get ég brosað breitt og vaknað við minn eigin hjartslátt - eftirvæntingar. Vandamálin í kollinum á mér eru yfirleitt mjög smá; ég hugsa mikið heim til ykkar, sakna og langar til að hitta ykkur, þó ekki væri nema augnablik, faðma ykkur og láta mér það nægja. En það er ekki hægt enn, og þá verð ég að tala við sjálfa mig eins og lítið barn, sannfæra mig um að ég sé stór kona sem bíði í rólegheitum fram á sumar - eða eitthvað í þá áttina. Stundum verð ég leið yfir að mér finnst mér ekki fara nógu mikið fram í frönsku, hausinn á mér sé of tregur til að taka við svona mörgum orðum á hverjum degi og best væri bara að ég fyndi mér eyðieyju til að lifa á í einangrun, það sem eftir væri ævi minnar.

Ég er búin að komast að raun um að best er að tala frönsku við einhvern sem er enn verri en ég og þá fyllist ég sjálfstrausti (þetta er ljót aðferð). Stundum verð ég leið ef Ning-Ning er leið, þá eyði ég allri minni orku til að tala hana út úr leiðanum, þangað til við erum báðar komnar í gott skap (og öfugt). En öll þessi pínulitlu vandamál eru af hinu góða, ef þau væru ekki til staðar, þá kynni ég ekki að meta allt það góða sem er í kringum mig og þannig finn ég betur með góða skapinu, þegar ég er glöð. Hvað gerir það til þó að flær bíti mig á nóttunni? Ég verð ekki hér alla ævi og þetta er allt í lagi fram á sumar.

Já, talandi um flærnar, vinkonur mínar, þær eru lífseigar, þessar elskur. Þrátt fyrir allsherjar úðun og útrýmingu, þá lifðu allavega nokkrar af, því enn er ég bitin. Ég sef því í stofunni og nota herbergið til andlegra verkefna, rækta hugann. Ég nenni ekki að hugsa um þetta meira og læt því bara málin standa svona. Ég get ekki fengið af mér að skipta um herbergi, því alltaf þegar gamla konan finnur eitthvað svona liggja í loftinu, þá beitir hún öllum brögðum til að ég verði kyrr. Henni þykir víst orðið nokkuð vænt um mig, held ég, að minnsta kosti vill hún ekki að ég fari.

Og hvað get ég gert; því auðvitað stendur mér ekki á sama um svona heldur. Þannig á þetta eftir að vera það sem eftir er, geri ég ráð fyrir.

Bekkurinn minn í skólanum er alveg framúrskarandi, hver bekkjarfélaginn er öðrum betri. Auðvitað á maður sína uppáhaldskunningja, allir af mismunandi þjóðernum, en alveg kjarnorkuhópur. Ég held að ég hafi verið heppin með bekk, því þó hópurinn sé nokkuð stór, þá er hann samheldinn, allir þekkjast. Í hinum bekkjunum sér maður að fólk þekkest ekki einu sinni takmarkað, heldur saman í smærri tungumálahópum. Í mínum hópi tölum við alltaf frönsku saman. Það gildir líka að vera opinn og blanda sér í hópinn, til að verða ekki útundan.

Um daginn byrjaði þýskur strákur í bekknum, mjög skemmtilegur. Hann býr í St. Paul, í rosa fínni íbúð og í gær fór ég með honum í Chagallsafnið í Cimiez. Mjög praktískt, því hann á bíl. Fyrst skoðaði ég St. Paul, sat á kaffihúsi og horfði á Yves Montant spjalla við kunningja sína á næsta borði. Það var eins og þá fengi líf mitt tilgang. Svo fórum við á Chagall-safnið. Mér finnst samt að ég verði að skoða það aftur, því ég fékk ekki nóg út úr þessari heimsókn, dásamlega fallegt.

Annars er Ning Ning því miður mest lítið í skólanum núna, því hún sækir kúrsa í lögfræði líka. Stundum sé ég að hún er dálítið leið. Þegar við förum að tala um það þá er það oftast út af því að hún á erfitt með að venjast vestrænu þjóðfélagi. Hún skilur ekki hugsunarháttinn sem ríkir hér, hún reynir að skilja, en það gengur ekki vel, hana langar bara aftur til Kína, þar sem engin spilling er.

Svo er sagt að fólk í lokuðum kommúnistaríkjum sé óhamingjusamt. Ég hef ekkert heyrt nema gott frá henni. Stundum spyr hún því Ísland sé ólíkt Frakklandi, hvernig mér gangi að aðlagast lífinu hér. Bara ágætlega, því þó löndin séu ólík og fólk líka, þá er það ekki svo ólíkt eftir allt saman, ef maður miðar við Kína. Eins og Ning Ning segir, að ef „frjálst“ þjóðfélag sé svona og frelsinu fylgi öll þessi spilling, vændi og eiturlyf, þá sé þetta „frelsi“ ekkert eftirsóknarvert. En þetta eru nú bara vangaveltur af og til. Oftast erum við gláðar saman.

Jú, þið spyrjið hvort ég spekuléri eitthvað í framhaldinu, eftir dvölinu hér. Réttara væri að spyrja, hvort ég spekuléri EKKI í framtíðinni, því ég er alltaf að hugsa um hana. Í rauninni er ég orðin dauðleið á framtíðinni, þegar hún verður nútími, því ég hugsa svo mikið um hana.

Það er alveg ljóst, að eftir dvöl mína hér verð ég gjörsamlega auralaus og verð því að byrja á að fá mér vinnu. Ég spekulera líka mikið í því og hvort ekki sé hægt að undirbúa það með fyrirvara, svo að ég lendi ekki illa í atvinnuleysi heima. Það er dálítið erfitt að segja til um framtíðina. Ég er til dæmis ekki komin með lokaprófið, en ég er að spyrjast fyrir um framhaldsnám við háskólann hér í Nís. Mér finnst of slappt að hætta eftir þetta nám, leggja Frakkland og frönskuna á hilluna og fara í eitthvað, allt annað, það freistar mín dálítið að halda áfram hér. Við hvað? Tja, um það verð ég að hugsa betur --Eitt er víst, mig langar til að halda áfram í skóla, en þetta eru vangaveltur og verður að taka sem slíkar.

-- ég hætti -- á morgun verður próf. -- Bið að heilsa vinum og ættingjum og vona að þið hafið það sem allra allra best. Þið sem þekkið mig best, vitið hvað ég er sveiflukennnd, þá getur verið að ég verði úrill í næsta bréfi, óánægð og leið - hver veit. En eins og ég segi: Það er framtíðin!

Ástar og saknaðarkveðjur. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 17.3.1989.

-- skaust heim með viðkomu í banka. alltaf að leggja inn peninga - m.a. afrakstur félagsfundarins í gær. Nú er bjórinn kominn og ég hef verið að kaupa hann inn til að hafa í félagsheimilinu. Á púttkepninni seldist bjórinn upp, fimm kassar. Nú fór ég í nýju

búðina á Stuðlahálsi, þar sem seldar eru fleiri tegundir en í vínbúðum yfirleitt. Þar keypti ég sex kassa af mismunandi tegundum. Það var svo varla neinn sem hafði áhuga á þessu í gærkvöldi -- Ég hlýt að fá á mig bjórneyslustimpil -- Það er samt gott að vera búinn að fá bjórin -- óeðlilegt að þurfa að versla við smyglara ef maður vill kaupa bjór, því nóg hefur verið af honum í landinu -- Þeir sögðu það tannlæknarnir í gærkvöldi að bjórkassinn hefði verið seldur á fjögur þús. krónur. -- voru að óttast að smyglarnir færu að smygla einhverju hættulegra --

Pabbi þinn hitti póstmanninn -- og var að segja honum að hann væri svo spenntur að vita hvort bréf væri frá þér -- Hann sagðist hafa verið í útlöndum í sjö ár þegar hann var ungur og aldrei skrifað heim. --

Þá eru fréttir frá Ásgeiri sem er að hjálpa Karli og Anneli í Eichstädt við útgáfu ferðabókar um Ísland. Hringdi hann í mömmu sína til þess að fá nákvæmar upplýsingar um bensínverð. Þá spurðu þau hvort til værum til í að vera með þeim nokkra daga í fjallaferð. Ásgeir er að koma í apríl til að afla gagna fyrir MA ritgerðina sem hann vonast til að klára fljótlega því hann sé að fá sig fullsaddan af verunni í háskólanum. Þá er hann að senda bréf til Briemsættarinnar í Þýskalandi vegna ættartölunnar og hefur kynnst nokkrum frændum. --

-- Oddfellow er að skipuleggja ferð til Parísar í maílok. Ætlum við með, enda ekki komið þangað í 23 ár. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 20.3.1989.

Segir af snjóalögum í borginni og framkvæmdum við hitaveitugeymana í Öskjuhlíð. Hlakkar til Parísarferðarinnar, ekki síst þar sem Jóhanna og Ólafur B. Thors verða þar stödd.

-- gott þegar um hægist á heimilinu að hafa nóg að gera. Pabbi þinn er kominn í Oddfellow og ég í Zontaklúbbinn. Ég hef mikla ánægju af verunni þar. Við vorum á síðasta fundi að búa til páskaskraut sem við seldum svo á göngugötunni í Kringlunni -- Við höfum sennilega grætt um 40 þús. á því. Þetta voru bara ansi fallega máluð og skreytt plastegg, sem við hengdum á birkigreinar. Pabbi þinn kom með ömmu þína, heiðursfélagann í Zontaklúbbnum. Hafði hún gaman af að sjá starfsemina og kaupa af okkur. Henni fer auðvitað frekar aftur og mér fannst hún ansi gömul og þreytuleg þar sem pabbi þinn kom gangandi með hana í ys og þys nútímans allt um kring. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 20.3.1989.

-- þakka fyrir þín mjög svo skemmtilegu bréf. Þú ert bæði stílisti og skemmtilegur. Persóna þín speglast í ritstílnum. Það er eins og maður sjái göngulagið, brosið, gleraugun og fötin milli línanna.

Vel á minnst. Það var skemmtileg lýsing Jóhannesar Nordal á Sigurði pabba sínum þótt stutt væri. Góð lýsing á hvað væri starf bókmenntafræðingsins: *Að lesa á milli línanna.* --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 26.3.1989.

Nú erum við að tygja okkur til fyrir páskamorgunskoníakið hjá Steinunni móðursystur Sirrjár, en það er eftir fjölda ára enn haft í heiðri, þótt hún sé gömul, heyrnarlaus og farlama.

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 28.3.1989.

Við hittum hjónin sem hafa tekið við Norræna húsinu, Engblom að nafni.

-- Nú eru allir áhugasamir um ágætan 10 ára, held ég, gamlan danskan sjónvarpsþátt -- lýsir smábæ í Danmörku. Um páskana bauðst að fá hingað einn leikarann í heimsókn. Starfsfólkið í Norræna húsinu var á móti því og sagði að á laugardag fyrir páska kæmu 30 manns, sem gæti verið pínlegt. Raunveruleikinn var annar, það komu 250 manns og hafa aldrei fleiri verið í húsinu -- áreiðanlega hefur verið lítið af þrautleiðinlegu stamgestunum, sem heilsast og kyssast glaðir á skemmtunum þar, því ánægðari sem færri eru. --

Segir heilmikið deilt og diskúterað vegna 85 ára afmælis Þórdísar frænku þeirra, ekki síst vegna gjafamála. Var um þetta deilt. Höfðum við mamma þín vinninginn, sögðum afmælisbarninu að gjafaáform annarra væru ekki hennar mál. Búast má við fleiri vandamálum í vikunni.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 28.3.1989.

Pakkar honum fyrir allar upplýsingarnar um ættfólk Briemara í Þýskalandi. Dáist að því hvað hann vinnur þetta skipulega og vel.

--Hér er bara hugsað um 85 ára afmæli Dídí, (skipulagið) hefur tekið mörg hliðarspor eins og gengur þegar margir eru að skipuleggja. Aðalbrandarinn er sá að Palla datt í hug að nota tækifærið í afmæli Dídíar að safna peningum í félag sem hann ætlar að stofna og heitir *Réttur barnsins (Rädda barnen* á Norðurlöndum). --

Lýsing á þessu er í bréfi S.D. til Auðar 30.3.1989.

--Við gátum afstýrt þessu á síðustu stundu og létt þungu fargi af Dídí. Annars vona ég að allt gangi vel --

Þú sérð að nóg er um að hugsa hér. Ömmu þinni finnst ósköp erfitt að hugsa um þetta allt - finnst Dídí bjóða alltof mörgum og leggja of mikið á okkur Láru. Þeim kemur ekki vel saman systrunum þegar kemur að svona málum og amma þín orðin svo lítil í sér núna að hún verður bara dösud að hlusta á og fylgjast með framkvæmdum. --

Segir frá veislu hjá Kötlu og Jan Henje þar sem líka var boðið nýja forstjóra Norræna hússins og hans fjölskyldu, ánægjuleg og skemmtileg veisla. Morguninn eftir var árlegt páskakoníak hjá Steinunni móðursystur hennar.

-- Mamma er alltaf jafn svartsýn og segir að þetta verði nú í síðasta sinn, vegna þess hvað Steinu hrakar, Steina er mjög illa farin, en hún lifir á þessu til næstu páska. Á eftir vorum við boðin til Palla og Láru með gömlu konunum. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 29.3.1989.

-- Þá er ég komin til Parísar og búin að sjá meira af borginni en í hin tvö fyrri skiptin samanlagt. Ég bý hjá Heiðu (Aðalheiði Guðmundsdóttur) í hjarta borgarinnar og alveg fyrirtaks íbúð í alla staði. Ég er enn ekki búin að ákveða hvenær ég fer aftur „heim“ en mér líður vel hérna, labba mig upp að hnjám á hverjum degi og athuga hvað merkilegt sé að sjá, undirbúa mig fyrir næstu heimsókn - da-da-da-damm ...

Veðrið er ótrúlega gott, hitinn meiri en í Nís, tuttugu og þrjár gráður og er svona í heitasta lagi þegar maður er í túristaleikjum hér. Á páskadagsmorgun fórum við Gunnar í messu, kaþólska messu í Trinité, og var það mikil upplifun að sjá þessa páskamessu. Annars tekur það allan minn tíma að láta mér líða vel og þið getið rétt ímyndað ykkur hvað ég nýt páskafrísins út í ystu æsar í menningarborginni PARÍS. Bið að heilsa öllum. Fyrirgefið hvað það er langt síðan ég hef skrifað. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 30.3.1989.

-- Ég hef haft mikið að gera fyrir utan vinnuna. Við Sigríður Haraldsdóttir Zontakona höfum verið að berja saman fjárhagsáætlun fyrir svæðismót Zonta undanfarið. Hefur hún komið hingað í skrifstofuna nokkrum sinnum. Það er gott að nota reikni- og ljósritunarvél sem er hér við hendina. Þykir henni það mikill lúxus. Hún er komin á eftirlaun og hefur ekki skrifstofuadstöðu lengur. Áður var hún forstöðumaður Leiðbeiningastöðvar húsmæðra, mikil dugnaðarkona. Ég fer heim til hennar í kvöld ásamt fleiri Zontakonum og verður þá þessi fjárhagsáætlun lögð fyrir þær og þær látnar samþykkja ef hægt er. --

Í gærkvöldi réðst ég í það að búa til sherry-tríflé fyrir afmælisveislu Dídíar. Var eins og verksmiðjuvinna að búa þetta til fyrir 70 manns. Það gekk vel, eftir því sem smakkarinn sagði, þá er þetta mjög vel heppnað. Á morgun fæ ég heimsendan graflaxinn sem ég fékk í heildsölu hjá kokkinum mínum hér, honum Lárusi Loftsyni.¹ -- Svo er ég búin að setja Fríðu og Ingólf (*Pálsbörn*) í að rista brauðið í eldhúsinu meðan drukkin er fordrykkur. Ég pantaði aðalréttinn, kryddlegið lambalæri með ýmsu meðlæti hjá Lárusi og kemur hann, sker það niður og skammtar á diskana. Ég vona að þetta verði -- skemmtilegt boð.

Ég verð samt að segja þér hversu skemmtileg hliðarspor svona veisla getur tekið. Palla datt það í hug, af því að Dídí var að kvíða fyrir að fá mikið af gjöfum, að hún myndi segja við gestina að hún vildi ekki gjafir en vildi að andvirði þeirra rynni í sjóð til félags, sem Palli ætlar að stofna, og heitir *Réttur barnsins* (Rädda barnen í Svíþjóð). Hann ætlaði að láta krakkana vera með bauk og safna þarna peningum. Við pabbi þinn krossuðum okkur þegar við heyrðum þetta, fannst þetta einum of langt gengið og mjög óviðeigandi. Það endaði með því að pabbi þinn fór strax til Dídíar og spurði hvort hún vildi þetta. Hún var dauðfegin að gera þetta ekki og hefur ekki minnst á gjafir við gestina þegar hún býður þeim. Rök okkar eru þau að hún er búin að gefa þessu fólki gjafir öll þessi ár og nú er komið að henni að þiggja og njóta. Ég sakna þess mjög að hafa ekkert ykkar heima til að taka þátt í þessari stóru fjölskylduveislu með okkur. --

Segir frá kennaraverkfallinu, sem enn einu sinni gengur út yfir nemendur, og leiddi til þess að nemendur í Eyjum lýstu því yfir að þeir styddu kennarana ekki.

Segir frá námi Dags, sem stendur í samningu erfiðrar ritgerðar. Námið er að breytast og þyngjast.

-- Við fengum bréf frá Tómasi Schartau í dag. Í því var lykill að húsinu Álstengsgatan 55, Stokkhólmi. Sagðist hann búinn að þrifa gestaherbergið, setja rottugildrur undir rúmin og ónotaðan klósettpappír á baðherbergið!! --

Vonar að við getum hitt hana í París þegar við komum þangað í maí.

-- Allt í einu man ég eftir einni frétt. Það komu úrslit úr biskupskjöri í dag og Ólafur Skúlason kjörinn biskup. Ég held að hann hafi verið skástur --²

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 2.4.1989.

-- Héðan er allt hið besta að fréttu. Fyrir þrem dögum og í fyrradag var hér þíða, vatnsveður og hlýja, svellbunkar hurfu af götum - Svo fór að hlaða niður snjó. Þetta var afmælisdagur Dídíar, dagurinn sem hún hafði beðið eftir með eftirvæntingu. Hún sagði, þegar við hringdum til hennar, að einmitt svona hefði veðrið verið fyrir 51 ári, daginn sem hún byrjaði í vinnunni á fjölrítunarstofunni í Tjarnargötu 24.

Sirri hafði byrjað á föstudag að útbúa veislusalinn og borðröðun. Þangað fórum við með Dídí til að sýna henni og bera undir hana. Afmælið byrjaði svo kl. 6 í gærkvöldi og 60-70 gestir streymdu að. Hún var mjög kát og stóð bæði upp til að bjóða fólkið velkomið og lesa nokkrar vísur upphátt.

Í stuttu máli sagt var þetta einstaklega skemmtileg veisla. Borðaröðun tókst vel, var skemmtilegt við öll borðin, yfirleitt var mökum skipt milli borða, nema sumum þeim yngstu. Mamma ykkar stjórnaði öllu vel, bauð fólki að borða og flytja sig milli sala. Þá flutti hún kveðju frá ykkur krökkunum. Siggi, Alfa og ég héldum ræður fyrir afmælisbarninu, allar mjög góðar, sem vænta mátti. Sérstaklega mátti dást að Ölfu sem hélt sína fyrstu ræðu á ævinni. Hún sagði m.a. að hún hefði alltaf litið á Dídí sem sparifrænku. Fólkið fór að tínast burt um tólfleytið og Palli og Lára keyrðu Dídí heim með allar gjafirnar.

¹ Lárus Loftsson (1946) rekur þekktu veisluþjónustu, fyrir íþróttamaður.

² Annað kom í ljós!

Matur og þjónusta var mjög góð. Graflax frá Borgarnesi og skar Palli hann niður. Mamma ykkar bjó til öldusjó af sinni frægu graflaxsósu. Veitingamaður kom með lambakjöt, sem bragðaðist vel, kveikti loga á borðinu til að halda því heitu og gera allt flott. Mamma ykkar bjó til sitt fræga súkkulaðitriflé. Mjög gott hvítvín í fordrykk og rauðvín með matnum. Fólkið gat fengið sér að vild og misbrúkaði enginn neitt. Á eftir var kaffi í setustofu, kransadeigskökur sem mamma ykkar hafði bakað. Ég held ég hafi sjaldan verið í svo snurðulausri, þægilegri og skemmtilegri veislu, enda skipulagði mamma ykkar hana í smáu og stóru, stjórnaði öllu, matsveinum og þeim Gróu við þjónustuna.

Nú á þessum fallega sunnudegi þurfum við að skunda til að taka til í tannlæknasalnum áður en fermingarveisla hefst þar kl. tvö.

Þessari skýrslu átti hér með að vera lokið. En! --

Svo var það að ein frænka okkar sem við höfum sjaldan séð undanfarin ár; kom til veislunnar með manni sínum. Hún var nervös og feimin, kannski óvön að koma á mannfundi. Hún hitti okkur Láru við innganginn og segir þá við mig þegar ég ætlaði að fara að kynna þær: *Er þetta kannski tengdamóðir þín!* Við hlógum mikið að þessu. -- Ég vona að Lára eigi einhverja að sem jafna hlut hennar.

Ég get ekki látið hjá líða að segja sögu sem Guðmundur Elíasson, maður Ragnheiðar Briem, sagði:

Einu sinni lítur Guðmundur fram í biðstofuna og sér þar mjög gamla og ellilega konu. Við hlið hennar sat önnur, enn ellilegri. Þær koma saman inn og höfðu eftirfarandi vandamál fram að færa. Þetta voru mæðgur og var sú eldri um nírátt. Hún átti mann á líkum aldri. Vandinn var sá að hann var mjög kræfur til kynlífs, þótt gamall væri. Aðstæður á heimilinu voru mjög slæmar af þessum sökum vegna þess að rúm þeirra brakaði svo mjög að til leiðinda var. Það sem þær mæðgur vildu biðja læknum um var hvort hann gæti ekki skrifað resept fyrir lyf sem gefa mætti mannum til að draga úr kynhvöt hans.

Guðmundur lenti hér í vandræðum á mörkum þess sem Hippókrates hefði ráðlagt. Hann sagði þeim að það eitt gæti hann gert fyrir þær mæðgur. Að hjálpa þeim með að velja nýtt rúm. --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 3.4.1989.

Ræðir komu foreldranna til Osló, hótélvalið. Þá segir hann frá námsverkefnum, stílhreyfingar 20. aldar. Einnig avantgarde-hreyfinguna, rússneskan á byltingartímanum og konstruktívismann. Biður um bók AB eftir Noam Chomski.

Auður Eggertsdóttir skrifar Friede Pálsd. Briem. París. 8.4.1989.

Elsku amma mín! Aldrei held ég að ég hafi upplifað þessa borg jafn stórkostlega og í þetta skipti, það er endalaust hægt að skoða og gleypa í sig nýja og nýja hluti. Svo reyni ég að kynnast Parísarbúum á ferðalögum mínum um borgina. Þetta er allt annar heimur heldur en sá sem ég þekki í Nice, fólkið er allt annað og borgin svo miklu, miklu stærri. Það verður eflaust hálf tómlagt að koma aftur til Nice, því hér eru freistingar á hverju horni. Fólkið er þó ekki eins þægilegt hér, hraðinn er svo mikill, allir að flýta sér og mega ekki vera að því að sýna aumri íslenskri stúlku þolinmæði. Þeir um það!

Ég er að spekulera í að fara til Korsíku. Það er ódýrara fyrir mig en fara til Nice, mig langar til að notfæra mér tímann áður en allir túristarnir fara að flykkjast þangað í stríðum straumum. Ég get auðvitað ekki stoppað nema stutt, en amma, það er svo gaman að ferðast! Það er svo góð tilfinning að drífa sig eitthvað, og vera ekkert hræddur. Mér finnst ég verða að drífa mig áður en það verður of seint.

Jæja, elsku amma. Ég vona að þetta kort sæki vel að þér, þú sért jafn kraftmikil og þú átt að þér að vera. -- Þín elskandi --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 9.4.1989.

Auður er komin aftur til Nice frá París. Þakkar fréttir og segir þau Sirrí hafa verið að pakka niður reiðhjólum sem þau taka með til Osló.

-- Í dag vorum við í veislu hjá Ernu Þorleifs,¹ sem varð fimmtug -- Mjög skemmtileg veisla. Sérstaklega athyglisverðar voru ræður sem nokkrar konur héldu fyrir henni: Bryndís Schram, Guðrún Agnarsdóttir o.fl.-- Ræðurnar frábrugðnar typískum ræðum karla, áreynslulausar, einlæggar og þannig fluttar að tími var til að hugleiða efnið.² --

Pennan dag var Sirrí á landsfundi Zonta á Selfossi. Þá málaði ég skógeymslu í stiganum hárauða og fór á verðlaunavikmynd, franska, og gekk út.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 11.4.1989.

-- Ég er eiginlega hálf hrædd við að setjast niður og skrifa ykkur, því það er svo langt síðan ég hef skrifað, ég er eiginlega komin úr æfingu, ég ætla samt að gera mitt besta.

Ég er enn í París, þó það sé kominn þriðjudagur fram yfir páskafrí og skólinn byrjaður. Ástæðan er sú að á sunnudaginn fékk ég bévítans pest, hálsbólgu og hita og ákvað að það væri betra að liggja úr sér hér heldur en í lúsunum mínum í Nís, sem freista mín ekki vitund. Þannig að ég er hér, reyni að lesa frönsku eins og ég get, og fer í stafsetningaræfingar dagleg.

¹ Erna Þorleifsdóttir, félagsráðgjafi, vinkona Sirríar.

² Rifjast upp fyrir mér að Tómas Helgason yfirlæknir, samstarfsmaður Ernu á Kleppi, hélt heiðursræðu og tókst einhvern veginn að gera lítið úr ágættri konu sem verið var að heiðra.

Ég er nú aldeilis búin að vera í skoðunarferðum um þessa ágætu borg, mér er farið að líka virkilega vel við hana, en hún er algjörlega ólík Nís. Hér er miklu meiri hraði á lífin, alltaf fullt af fólki á götum úti og allir að flýta sér. Það er dálítið gaman að setja sig inn í stemmninguna vera bara líka að flýta sér voðalega mikið, þó maður hafi ekkert sérstakt á þrjónunum. Þá líkist maður Parísarbúum, aðeins, en er ekki eins og álfur, gónandi vandræðalega í allar áttir. Þó það sé líka töluvert af fólki í Nís, þá er munurinn aðallega aldursmunur. Í Nís er allt gamla fólkið. Þegar fólk er komið á eftirlaun er tilvalið að flytjast suður á bóginn og eyða ellinni í hlýju loftslagi. Þar situr það svo í sólinni og kýs hr. Le Pen og finnst Arabar rétttrápir, hvar sem er, gyðingar eru líka fyrir þeim og bara allt sem veitir þeim óryggi. Annars eru nýbúnaðar bæjarstjórnarkosningar, svo ég haldi nú áfram að tala um pólitík í Frakklandi. Ég reyndi, eins og ég best gat, að fylgjast með niðurstöðum kosninganna. Í skólanum var líka farið í þessi mál, svo við gætum skilið betur hvað um væri að vera. Það var alveg sama hvaða sjónvarpsstöð sem ég horfði á, aldrei var svo mikið sem minnst á Nís. Ég fór að spyrjast fyrir um þetta, Kennari minn einn gaf þær skýringar að þar sem væri talað um að borgarstjórnin í Nís sé einn aðal mafíósinn, þá sé reynt að horfa framhjá borginni í kosningum?! Hvað sem rétt er í þessu, finnst mér það engu að síður spaugilegt.

Heyrðu mig! Ég er búin að eyða tveim vikum í París og það eina sem ég tala um eru borgarstjórnarkosningarnar. Ég held ég sé biluð.

Ég byrja þá bara á að segja ykkur frá því í grófum dráttum sem drifið hefur á daga mína hér. Ég tók sem sagt lestina frá Nís á föstudagskvöldi. Hún var fljót að fyllast af drengjum í herþjónustu, sem voru að fara í helgarfrí. Þannig að ekki tókst mér að sofa mikið þá nótt í troðfullum klefa. Ég hlustaði á þáttinn um Gyrði Elíasson og Þórberg á leiðinni. Ég held að það hafi bjargað geðheilsu minni, að hlusta á eitthvað menningarlegt. Þegar lestin kom svo á Gare de Lyon í París var ég alveg kolrugluð af svefnleysi, vissi ekki hvað sneri upp, og hvað niður. Það var eftir tvo kaffibolla sem ég fór að hugsa skipulega. Setti dótið mitt í hólfið og labbaði út með kort í hendinni, þurfti bara að finna Signu, til að ná áttum. Þegar hún var fundin spásæraði ég á vinstri bakkanum, sem leið liggur að Notre Dame, þar sem ég átti stefnumót við Gunnar Grímsson. Það var svo gaman að labba þetta svona eldsnemma á laugardagsmorgni. Ég trúði varla mínum eigin augum að ég væri bara svona - einn - tveir - þrír komin til Parísar, án þess að hafa einu sinni öruggan gistað. Þetta var alveg dásamlegt.

Ég var komin að Notre Dame um sjö leytið og þar sat ég á bekk hin rólegasta og beið. --

Við fórum og fengum okkur morgunmat og svo til Hávarðar, þar sem Gunnar átti að fá gistingu. Ég var svo sniðug að ég hafði gleymt símanúmerinu hennar Heiðu í Nís og vissi ekki hvernig ég átti að hafa upp á henni. Ég var samt ekki orðin örvæntingarfull fyrir en ég var búin að hringja, en aldrei svaraði, þá fór ég að hafa áhyggjur. Seinni partinn svaraði loks syfjuleg rödd Heiðu, þá hafði hún ekki heyrt í símanum fyrir hrotunum í sjálfri sér. Ég var velkomin þangað og lítið mál að fá gistingu. Ég komst svo fljótlega að því að það er ekki hið auðveldasta í heimi að koma stúlkunum í rue de Tracy á fætur fyrir kvöldmat. Það eina sem virkar er að búa til kaffi og helst hlaupa út í bakarí, því þegar orðið „kaffi“ er nefnt, þá opnast a.m.k. annað augað.

En það var gaman að hitta Heiðu, við höfum aldrei umgengist sérlega mikið í gegnum tíðina, en það er skrítið að þegar maður hittist svo við allt aðrar aðstæður en heima á Íslandi, þá hefur maður um heilmargt að tala. Ég fór í sturtu og síðan fórum við Heiða í göngutúr, fengum okkur bjór og horfðum á mannmergðina, og það var ekkert smá, alls staðar var fólk og maður komst vart úr sporunum.

Heiða fræddi mig á því að konurnar í götunni hennar væru ekki svona léttkæddar út af góða veðrinu, eins og ég hafði haldið, þetta voru bara svona konur - oj bjakk!! En hvað veit ég, ég er bara ljóshærð og með gáfur í samræmi við það, sveitastúlkan frá Nís. Mar finnst hálf broslégt að sjá karlmenn lauma sér inn og út af *peep show* klúbbum, líta flóttalega í kringum sig, virðulegir karlar í jakkafötum, með stressstösku, á leiðinni heim til konunnar sinnar.

Á páskadagsmorgun fórum við Gunnar í kaþólska messu í Trinité kirkjunni. Það var mikið falleg messa, sérstök á einhvern hátt, upplifun að fylgjast með þessu. Presturinn talaði líka svo skýrt að ég gat fylgst með predíkuninni frá upphafi til enda þó ég tæki ekki þátt í altarisgöngunni, þar sem það tilheyrir ekki mér.

Svo löbbaðum við um Parísarborg á páskasunnudegi, eins og fleirum hafði dottið í hug að gera, veðrið frábært, hitinn kæfandi. Við löbbaðum um „hverfi“ með Heiðu og Dúnu (Guðrúnu Sigurðardóttur) sem er í arkitektúr í París. Þau þrjú þömbuðu bjórinn af áfergi, en ég er ekki sérlega mikið fyrir bjórinn, sérstaklega ekki ef hann er volgur, þannig að ég lét nægja að borða appelsínur. Um kvöldið borðuðum við svo öll á mexíkönskum stað, ofsalega góðan mat, en staðurinn var háver.

Ég held ég eigi ekki nógan pappír til að segja nákvæmlega frá hverjum degi, ég hef flækst um heilmikið, stundum ein og stundum með Gunnari. Mér finnst eiginlega betra að vera ein, þá tek ég betur eftir umhverfinu og læri betur á borgina. Það er svo gaman að finna hvernig þetta smellur saman smátt og smátt í hausnum á mér, nýr og nýr bútur í þússluspilið Parísarborg.

Ég er búin að fara á nokkur söfn, sum lokuð út af verkfalli, öryggisvarða, en sem betur fer ekki öll. -- Ég hef alltaf verið ánægð þegar út var komið. Ég fór að sjá safn Rodins myndhöggvara, ég mátti til með að sjá það, þar sem ég er nýbúin að sjá mynd sem heitir Camille Claudel og er um líf hans, með Gerard Depardieu í hlutverki meistarans, rosa fín mynd.

Annað safn, alveg frábært, var Picasso-safnið, mátulega stórt. Mér finnst óþægilegt ef söfn eru of stór, því maður getur ekki endalaust meðtekið, því miður.

Svo er það Orsey-safnið, gömul járnbrautarstöð, sem var gerð að safni, þangað er búið að flytja visst tímabil úr Louvre safninu. En Orsay er svona rísa-safn og eftir þrjá tíma var ég orðin rugluð og flýtti mér út. Byggingin er bara svo skemmtileg að það er nauðsynlegt að fara, þó ekki nema til að sjá hana.

Annars verðum við bara að sjá til þegar þið komið hingað, ég er farin að hlakka mikið til að hitta ykkur, pínulítið hrædd líka, ég er alltaf hrædd við framtíðina.

Ég er búin að finna adressuna hjá C.R.O.U.S. sömu stofnun og bjargaði mér í Nís, hana ætla ég að spyrja út í skólamál, hvenær inntökupróf sé fyrir útlendinga og þannig fram eftir götunum. Spannandi að vita -- þessi framtíð. Hún verður bara að koma í ljós, þegar hún kemur.

Jæja, nú slæ ég botninn í bréfið, ég veit ekki hvar þið verðið þegar þetta kemur inn um lúguna, líklega á einhverjum flækingsi útum allan heim. Þá segi ég bara: Velkomin heim -- vona að allir séu við hestaheilsu --

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 23.4.1989.

Komin heim eftir góða ferð til Osló og Stokkhólms. Ásgeir ekki kominn en kemur í dag.

-- Fer ekki út í ferðasöguna enda annað efst í huga sem setti skugga á síðustu daga ferðarinnar og sem ekki er að fullu horfinn. --

Upphafið var að miðvikudag 19.4. vorum við á gangi í miðborg Stokkhólms og litum inn hjá Ásu hjá Fritzés.¹ Þú getur gert þér í hugarlund hvað hún varð hissa og glöð þegar hún sá okkur. Sagðist ekki hafa heyrt frá þér. -- Þegar við skildum vildi hún endilega gefa okkur bók um Stokkhólum um nokkrar sögulegar gönguleiðir. Við vorum einmitt á leiðinni í Gamla stan og tókum strax að ferðast eftir leiðbeiningum þessarar frábæru bókar.

Þegar við komum heim um kl. 5 vorum við svo þakklát Áse að við vildum skrifa henni kveðju og fundum heimilisfangið hennar í símaskránni. Glöð í sinni ákváðum við að nota nú tækifærið og hringja til þín, fá af þér fréttir og fá heimilisfangið. Þá hófst sjokkið. Biðjum góðan guð að halda hlífisskildi yfir þér og okkur öllum.

Þegar mamma þín talaði við frú Gilhespie sagði gamla konan kjökrandi að hún væri sjúk af hræðslu. Hún hefði ekkert heyrt frá þér síðan þú fórst frá henni fyrir páska. Þú hefðir ætlað að koma til baka þann 10.4. en ekki gert það og hún ekkert heyrt af þér frá 25.3. er þú hafðir hringt. Mamma þín lofaði að hringja til hennar fljótt aftur. Nú voru góð ráð dýr. Við höfðum ekki heyrt neitt frá þér eftir 5.4. er þú talaðir við mömmu þína og sagðist fara til Nice 10.4.

Við hringdum í snatri til ömmu þinnar og spurðum hvort bréf hefði komið frá þér og við hringdum í númerið uppi og hún las fyrir okkur bréfið þitt sent frá París 11.4. Þá sáum við að vísu að þú hefðir verið lengur í París en þú hafðir áður sagt. Við báðum mömmu að fletta upp síma Jóns Baldvins, þegar við hringdum til hans var Bryndís í útlöndum og enginn heima sem þekkti til. Sú sem svaraði gaf okkur fimm númer sem gæti verið um að ræða. Hringdum við nú í þau en náðum bara í franskar fjölskyldur við kvöldverðarborð.

Þá fengum við ömmu þína til að fletta upp númeri Jóns Gunnars. Hringdi mamma þín og náði í Jón. Hann gaf okkur númer Heiðu en sagði jafnframt að þú hefðir sagst á korti vera lasin og værir að hugsa um að fara til Korsíku.

Nú hringdum við í númer Heiðu. Þar var stúlka sem heitir Dína. Hafði hún verið í íbúðinni nokkra daga, engan hitt og vissi ekkert um þig. Sagði hún að Heiða væri á Ítalíu og kæmi heim næsta kvöld. Þessi vísbending Jóns bætti mjög úr skák og hringdum við til Mme Gilhespie og sögðum henni frá því, til að róa hana. Ekki vorum við alveg viss um að hún skildi málið því hún grét og sagðist vera *so worried over my dear little girl.*

Við töldum nú kjark hvort í annað en ræddum um þær gifurlegu hættur sem væru í heiminum og hvað glæfralegt væri á ferðum, hvar sem er, á fjöllum á Íslandi eða stóru löndunum, að láta ekki örugglega vita af ferðum sínum, hvenær farið yrði, hvenær komið og hvar mætti í neyð ná í viðkomandi. Að sjálfsögðu væri stúlkan okkar fullorðin, sjálfri sér ráðandi.

Við fórum nú seint og um síðir til Astrid Wennerström, sem beið okkar. Slógum við málinu frá okkur sem best við gátum. Heiða væri ekki komin og því ekki annað að gera en hringja í hana þegar heim kæmi. Þegar við komum heim 21.4. sagði amma þín að Elísabet hefði hringt í sig og sagt vera mjög óróleg út af þér. Þá hafði amma þín fengið kort frá þér dags. 8.4. þar sem þú sagðist vera að spekulera í að fara til Korsíku. Sagði Elísabetu frá því og róaðist hún þegar hún heyrði það.

Strax og ég kom inn úr dyrunum heima hringdi ég í Heiðu og var hún mjög hissa á að þú værir ekki komin heim og engan látið vita. Hún var nýkomin heim og engan hitt. Lofaði hún að hringja út um borgina og leita upplýsinga og skyldi ég hringja aftur. Það gerði ég kl. 19. Heiða sagði að hún hefði komist að því að þú hefðir farið til Korsíku með frönsku fólki og hefðir ætlað að vera þar allt að tveim vikum. Sagðist myndi biðja þig að hafa samband við okkur er hún næði sambandi.

Í gærmorgun, árla, hringdi svo mamma þín til Annecy, en þá var Elísabet burtu í helgarferð fram á mánudag. Hringdi hún þá í Marianne sem sagði að þau og Mathezfólkið hefði verið að grennslast fyrir um þig og væru allir mjög órólegir. París væri hættuleg borg þar sem ýmislegt gæti komið fyrir fólk. Bað mamma þín Marianne að hringja í gömlu frú Gilhespie og róa hana.

Rétt í því kom svo expressbréf frá gömlu konunni, sent frá Nice 18.4. daginn áður en við náðum í hana:

I just found your address! I am worried sick about Auður. She left me to go to her brother on her Easter holiday on the 24 March. She phoned me on the 26th. Everything was well. Her brother came to fetch her at the station. Then nothing. She should have been back on the 10th of April, as she marked on her calendar. So we expected her, but nothing. I don't have her brother's address in Paris. My friend helped me to look through the Minitel,² but nothing. At last I found you, but not having your christian name, I can't get your phone nr. Please send me some news of our little darling friend. I love her like a granddaughter.

Þannig standa mál hér nú, elsku Auður mín. Við erum enn í óvissu um ferðir þínar og velferð. Við treystum þér og vitum að þú ferð varlega, en þú skilur af þessu bréfi að þessi atburður kom eins og reiðarslag yfir okkur og fleiri. Eins og leit út í fyrstu var eins og þú hefðir horfið og enginn vissi hvar þig væri að finna. Við erum ekki að reyna að stjórna þínu lífi á neinn hátt öðruvísi en að muna eftir nauðsynlegri tillitssemi og varúðarráðstöfunum til fyllsta öryggis og koma í veg fyrir svona mál.

¹ Ása, vinkona Auðar frá Karlstad. Fritzés er/var helsta bókaverslun Stokkhólms.

² Franska símaskráin á tölvu.

Ég sendi þetta í faxi í fyrramálið. Við vonum að allt sé í lagi. En róleg verðum við ekki fyrr en við heyrum frá þér. –

Skýring einföld: Póst-og símaverkfall á Korsíku.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Bonifacio. 28.4.1989.

-- Bonifacio! Hvar í fjandanum er það, hvað er Auður að gera þar og hvar hefur hún alið manninn upp á síðkastið? Já, ég ætla að reyna að útskýra málið, þó mér finnst þetta sjálfri í rauninni of undarlegt til að skilja það. Til að byrja með get ég sagt ykkur að Bonifacio er allra syðsti punkturinn á Korsíku. Þar sit ég á tjaldstæði, en veit að ég get ekki póstað þetta bréf, þar sem öll Korsíka hefur verið í verkfalli síðustu þrjá mánuði og pósthjónustan í lamasessi.

Jamm. Síðast þegar þið fréttuð af mér lá ég í flensu í París og nú er ég á Korsíku. Ég lokaði bara augunum og þegar ég opnaði þau aftur

Hugmyndin kom upp þegar ég var að ræða við kunningja minn í París (ekkert no-no-no hér) að gaman væri að ganga á fjöll Korsíku, í hinu rómaða landslagi. Ég var þó ekki á því að fara að missa af skólanum í dálítinn tíma, en var samt á báðum áttum. Að lokum, eftir langa umhugsun. Þá hugsaði ég til ömmu minnar, sem alltaf hefur hvatt mig í allar ferðir, og ákvað að -vantar- ef ég myndi ekki fara núna, þá myndi ég aldrei fara til Korsíku. Þannig var nú sú ákvörðun tekin. Á þessum tíma þarf ég heldur ekki að fara út með hundinn, né vera máltíð flóa. Kennarana mun ég svo ræða við, þegar ég kem til baka.

Við flugum til Bastia¹ og héldum strax í gönguferðina, vel merktir göngustígar um fjöll og firði, ákveðin leið á milli Calenzana og Cargese.² Gönguleiðirnar eru að jafnaði milli fimm og sex klst. á dag. Ég veit ekki hvernig ég get lýst þessu öðruvísi en að þetta er erfiðara en að drekka vatn. Að klífa fjöll, með tuttugu kíló á bakinu er sannarlega áreynsla. Mér varð oft hugsað til gönguferðanna sem fjölskyldan fór í, ævinlega var ég síðust og undir lokin var vart hægt að draga mig áfram nema æpa: ORKA OG ÁVEXTIR!!³

En þarna var ég, sem sagt, æst að klifra upp á hæsta tind. Erfiðrið við að komast upp launaði sig margfalt, jafn stórbrotið landslag hef ég vart séð, maður horfði alveg agndofa í kringum sig. Þegar komið var í næturstað, þá var ég alltaf dauðuppgjefin, borðuðum strax og svo var slökkt á mann, þar til næsta morgun. Við fórum bæði að sofa og á fætur með sólinni. Á daginn brenndi hún mig þannig að nú er ég með, - eða í raun, alls ekki með nef, því það er að mestu leyti flagnað af. Ég fékk heimsin mestu harðsperrur sem um getur, ég sló bæði persónulegt og alþjóðlegt met, þrátt fyrir að leikfimitímarnir hafi oft ætlað að ganga frá mér. Nú finnst mér ég vera virkilega hraust mannsveskja.⁴ Það er svo langt síðan ég hef farið í alvöru útilegu-leik, ég ætla stundum alveg að springa út af allri þessari náttúru, sem er í kringum mig.

Korsíkubúar eru undarlegt fólk, þeir eru svo latir, sitja bara á götum úti og bíða eftir túristum. Það sem túrismatíminn er ekki byrjaður enn, þá eru þeir bæir sem við komum til alveg dauðir og fólkið jafn dautt.

Eitt þorp, sem við komum til, var sérstakt. Það heitir Girolata og engir vegir liggja þangað. Eina leiðin til að komast þangað er sjórin eða gönguleiðir, algjörlega einangrað. Þar var opið kaffihús og um kvöldið settumst við þangað inn, til að hlýja okkur. Það var frábært að sitja innan um fiskimennina sem drukku sig fulla, töludu hátt og skemmtu sér saman. Það var eins gott að túristatíminn sé ekki byrjaður, því þar var ekki utanaðkomandi kjaft að sjá, nema okkur, auðvitað.

En við kláruðum ekki gönguferðina, fórum hana rúmlega hálfa, ákváðum að það væri ágætt að skoða aðra rómaða staði. Þannig að við tókum rútuna hingað til Bonifacio, mjög fallegan stað, og höfum farið í gönguferðir allt um kring. Það er gott að labba um, laus við þessi svakalegu þyngsli á bakinu.

Veðrið hefur að vísu ekki verið upp á marga fiska, fyrri partinn hefur rignt, og svo tekið við hið argasta rok, eins og það gerist best heima. En maður er nú ekki Íslendingur fyrir ekki neitt, þar að auki af hraustu kyni komin. Ég kalla nú ekki allt ömmu mína og æði af stað með kuldabola á eftir mér.

Nís. 1.5.1989.

Jæja, þá er ég komin „heim“, búin að lesa bréfin sem biðu mín og búin að fá ærlegan skell fyrir að hafa horfið út af ratsjá, þeirra sem mér þykir vænst um, þetta langan tíma. Ég veit að þetta, eins og við höfum talað um, er útrædd mál og ég hef sannarlega mikið til að læra af, læra það sem ég vissi þó alveg fyrir inni mér, er ég þó leið, leið yfir því að hafa gert öllum ljótan grikk, sem ég mundi aldrei hafa viljað hafa gert.

Ég verð að segja, að allan tímann sem ég var á Korsíku vissi ég með sjálfri mér að hlutirnir hefðu farið á þennan veg, en ég stóð frammi fyrir því að geta ekki gert nokkurn skapaðan hlut í málinu. Því segi ég bara að ég vona af öllu hjarta að þið séuð ekki alveg búin að missa trúna á mér, ég vona að minningin um mig sé ekki að breytast í skrímli.

Nú er hún Mme Ghilhespie komin heim og orðu nú aldeilis fagnaðarfundir, hún var virkilega ánægð með að sjá mig, var ekki með nein leiðindi, sagði að það eina sem skipti máli, að ég sé komin heil á húfi.

Mér líður öllu betur núna, eftir að málin eru komin á hreint og lífið farið að ganga sinn vanagang á nýjan leik. Ég hlakka til að stunda skólann af fullum krafti, vinna upp það sem ég hef misst úr og vera dálítið dugleg.

¹ Bastia, fagur hafnarbær á austurströnd Korsíku.

² Calenzana, inni í landi, Cargese, hafnarbær á vesturströndinni.

³ Þetta fjölskylduorðtæki var fyrst notað í Öskju þegar við vorum á ferð með hóp krakka að Hvarfi í Bárðardal þar sem við heimsóttum Ásgeir, sem var þar í sveit. Magnús Haraldsson, systursonur Sirríar (nú yfirlæknir) var alveg að gefast upp, þá fundum við þessa aðferð til að létta okkur fôr að syngja það í takt og „marsera“ hönd í hönd af krafti.

⁴ Fjölskylduorðtæki.

Á morgun ætla ég að heimsækja C.R.O.U.S. aftur og fá upplýsingar um háskólanám í Frakklandi. Þannig er það margt sem bíður mín, mörg verkefni að takast á við og mér finnst það spennandi.

Það verður aldeilis gaman að fá Dag í heimsókn. Mér finnst óratími síðan ég sá hann síðast. Það verður eflaust allt öðruvísi að hitta hann í útlöndum og mun rólegra, því ég þarf ekki að deila honum með neinum öðrum. --

Ég hefði ekki haft hugmynd um þessa blessaða söngvakeppni ef ekki hefði verið fyrir milligöngu Djé-vaffs. Já, svo eru það verkföll kennara, sem ég er svo blessunarlega laus við. Nemendur í Vestmannaeyjum gerðu rétt í að styðja ekki kennara í þetta skipti. Kennarar nota nefnilega nemendur eins og þeim sýnist. Alla vetur erum við ekkert nema vitleysis krakkagemlingar sem ekki er hægt að ræða við á manneskjulegan hátt. En! -- þegar þeir svo taka sig til og fara í verkfall, þá á að vera mikil samstaða, kennarar og nemendur svo góðir vinir og standa saman. Kannski eru margir kennarar illa launaðir, en þeir eru margir ekki fimm aura virði. Ekki vil ég styðja kennara sem ekki getur kennt skikkanlega í að fá hærri laun - og hana nú!! --

Á morgun er skóli klukkan tíu. Verð ég eflaust spurð spjörnum úr, þar sem annars staðar, en ég skáka með mótsþurningum, veitir ekki af, eftir nokkra þögn.

-- Dásamlegt bréf beið mín frá ömmu Fríðu. Það gerir mig svo hamingjusama að hún er alltaf svo glöð og hamingjusöm í bréfunum sínum. Það er öruggt að fólk kann misvel að leika sér í þessu lífi. Ásgeir skrifaði líka kröftugt bréf, -- duglegur -- svarar alltaf bréfum undir eins. Ég hló mig máttlaus af lýsingum hans á kvennafari Arthúrs Björgvin sem þar að auki er nýgiftur --

Á morgun ætla ég að senda þetta bréf á þann hátt sem þið stunguð upp á.¹ -- Vona að allt sé í góðu milli okkar og bréfasamband hefjist á nýjan leik, eins og áður.

Skilið kveðju til allra. Þið eruð allt sem ég á, þannig að ég er ekki róleg ef sambandið er ekki gott. -- Ástarkveðjur. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Nís. 4.5.1989.

-- Uppstigningardagur, enn einn frídagurinn, mánuðurinn einkennist af frídögum á við og dreif. Þetta er í fyrsta skiptið sem mér finnst frídagar til ama, því ef maður er ekki í skólanum, þá neyðist maður til að gera ekki neitt.

Ég er búin að tala við kennarana og þeir létu mig hafa ansi margar æfingar í heimavinnu til að vinna upp. Ég er strax byrjuð af nokkrum krafti og hef bara nokkuð gaman af!

Þið eruð líklega búin að fá bréfið frá mér sem ég sendi í *postclair*. Því miður sá ég mér ekki fært að senda daglega bréfin til ykkar með þessari ljómandi þjónustu, því þetta eina bréf til ykkar fór yfir hafið fyrir sama verð og tuttugu og átta bréf til ykkar í venjulegri pósthjónustu.² Ég lofa ykkur hins vegar að þegar ég er búin að giftast Albert prins af Mónakó þá sendi ég ykkur sjö bréf á dag í POSTECLAIR á kostnað kasínósins.

Ég er farin að hlakka mikið til að fara aftur að hitta bróður minn í París, ég veit að sú gamla verður skíthrædd að sleppa mér aftur úr augsyn. Það verður dásamlegt að hitta ykkur aftur, mér finnst ég hafa svo mikið að segja ykkur, en ég veit að loxins þegar ég hitti ykkur verð ég orðlaus alveg. Þannig er það alltaf. LÍFIÐ ER SALTÞISKUR.

Í gær var ég boðin í undarlegt kvöldmatarboð til líbansk stráks sem er með mér í bekk. Hann býr í pínulítili íbúð ásamt bróður sínum og fleiri Líbönum, allir búnir að fá nóg af stríðinu í Beirút og komu sér burtu. Nú, það sem var undarlegt við þetta matarboð var að einu sinni á ári er undarlegt tímabil í trúarbrögðum Islams, sem stendur yfir í einn mánuð. Mér hefur ekki tekist að skilja ástæðuna eða tilganginn, enda er það ekki neitt í tengslum við minn eða vestrænan hugsunarhátt. Þennan mánuð má ekki innbyrða neitt meðan sól er á lofti, hvorki vott eða þurrt og alls ekkert áfengt þennan mánuðinn. Um kvöldið, þegar sólin sest, er sest að snæðingi og aðra eins máltíð hef ég ekki bragðað, aldrei séð annað eins. Þetta var svangt fólk, sem kastaði sér yfir matarfötin, hvern réttinn á fætur öðrum, og þannig líður öll nóttin, alla nóttina er borðað. Ég fór nú að hugsa til heimferðar eftir fyrstu sjö réttina, en þá var enn snemma kvölds. Trúarbrögð eru undarlegt fyrirbæri; mér er hins vegar illa við allt ofstæki í þeim, því það er það sem stefnir heiminum okkar í hættu.

Annars er ég fremur óróleg, framtíðin er enn einu sinni að angra mig - það undarlega er að í hvert skipti sem ég fer að hugsa lengra en nokkra daga, þá verð ég voðalega áhyggjufull. Kannski algjörlega að ástæðulausu, en mér finnst samt að mér megi ekki standa á sama. Æ.. ég ætla ekki að fara að velta mér upp úr því núna, koma tímar, koma ráð.

Sumarið er komið hérna í Nís og ströndin er hérna við dyrnar mínar. Enn hef ég ekki lagt í að fara í sólbað, en ég er að hugsa um að leggjast út á eftir. Það er alveg staðreynd: þegar ég er óróleg og með einhverjar sálarflækjur í hausnum mínum, þá virðist losna um eitthvað þegar ég tala við sjóinn, hann er svo ógnarstór og getur tekið endalaust við vandamálum. PÁSA

Jæja, ég fór á ströndina, en var bara í stuttan tíma, því ég veit, af fenginni reynslu, að mín auma húð mótmælir of stórum skömmtum af sól.

Ég var akkúrat nógu lengi til að fylgjast með hjónum með ungabarn, frá því að vera glöð og ánægð að dútla við krakkann, þangað til þau fóru að rífast og krakkinn, dauðþreyttur og hágrenjandi. Þá ákvað ég að fara heim áður en þau færu að slást og myndu svo sættast aftur. Ekki að spyrja að blóðhitnum.

Gamla konan var aldeilis glöð að fá fréttir af lopapeysunni og vill ólm kaupa eina slíka. Hún veit hins vegar ekkert um hvaða lit eða neitt. Af einhverjum ástæðum hefur hún ofurtrú á mömmu, talar um hana eins og hverja aðra æskuvinkonu; „ég veit hvað hún mamma þín hefur góðan smekk“ og ég get ekki tekið þessu öðru vísi en hrósi um mig, því ég veit ekki til að hún þekki móður

¹ Postclair.

² Þetta virðist ekki merkilegt, en er þó merki um nýja senditækni, sem leiddi til þess að sendibréf lögðust niður og samskiptamáti þeirra dó út ásamt sendibréfasöfnum eins og þessu!

mína afskaplega vel, þó ég geti tekið undir að hún hafi góðan smekk í einu og öllu. Þið eigið kannski í telepatísku sambandi, án þess að ég viti. -- útkoman var hvít lopapeysa, kremuð, hneppt upp í háls. -- Ef þið mynduð svo geta komið með hana til Parísar, þá gæti ég borgað ykkur 550 franka og flutt dýrgripinn til Nís -- Hún er afskaplega spennt fyrir þessu. Það má vart á milli sjá hver er spenntari hún eða ég, að ég fari að hitta foreldra mína. --

Við fórum út að borða í hádeginu saman, hún, ég og hundurinn. Ekki veit ég hvor borðar meira af diskunum hennar, hún, ég eða hundurinn; en það er alveg gefið mál að kvikindið fær ekki neitt af mínum disk: URRDANBÍTTANN. Ég fékk mér pizzu sem þjónninn benti mér á sem grænmetisætu að væri virkilega góð. Svo kom pizzan og var hráefnið í henni hakkað kjöt! Ég kallaði á þjóninn -- Það er einmitt á þessu stigi sem ég þoli ekki Frakka (reyndar miklu fleiri stigum), því þjónninn skammaði mig fyrir að vilja ekki borða pizzu sem ég pantaði ekki. Mig langaði til að segja honum ýmislegt um hann og mömmu hans, en þar sem ég var með Guillaîne, þá setti ég upp geislabauginn og pantaði aðra pizzu --

Þetta var hinsvegar mjög skemmtileg máltíð, þar sem Guillaîne sagði mér allt um þrjú hjónaböndin sem hún á að baki, hvernig þau hafi komið til og hvernig þau hefðu endað. Hún er ung í anda, frjálssleg og spyr mig líka um allt mitt. Það getur verið gaman að tala við hana.

-- Hún sagði mér að maðurinn sem hún hefði eiginlega elskað mest í lífinu hefði verið *impotent* og því hefði sambandið ekki gengið upp. Það var fyrir tilviljun sem ég þekkti orðið yfir getuleysi, þar sem ég var nýbúin að lesa franska bók þar sem það kom fyrir. Venjulega er ekki mikið um orð af þessu tagi í orðaforða mínu - ég var voða stolt.

Ég reyni að lesa franskar bækur af kappi -- sem hjálpar mikið upp á orðaforða og málið almennt, fyrir utan hvað það er gaman að lesa. -- Það sem kemur mér oftast á óvart, eru orð sem ég nota kannski hundrað sinnum á dag en hef ekki hugmynd um hvernig eru skrifuð. -- Ég er orðin spennt að hitta ykkur í París, ég reyni að hugsa ekki mikið um það, ég á það til að gleyma stund og stað og missa öll tengsl við raunveruleikann.

Mér líst vel á uppástungu pabba um að þið farið í bátsferðina með Jójó og Óla, mér líst vel á allar uppástungur -- ein hugmynd var þó langsamlega best og var hún að mér skilst frá hinni smekklegu móður minni komin: **SNEMMA Á FÆTUR!! SEINT AÐ SOFA!!**

Dagur Eggertss. skrifar Friede Pálsd. Briem. Róm. 6.5. 1989.

-- byrja á að þakka þér fyrir peningana sem þú sendir mér þegar pabbi og mamma komu í heimsókn. Sú heimsókn var alveg yndisleg og hafa þér sjálfsagt þegar borist ítarlegar fregnir af henni.

Þessi Rómarferð er einstök. Ég lít á það sem forréttindi að komast með í hana því það eru ekki allir arkitektastúdentar sem eiga kost á því að njóta leiðsagnar svo frábærs kennara. Ekki síst hérna í Róm þar sem evrópskur arkitektúr *óx úr grasi*.

Já það er gaman að vera hérna, ekki ein einasta mínúta leiðinleg. Við byrjum á morgnana klukkan níu með fyrirlestri fyrir framan einhverja af þessum sögufrægu byggingum hérna. Svo göngum við um bæinn og skoðum það markverðasta. Hver dagur - *skóladagur* - er svo búinn upp úr eitt eða tvö, þannig að það er nógur tími til að ganga um, skoða og teikna. Núna erum við búin að vera hérna í viku og komin í gegnum arkitektasöguna frá því um Krists burð og fram á 17. öld. Í dag erum við að skoða Péturskirkjuna sem stóð fullbyggð árið 1627.

Eftir viku lýkur svo skoðunarferðinni og þá ætla ég að heimsækja Auði og Ásgeir á leiðinni til baka. Við höfum nefnilega vikufri áður en skólinn byrjar aftur. Það verður örugglega mjög gaman, ég hlakka mikið til. Þú færð svo fréttir af því seinna. Ég læt þetta gott heita í bili og bið að heilsa fólkinu okkar. Hafðu það gott, amma mín.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 8.5.1989.

-- gaman að fá bréfið þitt á faxinu. Bæði er það almennt skemmtilegt, en einkum gaman að skynja þinn indæla tón og stíl og fá á tilfinninguna að allt sé í góðu lagi hjá þér - og okkar á milli.

Við höfum haft heilmikið að gera. Mamma þín að skila af sér ýmsum verkum og unnið í reikningum TFÍ fyrir reikningsskilin. Ég var að ljúka þýðingu fyrir hana á leiðbeiningum í tannhirðu aldraðra. Mikið skemmtilegt verk. Mér þykir fátt skemmtilegra en að reyna mig við verk sem eru utan við það sem ég fæst venjulega við.

Í gær voru hjá okkur tvær finnskar konur. Tua Kurtén vinnur hjá finnska rafveitusambandinu, Berit hjá Finnsk-sænska menningarsjóðnum sem heldur utan um menningarstarf meðal sænskumælandi Finna. Er hún aðstoðarmaður Tallgren, sem ég var í mikilli samvinnu við þegar ég var hjá R.K. Báðar eru þær Finnlandssvíar, tala þetta ágæta mál sem smám saman hverfur í haf finnskunnar.

Við fórum með þeim ýmsar leiðir, m.a. hinn nýja Nesjavallaveg, sem reyndist lokaður vegna snævar og við þurftum að snúa við. Var dásamlegt að vera þarna undir Hengli í gláðasólskinum á snjóbreiðunni. Svo fórum við í Hveragerði, létum Grýtu gjósa og loks um Eyrarbakka, yfir nýju Ölfusárbrúna og Krísvíkurveginum heim. Þær Berit og Tua höfðu verið á ráðstefnu einkaritarara, sem var mjög vel heppnuð og þær því ánægðar. Í dag koma þær svo í heimsókn til SÍR.

Ásgeir hefur verið hér, öllum aufúsugestur, alltaf jafn þægilegur og rólegur. Hann var að safna efni fyrir lokaritgerðina sína. Hann hélt veislu fyrir æskufélagana og bjó til afbragðsmat handa þeim. Virtust þeir hafa það skemmtilegt. Við fórum í fyrstu ölkraarheimsóknina okkar og í bíó og skemmtum okkur líka vel. --

Sumarið er að ganga í garð. Hér er hlýtt, einn daginn sól og heiðskírt, annan ausandi rigning, eins og vera ber. Blómin þjóta upp úr moldinni, Bergstaðastrætið allt útgrafið. Verið er að leggja rosalegan rafmagnsstreng enda borgarinnar á milli. Svo fáum við nýjar hellur og voða fint götukerfi. Meira að segja á að grafa garðinn upp til að láta okkur fá nýja rafmagnsheimtaug. Svo við ættum að geta kveikt falleg ljós þegar þú kemur. --

Eggert Ásgeirss. og Sigr. Dagbjartsd. skrifa Thomas Schartau. Rvík. 10.5.1989.

Sendum vini okkar í Stokkhólmi þakkir fyrir gestrisnina. Lætur vita að áður en þau fóru úr húsinu hefðu þau þurft að nota símann mikið sem sé vegna þess að þau gátu ekki fundið Auði. Síðar kom í ljós að hún hafði farið til Korsíku í nokkurra daga fjallaferð á leið sinni (frá París?) til Nice. Hún gat ekki hringt til að láta vita af sér vegna verkfalls og ekki sent bréf. Seinna kom í ljós að hún hafði látið, bæði ömmu sína og konuna sem hún býr hjá, vita um ferðir sínar, en báðar höfðu gleymt því. Fjallaferðin var mjög vel heppnuð.

Segir frá því að Ásgeir sé að skrifa meistaraþrófsritgerðina. Hann var hér, en fór aftur í morgun. Ánægjulegur piltur sem einstaklega gaman er að fá í heimsókn.

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Róm 11.5.1989.

-- Er þetta ekki fyrsta bréfið sem ég skrifa frá því við vorum saman í Osló? Takk fyrir síðast. Ég sé þessa tvo daga í rósrauðum bjarma, það var svo gaman. Það var líka óhemju gaman að geta skilað frá sér þessu síðasta verkefni með góðri samvisku, eftir að hafa unnið með það þetta langan tíma, haft það undir góðri stjórn, rannsakað, leitað og geta svo skilað því ánægður. Hluti af ánægjunni af að fá ykkur í heimsókn var einmitt þetta, að hlutirnir voru alltaf undir góðri stjórn þannig að maður gat leyft sér að taka frí með góðri samvisku.

Það næsta sem bíður, er að útvega sér vinnu í Stokkhólmi, en ég reikna með að allt gangi upp. --

Svo sit ég hérna í Rómarborg, í órafjarlægð frá norrænni menningu (fyrir utan ferðafélagana) og læt hugann reika um fortíðina og framtíðina. Hérna er tíminn nánast óskiljanlegt fyrirbæri þar sem tvö þúsund ár geta skilið að tvo steinhnullunga í menningarsögunni.

Maður fer ósjálfrátt að láta hugann reika hundrað ár fram í tímann og ímynda sér hvað komi þá til með að liggja eftir mann. Hmm?

Að minnsta kosti hefur þetta verið mjög *gjöful* ferð - skemmtileg og fróðleg. Er það ekki besta leiðin til að ná tökum á hinu lærdómsríka, að njóta lífsins og tilverunnar í leiðinni? Verðlag á víni hér á slóðum hefur a.m.k. ekki latt mann til þess.

Nú er fimmtudagur og á morgun verður síðasti dagur ferðarinnar, lokahátíð annað kvöld. Eftir hana tek ég svo næturlest norður á bóginn til Auðar og verð þar í þrjá daga. Svo tek ég næturlest til Ásgeirs -- og verð þar líka í þrjá daga. Að því loknu bíður Osló og svo Stokkhólmur eftir mér. Það er dýrmætt að fá tækifæri til að ferðast svona. Að lokum. Hafði það gott. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Nís. 12.5.1989.

-- það er mikið að gera við að vinna upp námsefnið sem ég missti úr. Ég hef mikið gaman af því, en það er erfitt að skrifa pistla á þessu máli sem er, að mér virðist, ekkert nema boð og bönn, fyrir utan náttúrlega allar undantekningarnar, en þær eru annar vettlingur.

Já, það er ýmislegt sem ég ætlaði að tjá mig um í þessu bréfi, ég er svona að reyna að skipuleggja hvar ég eigi að byrja, því ég er búin að hugsa svo mikið undanfarna daga, að það stendur ekki steinn yfir steini í hausnum á mér, satt best að segja er ég alveg kolrugluð.

Ég byrja á að þakka fyrir skemmtilegt og hlýtt bréf frá þabba -- stútfull um strúktúr setning í frönskunni, sem má nú aldeilis ekki vera hvernig sem er, ó-nei! Mér var svo mikið niðri fyrir að opna bréfið og sannfærast um að örugglega væri allt í góðu milli foreldra og dóttur, að ég tætti bréfið upp, las fyrstu setninguna, lagði bréfið frá mér og andaði djúpt á meðan sælubros breiddist út milli eyrnanna á mér, sagði sí-svona: Æ, þetta er indælt líf! --

Þið eruð forvitin að vita hvort ég hafi drifið mig á skrifstofu „krúss“ á Blómagötu. Það er einmitt ástæða fyrir ringulreiðinni í hausnum á mér, ég hef legið undir feldi allan mánuðinn og reynt að komast að leyndardómi lífsins, ég gerði mér nefnilega alveg grein fyrir að það er ekki nóg að mæta á skrifstofuna, ég yrði líka að vita um hvað ég ætti að spyrja. Nú svo var það á þriðjudaginn, þegar ég var að labba heim úr skólanum klukkan tvö, að ég velti fyrir mér, hvort ég ætti kannski að koma við í Blómagötu -- höfuðstöðvar CROUS hérna -- en þar sem þetta er svo venjuleg hugsun, sem ég hugsa í hvert skipti sem ég fer heim úr skólanum, þá hugsaði ég líka það sama og alltaf, nei best að gera það frekar á morgun, þá verð ég betur undirbúin (stundum kallað sjálfsblekking). Þá verður mér hugsað, hvað það væri gaman að koma heim, ég gæti farið út með hundinn, fært gömlu konunni te og stjánað við hana. Það fór það þannig að ég stóð fyrir framan CROUS og sá að ekki varð aftur snúið.

Hjá CROUS talaði ég við hina geðslegustu konu sem sagði mér að þær upplýsingar sem mig vantaði, fengi ég ekki hjá þeim, heldur á skrifstofu sem heitir CIO (ekki veit ég hvað það stendur fyrir, Frakkar skammstafa allt sem hefur fleiri en einn sérhljóða) og er ekki langt frá. Þangað fór ég, eftir að hafa enn einu sinni ýtt frá mér „á morgun“-hugsuninni. Þar tók á móti mér enn geðslegri kona sem bauð mér inn á privat skrifstofu og skrifaði niður allt sem ég stamaði út úr mér í vandræðum mínum. Mér fannst ég miklu fremur vera hjá sálfræðingi heldur en á opinberri skrifstofu, þægilegt því andrúmslostið var fullt trúnaði. Ég stamaði út úr mér því sem ég hafði hugsað um undanfarna daga. Varð úr að ég spurðist fyrir um skóla sem tengdust fjölmiðlum. Damm-damm. **Skrefið var stigið.** Ég veit ekki almennilega hvernig ég komst að þessari niðurstöðu -- það verður að tengjast því sem ég hef áhuga á í raun. -- Nú, konan var alltaf jafn alúðleg, dró fram fimmtíu möppur með upplýsingum um skóla. -- Jú ég labbaði heim með feikna af ljósritum undir hendinni. --

Þess ber að geta að eiginlega allir skólarnir krefjast tveggja ára almenns háskólanáms áður en farið er út í sérnán. --Þá er ég komin út í -- háskólanám, sem ég ætti þess vegna að geta stundað í hvaða háskóla sem er í landinu. En -- til að komast inn í franskan háskóla fyrir útlendinga verður að fara í sérstakt próf -- í öllum skólum, í febrúar.

Lengra ætla ég ekki að halda áfram í spekúlasjónum -- ég veit ekki hvort þið lesið þetta áður en ég hitti ykkur -- það eina sem ég veit að nú eruð þið eflaust í Flatey, innan um organdi fugla og eldið veislumáltíð eftir u.þ.b. klukkutíma og látið ykkur líða vel - jafnvel með sitthvora skrudduna, jafnvel tvær!

Í morgun var skemmtileg umræða í skólanum, munurinn á heimalandi okkar og Nís, þó aðallega munurinn á fólkinu. Við skemmtum okkur konunglega yfir frásögnum krakkanna -- reynsluna og neikvæðar minningar af Frökkum. Held að kennarinn hafi skemmt sér best -- hún skellihló yfir álitni okkar á samlöndum sínum, sem almennt komu mjög illa út úr þessum umræðum -- hafa allir mikið til málanna að leggja. -- Það er undarlegt að tveir bestu vinir mínir, Ning-Ning og Holger (sem ég held að ég sé búin að segja ykkur frá)¹ eru þau einu í bekknum sem geta endalaust talað. Ég er miklu duglegri við að tjá mig núna, heldur en áður -- náttúrleg hlýtur mér að hafa farið oggolítið fram og svo er ég laus við feimni.

Ég hitti Ning-Ning alltaf sjaldnar og sjaldnar, hún mætir voða lítið í skólann. Þegar við hittumst þá er þráðurinn alltaf tekinn upp þar sem fyrr var frá horfið, við getum blaðrað endalaust saman. Í mörgu erum við algjörlega sammála en svo eru aðrir hlutir þar sem berlega kemur í ljós að hún er alin upp í öðruvísi samfélagi en þekkest hér, og ég í vestrænu. Það var þegar hún sagði mér að hún myndi ekki vilja að maðurinn hennar snerti matargerð og heimilisstörf, því það væri kvenmannsverk! Ning-Ning þó! Ég stakk upp á að rétt væri að skipta þessu nokkurn veginn jafnt á milli, en það vildi hún ekki heyra á minnst. Hún ætti að tala við Rósu Ingólfs.

Jæja, ekkert hef ég heyrð frá Daxa ennþá, hann er kannski hættur við að heimsækja mig og farinn að hitta bróður okkar í París! Ég hlakka engu að síður mikið til að hitta strákna. -- Ég bið fyrir kveðju heim -- **STOPP** -- Dagur var að hringja frá Járnbrautarstöðinni, ég verð að hlaupa. --

Eggert Ásgeirss skrifar Degi og Ásgeiri Eggertss. Rvík. 22.5.1989.

Er að mála kjallaragólfíð, bíta við stóra hluti. Allt komið í lag svo hægt verður að taka á móti Hübnerhjónum, frægum lækni og konunni hans, sem er frænka af Briemsaett í Þýskal. Þau komu strax og Ásgeir hafði samband við þau vegna ættartölnunnar. Buðum þeim að búa hér. Þá förum við til Parísar, hittum Auði; líka Jójó og Óla B. Thors.

-- Til viðbótar málningarfréttum er lítið. Amma ykkar er ánægð og kát. Hún vorkenndi mér mikið fyrir hvað ég hefði unnið mikið í gær við málninguna. Ég var með útvarp hjá mér. Svo málaði ég mig út úr húsinu um hádegis og endaði við kjallaratröppurnar. Útvarpið dundi inni en ég komst ekki að því til að slökkva á því, ekki fyrr en um kvöldið.--

Nú þarf að hefja garðvinnu.

-- Eiginlega eru sumrin heldur þreytandi. Þarf að gera svo margt sem ég hef lítinn áhuga á. Sitja í stól í sólinni, slá og raka tvisvar í viku -- Vera alltaf að ætla túra hingað og þangað, heimsækja fólk í sumarbústaði og eyða einhverjum lífandis óskapar löngum og mörgum sumarleyfisögum. Ef maður gerir þetta ekki allt og gerir bara það sem skemmtilegast er, sitja og grúska, binda bækur og skrifa, er maður álitinn afbrigðilegur ónyjungur, leiðinlegur í þokkabót. Og það þótt mjög sé erfitt að sitja inni þegar sólin skín, jafnvel á sjónvarpsskjáinn eða beint framan í mann svo maður grillir ekki hvað á skerminum er. Í ofanálag stendur hér fyrir utan sjálfskaparvitið, jeppi, sem verður að nota, djöflast upp í sveit með tjald í rigningu og kulda. Ef það er ekki gert eru jeppakaup úrskurðað hin mesta ráðleysa og mistök. Það getur maður ekki látið á sig sannast. Er nokkur furða þótt ég verði taugaveiklaður og ruglaður í ofanálag.--

Verkföllum lokið með verðbólguáminningum, allir jafn ánægðir með að fá nákvæmlega jafn margar krónur í umslagið -- Fleira ekki. Vinnusparnaðarbréfi lokið. --

Dagur Eggertsson skrifar foreldrunum. Stokkhólmur. 1.6.1989.

-- má með sanni segja að fjölskyldan sé á faraldsfæti. Þið út um allt, svo að segja, Auður með ykkur í París og ég man varla lengur hvar ég var síðasta mánuðinn. En núna er ég að minnsta kosti kominn til að þjónast á gömlu ritvélinni hans Tómasar og eins og þið sjáið lætur hún ekki fullkomlega að stjórn -- enda er *illur ræðari*. --

Segir frá þökkun búslóðar í Oslo og ferð til Stokkhólms.

Svo kom ég hingað til Stokkhólms -- Tómas var hjá Ullu í Vermlandinu þannig að ég hleypti sjálfum mér inn eftir að hafa grafið útidrylykilinn undan steininum fræga hér fyrir utan. Tómas hafði ég haft samband við áður til að fá gistingu þangað til íbúðin hennar Viveku losnaði. Ég hafði samband við Viveku sama dag og ég kom. Hún bauð mér í mat til sín um kvöldið. Það var mjög gaman að hitta hana aftur. Við röbbuðum heilmikið saman, hún sýndi mér íbúðina sína og kisuna og *atelierið* sem hún ætlar að lána mér -- altsvo, fylgir með íbúðinni.

Daginn eftir fór ég svo í atvinnuleit. Fór í atvinnumiðlunina og kannaði jarðveginn. Niðurstaðan var sú að mikið er um vinnu hér, en launin í lægri kantinum yfir alla línuna. Ég ákvað að salta málið, fór á *Moderna Muséet*. Þar var allt það sama á veggjunum og síðast þegar ég var hérna, nema að í einum hliðarsal var sýning á myndskreytingum Salvator Dalí. Skemmtilegt.

Í gær hitti ég svo Viveku frænku aftur. Hún þekkir nefnilega íslenskan innanhússarkitekt sem er með stofu í nágrenni við hana. Við mæltum okkur mót með *arkitektamarkaðinn* í huga og fá leiðbeiningar um hvernig maður ætti að bera sig að í leit að vinnu. Sjálfur hafði hann ráðið til sín aðstoðarfólk og gat ekkert gert fyrir mig en benti mér á líklega stofu; fór þangað og áfram þar til ég hafði farið á einar tuttugu stofur. -- Ég get samt verið bjartsýnn -- Sem sé, ég er á veiðum. Svo flyt ég til Viveku á morgun. --

Það verður gaman að fréttu af ævintýrum ykkar í París.--

¹ Þau fóru saman til Korsíku.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 4.6.1989.

-- gaman að vera með þér í París og ævintýrlegt að sitja á Café de la Paix og sjá þig koma út úr mannfjöldanum. Ferðin heim gekk vel -- Þegar við komum heim um miðnætti voru gestirnir frá Frankfurt, Bertold og Brigitte Hübner komin. Amma þín hafði tekið á móti þeim, og þau farin að sofa. Við vorum heldur en ekki spennit um morguninn að hitta þau og sjá hvers konar fólki við vorum búin að bjóða að vera hjá okkur í viku.

Við urðum ekki fyrir vonbrigðum því þetta var hið allra viðkunnanlegasta fólk, bæði um sjötugt og komin á eftirlaun. Hann heilaskurðlæknir og hún læknismenntuð. Hafði unnið sem læknir en alið upp fjögur börn og kosið að vera húsmóðir. Það sýndi sig líka að hún var fyrsta flokks kokkur og bjó til matinn fyrsta kvöldið. Hafði komið með ferskan aspás og reyktu skinku ásamt hvítvíni, Napóleon-koníak og vískí. Allt af fínustu tegundum.

Þau fóru í tvo daga á ættarslóðir hans fyrir norðan, m.a. Grund í Eyjafirði. Í gær fórum við svo með þau í ferð til Gullfoss og Geysis og enduðum á Þingvöllum og vorum viðstödd þegar páfinn ávarpaði mannfjöldann.

Páfinn er nefnilega á ferð um Norðurlöndin. Kom hingað frá Osló, var hér í gær og í dag og flaug í morgun til Finnlands. Þau voru alveg stórhrifin af að lenda í þessu og fannst þetta einstakt tækifæri. Það var að vísu ansi kalt og það sást víst í sjónvarpinu hvað páfinn skalf af kulda í tjaldinu og kardínálarnir voru farnir að hoppa til að hita sér. Aldrei höfðum við séð svona marga kardínála, biskupa og nunnur saman komna. Meira að segja Karmelsystur í Hafnarfirði, sem aldrei mega fara út úr húsi, fengu sérstakt leyfi til að vera viðstaddar.

Hübnerhjólin fór svo í morgun og voru alveg óskaplega hrifin af öllu hér á landi. Ég var sérstaklega hrifin af konunni, sem mér fannst hafa skemmtilega kímniáfu, áhugasöm um alla hluti og blátt áfram. Þau sögðu að rektor háskólans í Nancy væri mikill vinur þeirra og ágætismaður. Ef til greina kæmi hjá þér að fara í háskóla þar, þá skyldu þau aldeilis hafa milligöngu um það.

Svo hringdi Kristján og sagði að Imma hefði fætt dóttur¹ um nóttina og allt gengið vel --

Síðan höfum við verið að gera garðinn í stand, en það er ótrúlega kalt svo við verðum að vinna okkur til hita. Fríða og Lára komu í kaffi til ömmu þinnar og er Fríða að taka bílpróf. Mér finnst mjög fyndið að sjá Fríðu litlu keyra bíl.

Ingólfur fór í sveit í gær. Mér finnst það saga til næsta bæjar hvert hann fór. Á sama bæ og Dagur lenti á hjá þessum hræðilega manni, sem sendi hann í bæinn án þess að láta nokkurn vita. Ingólfur vissi af þessu og við höfum sagt Palla og Láru frá því. Það getur svo sem verið að Ingólfur plumi sig þar. --

Jón Haraldsson,² pabbi hennar Eddu, er dáinn og var það ósköp sorglegt. Hann hefur verið hjartveikur og kom víst ekki á óvart hvernig fór, en það er samt alltaf mikið áfall. --

Ræðir Parísarborg og hve skemmtilegt var að hitta hana þar. Vonar að skólinn gangi vel.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 4.6.1989.

-- Nú erum við forvitin hvernig ykkur vegnar í Stokkhólmi -- og vinnan o.s.frv. --

Við fórum í fyrri viku í fjögurra daga ferð til Parísar með oddfellóum. Við komu í áfangastað á miðvikudag seint -- áttum að hitta Auði um kvöldið. Hún *týndist!* eins og venjulega; fann ekki hótelið og símanúmerið fúnkeraði ekki. Við höfðum mælt okkur mót við Óla og Jójó á Café de la Paix við Óperuna kl. 11. Vorum við mikið ánægð þegar Auður birtist brosandí, brún og sælleg. Voru það fagnaðarfundir. Litlu síða hittum við Óla og Jójó.³

Dagurinn var skemmtilegur. Við borðuðum hjá Bastilluskurðinum, fórum svo í siglingu um skurð sem liggur til tæknisafnsins nýja. Það var löng ferð en skemmtileg, 16 skipalyftur. Gaman er að taka það rólega, með tveim söfnum á milli, Picasso og d'Orsey. Var þetta í einu og öllu dásamleg ferð, furðu löng, þótt stutt væri! Við skildum svo við Auði þegar hún fór til Nice og við að búa okkur til Íslands. --

Svo þegar heim var komið voru hér dásamlegir gestir, Hübnerhjólin, skemmtilegt fólk, góðir gestir.

-- komu með vín og mat, tóku að sér matseld og voru í einu og öllu sjálfstæð eins og heimilisfólk. Þau fóru í ferð til Norðurlands á ættarslóðir. Á laugardag fórum við með þeim um Suðurland, m.a. að Stóra-Núpi. Þau voru mjög hrifin einmitt af Jóhanni Briem. Á heimleiðinni vorum við á Þingvöllum þar sem páfinn tók þátt í fjölmennri athöfn. Eftirminnilegt mjög að þau skyldu fá að upplifa slíkt þótt mótmælendur og trúlítill séu -- voru allavega hrifin af páfanum, eins og við! --

Immu og Kristjáni fæddist dóttir í gær - hjartsláttartruflanir - ekki talið alvarlegt og líklegt að lagist fljótt. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 7.6.1989.

Pakkar fyrir ættfræðiupplýsingarnar frá þýska frændfólkinu. Allt Bergstaðastrætið er grafið út vegna lagningar á háspennustreng frá Sundhöll í Kaplaskjól.

¹ Andrea Kristjánsdóttir (1989) hjúkrunarfræðingur.

² Jón Haraldsson (1930-89) tannlæknir og arkitekt. Nágrenni á Bergstaðastræti og góður viðskiptavinur mömmu.

³ Þetta var ekki öll sagan Við biðum á veitingahúsinu fræga en ekki komu þau Óli og Jójó. Eftir langa bið kíkti ég fyrir hornið, þar sátu þau og höfðu beðið jafn lengi og við.

-- Eins og þú manst bilaði vatnsleiðslan okkar fyrir mögum árum. Þá kom upp það snjallræði að draga vatnsleiðsluna gegnum gömlu gasleiðsluna. Þegar ég var að slá garðinn í gærkvöldi hrópaði maður sem var í háspennuskurðinum: *Vatn í gasleiðslunni!* Þá var hann einmitt að saga hana í sundur og gaus vatn út um gatið. Sem betur fer var hægt að laga það fljótt. Og ég sem hafði sagt öllum verktökum, hönnuðum, eftirlitsmönnum, gröfustjórum og grjótfleygum frá. Allt kom fyrir ekki! --

Auður Eggertsdóttir skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Nís. 9.6.1989.

TIL HAMINGJU MEÐ AFMÆLIÐ Í GÆR - ELSKU MAMMA MÍN!!

-- og þúsund þakkir fyrir bréfið sem ég fékk í morgun, fullt af fréttum, eins og alltaf. Ég gladdist yfir því að Imma skuli vera búin að eignast dóttur, en varð um leið voða hissa, því ég hafði enga hugmynd um að hún hafi verið ófrísk! Ég fór í skólann í morgun og sagði þar þær gleðifréttir að systir mín hefði eignast dóttur og ég hafi ekkert vitað um að hún ætti von á barni. Fólk hristi náttúrlega hausinn, hnussaði um sambandleysi innan fjölskyldna og hló dátt!!

Þakka ykkur kærlega fyrir síðast og biðst afsökunar, að þið skulið ekki vera búin að heyra frá mér. Þegar ég kom aftur til Nís biðu mín heimaverkefni og síðan er ég búin að vera í prófum. Síðasta skriflega prófið var í dag. Ég komst að því að það var ekki hlaupið að því að undirbúa sig fyrir þessi próf; þetta var ekki gamli góði M.H. sem maður hafði þetta og þetta lesefni, og svo missi maður nokkurn veginn við hverju mátti búast. ÖNEI!

Þó margt hafi komið mér á óvart, þá var samt eitt atriði öðru fremur broslegt, sem kom alveg flatt upp á mig. Það var að sjá hvað fólk SVINDLAR! Ég hef aldrei séð annað eins, það skiptist á heilu blaðsíðunum, beint fyrir framan nefið á kennurinum, eins og ekkert væri eðlilegra. Ég sat við hliðina á Holger, sem ekki er fyrirmyndarnemandi skólans, þannig að ég lét þetta kyrrt liggja, en þegar ég sá hann standa gjörsamlega á gati, þá laumaði ég örkinni yfir til hans, svo hann myndi ekki skila auðu. Betra að hann skili villunum mínum!

Annars veit ég ekki hvernig gekk! Ekki hugmynd! Ég hef aldrei áður setið í svona þriggja tíma prófum og þetta er eitthvað hið orkufrekasta sem ég hef lent í. Ég eyddi jafnan of mikilli orku í byrjun, og svo þegar kom að lokaritgerðinni var ég alveg tóm og skrifaði eintóma vitleysu! Á þriðjudaginn var munnlegt lokapróf. Fyrir það gat ég ekkert æft. Svo er lokahóf hjá Fujiko, japönsku stelpunni. Ég myndi gefa henni Toyota, ef ég gæti, en ekki verður á allt kosið. --

Það má með sanni segja að sumarið er komið hérna; úff-úff. Smám saman breytist húðliturinn minn út í rauðu hættuna, og nefið er bleikt. --

-- Svo er Peter að fara heim til Þýskalands, Stefanie fór til Ítalíu í morgun svo það er bara Holger og ég sem förum til Sardiníu. Við förum á mótorhjólí niðrá höfn, tókum ferju til Korsíku og þaðan með bát til Sardiníu, heimsækjum rómaða staði -- aftur til Ítalíu, alls níu daga og strandlengju Ítalíu aftur til Nís 1. júlí þegar Holger þarf að taka á móti foreldrum sínum og ég kannski að taka á móti Dísu á lestarstöðinni.

Ásgeir hringdi í mig fyrir skömmu, mér til ánægju - við spjölluðum vel og lengi saman. Aðallega var hann að minnast á háskólann í Nancy við mig, þið vitið eflaust um það, mjög spennandi hugmynd og ég á að hringja til hans til að fá fréttir af því ágæta folki, sem hefur séð páfann og allt!¹ Ég er voða spennt hvað kemur út úr þessu. -- Kveðjur --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 11.6.1989.

Þakkar afmælistveðju. Segir frá skólaferðalagi MR 49 - árgangansins, sem var gróðursetning í Grafning þar sem settar voru niður eitt þús. plöntur og síðan farið í Skíðaskálann í Hverardölum til veislu.

-- Svo kom Liisa vinkona mín frá Finnlandi í gær. Hún kom í 15 manna hópi Norðurkollubúa á hálfmánaðar námskeið í íslensku. Hún verður á skólabekk alla dagana. Vonandi gefst okkur tækifæri til að stinga saman nefjum kvöld og kvöld. Nú í kvöld er *get together* í Norræna húsinu með fyrrverandi Framnesförum og þessum hópi. Ég hitti þarna unga stúlku frá Tromsö. Hún er á fyrsta ári í fiskeldisskóla þar. Ég sagði henni að ég þekkti þarna eina stúlku sem væri viðskiptafræðingur og að vinna í Tromsö og gift íslenskum manni sem er í þessum skóla. Hún sagði strax: *Þekkirðu hana Kollu?*² Svona er heimurinn lítill.

Það kom bréf frá Degi í vikunni. Hann er að ljúka verkefninu frá New York og sagði það hafa gengið vel. Hann ætlar að snúa sér að því að finna sér vinnu í Noregi.--

Hrakfallasaga. Höfðu keypt forláta hekkklippur og beitt var á limgerði umhverfis húsið. Svo var tekið til við vafningsvið á húsveggnum, farið upp í háan stiga og endaði það með því að efst í stiganum klippti ég snúruna í sundur með klippunum og stóð í stiganum í eldglæringum. Þannig fór nú það!

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 12.6.1989.

-- Þakka þér hjartanlega fyrir síðast. Parísarferðin var stórkostleg - vegna þín. Auk alls þess merkilega sem fyrir augu bar var dásamlegt að sjá hvað þú hefur tekið mikinn þroska á skömmum tíma. Þótt þú sért ekki að öllu leyti viss um hvað þú munir taka þér fyrir hendur í framtíðinni, ekki fremur en allflestir sem ekki eru fastir í fari; hef ég það á tilfinningunni að þú sért á réttri braut. Með slíku framhaldi nærð þú tókum á sjálfri þér og hæfileikum þínum, verður þér, foreldrum þínum og bræðrum til sóma og landi

¹ Þetta er vensla/frændfólkið frá Þýskalandi, Hübner, sem hafði verið hjá okkur í heimsókn vegna ættarmóts Briemsættar. Hafði hann mikinn hug á að hjálpa Auði til að komast inn í góðan háskóla. Hann var prófessor og vinur m.a. rektors háskólans í Nancy, sem þeim leist best á. En -

² Kolfinna Magnúsdóttir hefur áður verið nefnd, granni á Bergstaðastræti 73, vinkona barnanna og okkar. Þau hjón settust að í Noregi og er hún þar forstjóri stórfyrirtækis.

þínu til framfara. Þótt það kunni að líta svo út að í þessu séu miklar skyldur fólgnar þá má á hitt líta að ekkert er stórkostlegra í lífinu en að finna hæfileikum sínum farveg --

Nú er lífið að verða normalt aftur eftir langan óróakafla, ferðalög, til útlanda, Flateyjar, gestakomu, boða og funda. En börnin fjarri. Plöntukaup. Gleðin í hinu smáa, enginn fyrirgangur.--

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 12.6.1989.

Ræðir atvinnuleit hans í Stokkhólmi. Þótt ekki sé gott að fá vinnu í hans fagi sé hugsanlega eitthvað annað að fá.

-- Ég get ekki annað en dást að þér fyrir dugnaðinn. Við biðjum að heilsa Tómasi þegar þú hittir hann. Það er aldeilis gott að eiga svona hauk í horni sem hann er, alltaf velkomið að búa hjá honum. Hann er einmana sjálfur og finnst tilbreyting að hafa fólk hjá sér auk þess sem hann er mjög gestrisinn. Það eru alltaf miklir erfiðleikar í fjölskyldunni hans. Eins og þú manst stytta Jóhann sonur hans sér aldur -- Jóhanna tvíburasystir hans er í miklum geðrænum vandræðum, er reyndar á listaskóla í Stokkhólmi og gengur nokkuð vel. Það var hún sem kom hingað og þú hittir. Svo á hann líka dóttur sem kom hingað í fyrrasumar, viðskiptafræðingur og mjög vel heppnuð. Þriðja dóttirin er arkitekt, Frederika. Hún eignaðist barn í fyrra eftir margra ára hjónaband og er svo *deprimeruð* eftir það að hún hótar að stytta sér aldur. Það er mesta furða hvað Tómas er hress miðað við þessa erfiðleika. --

Segir frá vorverkum í garðinum og árlegri plöntukaupaferð í Hveragerði.

--við lögðum af stað um morguninn. Vorum með smurt brauð og rauðvín. Þegar plöntukaupum var lokið eftir miklar spekúlasjónir fundum við stað í Reykjadal og settumst á túnið fyrir utan skólasel M.R. þar sem ég kom síðast fyrir 30 árum í selsferð og var matráðskona fyrir hópinn og eldaði uppstúf og bjúgu fyrir mannskapinn. Veðrið lék við okkur og pabbi þinn trakteraði okkur óspart á rauðvíninu. Mest var ég hissa á hvað gömlu konurnar þoldu. Þær voru í sjöunda himni alla leiðina og pöntuðu líka að fá að sjá nýju brúna yfir Ölfusá, Dídí hafði þá sérstöku ósk að fá að sjá Þorlákshöfn, það væri svo fallegur bær. Hún hafði komið þangað fyrir mörgum árum. Það var gaman að geta glatt þær svona mikið með litlu.

Ég er að skrifa þér í kaffitímanum mínum. Nú hringdi síminn og Helga móðursystir mín var að bjóða okkur. Við höfum aldrei komið í nýju íbúðina í nýja miðbænum. Hún býður líka Guðrúnu og Jóni. Svo er brúðkaupsveisla 24. júní úti í Viðey. Einar móðurbróðir minn er að halda brúðkaup Ingu dóttur sinnar og býður fjölda manns. --

Þakka þér líka fyrir skemmtilegt bréf sem þú skrifaðir á gömlu ritvélina hans Tómasar. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri og Degi Eggertssonum. Rvík. 19.6.1989.

Skrifa þeim báðum í einu og segi frá mikilli sýningu á málverkum Jóhanns Briem í Norræna húsinu.

-- Þá fórum við að líta á tveggja vikna gamla Andreu þeirra Immu og Kristjáns. Læknar voru í vafa um hjartað þegar hún fæddist, síðan hefur ekki neins óeðlilegs orðið vart. Það gerist stundum að börn fæðast með lítið gat milli hjartahólfa sem oft grær eða má laga. Kannski þegar gróíð.

Um næstu helgi verður brúðkaup. Einar Ingimundarson giftir Ingu dóttur sína í Viðeyjarkirkju -- verður gaman að hitta fólk þá. --

Nú er Auður að leggja í aðra eyjaferð, nú til Sardiníu! --

Hübnerhjólini buðust til að leggja drög að því við vin sinn rektor háskólans í Nancy að Auður kæmist þangað inn í haust. -- Ef það tækist myndi sparast heilt ár og rót milli landa. --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Stokkhólmur. 25.6.1989.

-- Aftur hefst ég handa við að hamra á eina af þessum sænsku ritvélum -- í þetta sinn hennar Viveku *síslings*. Ekki kann ég nú nákvæmari þýðingu á því orði en *frænka*. Hún segir að við séum *síslingar*. Nóg um ættfræði og ritvélar að sinni.

Eins og ég sagði ykkur í símtalinu er ég farinn að vinna á ítölsku veitingahúsi niðri í bæ og líkar bara vel. Ég tel mig í alla staði heppinn með þessa vinnu því hún er vel borguð (á sænskan mælikvarða) og er þar að auki mjög skemmtileg. Að vísu heitir mín staða innan fyrirtækisins uppvaskari, en það segir ekki nema helminginn, því að í miklum hluta vinnutímans er ég að aðstoða kokkana við að skera grænmeti, sjá þeim fyrir hráefni og þar fram eftir götunum. Það sem gerir þetta hvað fjörugast er að við erum flestir útlendingar sem vinnum í eldhúsinu og af því skapast mjög létt og skemmtileg stemmning. Túnisbúi, Pólverji, Írani, Ítali og svo tveir Svíar. Allt uppvaskið fer fram í vélum þannig að það er fremur auðvelt.

Það var mikill léttir að fá þessa vinnu eftir þriggja vikna atvinnuleit. Alltaf var það handan við hornið að komast að á arkitektastofu, en svo brást það á síðustu stundu. Ég veit að minnsta kosti hvernig ég á að bera mig að næsta ár, ef ég vil komast inn á arkitektastofu í sumarvinnu. Þá verður maður að vera fyrr á ferðinni og senda inn skriflegar umsóknir með vottorðum upp á hitt og þetta, stimplað í bak og fyrir.

Já, hérna leikur sólin listir sínar fyrir okkur. Veðrið er búið að vera frábært alveg síðan við komum hingað. Um síðustu helgi var þjóðhátíðardagur okkar Íslendinga og fórum við Hanna Stína þá á Skansinn þar sem Íslendingafélagið stóð fyrir skemmtun. Það er einkennileg tilfinning að vera ókunnugur hér í Stokkhólmi, ókunnugur þessum Íslendingum sem voru þarna, en samt sem áður að þekkja öll þessi blótsyrði og þetta tungumál sem maður heyrði. Skemmtunin var velheppnuð og hvað ánægjulegast að heyra í honum Guðbirni Guðbjörnssyni.

Hönnu Stínu líkar stórvel í skólanum og er ánægð með kennara námskeiðsins sem er frá Bandaríkjunum. Skólinn er sá sami og Eva, dóttir hennar Sigrúnar Hallbekk hefur verið á síðustu árin. Hanna Stína og hún eru gamlar vinkonur úr Þjóðleikhúsinu;

þannig að það voru fagnaðarfundir hjá þeim. Við höfum hitt hana annað slagið og meðal annars séð danssýningar sem hún tekur þátt í. --

Ræðir afmæli föður síns og stingur upp á að fjölskyldan hittist miðsvæðis í Evrópu!

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Nice. 26.6.1989.

-- Allt hefur gengið með ágætum og margt merkilegt borið fyrir augu. Sardinia er falleg eyja, en erfitt að vera hér mállaus og ljóshærð og svo er Ítalía líka dýr. Nú erum við á bakaleið, vorum fegin að koma aftur til Frakklands og fórum fallegar fjallaleiðir yfir til Nís. Mótorhjól er skemmtilegur ferðamáti, getur verið erfitt að sitja langtímum saman ... en það er jafn gaman. Bíðið bara, þegar ég kem heim og komin með mótorhjóladelu og verð alveg ómöguleg dóttir. Nei, við skulum bara sjá til --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggerts. Reykjavík. 26.6.1989.

Ræðir um slæm viðskipti við kennara sem hann hafði lýst í bréfi sínu.

-- það er þó gott fyrir þig að læra að í lífinu er á fátt að teysta, jafnvel hinar traustlegustu venjur og loforð halda ekki og betra að hafa allt sitt á þurru. En ég vona að þetta gangi upp og að þú getir með öruggum hætti lokið náminu og gengið á vit við nýjan kafla, lífsbaráttuna.

Segi að þau Kolfinna Magnúsdóttir nágranni okkar og Árni Geir Pálsson, frændi, hafi verið að taka við prófskírteinum sínum. Þar gátum við ekki mætt því Ingveldur Einarsdóttir¹ og Ársæll Friðriksson² hafi verið að giftast í Viðey. Ingimundur³ bróðir hennar hélt stórskemmtilega og eftirminnilega ræðu fyrir henni.

Friede, amma Ásgeirs, var í útskriftarboði Árna; sagði að stjúpji hans Oddur Benediktsson hefði haldið ánægjulega ræðu þar sem hann lýsti námi hans,

-- hvernig hann hefði átt í erfiðleikum í upphafi en sótt í sig veðrið og endað á hröðum spretti. Nú er Árni að leita sér að vinnu.

Svo er gaman að lesa fréttir frá þér í DV, lipurlega skrifaðar, skemmtilegar, eins og alltaf. --

Dagur er búinn að fá vinnu á útölskum veitingastað á Birger Jarlsgatan í Stokkhólmi og líkar vel eins og honum virðast flestir hlutir sem hann tekur sér fyrir hendur.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss., Rvík. 26.6.1989.

-- Allt gott hér og gaman að heyra hvað ykkur líkar vel við Stokkhólm. Ég hlakka til að fá tilsögn í ítalskri matargerðarlist einhvern tíma seinna.

Hitti gamlan skólafélaga úr Hlíðaskóla sem er sölustjóri hjá GLIT. Hann heitir Halldór og er rekstrariðnfræðingur og bað að heilsa þér. -- Árni Geir var að útskrifast. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 28.6.1989.

Pakkar fyrir afmælisgjöf.

-- er búin að nota hana einu sinni. Það var í brúðkaupi í Viðey á laugardag. Einar móðurbróðir minn hélt þar brúðkaupsveislu fyrir Ingu dóttur sína, sem er lögfræðingur og sambýlismann hennar, Ársæl Friðriksson, sem er kennari. Þau eiga sjö ára son. Þetta var mjög skemmtileg veisla, glæsileg brúðhjón í blíðskaparveðri. Öll móðurfjölskyldan mín var þarna saman komin nema Steina. Hún er hætt að treysta sér nokkuð út og heilsunni fer hrakandi. Hún er samt alltaf jafn ánægð og þótti gaman þegar systur hennar voru að segja henni frá veislunni.

Við þabbi þinn hefðum getað verið í fjórum boðum. Við vorum boðin í útskriftarboð til Árna Geirs. Hann var að verða viðskiptafræðingur og Día hélt kaffiboð um eftirmiðdaginn, sem við urðum að hafna. Svo bauð Gunnar Þormar okkur í matarboð sem við gátum ekki þegið því Agnar og Rúri voru með matarboð. Þangað fórum við eftir brúðkaupið og komum þegar borðahaldi var að ljúka og gátum tekið þátt í gleðskapnum fram á nótt.

Dísa⁴ kom í heimsókn og sat góða stund hjá mér í góða veðrinu og drukkum við kaffi úti í garði. Ég spurði hana á hvaða leið hún væri og sagðist hún bara vera að koma í heimsókn til okkar. Mér þótt reglulega vænt um það. Hún var svo eftirvæntingarfyll og hlakkaði svo mikið til ferðarinnar að ekkert annað komst að. Hún kann svo sannarlega að gleðjast og hlakka til. --

Það er skrýtið að hugsa sér þig á mótorhjólí suður á Sardiníu. Ég er að reyna að ímynda mér hvernig er umhorfs á þeim slóðum og hvernig sé að ferðast þar. Verður gaman að heyra frá því.--

Segi frá áætlunum um sextugsafmæli þabba hennar og frá fimmtugsafmæli Elísabetar Vestdal sem verður haldið á Breiðabólssstöðum á Álftanesi og yrði bekkjarsystrunum úr MR boðið þangað.

Nú er gerð áætlun um útilegu í Fljótshlíð, að Ófærufossi og um hlíðina.

¹ Ingveldur Einarsdóttir (1959) hæstaréttardómari

² Ársæll Friðriksson (1953) menntaskólakennari (íslenska).

³ Ingimundur Einarsson (1953) héraðsdómari.

⁴ Svanborg Þórdís Sigurðardóttir (1967) verslunarstjóri Eymundsson í Austurstræti. Maður hennar er Óttarr Proppé (1968) ráðherra.

Þá var heilmikið tilstand fyrir ömmu hennar að blaðakona á Morgunblaðinu hafði við hana viðtal. Er hún búin að sjá drög að því og lýst vel á.

-- Okkur leist stórvel á það. Hún hefur verið í essinu sínu og reglulega myndin Aðalmálið hjá henni var að koma því að sem dr. Bentzen, sem dó fyrir nokkru síðan, hefði gert fyrir Zontaklúbbinn og Heyrnarstöðina hér. Kom það ágætlega út líka.

-- Ég gleðst yfir því hvað mér finnst þú hafa staðið þig vel í skólanum í Nice og þroskast vel þennan tíma. Við pabbi þinn vorum að brosa að því að þetta skuli vera sama stúlkan og við vorum með í Nice fyrir tveimur árum og var þá heldur uppburðarlítill. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Nice. 29.6.1989.

-- Ég er búin að sofa vel fyrstu nóttina í rúmi (öllu heldur sófa). Þótt ég hafi alltaf sofið vel í tjaldinu, þá er jörðin okkar jafn hörð og lífið getur verið saltfiskur.

Ferðalagið var vel heppnað, ég gæti sagt: *æðislega sjúklegt*, en ég er á sömu línu og pabbi og held mig í kanti *understeitmentanna*. Það lýsir því kannski best hvað þetta var vel heppnað, þegar ég segi að hugarástand mitt sé: nálægt toppinum - í bili!

Við tókum sem sagt Korsíkuferjuna klukkan 20 þann 20., borðuðum ferskjur og appelsínur þegar meginlandið fjarlægðist. Bátsferðin var svo eins og bátsferðir eru flestar, þegar allt gengur slysalaust fyrir sig, fremur svefnlaus, eins og gengur, en Auður, sem er af sjómönnum komin aftur í Ingólf Arnarson (hm...) fann ekki nokkurn öldugang og var lukkuleg með lífið og tilveruna.

Við komuna til Bastia fengum við okkur morgunkaffi við höfnina og ákváðum að taka öllu rólega, sakir lítills svefns og rúlla suðureftir með pásam, en um hádegið, án þess að drekka vatn. Þar sem við vorum lítið sofin og höfðum nógan tíma, fundum við okkur huggulega strönd, þar sem við lögðumst til svefns. Um kvöldið tjölduðum við á ágætis tjaldstæði og röbbuðum við barmanninn fram eftir kvöldi, gamall kall, sem sagði okkur ævisögu sína í stórum dráttum.

Daginn eftir tókum við svo ferjuna frá Bonifacio yfir til Sardiníu, klukkutíma á lygnum sjó, en ég svaf alla leiðina, sofnaði í Frakklandi og vaknaði á Ítalíu. *Mamma mia!* En það tungumál! Alltaf þegar við komum í þorp var mikið mál að komast úr þeim, hversu lítil sem þau voru, sökum einstefnugatna, sem lágu í allar áttir. Fyrsti dagurinn var efiður, því allt var öðruvísi en í Frakklandi, en svo fórum við að venjast umhverfinu, og þá var þetta virkilega skemmtilegt. En Sardinia, eða það sem við sáum af henni, er algjörlega stíluð upp á túrista og þar reyndist erfitt að finna upprunalega hluti, allt var svo nýtt. Það var líka vandamál, að við þurftum að ákveða leiðina eftir tilfinningu. Eftir fjóra daga ákváðum við að fara aftur til Korsíku og fara fjallaleiðir enda er Sardinia alltof dýr. Við vorum því líka fegin að komast aftur „heim“, geta bjargað okkur á tungumálinu, en í því felst öryggi. Þegar lögreglan skoðaði passann minn við komuna til Korsíku, sagði hún við kollega sinn: *Maður sér ekki oft dýrin frá þessu landi*. Ég fór alveg að skellihlæja og spurði hvort það væri tekið svona vel á móti öllum túristum við komuna, honum brá sýnilega, því ég átti greinilega ekki að skilja.

Svo völdum við okkur litla fjallavegi, þar sem landslagið er guðdómlegt (í orðsins fyllstu merkingu) og alls staðar þar sem við stoppuðum var tekið vel á móti okkur. Að vísu hélt ég mestan part ferðalagsins að þetta væri allt saman misskilningur, við værum í raun og veru stödd í Þýskalandi, því það voru eintómir Þjóðverjar í kringum okkur. Holger var ekki hrifinn af samlöndum sínum, og þvertækur fyrir að vera sjálfur hinn dæmigerði Þjóðverji.

Sem sagt, afskaplega vel heppnað ferðalag. Gott var að skipta um föt við komuna heim, fötin sem ég hafði verið í allan tímann gátu gengið sjálf án mín, ég flýtti mér að stinga þeim í þvottavélina áður en þau yrðu of sjálfstæðir einstaklingar. --

Jamm, svo verður gaman að hitta Dísu, ég veit nú ekki almennilega hvernig það verður, því það er svo langt síðan við höfum sést. Að hugsa sér að ég skuli vera búin að vera næstum hálf ár að heiman. Þetta hefur liðið eins og elding, fyrstu vikurnar voru lengi að líða.

Ég vona að allt blómstri með sumrinu hjá ykkur og að sólin brosi til ykkar á hverjum morgni. Ég læt heyra til mín fljótlega þegar ferðir mínar verða ákveðnar. Bið að heilsa öllum. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 3.7.1989.

-- Maður er endurnærður eftir skemmtilegt ferðalag inn í Þórsmörk -- fengum við milt og gott veður, gengum einhver ósköp og erum orðin sérfræðingar í giljum og gljúfrum. Stakkholtsgjá er eftirminnilegust af öllu.

Það er ótrúlegt að sjá allt þetta jeppafólk samankomið og göslast yfir árnar. Við töldum um 60 jeppa í Langadal á laugardag og svo komu einar fimmtán rútur með mannskap. Við tjölduðum beint á móti skála Ferðafélagsins, hinum megin við Krossá, í Goðalandi. Þar var rólegt og gott að vera. Annars var þetta fólk allt til fyrirmyndar í alla staði. En skrítið að sjá það sveiflandi brennivínsflöskum eins og það væri flott. Það var áreiðanlega drukkin mikill bjór.

Við komum snemma heim í gær og vorum búin að ganga frá útilegudótinu þegar Axel, bróðir Marion¹ kom og drakk hjá okkur kvöldkaffi. Skemmtilegur og geðslegur maður. Hann var vonsvikinn að geta ekki farið í ferðalag yfir hálendið. Sagði að þetta væri allt jafn nýtt fyrir sér, svo hann sætti sig við það. Það var skemmtileg lýsing hjá honum á fólkinu í Erlangen og kjörum þess, þessu staðlaða fólki sem vinnur hjá Siemens. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 3.7.1989.

-- Höfum haft dásamlegan tíma með einstökum gestum Bertold og Brigitte Hübner sem komu með mat og vín. Höfum farið með þeim víða og Siggí Línadal bauð okkur öllum. Þau hafa mikinn áhuga á listum og bókum.

¹ Marion var samstarfskona Ásgeirs í sjónvarpinu í München, ágæt kona og skemmtileg, sem kom í heimsóknir til okkar.

-- Bergþór Magnússon kom í kvöld með gögn til þín. Ég gróf upp grein sem Siggi hafði skrifað um stjórnskipunarmál. Ég vona þetta komi þér að gagni og bjargi úr klípu sem mér heyrðist á þér að væri vægast sagt vandræðaleg. Ég vona að allt bjargist og þú lærir eitthvað af því og flýtir þér meira en þú átt vanda til.

Mér falla vel rólegheitin hjá þér og hvernig hlutirnir eiga til með að frestast þegar eitthvað kemur upp á sem er skemmtilegt, fróðlegt og ágengt. -- En lokafrestur kennara er nokkuð sem er jafn hræðilegt og lokafrestur á víxli eða útkomudegi tímarits. Ég vona, elsku Ásgeir minn, að þú takir þessu með velvilja. Ég er mjög þakklátur fyrir að heyra að þú sért órólegur. Þetta er í fyrsta sinn sem ég hef orðið þeirrar hreinskilni var, að þú lýsir óróleika. Ekki gleðst ég yfir ástæðum óróleikans. Heldur er það hreinskilnin sem ég gleðst yfir. Ég vona að allt bjargist. Þú getur unnið hratt. Ég dáðist yfir hvað þú vannst hratt viðtalið við Artúr Björgvin Bollason. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 3.7.1989.

Þakkar bréf sem við fengum í þann mund sem við vorum að leggja upp í Þórsmerkurferð. Ánægður með að honum falli vel við Stokkhólm og þið unið ykkur vel í þessari uppáhaldsborg minni. Þegar við Palli komum þangað var miðborgin uppgráfin vegna neðanjarðarbrautar sem þá var verið að gera og dvalarstaðurinn sendiherrabústaðurinn á Kommendörsгатan 35.

-- Þá bjó Helgi frændi, Doris og Álfheiður Sylvia á sömu hæð og íbúð, rennihurð á milli. Var þetta á þeim tíma gert til þess að spara sem allra mest fyrir ríkið.

Auk þess sem við bræðurnir vorum uppteknir við að skoða borgina þurftum við að skemmta Álfheiði sem þá var 4/5 ára. Gerði hún miklar kröfur til okkar um að fara á Skansinn og Gröna Lund. Ferðirnar enduðu ávallt á því að hún óskaði eftir að við hefðum hana á háhesti. Vorum við fegnir að koma heim því hún spurði margs sem ekki var létt að svara á þeim tímum feimni og uppburðarleysis: *Hvað hangir niður úr hestinum* o.s.frv. Vorum við sannfærðir um að Doris myndi atyrða okkur ef við yrðum uppvísir af að spilla barninu.

Segir frá borginni eins og hún var þá og hvernig hún var þegar ég bjó þar fimm árum síðar. Þá bjó ég á Upplandsгатan alveg við Odenplan og vann á skrifstofu borgarlæknis á Vasagatan 4 gegnt járnbrautarstöðinni sem allt er nú horfið og breytt.

--Í Stokkhólmi var lifað tvöföldu lífi. Annars vegar með skólalífínu og félögum þaðan. Ég bjó með einum og varð hann eins og aðrir Svíar syfjaður kl. 10. Þá söfnuðust Íslendingarnir saman á *Krákan*, *konditórú* á Fleminggatan á Kungsholmen og sátum þar á tali til kl. 12. Þá borðuðum við saman í hádeginu á sunnudögum.--

Svo fékk Laxness Nóbélinn og við landar vorum uppteknir af því og ég sérstaklega þegar Helgi stóð fyrir ýmsu tilstandi kringum Laxnesshjólin. Um þetta höfðu sænskir félagar okkar ekki hugmynd. Þeir lásu íþróttasíðurnar og fleygðu restinni af blöðunum í mig. En samt spjörðu þeir sig mjög vel, þeir sem ég frétti af.

*Segir frá Þórsmerkurferð og skemmtilegri dvöl þar í tjaldi þó viðlegubúnaðurinn væri farinn að gefa sig síðan krakkarnir voru með. Nú ætlum við í langa ferð kringum landið og þurfum þá að endurnýja búnaðinn. Þá þarf ég að skipuleggja mig því ég á að sjá um vikulegan pistil í útvarpinu. Þá gaf ég út tímaritið *Raforku* sem allir ætluðu að taka þátt í. Niðurstaðan var sú að ég þarf að skrifa allt efni blaðsins eða svo til.*

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 9.7.1989.

-- Í gærmorgun var útvarpað viðtali sem Pétur Pétursson hafði tekið við ömmu þína fyrir sjö árum. Hann er að byrja með svona þáttaröð í útvarpi. Amma þín var svolítið *nervus* út af því að hún hafði ekki heyrt viðtalið í mörg ár og búin að gleyma því, mikið til. Þetta var hálf tíma þáttur og kom í ljós að hún var skemmtileg og orðheppin og sagði vel frá. Hún var hin ánægðasta með útkomuna og ekki síst viðbrögð kunningja og ættingja sem hringdu til hennar á eftir og hrósuðu henni.

Við fórum í útilegu um helgina. Það var svo gott veður að við tókum okkur frídag og héldum í myndatökuferð á slóðir Briemanna í Flóanum, Gnúpverjahreppi, Landssveit og á Rangárvöllum. Þorsteinn Jónsson var áhugasamur að fá myndir með landafræði Briemsættar, sem pabbi þinn hefur tekið saman. Þetta var byrjunin. Það viðraði vel til myndatökunnar og gátum við náð tólf bæjum á þessum slóðum. Það var gaman að hafa þetta viðfangsefni og fróðlegt að koma heim að bæjunum, þó ekki væri nema til að sjá hvað þar er ruslaleg umgengni. Það var oft og tíðum erfitt að ná mynd af þeirri hlið sem minnst draslið var.

Við vorum búin að stefna að því að fá að tjalda við Hlíð í Gnúpverjahreppi. Það er næsti bær við Hæl, en þar tjölduðum við fyrir fjórum árum með Guðrúnu og Jóni, þegar við fórum á ættarslóðir okkar Guðrúnar. Við bönknuðum upp á hjá Steinari Pálsyni bónda í Hlíð, sem er náskyldur mér og þér (mamma og hann eru systrabörn). Kona hans er hins vegar skyld pabba þínum og í ættartölunni, svo við höfðum þar líka það erindi að taka mynd af bænum. Steinar vísaði okkur á hvamm einn fagran rétt hjá bænum og sagði að þar hefði mörgum gefist vel að tjalda og dreymt þar vel. Kannski væri það vegna þess að uppáhaldshestur einn mikill var grafinn þar, endur fyrir löngu. Það fór svo að mig dreymdi vel og skemmtilega. En pabbi þinn vakti mig og truflaði drauminn.

Allavega kom Elísabet Vestdal fyrir í drauminum. Þegar við komum í bæinn lágu skilaboð frá henni að hringja, því hún var komin til landsins.

Þetta var söguleg útilega að því leyti að í fyrsta skipti á löngum útilegumannaferli okkar gleymdum við mikilvægum hlutum. Allir pottar höfðu orðið eftir heima. Við björguðum því á mjög hlægilegan máta. Þar kom í ljós ein góð hlið á bjórmálum. Við vorum sem sé með nokkrar bjórdósis, sem voru tæmdar snarlega og notaðar á gasið sem pottar. Voru þær notaðar til að sjóða kaffivatn, mjólk og rakvatn, svo eitthvað sé nefnt.

Við fengum svo rigningu og rok og héldum í bæinn. Þar beið okkar mikið verkefni þar sem kjallarinn var í rúst eftir miklar klóakviðgerðir, vatnsflaum og múrverk. Þessu er nú lokið og allt að verða fínt á nýjan leik.

Kort frá Degi upplýsti að hann hefði fengið inni á stúdentagarði í Pilestredet í miðbænum. Loks eftir fjögur ár --
Sendum þér auglýsingu frá Ríkisútvarpinu, rás 1. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 10.7.1989.

Þykir slæmt að Ásgeir skuli vera orðinn veikur enn, sem er slæmt líka vegna prófanna.

Segir líka frá því að frændkona mín frá Hamborg og maður hennar, indæl hjón, hafi komið með skemmtiferðaskipi. Tókum við á móti þeim, fórum með þau heim, sýndum bæinn og eltum svo uppi hópinn sem þau voru í og fundum í Hveragerði. Þar kvöddumst við. Þau eru ákaflega spennt að kynnast frændum sínum í Þýskalandi. Aneke Heyn er listmálari, fædd í Kína en þar bjó fjölskyldan. Er nú gift Pinckernelle, bankamanni í Hamborg; elskulegt fólk, barnlaust.

Segir frá útilegu í Rangárvallasýslu.

-- Það var heldur en ekki hátíð hjá ömmu þinni þegar viðtalið við hana kom (í *Morgunblaðinu*), enda var það gott, látlaust og skemmtilegt. Sérstaklega áberandi hvað lítið snobb var í því. Hún hefur bæði fengið og fiskað mikið hrós. Eina sem hún finnur núna að er að hún skyldi láta það koma fram að hún hefði hætt hjá Eimskip vegna vinnutímamála. Ástæðan var fyrst og fremst sú að hún var búin að taka að sér píanókennslu og rakst tímunn á. Þetta kemur hún til með að hugsa lengi um. Ég þykist vita að hún muni verða með nýtt viðtal seinna og þá getur hún rætt þetta betur. Henni þykir, eins og þú veist, mjög gaman af að koma fram í seinni tíð. Að þessu leyti hefur hún breyst með aldrinum. --

Þær fréttir eru af Auði að hún og Dís¹ eru í Barselóna. --

Dagur er mjög ánægður í Stokkhólmi. Honum þykir borgin skemmtileg, gaman að vinna á pitsustaðnum og æfa sig í sænskunni. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 10.7.1989.

Pakkar fréttir af vinnu og ánægjulegu lífi og segir frá útileguferð, en allir fjallvegir voru lokaðir vegna aurbleytu. En þurftu svo að sinna öðru.

-- vorum búin að lofa að taka á móti frændfólki þínu af Briemsætt sem býr í Hamborg. Þau heita Pinckernelle og komu með skemmtiferðaskipinu *Odessa*. Við vorum mætt eldsnemma í Sundahöfn -- sáum við tvær persónur veifa í ákafa. Þetta reyndust vera hjónin og keyrðum við þau um bæinn, sýndum aðeins Bergstaðastrætið og ömmu þína og brunuðum í Hveragerði þar sem samferðafólk þeirra var -- mjög geðugt fólk -- hafði ætlað með Maxim Gorki í næstu ferð á eftir strandinu. Þau létu ekki deigan síga og tóku fyrsta skip sem bauðst. --

Þau höfðu verið í sambandi við Ásgeir og datt í hug að hafa samband við okkur.

Frá Hveragerði fórum við á Hellu þar sem var tjaldagerð og dattu niður á tjald sem við lýsum fögnum orðum, keyptum og héldum um Rangárvelli og tjölduðum tvær nætur í landi Næfurholts, við Rangá, gegnt Galtalæk. Fórum þaðan um Þjórsárdal, Gjána, Búrfellsskóg, Stöng og ýmsar ótroðnar slóðir og erfiðar gönguferðir. Tjaldið reyndist vel. Svo er rætt um sextugsafmæli Eggerts og sumarvinnu Auðar hjá Rafmagnsveitunni. Hún er að reyna að komast í háskóla í Frakklandi. Ásgeir er lasinn og haldinn sama sleninu og í fyrri.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 16.7.1989.

Er á leið með finnskan rafveituhóp í Borgarfjörð og hef ekki mikinn tíma. Höfum verið heima, unnið í garðinum og málað gluggana á efri hæðinni og gert ósköp af rabarbarasultu. Hef ósköp að gera.

-- ekki frétt neitt af Auði. Hún er sennilega í París. Alltaf er verið að hringja vegna hennar þar sem fólk um víða veröld er að reyna að koma henni inn í skóla, en verkstjórn vantar þar sem ekki næst í hana. -- Hübnerhjónin bjóða okkur öllum í sjötugsafmæli Bertolds. Ef þú átt leið --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 17.7.1989.

-- vona svo sannarlega að fyrirlesturinn hafi gengið vel hjá þér og heilsan -- að lagast. -- Brigitte Hübner hringdi -- var að bjóða okkur ef við vildum koma til þeirra 6. ágúst. Við þökkudum hjartanlega fyrir en sögðumst búin að ákveða að halda upp á daginn hér heima. Hún sagðist líka vera að bjóða okkur í sjötugsafmæli Bertolds og sagði líka að börnin okkar væru öll velkomin líka.

-- vorum að vinna í garðinum -- þegar við komum heim var rabarbarasulta soðin í stórum potti -- er nú komin í krukku og bíður eftir gráðugum neytendum. --

Ingólfur sagði okkur frá sveitadvölinni -- réð sig í gegnum Búnaðarfélagið. Kom í ljós, þegar við spurðum hvaða bær þetta væri, að það var sami bærinn, Á, þar sem Dagur var að Á á Skarðströnd. Ingólfur gafst sem sagt upp á fólkinu eins og Dagur, ákvað að fara og hefur ekki fengið borgað enn fyrir þessar þrjár vikur sem hann vann þar. --

Við höfum ekki heyrt frá Auði síðan hún hringdi frá Barcelona. Hún ætlaði að vera við hátíðahöld í París og er þar sennil. núna. --

¹ Svanborg Þórdís Sigurðardóttir.

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Stokkhólmi. 20.7.1989.

-- Stutt bréf í miðdegishléi. Takk fyrir bréfin, blöðin, greinarnar og allt það áhugaverða sem mér hefur borist frá ykkur. Jú, ekki síst peningana, sem komu í góðar þarfir til að brúa bilið milli námsláns og sumarhýru. Mér fannst gaman að lesa það sem þú skrifaði, pabbi, um tímann þinn í Stokkhólmi og ævintýrinu í kringum hann Helga og Nóbelsverðlaunaafhendinguna. Það vildi svo til að ég hafði gert mér ferð upp í Stadsbibliotek, fengið lánaðar íslenskar bækur og einmitt lesið um þessa atburði frá öðrum sjónarhóli, þ.e. Halldórs Laxness í *Við heygardshornið*. Ég verð að segja að þín frásögn var ekki síður skemmtileg en hans.

Þegar maður dvelst fjarri fósturjörðinni fá íslenskar bókmenntir einhvern veginn nýtt gildi fyrir manni. Maður er bundinn af því að tjá sig skriflega í bréfum og leggur áherslu á að ná góðum tökum á frásögn og lýsingu. Það er þess vegna mikil *ekstasía* þegar maður kemst í listilega skrifaðan texta. Nú hef ég farið í gegnum hvern gullmolann af öðrum, síðan ég kom hingað, enda gefst góður tími í neðanjarðarlestinni til og frá vinnu: *Við heygardshornið, Íslandsklukkuna, Snorra Eddu, Bör Börson*, sem ég kom með frá Noregi, ásamt *Góða dátanum Sveijk*.

Ég mæli með því að fólk æfi sig í lestri í strætisvagni eða neðanjarðarlest. Ég finn það að lestrarhraði minn hefur stóraukist eftir að ég fór að praktisera þetta. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 24.7.1989.

-- Komin ný vika, ný blöð og Auður. Auður kom og breytti heimilinu í einu vetfangi. Hlátrasköll kveða við, athafnasemi og skemmtilegheit. Ég var að aka henni í vinnuna, fyrsta daginn hjá Rafmagnsveitunni þar sem hún fær inni um mánaðartíma. Að auki fær hún kannski afleysingar í ræstingum - svo safnast eitthvað að.

Hún er mjög ánægð eftir útivistina, reiknar með að verða heima í vetur -- hvað verður, veit ég ekki. --

Sigríður Dagbjarsd. skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 24.7.1989.

Ræðir flókin peningamál, skuldir og byrjandi lífsbaráttu.

-- langar mig til að spjalla svolítið í einlægni. Það er eiginlega meira fyrir mig en þig. Ég hef þörf fyrir að tala við þig og heyra meira um þína líðan, hvað þú ert að hugsa um framtíðina, hvort þú ætlar ekki endilega að ljúka námi í júní á næsta ári, eins og þú hefur sagt. Þetta er ekki hnýsni, Ásgeir minn, heldur verð ég að viðurkenna, að mér líður ekki vel vegna þessarar óvissu. Ég held að þú hefðir líka gott af því að tala um þín mál, þú hlýtur að vera að berjast við hluti, alveg eins og við hér heima. Ég finn hvað það léttir af mér áhyggjum þegar ég get talað um þær. Ég neita því ekki að það hefur hvarflaða að mér undanfarið að það geti ekki verið að þú ætlir að ljúka námi á næsta ár, með því að eyða þínum tíma á svona óeigingjarnan hátt eins og undanfarið. Við höfum talað um, að þegar nám dregst á langinn verði það leiðigjarnt og alltaf erfiðara að taka endasprettið eftir því sem hann dregst. Ég hef mikla trú á þér og þínum hæfileikum, en enga trú á því að nokkur maður geti stundað nám og sinnt öllu sem þú sinnir þar fyrir utan. Þetta er mín bjargfasta skoðun og þess vegna fyllist ég óróleika þegar ég hugsa til þín.

Ég er búin að sjá að þú hefur ekki ennþá lært að segja nei Mér dettur það í hug vegna þess að Auður sagði mér fyrir nokkrum árum að hún væri búin að læra að segja nei. Hún sagði að það hefði verið mikil og góð lausn. Palli hefði kennt henni þetta í einhverri sumardvölinni í Svíþjóð, þar sem þau hittust og spjölluðu mikið saman.

Mín ráðlegging er:

1. Vertu eigingjarn á þinn tíma.
2. Settu þér ákveðið takmark.
3. Spurðu þig hvernig þú getur náð þessu takmarki.
4. Mundu eftir að það er auðvelt að segja nei.

Ég vona, Ásgeir minn að þú takir þessu eins og það er meint. Það liggur ekkert nema góðvilji á bak við þessi tilskrif mín. Ég er hér heima og langur vegur á milli okkar og ég sakna þín alveg óskaplega mikið. Ég sakna þess að hafa þig ekki nær okkur og geta umgengist þig meira og vitað um hag þinn. Eins og þú veist erum við öll af vilja gerð til að létta þér tilveruna.

Nú ætla ég að hætta og koma bréfinu í póst. Það var gaman að fá Tómas Heiðar í heimsókn með bréfið frá þér. Það var einlægt og skemmtilegt.

Afi þinn og nafni hefði orðið 90 ára á morgun 31. ágúst. Ætlar amma þín að minnast þess og bjóða til sín sonum, barnabörnum og nokkrum í viðbót. Ég átti eiginlega að vera í sumarfrí allan ágúst, en hef orðið að vinna meira og minna vegna aðalfundar, ársþings og bókhalds, sem þarf að skila til endurskoðandans. Laugardagur og sunnudagurinn fara í vinnu á skrifstofunni til að grynnka á verkefnum. Þá verð ég líka ansi góð. --

Auður segist vera viss um að hún hafi fengið kraft frá Snæfellsjökli í ferðalaginu um síðustu helgi, hún sé svo dugleg og líði svo miklu betur eftir ferðina þangað. Við ætlum að senda svolítið af þessum krafti til þín, ef þú vilt. Ástarkveðjur.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 31.7.1989.

Segir frá útileguferð í Laka og Kirkjubæjarklaustur. -- Reyndum að komast í Núpstaðaskóg en lögðum ekki í ána einbíla. Svo á Hjörleifshöfða. Auður fékk aukavinnu og komst ekki með. -- Afmælistilstand hafði.

--Fréttir sagði mamma þín eftir símtal við þig -- þú treystir þér ekki -- umfram allt verður maður að þekkja sín takmörk -- Hins vegar verður maður líka að vera djarfur, hafa þor -- Ég veit að þú hefur tekið rétta ákvörðun -- vona að þú látir þetta ekki á þig fá en skipuleggir tímann fram að prófi. Láttu engan tíma fara í súginn. Reyndu að nota þann tíma sem þú hefur afgang til að auka og styrkja andann og æfa þig í skrifum fyrir blöðin.

Eitt bið ég þig um: Skrifðu okkur sem mest um sjálfan þig, vinnu þína og líðan -- Það gerir þér og okkur gott. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 14.8.1989.

-- Þakka ágæta grein -- Penninn leikur þér sífellt betur í hendi.

Afmælið var mjög vel heppnað, gestir og gestgjafar ánægðir eftir góðan mat og skemmtilegar samræður. -- Eftir afmælið fengum við samstarfsfólkið á skrifstofunni í heimsókn, síðar móðursystkin mömmu þinnar og fleiri sem ekki höfðu getað komið. Var það líka mjög ánægjulegt. --

Því er ekki að neita að við höfum nokkrar áhyggjur af þér eftir að þú tilkynntir að þú hefðir frestað prófi. Ekki vegna þess að það sé í sjálfu sér merkilegt. Það er að vísu slæmt og hræðilega leiðigjarnt að vera lengi í sama verki og geta ekki hespað því af, auk þess sem það er dýrt -- Það gladdi okkur þegar þú sagðir okkur frá þessu, ekki vegna ákvörðunarinnar sjálfrar, miklu frekar vegna þess að þú skyldir segja hreinskilnislega frá. Þú hefur, eins og stundum hefur verið dregið á, tilhneygingu að byrgja tilfinningar þínar inni og fyrirætlanir viðrar þú sjaldan.

Þegar þú hringdir til mín um daginn sagðir þú að Tómas (*Heiðar*) hefði verið í heimsókn í vikutíma; hefðuð þið haft það skemmtilegt, eins og vænta mátti. Þú þyrftir með öllu móti að ná tökum á verklagi þínu og láta ekki þvæla þér út í neitt sem ekki heyrir lokamarkmiðinu til. Loka símanum, sitja á bókasöfnum, láta ekki ná í þig. Geyma flest sem heitir skemmtun --

Fyrir mér er þetta sérstaklega alvarlegt mál þar sem ég flosnaði upp frá námi, einmitt vegna þess að ég náði ekki tökum á sjálfum mér. Hef ég sagt þér frá því? Það tekur mjög langan tíma til að komast yfir slíkt. Smám saman náði ég tökum á verkum mínum og tel mig nú sæmilega skipulagðan. Allt slíkt tekur tíma, fyrst og fremst er að ná tökum á því sem kallast forgangsröðun verkefna.

Ég dáist að því hvað þú ert fljótur að ljúka þeim verkum af sem eru skemmtileg og freistandi. Láttu það víkja um sinn, ljúktu meginverkinu af. --

Dagur hefur það mjög skemmtilegt í Stokkhólmi eins og þú hefur kannski frétt. Hann er farinn að starfa sem kokkur í veitingahúsinu og býr nú hjá Tómasi og prufukeyrir rétti dagsins á honum. Honum líkar einstaklega vel þar í landi --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri og Degi Eggertss. Rvík. 28.8.1989.

-- Vona að þetta bréf sæki vel að ykkur. Að vísu veit ég ekki hvert ég á að senda Degi (Chef de Cuisine) bréf þar sem hann er að flytja sig. -- Berndt og Elín. -- hittu Artúr Björgvin Bollason. Hann hugleiddi að fara frá Bæjaralandi í sex mánuði. Kæmi til greina að Ásgeir tæki við blaðamannaskuldbindingum hans. Líst mér vel á, en mömmu ykkar síður. Hún hefur áhyggjur af heilsu Ásgeirs, álagi, streitu og prófi. Ég er enn við sama heygardshornið, tel allt af hinu góða sem er torleyst; menn eflist við álag. Sennilega er hið rétta einhvers staðar á milli. Að fenginni reynslu hallast ég að skoðun mömmu ykkar.

Skemmtilegt er að hugsa til Dags þar sem hann liggur í kokkabókum og prufurkeyrir matargerð á Tómasi. Þykist vita að það hafi góð áhrif á Tómas að hafa slíkan yfirkokk,

Ég var orðinn leiður á sjálfum mér og sumarleyfinu þegar ég skrifaði. Allt tilstandið í sambandi við afmælið var dálítið pirrandi fyrir fórnarlamb aldursvaltarans. En þá skipti aldeilis um þannig að nú er (eða virðist) allt í himnalagi.

Við förum um hádegi af stað og komum að kvöldi til í ágætasta veðri að Sandfelli í Örafum, okkar uppáhaldsviðkomustað. Þar bjó síðast séra Eiríkur, seinast sóknarprestur í Bjarnanesi í Hornafirði. Hann var frá Eiði á Seltjarnarnesi, mikill vinur Ásgeirs afa ykkar. Las hann undir lögfræðiprófið um sumar á Sandfelli. Þegar ég var í tannrannsókninni forðum með John Dunbar hitti ég marga gamla Örafinga. Hugsuðu allir með hlýju til þabba.

Það er alltaf sérstök tilfinning að tjalda í tóftum eyðibýla. hugurinn reikar aftur til sögunnar. Einkatjaldstæði er almennt betra en annað, þótt þægindi skorti.¹

Haldið var í austur um kvöldið í dásamlegu veðri, kirkjan á Hofi í Örafum skoðuð, gengið að Breiðamerkurjökli, undarlega kirkjan hans Hannesar (arkitekts) Davíðssonar í Bjarnarnesi skoðuð. -- Loks var haldið í Lón og var ætlunin að fara á Illakamb á Lónsöræfum. Skyndidalsá, sem þið munið kannski eftir, frá því að við ókum þessa leið einu sinni (Auði til skelfingar), var ófær. Við snerum því við og ókum til baka í þessu dásamlega umhverfi. Völdum við tjaldstað á einhverjum fegursta og tilkomumesta stað sem til er, á háum höfða sem slútir yfir Jökulsáraurana. Þar tókst okkur að tylla tjaldi niður, meira að segja sóltjaldi líka. Bjartsýnisfólk!

Við hlustuðum á mig í útvarpinu flytja rollu um eitthvað. Einkennilegt. Mér fannst ég ekki þekkja manninn sem talaði um framaní efnið þar sem við sátum í bílnum á stórbrotnum slóðum. -- Þá var haldið austur á firði, um Djúpavog og Öxi -- og tjölduðum í Jökuldal -- Skriðuklaustur -- að skálanum við Snæfell. Þar á heiðinni eru miklar vegaframkvæmdir vegna fyrirhugaðrar Fljótsdalsvirkjunar -- Við hittum í skálanum fyrir Ingu Rósu Þórðardóttur, er sér um svæðisútlitvarp Austurlands, ásamt syni sínum. Hún var þar skálavörður um vikutíma. --

Stjórn Ferðafélagsins á Egilsstöðum skiptist á um skálavörslu. Fórum upp á hnúk í unaðslegu veðri þar sem blöstu við fjögur af fimm hæstu fjöllum landsins, Snæfell, Bárðarbunga, Kverkfjöll og Herðubreið.

Þá var haldið í Kverkfjöll í slagveðri, fengum inni í skálanum, héldum þaðan í Hvannalindir, Herðubreiðarlindir, að Mývatni og síðast á tjaldstæðið við Blönduós.

¹ Séra Eiríkur Helgason (1892-1954) síðast prestur að Bjarnarnesi. Við höfðum gist þarna áður, meðan gömlu bæjarhúsin stóðu enn uppi.

Veggfóður var flagnað af veggjum. Undir það hafði verið, eins og þá tíðkaðist, límd dagblöð. Það sérkennilega hér var að dagblöðin voru öll ensk vinstriblöð frá þriðja áratug aldarinnar, áður en Eiríkur fluttist að Bjarnarnesi í Hornafirði árið 1931. Var skemmtilegt að lesa veggina!

-- Í ferðinni skoðuðum við kirkju í byggingu á Blönduósi eftir Magga Jónsson, furðulega smíð, einnig Gleráarkirkju eftir Svan Eiríksson. Sú er falleg. En stærðin! drottin minn dýri. Hvað er fólk eiginlega að hugsa?

Við komum heim aftur á miðvikudag -- tókum okkur upp á hádegi á föstudag með bílstjóranum Auði og héldum á Snæfellsnes --

Skoðuðum allt sem hægt var, gengum á fjöll og í alla voga, merkilegast að skoða Dritvík sem var útróðrarstaður þar sem voru á vertíð 4-600 manns. Gistum í blíðu undir stjörnuþjörtum himni hjá Drápuhlíðarfjalli. Bærðist ekki hár á höfði. Skoðuðum nýju kirkjuna í Stykkishólmi, mestu furðusmíð, sem enginn Hólmari gat upplýst hver hefði teiknað.¹

-- Mikið var gaman að fara þessa ferð með Auði. Hún er orðin fjallagarður eftir Korsíkuferðir og príl. Þá er hún ígóðu skapi sem aldrei fyrr, söngvin sem lævirki, bílstjóri ágætur, athafnasöm í tjaldstað, glaðvær og áhugasöm. (Þetta skrifa ég líka fyrir hana, því hún les bréfið líklega rækilega áður en það verður sent).

Meðan við vorum burtu fór Auður á Skálann. Eftir það hittu hún Bernd og Elínu í bænum. Svo hittu þau Karl og Anneli Wiktorin.² Voru þau mikið hissa. Þau voru líka að koma af Skálanum, sátu þar og virtu Auði fyrir sér og ræddu um að þessi stúlka gæti verið systir Ásgeirs. Þau mæltu sér mót við Auði og gáfu henni Íslandsbókina sína ásamt einu eintaki handa okkur --

Amma ykkar hefur það ágætt -- nú byrjar vinnan -- Auður er innrituð í frönsku í vetur og gerir sér von um að fá starf í Þjóðleikhúskjallaranum. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 4.9.1989.

Dagur hefur ekkert húsnæði fengið og skrítíð að senda honum bréf út í bláinn. Segir að nú séu frí um garð gengin og vinna hafin og allt sem hús og heimili krefst.

-- Eiginlega er allur veturinn dans á línu sem maður hugsar sér, leitast við að láta ballansera milli vinnu og einkalífs. Línan er ávallt til. Hjá sumum lítið öðrum megin.

Bæði hjá mömmu þinni og mér standa margvíslegir fundir fyrir dyrum. Bara einn hjá mér en tannlæknaþing mömmu þinni og Norðurlandafundur Zonta.

Mikið er þægilegt að Auður skuli vera hér hjá okkur. Hún er mjög ánægð og í góðu jafnvægi í alla staði. Franskan hefst hjá henni eftir tvær vikur. Þegar amma þín hélt upp á níræðisafmæli afa þíns heitins í vikunni þá sást hvað hún hefur breyst á þessu rúma hálfu ári síðan hún tók próf. Hún er orðinn góður *conversateur*, frásagnarlistin góð.

Reyndar saumaði Palli að henni vegna þess að hún valdi frönskuna, sagði að það væri vitleysa, hún ætti að steypa sér út í alvörunám og ljúka áður en hún hugsaði til náms í Frakklandi, eða eitthvað á þá leið. Gott þegar menn segja það sem þeir meina, eins og Palli gerði þarna, hvort sem það hefur áhrif eða ekki.

Foreldrarnir eru gjarnan að reyna að finna út hvað börnin þeirra vilja til að þau njóti sín sem best en geyma skoðanir sínar fyrir sig. Það er ekki allskostar rétt. Að minnsta kosti eiga börnin rétt á að heyra afstöðuna. Hins vegar er ástæðan sú fyrir því að ekki er mikið talað um framtíðina, auk tillits við óskir, vonir og þrá, að menn vilja ekki láta skerast í odda. --

Sigríður Dagbjarsd. skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 10.10.1989.

-- Þakka þér fyrir kærkomið bréf. Bréfin hafa sennilega mæst á miðri leið. Engu að síður gafstu mér fullkomið svar við mínum vangaveltum. Það er skrýtið að eftir að Tómas hafði setið hjá okkur og lýst dvölinni hjá þér, fékk ég það á tilfinninguna eins og hann hefði verið að notfæra sér þína gestrisni og hjálpsemi og fannst hann hafa gengið full langt í að trufla þig. Ég sá þig í anda í framtíðinni verandi að taka á móti kunningjum svona, og þú myndir aldrei geta sagt nei og lokið við það sem þú ert að gera. Þessu gerðir þú öllu góð skil -- og er ég nú rólegri manneskja.

Hjá mér fer í hönd mikil vinna fyrir ársþing TFÍ -- Þetta er alveg rosaleg vinna og verst að mér finnst ég verða að gera alla hluti ein og hafa yfirsýn yfir allt. - Ég fæ konu til að hjálpa mér í næstu viku. --

Í dag vorum við með hádegisboð fyrir Dorisi, Fríðu og Dídí. Auður sótti Dorisi. Þegar hún frétti að Dídí væri boðin, sagði hún eitthvað á þá leið: *Æ, hvað það var leiðinlegt, ég hélt að ég væri að fara í skemmtilegt boð!* --

Segir rækilega frá fimm flokka ríkisstjórn með Borgaraflokknum (Júlíus Sólnes og Óli Þ. Guðbjartsson).

-- Það er gert grín að Júlíusi vegna þess að hann hefur ekkert ráðuneyti -- en fær um áramótin nýtt ráðuneyti um umhverfismál. Þangað til verður hann kallaður *Hagstofuráðherra*. --

Segir að verið sé að leggja nýjar leiðslur í götuna og um leið sé sett hitaleiðsla í gangstéttina. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Barcelona, 12.9.1989.

-- Stokkhólmur fyrir stuttu og núna Barcelóna. Mikið hefur gerst á stuttum tíma -- og núna er ég sem sagt með bekknum í Barcelóna. Verkefnið sem ég valdi mér tekur fyrir vandamál bæjarins: Uppbygging *slömmisins* er viðfangsefnið. Þar eigum við svo að teikna skynsamleg hús.

Við verðum hérna í viku á fyrirllesturum og í skoðunarferðum, svo verður brunað aftur heim til Oslóar.

¹ Það var Jón Haraldsson nágranni okkar, áður nefndur.

² Þau öll voru vinir Ásgeir frá Þýskalandi. Elín og Bernd eru sest að hér; Karl og Anneli ólæknandi Íslandsvinir sem komu hingað árlega meðan heilsan leyfði. Bók Karls (*Island erfahren*) er ferðabók á þýsku eins og ferðabækur gerast bestar.

Þar reikna ég með að ég fái íbúð til jóla. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 18.9.1989.

-- bréfin þín verða skemmtilegri og skemmtilegri eftir því sem þau verða einlægari. Einlægari verður maður því oftast sem maður skrifar af góðum hug, æfist að segja hug sinn. Allur mannsins þroski og mannanna er reistur á samskiptum og áreynslu. Án áreynslu er enginn þroski. Án samskipta er hvorki áreynsla né vöxtur. Allt þetta fer í einn farveg. --

Segist hafa farið í svefn og hroturannsókn á Vífilsstaði, en svefntruflanir séu miklar hjá sér og sem geti verið hættulegt því þeir sem ekki geti sofnið geti lognast út af þegar illa stendur á.¹ Þar hitti hann Hjörleif Sigurðsson listmálara, vin sinn, en hann er illa haldinn af asma sem truflar allt hans líf og starf.

Segir frá miklu starfi Sirríar. Öfundsvort sé hvað hún snýst í mörgu.

-- ákaflega mikilvægt fyrir alla að hafa nóg að gera, helst mikið. Meðan það er vel skipulagt fer ekkert úr böndunum. Ef það gerist er hætta á ferðum --

Af okkur er allt gott að fréttu. Við höfum að vísu fengist við lekt frárennsli --

Dagur var að koma úr námsferð til Barselóna með arkitektaskólanum. Hlýtur að vera góður skóli sem gengst fyrir slíku.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 19.9.1989.

Segir frá Hjörleifi Sigurðssyni og veikindum hans.

-- Svo alvarlegt er það hjá Hjörleifi að hann hefur dáðið fimm sinnum, þ.e. hjartað stöðvaðist alveg og honum bjargað með allskyns hjartavélum. Einu sinni var Palli hjá honum. Honum tókst að bjarga honum. Segir Hjörleifur að hann eigi líf sitt honum að launa. Fyrst fékk þetta allt mjög á hann. Nú hefur hann vanist þessu, sætt sig við það og gerir sér ekki rellur út af því lengur - segir hann. Ekki held ég nú að það sé alveg satt. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 23.9.1989.

-- Ókei, núna byrja ég á þessu langþráða bréfi til ykkar á Bergstaðastrætinni. Þetta er búin að vera mikil törn hjá mér/okkur, síðan við bjuggum hjá henni Viveku. Síðan var það Tómas, Fríða, Halli og svo að síðustu Barselóna og New York.

Til að byrja með var bæði gaman í Stokkhólmi og Barselóna, en þó á sinn hvorn háttinn.

Eftir að við þurftum að flytja frá Viveku fluttum við til Tómasar. Hann hafði boðið okkur að gista hjá sér þennan síðasta mánuð og kom það sér mjög vel fyrir okkur. Að vísu var hann ákaflega lítið í Stokkhólmi þennan tíma, fyrst og fremst vegna helgarferðanna hans til Vermlands og sem vildu teygjast alveg frá fimmtudegi til þriðjudag, og þar að auki vegna þess að hann tók sér frí í tvær vikur í ágúst.

Maður tók eftir því að hann var mjög þunglyndur, enda sagði hann það sjálfur. Friðriku dóttur hans hitti ég þegar ég fékk lykllana að íbúðinni. Hún var í þann mund að flytja í nýja íbúð og vildi endilega fá okkur Tómas til að kíkja á hana. Kát og skemmtileg manneskja.

Svo þegar Tómas kom frá Vermlandinu segir hann mér að hún hafi fengið heilablóðfall, verið flutt á spítala í krítísku ástandi. Þetta lagðist greinilega mjög þungt á hann. Það síðasta sem ég frétti af henni var að hún hafði náð sér að mestu, komin á fætur að minnsta kosti.

Annars er mjög skemmtilegt að umgangast hann. Það er ekki á hverjum degi sem maður hittir fólk sem hefur skoðanir á bókstaflega öllum sköpuðum hlutum.

Úlla kom til Stokkhólms. Það var gaman að hitta hana. Hún gerði grín að Tómasi fyrir hvað hann væri ósjálfbjarga. Maður varð var við það þegar Kerstin bauð okkur Hönnu Stínu í mat til sín ásamt Úllu. Þá held ég að Tómas hafi hringt svona á hálf tíma fresti til að spyrja Úllu að því hvernig hún hefði það.

Á heildina lítið var þetta mjög sérkennilegur tími í Svíþjóð, reynsla og tækifæri sem ég á aldrei eftir að gleyma. Að koma þangað mállaus og óruggur en vera svo gerður að yfirkokki og kennara allra lærlinganna sem byrjuðu á eftir mér. Ákaflega lærdómsríkt fyrir mig, verð ég að segja. Þarna sér maður hvað maður hefur fram yfir aðra, reynsluna af því að byrja að vinna þrettán ára gamall í erfiðisvinnu. Ókey, enga nostalgíu, ég veit að þið hafið heyrt þessa klissju áður.

Að minnsta kosti þá er veitingabransinn harður heimur og ef maður veit ekki hvað erfiðisvinna er, þá getur maður bara látið hann eiga sig. En þetta er samt sem áður afskaplega fjörugt og flestir skemmtilegir. Og svo, daginn sem ég hætti, var mér afhent stórt plakát með áritun allra sem unnu á staðnum og forlata vél til að framleiða spagetti með. Það þótti mér frábært.

Segir Hönnu Stínu komna til New York í góðan skóla, komin á námslán og allt virðist ganga ágætlega.

Svo ég spóli til baka þá vorum við aldeilis húsnaðislaus, ég meina, við hefðum verið það hefðum við ekki fyrir tilviljun hitt vin okkar héðan úr Osló í strætisvagni í Stokkhólmi. Hann bauð okkur að búa hjá sér ef við vildum. Hérna hef ég verið síðan ég kom frá Stokkhólmi. Ég reikna með að fá aðra íbúð um næstu mánaðamót á hagstæðu verði og hana mundi ég hafa fram að áramótum.

--

¹ Þetta var tískuaðgerð sem sögð var hálfgerð blekking. En, hvort sem það var rétt eða rangt batnaði þessi kvilli, með því að ég svaf á hliðinni!

Núna, þegar farið er að síga á seinni hlutann í náminu finnst mér eins og það sé svo lítil tími eftir, bara tvö ár? Ekki nema fjórir áfangar og allt í einu finnst manni maður þurfi að fara að nota tímann hundraðsinnum betur en nokkurn tíma áður. Ekki síst vegna þess að maður hefur betra yfirlit núna og veit hvað maður vill; krítískari á það sem verið er að bera á borð fyrir mann.

Já, Barselóna sögðuð þið. Já það var fínt að koma þangað og ólíkt öllu sem ég hafði ímyndað mér um borgina.

Þannig var að áfanginn, sem ég taldi nauðsynlegt að taka á þessari önn, hafði náð í spænskan gestakennara. Niðurstaða sem hann komst að var sú að fást við spánskt verkefni, nánar tiltekið að leysa, annarsvegar slömmhverfið El Raval, og hins vegar að teikna ný hús í hverfið. Að mínu mati er þetta alveg einstaklega spennandi verkefni, þar sem saga hverfisins nær alla leið aftur á fjórtánda öld, áður en Kólumbus fann Ameríku, svo maður hugsar í sögulegu samhengi. Akaflega skemmtilegur bæjarstrúktúr, með krókóttum götum, þröngum og myndrænum, en þarna ríkir ógurleg eynd.

Eins og ég minntist á í krotinu til Auðar þá er þessi gestakennari heldur betur ruglaður. Hefur ekki nokkurn skilning á þeim félagslegu vandamálum sem fólkið í hverfinu býr við - en engu að síður býst ég við að allt saman eigi nú eftir að ganga upp með honum. Það þýður a.m.k. ekkert annað en að vera jákvæður. --

Eggert Ásg. skrifar Sigurgeiri Sigurðss. sveitarstj. Seltjarnarness. Rvík. 1.10.1989.¹

-- Ég hef lengi reynt að viðá að mér gögnum um frændur mína á Seltjarnarnesi. Hef ég beðið erfingja að gæta bréfa, mynda og annarra gagna þannig að þau -- kæmust í örugga vörslu. Í gær fékk ég tækifæri til að ganga um gamla húsið í Ráðagerði. Þótt ég hafi verið þar tíður gestur rak mig í rokastans yfir þeim ókjörum af skjölum og margskonar dóti sem þar hefur safnast saman á löngum tíma. Húsið virðist í furðu góðu ástandi þótt því hafi ekki verið haldið við, gluggar fúnir.

Ég tók til handargagns nokkur skjöl og myndir. Mun ég koma þeim í hendur Heimis Þorleifssonar sem ritar sögu Framnessins, en hann sýndi því áhuga. --

Húsið er fullt af minjum, handavinnu, fatnaði, verkfærum og smálhlutum daglegs lífs. Sumt er illa farið og ónýtt, Annað ekki. Þarna munu vera hlutar íslenska kvenbúningsins, handavinna, vefnaður, teikningar² eftir húsmóðurina (*Önnu Guðmundsdóttur*) og fjöldi annarra hluta sem snerta sögu fólksins á Nesinu og í Engey. Fæst hefur peningagildi. Saman gerir þetta heild sem þyrfti fyrir alla munu að gæta. Nú er lítið af sögulegum minjum á Seltjarnarnesi. Ráðagerði stendur fallega og hefur enn ekki verið þrengt að því. Enn standa uppi húsin sem mynda nokkuð samstæða heild, íbúðarhús, fjós, hlaða, hjallur. Á sjávarkambinum er skreiðahjallur.

Nú fer ég þess á leit við bæjaryfirvöld á Seltjarnarnesi að athugað verði hvort ekki megi hlífa þessari litlu þyrpingu, laga húsin, taka til í þeim og geyma þar eitthvað af því dóti sem nú er verið að dreifa. Fæst af því er neins virði nema sem hluti af húsinu og sem hluti af tiltölulega fábreyttri sögu Nessins.

Ég kann ekki skil á minjavernd. En hér er greinilega merkilegt samsafn sem segir margt um sögu alþýðufólks í bænum ykkar. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri og Degi Eggertss. Rvík. 1.10.1989.

-- mamma ykkar hefur geysimikið að gera. Tannlæknaþingi lauk -- á laugardag. Þar gekk allt mjög vel, virtist mér. Þótt vinnudagur væri langur og margt að hugsa gekk allt snurðulaust þannig að vinnan var -- léttari en ella. --

Svo tók við undirbúningur að Zontamóti sem hefst hér síðari hluta vikunnar. Þar mæðir mikið á mömmu ykkar þar sem hún stjórnar fjármálunum -- þótt mikið sé að gera er allt enn í góðu lagi --

Um helgina lenti ég í því að huga að gömlum gögnum í Ráðagerði. Þar er verið að skipta búí, Bærinn er búinn að kaupa húsið og jörðina. -- hefði verið snjallt af bænum að gera við húsið, taka þar til og láta dótið vera á sínum stað, sýnishorn af húsi alþýðufólks. Meira að segja hefðu munir getað haldist á sama stað, föt hangið í klæðaskápum. En mér sýnist það vera orðið of seint þar sem Seltjarnarnes hefur ekki verið meðvitað um sögu sína. Jafnvel er talað um að brenna húsin. Bara vegna þess að ég hef nokkrum sinnum skrifað um frændurna minningargreinar, þá líta sumir á mig sem átorítet í sögu Nessins. --

Ekki skaðar að geta þess, svo Dagur geti lesið, að Ásgeir ætlar að taka að sér aukin fréttaritarastörf í Þýskalandi fyrir Arthúr Björgvin Bollason. Ég hef hina mestu trú á að aukin störf og álag geti verið gott fyrir Ásgeir. Mamma ykkar er mjög efins um það og er hrædd um að þetta verði til þess að prófið dragist á langinn. --

Auður er byrjuð í skólanum. Þykir henni námið þar ánægjulegt, þótt að víst sé það ekki byrjað fyrir alvöru. Enn er hún í vinnu hjá Rafmagnsveitunni -- Auk þess vinnur hún aðra hvora helgi í Þjóðleikhúsinu. Segir hún það vera gott ráð gegn drykkjuhneigð að fylgjast með fólkinu á slíkum skemmtistað. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 8.10.1989.

-- Þetta hefur svo sannarlega verið viðburðaríkur tími hjá þér og mikið bæst við lífsreynslu þína -- Það er gaman að heyra hvað þér hefur líkað vel við Stokkhólm og veruna þar. Það hlýtur að hafa verið einstaklega gaman að hitta þessa fjölskyldumeðlimi sem þar búa og kynnast þeim nánar. --

¹ Bréfinu stakk ég inn um bréfalúguna hjá Sigurgeiri sveitarstjóra seint um kvöld. Fékk ekki svar. Sumt af þeim munum sem ég ræddi um mátti seinna finna á fornsölum borgarinnar lengi.

² M.a. var þar stór og falleg teikning Önnu af mömmu hennar, Kristínu Ólafsdóttur í Nesi. Hún fór til einhvers erfingja fóstursonar Gauju og Kristins, sem ég ekki þekkti. Svo vildi til að Palli rakst á myndina á fornsölu og keypt. Hangir hún nú á vegg hjá honum. Merkileg tilviljun!

Það hefur gengið á ýmsu hér heima. Ég hef varla komið heim til mín nema í flugulíki. Hef nú að baki tvær ráðstefnur. Ársþing TFÍ var síðustu helgi í september, rúmlega 300 manna þing. Það best sótt hingað til. Ég hef unnið á laugardögum og sunnudögum í mánuð. Með því hefur þingið gengið svona vel. Samhliða þessu hef ég verið í undirbúningsnefnd svæðisþings Zonta sem lauk í gær. Ég var gjaldkeri þingsins og er ég búin að hlakka lengi til þessa sunnudags sem nú er upp runninn, loksins. Hingað komu 60 konur frá Danmörku og Noregi. Íslensku konurnar voru 100. Allt gekk þetta vel fyrir sig. --

Fundirnir í ráðstefnusal Loftleiða, aðalveislan í Súlnasal Hótel Sögu og svo farið út í Viðey í hádegisverð og hlustað á sögu staðarins.

-- Fundinum lauk í gær og um kvöldið var Zontakonum skipt niður á heimil Zontakvenna og boðið að borða.

Amma þín er heiðursfélagi í Zontakl. Rvíkur og bar þetta upp á afmælisdaginn hennar í gær. Við slógum tvær flugur í einu höggi, buðum hingað átta þátttakendum Zontaþingsins, byrjuðum á fordrykk hjá ömmu þinni, fórum svo upp og borðuðum þennan líka ágæta fiskrétt. Amma þín þekkti Zontakonu frá Kaupmannahafnarklúbbum og urðu það fagnaðarfundir. Hún var mjög ánægð með þetta afmælisboð, enda var þetta einstaklega skemmtilegt fólk. Auður gekk um beina og fékk mikið hrós. Það er best að bæta því við að þinginu lauk með kosningu. Var Guðrún Jónsdóttir í framboði til umdæmisstjóra og hlaut kosningu. Þetta er geysimikið starf -- orðin *governor* yfir svæðinu, Danmörk, Noregi og Íslandi. --

Segir fréttir af landsfundi Sjálfstæðisfl. þar sem Davíð Oddson lét til leiðast að gefa kost á sér! Friðrik Sophusson sem verið hefur í því embætti dró sig í hlé. Þorsteinn Pálsson er enn formaður, en verður sennilega að vikja.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 8.10.1989.

-- Ég vona að þetta bréf hitti þig hressan og kátan.

Það hefur gengið á ýmsu hér heima. Ég hef varla komið heim til mín nema í flugulíki. Hef nú að baki tvær ráðstefnur. Ársþing TFÍ var síðustu helgi í september, rúmlega 300 manna þing. Það best sótt hingað til. Ég hef unnið á laugardögum og sunnudögum í mánuð. Með því hefur þingið gengið svona vel. Samhliða þessu hef ég verið í undirbúningsnefnd svæðisþings Zonta sem lauk í gær. Ég var gjaldkeri þingsins og er ég búin að hlakka lengi til þessa sunnudags sem nú er upp runninn, loksins. Hingað komu 60 konur frá Danmörku og Noregi. Íslensku konurnar voru 100. Allt gekk þetta vel fyrir sig. --

Fundirnir í ráðstefnusal Loftleiða, aðalveislan í Súlnasal Hótel Sögu og svo farið út í Viðey í hádegisverð og hlustað á sögu staðarins. --

Fundinum lauk í gær og um kvöldið var Zontakonunum skipt niður á heimil Zontakvenna og boðið að borða. --

Og úr því að ég er farin að tala um Zonta, þá kom til mín kona á þinginu og heilsaði mér svo innilega: *Komdu sæl og blessuð, Kristín Tómasdóttir¹ heiti ég.* Ég kom henni fljótt fyrir mig. Hún bjó í næsta húsi við Jójó í gamla daga á Víðimelnum og var mikill samgangur á milli heimilanna. Hún er nokkuð yngri en við og leit voða mikið upp til okkar vinkvennanna, eins og gerist með yngri krakka á þessum árum. Kristín sagði mér að dóttir sín Erla² hefði verið *au pair* í bæ fyrir sunnan München -- hefðuð þið Kristín hist gegnum Margréti³ sem er systurdóttir manns Kristínar. Við vorum mjög ánægðar að hafa hist þarna og var tíðrætt um þessi efnilegu börn okkar. --

Segir líka frá skyldleika þeirra gegnum Briemsætt, sambýli fjölskyldnanna á Bergstaðastr. og vináttu Tómasar borgarritara og Ásgeirs Guðmundssonar afa Ásgeirs.

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 13.10.1989.

-- Takk kærlega fyrir bréfa og blaðasendingar. Ég skil vel að þið séuð að velta fyrir ykkur hvar ég sé niðrkominn, enda hef ég verið óduglegur við að upplýsa ykkur um hagi mína þessa dagana. Númer eitt: Bjó hjá kunningja mínum, Haraldi Ólafssyni,⁴ en hafði fasta adressu hjá kollega mínum Garðari Guðnasyni. Núna hinsvegar bý ég í herbergi í námsmannabænum á Sogni, ágætt herbergi og deili klósetti og baði með þrem öðrum strákum. Nú er þessi spænski gestakennari í heimsókn í skólanum og hefur verið mikið að gera. Hann kemur einu sinni í mánuði, viku í senn og þá er keyrsla frá morgni til kvölds.

Ég ætlaði reyndar að biðja ykkur að gera mér greiða. Hann er sá að fá fyrir mig nýtt ökuskierteini, en veskinu mínu var hnuplaði í Stokkhólmi og í því var meðal annars ökuskierteinið. Mér skilst að það verði að gera það fljótlega svo ég komist hjá því að taka nýtt bílpróf. --

Sigríður Dagbjarsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 16.10.1989.

Segist líða vel eftir mikla ráðstefnutörn.

-- Er farin að lifa þessu reglubundna lífi sem ég kann best við. Ég hefði ekki getað hagað mér svona nema af því að pabbi þinn er svona skilningsríkur og hjálplegur. Nú hef ég mestar áhyggjur af því að það var svo mikill gróði af svæðisþingi Zonta og reglurnar því miður þannig að það á að skila öllum afgangi til umdæmisins. -- er umdæmisstjórinn Guðrún Jónsdóttir arkitekt. --

¹ Kristín Tómasdóttir (1940) iðjuþjálfari á Akureyri.

² Erla Jóhannesdóttir (1969) húsfreyja og fimm barna móðir á Akureyri.

³ Margrét Kristín Jónsdóttir, mun vera menntaskólakennari á Akureyri. Var við nám í München.

⁴ Haraldur Ólafsson (1965), frændi hans af Bollagarðaætt, þótt þeir hafi ekki vitað það. Hann var seinna þekktur sjónvarpsveðurfræðingur okkar og háskólakennari í greininni.

Segir þau Eggert hafa farið á dægurlagahátíð með lögum og textum Jóns Sigurðssonar bankamanns. Jón Pabbi Hönnu Stínu spilaði þar.

-- Leist okkur vel á skemmtunina og ætlar pabbi þinn að nota kannski helming dagskrárinnar á föstudag en þá verður vetrarfundur SÍR --

Ásgeir var um helgina í Frankfurt á bókasýningunni. Hann er búinn að taka við af Artúri Björgvini Bollasyni að senda pistla til Ríkisútvarpsins einu sinni til tvisvar í viku. --

Þá var Ásgeir í sjötugsafmæli frænda af Briemsætt, sem hann var þar fulltrúi fyrir, dr. Hübner. Mikil veisla.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 23.10.1989.

-- Þykir þú ætla að gerast alþjóðlegur með því að flytjast til Vesturheims. Þetta sýnist álitlegt úr því að þetta fer fram í samráði við skólustjórnina. --

Segir að amma hans sem hlustar mikið á útvarp hafi heyrt að Ásgeir hafi verið með pistil um verðbréfamarkaði.

-- Ég fékk bréf frá Ásgeiri á telefaxtækið sem við erum búin að fá á skrifstofuna. Það er mjög skemmtilegt að fá -- nýjar fréttir. Það sameinar það besta úr bréfum og samtölum. Hefur þú aðgang að slíku? --

Ásgeir var í sjötugsafmæli Bertold Hübner og hitti þar Peter son hans, framkv.stj. listahátíðarinnar í Slésvík-Holtsetalandi. Spurning um hvort hann fái til að koma til Íslands og fræða okkur um listahátíðir svo gagn verði af.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 24.10.1989.

-- Pabbi þinn fékk faxbréfið og var í allan gærðag að útvega þér þau gögn sem hann gat. -- höfum verið að reyna að fylgjast með pistlunum frá þér í útvarpinu. Amma þín heyrði þig segja frá verðbréfamarkaðinum í Þýskalandi --

Segir frá þeim merka viðburði er Borgarleikhúsið var vígt um helgina og sýningum þar á Ljóni heimsins og Höll sumarlandsins.

Frá Degi er það að fréttu að hann kemur hingað í jólafríinu og tekur svo vorönn í New York.

Palli og Lára eru að fara í mikla ferð um Suður-Afríku og fleiri lönd þar í grennd. Er það með félagi fólks í ferðabjónustu.

-- Annars er allt gott að fréttu frá okkur. Vetrarstarfið í TFÍ er að hefjast í vikunni -- Mamma biður fyrir kærar kveðjur -- hún hefur það gott, en fer smám saman aftur, er orðin töluvert gleymín. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 30.10.1989.

Nú er farið að snjóa og frysta, en lagður hafði verið hiti í gangstéttina, var allt í góðu lagi, án þess að hitinn í innganginum hefði minnkað. Nú er verið að undirbúa komu Peter Hübner til fyrirlesturs og funda um listahátíðir. Allt er þetta gert í samráði við Brynju Benediktsdóttur, sem er formaður Bandalags ísl. listamanna, þó enn á trúnaðarstigi. Þó hefði málið verið rætt við Ólaf B. Thors, formann Sinfóníunnar.

-- Annars er allt hið besta að fréttu. Ég hlakka til að heyra rödd þína á morgun. Mér þótti gaman að heyra hvað Dröfn¹ þótti þú góður, sagði að þú hefðir verið dálítið taugatrekktur í fyrri þætti en mjög góður í hinum síðari. Láttu mig þekkja það. Ég er búinn að vera með hálfsmánaðarþætti, en ekki enn farinn að slappa af gagnvart hljóðnemanum og framandi umhverfi útvarpsstöðvarinnar. Ég flyt mál mitt allt öðruvísi en ég myndi gera þegar ég les fyrir ykkur --

Dagur Eggertss. skrifa Friede P. Briem. Osló. 1.11.1989.

Elsku amma. -- Mikið langaði mig til að vera heima á afmælisdeginum þínum. Ég hugsaði mikið til þín. Það var gaman að það skyldi vera hægt að sameina afmælisboðið og móttöku fyrir vinkonur þínar í Zonta. Eftir lýsingum pabba og mömmu var þetta hið skemmtilegasta boð. Ég get ekki trúað öðru þegar þú átt í hlut sem gestgjafi.

Það sem ég er að fást við núna er nokkuð stórt verkefni í Barselóna. Markmiðið er að teikna heljarstórt nútímalistasafn með kaffiteríu, bókasafni, skrifstofum og öðru tilheyrandi Mikið spennandi verkefni verð ég að segja. Sennilega stærsta verkefnið mitt og umfangsmesta á skólanum hingað til. Þetta kem ég til með að klára í desember og skila fyrir jólin. Það verður spennandi að sjá hvort ég nái heim fyrir aðfangadag, en af einhverjum ástæðum teygir kúrsinn sig fram á Þorláksmessu. Það verður gaman að koma heim, ekki síst vegna þess hve langt er síðan síðast.

Ég vona að þú hafir það gott, elsku amma mín. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 9.11.1989.

-- Við Auður vorum að sleppa símtólinu. Gaman var að heyra dillandi hláturinn og að þú hefðir það ágætt. Auður er stödd hér í TFÍ en hún hefur verið að leysa Gróu af í veikindum hennar. --

Mikið er að gera hér á öllum vígstöðvum í skemmtanalífinu og vinnu. Ég fór í Björkjallarann meðan pabbi þinn var á Oddfellowfundi þangað sem eiginkonum var boðið meðan þeir voru á fundi. Svo erum við að fara á 25 ára afmælishóf stúkunnar sem er síðkjólaball og karlarnir í kjól og hvítu. --

¹ Dröfn Guðmundsdóttir, fyrrnefnd samstarfskona mín, myndlistarkona. Fórst í bílslysi 2014.

Við erum búin að sjá *Ljós heimsins* í nýja Borgarleikhúsinu og er það sýnt á litla sviðinu. Það var skemmtileg sýning og gaman að koma í þetta nýja hús sem okkur leist mjög vel á. --

Bernd var hinn skemmtilegasti á föstudagkvöldið. Við hittum hann í Bankastræti þar sem hann var að kaupa „þú veist“ í Núllinu.¹ Annars erum við ekkert að blanda okkur í svoleiðis mál. Hann kom og borðaði hjá okkur *robbolega* góðan kjúklingarétt. Hann er orðinn voða ábyrgur í fasi, með kennaratakta á hreinu: .. *ég ætlaði að koma að því seinna að ..* --

Hún Auður, litla lambið, lagðist í pest um daginn. Aumingja stúlkan var með óráði, talaði tungum. Það versta var samt að það var ekki bara skúringakonan í Tannlæknafélaginu sem var veik, heldur líka varaskúringarkonan. Það myndaðist mikil spenna og loftið var virkilega rafmagnað á síðasta aðalfundi tannlækna þar sem spurningin var hvort framkvæmdastjóri ætti að þrifa sjálfur mesta skítinn. Málamiðlunin varð sú að framkvæmdastjórinn myndi sópa niður ganginn (laust og án þess að reyna mikið á sig) á tvöföldu næturvinnukaupi. Sem betur fer er hún Auður okkar nú heilsuhraust og mætti til starfa við fyrsta tækifæri. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 20.11.1989.

-- legg hér með grein sem ég skrifaði í DV um uppboð. Það gekk fram af mér þegar viðtal var við Úlfar Þormóðsson, forsvarsmann Borgar, þegar hann sagðist ekki skilja uppboðin. Verð væri svo breytilegt og lágt. Ég tók sem sé að mér að skýra þetta út fyrir honum og öðrum að við værum ekki á réttu braut. Úlfar Þormóðsson er málkunningi minn, reyndar grimmur í skapi,² sérstaklega gefinn fyrir að skrifa mikið og taka undarlegustu hluti fyrir, svo sem frægt er þegar hann skrifaði bók um frímúrara. Þar mun hann hafa haldið fram að margt hið versta í samfélaginu væri í einhverjum tengslum við þá reglu. Nú fyrir jólin gefur hann út bók sem fjallar um átök í Alþýðubandalaginu eins og einhver hafi áhuga á slíku máli.

En gott og vel, svona er bókaútgáfan orðin -- Menn skrifa bækur til að selja. Segja mætti að atvinnuleysi valdi því að menn án sérmenntunar eigi erfitt á vinnumarkaðinum. Þeir eiga tvo möguleika ef þeir missa vinnuna, að stofna sjoppu eða gefa út bækur. --

Ræðir ráðagerðir hans um að verða í BNA næsta ár. Merkilegt að hann skuli kominn út í mitt nám. Gaman verður að sjá hann og Ásgeir um jólin. Segir að Fríða amma hans hafi glæst mjög er hún fékk frá honum bréf.

-- Það þarf ekki margt að segja ef hitt er á rétta tónfallið.--

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 21.11.1989.

-- Ég var að hlusta á þig í morgun og þótti þér mælast vel sem endranær. --

Auður hitti Tómas (*Heiðar*) í Þjóðleikhúskjallaranum á laugardag. Ég man ekki hvort við sögðum þér frá því þegar þeir voru þarna fyrir skömmu vinirnir þrír og þekktu ekki Auði sem var að vinna á barnum. Þegar Guðmundur Þór var næstum búinn að ganga hana um koll, án þess að þekkja hana, sagði hún til sín og hann missti næstum andlitið, hnippi í strákana og sagði þeim að þetta væri hún Auður. Allir urðu jafn undrandi. -- Tommi sagði henni að hann væri að fara til Frakklands á skíði um jólin. Hann væri að fara til að hitta stúlkuna sem hann hefði kynnst hjá þér í sumar. Hann var mjög ánægður með allt saman og þakkaði þér fyrir að hafa komið þeim saman. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 27.11.1989.

Viða komið við. Segir frá þáttöku sinni í Oddfellowreglunni. Skrifar rækilega um Hafstein Guðmundsson bókaútgefanda og hönnuð, eiginmann Helgu Hobbs. Hef ég þekkt þau lengi og eru bæði aðdáunarverð, hann brautryðjandi í hönnun og prentverki.

Þá fjalla ég um bókband sem ég hef skrifað um og Hafsteinn var ánægður með. Minnst merkilegrar bókbandssögusýningar í Berlín, sem við Ásgeir sóttum fyrir löngu.

Þá ræði ég um Briemsettina og hvernig það mál gengur.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 4.12.1989.

Bréfið ber með sér að Hanna Stína, sambýliskona Dags og hann eru skilin að skiptum. Ræði afstöðu fjölskyldunnar til þess máls og fjalla í löngu máli um hjónabandið og allar væntingar í kringum það, í þessu tilvik ekki síst um afstöðu foreldra og fjölskyldu til málsins og hvernig megi tryggja framtíðina og reyna eftir mætti að tryggja að vel fari og ekki taka áhættu, vona að makinn eða maður sjálfur batni og ágallar í fari lagist.

-- Fjölskyldumynd okkar hefur gjörbreyst á fáum mánuðum og mun fyrirsjáanlega enn breytast. Allt er í heiminum hverfult - en allt safnar lífsreynslu og bætir möguleika framtíðarinnu ef - þetta stóra EF. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 4.12.1989.

-- Þau tíðindi bárust Auði frá Hönnu Stínu að þau Dagur væru búin að slíta sambúð. Við hringdum strax í Dag og hann sagði þetta rétt vera. H.S. hafði bringt í hann fyrir viku og tilkynnt honum ákvörðun sína. Hann hefur samt mikinn áhuga á að fara til New York eftir jól eins og hann hefur verið að ráðgera og undirbúa í samráði við kennara sína. Ekki sagðist hann fara til að reyna að ná sáttum, heldur vegna þess að hann er búinn að undirbúa ferðina og er orðinn hrifinn af verkefninu. Hann vildi líka gera upp slitin

¹ Þessi staður mun nú niðurlagður. Þetta var pissirí í Bankastræti þar sem gæslumennirnir, lítilsigldir og hlédrægir menn drýgðu tekjur með sölu á „verjum“. Hvað selt var kvennamegin götunnar er mér ekki kunnugt um.

² Þegar aðrir eiga í hlut, einsog sást á viðbrögðum hans sjálfs þegar hann var uppboðshaldari í Gallerí Fold.

svo engin sárindi hlytust af en H.S. kemur víst ekki heim um jólin. Hún er komin í einhvern dansflokk eins og hún óskaði sér, þarf að æfa og vinna.--

Þetta er einkennilegt fyrir okkur að sjá á eftir fólki sem við vorum búin að reikna með til frambúðar, taka að okkur og þykja vænt um vegna ykkar. En þetta er eins og hver önnur lífsreynsla - úr því að þetta átti að gerast vona ég að það verði öllum til góðs. Nú er maður kominn á þann aldur að stærsta óskin er að sjá ykkur eignast góða lífsförunauta og góðar fjölskyldur. --

Segir frá 1. des. sem haldinn var hátíðlegur með matarboði fyrir mömmu og Dídí. Og fyrsta sunnudag í aðventu var Jórunn, tengdamóðir, hjá okkur. Svo er verið að undirbúa laufabraud sem verður hjá okkur. Ræðir um að hann fái sér fót. Við sáum þau gömlu inni í skáp og gáfum þau í söfnun vegna Póllands!

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 22.1.1990.

Segir að gott sé að vita af honum á lokasprettinum í prófinu.

Hættur við að fara til Hafnar því fundir þar og í Stokkhólmi voru sameinaðir, eins og hann hafði lagt til. Sirrí verður á fundi í Höfn og þar hittast þau og heimsækja frændfólkið og skoða málverkið fræga af Gunnlaugi Briem.

Með þessari breytingu sparadist ein vika sem nota má til að skrifa eitt hefti af Raforku. Sendi tvær minningargreinar sem ég skrifaði meðan ég var í veikindafríinu. Önnur um Olof Stroh (frkvstj. sænska RK), hin um Sören Sörensson, og sem ég er nokkuð ánægður með, en fyrirhöfn var að skrifa, því svo lítið var um Sören vitað nema að hann væri höfundur „Stóru ensku orðabókarinnar“. Er ánægður með þá síðari og hef fengið hringingar hennar vegna. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 25.1.1990.

-- Hér er allt með kyrrum kjörum, skólinn farinn í gang og ég farinn að skipuleggja námsefni vorsins. Það er bæði erfitt og skemmtilegt að þurfa að gera þetta allt saman sjálfur, hlutirnir, eða öllu heldur verkin, taka lengri tíu en í staðinn fær maður yfirsýn. Núna hef ég lagt skipulagningu á ís í bili og byrjaður á fyrsta verkefninu. Meginlínur annarinnar eru komnar í ljós, en þar sem ég reikna með að málin komi til með að þróast og kannski taka breytingum þegar ég er kominn til Bandaríkjanna, þá geymi ég þá hlið málanna um sinn. Ég hef algjörlega mætt vegg í samskiptum mínum við kennarana. Þeir virðast hvorki hafa tíma né áhuga á því sem ég er að gera. Ég vona nú að það sé fremur það fyrrnefnda sem er dragbíturinn, þeir eru náttúrlega sjálfir að fara af stað með nýja önn og þurfa á sama hátt og ég að skipuleggja hana.

Það sem ég reifaði við þig í símanum, mamma, voru frumhugmyndir mínar að ferðalaginu, eins og var og er ekkert ákveðið, þ.e.a.s. ferðalagið áfram frá New York. Chicago er eini staðurinn sem ég verð, verkefnisins vegna, að heimsækja. Með það sem *útgangspunktur* er það mjög freistandi að skoða fleiri staði, enda eru Greyhoundferðirnar mjög ódýrar. --

En eins og þið sjáið þá er ég búinn að kaupa miðann, það er a.m.k. byrjunin á þessu öllu. Ég reikna með fimm dögum á hvorri leið í Reykjavík, þannig að við fáum tækifæri til að reifa málin og skipuleggja - Kem. 15. jan.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 29.1.1990.

-- um kvöldið var svo farið í Borgarleikhúsið með Auði og ömmu Fríðu til að sjá Kjöt, leikrit Ólafs Hauks Símonarsonar. Þar lék Stebbi Jóns¹ sitt fyrsta hlutverk á sviði og stóð sig mjög vel. Ég held að hann verði góður leikari. Þetta verk var ansi skemmtilegt, kannski sérstaklega áhugavert fyrir gamla kjötbúðarloku eins og mig. Stóð ég mig oft að því að bera leikritið saman við ýmislegt sem ég upplifði í sumarvinnunni í Kjötverslun Hjalta Lýðssonar á Grettisgötu 64 í gamla daga, hjá pabba. Höfundur hefur greinilega kynnt sér aðstæður á þessum árum, en verkið á að gerast kringum 1960.

Auður er ekki búin að fá niðurstöður úr prófunum Hún er að ljúka hálfmánaðar námskeiði í frönsku. Það komu hingað kennarar frá Frakklandi sem henni þykja frábærir. Námskeiðinu lýkur í vikunni. Þá vonast hún til að geta fengið einhverja vinnu, sem er nú erfitt.

Hér á Suðurlandi er hið besta veður. Á Vestfjörðum hefur gengið yfir mikið hríðarveður og kyngt niður snjó svo fólk er einangrað í sínum byggðarlögum meðan ekki er hægt að moka. Mördur Arnason var að tala um það í sínum málvöndunarþætti í morgun hvað það væru mörg orð á íslensku sem mynduð væru af orðinu hríð - hríðarkóf, hríðarhraglandi o.s.frv. Þess vegna væri óþarfi að koma með nýtt orð, sem hann hafði heyrt hjá fréttamanni og sem ekki væri til í íslensku, komið úr ensku, orðið *snjóstormur*.

Pabbi þinn á að fara á spítala á morgun í aðgerð á nefi og hálsi. Það á að laga skekkju á miðsnesi.² Í orðabók Menningarsjóðs segir að miðsnesið sé brjóskbryggja milli nasahola. Þetta er ekki mikil aðgerð og verður hann ekki nema 2-3 daga á Vífilsstaðaspítala. Síðan verður hann að hafa hægt um sig heima í hálfan mánuð. Ég held að hann sé farinn að hlakka til að grúska heima og gera það sem honum þykir skemmtilegast.

Segir frá Ingunni Friðleifsdóttur vinkonu hans, en einkum vinkona Loga Más Einarssonar arkitektanema í Osló. Hún var að ganga í Tannlæknafélagið. Er að berjast við kerfið. Var henni sagt að hún þyrfti að taka próf í lyfjalöggjöf hér á landi. Hún spurði hvenær hún gæti gert það. Kom í ljós að deila er milli þess sem prófar og tannlæknadeildar. Hann segist ekki hafa fengið borgað lengi og meðan svo væri prófi hann ekki. Hún þurfti að standa í ýmsu til að koma þessu í kring en tókst ekki. Þegar hún var orðin reið hringdi hún í deildarforseta og sagði að þeir fyrirskipuð þetta og yrðu að leysa það. Þá leystist málið. En þá gerðist það að tannlæknaleyfi hækkaði um áramót úr 4 þús. í 50 þús. kr.

Dagur Eggertsson skrifar fjölskyldunni. Osló. 6.2.1990.

-- Nú fáid þið loksins að heyra frá mér. Það hefur verið svolítið ruglingslegur tími eftir að ég kom út aftur eftir jólin. En nú er komin meiri fart á hlutina og ég farinn að sjá fyrir endann á skipulagi verkefnisins. -- Núna geng ég meira kerfisbundið til verks og vinn með ákveðið *tema* út í gegn. Að vissu leyti er ég kominn út fyrir ramma deildarinnar, en ég reikna samt með að kennararnir komi til með að sýna þessu mikinn áhuga. --

¹ Stefán Jónsson (1964) leikari og æskufélagi systkinanna á Bergstaðastræti. Hann er nú prófessor í Listaháskólanum í leiklist.

² Þetta var læknaöllumennska, tískuaðgerð, sem ég veit ekki annað en sé alveg lögð niður. Leifar af læknafráttu gamalli. Á læknamunasöfnum er eitt af skrítnu lækningatækjunum: *úfklippur*.

Það leggst mun betur í mig að fara núna.¹ Ég talaði við Magga² og ætlar hann að spyrjast fyrir um húsnæði. --
Sendi í gamni grein úr Aftenposten um Gisle Espolin Jonsson til þín, pabbi.³ --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 12.2.1990.

Auður lauk frönskuprófinu í HÍ en ætlar að hætta og búa sig undir inntökupróf í franskan skóla. Ásgeir var í bjartsýnna lagi þegar hann fór heim og fylgja honum góðar óskir að hann ljúki prófi.

Er ekki farinn að vinna eftir hálsaðgerð. Sirrí er á leið til Khafnar og þarf að undirbúa margt því hún á að hafa framsögu um tannlæknaþjónustu fyrir sjúklinga og aldraða. Auður hleypur undir bagga mömmu sinnar og verður á skrifstofu hennar á meðan.

Segi frá vinnu og fundum vegna niðjatala Gunnlaugs og Valgerðar Briem sem gengur vel. Virðisaukaskattur er skollinn á, líka á bækur.

Sakna þess að vera ekki lengur í útvarpinu, því það sé hvetjandi að vera með slík verkefni. Gallinn þó sá að það eru engin viðbrögð, það er eins og enginn hlusti.

Dagur er að búa sig undir að fara til NY, langar til að komast til Kaliforníu. Stakk upp á að hann færi til Boston og fengi inni hjá Sigurði Helgasyni, prófessor, frænda okkar.

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. New York. 23.2.1990.

-- Þá er ég kominn á áfangastað - New York. Það er góð tilfinning, já mér finnst gott að vera hérna þó að hávaðinn og mengunin sé mikil. Maður fellur einhvernveginn svo vel inn í þennan hrærigraut menningar. Ég er núna búinn að vera hér þrjú daga og hef búið hjá Hönnu Stínu í góðu yfirlæti. Gaman að hitta hana aftur. Ég fór með henni í Carnegie Hall þar sem skólinn hennar er og var kynntur fyrir Aaron Neubert, sem rekur skólann. Húsnæðið sem ég fæ er niðri í Greenwich Village. Það er vinkona H.S. sem býr þar og vantar meðleigjanda -- Þetta er miðsvæðis á Manhattan, nálægt þeim byggingum sem ég ætla að skoða mest. Skrifu seinna. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Suzanne og Martin Bitsch. Rvík. 2.3.1990.

Þetta er fyrsta bréf af mörgum sem fóru milli okkar Suzanne Ebbesen Bitsch frænku okkar í Danmörku, síðar í Frakklandi. Við Sirrí heimsóttum þau í mars. Þau voru m.a. eigendur þeirrar frægu myndar af Gunnlaugi Guðbrandssyni Briem, ættföður Briemsættar. Hann var vinur Bertels Thorvaldsens og sammandi í Listaháskólanum. Myndin er af ýmsum talin máluð af Thorvaldsen, sennilega eftir koparstungu sem gerð var af Gunnlaugi ungum. Málverkið vildu þau að færi til Íslands og hafði ég milligöngu um að það fór til Þjóðminjasafnsins. Fór svo að það var afhent á ættarmótinu þá um haustið. Hékk síðan lengi uppi í Þjóðminjasafninu en hefur ekki sést síðan safnið var endurbyggt, er þó höfuðprýði í góðri myndabók um safnið, sem Árni Björnsson sá um..

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri og Degi Eggertss. Rvík. 5.3.1990.

-- Við héldum upp á „perlu“brúðkaupsafmæli okkar á þriðjudag, Voru hér með okkur auk Auðar þau Rúrí og Agnar; Óli og Jójó, Palli og Lára. Var þar matur sem Sirrí kom með frá Kaupmannahöfn og hin ágæta Schwartzwaldsskinka sem Ásgeir kom með fyrir jólin. Vakti hún mikla hrifningu eins og raunar allt. Óli hélt aldeilis ágæta og innilega ræðu. Svo kvaddi Auður sér hljóðs og flutti ræðu fyrir hönd ykkar systkinanna. Var hún skemmtileg, myndin og vel flutt. Var reyndar besta gjöfin sem hægt var að gefa okkur. Við vorum bæði hrifin og stolt. Það voru gestirnir líka.

Á föstudag fengum við svo Einar (*Ingimundarson*) og Bensa (*Benedikt Eiríksson*), Það var líka mjög skemmtilegt. Ekki síst var Einar frábær vegna fróðleiks, innileika og hnyttni.

Loks voru mamma og Dídí hér á laugardagskvöldið. Voru þær hreint ágætar og skemmtilegar báðar. Nú fer að minnka matarafgangurinn --

Ásgeir hefur verið að fínþússa ritgerðina. Fór hann til Eichstätt til að Karl gæti lesið hana yfir. Mun prenta hana út í dag og fara með í skólann. Sirrí var mjög ánægð eftir að hafa talað við þig, Ásgeir, fyrir hvað þú varst rólegur og yfirvegaður. Lengst höfum við beðið fréttu af Degi. Í gær kom svo hringing og Dagur í símanum. Hann var löngu búinn að skrifa en einhver ruglingur á póstsamgöngum frá NY.

Degi leið ágætlega og var mikið ánægður. Hann sagðist hafa *mannað sig upp* í að heimsækja rektorana í Columbia og Cooper Union arkitektaskólunum. Hefðu þeir tekið sé vel og leyft sér að sækja fyrirlestra við skólann. Leist Degi stórvel á það allt --

Imma kom með Andreu og Hjalta Stefán um síðustu helgi. Voru þau öll fjörug. --

Vandræði með heilsu Kristjáns.

¹ Er með ferð til New York í huga.

² Magnús Sigurðarson vinur hans, listamaður í USA.

³ G.E. Jonson er eða var stjórnunarfræðingur í Noregi. Ég hafði fjallað svolítið um hann í skrifum mínum. Segja má að hann hefi sagt um opinbera embættismenn ýmsa að þeir komi engu í verk og gleymi öllu nema að panta og kaupa flugmiða. (Nú myndi hann bæta við að tékka á afsláttarpunktum). Gísli og fjölskylda hans í Noregi munu einu afkomendur Espólínfjölskyldunnar íslensku með því nafni.

Dagur Eggertss. skrifar Auði Eggertsd. New York. 11.3.1990.

-- Hér sit ég í herberginu mínu á sunnudagsmorgni með kaffibolla og læt mér líða vel. Ég tel mig hafa verið nokkuð heppinn með herbergi þar sem það er vel miðsvæðis og svo er það rúmgott og vel *ústýrt*. Stelpan sem býr hérna er íslensk, en leigir herbergið með amerískum strák sem leikur heilmikið í kvikmyndum. Núna er hann í Alaska að taka upp einhverja hollývúddmyndina. Þess vegna gat ég fengið að búa hérna á meðan.

Það hefur mikið gerst síðan ég kom hingað. Fyrst var það endurfundur okkar Hönnu Stínu, sem var ánægjulegur en samt eins og gefur að skilja, mjög erfiður. Við erum og verðum alltaf góðir vinir.

Svo tók ég mig til, eins og ég sagði þér í síma, og talaði við skólastjórann á Cooper Union um að fá að vera í fyrirlestrum. Ég bjóst ekki við neinu, vegna þess að C.U. er harðlæstur fyrir öllum utanaðkomandi og þykir undur og stórmerki þegar fólk kemst inn. En með því að tala við rétta þá tekst allt. Og í þetta sinn komst ég inn á semínar sem skólastjórinn heldur með vini sínum. Báðir stórstírni í arkitektúr.

Mér líður sem sagt vel og reyni að halda uppi dampi í verkefnisvinnunni. Ég skal skrifa þér skemmtilegra bréf seinna elsku systir.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 12.3.1990.

-- Ég er ekki alveg búin að átta mig á því að þú sért ekki í Osló. Þegar ég hugsa til þín hvarflar hugurinn fyrst til Osló og svo verð ég að flytja hann alla leið vestur um haf. Það var gaman að heyra í þér. Ég vona að allt gangi þér í haginn og þú getir nýtt þér þá miklu möguleika sem þarna eru í boði. --

Pabbi þinn var kominn með annan fótinn til Hafnar um helgina. Hann átti að mæta þar á fundi, var búinn að gera allar ráðstafanir. Þá kemur fax frá Khöfn um að fundinum hefði verið slegið saman við annan í Stokkhólmi 29.3. Hann var heppinn að hafa keypt SAS miða sem hægt var að skila aftur. Fólkið á skrifstofunni hjá honum dáðist að því hvað hann tók þessu með miklu jafnaðargeði. Hann var eiginlega feginn að þurfa ekki að fara, hafði líka verið búinn að stinga upp á að slá fundunum saman. --

Segir frá einni af mörgum skemmtunum í Oddfellow. Þar var rússneskur matur. Fjörugt og skemmtilegt og dansað fram á nótt. Við gengum heim, vel skóuð, en mikið hafði snjóað.

-- Við erum farin að hlakka mikið til frísins í Róm. Við förum út 28.3, ég fer af í Höfn og pabbi þinn heldur til Stokkhólms á fund. Ég tek þátt í aprílkúrsus danska tannlæknafélagsins í Bella Center og alls konar veislum. Við förum svo saman til Rómar frá Höfn. Pabbi þinn verður tvær nætur hjá Tómasi í Stokkhólmi. --

Jæja, ég þarf að fara að skrifa fréttabréf TFÍ. Jójó er búin að tefja mig í símanum og segja mér allt sem er að gerast í bæjarlífinu. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 19.3.1990.

Ræðir nám hans, störf og fjármál.

-- Ásgeir var helgi í Feneyjum með einhverjum félögum en próf eftir. --

-- Sigga Erlends varð sextug og var skemmtilegt boð hjá henni þar sem margar konur létu að sér kveða. Var einstaklega létt yfir öllu og gamansemi, á öðrum nótum en þegar karlarnir dómínera. Bekkjarsysturnar Helga Gröndal og Vigdís héldu ræðu saman í spaugstofustíl: *Yfir til þín Helga!* --

Þá var rætt um Norðurlandaferð okkar og áætlaða tveggja vikna ferð til Rómar. Heimkomin þurfum við að halda utan um mikla fundi, Sirri norrænan stjórnarfund tannlæknafélaga og ég aðalfund SÍR.

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 6.4.1990.

-- það er eins og botninn sé að detta úr bréfaskiptum okkar á milli -- próflestur -- símahringingar -- Eftir situr pápi í lausu lofti, sambandslaus og hefur engan til að tala við, fylgist með fáu, vonar að litlar fréttir séu góðar. -- Við þráum að fá þig heim -- til nokkurs hagræðis -- hjálp við húsamálningu, tölvuhjálp, garðvinnu, bílasnyrtingu -- þetta er m.a. á óskalistanum. Hvað um það, vona að próflesturinn gangi.

Höfum haft Martin og Suzanne Bitsch hjá okkur farið með þau í ferðalög og til að hitta Þór Magnússon þjóðminjavörð og semja um afhendingu málverksins af Gunnlaugi Briem. Þetta er þægilegt og áhugasamt fólk, skemmtilegt og glatt yfir að komast í samband við frændur. Þá voru þau með handrit sem þarf að rannsaka.¹

Þá var rætt um útgáfuna á Briemsættinni sem eitthvað gengur illa í útgáfu. En Þorsteinn Jónsson veit af ættarmótinu 30 sept. og þarf þá að hafa lokið verkinu.

Auður er búin að ákveða að læra listmunaviðhald, verða konservator. Dagur kemur við 11. apríl á leið til Oslóar. Honum hefur gengið vel verkefnið sem hann fæst við.

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 23.4.1990.

Gefur skýrslu um bréf, rukkanir, synjun á sumarstarfi í Stokkhólmi, LÍN-mál og húsnaði sem til boða stendur í Osló.

Heilmiklar fréttir úr fjölskyldunni, Ásta Einarsdóttir¹ kjörin fegurðardrottning, Anna Þorbjörg² fermd og skemmtileg veisla.

¹ Þau dóu bæði með skömmu bili árið 2012, höfðu ákveðið að gefa ýmislegt af eignum sínum, það sem snerti Ísland hingað til lands. En ekkert hefur heyrst af þeim búskiptum. Gott að hafa fengið eitthvað af handritum til Landsbókasafns í ljósriti.

-- Hjá mömmu þinni er mikið að gera - norrænn stjórnarfundur og heimboð til okkar á laugardag. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. New York. 30.4.1990.

-- Eins og ég sagði ykkur í síma er það ekki pennaleti sem heldur aftur af manni í bréfaskriftum. Penninn hefur haldið manni sveittum síðustu vikur í að klára ritgerðina og greiningarverkefnið á húsinu sem ég sagði ykkur frá. Hún felst í allsherjar nýjónastarfsemi um arkitektasögu þess, verkfræði og almenna skilgreiningu á því. Það hefur verið mjög skemmtilegt, ekki síst vegna þess að arkitektinn sem teiknaði það, skrifaði margar bækur og flestar mjög skemmtilegar. Verkefnið gengur sem sagt vel og verð ég að mestu leyti búinn með það þegar ég kem heim. Sömuleiðis ritgerðin, bara smá snurfus og tölvuvinna eftir. Það kemur allt til með að ganga vel upp því ég fæ tvær vikur í Osló áður en ég skila.

Þetta hefur verið góður tími hérna í N.Y. og lærdómsríkur. Ég hef notið hans í alla staði og grætt mikið á honum í náminu. Hver veit nema maður eigi eftir að koma hingað, síðar meir, í framhaldinu? Bið að heilsa öllum.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 14.5.1990.

-- Heimilið tók stakkaskiptum þegar Dagur kom heim, hlátrasköll og mikið grín. Þó hefur hann unnið mikið að ritgerð sem hann þarf að skila þegar hann kemur til Oslóar. Hann fer aftur á morgun. Verða þau samferða, Fríða og hann. Hún er á leið til Noregs að vinna á sumarhótelu í Geiranger. Mamma borðaði með okkur í gærkvöldi. Á eftir kom Fríða. Kvöldið var samfelld hlátrasköll og léku allir á als oddi. Þú varst illa fjarri góðu gamni.

Ég var heldur en ekki ánægður þegar ég fór að hátta. Ég hef verið að þæla í handritum Ebbesens, föður Suzanne Bitsch sem þau skildu eftir hjá mér. Ég hef lengi leitað að upplýsingum um Kristján Gunnlaug (1802) Briem, næstelstan sona Gunnlaugs Guðbrandssonar. Hann fór ungur til Danmerkur til séra Jóhanns bróður síns, sem þar var prestur. Hann lærði trésmíð. Eftir það fór hann í ferðalag, eins og þá tíðkaðist, og stundaði iðn sína m.a. í Hamborg og Dresden. Ævi sína endaði hann í París og er hvergi um hann getið eftir að hann kom þangað.

Hér var hins vegar getið um að hann hefði fallið saklaus við banatilræði við Louis Philippe 1. Frakkakonung um 1840. Það ár er þess getið að Charles Louis Napoleon Bonaparte (1808-1873) sem síðar komst til valda sem Napoleon 3., en var þá í útlegð, hefði gert uppreisn gegn Louis Philippe. Að vísu var hann þá í Boulogne. Öldur óróans gætu samt hafa borist til Parísar, eða Kristján verið staddir annars staðar.³ Hugsanlegt er að finna nánari upplýsingar um þetta mál allt síðar. --

Auður er búin að fá vinnu hjá Rafmagnsveitunni. Síðan ætlar hún sem *au pair* til S-Frakklands um miðjan júlí. --

Dagur er ekki búinn að fá vinnu. Gæti verið að hann fengi hana í Noregi og kæmi því ekki heim. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 24.5.1990.

Segir rétt einu sinni fréttir af húsnaðismálum sem virðast hafa leyst þegar hann kom til Osló.

-- Annars gengur allt vel í sambandi við verkefni -- ritgerðin svo að segja búin og *analysan* á lokastigi. Um leið og maður fer að sjá fram á endalokin fer maður að bæta við og pressa verkefnið örlítið lengra, þannig að ég er að berjast við að stoppa sjálfan mig og setja punkt aftan við vinnuna.

Svo er það sumarvinnan sem bíður eftir mér einhvers staðar þarna út. Ég sé að það er jafn vonlaust fyrir mig að sækja um vinnu á arkitektastofu hér eins og heima. Það eru dæmi um krakka sem sendu bréf á 200 stofur án árangurs. Ég fæ samt eflaust e-ð sem tengist arkitektúr. Kemur í ljós.

Annars fékk ég skriflega greinargerð um árangur minn á síðustu önn núna um daginn. Hann var nokkuð pósítívur og mun betri en munnlega umsögnin sem ég fékk fyrir jólin. Ég held að þeir hljóti að hafa sest niður og athugað betur ástæðurnar fyrir hvers vegna verkefnið komst of stutt hjá mér. Við vorum þrjú með sama verkefnið og ekkert okkar réð við stærð þess á þeim stutta tíma sem við fengum. Ég var a.m.k. mjög ánægður að sjá þetta -- þessa nýju skoðun þeirra.

Sem sagt allt gott að fréttu. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 28.5.1990.

-- Hér eru allir farnir að hlakka til þess er þú kemur til að snúa þér að lífsstarfi og koma þér fyrir í gamla landinu með öllum þess sérkennilegu og þægilegu lögmálum. --

Dagur var í vandræðum með húsnaðið þar sem maðurinn sem hann leigði meðan hann var í Ameríku vildi ekki fara út. Þegar Jón Gunnar heimsótti Dag á leiðinni heim frá Bergen sváfu þeir á samkomustað Íslendinga, sem Degi tókst að komast inn í með því að stinga lásinn upp með ökuskírteininu sínu (leyndó). En nú er sá vandi leystur, til allrar hamingju. Hvað hann svo gerir í sumar er ekki vitað. Hann langar til að fá vinnu í sínu fagi. --

¹ Ásta Einarasdóttir (Sveinssonar) (1971) hagfræðingur.

² Anna Þorbjörg Jónsdóttir (1976) hagfræðingur. Dóttir Guðrúnar Sveinsdóttur.

³ Þessa skýringu myndi ég ekki alveg skrifa undir nú því staðreyndir um Louis Philippe myndi ég nú telja nokkuð á annan veg. En skýring Ebbesen stendur fyrir sínu og verður vart haggð.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 29.5.1990.

-- var gaman að fá fréttir um að þú værir kominn inn á Sogn aftur. Ekki veitir þér af að hafa samastað í tilverunni þegar þú hefur svona mikið verkefni fyrir höndum og mikilvægt. --

Segir af bæjarstjórnarkosningum þar sem Sjálfstæðisflokkurinn sigraði. Búast má við heiftarlegu uppgjöri milli Ólafs Ragnars og Svavars Gestssonar. Einnig Jóns Baldvins Hannibalssonar sem stóð fyrir sameiginlegu framboði (Nýr vettvangur?). Bensi Sveins var efstur á lista í Gardabæ og vann stórsigur. Þar er hreinn meirihluti Sjálfstæðisfólks.

Þá eru líka fréttir af listahátíð sem er að byrja, það helst að Lilla Teatern frá Helsingfors kemur en það er/var uppáhaldsleikhús okkar.

-- Ég reyndi að hringja í gær en þú varst úti að vinna að verkefninu þínu. Maður er spenntur að heyra hvernig þér miðar áfram með það og hvort þú færð eitthvað að gera í sumar þarna úti. -- Auður vinnur hjá rafveitunni --

Kristín var að útskrifast frá Versló -- Stella hélt heljarmikla stúdentsveislu -- með öllu tilheyrandi. Svo fór árgangurinn til Jamaica. -- Þau eru búin að vera að safna í allan vetur m.a. með því að selja klósettpappír. Kristín hefur komið reglulega til okkar í vetur og skaffað okkur þessa nauðsynjavöru. --

Eftir stúdentsveisluna fórum við á Snæfellsnes með Palla og Láru, að Ytri-Tungu, þar sem var friðsælt að vera, selir og ströndin skoðuð og farið í laugina á Lýsuhóli og gengið um Búðahraun. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 21.5.1990.

Þakkar bréf, segir frá vorkomu og að Auður hafi lokið prófinu og virtist ganga vel.

-- Hún fór svo galvösk í sumarvinnuna í appelsínugula regngallanum út á stoppistöð. Jón Gunnar kom frá Bergen og hafði hitt Dag í Osló. Því miður er Dagur alltaf í jafnmiklu húsnæðishraki og var hann á hálfgerðum flækingi en vonast til að komast aftur í herbergið sem hann framleigði. -- Annars er Dagur mjög ánægður með Ameríkudvölinu. Honum gekk vel með verkefnið og fannst hann bæta miklu við sig faglega með þessari reisu.

Ég er nú fegin að þú ert búinn að kjósa og að ráðherrann gat tekið atkvæðaseðilinn með sér heim þegar hann loksins var fullgildur. Ég vona að hann hafi ekki stungið honum undir stól, því sannarlega lítur þú ekki út eins og framsóknarmaður. -- Hugurinn er hjá þér hverja stund, Ásgeir minn --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri og Degi Eggertss. Rvík. 4.6.1990.

Segir frá listviðburðum, tónleikum, leiklist og sérstakaleg sýningu Lilla Teatern í Helsingfors sem var hér á listahátíð.

Þá vorum við boðin til Palla. Fríða dóttir þeirra í hótelvinnu í Noregi hjá æskuvinkonu Láru. Fríða er með ógnar heimþrá. Foreldrarnir standast ekkert og ætlar Lára að heimsækja hana, en það hlýtur að binda enda á það ævintýri Fríðu. Bauð hún mömmu með en það afþakkaði hún.

-- Við horfum á þetta allt nokkuð hissa og þykir uppeldisaðferðir sem tíðkaðar eru á heimilum tveggja bræðra, hvar af annar er uppeldisfrömuður, skiptast allmjög í tvö horn. En ekki er það á mínu færi að dæma um kosti og galla. Muninn má rekja til mömmu þinnar og er frekar á færi ykkar krakkanna að dæma um en okkar sjálfra.

Hádegisverðurinn var mjög fróðlegur, eins og fyrri daginn, skemmtilegur og án árekstra. Það er harla einkennilegt að fylgjast með öldrun systranna. Mér verður oft hugsað til rússneskra leikrita þar sem fólk fjarlægist hvort annað. -- Þær systur eru nærri níræðar, hafa breyst mjög frá því sem var þegar þær voru ungar, ólíkar persónur, uppeldi og líf mótað þær misjafnlega.

Þær hafa orðið vitni að sömu þjóðfélagsviðburðum, átt sömu móður og systkinahóp. Eðlilega verða þær ólíkar persónur, lífssýn þeirra sitt með hvoru móti. Þetta var ekki áberandi fyrir á árum. Nú hefur það bæst við að ellin hefur raskað undirstöðunni. Einhvers staðar sprunga í sálinni, ellihrumleiki í sálarskoti, breytt hormónastarfsemi, blóðrennsli til taugakerfisins - og annað. Þær - og kannski við hin - höldum að þær séu þær sömu. Ytri einkenni benda til þess, en allt hið innra er á fljúgandi ferð í þroska, stöðnun, vanheilindum.

Sigga Tomm, frænka þeirra, er nýdáin. Hún ólst upp með þeim í Tjarnargötu, fóstruð af Þórhildi Tómasdóttur, ömmunni í húsinu eftir að Tómas Helgason, pabbi hennar, dó. Sigga kom oft til okkar og var þekkt fyrir gott skap. Síðustu árin hefur hún verið ellisjúk. Konan sem alltaf var glöð, þrátt fyrir margvíslega örðugleika og fátækt var bálvond á sjúkrahúsinu.

Óli frændi var reiður og bölsótaðist. Þetta er þróunin og ekkert hægt við henni að segja, réttur fólks til að vera tekið eins og það er, með kostum þess og göllum. Enginn getur verið góður alla æfi.

Svo eru aðrir sem eru indælir og blíðir alla tíð. Dæmi: Steina. Hún þroskaðist allt örðu vísi. Maður hlýtur að samgledjast og meta það við forsjónina. Jafnframt leggur hún sitt fram til að gera lífið ánægjulegt, hjálpar manni til að umbera það sem verra er. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 12.6.1990.

Þakka bréf. Fengum bréf frá Ásgeiri og töluðum við hann um helgina. Þá var þyngra í honum enda nálgast prófin, hvert af öðru. Vonandi að hann láti þetta ekki hafa áhrif á taugarnar. Hann á til að fá streitueinkenni þegar erfiðleikar eru fram undan.

Þá ræði ég fjármál Dags, bæði skuldir við okkur og LÍN sem hlaðast upp þó eitthvað eigi hann í verðbréfum. En skuldir hækka og tel ég nauðsynlegt að lækka skuldirnar með því að selja verðbréfin. Segi frá fyrirætlun um tjaldferðalag austur á land, hugsanlega til að taka á móti Ásgeiri. Verið getur að hann komi með bíl til Seyðisfjarðar.

-- Við fórum á afmælisdegi mömmu þinnar og borðuðum með Auði á Hótel Holti og var mjög velheppnað. Næsta dag fórum við með bekkjarsystkininum mínum til gróðursetningar í Ölfusvatnslandi. Var einstaklega skemmtilegt að hafa þennan tilgang með ferðinni. Eftir það var farið í Skíðaskálann í Hveradölum, borðaður kvöldverður, dansað og spjallað. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Rvík. 12.6.1990.

Velti fyrir mér vor- og sumarstörfum í garði, viðhaldi hússins, trjálús, sólböðum, sumarferðalögum og öðrum plágum eins og sumarleyfi sem maður þarf ekki á að halda. Heimsóknun til einhvers sem maður hefur slegið á frest og útlendinga í heimsókn.

-- Verið djöfull góður við einhvern. Togstreita í brjóstinu - gott og illt - bjart og dökkt - það leiðinlega og skemmtilega, háa og lága. Svo kemur haustið, streitan hættir, sinnulaus jólaundirbúningur, skattframtal, undirbúningur skemmtilegs sumars og fjármunir til húsaviðhalds lagðir til hliðar.

Sem sagt, allt gengur sinn vanagang. Lífið alveg dásamlegt. Sólin skín í hnakkann á mér, klukkan orðin hálfátta, sólin að skríða svo langt til hægri á tölvuskjánum að hægt er að lesa á honum. Auður er farin í sína garðyrkju, áður en nokkur kemur á fætur. Kemur seint heim, er þotin út fyrir en varir. Þyrfti að skrifa henni bréf líka, rétt til að hafa samband um lífið og tilveruna, gera upp mál svo sem vikulega, hafa allt á hreinu.

Á hverri stundu kemur pípari og byrjar að brjóta upp kjallaragólfíð; gera við lekann sem hefur angrað okkur svo lengi. Kannski þarf að taka af klóakið; þá stoppar allt líf í húsinu, enginn matur, enginn þvottur, ekki einu sinni bursta tennur nema úti í garði. Kannski flytjum við út á Nes til Ingólfs sem er einn heima, aðrir fjölskyldumeðlimir í Noregi og Svíþjóð, að skemmta sér eða vinna fyrir sér.

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 12.6.1990.

-- Jæja, nú er erfið önn búin og tími kominn til að koma röð og reglu á samskipti og frétttaflutning yfir hafið.

Svona til að byrja með þá gekk vel að klára verkefni tvö (ritgerð og analysu) þó að það hafi dregist aðeins á langinn. Ég fékk nefnilega ágæta vinnu fyrir sumarið og þurfti að byrja í henni áður en ég var búinn með skólann. Aftur er það veitingahúsabransinn sem lokkaði, í þetta skipti er það íslenskt veitingahús hérna í Osló. Ágætis vinna. Ég er aðstoðarmaður í eldhúsinu, sker niður grænmeti, skrælli kartöflur, þvæ pönnur og kastarollur. Þar að auki á ég að sjá um köldu réttina, en það er ég ennþá að læra. Þetta heitir „Geyisir“ veitingahús (frumlegt).

Ég athugaði með vinnu á teiknistofu en það var tilgangslaust. Hér er ástandið líklega verra en á Íslandi. Ég gafst upp á því.

Ástand mála er því bara gott hjá mér núna. Sumarið komið og maður fer helst ekki út úr dyrum án stuttbuxna. Kvikmyndin sem ég ætlaði að klippa og skila sem verkefni á skólanum var lögð á ís vegna þess að það þurfti að senda hana til Þýskalands til að fá hana framkallaða. Ég fæ hana því ekki aftur fyrir en eftir nokkrar vikur, en þá ætla ég að láta hendur standa fram úr ermum, klippa hana í tætlur og sjá svo til hvað verður úr. Nógan tíma hef ég hérna í „sveitinni“ fjölskyldu og vinalaus. Þið hafið því fulla ástæðu til að skamma mig ef ég stend mig ekki í frétttaflutningnum héðan í sumar.

Bið að heilsa. Afmælisbarnið fær sérstakar kveðjur. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 18.6.1990.

-- Þakka þér fyrir símtalið og afmælisóskirnar. Það er gott að vita að þú sért búinn að fá vinnu, þótt ekki hafi það verið í faginu þínu. Það fer nú kannski að verða álitamál hvort fagið sé þitt fag. Það er allavega gott að hafa þessa list líka á valdi sínu.¹--

Segir frá 17. júní hátíðinni sem við létum fara fram hjá okkur.

-- Drifum okkur á sýningu í Hafnarborg í Hafnarfirði. Þar var verið að sýna verk eftir svokallaða einfara (naivista) í málalag. Sýningin kom okkur sannarlega í gott skap. Það eru sérstaklega þau Sigurlaug Jónasdóttir frá Öxney, Þórður Valdimarsson (Kíkó-Korriró, kallar hann sig), Ólöf Grimea og Dunganon sem báru af. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 18.6.1990.

-- Gott var að heyra að þú hefðir ekki verið svartsýnn eftir prófið. Ég vona að öll prófin verði á sama veg. --

Vorum að skyggjast eftir atvinnuauklýsingum, bíðum uns fréttir berast. Segir af þjóðhátíðarhaldi, heldur neikvæður - fór hvergi!

-- að vinna öðru hvoru í ættartölunni sem er loks að komast á skrið -- Ég er að komast á kaf í að skrifa um einstaklinga í niðjatalinu. Því miður var ég ekki beðinn nægilega snemma um það og þarf því að taka mér sumarfrí til að geta gert það sem nauðsynlegt er fyrir útgáfuna. Þar eiga helst að vera rúmlega hundrað ævisögur. Sjálfur er ég búinn að skrifa fimm. Eggert² hefur sennilega verið búinn með um 20. -- eftir er tæpt 100.³ Ég hef mánuð til stefnu. --

¹ Þarna mun hann hafa fengið starf á veitingahúsi sem einhverjir Íslendingar stofnuðu í Osló.

² Eggert P. Briem, móðurbróðir minn, sem hóf söfnun ættfræðiupplýsinga fyrir löngu.

³ Reyndist mun meira og að auki þurfti að ritstýra mörgum.

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 1.7.1990.

Eitt túristapóstkort héðan. Það hentar stað og stund. Ég sit í Vigelandsgarðinum og bíð eftir Palla og Láru. Það er búið að vera gaman að vera með þeim. Fórum út á Hovedøja í gær og borðuðum rækjur á brunnlöki í gömlum klausturrústum. Þær voru góðar. Ég er búinn að fá inni á stúdentagerði niðri í bæ (Pilestedet), flyt þangað eftir tvær vikur. Sendi adressuna. Bless.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 2.7.1990.

-- Við mamma þín vorum við vígslu Blönduvirkjunar í gær. Er heim kom voru Palli og Lára nýfarin og höfðu sagt ömmu þinni margar og skemmtilegar fréttir frá Osló. Vorum við ánægð með að heyra að þau höfðu haft gaman af að hitta ungan mann sem ýmislegt gott var um að segja en sem ég hirði ekki að nefna. Heimsóknin til borgarinnar var velheppnuð, einkum vegna þess að þau hittu annan ungan mann sem stundar eldhússtarf í borg sem ég nefni ekki heldur. Enn annar maður, sem ég nefni ekki heldur, hafði kynnt þeim borgina frá hlið sem þau þekktu ekki fyrr. Kannski var þetta hugarburður ömmunnar. --

Já, við vorum í Blönduvirkjunarhornsteinsmúrningunni og var öll sú ferð hin skemmtilegasta -- Við vorum mest með Óla og Jójó, einstaklega skemmtilegum eins og venjulega. Óli sami grallarinn og venjulega. Sérstaklega var ánægjulegt að þær gátu farið þetta saman mamma þín og Jójó, enda fann ég hvað miklar vinkonur þær eru, ekki síst þegar þær fá tækifæri til að gera eitthvað skemmtilegt saman. Synd að það skuli ekki vera oftár. Flogið var til Sauðárkróks, þaðan farið í rútu beint í virkjunina og hún og virkjunarsvæðið skoðað, og farið á Húnavelli í mat. Þetta var allt í dýrðar veðri, eins og það getur best orðið, Skagafjörður og eyjarnar, Tindastóll, Glóðafeykir og Mælifellshnúkur, allt í sínu skarti --

Segir frá viðgerðum á klóakinu í kjallaranum og gaman að fylgjast með frábærum iðnaðarmönnum.

-- Á meðan sit ég við og skrifa ævisögur eitt hundrað og eitthvað margra Brímara. Er bráðum búinn með 50 stykki -- Hvort skruddan kemur einhvern tíma út veit ég ekki, efast sannarlega um það. En það er alltaf gaman að vinna. Ég hef líka hér á neðri hæðinni starfsmann sem les handrit og leiðréttir af miklum áhuga. Það eru ekki allir svo heppnir að hafa sér til aðstoðar í mannfræðiskrifum konu sem ólst upp hjá dóttur Fjölnismanns og sem líka kynntist Stephani G. Stephanssyni skáldi.

Prófin silast áfram hjá Ásgeiri. Hann fer í síðasta prófið í vikunni, meginprófið í fjölmiðlaprófi, sem er munnlegt. -- Hann fer eftir prófið í nokkra daga til Berlínar.

Auður fer í ferðalag og kemur við í Berlín hjá Ásgeiri sem þá verður kominn aftur til München til að pakka og koma dótinu sínu til Hamborgar. Hann leggur svo af stað með húsbíl, sem hann á að ferja fyrir þýskan tannlækni, til Seyðisfjarðar þar sem við tökum á móti honum.

Auður fer svo í ferðalag til Ítalíu. Eftir það verður hún *au pair* í Province. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 2.7.1990.

Er í vafa hvort þýði að skrifa honum, hann væri farinn til Berlínar og kominn heim fyrr en varði. Veðrið væri líka svo gott að allt er að verða fínt í húsi og á lóð eftir viðgerðir.

-- Ég ákvað nú samt að skrifa til að komast í samband við þig. --

Svo rann upp sunnudagurinn. Við vorum boðin að vera viðstödd þegar forseti Íslands legði hornstein að Blönduvirkjun á 25 ára afmæli Landsvirkjunar. Það voru þrjár Fokker flugvélar sem flugu með boðsgesti til Sauðárkróks. Þaðan ekið í rútuflum að virkjuninni og hún sýnd. Síðan var keyrt eftir 800 m. aðkomugöngum niður í stöðvarhúsið sem er 280 metra undir aðkomulóninu. Þá var lagður hornsteinninn og haldnar hátíðaræður. Eftir það var svæðið skoðað og ekið með 200 veislugesti að Húnavöllum, stórri og mikilli skólabyggingu sem er hótél á sumrin. Þar var boðið upp á fordrykk úti og svo borðaður ffnirís matur inni. Síðan var ekið aftur til Sauðárkróks og flogið til baka.

Það var sérstaklega skemmtilegt að vera með Jójó og Óla, en þau voru þarna boðsgestir. Við sátum í aftursætinu á rútnni og svo saman til borðs inni og höfðum það mjög skemmtilegt. Þarna vorum við þrjú systkinin,¹ vantaði bara mömmu og Stellu í hópinn. Þarna var líka fullt af blaða- og myndatökumönnum. M.a. var þarna Elín Pálmadóttir. Það finnst öllum hún geta verið ansi þreytandi fyrir hvað hún talar mikið. Óli og pabbi þinn voru að gantast með það að hún myndi áreiðanlega setjast hjá okkur við borðið. Mér fannst það eins og hver önnur vitleysa að það gæti hent í öllum þessum hópi. En viti menn. Þegar sest er til borðs þá situr Elín Pálmadóttir allt í einu við hliðina á pabba þínum. Hann sagði að hún hefði verið hin skemmtilegasta og sagði honum frá ýmsu áhugaverðu, bæði úr blaðamannastétt og öðru.²

Það kom útilegufiðringur í okkur við það að fara út á land í svona góðu veðri -- En nú er kominn hversdagleikinn blákaldur, vinna og skýjaður himinn. -- Auður var að vinna aukavinnu um helgina. --

Palli var að vinna tvær vikur í Karlstad og fór Láru til hans.

-- Þau höfðu verið tvo daga í Osló, hitt Dag og þótti það aldeilis frábært. Hann bauð þeim að borða á veitingastaðnum Geysi. Hann var að vísu mestallan tímann sjálfur að búa til matinn og á þönum. Svo sýndi hann þeim skemmtilega staði í Osló. Ég held að þeim hafi fundist þetta hápunktur ferðarinnar. --

¹ Auk Sirrjár, Guðrún, kona Halldórs Jónatanssonar, og Steingrímur bróðir þeirra, tæknifræðingur Landsvirkjunar.

² Þetta er skráð 2013. Kemur upp í hugann að Elín hafði verið í sveit á Bollastöðum í Blöndudal, næsta bæ við Blönduvirkjun (Eiðsstaði) handan árinna þar sem frændi hennar Pétur Pétursson mun hafa búið. Frásögn hennar var fróðleg og skemmtileg.

Dagur Eggertsson skrifar fjölskyldunni. Osló. 5.7.1990.

-- Smá bréfstúfur frá mér núna fyrst ég er í svona góðu skapi. Ég fékk frí í vinnunni í dag og nota tímann til að læra heima. Bakaði maísbrauð og las kafla í áhugaverðri matreiðslubók. Það hefur verið skemmtilegt á Geysi síðustu viku vegna þess að það tók við nýr kokkur sem er gaman að vinna með (góður kennari).

Svo komu Palli og Lára. Þau voru hér í tvo daga á leið heim frá Karlstad. Gaman að hitta þau.

Þau hafa sjálfsagt lýst því fyrir ykkur sem dreif á daga okkar í Osló.

Myndin sem þið sjáið hér á síðunni er af húsinu sem ég *analyseraði* í New York. Ég sendi ykkur seinna ýtarlegri lýsingu á húsinu, svona þegar ég hef safnað öllu efni saman.



Ég vona bara að þið hafið það gott og að þú slítir þér ekki, pabbi, út á ættfræðiritun. Takk fyrir bréf og bless --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 9.7.1990.

Dagur hefur fengið húsnæði í miðbæ Oslóar. Það var eins og við hefðum verið í heimsókn að fá lýsingu Palla og Láru af heimsókninni til þín. Þeim þótti einkar skemmtilegt að hitta þig og skynja áhuga þinn og þekkingu.

Við vorum í ferðalagi fyrir austan fjall, tókum myndir af ættarslóðum. Við tjölduðum m.a. að Hlíð í Gnúpverjahreppi hjá Steinari Pálssyni frænda Sirríar og konu hans Katrínu Árnadóttur¹ frænku minni.

Galli: Pottar gleymdust svo við hituðum mat í öldósum.

Er að vinna í ættfræðiritun þótt ekki sé auðvelt að vinna við tölvu baðaðri í sól.

-- Talaði við Ásgeir sem þó var erfitt að heyra í vegna glaums út af sigrinum.² Hann heldur til Berlínar og kemur svo heim eftir að hafa pakkað og skilað íbúðinni. Við ætlum að hitta hann á Seyðisfirði eftir þessa löngu útivist.--

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 16.7.1990.

Er ánægð með að hann hafi fengið húsnæði í Pilestredet sem er í miðbæ Oslóar.

-- Við vorum boðin í eftirmiðdagskaffi til Maríu og Sigga Líndal -- Þar var frændi þinn, Sigurður Helgason stærðfræðiprófessor frá Boston, sonur Helga Skúlasonar (frá Odda), sem var augnlæknir á Akureyri, og Köru Briem. Sérstaklega skemmtilegur maður. Pabbi þinn sagði honum frá Briemsættartölunni og að ættarmótið verði 30. sept. Þá ætlar hann að koma. Þetta er meira að segja afmælisdagurinn hans. --

Sendir viðtal við hann úr Morgunblaðinu.

-- Pabbi þinn á um næstu helgi að skila af sér öllum greinunum sem hann hefur verið að skrifa um þrjá fyrstu ættliðina í Briemsættinni. Hann er í sumarfrí og situr við langt fram á kvöld. Skreppur stundum niður á söfnin til að afla sér meiri fróðleiks. Þetta eru um 130 manns, sem hann skrifar um og er langt kominn.

Það var mikill sigur fyrir hann þegar tilkynnt var um daginn að virðisaukaskattur af bókum yrði felldur niður í haust. Hann hafði alltaf sagt þegar talað var um að bókin kæmi út á ættarmótinu, og allir hræddir við að hún yrði svo dýr vegna virðisaukaskattsins að þessi skattur myndi verða felldur niður, þó ekki væri nema vegna skólabókanna allra. Svo var það ættarmótsdagurinn hans

¹ Steinar Pálsson (1910-1997) og Katrín Árnadóttir (1910-2008), bændur í Hlíð í Gnúpverjahreppi.

² Vegna falls múrsins.

ákvörðun, þó allt virtist í óvissu með að bókin gæti komist út. Nú virðist það allt vera að komast á skrið vegna þeirrar pressu að ættarmótsdeginum verður ekki haggað, en það er aðalmarkaðurinn fyrir bókina.¹

Auður Eggertsd. skrifar fjölskyldunni. Lattes. 3.8.1990.

-- Berlín var undarleg, ég fann eiginlega ekkert fyrir því að vera í útlöndum, þannig séð, en á hinn bóginn fékk ég sitt af hvorri veikinni sem ég þurfti að dröslast með út um alla borg í skoðanaferðum. -- Ég var samt dugleg - og þá fékk ég mér jógúrt sem sló á verkinn: *Jógúrtveikin ógurlega*, það er líklega best að ég fari í sóttkví áður en ég kem heim svo að Ísland leggist ekki í þessa pest eins og svartadauða forðum --

Ég var nú samt dugleg að skoða mig um og var sérstaklega merkilegt að sjá austurhlutann sem er mikið breyttur síðan síðast. Ég var líka svo ánægð með að hafa komið þarna áður til að geta virkilega séð mun á fyrir/eftir og merkilegt alveg hvað ég man vel eftir þessu, eftir öll þessi ár. Núna er það ekki lengur „bíllinn“ sem þarf að hræðast því allt var krökkt af Traböntum í öllum regnbogans litum og svo ég minnst ekki á allar búðirnar sem er búið að setja upp á aðalgötunni.

Svo horfði ég góða stund á vinnuvélar brjóta niður múrinn á *Checkpoint Charlie* um miðja nótt og hugsaði með mér: *This is history!* Það var líka gaman að tala við Holger um breytingarnar þar sem hann bæði býr í Berlín og er að stúdera sögu. Mér fannst ég verða margs vísari um þessi mál en áður.

Hér staldrið þið við og hlæið og segið: *Nei, hættu nú, er hún Auður nú líka farin að hafa skoðanir á hlutunum, það er nú einum of mikið.*

Nú ekki dugar að ganga endalaust um borg og bæ, því með tímanum verður maður þreyttur í fótunum og vill fá að fljúga frekar um heiminn. Þannig að ég lagði -- af stað þann þrítugasta út á flugvöllinn í Berlín til að taka flugið til Parísar. Reyndar flaug ég til Düsseldorf og þaðan til Parísar. Þar var grillandi hiti, en einhvern veginn lak ég inn í rútu sem flutti mig yfir í hinn enda borgarinnar til að taka næstu flugvél sem seinkaði um tvo tíma (kvörtum svo undan Ícelandair!)

Á flugvellinum í Montpellier tók Luis svo á móti mér og flutti mig til fjölskyldunnar Modicas. Þetta er fremur ungt fólk (rúmlega þrítugt) á uppleið í lífinu, öll rosa brún og kunna ofsa vel á sjóskíði. Ég segi þetta nú eiginlega til að reyna að lýsa þeim í fáum orðum og til að sýna muninn á þeim og mér og því sem ég hef átt að venjast gegnum tíðina. (Pabbi, það er ekki ætlinin að móðga þig, því ég veit hvað þú ert klár á sjóskíðum og enginn slær þér við á því sviði). Hins vegar er ekki bókaskápur á heimilinu nema í barnaherberginu og þar eru allar bækurnar, teiknimyndasögurnar. Á hinn bóginn er þetta vænsta fólk sem hefur verið gott við mig (hingað til) en mér er tekið eins og tólf ára stúlku frá Rúmeníu, sem þekkir fátt í nútímapjódfélagi. Það er ágætt, þá þarf ég ekki að gefa mig út fyrir að vera neitt gáfuð, horfi bara skilningssljó út í loftið og segi KESKUSEKUSA?!

Mitt hlutverk núna er sem sagt að fara með stelpurnar á ströndina þegar þær vakna um hádegið og koma svo heim eftir að hafa buslað í sjónum allan daginn. Þetta er sem sagt alger andstaða við hina vinnuna hjá R.R., ég geri sama sem ekki neitt.

-- Fyrir lítinn ísbjarnarunga frá Norðurlandinu er hér í heitari kantinum en ég pluma mig samt bara furðanlega vel í þessari molla. Í dag var ég að ryksuga og skúra seinni partinn og sjaldan hef ég svitnað jafn mikið við húsvverk.

Þau hjónin eru góð við mig og virðast vera ánægð (ég vona það allavega) og stelpurnar þær Andrea (10) og Pauline (8) eru algjörir englar. Ég reyni að taka þátt í umræðum um sólaráburð og þess háttar meðan ég ligg á ströndinni og brenn.

Stelpurnar eru vaknaðar núna (klukkan er tólf) og við ætlum að drífa okkur í innkaupin og á ströndina. --

Vonandi hafið þið það ljómandi gott og ég ætla ekki að gleyma að óska honum pabba mínum hjartanlega til hamingju með afmælið þann 6. n.k. -- Elsku pabbi minn, til hamingju með afmælið! --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 7.8.1990.

Pakkar afmæliskeðju. Hef verið að ganga frá ættarskrám og leiðrétta, en þær eru á leið í prentun. Um kvöldið komu ömmurnar, Palli, Lára, Ingólfur og Stella, mjög skemmtilegt selskap. Erum komin úr ferð norður og austur sem auðkenndist mjög af villum fyrst á leiðinni í Gaulverjarbæ, svo á Fljótsdalshéraði við Snæfell.

-- Síðasta villan, þegar við vorum lengi á reginöræfum, var leitin að Þeistareykjum. Við vorum svo langt frá byggð að við sáum aldrei bíl eða til neinna byggða, hefðum þurft að ganga fjóra tíma til byggða ef við hefðum setið föst á þeim tröllavegi. Allt var þó skemmtilegt, en þó talsvert alvarlegt.² Við fórum svo aftur í ferð norður Kjöl, gistum í Hvítárnesi á Hveravöllum, í Gönguskörðum, Hrafnagili í Eyjafirði, á Seyðisfirði, við Mývatn og síðast í Bárðardal áður en við fórum suður Sprengisand. --

Í gærkvöldi hringdi Dagur og tilkynnti að hann væri að koma í smáfrí. --

Mikið var gaman að hitta Ásgeir á Seyðisfirði. Hann kom akandi á stærðarinnar fjallabíl með öllum hugsanlegum útbúnaðir, kæli, frysti, sturtu, sólarrafhlöðum. Skilaði hann bílnum í hendur eiganda á Keflavíkurflogvelli. Eigandinn og félagi hans sváfu í bílnum hér fyrir utan um nóttina.--

-- Blærinn í húsinu hefur breyst á ný þegar Ásgeir er kominn heim. --

¹ Reyndar gerði útgefandinn þau mistök í söluþessu að bókin var illa lögð fram á ættarmótinu. En það kom ekki niður á okkur höfundunum, heldur útgefandanum. Er bókin enn til sölu á bókamörkuðum í Kringlunni ár hvert.

² Við vorum á tröllaleið, höfðum farið yfir brattar torfærur og alls ekki hægt að snúa við. Að auki vorum við með ófullnægjandi kort. Hvernig stóð á að við lögðum út í þetta? Við höfðum á Kísilvegi hitt ungan bónda. Hann vísaði okkur á þessa leið. Við sáum fljótt að hann hlyti að hafa ætlað að gera okkur grikk. Og þó! Hugsanlega var hann ekki bóndi þarna. Og þekkti ekki leiðina!

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 7.8.1990.

-- Það var gaman að fréttu af þér -- skömm að segja að það hefur verið svo mikið að gera síðan þú fórst að ég hef varla haft tíma til að sakna --

Hafði mikið að gera fyrir fríð með stjórn og nefndum til að ljúka af málum. Svo tók ég í gegn efri hæðina sem stóð á endum áður en nýir gestir komu sem var Fredrikke, dóttir Tómasar Schartau, maður hennar og þriggja mánaða dóttir, einstaklega geðugt fólk. Dásamlegt var að komast af stað aftur í útilegu.

-- Það er ansi tómlegt að hafa þig ekki, en þá er bara að hlakka til að fá bréf frá þér og svo að sjá þig aftur. Það verður nú gaman -- Amma Fríða bað kærlega að heilsa þér. --

Það var gaman að hitta Ásgeir aftur. Hann var líka svo ánægður sjálfur að vera kominn heim. Hann á von á búslóðinni, fær að geyma hana í kjallaranum.

Auður Eggertsd. skrifar Friede P. Briem. Lattes, 12.8.1990.

Elsku amma. -- Hingað til Frakklands er ég -- enn einu sinni komin og virðist það fylgja mér hvar sem ég er, að passa gríslinga. Þeir hafa verið jafn misjafnir og þeir hafa verið margir en í þetta skipti virðist ég hafa dottið í lukkupottinn því stelpurnar -- eru líklega þær þægustu sem ég hef kynnst. Það er næstum því svekkjandi að þurfa ekki að hafa meira fyrir þeim, - nei ég segi nú bara svona.

Þær sofa nokkuð lengi á morgnana enda er ekkert sem rekur á eftir okkur. Þegar við erum allar þrjár komnar á ról þá útbúum við matarþakka með hádegisverði til að hafa með okkur á ströndina -- sem er í nokkurri fjarlægð héðan. En þar sem ég hef bíl til afnota erum við ekki nokkra stund að skutlast þetta á milli. Á ströndinni komum við okkur notalega fyrir og stelpurnar hitta alla vini sín þar á hverjum degi en ég ligg í sandinum, les í bók eða busla með krökkunum í sjónum. Í hádeginu kemur mamman til að borða með okkur og sleikja sólina stuttan tíma, en síðan er hún rokin aftur í vinnuna. Síðan, þegar við erum allar búnar að fá nóg þann daginn, þá rjúkum við aftur heim og skolum af okkur saltið og reynum auðvitað að gera okkur sætar áður en foreldrarnir koma heim um kvöldið. Auðvitað sé ég um að flétta stelpurnar hinum skrautlegustu fléttum og krúsíðullum, enda ætti ég að vera orðinn sérfræðingur í því eftir öll þessi barnapössunarár.

Þannig líða sem sagt dagarnir hjá mér og þú sérð að á meðan ég er ekki ofnæm fyrir sól þá get ég ekki kvartað. Á kvöldin fær svo öll fjölskyldan fjörfisk í allan líkamann og er ólm í að gera eitthvað æsispennandi. Þar sem fólk er vinamargt þá annaðhvort fyllist húsið eða það hittist annars staðar. Mér er frjálst að taka þátt í gleðinni ef mig langar til og þar sem ég hef ekkert annað að gera þá fylgi ég oftast fjölskyldupakkanum.

Þannig er sem sagt líf mitt hérna og er ekki hægt að segja annað en að þetta sé ólíkt júní og júlímánuðum þar sem ég var alltaf úrvinda en hérna er ég á hlaupum að leita mér að verkefnum. Auðvitað reyni ég að sýna hvað í mér býr, held öllu hreinu sem er sosomeg ekki mikið verk því það er sjaldan nokkur inni í húsinu.

Þau eru voða hugguleg, fjölskyldan MODICA og vilja allt fyrir mig gera. Á afmælinu mínu fórum við öll út að borða eftir að þau höfðu hellt yfir mig gjöfum og ég var gjörsamlega orðlaus af undrun, því þessu átti ég engan veginn von á. Að vísu var afmælisdagurinn ekki orðinn alvöru afmælisdagur fyrir en ég var búin að heyra í mömmu og orðin fullviss að þið mynduð halda daginn hátíðlegan.

Skemmtilegra var samt daginn eftir þegar ég lá grunlaus á ströndinni og hugsaði um alla heima og geima, þegar ég allt í einu heyrir kór barna syngja: Hún á afmæli í dag. Ég rís upp og leit í kringum mig og þá kemur allur krakkaskarinn með afmælisköku handa mér, kerti og allt. Þau höfðu undirbúið þetta allt sjálf og ein stelpa hafði bakað kökuna hjálparlaust. Aftur varð ég orðlaus.

Jæja amma mín. Dvöl mín hérna er brátt hálfnuð og ekki laust við að ég sé samt farin að hlakka til að koma heim og halda mínu venjulega lífi áfram, því þrátt fyrir allt þá er ég ekki miðjarðarhafsdýr og mér finnst ágætt að klæða mig vel. Öll tilbreyting er samt góð og ég tala nú ekki um þegar maður dettur í lukkupottinn eins og ég í þessu tilfelli.

Ég vona að allt sé eins og venjulega í góðu lagi hjá þér og mínu fólki. Ég get rétt ímyndað mér hvað það er gaman fyrir þig að hafa hann stærsta bróður minn innan seilingar, hann er jú góður strákur að mínu mati. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 13.8.1990.

-- það er gott að hugsa til þín hjá góðu fólki. Það var skemmtilegur afmælisdagur hjá okkur og snerist upp í meiri hátíð en afmælisboð. Dagur bjó forkunnar góða fiskmáltíð sem var eins og listaverk þegar hann var búinn að skreyta alla diskana. Við buðum bara ömmu Fríðu og svo var náttúrulega Hanna Stína. Þegar við vorum svo að drekka kaffið á eftir inni í stofu þá tilkynnti Dagur okkur að þau hefðu verið að opinbera. Voru allir mjög hrærðir og fengu þau margar blessunaróskir. --

Dagur fór snemma í morgun -- Það var 18° hiti -- flatmagaði ég ýmist eða vann í garðinum. Pabbi þinn var að leggja síðustu hönd á ættartöluna og skilaði handritinu kl. 22.30 í gærkvöldi. Þá getur hann farið að líta upp frá tölvunni og sinna ýmsu sem setið hefur á hakanum.

Ásgeir fór um helgina til Þingvalla. Tommi og hann -- ætluðu að vera í heyskap á Nesjum þar sem Tommi var í sveit. Síðan voru þeir boðnir í bústað Bergþórs og voru þar nótt ásamt fleiri kunningjum. Hann hafði veitt eina þrjá fiska í Þingvallavatni sem voru grillaðir í bústaðnum.

Ásgeir er búinn að koma sér ágætlega fyrir í sínu og Dags herbergi. Hann hefur sankað að sér öll þessi ár hinni myndarlegustu búslóð. Svo keypti hann ísskáp, þvottavél, borðstofuborð, stóla og rúm. Þetta er allt niðri í kjallara og bíður þess að hann komist í íbúðina á Vesturgötunni.¹

Kjartan Emilsson hringdi, en þeir hittust ekki á þessum stutta tíma Dags hér. Þeir eru báðir með öflugar tölvur og geta verið í sambandi með þeim. Þeir eru að pæla í líkum hugmyndum, hvor á sínu sviði. --

Ég nota tímann í permanenti hjá Elsu að skrifa þér bréf með penna og fékk ágæta bók til að skrifa bréfið á.

Á morgun er fundur norrænna rafveitumanna sem pabbi þinn hefur verið að skipuleggja. Á morgun verður flogið til Vestmannaeyja og verður fundurinn þar með veisluhöldum og siglingu milli eyja. Þá verður flogið í þrem ferðum upp á land, í Þórsmörk og í Stakkholtsgjá. Eftir það farið í Búrfellsstöð og borðað á Hótel Esju um kvöldið þar sem öllu lýkur. --

Ég er að byrja fríið á morgun. --

Auður Eggertsd. skrifar fjölskyldunni. Lattes. 14.8.1990.

-- Langþráð bréf barst -- Að hugsa sér að það skuli vera rúmt ár síðan við skiptumst síðast á bréfum -- Ágúst brátt hálfnaður og þar með letilíf mitt hér í leiðinni. Það mætti halda að ég myndi aldrei aftur vilja snúa heim í kælinn en það er víst eitthvað annað, ég hlakka mikið til að koma heim. Mér líður sérlega vel en ég vildi óska að ég hefði meira fyrir stafni. Alltaf að finna sér eitthvað að gera, aldrei sitja aðgerðarlaus. Þetta eruð þið búin að innræta mér og því er það í raun og veru ykkur að kenna að ég skuli ekki geta legið almennilega í leti! Ég ætti kannski að fara að athuga hvort ég eigi ekki ættingja hérlendis!! --

Segir frá breyttu veðri og bíóferð í bíl til Montpellier með stelpurnar sem gekk vel þótt hún hefði ekki ekið þangað fyrr. Svo er bekkjarbróðir hennar frá Nís staddur á staðnum og ætla þau saman út eitthvert kvöldið. Segir frá heimför sinni.

-- Ég vona svo bara að þið hafið það gott á hlaupunum um Reykjavíkurborg og bara landið þvert og endilangt, ef ég skil rétt fréttirnar af ykkur. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 27.8.1990.

-- það var gaman að heyra í þér í fyrradag og að þér liði bærilega. Þó örлаði á leiða eða þungum blæ í röddinni, nokkru sem ég minnst ekki að hafa heyrt hjá þér fyrr. Auðvitað er það skiljanlegt eftir að hafa verið hér með Hönnu Stínu og tekið stórar ákvarðanir í lífinu og haldið hátíð. Vonandi er leiði ekki neitt viðvarandi --

Tímans rás er tilfinningabundin og sársauki er ekki varanlegur og óslitinn nema menn ákveði það sjálfir, mæni á, mikli fyrir sér og gangi upp í. Tíminn er fljótur að líða ef menn hugsa ekki um hann, sérstaklega ef þeir hafa ekki til þess stundir.

Ekki á ég von á að daufur blærinn í röddinni, sem við höfðum orð á við þig í samtalinu, hafi verið neitt umtalsvert, samt vil ég nefna það. Láttu þér líða vel og vertu duglegur að leysa vandamál húsagerðarlistarinnar og lífs þíns.

Nú er fríum lokið hjá okkur mömmu þinni og við höldum aftur til vinnu í dag. Frítíminn hefur verið dásamlegur en samt er gott að hefja störf á nýjan leik. Mikil dásemd er að vera búinn að fá Ásgeir aftur. Gott að hafa einhvern í húsinu sem er sjálfstæður, alltaf að fást við eitthvað óvænt og spennandi, feta sig út í lífið, rétt eins og á fyrri þroskastigum. Menn eru alltaf að læra að ganga. Þannig er það auðvitað með okkur öll, ef við viljum eflast. Þegar því er lokið eru menn orðnir gamlir, leiðinlegir og farnir að ganga upp í afturförinni, sjálfsvorkunn, reyna að láta leiðann ná tökum á sér og smita honum út frá sér. Auðvitað ráða menn ekki við allt, gera sér ekki einu sinni grein fyrir því. Lausnin er kannski ekki rituð í heilabúíð, heldur í erfðavísum í hverri einustu frumu.

Sem sé, nú er nóg að gera við verklok Briemsættar, niðjamót og ráðstefnu Peters Hübners. Á laugardaginn gifta Kári og Guðrún² sig -- Auður kemur í vikunni. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 3.9.1990.

Segir frá því að nú sé að verða haustlegt og lauf farið að fjúka um strætið.

-- Annars er ekki haustlegt í okkar ranni. Gaman að hafa systkini þín aftur heima og heimilislífið hressilegra en áður. Auður var mjög ánægð með dvölinu úti og kom brún og sællegt til baka með fullan skókassa af frönskum ostum.

Úr fjölskyldulífinu er það að fréttu að Kári (*Pálsson*) og Gudda giftu sig 1. sept. Það var geysilega mikið og fínt brúðkaup, giftingu í Dómkirkjunni og 150 manna veisla í Félagsheimili Kópavogs og stóð fram á nótt. Við fórum heim um hálfeyttleytið með ömmu þína og Dídí en Ásgeir, Auður og Gísli voru til kl. þrjú. Það var sungið, spilað og dansað og opinn bar allan tímann. Kári sagðist nýkominn heim af sjónum og hafa dottið inn í allan þennan undirbúning án þess að hafa gert sér grein fyrir að svo mikið stæði til. Foreldrar Guddu virðast hafa staðið alfarið fyrir þessu með miklum sóma. Það voru líka miklar og góðar gjafir sem þau fengu út úr þessu, ábyggilega. Við gáfum þeim silfurkökugaffla, sem þau óskuðu sér, og voru amma þín og Dídí með í gjöfinni.

Í gær var svo allur mannskapurinn við að tína rifsber.

¹ Af flutningi þangað varð ekki.

² Guðrún María Ólafsdóttir (1968), síðar kennari.

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló, 8.9.1990.

--Hvað skyldi vera að fréttu af mér? Jú skólinn er byrjaður og allt það sem honum fylgir. Það er mikil breyting fyrir mig þar sem ég hef ekki umgengist svo marga í sumar, fyrir utan vinnufélagana á Geysi. Ég er nú samt farinn að venjast þessu. Líka gott að vera farinn að sitja á fyrirlestur og nota hugann svolítið. Verkefnið sem við fengum er hvorki of flókið né of einfalt -- ekki eins og þetta 20 þús. ferm. listasafn sem ég átti að teikna á sex vikum í fyrri. Núna er ég með bókasafn sem þarf ekki að vera meira en 3 ferm. Alþýðubókasafnið í Asker á það að hluta og verður byggt einhvern tíma í framtíðinni. --

Svo verður farin skoðunarferð til Stokkhólms, náttúrlega til að skoða húsin hans Asplund og auðvitað *Stadsbiblioteket* hans á Sveavägen. Það verður örugglega skemmtileg ferð --

Maður finnur það vel að það er farið að nálgast endann á þessum skóla, þar sem fimmta árið er eiginlega síðasta námsárið. Spurningin er hvort maður taki lokastykkið næsta haust eða taki eina önn og ljúki því að vori. Það verður nægur tími til að átta sig á því. Ég tek eftir því að sumir í bekknum eru búnir að ákveða sig fyrir löngu síðan.

Annars er allt gott í fréttum -- gott að vera farinn að búa oní bæ. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 9.9.1990.

Sigurður Helgason prófessor í Boston, frændi okkar í báðar ættir sínar¹ heimsækir mömmu.

-- Honum finnst svo merkilegt að hafa samband við svo lifandi gamla konu, sem að auki þekkti báða foreldra hans náíð. Hann sendi henni bréf í gær, sagði að hann væri öfundaður af þessu, en nú væri síminn búinn að gera út af við allar bréfaskriftir, þó ættum við falglegu frímerkin. -- Hann kemur hingað á ættarmótið og verður 63ja ára þann dag. --

Auður var að fara út til að vinna og bað um kveðjur til þín og óskaði þess að þú stæðir þig *tappert* í lífinu. Hún er hamingjusöm eftir að hafa hitt Gísli - virðist ágætur drengur, þægilegur í umgengni, nema hvað hann svínar umhverfið út með sigarettureyk og ösku. Hann hættir þeim ósið vonandi fljótlega, ef honum þykir vænt um Auði. -- er (hún) ákveðin að fara 10. okt. til Parísar með honum, en hann hefur fengið þriggja ára styrk til náms þar.

Auður er ákveðin að halda út á braut *list-management*. Peter Hübner sendi henni nafn á skóla í París sem kennir það fag. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 17.9.1990.

-- Í vikunni kom gott og skemmtilegt bréf frá þér, fullt af skemmtilegum fréttum og dálitlum vísbendingum um hvernig þér líður og vegnar. Þá kemur upp í hugann tilhlökkun eftir næsta bréfi, nýjum fréttum af einhverju dásamlegu sem í vændum er. -- sannarlega einkennilegt að þú sért að hugsa til námslokanna. Tíminn virðist svo stuttur og einkennilegt að menn nái tókum á merkilegri fræði og listgrein á svo stuttum tíma. En svona er þegar tíminn er nýttur til fulls, skipulagður vel, rekið á eftir og hvatt til afreka. -- Ekki eru allir vaxandi, líklega flestir í hálfgerðum vandræðum með sig, reynandi að gera eitthvað sem gerir framtíðina þolanlega, allt frá krossgátum til sólarstranda. Er kannski alveg þrýðilegt, en reynir samt ekki á hugann. En svo er margt annað sem rækta má, góða sambúð og fjölskyldutengsl, eitthvað sem enginn getur dæmt um og verður ekki séð fyrr en á efsta degi. --

Brottför Auðar til Parísar nálgast óðfluga. -- Amma þín er altekin af undirbúningi (afmælis)veislunnar, velur og hafnar gestum eftir rækilegar athuganir og umræður. Samt er hún komin upp í nærri 140 gesti og farin að hlakka til. Geri aðrir betur, sem eru að komast á tíunda tuginn. --

Mér tókst að fá Brynju Benediktsdóttur með mér í að undirbúa komu Peters Hübners. Hún er forseti Bandalags ísl. listamanna og ekki að tvínóna við hlutina: *Ég er orðin hundleið á að stjórna - stjórna þú mér og ég geri það sem þú vilt*, sagði hún að bragði þegar ég ræddi við hana fyrst, brá við skjótt og djarflega. Mikill léttir það. Einkennilegt hvernig allir hlutir leysast á réttum tíma, ef maður hefur hugann við þá. --

Dagur Eggertsson skrifar fjölskyldunni. Osló. 19.9.1990.

-- Greinilega stórir hlutir að gerast hjá ykkur -- verst að geta ekki tekið þátt í fjörinu. Gaman væri að geta komið til að vera á ættarmótinu og afmælinu hennar ömmu. Það verður samt ómögulegt að sameina það því sem fer fram í skólanum. Í byrjun október verður nefnilega farið í skoðunarferð til Stokkhólms og henni hafði ég hugsað mér að taka þátt í, þó ég hafi séð margt af því sem við ætlum að skoða. Í fyrri var það meira af sjónarhóli áhugamanns. Núna er maður farinn að sjá að arkítektúrin er orðinn hluti af lífi manns og þá öðlast hann allt annað líf.

Þar á ofan er ég kominn í ritstjórn *árbókarinnar*, þ.e.a.s. bókar sem kemur út árlega þar sem afrek kennara og nemenda eru útlistuð í máli og myndum. Þessi bók á að koma út rétt fyrir jól. Það verður því mikið að gerast í haust.

Á morgun eða hinn fæ ég svo að heyra niðurstöður prófdómarans sem fór yfir verkefni síðustu annar. Þeir hafa heldur betur dregið þetta á langinn. Það þýðir að ég fæ ekki námslán fyrr en í október. Eða hvað? --

Segjum þetta gott í bili, sendi ykkur mera seinna svo að þið missið ekki áhugann, þ.e. ef þið eruð ekki þegar búin að missa hann. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Jóhönnu Kristínu Jónsdóttur. Rvík. 23.9.1990.

-- Hjá okkur er allt að gerast í einu. Ég er að undirbúa tannlæknaþing. Strax á eftir kemur afmæli Fríðu, 7. okt., og 150 manna móttaka. Á undan er ættarmótið. Við fáum þrjá næturgesti frá Þýskalandi og ganga Auður og Ásgeir úr rúmi fyrir þá. Þá verður

¹ Sigurður Helgason stærðfræðiprófessor við MIT í Boston.

einn frændanna með mikla ráðstefnu í vikunni og lenda Eggert og Ásgeir í að undirbúa hana og hjálpa Bandalagi Ísl. listamanna við að koma henni á lagirnar. --

Segir frá ferðum Auðar til Frakklands sem er í hálfgerða óvissu fyrir hana þó hún viti hvað hún vilji og mun væntanlega fá tækifæri til að ná markmiðum sínum í París.

-- Ásgeir hefur enn ekki fengið nema tímakennslu í fjölmiðlafræði. Hann hefur samt nóg að gera við ráðstefnu BÍL og margt fleira. En það er ekki nóg. Hann er að leita ákaft að starfi. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 26.9.1990.

-- Ég hef það á tilfinningunni að það hvíli á fjölskyldunni einhvers konar vinnuálög um þessar mundir. En það er nú bara mannbætandi að sökkva sér í vinnu og koma sínum áformum í verk. Törninn sem ég er í varir alveg fram að jólum. Fyrst er það bókasafnsverkefnið sem kemur til með að stjórna minni hugsun og handavinnu, og svo verður til viðbótar vinna við árbókina. Árbókin er svona eins konar *mont-rit* skólans með myndum og textum af verkefnum nemenda og kennara skólans. Það verður mikil vinna við hana, en ég lít bara jákvætt á það. (Ef að líkum lætur fæ ég það vel borgað.) Sú bók á að koma út fyrir jól - það verður því örugglega gott að koma heim í jólafrí.

-- Þá fékk ég New York verkefnið mitt viðurkennt fyrir rest. Það var búið að draga mig svo lengi á þessari ákvörðum að ég var orðinn hálf smeykur. Það virðist samt engin ástæða hafa verið fyrir því, a.m.k. ef maður á að taka vitnisburðinn trúanlegan, Stundum er erfitt að treysta á það sem er sagt við mann. Það hafði eitthvað að segja fyrir mitt vesæla sálarástand síðasta mánuðinn. Það er alltaf óþægilegt að hafa þetta hangandi yfir sér. Það er alltaf erfitt að byrja á nýjum hlutum án þess að hafa gert upp það gamla. Fortíðin verður þá hálfgerður dragbítur. Núna getur maður haldið ótrauður áfram veginn.

Svo kom líka Jón (*Ákason*) um helgina og við skemmtum okkur heilmikið saman. Þið hefðuð sjálfsgagt fengið velgju af að hlusta á okkur því við töluðum mikið og djúpt um arkítektúr. --

Auður Eggertsdóttir skrifar fjölskyldunni. París. 7.10.1990.

-- Ég get ekki orða bundist þegar ég rek mig á það hvað eftir annað hvílíkur kvenskörungur hún móðir mín er, hvílíkur lukkupottur það var sem ég datt í um leið og ég fæddist, að þetta skyldi einmitt vera mamma mín! Nú er ég ekki að minnka aðra fjölskyldumeðlimi, nei-nei-nei, en þegar ég fékk þriðja bréfið frá mömmu í morgun, þá varð ég svo yfir mig ánægð að - að - ég veit eiginlega ekki hvað. --

Auður Eggertsd. skrifar fjölskyldunni. París. 9.10.1990.

-- ég er að fara í fyrsta sinn í skólann á eftir og þá má ekki vera nein þvottakonulykt af mér, því þá yrði ég útskúfuð frá fyrsta degi --

Segir frá samfundi með Friðrik Þór Friðrikssyni leikstjóra sem býr á fínu hóteli.

-- spjöllunum við manninn í resepsjóninni og þá kemur í ljós að það eru einir átta Íslendingar á hótelinu og þar á meðal bróðir minn Eggertsson. --

Nú, svo fórum við og fengum okkur bjór og töluðum saman og ég verð að segja að þetta er alveg einstaklega skemmtilegur maður og hefur óteljandi sögur að segja. Eitt sem mér fannst sérlega skemmtilegt var sagan sem hann sagði frá þegar hann var í hinum og þessum upptökum og fer að segja frá einni sem var honum minnisstæð. Það var þáttaröð sem *útti* að gera um mannamyndir. Hann var með mynd úr Miðbæjarskólanum, en sagði að allir hefðu verið dauðir á myndinni nema ein kona. Eitthvað kveikti þetta á perunni hjá mér og -- spyr hvort konan hafi nokkuð heitið Friede Briem, jú jú, það stóð heima og var mikið hlegið þegar það kom í ljós að þetta er amma mín. Hann sagði síðan frá hvernig viðtalið hefði gengið fyrir sig og var það allt annar sjónarhóll en ég hef áður heyrt, en þetta verður að öllum líkindum aldrei sýnt í sjónvarpinu. Honum hefði líka gjörsamlega fallist hendur þegar átti að fara að klippa viðtalið, því amma hefði hlaupið svo úr einu í annað að enginn hefði getað pússlað þessu saman í klippingu án þess að endurtekningar kæmu.

Það var gaman að heyra hann lýsa þessu og líklega get ég fengið kopíu af þessu þegar ég kem heim um jólin. Vonandi heyrir ég fleiri skemmtilegar sögur á laugardaginn, þá kemur hann í mat.¹ --

Jæja krakkar, ég skal segja ykkur það! Ég fékk líka ljómandi skemmtilegt bréf frá manni sem kallar sig Eggert Ásgeirsson, en ég gruna hann reyndar sterklega um að skrifa undir dulnefni. Hvort sem þetta er hans rétta nafn eða ekki, þá þakka ég kærlega. Mér finnst nú reyndar að þar sem þið eruð svona flott á annað borð að fara til útlanda að þið gætuð alveg eins hoppað yfir til Parísar í leiðinni og kastað kveðju á dótturina. Nei, svona er gert upp á milli barnanna: Dagur - Dagur og aftur Dagur - *ébaraleikamér*. Allavega óska ég ykkur góðrar ferðar og bið auðvitað hjartanlega að heilsa honum bróður mínum góða. --

-- til hamingju með afmælið stærsti bróðir minn og megi guð og gæfan - og kæfan vera með þér ávallt. --

¹ Svo vill til að aðstoðarkona við upptökuna var frænka okkar Sigrún Pálsdóttir, sagnfræðingur og rithöfundur og höfum við stundum rifjað þetta upp. Skýring mömmu á þessu var sú að hún var orðin mjög sjónþöpur og í ofurlýsingunni við upptökuna gat hún ekkert séð á myndinni. Hins vegar var hún ekki lengi að finna út hverjir allir upptökumennirnir voru og þekkti þá alla þeirra forfeður. Ég man bara eftir Friðrik Þór sem var af Hjaltestedsfjölskyldunni í Suðurgötu 5, nágroñnum hennar og æskuvinum. Þá var Sigrún Pálsdóttir frænka hennar úr Tjarnargötu 20. Þannig má lengi telja. Hún lét aldrei neitt yfir sig ganga og tók frumkvæðið í þessu, eins og öðru. Ég minnst þess þegar ég kom úr vinnunni og sá flóðlýsinguna í íbúðinni hennar hér á Bergstaðastræti 69, að nú væri réttast að halda sig fjarri.

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 11.10.1990.

-- Það eru engar smáframkvæmdir sem hafa verið í fjölskyldunni síðustu vikur. -- virðist allt hafa gengið vel. Nóg hafð þið að minnsta kosti verið dugleg að hrósa hvort öðru í bréfunum sem þið senduð mér. Svo taka auðvitað við ný verkefni, ekki síður mikilvæg og lífið heldur áfram. Það hefði auðvitað verið skemmtilegt að geta tekið þátt í þessum átökum, en maður má heldur ekki vanmeta það sem maður er sjálfur að fást við. Það rúllar allt áfram og þegar slík verkefni eru komin á skrið er ekkert sem getur stoppað þau.

Nú er ég nýkominn frá Stokkhólmi. Ágætis ferð. Við vorum þar bara í þrjá daga, þannig að tíminn var knappur, en engu að síður fengum við séð mikið og margt hafði ég ekki séð áður, svo sem Sveriges Riksbank og Kulturhuset við Sergels torg sem eru teiknuð af Celsing og svo nýja Háskólabókasafnið sem er teiknað af Erskine. Það er alltaf stór upplifum að sjá hluti með eigin augum eftir að hafa stúderað þá lengi í bókum. Það er engin myndavél svo góð, eða rithöfundur svo flinkur að geta túlkað „rétt“ stemninguna sem maður upplifir.

Það voru því engar ættmennaheimsóknir í þessari ferð þó svo að það hefði verið gaman að heilsa upp á mannskapinn og rækta tengslin. -- þarf að hald áfram að vinna --

Auður Eggertsd. skrifar fjölskyldunni. París. 12.10.1990.

-- á eftir sóttum við Friðrik Þór á hótelið og slógum upp veislu. Það var mikið borðað, mikið talað, mikið drukkið og mikið gaman, klukkan fjögur gafst ég upp og fór að sofa en Friðrik fór ekki fyrr en hálf sjö um morguninn. --

Jú svo var nú gaman að fara í skólann -- Þetta er RISA-bygging og mannhaf inni í byggingunni. Ég var á þrettánda hæð og hæðirnar a.m.k. helmingi fleiri. Mér gekk líka furðu vel að glósa og fylgjast með, en varð oft strand á faglegum orðaforða, sem ég ekki skildi en gat flett upp í rólegheitum heima. Ég held ég hafi gott af þessu. Svo bætast líklega við aðrir tímar, annars staðar í listasögu og verður jú enn betra. Kennarinn ætlar að lesa yfir glósurnar og ræða við mig.

Biður Ásgeir um aðstoð í LÍN-lánamálum.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 17.10.1990.

-- Þá er það fyrsta bréfið til þín á nýja heimilisfangið á Danzigvegi í Parísarborg. Það er skrýtið að hugsa til þín að stofna heimili svona langt í burtu. Mikið væri gaman að geta flogið til þín á örskotsstund og kíkt á hvernig þið hafði það. Ég veit að allt gengur vel, það gengur allt vel í kringum þig.

Ég sit hér eftir vinnu klukkan -- Er að útbúa gíróseðla fyrir félagsgjöldum Zontaklúbbsins og koma í póst. Pabbi þinn er að fara upp á Akranes með Oddfellowfélögum í heimsókn til stúkunnar þar. Það var margt úr þeirri stúku sem kom með til Parísar, svo hann þekkir þar þó nokkra.

Það er best að byrja á ferðasögunni að Húsafelli. Við lögðum af stað eftir vinnu. Ég var auðvitað á fundi hér til kl. sjö og flýtti mér þá heim. Þar var pabbi þinn búinn að taka eitthvað til af dóti, mest gert í miklum flýti að henda því nauðsynlegasta út í bíl. - og svo keyrt af stað - í myrkri. Það var svo mikið myrkur að ég vissi aldrei hvar ég var. Sem betur fer rataði pabbi þinn um krókotta vegi Borgarfjarðar. Á bústað Landsvirkjunar römbuðum við. Þá var klukkan hálf tólf. Þetta var slíkur lúxusbústaður að við höfðum aldrei séð neitt því líkt.

Við fórum svo í sundlaugina daginn eftir og meira að segja í gufubað og höfðum það gott. Palli og Lára komu svo um kvöldið og höfðu lent í því sama og við, að keyra í myrkri, átt bág með að rata. Við slógum upp veislu með dýrindis mat og veigum. Í stuttu máli höfðum við það skemmtilegt, gönguferðir, bíltúr, sund og gufa. --

Þegar heim kom leit ég inn til ömmu þinnar. Hún var búin að láta Halldór vin sinn rugla í sér, sagði að hann hefði flúið þetta óperugaul í afmælinu hennar. Hún hélt yfir mér ræðu þar sem hún hafði allt út á Ólöfu Kolbrúnu að setja og hennar söng og ef hún hefði fengið að ráða hefði hún valið allt önnur lög. Þetta hefðu verið hundleiðinleg ástarlög, sem allir eru búnir að fá nóg af. Hún hefði látið syngja borðsálm Jónasar, til dæmis, og hefðu allir getað tekið undir. Ég stóð upp og kvaddi hana í styttingi. Pabbi þinn fór svo niður og útskýrði fyrir henni að þetta hefði verið gjöf til hennar frá öllum Zontakonum. Þær hefðu valið það besta o.s.frv. Hún kom svo upp og bað mig afsökunar, áttaði sig á því að hún hefði gengið of langt. Ég bað hana um að skrifa þakkarbréf til Zontaklúbbsins, sem hún er búin að gera, með okkar hjálp. Það eru ótalmargir búnir að tala við okkur og segja hvað afmælið hafi verið dásamlegt, velheppnað í alla staði. --

Nú í dag hringdi hún vinkona okkar, Dóra Þórhallsdóttir,¹ kona Reynis, vinar Palla. Henni var mikið niðri fyrir. Anna Mjöll Ólafsdóttir (dóttir Óla Gauks² og Svanhildar³) fór til Parísar um daginn með frænku sinni. Ætluðu þær að búa saman. Niels P. Sigurðsson⁴ sendiherra, frændi hennar, útvegaði henni íbúð og átti allt að vera í góðu lagi. Þá skeður það, að þessi frænka og vinkona hennar, virðist vera með skapbresti og svo erfið að Anna Mjöll ætlaði að gefast upp og koma heim. Svanhildur fór þá út til hennar og kom, eftir því sem Dóra segir, kom öllu í lag hjá henni. Vinkonan er flutt eitthvað og Anna Mjöll er áfram í íbúðinni, líkar vel í frönsku í Sorbonne, og allt komið í lag. Nú var spurning Dóru, hvort Anna Mjöll mætti hafa samband við þig ef hún þyrfti á að halda. --

¹ Dóra Þórhallsdóttir (1933). Systir Ólafs Gauks.

² Ólafur Gaukur Þórhallsson (1930-2011) hljóðfæraleikarinn þekkti.

³ Svanhildur Jakobsdóttir (1940) söngkona og útvarpsmaður.

⁴ Niels P. Sigurðsson (1926), lögfræðingur og sendiherra.

Dóra sagði að Anna Mjöll væri á námsláni, hún er samt bara að læra frönsku. Eins og þú veist hefur Dóra ofurtrú á þér (eins og fleiri). --

Það er mikið að gera í vinunni. Uppgjör eftir ársþingið, en allt gengur það vel. Á aðalfundi TFÍ skýrði ég frá því að það þyrfti að bæta við hálfum starfskrafti sökum mikillar vinnu og það væri ekki lengur hægt að anna því öllu sem gera þyrfti fyrir tannlækna og fleiri sem leita til félagsins. Þetta varð til þess að skipuð var nefnd með Gunnari Þormar,¹ Berki² og einum úr stjórn til að fara ofan í þessi mál með mér. Gunnar Þormar var að tala við mig í dag og fannst upplagt að við keyptum Skagfirðingafélagið út úr húsinu og bættum því húsplássi við. Þá væri hægt að selja minjasafnsbúðina og sameina það skrifstofu o.fl. Þú sérð að heilmikið er að gerast í kringum mig.

Ásgeir er enn ekki búinn að fá neitt að gera í viðbót við kennsluna. Hann er farinn á stúfana og var í morgun niðri á Morgunblaði. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 2.10.1990.

-- Nú féll dagur til bréfaskrifta -- erlendu gestirnir Marie Ehrentraut og Gretelotte Schütz³ voru að ganga út úr húsinu og halda ásamt Harald Ehrentraut út á flugvöll. -- Mikið hefur verið að stússa.

Fyrst var það að í síðustu viku kom Peter Hübner⁴ ásamt foreldrum sínum. Brynja Benediktsdóttir hjálpaði mér við að skipuleggja heimsókn hans sem var frábærlega vel heppnuð í alla stað. Tókst að ná saman hinu ágætasta fólki og afla stuðnings ýmissa opinberra aðila til framkvæmdar heimsókninni. Ég á eftir að skila skýrslu sem ég mun senda þér. Auk þess var Peter frábærlega skemmtilegur maður, hæfileikaríkur, gáfaður, spaugari mikill. Vona allir hér að sambandið við hann haldist. Hann fór á sunnudag. hafði ekki tíma til að taka þátt í ættarmótinu þar sem hann var að taka við nýju starfi um mánaðamótin. Hann bjó hjá okkur og við Ásgeir og Brynja Ben. fylgdum honum eins og skugginn til borgarstjóra, forseta Ísl. o.fl.

Svo fóru gestir að koma. Með Peter komu Bertold og Brigitte, foreldrar hans. Svo kom Martin og Suzanne Bitsch með málverkið, sem þau svo afhentu á ættarmótinu. Ragnhild Hilt⁵ frá Noregi, Thranehjónin frá Danmörku o.fl. Þetta setti svip á mótið.

Sendi þér dagskrána sem var skemmtileg. Að vísu gátum við mamma þín ekki notið skemmtunarinnar sem skyldi þar sem við vorum upptekin við *stórmennin*.⁶ Á mótið komu eitthvað 700 manns. Kannski ekki eins margt og við hefðum vonað, en nógu margir til að við komum slétt út, held ég.

Ræða Sigga Líndal var alveg frábær. Mestan svip setti á hátíðina þegar Ragnhild Hilt las upp kvæði og flutti ávarp. Hún er sannarlega listakona sem kann sitt fag. Þegar afhending listaverksins fór fram gengu Suzanne og Martin Bitsch upp á sviðið; hélt hann ágæta ræðu og afhenti málverkið Svavari Gestssyni menntamálaráðherra, þegar Þór Magnússon⁷ þjóðminjavörður brást okkur. Það er heilmikil saga. Mér sýnist allir geta verið ánægðir. Á betra verður ekki kosið. --

Heimilið hefur verið í þjóðbraut. Á föstudag þegar allir voru komnir var efnt til samkomu hér með öllum gestunum, nefndinni og mökum. Þar var hápunkturinn þegar fyrsta eintakið af bókinni kom til okkar. Eftir mótið komu margir heim með okkur; og enn var fagnaður.

Í kvöld ætla Hübnerhjónin að snúa þessu við, búa til matinn og bjóða okkur. Að vísu kemst mamma þín ekki þar sem tannlæknaþingið er á morgun og fundarhöld út af samningum (*við ríkið*) í kvöld.

En í fyrramálið fara hinir síðustu útlendingar, tannlæknaþingið hefst síðan. Um næstu helgi verður afmæli ömmu þinnar með 160 manns. Eftir það kemst lífið í samt lag.

Af okkur er allt hið besta að fréttu. Mest reynir á mömmu þína. En hún sýnir ekkert nema styrk og lífsgleði. Vonandi verður svo áfram. --

Auður Eggertsdóttir skrifar fjölskyldunni. París. 17.10.1990.

-- Ég fór í gær í skrifstofu Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna til að sækja launin mín fyrir sýninguna. Skrifstofan er -- lengst fyrir utan París og ég var tvo tíma á leiðinni þangað með lest. Þegar ég kom út af lestarstöðinni hringdi ég og var sagt að ég yrði sótt innan fimm mínútna. Ég beið og beið, rúman klukkutíma og þá var ég gjörsamlega frosin, og hringdi aftur. Þá hafði ég ekki fundist, því það eru tvær lestarstöðvar, sem ég hafði ekki hugmynd um. Í seinni tilrauninni gekk þó allt sem skyldi og ég fékk kaffi og tvö þúsund franka, sem hlýjaði mér þegar í skrifstofuna var komið. Svo fékk ég far til baka inn í París -- Vona að allt sé gott hjá ykkur --

¹ Gunnar Þormar (1932) tannlæknir.

² Börkur Thoroddsen (1942) tannlæknir.

³ Gretelotte Schütz dó í fyrra 102ja ára gömul. Eftir heimsókn hennar skrifuðumst við á fram að hennar dauðadegi. Með henni var systir hennar Marie Ehrentraut og systursonurinn Harald. Þetta var ættrækið fólk mjög.

⁴ Peter Hübner (1954) hafði stjórnað frægri listahátíð í Slésvík/Holstein og reif hana upp. Seinna gerðist hann listamiðlari o.fl. Foreldrar hans voru Bertold, frægur skurðlæknir og frænka okkar Brigitte. Samband við hann hefur rofnað.

⁵ Ragnhild Hilt er dótturdóttir séra Þorsteins Briem, ráðherra o.fl. á Akranesi, þekkt leikkona í Noregi.

⁶ Þar er átt við fundarstjórn Davíð Oddsson og Svavar Gestsson menntamálaráðherra.

⁷ Þór Magnússon var þá þjóðminjavörður. Alveg er þeirri merkilegu sögu stolið úr mér.

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 15.10.1990.

Segi frá ferðalagi og dvöl með Palla og Láru að Húsafelli. Ásgeir kom ekki, því hann þurfti að kenna. Hann er að leita sér að vinnu. Er við kennslu í Ármúlaskóla, lifir á snöpum.

-- Auður fór til Parísar svo sem ráð var fyrir gert og stóð mikið til. Skrýtið að sjá hana leggja af stað með sínum heittelskaða út í heim, bæði full bjartsýni, ákveðin að leggja heiminn að fótum sér. --

Ég þarf að snúa mér að þýðingu á fyrirlestraefni Peter Hübners og leitast við að fylgja því eftir sem fram kom á ráðstefnunni -- hans. Það er spennandi og getur orðið til framfara.¹

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 15.10.1990.

-- Ég var að lesa bréfið þitt yfir og langaði til að heilsa aðeins upp á þig í leiðinni. Það er langt síðan ég hef skrifað þér, en ekki þar með sagt að ég hugsi ekki til þín.

Aldrei á ævi minni hef ég haft svona mikið að gera eins og undanfarinn mánuð, endirinn á öllu var að kveðja Auði. Það var tregablandið, því nú held ég að óhætt sé að segja að hún sé farin að heiman. Það er allt í senn sorglegt, einkennilegt, en líka gleðilegt þegar allt virðist vera í lagi. -- Þakka skemmtilegt bréfi. --

Auður Eggertsdóttir skrifar fjölskyldunni. Rvík. 17.10.1990.

-- Í næstu viku fæ ég vinnu. Anna, sem vinnur í sendiráðinu, benti á mig fyrir einhverja risastóra fisksýningu hérna í París. Verð ég í íslenska básnum, allavega vona ég það. Sýningin er frá mánud. til föstud., tólf tíma á dag. Von mín er að ég fái smápening fyrir, til að geta keypt mér kannski borð í eldhúsið -- Ég á að hitta Pétur Einarsson og ætlum við að líta á þetta saman. --

Já, talandi um sendiráðið, þá hittum við sjálfan Albert Guðmundsson um daginn í sendiráðinu og tókum í spaðann á honum og kynntum okkur. Hann er orðinn þvengmjór kallinn. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 23.10.1990.

Ræðir um námslán og segir frá ýmsu sem er á döfnni á heimilinu eða hefur gerst. Biður hann um að láta vita áður en hann lendir í vandræðum.

Segir frá ráðstefnu SÍR og SÍH í Hveragerði og leit Ásgeirs að vinnu.

-- Við vorum í mjög skemmtilegu boði hjá Einari Ingimundarsyni frænda þínum -- Hann bauð systkinum sínum og afkomendum þeirra í tilefni þess að sjúkdómurinn sem búið var að úrskurða illkynja var það ekki. Á eftir fór 20 manna hópur að borða á Ítalíu og var það hávært og fyrirferðarmikið fólk, ólíkt því sem fjölskyldan er dags daglega -- allir mjög ánægðir með þetta framtak Einars. -- vill hittast oftast til að yngra fólknið kynnist. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 23.10.1990.

-- Það hefur lítið gerst -- Ég má samt til með að segja þér frá boðinu hans Einars frænda þíns. Við skiluðum góðum kveðjum frá þér og pabbi þinn sagði að honum hefði vöknað um augu þegar við minntumst á þig. Ef þú hefðir einhvern tíma stund myndi það gleðja hann að fá frá þér kort í Miðleiti 7, 103 R.

Það var mjög þægilegt fyrir hann að geta haft boðið í salnum í húsinu. Rúmt um alla í einu herbergi. Hann bauð öllum sem komnir voru yfir fermingaraldur. Það var sérstaklega gaman að sjá hvað yngra fólknið hafði gaman af að hittast og kynnast. Allir voru ákveðnir í að þetta yrði að endurtaka. Ég talaði aðeins við Ástu og var hún að fara til London í vikunni þar sem á að velja á *Miss World*. Hún var kvíðin en sagði að þetta væri nokkuð sem hefði vofað yfir og best af lokið.

Pabbi þinn stóð svo fyrir því að setuliðið pantaði borð á *Ítalíu* og þangað fórum við 25 manns og fengum sérherbergi uppi á lofti. Við voru þakklát fyrir það eftir á að fá pláss út af fyrir okkur, því að þessi prúða fjölskylda, sem hvorki dettur af né drýpur dags daglega var þarna töluvert hávær og með læti. Það pantaði svo hver það sem hann vildi og hafði það mjög skemmtilegt. Voru allir ánægðir þegar labbað var út í nóttina um kl. tólf og gengu niður Laugavegin og tók leigubíla í Lækjargötunni. Við pabbi þinn og Ásgeir gengum heim í góða veðrinu eftir mjög ánægjulega skemmtun. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 25.10.1990.

-- Jæja gott fólk. Það er eins gott að grípa hvert tækifæri sem gefst til að stinga niður penna til ykkar, því guð veit að þau tækifæri verða ekki mörg, hvorki í dag né á morgun. Já það er þessi bölv./blessuð matarsýning sem tekur allan minn tíma (sem betur fer veit ég að þið segið núna), en svona eldsnemma dags er allt rólegt og ég ein í básnum, fyrst um sinn, svo fer fólknið að dröslast hingað, eitt af öðru. Þegar líða tekur á daginn byrja hlaupin hjá mér og standa alveg til átta, þegar sýningin *loxins* lokar. En byrjum aftur á byrjuninni svo þið getið áttað ykkur betur á þessari sýningu og því öllu saman.

Vekjaraklukkan bjallar klukkan sex, svo að ég nái að gera mig sæmilega huggulega, eða eins langt og það nær. Klukkan korter yfir sjö, verð ég að skella útidyrhurdinni og lalla mér út í metróinn sem ég merki á meðfylgjandi korti. Eins og þið sjáið er leiðin nokkuð löng, en þó greið og tekur mig nákvæmlega klukkutíma og korter að komast á áfangastað. Sýningin er í geysistörrri

¹ Ekki er ég viss um að ráðstefnan hafi orðið til þeirra framfara sem vonast var eftir og þó! Ég hef fengið fréttir frá Brynjólfi Sigurðssyni fv. próf. að skýrslan hafi verið notuð sem kennsluefni.

byggingu þar sem Ísland er bara örlítið rykkorn í öllu þessu plássi. Sam sagt. Ég er fyrst manna í básinn okkar og hita kaffi og set kannski nokkrar smákökur á disk, ef vel liggur á mér og allt huggulegt þegar mér æðra fólk sér sér fært að mæta til vinnu sinnar. Þá byrja fundahöld: Auður þrjá kaffi og brennivín, Auður einn vatn og tvo brennivín -- einn kaffi - tvo bjóra - eina kók, einn vatn og fimm brennivín. Auður þetta - Auður hitt. Ég er á hlaupum frá morgni til kvölds og hef starfsheitið: Allsherjarþræll! Að mínu mati eru ekki margir aðrir sem hreyfa legg eða lið og stundum er mér nóg boðið þegar ég er kannski á kafi í vinnu - kemur einhver letibykkja (oftast frá Grimsby): Auður bjór!! Þá bara bendi ég á ísskápinn og segi að þar sé algengt að kælivörur og drykkjarföng séu geymd. Á hinn bóginn eru aðrir sem eru almennilegir og kjaftar á þeim hver tuska, svona er lífið, mennirnir eru misjafnir, eins og þeir eru margir.

Jú, svo hitti ég hann Kristján Hjaltason,¹ sem vinnur í Hamborg og á ég heimboð til hans, hann er í alla staði mjög elskulegur, en mjög hissa á að hitta mig hérna.

28.10.1990. Jæja, þá er kominn sunnudagur og sýning afstaðin. Ég er mjög þreytt eftir þessa törn, á hinn bóginn pínkulítið leið að þetta sé yfirstaðið og ég vinnulaus. Ég fæ að öllum líkindum sémilega borgað fyrir þetta, 35 franka á tímann, sem er ágæt summa. Mér var mikið þakkað fyrir hjálpina og mér tjáð að ég hefði unnið vel, sem var gaman að heyra hjá þessum jakkafataköllum. Ég afþakkaði hins vegar skemmtunina um kvöldið, en þá fóru allir saman út að borða á bát á Signu og síðan á Crazy Horse fram á rauðanótt. Bæði var ég svo dauðuppgæfin eftir erfiða viku að mig langaði bara að fara heim og slappa af, hafa það gott og rólegt (ekki segja að ég sé farin að líkjast ykkur). Ég held þar að auki að ekki hefði verið sniðugt að flækjast ein um rauðanótt. En hvað um það, heim fór ég með ósköpin öll af sjávarafurðum, sem ég mátti taka með mér og tók ég eins mikið og rúmast í frystinum mínum. Núna á ég ósköpin öll af humri-rækju-skelfiski-ýsu og laxi - aldeilis búbot -- Eitt sinn var erfitt að komast í vinnuna og heim vegna verkfalls. -- Sneri lestin oft til baka og skildi ég ekki. Hitti gamlan mann sem var á leið á sýninguna og hann sagði mér frá verkfallinu. Hann var með bás á sýningunni til að kynna Beaujoulais vín sem hann framleiðir á bænum sínum, Skemmtilegur karl, og síðar um daginn, þegar við loksins komumst í vinnuna, þá gekk hann framhjá íslenska básinum og gaf mér flösku af sínu eigin víni sem bragðaðist ljómandi vel. Svona ævintýrum getur maður lent í, sem betur fer.

Aldrei fengum við matarbirta, yfir daginn, en ég var orðin lunkin að hlaupa yfir í aðra bása og finna eitthvað sem mátti smakka. og voru Bandaríkjamenn gjafmildastir. Arkitektinn sem hafði sett upp básinn okkar hjá Sölumiðstöðinni varð líka ljómandi góður vinur minn, fyndinn kall, Monsieur Babar og var í laginu eins og fillinn, nafni hans. Hann ætlaði að athuga hvort stúlka á dvalarleyfi gæti fengið vinnu við eitthvað og ætlar að láta mig vita. --

Nú er helgi, farið að rigna og best að vera heima. -- Þakka bréfin tvö frá henni mömmu minni sem glöddu mig mikið. Ég vona að við getum báðar verið hraustar og skrifast á áfram, því þá líður mér svo afskaplega vel. -- Ástarkveðjur.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 29.10.1990.

-- Gaman að heyra rödd þína í gærkvöldi. Bréfin þín ágætu hafa verið stutt og ekki neitt pláss á milli línanna þar sem lesa mætti úr tilfinningar þínar. En þau eru snarboruleg, og gefa ekki annað til kynna en að þér líði vel og hafir nóg að sýsla. En röddin þín leynir held ég engu, fullvissar mig og okkur öll um að allt sé á réttu róli. --

Sendir afrit af bréfi til LÍN. Misskilningur átti sér stað, hann sendi ekki umsókn þar sem auglýsing sjóðsins í blöðum fór framhjá honum. Vonar að meðfylgjandi umsókn leiði til endurskoðunar á afstöðu sjóðsins.

Hefur frétt að Auður sé búin að fá íbúð.

-- fjármálin ganga illa þar til lánamál komast í lag. -- Þú mátt ekki lenda í vandræðum og skuldum og borða verður þú hollan mat. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 31.10.1990.

-- gladdi mig að fá bréfið frá þér í dag -- Þetta var sannkallaður hátíðisdagur hjá fjölskyldunni. -- Var gaman að heyra að þú hefðir fengið þessa vinnu á fiskisýningunni og allan matinn sem þið máttuð bera heim. Eitthvað fyrir grænmetis- og fiskætuna mína. --

Það er gott að vera komin yfir allt þetta mikla umstang -- Nú ætla ég að fara að snúa mér að sjálfri mér og drífa mig t.d. í leikfimi.

Ásgeir er að fara norður í dag. Er að heimsækja Margréti frá München og Elínu og Bernd á Húsavík. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 5.11.1990.

-- Enn sest ég við að skrifa þér, (þú) á nýjum stað, við nýjar aðstæður. Enn er eins og ég sé að setja upp nýja stöð. Efni sem var til í fyrri stöð á nú ekki lengur við, hlustandinn er annar en var, kannski einhver annar sem les einkabréfið. Það kallar kannski á öðrúvísi efni. Þá þarf að beita öðrum áhrifum til þess að kalla á svarbréf, án þess að það megi líta út eins og betl. Þannig má lengi telja allt sem breytt er.

Hvað af viðburðum hér hefur þú forvitni á að heyra? Fáðið þið einhver blöð eða fréttir?

Bréfið sem við höfum fengið var einstaklega skemmtilegt og lýsti skapi þínu; gaf til kynna að þú værir hamingjusöm, ánægð að setja niður lítið heimili í framandi landi. Það gleður sannarlega. --

¹ Kristján Hjaltason, andbylingur okkar á Bergstaðastræti og náinn vinur, sonur Siggú og Hjalta Geirs, hafði hafið störf erlendis og hefur eiginlega ekki komið aftur.

Segir ítarlega ferðasögu þegar við fórum með Palla og Láru í kræklingstínslu fyrir sunnan Straumsvík, lýsir tilfinningunni fyrir svæðinu; hávaðanum frá umferðinni í fjarska. Svo var farið á Nesið með Palla og Láru í kræklingssúpu. Fríða var að skrifa rúgerð. Ingólfur farinn að vinna í Þórskaffi á föstudögum og laugardögum.

Ásgeir fór, þegar hann var búinn að kenna, í rútu til Akureyrar og Húsavíkur að hitta kunningja. Hann hefur ekki enn fengið neitt að gera, lítur heldur þunglega út, en það raskar ekki ró hans.

Segi rækilega frá viðtali í sjónvarpi við Pétur Thorsteinsson.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss.. Rvík. 5.11.1990.

Greinir frá viðskiptum okkar við LÍN vegna beiðni um leiðréttingu mála Dags hjá Sjóðnum. Segir líka frá ferð Ásgeirs til Akureyrar og Húsavíkur.

-- Pabbi þinn þarf að fara á fund til Kaupmannahafnar eða Osló í kringum 20. nóv. Ég var að hugsa um að reyna að komast með honum og við myndum þá gera úr þessu svona vikulanga ferð. Þetta er allt á undirbúningsstigi, svo ég þori ekki strax að fara að hlakka til. -- Gaman væri að hittast --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 12.11.1990.

-- bréfin þín -- lífga sannarlega upp á tilveruna hjá okkur. Ekki svo að skilja að hún sé neitt tiltakanlega döpur. Nei - nei - við erum bara nokkuð sátt við hana. Það er alltaf mikið að gera í vinnunni. Ég var að vinna smávegis á sunnudaginn, kláraði að skrifa bréf til deildarforseta tannlæknadeildar, bréf sem mér fannst erfitt að skrifa og þurfti að hafa næði til að vinna. Svo kom ég með það heim, rétti þabba þínum og fékk það ágætis fínþússningu. Svo verður fundur í ársþingsnefnd og þar legg ég fram bréfið fullskapað - vonandi.

Við vorum í Borgarleikhúsinu í gær með Ásgeiri - sáum leikrit Guðrúnar Kristínar Magnúsdóttur¹: *Ég er hættur - farinn*. Okkur þótti það bara ansi smellið og ágæt afþreying. -- Stebbi Jóns leikur -- er hann heldur leiðigjarn leikari. Hann leikur alveg eins og í *Kjöti*. Vonandi tekst honum að breyta um stíl. Ég hef á tilfinningunni að hann hafi minnimáttarkennd vegna þess hve lágvaxinn hann er. Sigurður Skúlason (maður Drafnar Guðmundsdóttur) leikur eitt aðalhlutverkið og gerir það frábærlega vel.

Pabbi þinn sagði í síðasta bréfi að hann þyrfti að fara á fund. -- Nú er það ákveðið að fundurinn verði í Osló. Ég er búin að fá frí úr vinnunni. -- Ég er farin að hlakka mikið til að hitta Dag og svo líka að hafa það gott í frí. Það hittist svo á að það verður ferð Oddfellowmanna til Danmerkur um sama leyti. Þeir eru að fara á fund í Nyborg á Jótlandi og getur pabbi þinn tekið þátt í honum eitt kvöldið. --

Dagur hefur mikið að gera bæði í skólanum og í ritstjórn árbókar skólans. --

Ásgeir hefur ekki enn fengið vinnu. Það er alltaf við og við verið að auglýsa ýmislegt bitastætt, svo vonandi gerist það einhvern daginn. Við héldum upp á afmælið hans -- kölluðum á Palla, Láru, Dídí og ömmu Fríðu. Svo dreif að vinina, Tomma, Bergþór og Guðmund Þór og varð úr hin skemmtilegasta afmælisveisla. Sátu þeir vinirnir til kl. hálf þrjú um nóttina. Tommi var að gerast meðeigandi að lögfræðiskrifstofunni sem hann hefur unnið á -- Ásgeiri var boðið í kokkteil í því tilefni --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 12.11.1990.

-- Vonandi sækir þetta bréf vel að þér. Þú virðist önnur kafinn. Við höfum reynt mörgum sinnum að ná til þín. En án árangurs.

Ræðir lánasjóðsmálin og viðtal við framkvæmdastjóra. Föllum í næstu viku til Osló, verð þar á fundi og þaðan til Hafnar.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 19.11.1990.

-- Gaman er að heyra fréttir af hinni heimavinnandi hagsýnu húsmóður í Frakklandi og baráttu hennar -- Héðan lítið frétnæmt --

Erum að undirbúa ferð til Noregs og Danmerkur. Dagur búinn að finna ódýrt hótél og við í sambandi við frú Sörensen í Khöfn.

-- Hér var fyrirangur í mömmu þinni og Ásgeiri á laugardaginn. Þau tóku sig til og hreinsuðu teppin svo að nú eru þau öll orðin sem ný. Er vandi að lifa hér á heimilinu eftir hreinsunina og spurning hvort er mikilvægara teppið á gólfinu eða ég. Ég þori ekki að svara því en hef fundið mér athvarf í kjallaranum, þar sem áður var öskustó. Sennilega var teppahreinsunin aðferð móður þinnar til að nudda mér til að gera við matartöskuna marg- og landsfrægu, sem nú er sem ný. -- hef ég fleira sem gera má í kjallaranum, sauma -- mála, múra, taka til. --

Við fórum til Steinu í gær. Þar var margt fólk samankomið -- Einar (*Ingimundarson*) var glaður yfir bréfinu frá þér. Hann er ansi gamall -- Ranka og hann treysta sér ekki til að aka bíl í myrkri -- Steina er sama hetjan --

Ásgeir hefur tekið að sér að skrifa um fjölmiðla í tímarit -- Bergmál. --

Amma þín á neðri hæðinni er jafn hress og lifir enn á minningunni um afmælið sitt. --

F.h. frænda, vina og heimilis. Eggert Ólafur Ásgeirsson, bókbindari, ættfræðingur, áhugamaður og bréfitari. --

¹ Guðrún Kristín Magnúsdóttir (1939), rithöfundur og leirkerasmiður. Hún átti frænda minn Bjarna Helgason (1933) jarðvegsfræðing. Leikritið fékk fyrstu verðlaun í samkeppni sem eftir var til vegna opunar Borgarleikhússins.

Auður Eggertsdóttir skrifar heim. París. 22.11.1990.

-- Ég þakka innilega sendingar frá ykkur. -- Dagarnir líða áfram, einn af öðrum, en samt hef ég það ekki á tilfinningunni að það sé kominn einhver *rytmi* í lífið ennþá, en ég vænti þess að það sé bara tímaspursmál, ég sakna þess dálítið að vera önnum kafin, vinna mikið og gegna einhverju hlutverki á þessari jörð. Í tilgangleysinu á ég það til að verða dálítið pirruð og erfið í umgengni, set á mig stút og finnst allt vonlaust. Sem betur fer koma þessi köst nú ekki oft, því þrátt fyrir allt er talsverð fart á mér um bæinn, ég sit nú aldrei aðgerðarlaus og ég sé heldur ekki eftir að hafa farið hingað. Það er bara þetta bergmál inni mér stundum. --

Ég er ekki frá því að það sé kominn spenningur í mig að fara heim aftur og hitta ykkur öll, ég má nú samt ekki bara hugsa um það.

Auður litla hringdi í mig um daginn og töluðum við saman áreiðanlega í tvo tíma, bara alveg eins og þegar við hittumst úti á götu. Hún er miklu meira inni í Íslendingalífínu hérna, enda er ég ekkert inni því. Hún var því að segja mér hinar og þessar kjaftasögur um Íslendinga hér og hafði ég mikið gaman af, ekki síst sögur um mig -- Ég er að spá í hvernig svona sögur myndast þegar maður hefur enga Íslendinga hitt. Þetta er mér hulin ráðgáta, þótt ég hafi gaman að. Ég læt þessu lokið núna enda er nokkuð liðið á listasögutímann (hm...) Ég bið að heilsa öllum hvort sem þeir eru áhugamenn um bókbönd, ættfræði, eða hvaðeina. Allir áhugamenn eru vinir mínir, leyfið áhugamönnunum að koma til mín og bannið þeim það ekki. -- Ástar og saknaðarkveðjur. --

Auður skrifar öllum heima. París. 1.12.1990.

-- gleðilegan 1. des., þ.e. auðvitað gleðilega heimastjórn! Við að sjálfsgöðu höldum daginn hátíðlegan, erum búin að kaupa fjölskyldupakka hjá Hjálparsveit skáta og bíðum núna eftir miðnætti til að skjóta herlegheitunum á loft. Því næst syngjum við saman: "Nú er eitt heimastjórnarárið liðið" eftir frænda minn Briem, sem eflaust hefur verið vita-laglaus. Við erum kannski laglaus, en við erum ekki illa gefin! Nei, annars, þetta með hjálparsveitina er í lagi, það er auðvitað ekki til nein hjálparsveit í landi sem er ekkert hættulegt.

Við erum annars búin að punta okkur voða fínt, til að fara út að hitta Íslendingana í Ísslendingafagnaði, sem er jú einmitt í kvöld. Ég er komin í diskógallann, gula samfestinginn og klofháu stígvélin -- Í gærkvöldi fórum við oní bæ og hittum Auði litlu.¹ Hún er sjálfri sér lík og við fundum notalegan kaffibar og fengum okkur bjór. Það er skemmst frá því að segja að hún Auður (litla altso) talar alveg rosalega mikið, ég meina ROSALEGA mikið og ég var að spekulera í því, meðan hún lét dæluna ganga hvort það væri ekki ráð að setja bara Auði og Helgu Pálma saman í saumaklúbb, bara þær tvær.

THE DAY AFTER THE NIGHT BEFORE.

-- og allt búið að vera í stíl við það, göngutúr um bæinn, bíóferð og bara almenn leti eins og á að vera annan desember. Nema hvað ég talaði við hana mömmu mína í síma í morgun og það var líka kominn tími til, mig var farið að lengja eftir málrómnum. Ekki minnkaði heldur löngunin að koma heim um jólin og er niðurtalning þegar hafin.

Það var ágætt að fara út að skemmta sér í gærkvöldi þó að ég sjái eftir peningunum sem fuku, þannig séð, nei nei, hvað heldurðu að maður megi fá bakþanka. Við vorum boðuð klukkan átta, eins og allir, en fólkið var að detta inn til klukkan níu. Allir fengu sér fordrykk, meðan beðið var eftir forréttinum, en að mínu mati hefði það frekar átt að vera tunna, frekar en glas á mann, bara svona upp á tímasetninguna að gera. En ég vil nú meina að Íslendingar hafi aldrei verið bjargarlausir þegar áfengi er annars vegar, og voru farnar margar ferðir á barinn, meðan beðið var eftir matnum.

Það var mjög margt um manninn þarna, eflaust um hundrað manns, en um 80% voru stúlkur, allar eins og barbídúkkur, brosandí út að eyrum og sögðu allar í kór: *finstérekkiæsslegtaveraénnaiParís?* Tja, þetta var ekkert verra en hvað annað. Þá botnuðu þær ekkert í svarinu (enda málfraðilega flókið) og fóru frekar að finna barbísystur sína, því að barbísystur skilja hver aðra.

Við sátum við borð með Þorfinni Ómars og Önnu (konunni hans), Auði litlu og strák sem heitir Ólafur Als. Þá er skemmst frá því að segja að biðin eftir matnum var ekki vitund erfið, því allir voru í sínu fínasta skapi, mikið grínað og hlegið. Þegar við litum svo í kringum okkur, áttuðum við okkur á því að við vorum líklega þau einu sem skemmtum okkur, því aðrir voru grafalvarlegir og töluðu varla saman.

-- Á eftir var svo farið oní kjallara á diskótek -- Ég spjallaði lengst við hann Hallgrím Helgason málara, sem býr hér með konunni sinni, sem er að læra flautuleik. Hann er að gefa út bók fyrir jólin og var mjög gaman að tala við hann. -- Svo var fullt af fólki sem maður kannast við -- og Pétur Einarsson hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, sem ég var að vinna hjá.

Annars var ég búin að fá nóg af þessu um fimm leytið og þá fórum við heim. Erða furða þó það hafi ekki orðið mikið úr deginum. -- Svo vona ég bara að þið séuð öll í fínu formi. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 3.12.1990.

-- Það var sannarlega gaman að hitta þig, finna fyrir áhuga þínum -- á verkefnum sem þú ert að vinna að, afstöðu þinni til sjálfs þín og tilverunnar og því jafnvægi sem þú hefur náð. Þú lést ekkert á þig fá þótt LÍN væri með leiðindi. Enda ekkert við því að gera -- hugarangur breytir engu nema manni sjálfum.

LÍN málið er gott dæmi um slíkt. Í vikunni hringdi Óli Loftsb.² Hann er formaður félags sérskólanema og situr fyrir þeirra hönd í stjórn LÍN. Hann hafði fengið bréfið mitt í hendur og spurði nánar út í þetta mál allt. Ég sagði honum frá í einstökum atriðum, smurði eins þykkt og ég gat án þess að segja neitt rangt. Að vísu hef ég sagt öllum að þú hefðir tekið að þér vinnu hjá skólanum,

¹ Auður Loftsdóttir, jafnaldra hennar, granni.

² Ólafur Loftsson, granni okkar, seinna, núna, form. Fél. grunnskólakennara. Var þá fulltrúi nemenda í stjórn LÍN. Fluttur aftur í gamla húsið, á Bergstaðastræti, með fjölskyldu sinni.

við árbókina, vegna fjárskorts. - eða þannig. Hann hafði mikinn áhuga á málinu. Mun hafa tekið það upp í stjórninni, hringdi svo til mín og sagði það leyst. Ég skyldi bíða og sjá, samband yrði haft við mig innan tíðar. -- við þyrftum ekki að senda inn umsókn um upphafslán. Að vísu tæki tíma að koma þér inn í farveginn aftur. Ég sagði honum það í góðu lagi. Sem sé. Þetta mál virðist leyst -- og á Óli allan heiður af því. Það var líka gaman að tala við hann, rögg saman og greinargóðan. --

Eftir að við fórum frá Degi var fundur rafveitumanna í Höfn. Þar voru líka vandamál í Flugleiðakerfinu vegna flugbókana til ráðstefnu þar. Ekki óáþekkt hinu og leystist líka.

Segi frá Andbýlingum Hostrups í Konunglega leikhúsinu. Auður hefur það gott.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 19.1.1991.

-- einn af þessum hlýju dögum undanfarið. Í gærkvöldi leit ég á mælinn: 9,6 stig. Á norðausturlandi 18 stig. --

Við erum hæstánægð, nema þegar rignir. Hér fór nefnilega að leka í stofunni. -- Nú er stórafmælistánuður, búið að bjóða okkur í fimm afmæli -- Álfheiður Sylvia Briem varð fimmtug á föstudaginn. -- Þar var mjög skemmtilegt og hélt amma þín ræðu, rifjaði upp ýmislegt frá því að Sylvia var lítil, kom í heimsókn í Tjarnargötu og var send í sveit að Seglbúðum. -- hún sá svo eftir að hafa haldið ræðuna -- hafði gleymt ýmsu. Svo er sextugsafmæli Halldórs Jónatanssonar og er 200 manns boðið í félagsheimili Kópavogs.

Svo verður Börkur Thoroddsen 50 ára, 30. jan. Var ég fyrsta manneskjan sem hann bauð. Er veislan í félagsheimili TFÍ og varð hann því að bjóða mér. --

Nú er verið að skipuleggja húshaldið í vetur og skipta pabbi þinn og Ásgeir með sér að ryksuga hálfsmánaðarlega og þurrka af vikulega. Ég sé um baðherbergin og eldhúsið vikulega, þvæ og strauja. --Nú er að sjá hvernig virkar.

Dagur hringdi og lá vel á honum. Sagðist hafa verið í hálfgerðri kreppu undanfarið. Lenti í að vera búinn að velja lóð undir lokaverkefnið undir tónverkamiðstöð í Osló. Sá að lóðin var ekki nógu góð, fór af stað aftur og fann ágæta lóð sem kennararnir voru mjög ánægðir með.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 21.1.1991.

Óska honum til hamingju á afmælinu, en hefur ekki náð í hann, enda bendir bréfið til að hann hafi farið til BNA, jafnvel að hann hafi komið við á Ísl. Fjölskyldan gerði sér dagamun vegna afmælisins.

Allt gott að fréttu, Auður er á Íslandi, fékk vinnu á endurskoðunarskrifstofu fram að því sem hún tekur próf í HÍ og fer aftur til Frakklands.

Ræðir ófrið í heiminum, Eystrasaltlöndum og Persaflóa. Hekla gaus líka og fór Ásgeir með nemendur Ármúlaskóla til að sjá gosið, fékk lítið séð enda gosið að dvína.

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló.3.2.1991.

-- Svo ég byrji nú alveg frá byrjun þá var ég í *Njú Jork* við ágætt yfirlæti í náu daga hjá Hönnu Stínu. Það var verulega skemmtilegur tími. Söfn, kvikmyndahús.

Þegar kom til Noregs byrjaði ég strax á vorverkefninu, skoða lóðina, módel og setja sig í skapandi stellingar. Eins og þið vitið kannski þá erum við að teikna sundhöll með öllu tilheyrandi. Það er að mörgu leyti forvitnilegt fyrir okkur Íslendingana að hanna slíka byggingu enda ríkari sundmenning meðal okkar en Norðmanna. Það hefur því mikið verið spurt um það hvernig það sé að baða sig í heitum hver, hverslags lífsreynsla það sé. Við stungum upp á því að bekkurinn skyldi fara í ferð til Íslands og reyna það sjálf, athuguðum það og kom í ljós að við fengum mjög ódýra miða með gistingu og öllu tilheyrandi. Ég held að menn séu spennfir fyrir þessu, en það á eftir að sýna sig hversu útbreiddur áhuginn er. En ef af þessu verður kemur hópurinn í lok febrúar. --

Það er skritið að ég skuli vera eini fjölskyldumeðlimurinn sem ekki er á Íslandinu, það tekur svolítinn tíma að átta sig á að Ásgeir sé ekki í *Munnhén*. En þarna ertu þá Ásgeir minn og halda skaltu uppi heiðri systkinanna meðan ég er í burtu! --

Norðmenn eru óðum að ná sér eftir konungsmissinn enda fljótir að skaffa nýjan. Það þótti kostulegt atvikið þegar Sonja, þáverandi prinsessa, sussaði á Harald, manninn sinn, þegar hann fór að gráta í minningarathöfninni í síðustu viku. Yfirskriftirnar í blöðunum daginn eftir voru mjög eftirtektarverðar: *Sonja huggar Harald á erfðri stundu*. Þetta lýsir best ástandinu hér í Osló, maðurinn verður sjálfsagt tekinn í heilagra manna tölu á næstunni, a.m.k. er verið að tala um að breyta nafninu á Karls Jóhanns götu í Ólafs fimmta götu. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 4.2.1991.

-- Þegar ég hugsa til þín finnst mér einhvern veginn að þú sért enn lengra frá mér en áður. Þegar þú fórst héðan var það N.Y., svo fyrstu aftur í ferðalag, komst reyndar við hér á landi, en án þess að hafa tækifæri til að hringja heim. Ég þarf að átta mig á að þú sért í Osló en ekki í Japan. Héðan er margt merkilegt að fréttu, bæði gott og ágætt. Óveðrið sem gekk yfir landið og afmælið hennar ömmu þinnar --¹

Þangað komu 80 manns og var velheppnað; var hún sjálf ánægð, ekki síst yfir að sjá fólk úr ætt pabba.

Svo segir frá miklu óveðri sem olli því að rafmagn fór af, þakplötur fuku og stórir gluggar brotnuðu. Samkomuhaldi aflýst um land allt.

Segir frá mikilli hátíð er Sigurður Helgason stærðfræðiprófessor, frændi okkar fékk fálkaorðuna og mörg ættmenni boðin til Vigðisar á Bessastöðum. Sigurður er mjög hrifinn af ömmu þinni, kallar hana tvífrænku, en þau eru bæði skyld í báðar ættir.

-- er á leið í bankann að senda þér peninga. Þetta var skritin helgi. Prímusinn í eldhúsinu og kertaljós um allt. S.D. --

¹ Jórunn Ingimundardóttir varð áttæð.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 3.3.1991.

-- var í gærkvöldi og í morgun að færa þjóðskáldin yfir á snældur sem þér eru ætlaðar og meðfylgjandi. Hefur verið gaman að hlusta á upptökurnar, þótt ekki sé þetta nema smjörþefurinn af skáldunum og kaflavalið langt frá því sem ég hefði kosið. Það kemst þó næst því sem ég óska í upptökum Davíðs, kannski einnig Sigurðar Nordals og Jóns Helgasonar. Málsnilli þessara manna kemur vel fram. Sigurður Nordal er full heimspekilegur í sögu sinni, kannski gamaldags, enda sagan samín snemma á öldinni og ekki með þeirri hómorsnilli sem hann átti til.

Vel kemur fram í efni Jóns Helgasonar, þessa einkennilega samsetta manns, annars vegar stórkostlegur hómoristi og hins vegar vísindamaður, útlaginn sem sat innan við múrvegginn við hlið höfundar Hungurvöku, meiri Íslendingur en flestir aðrir, en átti þó heima öll manndómsárin í Höfn. En hann skynjar menninguna og landið í kvæðum sínum, túlkar ógn landsins og stórbreytileik, betur en aðrir. Þó sá hann aldrei suma þá staði sem hann lýsir. Nokkra staðina sá hann sem háaldraður maður, skömmu fyrir andlát sitt fyrir eitthvað 10 árum.

Kaflarnir hans Þórbergs um brúðkaupið, strandið og hans fyrsta kvæði lýsa honum vel. Gaman er að heyra myndugleika raddar Steins, sem var djarfur í skrifum sínum og fyrirlesturum, þótt hann væri bljúgur í túlkun sinni á sjálfum sér í kvæðunum.

Það er einkennilegt að maður skuli hafa talað við alla þessa höfunda. Ég vona að þú hafir gaman af þessu efni. Þó gæti verið betra að hafa sum kvæðin við höndina. Ég skal senda þau ef þú vilt.

Héðan er allt gott að fréttu. Heimsókn Dags tókst ágæta vel og var gaman að hafa hann nokkra daga fyrir sig eftir að Nojararnir fóru héðan.

Amma þín hélt upp á brúðkaupsafmæli okkar með því að bjóða okkur og strákunum á Hótel Holt áður en Dagur kvaddi. Var það aldeilis velheppnað, allir ánægðir og allt svo skemmtilegt sem best gat orðið. Var gaman að sjá Ásgeir og Dag sitja við hlið gömlu konunnar, hjálpanði henni og sinnandi af hlýleik, skilningi og tillitssemi. --

Eiginlega ættum við að vera í Keflavík í dag þar sem Oddfellowar voru með hátíð -- Í stað þess fórum við með Hjalta Stefán til að skoða bæinn og nágrennið.

Svo erum við farin að hugsa til Parísar og búin að festa okkur flugmiða --

Ásgeir var að fá tveggja mánaða hlutavinnu við dagskrárgerð barnaefnis í hljóðvarpi. Hyggur hann gott til glóðarinnar. Húsnæðið sem Sigríður Þórðardóttir bauð honum reyndist dýrara en svo að hann gæti tekið það. Svo hann er kominn í húsnæðisleit, auk vinnuleitarinnar. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 3.3.1991.

Var að senda dót til hennar sem hún hafði ekki getað tekið með sér.

-- Þú lætur okkur vita hvað við eigum að taka með okkur þegar við komum. Mikið er ég farin að hlakka til.

Ég er búin að leggja skrifborðið þitt undir mig fyrir Zontapappíra. Það er gott að sitja þar og hugsa bæði um Zonta og þig. Það fer að líða að því að ég skili af mér sem gjaldkeri klúbbsins og verð ég að sumu leyti fegin. Það hefur líka verið skemmtilegt starf og lærdómsríkt. Ég finn að það er skemmtilegra þegar maður á annað borð er í félagasamtökum að vera aktívur --

Þá er sagt frá útskriftarboði Hilmars Thors í mannkynssögu og stjórnmálafræði.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 4.3.1991.

-- Þakka þér fyrir síðast. Mikið var gaman að fá þig og bekkjarféлага þína í heimsókn. Við vorum sérstaklega ánægð að fá að bjóða þeim heim og sjá framan í hópinn og kennarana. Það er allt öðruvísi að hugsa til þín og skólans núna -- Ég vona bara að þú og allir hinir séuð eins ánægð og við.

Heldur er tómlegt í húsinu eftir að þið Auður eruð bæði horfin í bili. Við kvörtum samt ekki því alltaf er nóg að sýsla. Við buðum Palla og Láru í prímusmat eftir að þú fórst. Þá var hinn eiginlegi brúðkaupsdagur okkar. Það var hið skemmtilegasta og notalegasta kvöld. Til þess að koma í veg fyrir stress og tilbreytingu hins daglega amsturs sóttum við svo námskeið í *burnout* - eða eins og það er kallað á íslensku, kulnun. Við vorum bæði jafnánægð með stigin sem við fengum. Við reyndumst ekki vera í áhættuhópi. En alltaf þarf að hrista upp í sér og stunda svolitla sjálfskoðun.

-- Erum farin að hlakka til að hitta Auði aftur í París. Við förum þann 13.3. til Khafnar, erum bæði á fundum, höldum svo til Parísar í frí -- Heldurðu að það sé lúxus. --

Ég sting sunnudagsmorgunblaðinu með. Gaman að lesa greiningu um *Lýðhylli leiðtoganna* eftir Stefán Ólafsson og sjá hvernig hann færir kenningar Machiavellis upp á okkar forystulið í stjórnmálum. Hef þetta ekki lengra nú. Er að flýta mér með bréf til heilbrigðiráðherra. Það er allt að sigla í strand í samningamálum. Frést hefur að ráðherra ætli að skella gjaldskrá á tannlækna og skylda þá til að fara eftir henni. Við sjáum til hvað gerist. Tannlæknar eru ekki svartsýnir og segjast þá útbúa eigin gjaldskrá sem þeir geti látið fólk greiða. Svo fær það bara minna endurgreitt hjá Tryggingastofnun. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 11.3.1991.

-- Þakka hjartanlega fyrir bréfið og líka fyrir bréfið sem þú sendir ömmu þinni. Það var leiðinlegt að heyra að þú hefðir veikt þegar heim kom. Vonandi er allt í góðu lagi núna og starfið komið í gang. Ég hef það á tilfinningunni að þú unir því illa að fella niður dag frá verki þar sem allt framundan sé svo *spennilegt* að þú tímur því ekki. -- það var sannarlega nærandi að hitta þig. Þú hefur gott og velviljað sinni og veitir öðrum af brunni sálar þinnar af gleði.

Af okkur er allt gott að fréttu. Veður er dásamlegt upp á hvern dag, stillt og bjart -- þar til í dag að frostið er fjórar gráður. Við höfum nú ekki reynt að njóta þess, nema hvað við fórum með mömmu og Dídí í bíltúr Bláfjallaveginum niður á Krísvíkurveg og til Hafnarfjarðar. Það þótti þeim skemmtilegt. Þeim líður ágætlega. Sérstaklega ömmu þinni sem er athafnasöm hvern dag. Hildu fer mjög aftur, er veik og virðist hafa misst samband við umheiminn. Má búast við hverju sem er.

Við töluðum við Auði í gær. Hún var eins og oft áður í besta skapi í góðu vorveðri. Við erum að sjálfsgöngu að undirbúa heimsókn okkar til Parísar, eftirvæntingafull -- Við fórum á miðvikudag til Hafnar. Verðum þar fram á þriðjudag er við hoppum til Parísar. Svo vill til að Sidda og Halldór verða í París þegar við komum þangað. Þau bjóða mannskapnum í kvöldverð daginn áður en þau fljúga til New York. Og hvar eigum við að borða. Jú hann býður í Eiffeltúrninn. Að vísu sagði Auður að borð væru pöntuð í ár fyrirfram.¹ En það gerir ekkert til. Ég held að það hljóti að vera til matur fyrir okkur þar í borg.

Auður er farin að skrifa bréfin sín á tölvu og fer á kostum. Nú getur hún skrifað nær þeim hraða sem hún hugsar og kann svo sannarlega að láta gamminn geisa. Það er skemmtilegt að kunna að segja vel af litlum atvikum. Þau sem setja mark á tilveruna. Sagnfræðingar sjá um hitt.

Mamma þín verður á stöðugum tannlæknafélagsfundum í Höfn. Ég verð á rafmagnsmannafundi á mánudag. Ég hlakka til að nota tímann til að rannsaka tvö mál sem ég hef aldrei haft tíma til. Nú er tækifærið. Svo ætla ég að fara á Oddfellowfund ef tími gefst.

Fréttir dagsins eru sigur Davíðs á Þorsteini sem form. Sjálfstæðisflokksins. Það sýnist að gömlu pólitíkusarnir eru heldur en ekki í vafa um öryggi framtíðarinnar. Davíð sýndi með því að rjúka fram án mikils undirbúnings, án stórs stuðningsmannaliðs og gegn formanni að hann þorir að ganga sjálfstæður fram. Og þingmennirnir hafa leikið lausum hala á liðnum árum. Þeir sjá sína sæng uppreidda. Davíð er held ég of mikill einræðisherra til að leggja breiðar línur eða að fylkja samstæðu liði. En hver veit nema hann breyti um stíl. Ég er að mörgu leyti í vafa um Davíð. En það er gott ef lognmollan fer að flýta sér meira en áður. Það kallar á nýjan stíl hjá öðrum. --

Ásgeir var að ganga út úr húsi til kennslunnar. Hann hefur enn ekki fengið framtíðarvinnu --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 1.4.1991.

Núna er alveg örugglega farið að vora hér í Osló, það sér maður á rykinu sem berst inn um gluggann hér í Pílviðarstræti. Margt fleira er svo sem ekki í fréttum, vorið komið og maður farinn að búa sig undir skil á verkefninu og svo sumarið. Það verður spennandi að vita hvort ég fæ vinnu heima. En áður en að því kemur verð ég að einbeita mér að koma sundlauginni saman og teikna fallega. Núna eftir eina viku byrjar það sem heitir *intimgjengdælse*, en það er þegar kennararnir fara saman yfir verkefni, eitt og eitt í senn, ásamt nemandanum. Ég held að ég sé þokkalega undir það búinn.

Það var gaman að koma til Bergen. Veðrið hafði sitt að segja því það var sól og heiðskírt allan tímann. Jón fór með mig í frábæra mótorhjólafærð um suðursveitir Bergenssýslu og þá var nú heldur betur notað tækifærið að skoða arkitektúr. Við áðum við Lýsklaustur og fengum okkur samlokur með hnetusmjöri við veggjarbrot kirkjunnar. Fallegur staður.

Í Bergen hittum við Geysismenn²; þeir voru staddir þar í bisnisferð. Þeim var nefnilega boðið að kaupa og reka stað sem er farinn á hausinn -- í Bergen. Þeir vildu endilega fá okkur með til að fá arkitektónískt mat á húsakynnum. Ég geri ekki ráð fyrir að þeir kaupi staðinn. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 2.4.1991.

-- Stutt bréf til að láta þig vita að við erum komin úr dásamlegu ferðalagi til Frakklands; allt í lagi þegar heim kom. M.a. var bréf frá LÍN, fylltum við út eyðublað og sendum snarlega. Auður tók aldeilis vel á móti okkur og skilaði okkur með sama hlýja viðmótinu út á flugvöll. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 5.4.1991.

-- Þá er það fyrsta bréfið eftir heimkomuna -- ég þakka mikið vel fyrir síðast. Það er svo gaman núna að hugsa til þín, þegar hægt er að ferðast með myndavélaraugum til ykkar. Þetta var alveg hið fullkomna frí, bæði skemmtilegt og algjört frí frá því að hugsa um vinnuna. -- að ganga um götur Parísar með þér -- fá að vera með ykkur, vera á heimilinu --

Við höfum verið fljót að aðlaga okkur aðstæðum eftir heimkomuna, allt var í góðu gengi, bæði á skrifstofunni og heima - fyrir utan smá krúsíðullur sem amma þín hefur verið með. Ásgeir leysti það mál í samráði við þig á farsælan hátt og er nú allt fallið í ljúfa löð. --

Ég var í saumaklúbbi hjá Maríu Bergmann³ í gær hér uppi á Fjölnisvegi. Það er alveg ævintýralegt hvernig málin hafa skipast hjá þeim Einari.⁴ Eins og þú manst fór Einar með bróður sínum til Tailands fyrir svona þrem árum. Þar var hann á einhverri klínikk um tíma, vegna Parkinsonsveikinnar, og kynntist ágætri konu frá Filippseyjum. Þau biðja hana að koma til Íslands og vinna í húsinu og sjá að einhverju leyti um Einar. Hún gerði það og gekk allt vel um tíma. Þetta er bráðmyndarleg stúlka og vel menntuð. Maríu fannst hún vera orðin of fyrirferðarmikil á heimilinu, mikið af fólki sem kom til hennar og lítið orðið prívát. Fór hún fram á að hún flytti í litla íbúð sem þau eiga á Baldursgötunni og kæmi svo til þeirra á morgnana. Einar vildi ekki samþykkja þetta og eftir allt það sem hún er búin að gera fyrir hann öll þessu veikindaár þá kaupir hann íbúð í nýja háhýsinu við Skúlagötu og

¹ Þetta var misskilningur. Turninn var Silfurtúrninn - Le Tour d'Argent, frægur og mjög dýr veitingastaður ofar við Signu.

² Geysismenn höfðu verið vinnuveitendur Dags á veitingahúsinu Geysi.

³ María Bergmann (1935), rithandaserfræðingur og áður flugfreyja.

⁴ Einar Árnason (1935-96), flugstjóri og útgerðarmaður „flugríki“, einn stofnenda og helstu eigenda Loftleiða.

Barónsstíg og flytja þau þangað saman. Nú var María að segja okkur að hún væri að fá bréf frá skyldfólki stúlkunnar á Filippseyjum þar sem þau segja hana hafa hlaupið frá miklum skuldum og farið til Íslands á fölskum skilríkjum og breytt um nafn. María segist vera búin að segja Einari frá þessu, en hann vildi ekki trúá því. Hún er búin að biðja um rannsókn á þessu. Maður veit ekki ævina fyrr en öll er.

Ég sit hér í vinnunni í hádeginu. Pabbi þinn var með fund í hádeginu svo ég fór ekki heim og tók með mér samloku með *emmenthaler* osti og franskri spægipylsu - namm - namm. Ég er að senda út til tannlækna nýjan samning við Tryggingastofnun og fundarboð, svo það eru miklir staflar hér við hliðina á mér sem ég verð að burðast aftur út með og á pósthúsið. --

Ingólfur (Pálsson) hefur lést um 10 kg. -- Palli á 60 ára afmæli 22.4. og ætlar að hafa móttöku í félagsheimilinu. --

Allt gott að fréttu frá Degi. Hann var að fara í skoðun með vorverkefnið sitt hjá prófessorunum og var bjartsýnni. Er að vonast eftir að fá vinnu heima í sumar --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 8.4.1991.

-- Þakka þér fyrir bréfið með frásögn af páskaferð til Bergen. Þá var gaman að heyra frá mótorhjólafélagi ykkar Jóns. --

Það var dásamlegt að vera í París. -- Magga Ragnars kom í heimsókn og er enn hjá þeim, Hún er á leið til Barcelona þar sem bróðir hennar býr. Við vorum dugleg að skoða okkur um. Fórum á hverjum degi í skoðunarferð um borgina. Einn daginn fórum við til Chartres, sem lýst er vel í ferðabæklingum vegna þeirrar frægu kirkju frá 12. öld með þeim fallegustu steindu gluggum sem ég hef á ævi minni séð. --

Segir frá því að íbúð Auðar verði laus um tíma. Er mikill áhugi á henni hjá frændum og vinum.

-- Eins og þú sérð á ljósritinu þá dó Þórhildur frænka þín 12. mars. Pabbi þinn skrifaði grein um hana í miklum flýti og tímahraki, daginn áður en við fórum til útlanda. Ég er fegin að hann skrifaði, þó að greinin hefði getað orðið betri, eins og hann segir, ef hann hefði haft meiri tíma. Ásgeir var eini maðurinn á landinu úr okkar fjölskyldu. Hann leiddi gömlu konurnar, sína til hvorrar handar, í jarðarförinni og stóð sig vel í öllu saman.

Við buðum Palla og Láru í franska osta og pylsur á laugardag. Amma þín er orðin þreytt á að bjarga sér ein í íbúðinni. Henni finnst mikið tómarúm eftir að Hilda dó. Þó við viljum hjálpa henni meira, þá finnst henni hún ekki vera manneskja til að vera í svona stórrí íbúð. Henni hefur farið aftur og verður bara ergileg út í allt þegar henni gengur illa að finna hluti og komast leiðar sinnar í bænum. Palli er búinn að sækja um fyrir hana í Hveragerði. -- En hún vill ákveðið komast á elliheimili, þá helst Droplaugarstaði þangað sem Hilda var komin þegar hún dó.--

Segir frá samskiptum við Lánasjóðinn og fundum mínum með kollegum á Norðurlöndum sem við erum búin að bjóða í kvöldmat.

Þá segir frá gestum sem Ásgeir er með frá Þýskalandi, Karl og Anneli Viktorin.

-- Hann hefur mikið að gera við kennsluna. Það er ekki fyrr en maður kynnist kennarastarfinu svona að maður áttar sig á því hve mikil heimavinna er því samfara. --

Býst við að fara til Osló með Svend Richter og Björgu. Verður gaman að hitta þig. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 10.4.1991.

-- Takk fyrir síðasta bréf - það var að koma inn um rifunda. Nei, bara plat, það hljómaði bara svo flott. Sannleikurinn er sá að ég var að koma inn úr dyrunum og þegar ég opnaði pósthólfíð mitt sá ég það liggjandi þar í kæruleysi. Þegar ég opnaði það blasti við mér skemmtileg lesning sem ég sá mig tilknúinn að svara.

Núna verð ég að hætta þessum formála, annars verður þetta eins og í lélegri ræðu, og það minnir mig bara á að það versta sem ég veit eru lélegar ræður. Nei það er nú kannski of djúpt í árina tekið, en þær eru a.m.k. grautfúlar.

Yfir í meginmál bréfsins -- en það var minningargreinin. Vel skrifuð að mínu mati, en ég get svo sem ímyndað mér að amma hafi haft eitthvað út á hana setja, en það gerir hinsvegar greinina ekkert verri. Persónuleg og í líflegum stíl sem mér finnst hæfa minningargreinum. Ég get trúað því að það sé erfitt fyrir ömmu að missa systur sína, það hlýtur að taka miklu meira á manneskju á þessum aldri en yngri.

Smávegis af mér. Ég var í því sem heitir *intimgjennemgæelse* í gær og gekk bara vel. Það verður samt mikil vinna framundan. Lokatörnin er sem sagt að hefjast og stendur til 6. maí, þá eigum við að skila. Það er því ekki við miklum skrifum að búast frá mér fram að því.

Já og svo fer ég að geta talað við Borgarskipulag og Margréti Harðardóttur¹ í sambandi við sumarvinnuna.

Það nýjasta í fréttum er að Margrét varð fyrir valinu sem nýr *diplomensor* næstu þrjú árin. Hún, ásamt tveimur öðrum, koma þá sem sagt til með að fara yfir lokaverkefnið mitt þegar þar að kemur.

Og áður en ég læt þessu bréfi lokið leyfi ég mér að segja ykkur frá því á núna í nýjasta tölublaðinu af *Byggekunst* (aðaltímartið um arkitektúr hér) birtist gagnrýni á Árbókinni, en hún fær mjög góða dóma. Búið --

¹ Margrét Harðardóttir arkitekt, þekkt, ásamt manni sínum Steve Christer, fyrir teikningu af Ráðhúsinu. Ekki kom það vel út. Henni virðist hafa fallið illa Oslóarskólinn, en hún var menntuð í Bretlandi. Kom það illa niður á sumum nemendanna næsta ár þegar hún felldi einhverja á prófi. Virtist það ódrengilegt gagnvart þeim sem veikastir eru fyrir.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 15.4.1991.

Þakkar fyrir móttökurnar í París og gaman að dveljast á heimilinu.

Höfst baráttan hér fljótlega. Auk þess sem vinnan tekur sinn toll þá hefur hugurinn einkum snúist um gamla fólkið. Steinunn systir ömmu hennar veiktist, var lögð á spítala, reyndist með næringarskort, en hvergi hægt að koma henni fyrir.

Friede, amma hennar, hefur hresst eftir að við komum og er hætt að hugsa um að fara á elliheimili.

Sirrí er á leið til Osló á tannlæknafund. Tekur Dagur á móti hópnum þar. Var gott hljóð í Degi og hafði fengið góða krítík hjá kennurum sínum fyrir sundhallarprójekt sitt.

Liisa, hin finnska vinkonu Sirríar, hvetur okkur ákaflega til að koma til Kemi og hefur fundið leiguflugvél þangað.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 22.4.1991.

-- er upprunninn afmælisdagur Palla, stendur mikið til. Tannlæknasalurinn að sjálfsögðu og 250 manns boðið -- Skrýtið þegar litli bróðir verður sextugur. --

Ósköp er nú þægileg tilfinning að vita af mömmu þinni hér uppi á lofti, en ekki á flækingi úti í löndum. Samt finnst mér það líka þægileg og skemmtileg tilfinning að vita af henni þar sem hún er að sinna starfi sínu, sjálfstæð og óháð, ég hvergi nærri, hlakandi eftir að fá hana heim aftur. Sjálfum líður mér ágætlega heima. Það er svo þægilegt hér og falletg -- en gaman var að fá hana og sjá koma út úr tollinum. --

Svo hitti hún að sjálfsögðu Dag sem borðaði með henni í lokamáltíðinni. Það var stolt móðir, Sigríður Dagbjartsdóttir sem kynnti Dag fyrir félögum. --

Vona að ykkur líði vel -- þarna við hringveginn. Nú fer að stytast í að við hittumst enn, ef guð lofar, allt eftir því sem þú vilt.

Því örlögin geta gripið óvænt inn í eins og fór með son Önnu Einarsdóttur, sem Auður vann hjá í Máli og menningu. Hann lenti í dauðaslysi á mótorhjól.

-- skemmtilegt laugardaginn þegar kosningarnar fóru fram. Í vikulokinn heitir þáttur Ágúst Þórs Árnasonar á rás 1 -- þar voru að sjálfsögðu umræður um kosningarnar og flutti Ásgeir bróðir þinn pistil um áhrif fjölmiðla á kosningar. Hann hafði verið beðinn um þetta daginn áður og var flutningur og efnið óaðfínanlegt. Hann hefur mjög góða rödd, afslappaður og þægilegur. Eftir hádegið fór hann svo og tók upp skemmtun í Borgarleikhúsi, efni sem á að flytja á miðvikudag. Ég voni að þetta opni honum leið inn í stofnunina.

Gott að kosningarnar eru liðnar. -- Hvað úrslitin þýða veit enginn -- kvennalisti undir forystu Ingibjargar Sólrúnar. -- Eins og leir í höndum rútfíraðra stjórnálamanna? -- Ég man eftir Davíð í minnihlutunum í Reykjavík, m.a. þegar borgarfulltrúar komu í Hlíðaskóla. Hann var í fýlu og *utilpads* í andstöðunni. --

Var að vinna í málum Steinunnar ömmusystur Auður sem liggur nú með bundið fyrir bæði augu eftir aðgerð og ekkert pláss á stofnunum utan kunningjakerfis sem gerir sitt til að fylla stofnanirnar.

Liisa vinkona Sirrí er að skipuleggja ferð okkar Eggerts til Kemi.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 23.4.1991.

Gaman var að heyra lýsingu Sirríar á stuttum samfundi þeirra mæðgina. Hlakka til að hitta hann, hvenær sem það verður.

-- Þarfir mína skipta ekki máli, það eru þínar þarfir sem hafa forgang - að sinni. -- Í gær var afmælisdagur Palla og efndi hann til mikillar veislu í Tannlæknasalnum -- Voru haldnar ágætær ræður fyrir honum, hlýlegar og skemmtilegar. -- Það var sérstaklega gaman að hlusta á ræðu sem samstarfsskona hans hélt og fór eftir einhverri handbók og lýsti honum samkvæmt henni.

Tómas Helgason¹ hélt hræðilega ræðu, á einhverjum undarlegum nótum, líklega til að vera frumlegur. Ég vildi sannarlega ekki verða fyrir honum í lífinu. Þó hefur hann sjálfsagt meint vel, en ekki tekist betur, fjarri því að vera stemningsmaður og alls ekki frændrækin.

Það var sannarlega gaman að fá tækifæri til að hitta skemmtilegt fólk, frændur og skávini. -- Æskufélagar Palla efndu til hljómlistardagskrár og spilaði Þór Halldórsson² undir á harmóníku. Var söngdagskrá og teiknaði Andrés Reynir myndina af Palla framan á, hefur aldrei teiknað neitt fyrr. Svo kom fólk úr salnum og fór að syngja. Lauk skemmtuninni á 10. tímanum og hafði staðið frá kl. 6. Ingólfur sagði frá því að þú hefðir sent á faksi óskaplega skemmtilega teikningu og heillaóskir.

-- aðalfundur er hjá mér eftir hálfan mánuð -- svo aðalfundur Landsvirkjunar fyrir austan fjall og stendur allan daginn.

Þá fer mamma þín til Akureyrar á Zontapíng og þá verð ég dálítið einmana aftur, sem er ákaflega hollt fyrir mig og skemmtilegt að hrista úr klaufunum sem grasekkjumaður. -- Um margt er að velja -- barina og --

Amma þín hefur það bærilegt hélt hina ágætustu ræðu í afmælinu, endaði skemmtilega, og vakti hlátur: *Þakka þér alla símalýfseðlana.* --

¹ Tómas Helgason, yfirlæknir á Kleppi, frændi.

² Þór Halldórsson (1929) öldrunarlæknir. Hann var ákaflega skemmtilegur maður. Það var hann sem fékk Þórdísi, móðursystur mína til að vera ritari á Sólvangi en þá var hann yfirlæknir þar.

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 29.4.1991.

-- mamma takk fyrir síðast.¹ Heimkoman nálgast og viti menn, ég fékk vinnu hjá Margréti Harðardóttur í sumar og verð því heima þetta sumarið fram í ágúst. Það verður gaman. Þangað til verð ég að teikna og koma verkefninu mínu í höfn. Skiladagur 10. maí. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 29.4.1991.

Segir frá Zontaferð Sirríar. Einnig stjórnmálafréttir af Jóni baldna og Dabba digra auk alls þess sem Ólafur Ragnar lét eftir sig.

-- Var að vinna skýrslu á sænsku, ásamt finnsku konunni (*Tua Kurtén*) sem var hér um daginn um sambandsleysið og málaerfiðleikana í norrænni samvinnu. Það er nokkuð skemmtilegt efni sem ég held að við höfum leyst bærillega.²

-- Á miðvikudag var ég í Borgarfirði og var að reyna að búa til læsilegt efni um Rafveitu Hvanneyrar, sérkennilegt fyrirtæki sem dagað hefur uppi í rafveitukerfinu -- tekur tíma að grafa upp staðreyndir -- ekkert gott efni sem auðvelt er í vinnslu. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 8.5.1991.

-- gaman að heyra að þú skyldir fá vinnu hér í sumar. Þá verðum við öll saman söfnuð í smátíma aftur. Svo tókum við á móti Auði á sunnudaginn. Það var nú aldeilis *fryd og gammen*. Þú sérð að ég er orðin ansi fær í norskunni.

Aðalfundur SÍR var í gær og fyrradag á Hótel Loftleiðum. Það eru alltaf heilmiklar skemmtanir í kringum hann og fólki boðið að sitja hann frá hinum Norðurlöndunum. Nú komu tveir Norðmenn og einn Sví. Annar Norðmaðurinn var frá Alta og hinn frá Osló. Í gærkvöldi endaði svo allt með hófi á veitingastað Tomma³ *Amma Lú* í Kringlunni. Við höfðum aldrei komið þangað og fannst staðurinn skemmtilegur og í óvenjulegum gömlum enskum stíl, ef hægt er að tala um stíl. Hann á heilmikið af skemmtilegum málverkum t.d. eftir Erró og eru þau öll í rókókóramma í stíl við innréttingarnar. Svo trónir þar í hliðarherbergi málverk af Lovísu Fjeldsted⁴ (ömmu Lú) sem var amma Tomma og amma þín þekkti í gamla daga. Pabbi þinn sagði, þegar hann pantaði staðinn, og var að ganga frá matseðlinum, að hann þekkti mömmu hans⁵ úr Tjarnargötunni. Fannst Tomma merkilegt og gaman að heyra það og sagðist ætla að skrifa henni til Ameríku, en þar hefur hún lengi verið búsett. Svo þegar hann sagðist líka muna ömmu hans Lovísu og Lárus afa hans þá leit hann á hann grunsamlega, fannst hann vera maður aftan úr grárrí forneskju. --

Ræðir sem oftast viðskiptin við LÍN og þykir gott að hann hafi fengið sumarvinnu á arkitektastofu Margrétar Harðardóttur og Steve Christer. Dagný Halldórsdóttir sagði þau hafa svo mikið að gera að þeirra hafurtask væri enn allt í kössum á Fjölnisvegi 2 þar sem þau búa enn.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 13.5.1991.

-- Ég er orðinn snarruglaður í komu og brottför barnanna minna, skrifaði þér ekkert í morgun, hélt að þú kæmir í vikulokin. En það er nú ekki aldeilis. Svo nú hlýt ég að leysa mína föðurlegu skyldu og skrifa þér bréfgögn.

Ég hef einkum eytt kröftunum á liðnum vikum í að skrifa áætlun um verk hér á heimilinu, svo ég sleppi sem léttast frá heimilisverkum og skyldum hússins Verkin lenda með ofurþunga á litlum börnum, þau sem koma í sakleysi sínu til að gleðja aldraða foreldra sína með því að líta til þeirra út á hjara veraldar, utan við mörk siðmenntaðs og byggilegs heims. Alla hluti verður að skipuleggja eins og Auður er loksins komin að raun um. Nú vinnur hún frá morgni og fram á nótt; mun sennilega flýja land með fyrstu vél ef bæta á vinnu á herðar henni umfram sem nú er gert. --

Við mamma þín förum viku af júní til Hafnar á alþjóða orkuráðstefnu. Þá hina sömu sem ég er búinn að undirbúa árum og mánuðum saman, á nú yfir höfði mér 240 erlenda gesti sem krussa landið í hlýjum fötum og gúmmistígvélum.

Já, það var gaman að fá Auði heim, granna, glaða, glettna og föngulega. Heimilisblærinn breyttist allt í einu. Það er verst hvað hún er sjaldan heima, hún tekur allri aukavinnu sem býðst. --

Nú í þessu augnabliki voru tvær Zontakonur að koma hingað. Mamma þín er að skila af sér reikningum, Signý Sen⁶ og einhver Viktoría eru að endurskoða þá. Signý féll í stafi yfir myndum Jóhanns Briem, hún á sjálf þrjár. Við vorum lengi saman í skóla. --

Segi fréttir af elliheimilisvistun Steinunnar móðursystur Sirríar. Ferð austur í Grafning til Benedikts Eiríkssonar, frænda Sirríar, til að semja sannfærandi umsóknarbréf og undirskrifa með virðuleik.

¹ Sirrí mun hafa verið á ráðstefnu tannlækna í Osló.

² Finnska konan er Tua Kurtén sem ég var einmitt að skrifa bréf (24.2.2012) og sem varð nánasta vinkona Dags og fjölskyldu þegar þau voru við nám og störf með tveim börnum í Helsingfors. Hún er Finnlandssví og henni til heiður skrifa ég henni aldrei nema upp á sænsku, Helsingfors, Finland.

³ Tommi í Tommaborgurum (1949).

⁴ Lovísa Fjeldsted (1885-1964) sem átti Lárus Fjeldsted (1879-1964) hæstaréttarlögmann, sem rak málflutningsskrifstofu í Hafnarstræti lengi með Theodór B. Líndal. Þetta var mikið tignarfólk, glæsilegt en samt hlýlegt og bjó í Tjarnargötu 33, húsi Hannesar Hafstein og síðar þar sem er leikskólinn Tjarnarborg. Ég gleymi því ekki þegar hann kom í brúðkaup Páls og Evu Líndal, hár og glæsilegur í kjölfötum, skreyttur heiðursmerkjum, með sinni glæsilegu konu, ömmu L. Brúðkaupið var haldið á æskuherimili Páls, Bergstaðastræti 76.

⁵ Katrín Fjeldsted (1925-2005), búsett í New York. Hún var fjörug og skemmtileg stúlka en varð fyrir slysi og fluttist eftir það vestur um haf. Tómas sonur hennar var alinn upp hjá Lárusi og Lovísu.

⁶ Signý Sen (1929) bekkjarsystir mín, starfaði lengi í Sementsverksmiðjunni, frænka Elísabetar Vestdal, vinkonu Sirríar, seinna lögfræðingur embættis Lögreglustjórans í Reykjavík.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 21.5.1991.

Segir að nú fari heimkoma hans að nálgast, hvítasunnan um garð gengin.

-- aldrei var venjan að óska gleðilegrar hátíðar þann dag. En það gerir ekkert til þótt maður geri sér tilefni til að kasta heillaóskum á fólk, t.d. um hverja gleðilega helgi. Útvatnist kveðjan, kemur eitthvað annað í staðinn. Annars er það óvani að vera alltaf með sykursæta húð á tilverunni. *Hvernig hefur þú það? Alveg glimrandi!* Þá segir Páll Líndal að eitthvað hljóti að vera að ef menn svara svo. Kallar hann slík svör *Íslendingaveiki*. Hins vegar vill enginn hvorki opinbera sig eða erfiðleikana. Því síður vill nokkur heyra menn útlista það sem á móti blæs. Enginn er bóndi nema hann berji sér, það er úrelt hugtak. Bændur nú eru iðnjöfrar eða grósserar, líklegir til að vera komnir á hausinn ef þeir láta vel af sé. Breyttir tímar frá því að ég var í heilbrigðiseftirlitinu. Þá kvörtuðu allir kaupmenn yfir erfiðleikumunum. Svo sáu þeir að enginn trúði þeim og breyttu um.

Er órólegur vegna 250 manna heimsóknar útlendinga sem koma í kjölfar UNPEDE ráðstefnunnar í Khöfn. Þeir koma 14.6. Við Sírri verðum viku í Khöfn á ráðstefnunni.

-- Eins og þú sérð er ég hér að tala við mömmu þína sem les bréfið áður en ég prenta það út. Þetta er sem sé *bergstaðastræsk kommúnikasjón*. --

Segi frá fréttum af veislum ömmu hans fyrir Palla og fjölskyldu. Einnig fyrir Immu og fjölskyldu. Kristján er skárri til heilsunnar og Imma búin að fá vinnu á lögfræðiskrifstofu Ásgeirs Magnússonar, fyrrum nágranna okkar Torfasonar.

-- Reyndar var Auður að vinna -- og Ásgeir svaf.

Hann hafði farið í TFÍ til að senda fax seint um kvöldið. Þá varð hann fyrir því óhappi að loka inni lyklana á skrifstofunni og lokaðist úti á gangi, komst ekki heldur út. Þar sem ísbúðin (niðri) var lokað á hvítasunnudag náði hann ekki sambandi við neinn þar til búðin opnaði þegar líða tók að hádegi í gær. Tólf tíma þrisund var lokið. Ljóta óhappið það.¹ --

Bo Almqvist skrifar Eggert Ásgeirss. Dublin, 6.7.1991.

Ræðir þýðingu sína á Eiríks sögu, Grænlandingasögu og Grænlandingabátt og rifjar upp ferð þeirra hjóna í Breiðafjarðareyjjar, sérstaklega Öxney og Brokey. Þakkar fyrir efni sem ég sendi honum um Konrad Maurer.

Dagur Eggertsson skrifar fjölskyldunni. Urbino. 8.8.1991.

--Núna er fyrsta hluta ILAUD lokið og kynningunni á því sem við tókum með okkur frá Osló og því sem við unnum hér að fyrstu vikuna. Hópnum var skipt upp og núna er ég með kennara frá Berkeley í Kaliforníu og krökkum frá Barcelona, Lundi og Brüssel. Ágæt grúppa.

Allt hefur gengið vel. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Urbino, 12.8.1991.

-- Þetta getur varla talist til gjaldgengra hamingjuóska þar eð báðir afmælisdagarnir eru liðnir, en ég nota samt tækifærið og óska ykkur innilega til hamingju með afmælin.

Allt gengur vel - vonandi allt líka vel hjá ykkur. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Urbino. 28.8.1991.

-- Tíminn styttist og bráðum verður síðasta verkefninu skilað. Mjög skemmtilegur hópur sem ég er í og vinnan hefur gengið eins og í sögu.

Ég teikna svo hratt að blýflísarnar þyrlast í allar áttir -

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Siena. 12.8.1991.

-- Þá er ILAUD-námskeiðið búið og allt vinnuálagið. Burt frá Urbino og nú er ég í Siena. Fallegur staður. Fer á morgun til Flórens og verð þar í tvo daga og svo til Genúa og loks Nice. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Flórens. 3.9.1991.

-- Þið eru sjálfsagt farin að vera forvitin um mína hagi eftir langan tíma og litlar fréttir.

Síðan námskeiðinu lauk fyrir þrem dögum hef ég verið á menningarflakki um vestursveitir Ítalíu, nánar tiltekið, Toscana. Það byrjaði með Siena en þangað fékk ég far með ítölskum kennara á ILAUD og Walter sem var kennari minn á námskeiðin. Ítali þessi, Marco að nafni, býr í Siena og rekur stóra arkitektastofu þar, með aragrúa af stórum verkefnum. Eitt þeirra er gömul vínplanketra sem við skoðuðum. Húsin þar eru 200 ára gömul og yfirgefin vegna þess að bændurnir vilja bara búa í þorpunum í

¹ Það var ónotalegt að rekast á þetta bréf og afrita það hér. Reyndar var ég búinn að gleyma þessu en Sírri hreint ekki. Hún fær ónotatilfinningu þegar hún rifjar málið upp. Þegar hún fór að sakna Ásgeirs er hann kom ekki heim það hún mig um að athuga málið. Hún segir að ég hafi vísað því frá, Ásgeir væri fullorðinn maður og bjargaði sér. Mér hefur sem sé tekist að sannfæra Sírri og við farið að háttu og sofið til morguns, treyst því að hann væri kominn heim. Þá voru aðrir tímar, engir farsímar, þjóðfélagið friðsamlegt, lítið um ófrið og árásir. En þegar ég fer yfir þetta nú er mér ljóst að hér gat verið um hættu að ræða, veikindi eða áfall.

kring og húsbændurnir einhvers annars staðar. Nóg um það. Maður á það til að gleyma sér í arkitektúrnum. Aðalhúsinu var nýbúið að breyta í hótél og veitingahús, og þar bauð hann okkur að borða. Dýr og góð máltíð í alla staði, framreidd af einhverjum voðalega frægum kokki. Daginn eftir nóttina á gólfinu hjá Marco skoðaði ég bæinn, dómkirkjuna og ráðhúsið, upp í turninn og barði í skörðótta klukkuna. Gott útsýni sem var vel 400 þrepa virði. Um 7 leytíð fór ég svo hingað til Flórens og datt niður á þetta ágæta hótélherbergi sem ég sit núna í og skrifa. Deginum í dag eyddi ég svo á Uffizisafninu og rölti á milli þessara frábæru kirkna hérna. Dómkirkjan stóð fullgerð árið 1450, en við hana er upphaf Endurreisnarinnar miðað; falleg að utan en leiðinleg að innan. Sú besta er að mínu mati S. Croce, þar sem Michelangelo, Dante og Rossini eru m.a. jarðaðir. Einföld, háreist kirkja í gotneskum stíl með grófgerðu timburþaki. Guðjón Samúelsson hefði átt að skoða hana áður en hann byrjaði á Hallgrímiskirkju.

Á morgun held ég ferðinni áfram til Pisa og þaðan til Genúa. Þar verður tekið á móti mér af samstúdentum mínum frá Úrbínó og eru þeir búnir að lofa mér góðri dægurvöl í þeirra héraði. Ætli ég verði þar ekki í 2-3 daga. Samkvæmt planinu verð ég svo í Nice vikuna þar á eftir hjá Kjartani.

Meira veit ég ekki þessa stundina, nema líklega verð ég nokkra daga í París áður en ég flýg til Oslóar þann 18.

Ítalskan mín tekur miklum framförum og er um þessar mundir að fara fram úr latínunni minni. Um það leyti sem ég fer yfir frönsku landamærin verður hún líklega langt komin með að ná frönskunni minni. Svona er lífið, eintómur eltingaleikur --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Genúa. 7.9.1991.

-- í Genúa, hafnarborginni með allri umferðinni. Heimsótti Eduardo féлага minn og eyddi gærdeginum í sumarhúsi fjölskyldunnar við ströndina. Sól og sæla.

Loks smá sumarfrí áður en átökin við lokaáfangann hefjast --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Antibes. 14.9.1991.

-- Þá er Nice á enda í þetta skiptið. Fer í kvöld með lestinni til Parísar. Hef eytt eftirmiðdeginum í Antibes innanum frábær listaverk. Fallegur staður. Hlakka til að koma til Parísar og enda ferðina í ró og næði. Ef ég fer ekki að hætta þessum ferðalögum verður ekkert eftir af haustönninni og það væri nú verr og miður. Nú kemur kaffibollinn sem ég pantaði. Lifið heil. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 23.9.1991.

Þakkar bréf og kort sem hafa verið að tínast inn seint og hægt í lélegum póstsamgöngum. Gaman var að heyra af samtali þíkkar mömmu þinnar. Leggur til að hann skrifi ömmu sinni sem dáiur Genúaborg umfram aðra staði frá því að Ásgeir afi Dags og hún komu þangað, skömmu áður en hann dó.

-- Auðvitað speglast í lýsingum hennar hamingjusamt hjónaband. --

Auður -- fór í gær og var húsið heldur en ekki tómlegt eftir. Það er gaman að hugsa til sumarsins og vorsins og allra skemmtilegu stundanna sem Auður átti, þrátt fyrir sorgarviðburð, sem heyrir skjótt sögunni til. Hún hefur alveg einstaklegan hæfileika til að hafa áhrif á umhverfið, hvar sem hún er, gleðin stafar af henni. Hefur hæfni til að kynnast fólki, komast í gott samband við það svo virðing vex á báða bóga. Það kom í ljós þegar hún fór að einn gröfumaðurinn við Elliðaár gaf henni (og okkur) stærðar lax. Það var sá hinn sami og hafði misst dóttur sína og ég sagði þér frá. Annar starfsmaðurinn gaf henni hvaltönn, sem hann hafði slípað af einstakri natni. Sá þriðji fór að segja frá því að hann hefði þekkt mig frá því að ég var lítill (hugsaðu þér að við höfum þekkt frá því að ég bjó hér þótt ég flytiti í Tjarnargötu sex ára gamall) og Kristinn verkstjóri kom hingað í heimsókn til að kveðja hana.

En lífið er dásamlegt ef afstaða milli fólks er góð og menn flækja lífinu ekki og temja sér að njóta þess, kyrrðar, minninga og hlakka til framtíðarinnar. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 23.9.1991.

-- Það gladdi mig að hábölvað fjárhagsástandið var ekki eins hroðalegt eins og þú hafði haldið. -- Borga hallann á reikningnum þínum. Það er eilítið auðveldara nú en fyrr því Ásgeir er farinn að greiða til heimilisins og borga niður skuld sem hann var kominn í við okkur. Vertu ekki áhyggjufullur og láttu vita áður en þú ferð að herða sultarólina. Þú mátt allavega ekki vera blautur, sérílagi ekki í fæturna, en Bo (*Almqvist*) sagði að mikið hefði rignt þar. --

Segir fréttir af ástandi efnahags landsins og fiskveiða, samdrætti o.fl. Áþekkt því sem virðist vera í Noregi. Segir frá svartsýnisbréfi Auðar og mórölsku svari sínu.

-- sem mér lætur vel að predika en fer ekki sjálfur eftir því fremur en prestarnir. Til allrar hamingju bjargaðist málið og var komið í lag af sjálfu sér í næsta bréfi. Allavega er hún komin að svipaðri niðurstöðu og ég mælti með - og var þó ekki búin að fá bréfið mitt. Vona ég að mín ræða eyðileggi ekki hennar eigin niðurstöðu - eins og gjarnan á sér stað er foreldrar fara að láta í sér heyra og ráða börnum sínum heilt. Hvílíkir tímar sem við lifum á - *O tempora, o mores.*

Amma þín hefur það hreint ágætt eftir að hún kom heim. Ég spurði hana á föstudag hvers vegna hún hefði ekki komið fram frá hádegi til að taka DV og póstin. Hún hafði þá setið frá kl. 12.30 til að verða 6 og mátti ekki vera að því að standa upp því útvarpið var svo spennandi -- Hún er sérlega ánægð með baðherbergið og lítur því vel út með allt nema eitt. Palli og Lára reyna mikið til að fá hana til að kaupa sér rúm. Hún þverskallaðist í fyrstu. Nú er hún búin að kaupa það eftir að hafa afpantað það. Til allrar hamingju er þetta ekki okkar mál.

Dídí hittum við ekki mjög oft, höfum haft lítinn tíma, aðeins fengið hana með á sýningar en lítið heimsótt hana. Hún er alveg óð út í tvennt: Perluna, lýsinguna á henni og hvaðeina í sambandi við hana, arkitektinn og annað. Ástæðan er lýsingin á húsinu sem er

stöðugt verið að gera tilraunir með, ef þá mismunandi lýsing er ekki hluti stjórnkerfisins. Hitt er Borgarleikhúsið, liturinn þar og bekkirnir sem hristast ef einhver á sama bekk hreyfir sig, t.d. hlær hraustlega. --

Segir frá áætlunum sínum um ferð til Osló og Helsingfors og tveim fundum þar.

-- Annar er reglulegur tengiliðafundur, hitt fundur sem ég stjórna og á að undirbúa ráðstefnu á Íslandi, að ári, um geislun frá raforkukerfum, sem nú er vinsælt umræðuefni. Á fundurinn að komast til botns í því máli, en mun ekki gera það. Ég býst við að það verði eins og venjulega að raforkukerfið skilur ekkert í kröfum og taugaveiklun í fólkinu, en þvælist til að gera margvíslegar varúðarráðstafanir, t.d. í sambandi við spennistöðvar, vegna þrýstings almenningsálitsins. --

Er spennur að vita hvaða prófverkefni hann velur sér.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggersd. Rvík. 23.9.1991.

Þakkar bréfið þó fréttirnar af skólanum og óánægju hennar með hann, hafi ekki verið gleðilegar. Lætur ömmur hennar ekki um það vita til að valda þeim ekki hugarangri. Ræðir málið og hvernig bregðast megi við.

-- Fólk er stöðugt að gera mistök, Fjöldi listnema lendir hjá vondum kennurum eða kennara sem þeim líkar ekki við, fara til vitlausra landa; fólk velur rammskakka lífsförunauta, aðstæður breytast svo það stendur uppi án þess að hafa fengið neinu ráðið. Sumir segja vandamál sín út og suður, fá 100 ráð og vita ekki sitt rjúkandi ráð. Aðrir bölvva í hljóði; bíta á jaxlenn.

Vont er gott; gott er vont; það er mitt mottó. H.K.L. sagði eitthvað á þá leið, eins og þú manst, að hið besta sem fyrir gæti komið, næst á eftir því að missa föður sinn, væri að missa móður sína. Í þessu gæti legið hugmynd pílagraímsins, fakírsins, fjallgöngumannsins, einsetumannsins, að því meira sem maður leggur á sig, þeim mun betra. Ekkert væri verra en hóglífi, meðvindur, gott veður, skemmtun. Ég er alveg á sömu skoðun eins og þú veist. Ég fór yfir þessar hugmyndi H.K.L. aftur og aftur, bar saman mitt líf og líf annarra; sá að það var líka ágætt og hefði getað verið slæmt þótt gott virtist; ég bar líf okkar litlu fjölskyldu saman við líf félaga eða fjölskyldna vina pabba sem ég gat fylgst með í fjarska. Hvernig hefði amma þín orðið ef hún hefði verið heimavinnandi húsmóðir? Hvernig hefði ég orðið ef pabbi hefði orðið eitthvað merkilegt? Sjálfsagt eitthvað mjög gott. En ekki endilega.

Hvernig væri ef ég hefði lokið læknisfræðinni á sínum tíma, haldið áfram í RKÍ. Allavega hefði ég ekki setið á þessum morgni við að tala við Auði sem mér þykir svo óendanlega vænt um, ekki heyrt Ásgeir og mömmu þína vera að tala frammi í eldhúsi um að fara með jeppann í skoðun.

Eitthvað annað hefði drifið á dagana. En þetta er nákvæmlega það sem ég get best óskað mér. Ég lifi óskálffi. Það má segja að í æðsta draumi mínum sé það fólgið að sitja mánudagsmorgun 28. okt. árið 1991 eftir Krists burð og segja við dóttur mína að vont sé gott.

Þess vegna vorkenni ég þér ekki. Það sem þú ert að gera er afleiðing af einhverju sem er liðið og er því bara gott. Hvaða leikir eru þá í stöðunni?

1. Halda ótraud áfram, fá eins mikið út úr skólanum og mögulegt er.
2. Breyta hugmyndum um skóla og kennara. Gera leiðinlega manninn, Jón Hnefil að góðum kennara.
3. Breyta skólanum. Leitast við að hafa áhrif á skólann og nemendurna. Kynnast öllum, nemendum, kennurum, vera á undan. Vera bestur með þeim hætti sem maður kann bestan. Ég hlusta ekki á að það sé ekki hægt! Allir kennarar, undantekningarlaust, eru að bíða eftir nemendum, góðum nemendum, nemendum sem þeir geti kynnst.
4. Það er mikilsvert að taka glósur. Ekki vegna glósanna sjálfra, heldur vegna þess að með því tryggir maður að ekkert hafi fallið úr, farið fram hjá. Skiljir þú ekki - er það ekki vegna kennarans. Heldur vegna þess að þú ert ekki enn komin lengra. Hvernig getur þú att kappi við Fransmenn, þú sem talar íslensku meiri hluta sólarhringsins og hugsar íslenskt 24 tíma. Ert farin að hugsa um ferð til Íslands á jólum og í vor.
5. Hvað með bévaða vanmetakenndina. Er búíð að flæma hana burt? Ekki sýnist mér það.
6. Skilur þú Frakka? Skilur þú kennarana og þjóðfélagið? Hvað er lögmál þeirra? Það er þess vegna sem þú ert í Frakklandi. Annars gætir þú verið - segjum að læra hjá Ásgeiri í Ármúla. Látið í minni poka.
7. Næsta verkefni er að standast próf, koma út bestur í slæmum (?) skóla. Vera skapandi - læra nýtt. Eru stundir til að gera eitthvað annað. Viðtal, fréttagrein, taka eitthvað upp úr blöðunum, segja fréttir, búa eitthvað til, fara í líkamsæfingar. Bridgemeistararnir fóru að hlaupa til að geta orðið meistarar og tókst það.
8. Rannsaka samband Íslands og Frakklands. Hafa viðtal við alla merkustu Íslendinga Frakklands: Högnu, Sigurd Jónsson, einhvern mann frá Hítardal sem hefur sest þar að, Albert, Helgu Björnson tiskuteiknara, menntamálaráðherrann, fremstu andans menn eða brautryðjendur t.d. í viðskiptum. Um arkitektúr. Um gluggana í Arabíska safninu. Silfurturninn og endurnar. Rannsaka örlög Kristjáns Jóhanns Briem. Hvernig dó hann. Er eitthvað til um hann. Ef ekki er neitt til, þá að skrifa skáldsögu um það. Hefurðu lesið Ilminn? Ef ekki, þá verður þú að gera það. Eitthvað. Tíminn er nógur. Setja sér t.d. eitt í mánuði. Tíminn er fé. Ekki endilega til að verða frægur, gera það fyrir sig eða mig, fylgja eftir áleitnum spurningum. Ekki kjafta heldur byrgja inni og láta brjótast út sem árangur eins og ég skrifaði að Sören Sörensson hefði gert, maðurinn sem þýddi stóru ensku orðabókina.
9. Lífið er vinna. Námið er undirbúningur undir lífið, lærdómur um hvernig maður ræður við starf. Bókasöfnin, tímaritin, alls konar bækur eru fullar af hagnýtum ráðum. Hafðu viðtal við einhvern sem þú velur þér að fyrirmynd.
10. Leitid og þér munuð finna. Knýið á - og fyrir yður mun upplokið verða. Eru þetta ekki hin ævarandi sannindi og siðalærdómur.

Lestu bók Webers, ekki síst formálann hans Sigga Líndal um dyggðir, tíma og fé. Sendu mér hana aftur sem fyrst; ég get ekki án hennar verið. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 28.9.1991.

-- Það hefur verið tómlengt í húsin eftir að þið fóruð. Ég ákvað að fara sama kvöldið í heimsókn til ömmu þinnar í Hveragerði og bauð Dídí með. Við sátum hjá henni góða stund og höfðum það svo skemmtilegt. Dídí malaði stanslaust báðar leiðirnar, en ekki man ég um hvað. Ég var líka með hugann viðsfjarri að hugsa til þín á leið til Parísar.

Þegar ég kom heim var pabbi þinn og píparinn búnir að vera að atast með múrsög að gera göt fyrir klósettum og sturtubotninn og allt orðið rykugt aftur. --

Það hefur verið dásamlegt haustveður, logn og sólskin. Jójó og Óli hringdu úr bústaðnum og sögðu okkur endilega að koma í kaffi og skoða haustlitina. Dagurinn var alveg einstaklega skemmtilegur. Í heimsókn voru líka Kristín¹ og Einar² á neðri hæðinni hjá þeim með dóttur sína Hildi.³ Við spiluðum krockett. Pabbi þinn vann og ég varð nr. tvö. -- Hilmar hringdi frá London. Hann er kominn þangað og búinn að fá inn í háskólann í Exeter og ætlar að taka mastersgráðu í hagfræði. --

Við fórum austur í Hveragerði til að heimsækja ömmu þína. Þá voru borðfélagarnir að fara.

-- Ég sagði það að ég vonaði að hún yrði heppin með konur. Þá sagði hún: Ég hefði nú ekkert á móti því að hafa einn karlamann. Og svo klukkaði í henni hláturinn. Við tókum hjá henni bréf sem hún hafði verið að skrifa til þín og póstlögðum það. Það er merkilegt hvað hún getur skrifað. Hún er hress og ánægð og hugurinn er mikið hjá þér.

Ásgeir er í *houswarming party* hjá Tomma. Hann er mikið að undirbúa útvarpsþáttinn sinn. Sá fyrsti verður á miðvikudag. Er hann búinn að ákveða að láta þessa þætti heita: *Þjóðfélagið og við*. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 30.9.1991.

-- Það er gott að koma úr draslinu heima í notalega skrifstofuna hér. Það er mikið að gera hjá mér kringum ársþingið sem nálgast - á Hótel Loftleiðum 16.-19. okt. og endar með aðalfundi og árshátíð. Þetta er háannatíminn í félaginu, þegar verið er að gera upp ársreikning, halda ársþing og aðalfund - og skemmta sér vonandi í restina. --

Það er gaman að heyra hvað þú ert ánægður með námsdvölinu í Urbino⁴ og skýtið að snúa svo aftur til Osló. --

Framkvæmdirnar hafa mjakast áfram, alltaf eitthvað gerst á hverjum degi. Það er bara að vera þolinmóður og láta draslið ekki á sig fá. Hugsa til þess hvað allt verður fínt að lokum. Um helgina hefur smiður verið að vinna, frændi Kristínar Blöndal, sem við hittum í afmæli hjá henni. Húsgagnasmíður og heitir Ágúst Sigurðsson og sagðist aðspurður ekki hafa nóg að gera. Við minntumst þessa, hringdum í hann og hann gat tekið verkið að sér. Hann er að breyta skápunum í baðherbergjunum, setja hillur í hornið sem myndast þar sem klósettið var. Síðan kom í ljós að setja þarf falskt loft í baðherbergin til að hylja leiðslur frá sturtubotni og klósettum. Þetta er miklu meira rask allt saman en við gerðum okkur í hugarlund. En það verður alveg eins og með Perluna. Maður réttlætir kostnaðinn vegna þess hve fínt þetta verður.

Ágúst er að vinna í ráðhúsbyggingunni. Hann hristir höfuðið yfir þessum framkvæmdum og sagði að þetta yrði næsta hneyksli. Arkitektunum hefði greinilega verið sleppt algerlega lausum og það væri yfirtengilegt bruðl og vitleysa í framkvæmdum öllum. Við vorum að spyrja hann út í fréttina í sjónvarpinu. Þar kom fram að lagt hafði verið eitthvað efni ofan á múrinn í gólfinu í öllu húsinu. Það losnaði allt og þarf að brjóta það upp og leggja annað efni. -- Ágúst sagði að þetta sé svona 40 millj. kr. skellur. --

Auður hringdi -- og var ánægð með að vera komin aftur til Parísar. Hún sagði að sér liði mjög vel, gott að vera komin í sína íbúð og farin að búa aftur. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 3.10.1991.

-- Takk fyrir nýjustu fréttirnar. Það er greinilegt á öllu að lífið er að komast í haustgír, önnur verkefni og nýjar áætlanir. Það verður spennandi að koma heim um jólin og sjá allar breytingarnar sem er verið að vinna í. Ekkert það lengur?

Verkefnið mitt er smám saman að komast í gang. Maður getur orðið óþolinmóður þegar hlutirnir gerast ekki í hvelli, en maður verður að sætta sig við að það er bara hægt að taka eitt skref í einu og í þessu tilviki er fyrsta skrefið að ganga frá þeim hlutum sem biðu eftir sumarið. Ég hef fengið ágæt viðbrögð frá kennurunum við mínum hugmyndum og geri ráð fyrir að önnin eigi eftir að verða skemmtileg. Við Logi höfum síðustu daga verið að setja upp sýningu fyrir Margréti og Steve. Þau verða hérna í tvo daga, halda tvo fyrirlestra og verða við opnun sýningarinnar. Þar sem hún er orðinn ný *sensorinn* og prófdómari fyrir lokaverkefnið eru allir mjög spenntir að sjá hvernig hún er og kemur fram. Það verður gaman að hitta hana aftur. Ég verð áfram í svona snatti fyrir gallerí skólans og get þannig náð mér í smá aukatekjur. Í matarsjóðinni -- þetta verður að ganga upp þó hann Ólafur Gé⁵ hafi verið að klípa af manni.

Hef þetta ekki lengra að sinni. Bið að heilsa öllum og þá sérstaklega tilvonandi afmælisbarninu, megi afælissamkoman verða skemmtileg. Bless --

¹ Kristín Ingólfssdóttir (1954), þá prófessor, síðar háskólarektor.

² Einar Sigurðsson forstj. Mjólkusamsölnunnar.

³ Hildur Einarsdóttir (1979), rafmagnsverkfræðingur.

⁴ Urbino er borg á Mið-Ítalíu og sem er á heimsminjaskrá Unesco.

⁵ Ólafur G. Einarsson, menntamálaráðherra.

P.s. Það er furðulegt að sjá að maður eigi alnafna ... eins og að horfa á falska spegilmynd.¹

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 7.10.1991.

Nú er afmæli mömmu og verður farið ásamt Dídí til að heimsækja hana í Hveragerði. Svo farið með frændfólki Sirríar (unga fólkinu!) að Munaðarnesi. Eiginlega megum við ekki vera að því vegna anna hjá Sirrí í TFÍ, aðalfundi o.fl. Svo er verið að gera upp þaðherbergi mömmu á neðstu hæð sem ekki má dragast því að hún er að koma heim aftur.

Bo Almqvist er á landinu og verður hér fram undir jól. Hann býr í húsnæði Árnastofnunar í Hvassaleiti.

-- Það var skrytið að koma þangað. Eigandi var Kristinn E. Andrésson, sem stofnaði bókabúð og tímarit Máls og menningar. Þau hjón voru barnlaus og gáfu íbúð og innbú. Bókakostur er mjög góður, En af fræðibókum ber allt vott um kommúnismann og þá sem honum fylgdu. Bækur eru þar í röðum um Stalín, Marx og Lenín og rússneskar bókmenntir, Ehrenburg og kerfisríthöfundar rússneska ríkisins sem nú eru að gleymast.²

Það var dásamlegt að hitta Bo og rifja upp allt það gamla og góða sem við höfum upplifað saman. Hann varð sextugur á árinu og þá kom út úrval greina eftir hann sem er alveg stórskemmtilegt að lesa. Hann hefur fundið svo margar vísbendingar um andlega strauma milli Kelta og norrænnar menningar, vísbendingar sem mér finnst öllu traustari en ýmislegt sem fornleifa- og mannfraeðingar hafa fundið og bent á.³ --

Segir frá Auði sem er að byrja í skólanum og skrifar mikið. Ásgeir vinnur mikið og á mörgum vígstöðvum og búinn að fá bíl.

-- Ég finn að þegar ég fer að skýra frá málum umhverfis okkur þá verð ég órólegur, finnst að ekki muni allt ganga upp. Ég er búinn að standa tvisvar upp til að leita að skjölum, gömlum flísum og skrifa minnispunkta fyrir daginn. Ef ég á ekki að fara yfir um læt ég þessu lokið -- svo öllu ljúki fyrir tilsettan tíma.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 7.10.1991.

-- Þá er nú kominn afmælisdagur ömmu þinnar. Hún er orðin 91 árs blessunin. Ósköp er þetta hár aldur. Palli og Lára fóru til hennar á laugardag og keyrðu á Hvolsvöllum með hana. Þar borðuðu þau kvöldmat og var það ágætt í alla staði. Nema hvað hún er orðin þreytt á að vera á hælina og bíður eftir því að komast heim. Það er ekki að undra eftir allan þennan tíma. Á morgun er hún búin að vera tvo mánuði. Það er ákveðið að við sækjum hana á sunnudaginn, hvað sem tautar og raular og allar framkvæmdir. Píparinn og flísarinn lofa því stutt og stöðugt að þeir ljúki sinni vinnu. --

Í dag ætlar Dídí að fara með rútunni í Hveragerði og heimsækja afmælisbarnið. Við ætlum svo að fara beint eftir vinnu og líta aðeins til hennar. Við gefum henni fallega værdarvoð. --

Lára og Fríða koma snemma á sunnudag og ætlum við öll að taka íbúð ömmu þinnar í gegn -- Þú sérð að þetta er þrælskipulagt. Það liggur við að pabbi þinn sé að verða stressaður út af þessu öllu saman sem framundan er - og er þá mikið sagt. --

Bo Almqvist er kominn hingað og verður í rannsóknarfríi við Árnastofnun fram í des. Hann býr í Hvassaleiti 30, sama stigagangi og Sidda og Halldór bjuggu í gamla daga og sem Háskóli Íslands á. Kristinn E. Andrésson⁴ (föðurbróðir Önnu Einarsdóttur) arfleiddi háskólann að þessari íbúð og er mikið af bókum um Stalín og alla helstu hugmyndafræðinga Rússa í bókahillunum. Hann trúði á þessa menn og kenningar þeirra.

Vigdís forseti hefur verið í opinberri heimsókn á Írlandi og sýndi Bo henni þjóðháttadeildina í University College, sem hann veitir forstöðu. Hún frétti af því að hann ætlaði að vera hérna þennan tíma og sagðist ætlað að sjá til þess að hann og vinir hans hér yrðu boðnir til Bessastaða. Bo á kornunga konu og með henni tvo stráka, átta og fjögurra ára.⁵ Hann sagði að það væri skrytið að sofa einn í rúmi, því þau væru þar alltaf þrjú. Yngri strákurinn kemur alltaf upp í til þeirra kl. fjögur um nóttina. --

Dagur Eggertsson skrifar Friede P. Briem. Stavern. 7.10.1991.

Elsku amma! Ég vona að þú sért í góðum félagsskap á einhverjum skemmtilegum stað, því svoleiðis á það að vera á afmælum. Til hamingju amma mín!

Sendi þér þessa einföldu vatnslitamynd sem ég málaði þegar ég var í Genúa. Þú hafðir sagt mér svo oft frá því þegar þú varst þar að ég hafði það á tilfinningunni að þú værir þar, kannski handan við næsta götuhorn. Ef vel er skoðað má eflaust sjá þig einhvers staðar á myndinni.

Annars var ferðin í alla staði mjög skemmtileg. Þessar ítölsku borgir eru engu líkar. Sífelld nýtt umhverfi, annað fólk og maturinn aldrei líkur. Genúa var síðasta borgin sem ég heimsótti á Ítalíu, áður hafði ég verið í Siena, Flórens og Písa. Ég bjó hjá fjölskyldu kunningja míns frá sumarnámskeiðinu í Úrbínó. Ágætt fólk sem hugsar vel um sína gesti.

Það besta finnst mér að fara upp á hæðirnar fyrir ofan bæinn, njóta útsýnisins og borða „ís til að halda á“! Það er líka mikið stundað af innfæddum. Eftir Genúa fór ég yfir til Nizza, þar sem ég hitti Kjartan Pierre (*Emilsson*) og kærustuna hans. Þau voru í fríi og tóku vel á móti mér. Þar sem þau voru heldur latari en ég, þá þreyttist ég fljótlega á að vera hjá þeim, og var feginn að taka lestina til Parísar. Þar var ég nokkra daga áður en ég kom hingað til Oslóar

¹ Hér hlýtur Dagur að eiga við Dag (Bergþóruson) Eggertsson.

² Þar var aldeilis safn bóka frá Norður-Kóreu eftir Kim Il Sung!

³ Þetta var fyrir erfðagreiningu sem fann margar sannanir um skyldleika, ekki menningu.

⁴ Kristinn E. Andrésson (1901-73) forstjóri Máls og menningar o.m.fl.

⁵ Sá eldri orðinn sendiráðsfulltrúi Íra í USA og sá yngri sérfræðingur í austrænum tungumálum, sem ég kann ekki skil á.

Friede P. Briem skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 10.10.1991.

Auður bjó í París og flutt í nýja íbúð sem hún óskar henni velfarnaðar.

-- Afmælisdagurinn gekk í alla staði vel, enda er það svo að því hærri sem aldurinn verður, því minni áhyggjur og amstur hvílir á afmælisbarninu. Gestir voru átta, og ég sú núnunda og mamma þín sá um fínan mat og pabbi þinn um allt annað. Lára gaf mér desertinn, svo allt var eins og best verður á kosið.

Palli var á förum til Japan, en var hér á afmælinu.

Þakkar afmælikveðjuna sem kom með faxi -- sem er eitt af mörgum nýjungum, sem koma mér á óvart. Gaman að kynna þeim, án þess að þurfa að setjast á skólabekk. Gaman að njóta - án þess að skilja. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 13.10.1991?

-- Þakka þér fyrir bréfið á faxinu. -- Svo kom bréfið til ömmu þinnar -- Henni þótti mikið vænt um að fá bréf frá þér og skrifaði strax um hæl af veikum mætti og skilur náttúrulega alls ekki hvernig þetta fax vinnur. Við þurfum að fara með hana einhvern tíma og sýna henni það, senda þér bréf og fá svar til baka.

Hún amma þín er í mikilli sálarkreppu núna. Hún sat uppi hjá okkur í gærkvöldi. Ég veit eiginlega ekki hvernig ég á að lýsa henni. Hún er bara hreint út sagt orðin svolítið rugluð, þó ljótt sé að segja frá, og engum öðrum segi ég það. Hún segir að Hjördís sé með stelsýki en hafi skilað mununum aftur af því að hún hefði séð eftir þessu og vilji alls ekki gera sér neitt mein. Hún hafi snúið frá villu síns vegar og það sé hún sem hafi haft góð áhrif á hana svo hún muni ekki freistast til svona aftur. Það, að hún hafi sjálf sett þessa hluti á þessa staði getur hún ekki viðurkennt eða sætt sig við og segir að þá væri hún bara orðin vitlaus og rugluð og hún hafi aldrei farið að setja þetta ofan í einhverjar dósir hér og þar. Hún tók rauða skrínið með þessum fáu skartgripum sínum upp úr töskunni sinn þegar ég kom niður á eftir. Hún hafði farið með þetta til Dídíar. Hafði meldað sig til hennar beinlínis til að létta á sér eins og hún sagði og trúði Dídí fyrir öllu saman. Við höfum aftur á móti ekki minnst á þetta rugl við nokkurn mann. Núna er spennandi að vita hvernig Dídí hefur meðtekið þetta.

Hún talar um allt sem hún hafi gert fyrir mömmu sína öll árin og aldrei fengið þakkir frá systkinum sínum, allt það sem Dídí hafi fengið frá mömmu þeirra og það hafi verið henni að þakka. Hún hafi aldrei fengið þakklæti frá Dídí eða neinum.

Þetta er alveg voðalegt að hlusta á og sögðum við henni að hún væri búin að láta þetta fara allt of illa með sig og nú yrði hún að hætta þessum þælingum því hún væri orðin óþekkjjanleg manneskja, þessi lífsglaða og skemmtilega manneskja eins og hún hafi verið. *Já, já*, hún sagðist núna vera búin að bægja þessu frá sér. Hjördís er að kanna fyrir hana samveru með öldruðum í Hallgrímskirkju -- Okkur lýst vel á það og hún er dálítið spennit fyrir því. --

Við pabbi þinn höldum að hún geri sér grein fyrir ruglinu en sé svo mikill stórbokki að geta ekki viðurkennt vanmátt sinn eða að hún hafi gert mistök -- Hún er með þessu að biðja um að fá að vera heima hjá sér þó hún hamri á því að fara bara á stofnun. --

Auður mín! Þetta var nú gærkvöldið hjá okkur. Palli er í Japan og kemur ekki fyrr en eftir tvær vikur. -- kannski lagast þetta. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði og Degi Eggertsbörnum. Rvík. 14.10.1991.

Er ánægður með að heyra að þau systkinin skrifist á.

-- Á þessum morgni er ég þreyttur, því svo margt hefur verið að gera undanfarið. Í vinnunni tókst mér að koma Raforku í prentun, blaði sem mér finnst öllu skemmtilegra en þau sem áður hafa komið út, mikið að efni og skemmtilegt fyrir mig. En kannski er það bara ég sem hef gaman af þessum blöðum, því ég heyri mjög lítið frá lesendum - orð og orð á stangli. --

Svo fékk ég fyllingu á tönn sem lenti í miklum hremmingum fyrir 40 árum. Það var eftir meðferð á Tannlæknadeildinni. --

Svo var farið á fund, billinn hlaðinn. Mamma ykkar á stjórnarfundum TFÍ. Þá var reynt að þoka vinnunni áfram við badherbergi ömmu ykkar. Þá sóttum við fólk í allar áttir og héldum á frændsystkinamót í Munaðarnesi. Gengum á Eldborg, allur hópurinn og skoðuð lítill volgruhola hjá Haffjarðará og farið að Hítarvatni. Þegar í bústaðinn kom hafði fleira fólk bæst við og hófst söngur og skemmtun. Næsta morgun var haldið heim. Badherberginu var að mestu lokið. Þá var farið í tannlæknastjórnarveislu. Næsta dag kom iðnaðarmaður sem setti upp sturtuklefa, spegla o.fl. Svo var mamma sótt, og eftir til pizzuveislu um kvöldið. Tveir þýskir vinir Ásgeirs komu í mat, annar gyðingur og borðar ekki pizzu svo Ásgeir bjó til mat handa þeim. Þeir fara svo kringum landið. Ásgeir er að taka próf frá Leiðsögumannaskólanum.

Næst er að koma badherberginu okkar í stand.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 20.10.1991.

Mamma þín fékk mikið hrós fyrir tannlæknáþingið. Ég var með í öllum veislunum.

-- Meðan hún var að erfða fórn til Þingvalla með Bo Almqvist. Það var skemmtileg ferð. Hann er ánægjulegur félagi, einhver skemmtilegasti maður sem ég þekki. Hann varð veikur í fæti á föstudag og fann sárt til í hné. Eva Línadal starfar á Árnastofnun og flutti hann á Borgarspítalann. Þar var tappað vatni af hnjáliðnum. Þá varð sársaukinn fyrst alvarlegur. Á laugardag varð hann alheill og skokkaði með mér um fjöll og firnindi. Ég var með verk í il og eins og ræfill á eftir honum, sjúklingnum. Um kvöldið var ég á ballinu og dansaði eins og Fred Astaire, alheill. Dagurinn í gær var því hvíldar og letidagur -- Það sýnir sig að vökur, át og dans valda timburmönnum. Er því alveg tilgangslaust að vera edrú og aka heim. Því þarf að breyta. Það er ekki nein meining að eyðileggja það orðspor sem af mér fer sem geislandi andans manni og frægum konversatör. Nei! Ég verð að sjá að mér og taka upp borgaralega, góða siði. Ég kem mér út úr húsi ef ég held athugunum mínum áfram á drykkjusiðum annarra. Næst yrði ég kannski bindindispostuli og tryggi bílinn hjá Ábyrgð.

Spennandi að vita hvort tekst að semja um Evrópska efnahagssvæðið og takist að beygja Norðmenn! Sendi grein úr Time um arkitektinn og borgarstjórnann þann fræga Lerner í Curitiba í Brasilíu og segi frá honum. Ræði bræðurna Kristján og Sigurð Guðmundssyni og hvað þeir eru orðnir þekktir, þótt rólegir séu og segi rækilega frá þeim og sýningunni sem stendur yfir í Listasafninu og í Nýhöfn.

-- Skrýtið að sjá gömlu Súmmaraverkin á veggjum Listasafns Íslands. --

Amma þín er ósköp ánægð með að vera komin heim aftur. Henni hefur farið aftur af dvölinni í Hveragerði, sem var laus við að vera hvetjandi eða skemmtileg, aðeins áreynsla. Að vísu er hún léttari á sér, en er kjarklausari en hún var, fer ekkert út, dæmigerð áhrif lélegrar stofnunar. Hún fær konu þrisvar í viku sem heldur heimilinu í lagi, býr til mat. -- Baðherbergið og sturtuklefinn er mikið gott, fallett, og amma þín ánægð og talar mikið um það. --

Hjá okkur er hins vegar allt í drasli en þar sem allt var vel heppnað niðri ætlum við að hafa baðherbergið okkar alveg eins. Sjálfur er ég á leið til Finnlands í des. Vona að koma við í Osló ef við getum hist.

-- Ásgeir hefur svo mikið að gera að við sjáum hann stundum varla heilu dagana. En hann er ánægður í skólastarfi, útvarpsstarfi og í Leiðsögumannaskólanum. Til allrar hamingju hefur hann bíl, að öðrum kosti væri hann ófær að gegna öllum þessum störfum. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 20.10.1991.

-- Búin þessi erfiða vika með ársþingi, aðalfundi og árshátíð TFÍ. -- Það er erfitt að stjórna svona þingi þegar þátttakendur skrá sig seint eins og tannlæknar gera. Fyrstu þrjú ársþingin voru haldin fyrir tölvuvæðinguna -- og það voru ólík vinnubrögð. Það voru þrjú hundruð skráðir á þetta ársþing -- Heiðar Jónsson¹ var fenginn til að vera með námskeið fyrir aðstoðarfólkið og hann hefur dregið að þátttakendur. Ég fór á námskeiðið hans og er enn að fá hlátursköst. Hann er fyrst og fremst alveg stórkostlegur leikari. --

Það leit ekki vel út með þátttöku -- en það er sama sagan að þetta fólk ákveður sig á síðustu stundu. Útkoman var hin ágætasta árshátíð. --

Segir fréttir af fjölskyldu sinni, Steinunni og Einari Ingimundarsyni.

Einnig segir hún frá því að mamma fékk ágæta aðstoðarkonu annan hvern dag til að halda hús og annast hádegisverð. Hina dagana var hún í gamalmennaathvarfi við Dalbraut.

-- Baðherbergi ömmu þinnar er alveg frábærlega fallett. Ég er alveg yfir mig ánægð með það og stolt af öllu valinu. Þakka skyldi þér, þú átt mikið hrós skilið fyrir góðan smekk. Hún er líka ánægð með það og búin að venjast öllu. -- Flísarnar á okkar baðherbergi eru ókomnar til landsins. --

Ásgeir hefur mikið að gera í skóla, útvarpsþáttagerð og í leiðsögumannaskóla. -- Ekki veit ég hvernig hann hefði farið að án bílsins núna. --

Pabbi þinn notaði góða veðrið í gær og fór með Bo Almqvist í Þingvallaferð, Skoðuðu þeir líka Nesjavallavirkjun. Bo hefur ekki komið til Þingvalla í mörg herrans ár og þótti gaman að rifja upp landið og heitin á því. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 28.10.1991.

-- Hér er vart talað um annað en evrópskt efnahagssvæði. Utanríkisráðherra hefur verið duglegur að koma fram og ferðast um landið og kynna samninginn og hvað í honum felst. Ég get ekki annað en dáðst að þessum gamla skólabróður mínum hvað hann kemur vel fram og er traustvekjandi. Fólk er mjög í vafa um samninginn og tortryggið. Ég held nú samt að við munum hagnast á þessu fremur en hitt. Ég trúi því að við munum einangrast ef við stökkvum ekki á þetta. Það sjónarmið heyrir að hingað muni streyma atvinnulaust fólk -- og það sé auðvelt að kaffæra okkur og kaupa upp fyrirtæki hér. -- Það eru fyrirvarar í samningnum sem segja að menn þurfi að hafa atvinnu hér til að geta sest hér að. Ég trúi því að við höfum bara gott af samkeppni yfirleitt. Hún ýtir við okkur --

Af skemmtanalífinu er allt það besta að fréttu. Við fórum í Þjóðleikhúsið og sáum Gleðileik eftir Kjartan Ragnarsson; drifum Bo með okkur og var þetta hið ánægjulegasta kvöld. Við vorum sammála um að leikararnir hefðu staðið sig vel. Þeir leika þarna stór hlutverk Spaugstofumenn, Sigurður Sigurjónsson, Pálmi Gestsson og Örn Árnason í alvarlegum hlutverkum. Þeir gerðu þeim góð skil og gaman að sjá að þeir geta ekki síður valdið svona hlutverkum en þeim sem þeir eru þekktastir fyrir. Leikritið var byggt á ævi og starfi Sigurðar Péturssonar sýslumanns, sem var uppi um og eftir miðja átjándu öld og samdi fyrsta íslenska leikritið, Narfa. Það voru örfáar hræður í þessu stóra leikhúsi --

Það er gaman að hafa Bo Almqvist hér. Hann er skemmtilegur og ótrúlega fróður maður. Eins og pabbi þinn var búinn að segja þér þá fer hann í fyrirlestraferð til Osló 31. okt. Fyrirlesturinn er um Sigurð Jórsalafara og býr á Soria Moria uppi á Holmenkollen -- ætlar að taka þakka til þín.

Segir frá ferð með Dídi á sýningar Einars Hákonarsonar á Kjarvalsstöðum, Hörpu Björnsdóttur í Nýhöfn sem gerði myndina sem hún fékk að gjöf frá TFÍ. Þá fórum við á sýningu Hallsteins Sigurðssonar á ryðguðum skúlptúrum. Helgi Þorgíls Friðjónsson frændi var með sýningu í Nýhöfn og voru allir berir á myndunum sem voru örsmáar.

-- Baðherbergið okkar klárast fyrir jól - vonandi. --

¹ Heiðar Jónsson (1948) „snyrtir“.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 2.11.1991.

-- Þakka þér fyrir dásamlegt bréf, sem segir svo mikið eins og öll þín bréf. Það er ánægjulegt að heyra að þú ert að setta þig við skólann, kynnast kennurunum og læra á allt og alla.

Það er fyndið með þessa íslensku stúlku sem var með þér. Það er hún sem bjó með Önnu Mjöll, frænku Dóru hans Reynis og allt uppstandið varð í kringum í fyrra. Samkvæmt öllum málsatvikum þá var þessi Vilborg mjög erfið, svo ekki sé meira sagt. Svona er þegar maður heyrir frásögn annars aðilans.

Jójó og Óli koma til Parísar í lok nóv. -- hlakka mikið til að hitta þig -- fara fyrst til London -- heimsækja Hilmar. --

Nú er að hefjast tími saumaklúbba og árshátíða. Ég var tvö kvöld í röð í saumaklúbbum í vikunni. Fyrst hjá Ollu og kvöldið eftir hjá Kristínu Jónasdóttur. Það er gaman að hittast eftir sumarmánuðina. Það verður að segjast eins og er að flugfreyjuklúbburinn er hressilegri og ánægjulegri að mörgu leyti, svo ekki sé meira sagt. Við Jójó erum oft lengi að jafna okkur eftir klúbbinn okkar -- Samt vill maður ekki missa af svona góðum og gömlum kunningjum --

Ég var í mjög skemmtilegum hádegisverði -- á Hótel Holti. Þar voru átta framkvæmdastjórar félaga: verkfræðinga, sem buðu til fundarins, Læknafélags, lögfræðinga, viðskiptafræðinga, tæknifræðinga, arkitekta og endurskoðenda. Framkvæmdastjóri verkfræðingafélagsins er kona sem fékk mikið hrós fyrir að láta verða af þessu. Það kom í ljós að við erum meira og minna að fást við sömu hlutina í okkar starfi. Höfðum bæði gagn og gaman af því að bera saman bækur okkar. -- Ég er strax búin að hafa gagn af þessum fundi. Hringdi í Læknafélagið til að fá samning þeirra við Tryggingastofnun. Allt er svo miklu auðveldara þegar komið er samband á milli fólks. --

Ásgeir fór í Munaðarnes um helgina með Beggó, Tomma, Össa o.fl. Hann lét vel af ferðinni. Einn úr hópnum hafði þó hrotið svo mikið að heyrðist um allan Borgarfjörð og sennilega víðar. --

Segir frá endurbótum í húsinu, veseni og ryki yfir öllu.

-- Eins og þú veist þykir mér það skemmtilegt og er eiginlega í essinu mínu þegar ég er að atast svona. --

Pabbi þinn var að taka á móti Bo Almqvist sem kom með Oslóarvélinni. Var hann þar í fyrirlestrarferð og svona líka ánægður og hafði frá mörgu að segja. --

Það hafa stórmerk tíðindi gerst hér. Pabbi þinn ætlar að fara að sjá tvær íslenskar kvikmyndir, *Börn náttúrunnar* og *Hvíta víkinginn*. Ekki veit ég hvað er að gerast? --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 11.11.1991.

Er heldur en ekki ánægð með að loksins hafi Skagfirðingafélagið tekið tilboði TFÍ um kaup á neðri hæð Síðumúla 35 fyrir skrifstofu en efri hæðin verði áfram notuð fyrir félagsheimili. Ekki man ég betur en að þangað til hafi Sirrí haft skrifstofu í horninu á mínjasafni tannlækna. Í kjölfar kaupanna fær hún aðstoð á skrifstofunni og getur komið skrifstofuhaldinu og tölvumálunum í gott lag.

Segir frá leikhúsförum á Péttingu, viðvaningslegu leikriti Sveinbjarnar I. Baldvinssonar í Borgarleikhúsi.

-- Í gærkvöldi lögðum við svo leið okkar aftur í Borgarleikhúsið til að sjá *Ljón í síðbuxum* eftir Björn Th. Björnsson, vel samið verk og vel leikið, hin besta skemmtun. Við fórum með Jójó og Óla ásamt Bo Almqvist. Vorum svo boðin í kaffi á Hagamelinn; sýndu þau okkur videoupptöku frá því að við vorum öll fjölskyldan hjá þeim í sumarbústaðnum í sumar. Mikið var gaman að sjá ykkur á skerminum. Það var stolt móðir sem horfði á þessi myndarlegu börn sín.

Óli bað Bo um að halda fyrirlestur á hádegisverðarfundum í *Rotary* um eitthvað tengt hans fagi og starfi hér. Hann ætlar að gera það og eygir þann möguleika að *Rotary* muni láta fé af hendi rakna til kaupa á íslenskum þjóðsögum til háskólans í Dublin. --

Þá segir frá málningavinnu í íbúðinni á efri hæð og að loks sjái fyrir endann á þriggja mánaða endurbótatíma á badherberginu.

Segir líka fréttir af erfiðu námi Auðar í París, en þau muni koma þaðan heim um jólin. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 18.11.1991.

-- Þótt bréfin þín séu stutt er það ekki umkvörtunarefni. Þau segja margt. Þetta síðasta lýsir því t.d. að þú ert hinn ánægðasti, hefur mikið að gera, hugurinn snýst um námið og viðfangsefni framundan. Þá gengur þú um í svörtum frakka, með mikinn hármakka, ert í grennsta lagi og ættir að fá þér hlýja, nýja skó! --

Hlakka til að heimsækja hann og hafa ekkert að gera í Osló áður en annir byrja í Helsingfors.

Verið er að mála íbúðina sem erfitt sé vegna bókaskápa. Segi af Orkuþingi og Íslensku óperunni sem sýndi Töfraflautuna, stórkostlegt kvöld.

-- Þorgeir Andrésson sem fer með aðalhlutverkið, hlutverk Taminos, er yfirverkfræðingur hjá Landsvirkjun. Hann var með erindi á Orkuþinginu, einmitt um það efni sem hvað auðveldast er, línulögn frá Fljótsdalsvirkjun yfir hálendið. Þeirri línu var mótmælt mjög á fundinum af landvörðum. Þorgeir fór af fundinum við lok hans kl. 15.15, beint í óperuna til að syngja. Ég var áheyrandi á báðum stöðum (fundarstjóri); treysti mér illa til að fara í Óperuna til að hlusta. En eftir því sé ég aldeilis ekki.

Stemningin var stórkostleg og óperan flutt óaðfínanlega, valinn maður í hverju rúmi og áheyrundur tóku sýningunni með stappi, lofi og lófaklappi. --

Gerðum við hlé á málningariðju og fórum á 175 ára afmæli Hins ísl. bókmenntafélags í Borgarleikhúsi. Það var athöfn til sóma, t.d. flutt tónverk samin árið 1816, árið þegar HÍB var stofnað. Á eftir var ánægjuleg móttaka í anddyrinu í boði menntamálaráðherra. Þar var skemmtilegt fólk, allt annað en er í typískum kokkteilpartíum. --

Það gladdi okkur að María sagði okkur að þau Siggi Líndal myndu ekki hrófla við Dídí í íbúðaskiptum og sölu sem fram færi þegar þau kaupa Bergstaðastrætið af systkinum Sigga. Það var léttir og fór ég og tilkynnti Dídí það. Hún þarf samt að finna sér vistunarrými.

Segir frá að Sirrí sé spennt vegna hugsanlegra kaupa, sem og varð, á húsnæði í Síðumúla 35 þar sem tekið yrði í notkun og innréttað nýtt skrifstofuhúsnæði.

-- Ég er að undirbúa grein sem á að koma í *Nordisk Kontakt* og skila henni eftir viku. Það er allt í lagi, nema hvað meðhöfundurinn er í Finnlandi.¹

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Oslo. 11.11.1991.

-- Til hamingju, stóri bróðir, með afmælið og verði þér að góðu. Mér skilst að þú hafir bæði fengið rækjusalat og daxínu² til að kýla vömbina með. Allt má! Hér í Osló er *allt í sómanum* eins og hann Björn Traustason³ myndi hafa sagt. Fyrri áfangi annarinnar kláraður í dag - hinn seinni fer samstundis af stað. Stefni á að skila þann 10. des. Það nálgast óðum. En vaskir menn fá miklu afkastað eins og þið vitið. Bara að það vanti ekki flísar eins og hjá ykkur.

Ég er farinn að skima eftir lokaverkefni og hef haft ágætar samræður um það við kennarann minn Per. Honum líst mjög vel á hugmyndir sem ég hef talað um við hann. Allt á frumstigi, svo ég geymi það til næsta bréfs. --

Hlakka til að fá þig í heimsókn, pabbi, er að skipuleggja skemmtidagskrána. Má bjóða þér að gista hér á Pílustrætinu, eða viltu vera á hóteli. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. Nóv. 1991?

-- Takk fyrir bréf og blöð; gott að fá ferskar fréttir. Það má eiginlega segja að ég lesi íslensku blöðin meira en þau norsku, bæði vegna þess að helgarblöðin sem þið sendið mér eru oft mjög efnismikil og svo eru þau norsku lítið áhugaverð.

Af mér er allt ágætt að fréttu, mikið að gera og meiri ábyrgð hvílir á manni þegar maður er einn á báti, eins og þessa önnina. Verkefnið finnst mér vera farið að gefa eftir, „láta betur í hendi“, þannig að það er farið að vera nokkuð skemmtilegt að vinna í því þetta er *teoría* borgarskipulags.

Það er gaman að heyra að þú, pabbi, sért að koma hingað í desember. Það verður eflaust hægt að útvega þér einhvern rúmraefil, eins og venjulega, og eitthvað hljótum við að geta gert við tímamann saman. Og ef þú ert orðinn hálfgerður Fred Astaire get ég farið með þig á diskótek.

Það næsta á döfinni hjá mér og mínum félögum í *Galleri Anthon Berg* er að setja upp lokasýninguna hér í skólanum. Það verður sýning á portretum, skopmyndum af fólkinu í skólanum. Meira um það síðar. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 18.11.1991.

-- Mikið var indælt að setjast niður á þessum fallega morgni, að segja þér fréttir -- og vera hjá þér í huganum. Þetta er sannarlega fallegur morgunn. Ég byrjaði á því þegar ég kom á skrifstofuna að fara að glugganum í setustofunni og horfa yfir bæinn. Ég dáðist að logagylltum himninum og sólin að kíkja yfir fjallahringinn í austri. Ég hugsaði um það þegar ég kom hér fyrst fyrir bráðum 14 árum hvað útsýnið hefur breyst. Það eru komnar margar nýjar byggingar, komin meiri ljósadýrð í bænum, en fjallahringurinn sá sami.

Það eru mikil sérréttindi að geta sest niður við tölvu, vera með sjálfum sér svolitla stund og komast í samband við þig. Enginn sem truflar, nema ef síminn hringir, sem hann hefur ekki gert og gerir vonandi ekki meðan ég er að skrifa þér.

Ég ætla fyrst og fremst að þakka þér fyrir frábært bréf. Það er dásamlegt að fá að fylgjast með þér og þínum heilabrotum, viðureigninni við skólann og allt sem honum viðkemur. Þú ert mikill dugnaðarforkur í mínum augum. --

Á Bergstaðastrætinu líður okkur líka vel saman. -- Lokið er dögum hinna löngu flísa! --

Segir frá endurbótum á Bergstaðastræti, flísunum sem eru komnar og flísalagningamanninum Símoni. Einnig segir hún frá húsnæðis kaupum og fyrirhuguðum breytingum á húsnæðinu og fyrirkomulagi m.a. minjasafni tannlækna og að húsnæði sem það hefur haft í Fellsmúla verði selt. Er hún í framkvæmdanefnd ásamt Svend Richter og Gunnari Þormar og eru að skima eftir innanhúsarkitekt og aðstoðarmanneskju.

-- Ég bæði hlakka til og kvíði fyrir. Mér hefur liðið svo ljómandi vel hér einni. En það er margt sem ég kemst ekki yfir að gera en langar til að verði gert. Gríp ég mig í tilhlökkun með að geta beðið einhvern um að gera hluti. Ég hef líka góða samvisku, hef unnið mikið og verið þolinmóð og er líka svo heppin að tannlæknar meta það og sjá. --

¹ Tua Kurtén, yfirmaður í Rafveitusambandi Finnlands, lengi samstarfsmaður. Er enn í nánu sambandi við hana. Hún reyndist Degi og fjölskyldu einstaklega vel þegar þau hjónin voru við framhaldsnám í arkitektúr í Helsingfors. Greinin spratt af samstarfi okkar.

² Daxína, klassísk afmælskaka, uppáhold Dags, og reyndar miklu fleiri. Nema hvað Dagur hinn ungi bragðaði ekki á öðru þó í boði væri.

³ Björn Traustason byggingameistari og húsbóndi Dags, hans unga þræls.

Á laugardag réðumst við til atlögu við að mála borðstofuna. En það var fleira á dagskrá. Bókmenntafélagið hélt afmælishátíð í Borgarleikhúsinu. Það eru 175 ár síðan það var stofnað af Rasmus Christian Rask. Sigurður Líndal hefur verið forseti þessi í nálægt 15 ár.¹ Boðið var upp á veitingar í anddyrinu og var þar margt skemmtilegt fólk að tala við -- Við töluðum við Maríu hans Sigga og sagði hún okkar að þau myndu allt gera til að Dídí gæti verið áfram í íbúðinni þeirra. Þau eru búin að skipta öllum málverkum og húsmunum (Hildu), en það erfiðasta er eftir - skiptingin á húseignunum á Bergstaðastræti og í Tjarnargötu.

Það voru fleiri sem áttu afmæli þennan laugardag. Zontaklúbbur Reykjavíkur hélt upp á 50 ára afmæli sitt í Þingholti um kvöldið. Þar var ég mætt í mínu fínasta pússi kl. sjö. Við borðuðum saman góðan mat og áttum ágæta kvöldstund, en dagskráin gat verið skemmtilegri. Það þarf líka að hugsa til þess að fólk geti hreyft sig og rappað við fleiri en sessunautinn í þrjár klukkustundir. Ég labbaði svo heim um hálfþólfleytið og hitti þar fyrir pabba þinn og Ásgeir. Þeir höfðu verið niðursokknir í sín hugðarefni hvor á sinni hæðinni. Ásgeir að lesa undir próf í leiðsögumannaskólanum og pabbi þinn við tölvuna. Ásgeir hafði keypt gómsætar pizzur. Þeir voru saddir og glaðir.

Nú svo vöknudum við sæl og ánægð á sunnudag og hófumst handa um málningarvinnuna þar sem frá var horfið og fórum létt með það. -- Eftir hádegið fór pabbi þinn til Dídíar til að segja henni hvað María hefði sagt, en að hún þyrfti að halda því til streitu að komast á öldrunarheimili. Hún var ánægð og tók vel á móti pabba þínum. -- Svo setti pabbi þinn í gang sojabollugerð þegar hann kom heim og sló öll met að eigin sögn. Þær voru líka góðar.

Jójó og Óli fóru til London í gær. Þau ætla líka að heimsækja Hilmar og koma ekki til Parísar fyrr en á mánudagskvöldið. Þá ætla Jójó að hafa samband við þig. Ég fór með umslag til hennar sem amma þín vildi koma til þín. Jójó sagði mér þá að Einar hefði beðið Óla fyrir bréf til Ástu (*frænku hennar og fyrrum nágranna, dóttur Einars*). Henni fannst þau þá þurfa að bjóða henni líka út að borða og (þér að segja) var það ekki það sem þau höfðu ætlað. Þau langaði meira að vera bara með ykkur, það yrði öðruvísi og hægt að tala saman. Ég veit að þau hefðu gaman af því að kíkja til ykkar og sjá hvernig þið búið og hvernig hverfið er. En ég veit líka að það þarf að dextra þau, því þau eru nú einu sinni þannig að þau vilja síst af öllu gera ónæði. En þetta segi ég í trúnaði. Þau hlakkar mikið til að hitta ykkur en hafa bara þriðjudag og miðvikudag í París. -- Það er skemmtilegt að hugsa til ykkar saman í París. --

Ég var að fá fyrstu hringinguna. Það verður félagsfundur og skemmtun á föstudag. Þar verður Einar Thoroddsen² lækni með vinkynningu og fleira gert til skemmtunar. Fólk er byrjað að tilkynna þátttöku --

Þetta er orðið gífurlega langt bréf eins og Bo Almquist myndi segja. Hann notar mikið orðið gífurlega. Pabbi þinn hitti Vigdís forseta í Borgarleikhúsinu -- Hún bað pabba þinn um að setja saman lista yfir þá sem hann héldi að Bo vildi bjóða og ætla að senda út boðskort. -- Bo er mjög upptekinn af þessu enda er þetta mikill heiður fyrir hann. Hann verður hjá okkur í kvöld og verður þá boðslistinn fínþússaður. --

Amma þín er upptekin af því að taka upp efni úr útvarpinu fyrir þig og sussar á okkur þegar við komum til hennar svo við trufum ekki upptökurnar. --

Friede P. Briem skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 17.11.1991.

-- Ég skil ekki hvernig getur staðið á því að ég gefst alltaf upp á því að reyna að skrifa þér, eins og lífið leikur við mig. Mér líður svo vel hérna heima þar sem allt er gert fyrir mig og þá ekki síst að hafa mömmu þína og pabba til að gleðja mig og snúast í kringum mig. Þú veist það og þekkir svo; ég hef ekki fleiri orð um það.

Ráðskonan frábæra, hún Hjördís,³ dreif mig í leikfimi, sem er fyrir gamla fólkið hér uppi í Hallgrímskirkju, fór þangað til þess að kynna sér hvað þar færi fram. Kom til baka með alls konar pappíra og sá strax að eitthvað væri þarna fyrir mig og ég tók strax við mér og hef haft mikla ánægju af að koma þangað og blanda geði við fólkið þar og er mér svo gott. Líklega er ég þarna aldursforseti, en þó er þar fólk sem kannast við mig. Fyrsta skipti sem ég fór þangað keyrði Hjördís mig í bílnum sínum og hjálpaði mér á allan hátt.

Svo vel hittist á að þarna var *opið hús* með veisluborði; organistinn, Hörður Áskelsson⁴ spilaði og ung kona söng alveg frábærlega vel og síðan smáræða og fjöldasöngur, og allt lék í lyndi og ég naut þessa indæla félagsskapar. Ég hef verið þar í leikfimi einu sinni í viku og er þetta mjög hressandi og mátulegur göngutúr í góðu veðri. Síðan hef ég farið í kirkjuna til þess að gleðja prestana og sýna þakklæti mitt að vera þar velkomin. --

Með innilegum kveðjum og blessunaróskum, þín elskandi amma.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 23.11.1991.

-- Góða veðrið kom sér vel -- settir niður lauka. -- Það var eins og heimili litlu hjónanna, ég úti í garð að undirbúa fyrir veturinn, í gömlu úlpunni. Mamma þín að hreinsa glugga, bera á karma og þvo gluggatjöld. Hún stóð við opinn gluggann og ræddi við mig - dáðist að mér og ég að henni - og leit upp til hennar. Uppi á lofti var Ásgeir í próflestri undir munnlegt próf í Leiðsöguskólanum. Hann verður margs vísari í þeim skóla sem ég hef aldrei vitað um -- kemur öðru hvoru niður og leggur fyrir okkur erfiðar spurningar sem a.m.k. ég á engin svör við: Hvað er þylrufiskur? Það er undirmálsfiskur, sem ekki má nýta, en veiðist samt, Uppástunga kom um að hann yrði seldur til að safna til kaupa á björgunarþylru.

¹ Þannig að nú, 2014, eru þau orðin þrjátíu og átta. En hann hætti 2016 eða 17, þá kominn með Alzheimer sjúkdóm.

² Einar Thoroddsen (1948), háls-, nef-, og eyrnalæknir.

³ Hjördís Geirdal (1930-2003) hárgreislukona.

⁴ Hörðu Áskelsson (1953) organisti.

Og niðri sat amma þín, sleit sig ekki frá útvarpinu. Það er full vinna fyrir hana að velja og finna efni fyrir þig í útvarpinu.¹ --

Í gærkvöldi borðaði Bo hjá okkur -- að venju skemmtilegt. Það er svo margt sem ber á góma fornt, gamalt og nýtt. Hann var að koma frá Ólafi Briem sem orðinn er 82ja ára, býr einn í kjallara í Barmahlíð, sennilega ósköp einmana. Að vísu hugsa þær dætur Jóhanns bróður hans og kona vel um hann.

Heilmikið stendur til hjá Bo. Fyrst og fremst vakti ritari forseta Ísland hann kl. 10 í gærmorgun til að spyrja hvort hann vildi koma í móttöku honum til heiðurs að Bessastöðum á þriðjudag. Það er skrýtið - en skemmtilegt - að bjóða í slíkt boð með tveggja daga fyrirvara, þótt að vísu hefði Vigdís sagt mér frá áætlun sinni þegar við hittumst í afmæli Bókmenntafélagsins fyrir viku. Ég hafði sent lista yfir vini og samstarfsmenn Bo á þriðjudag. Væntanlegir gestir fá þá ekki boðið fyrr en í dag. Svo það eru Bessastaðir á morgun - ef við fáum heimboð.

Á miðvikudag kemur svo deildarforseti Bo frá Írlandi, heldur fyrirlestur og skoðar Árnastofnun. Írar hafa hug á að koma sér upp ámóta stofnun. Ég fer með þá í Borgarfjörð til að sýna þeim Reykholt o.fl. merkisstaði þar í héraði. --

Svo fer ég til Finnlands og heimsæki Markku og Anitu Niskala² í leiðinni. --

ÖLVAÐUR MAÐUR Á BERGSTAÐASTRÆTI

Innskot E. Á.

Þetta reyndist velheppnuð, skemmtileg veisla hjá Vigdís forseta, til heiðurs Bo, með hinum skemmtilegustu gestum. Keyrðum við Sirrí þá Bo og Jakob Benediktsson, fv. orðabókarforstjóra HÍ, báðar leiðir, ég drakk vatn og hagaði mér skikkanlega! Er heim kom kl. um 19½ settist ég við sjónvarpið og hellti mér viskísjúss í glas; hafði fengið mér einn sopa þegar á skjánum birtist Þórhildur Þorleifsdóttir, fv. alþingismaður.

Þá hrópar Sirrí: „Ég gleymdi!“ Hún átti að vera í saumaklúbbsveislu hjá Ernu, systur Þórhildar. Var glasið sett til hliðar og rokið af stað.

Á heimleiðinni ók ég, án þess að stöðva, eftir Njarðargötu, yfir Sóleyjargötu.

Svo vildi til að þá um daginn hafði verið sett upp stöðvunarskilti þar á gatnamótunum.

*Ég áttaði mig þegar ég var kominn framhjá, leit í baksýnispegilinn og sá að kveikt var á bílljósum, kyrrstæðs bíls og ekið af stað. Ég beygði inn í Bergstaðastræti, hinn bíllinn kom á eftir. Lagði ég í stæðið. Þá koma tveir lögregluþjónar út úr bílnum, sögðu mér að koma inn í bíl til sín; spurðu hvort ég hefði smakkað vín. Ég kann ekki að ljúga og sagði: Einn sopa! Þeir skipuðu mér þá að blása í tæki og sögðu svo að ég ætti að koma með þeim á löggustöðina; þeir tækju bílinn með, hann væri sönnunargagn! Ég lét þá fá lykilinn. Þegar löggan gat ekki opnað hann, ætlaði ég að rjúka af stað til að hjálpa: **Kyrr, þú ert handtekinn maður!** Svo fóru þeir með mig og bílinn á lögreglustöðina við Hlemm; ég leiddur fyrir varðstjóra, yfirheyrdur, nýtt blásturstæki sótt og látinn blása. Lesið var á það. Þá var sóttur einn lögregluþjónn; síðan annar; skoðuðu allir tækið með spurningamerkissvip. Svo báðu þeir mig um að blása enn, skoðuðu aftur.*

Þá sagði varðstjórinn að hér hefðu orðið mistök, bað mig afsökunar og sagði að ég mætti fara heim. Ég vildi fá bílinn, var neitað þar sem ég hafði viðurkennt að hafa fengið mér sopa; en buðust til að keyra mig heim! Ég hélt nú ekki, ætlaði hvorki að setjast inn í „salatfatid“, eins og slíkur bíll var kallaður í gamla daga, né vildi láta sjá mig í slíku farartæki. Ég gekk heim í kvöldkulinu.

Það var heldur frétt sem ég hafði að segja Sirrí þegar hún kom heim.

*Um morguninn fórum við í lögreglustöðina til að sækja bílinn. Sirrí settist inn í bílinn **sinn**, ég fór inn, talaði við varðstjóra, sem var nú annar en sá sem ég hafði talað við, og þekkti sýnilega ekki til málsins. Ég vildi fá lykilinn aftur, hann var með efasemdir og spurði mig: **Héltu áfram að drekka?!***

Eftir nokkurn seming fór hann með mér út í lögregluportid til að afhenda mér lyklana og bílinn.

*Þar sat Sirrí í heitum bílnum og hlustaði á morgunfréttir um afrek lögreglunnar þá um nóttina: **Ölvaður maður á Bergstaðastræti.***

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 25.11.1991.

-- Sendi þér bestu kveðjur með þessum blaðapakka. -- Nú fer að líða að því að pabbi þinn leggi í flugið til þín. --

Héðan er allt gott í fréttum. -- við skiptum með okkur verkum á laugardag. Pabbi þinn klæddi sig í gömlu góðu gæruúlpuna sína, fór með fötu með laukum, „brynjaður“ skóflu út í garð. Ég var hins vega að pússa og þvo glugga og gardínur -- jólahreingerning komin í gang.

Ég dauðöfunda pabba þinn að vera að fara að heimsækja þig. Ég verð í því öfundsverða hlutverki að reka á eftir iðnaðarmönnum á Bergstaðastrætinu. Þetta verður vonandi búið þegar pabbi þinn kemur aftur.

Við vorum að skemmta okkur á föstudag. Það var skemmtun í tannlæknafélaginu þar sem fram fór vínkyninging. Einar Thoroddsen lækni, auðvitað háls- og nef-, var með kynninguna og gerði þessa líka miklu lukku. Hann kynnti fjórar tegundir af rauðvíni og sagði okkur kosti þeirra og galla. Svo sagði hann brandara og smásögur á milli.

¹ Hér mun hún eiga við að hún tók upp efni og sendi Auði á spólu.

² Við unnum saman í Rauða krossinum, hann varð framkvæmdastj. RK Finnlands og loks aðalritari Alþjóðaráðs RK í Genf.

Auður hringdi -- var ánægð með lífið. Finnst skólinn erfiður og mikið af verkefnum. Hún er samt ekkert á því að gefast upp. Hún er með pantað far heim sama dag og þú, 22. des. og hlakkar mikið til. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði og Degi Eggertsbörnum. Rvík. 1.12.1991.

-- Ég skrifa ykkur báðum vegna þess að ég er einstæð móðir þessa dagana og verð ein að standa í öllu því sem þarf að gera.

Dagur - takk fyrir símtalið í gær frá Wigelandsafninu í Osló með pabba þinn í kallfæri. Mikið var gaman að heyra í ykkur og vita af ykkur saman. Pabbi ykkar var ekki fyrr farinn úr landi en óveður brestur á. Svo var rokið mikið og rigningin að glumdi í þekjunni svo ég gat ekki sofnað fyrr en seint og um síðir.

En ég hafði Moggann og las þessa skemmtilegu grein eftir Agnesi Bragadóttur um alþingi sem ég sendi. Það er búin að vera mikið umræða í fjölmiðlum um þetta mál. Það byrjaði á því að Ingi Björn Albertsson hóf umræður eftir sjóslysið mikla við Grindavík þar sem fimm menn fórust. -- Davíð ásakaði Inga Björn um að hann væri að slá sig til riddara -- hefðu orðið mannleg mistök. Í framhaldi af þessum umræðum sagði Davíð álit sitt á Alþingi og þingsköpum -- að á Alþingi ríkti einhverskonar klúbbstemning. Menn væru þarna með gagnfræðaskólahumor og væri mál að linnti. Í framhaldi af þessu komu árásir á Davíð og miklar umræður. Það var allt rétt sem Davíð sagði, en kannski ekki rétt sagt og á réttum tíma -- ekki diplómátskt.

Auður - ég ætla að segja þér frá boðinu til Bessastaða -- Dagur er örugglega búinn að fá eitthvað að heyra frá því. Vigdís hafði sem sé látið þau orð falla í Dublin þegar hún hitti Bo að hún vildi gjarnan bjóða honum og vinum hans til Bessastaða einhvern tíma á meðan á hans dvöl stæði hér. Hún stóð við það. Pabbi þinn var beðinn um lista yfir nánustu vini hans hér og svo kom boðið. Aðeins tólf manns voru boðnir. Þetta var *skraffundur* eins og stóð í gestabókinni hennar. Allt góðir gestir og tíminn leið áður en maður vissi af. Við fengum að sjá niður í kjallara þar sem útgröfturinn er til sýnis og pabbi þinn var náttúrulega svo séður að fá að skoða upp á loft þar sem allt er búið að endurnýja. Bo var mjög hrifinn af öllu þessu tilstandi og spurði þegar hann kvaddi: *Má maður kyssa forseta?* Og svo þakkaði hann henni fyrir með kossi. --

Segir frá að laufabrauðsskurður fjölskyldunnar verði hjá okkur þegar hún verður komin heim. Einnig að Ásgeir verði búinn að ryksuga hjá sér, enda ekki lengur komist hjá því -- og búinn að útbúa kvöldmatinn: tagliatelli með sveppum í rjómasósu. Hann var að ljúka prófum í leiðsögumannaskólanum og var skemmtun á eftir og þurfti hann að velja milli fimm boða. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 9.12.1991.

Fréttir af laufabrauðsskurði.

-- Bo hafði mjög gaman af laufabrauðsskurðinum og fór sæll með nokkrar kökur í kassa til Dublin.

Ferðin til Osló og Helsinki gekk ágætlega og var mikið skemmtilegt að hitta Dag. Ég var hjá honum þrjár nætur. Skoðuðum við hús, sýningar og fórum tvisvar í þjóðleikhús þeirra Norsara. Pólitískt leikrit á litlu senunni skildi ég ekki en Villiönd Ibsens á stóru senunni var einstaklega skemmtileg.

Skemmtilegast var að sitja langtímum saman og rabba við hann um tilveruna og fræðast af honum um námið og viðhorf hans. Hann var mjög áhugasamur að ljúka ritgerð um skipulag og lagði fram kenningu um skipulag Osló sem reist var á kenningum úr eðlisfræði sem Kjartan Emilsson er að skrifa doktorsritgerð sína um.

Þá var gaman að koma til Helsinki, sérstaklega að hitta Markku Niskala og konuna hans og líka að koma á Oddfellowfund. Þeir sem ég hitti voru Finnlandssvía í sænskumælandi stúku. Aldeilis skemmtilegir menn, sameinaðir í deyjandi menningu merkilegri og sem tala þetta einstaklega skemmtilega mál, fallett og sérstakt. Segja má að þeir séu yfirstétt í þeirri merkingu að þeir eru sameinaðir í vörn gegn finnskum menningaráhrifum, ekki vegna ríkidæma, þótt auðvitað séu þeir almennt sæmilega haldnir. Sameiningartákn þeirra er trú á gildi menningar sinnar, að sínu leyti eins og Íslendingar.

Ég kom heim til Markku¹ og Anitu þar sem Kai² hafði áður búið í og sem ég hafði svo oft heimsótt. Markku átti afmæli þennan dag. Hann er nú framkvæmdastjóri Finnska Rauða krossins eins og Kai Warras var.

Fundurinn gekk ágætlega sem vænta mátti. Reyndar voru þeir tveir og enduðu með því að gera ráð fyrir öðrum tveim fundum.

Mamma þín tók á móti mér á flugvællinum í ótrúlegri rigningu, roki og sex stiga hita. Var gaman að koma heim og taka til óspilltra málanna við að koma öllu vel fyrir, hreinsa og standsetja eftir einstaklega velheppnaðar breytingar. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 14.12.1991.

Segir frá undirbúningi jólanna, að ég hafi verið lasin þegar ég kom frá Finnlandi en sé að verða góð. Fór samt á Þjóðskjalasafnið en kom illa haldin til baka.

Segir líka frá skemmtilegum búðarferðum með Jójó vinkonu sinni í Kringluna. Einnig í kjólabúðir til að fá flíkur á mömmu sem var mjög ánægð og upplýft af framtaki hennar. Líka hreinsaði hún fyrir hana stofuteppið sem er eins og nýtt.

--Ég er alltaf að blessa þessa breytingu á vinnutímanum að fá föstudaginn lausan eftir hádegðið. Það er nú meiri lúxusinn. Ég ætla að reyna að fá frí milli jóla og nýárs. Ég á eftir viku af sumarfríinu og hef oft fengið að nota það á þessum tíma, enda margir tannlæknar líka í frí þá.

¹ Markku Niskala (1945-2018) frkvstj. Finnska Rauða krossins og síðast aðalritari Alþjóðasamband Rauða kross félaga.

² Kai Warras (1917-2006) frkvstj. Finnska Rauða krossins (1956-1985).

Dagur hringdi á Laugardag og var að prófa nýja símann. Sá var nú ánægður með að vera búinn að koma sér vel fyrir. Ég sagði líka við hann að hann ætti það svo sannarlega skilið eftir alla hrakningana í húsnæðismálum sem hann hefur gengið í gegnum. Hann sagði líka að þau Vibeke hefðu einmitt verið að tala um að það væri ótrúlegt hvað þau hefðu verið heppin, en hún hefur verið í lélegu húsi allan sinn skólatíma.

Ásgeir leit svo inn í gær. Hann ætlaði að sækja Brynju¹ upp í háskóla þar sem hún var að lesa. Þá greip hann í tómt, hún var farin heim. Síðasta prófið hjá henni er 22. des. -- og það þýðir ekki að hugsa um jólaundirbúning fyrr en að síðasta prófinu afloknu. Mér sýnist hann þó vera að gera ýmislegt, m.a. að baka og spekulera í jólagjöfum. --

Segir frá stúdentsprófi Friðu dóttur Palla. Þar er heimilið undirlagt í endurbótum og því buðum við þeim að annast laufabrauðsgerðina hjá okkur en mikið er að gera.

-- Á morgun förum við skvísurnar (hjá TFÍ), Gróa, Guðríður, Bogga og ég út að borða saman í Café Óperu.² Það er jólahlaðborð og erum við að eyða dósasjóðnum.³ Svo verður jólakvöld með konunum í Oddfellow og loks fer pabbi þinn út að borða með skrifstofunni sinni. --

Ég er búin að fara tvisvar í bæinn með mömmu. Hún er aðallega að víða að sér birgðum fyrir jólaboðið hjá sér og er heldur en ekki ánægð þegar við komum heim með alla plastpokana fulla af mat. Hún er búin að gera ísinn, að ég held líka að sjóða hangikjötið og frysta og svo ætla Stella að hafa okkur uppi hjá sér. Mömmu þykir gaman að skipuleggja þetta, en segir alltaf: *Ætli þetta verði ekki í síðasta skipti.* Hún hringdi í gærkvöldi og sagði að Steina systir hennar hefði verið flutt á spítala. Hún hafði dottið og ýtt á öryggishnappinn. Það komu menn og hjálpuðu henni og kölluðu á Rönku og Helgu. Hún er orðin það veikbyggð að hún getur varla orðið gengið. Hún vill samt hvergi vera nema heima hjá sér og grátbiður um að fá að fara heim. Þeim systur þykir þetta orðið mjög erfitt. Það var Guðjón, tengdasonur Rönku, sem kom henni á Borgarspítalann núna. Hann sagði að henni yrði sennilega hent út mjög fljótlega -- Hún þarf að fara bráðum á hjúkrunarheimili, hvernig sem það gengur.

Á meðan ég hef verið að stússast í eldhúsinu hefur pabbi þinn verið að skrifa jólabréfin. Hann er kominn með einhverja rosalega tækni, getur notað ýmislegt það sama úr þeim til margra. Prentar þau svo öll út með einni skipun á mjög skemmtilegan litaðan pappír. -- hlökkum til að sjá ykkur! --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 16.12.1991.

-- Þakka þér innilega góðar móttökur og skemmtilega samveru -- í þínu vinnuumhverfi. Kannski ræddum við betur saman þennan stutta tíma en nokkru sinni áður -- Mér sýnist af öllu að þér líði vel, vera í góðu jafnvægi, þroskast hratt og í rétta átt. Gaman verður að hittast aftur um jólin --

Auður hringdi og skrifaði ömmu þinni bréf. Er hún að verða mjög ánægð með námið og virðist sækjast það æ betur. Sem eðlilegt er þegar hún nær tókum á því og finnur árangur vaxa hægt og hægt. --

Í gærkvöldi bauð Bo (*Almqvist*) okkur í mat á veitingahúsið *Við Tjörnina*. Dvöl hans hefur verið mjög góð, honum sóttist starfið vel og aldrei leiðst þótt aðskilnaður við konu og syni sé erfiður. Segja má að vinir hans og samstarfsmenn (*í Árnastofnun*) hafi borið hann á höndum sér. Er alveg áreiðanlegt að sá hópur er hinn gestrisnasti og má víða leita til að finna annað eins. Að sjálfsgöðu er varla til skemmtilegri, þægilegri, betri og ánægðari gestur en Bo. Á morgun kemur hann hingað í gellur og ég ek honum út á flugvöll næsta dag.

Þann sama dag er okkur boðið til foreldra Kára og Guddu. Þá á að *nefna* soninn þeirra. Amma þín var beðin um að halda honum undir *nafngjöf*, eða hvað sem það annars er kallað.

Var hún í miklu uppnámi yfir því, enda eðlilegt þegar svo gömul manneskja er beðin að fara inn á slíkar ótroðnar brautir, sem ekki samræmast uppeldi og venjum. En sú gamla tók sig saman í andlitinu og sagði: *Annaðhvort er maður dauður eða lifandi.* --

Ásdís Skúladóttir Útvarpsviðtal 1992.

Friede P. Briem

- Spurning um bernskuminningar frá Akureyri frá þeim tíma er faðir hennar var amtmaður þar.

Nei, því miður, því ég var svo ung þegar ég fluttist hingað til Reykjavíkur, eða þriggja ára. Ýmislegt hefur verið rifjað upp við mig. Það sem er minnisstæðast er bruninn á Akureyri 1901. Þá brunnu sjö hús og fólk missti heimili sín. Sérstaklega er minnisstætt að séra Geir Sæmundsson missir sitt hús og flytur með fjölskyldu sína inn til okkar, konu sína, dóttur, stúlku og kú. Pabbi hafði haft kú til að hafa mjólk til heimilisins. Hún hafði drepist um haustið. Heyið hafði verið sótthreinsað. Þarna gátu allir hafist við þar til séra Geir var búinn að byggja.

- Voru þetta venjuleg óhöpp?

Það kom upp eldur í veitingahúsinu. Vindstaðan var þannig að eldurinn fór yfir götuna, allt mjög átakanlegt. Jafnvel barst eldurinn eftir timburgirðingum sem pabbi hafði látið brjóta niður til að stöðva eldinn.

- En svo flytur þú með móður þinni til Reykjavíkur.

¹ Hér er líka fyrst minnst á Brynju Jónsdóttur (1966) sem varð landfræðingur og kynningarfulltrúi hjá Orkustofnun og verðandi eiginkona og móðir dætranna tveggja. Þau voru saman í námi í Leiðsögumannaskólanum.

² Café Ópera var í gamla húsinu hans Sigfúsar Eymundssonar á horni Austurstætis og Lækjargötu.

³ Þetta eru konurnar sem vinna við félagsheimili TFÍ. Dósasjóðurinn byggist á seldum dósam sem eftir verða í veislum sem þar eru haldnar.

Við urðum að fara með skipi. Pabbi vildi að við færum á undan honum meðan gott var í sjóinn. Hann hafði útvegað hús til leigu við Hafnarstræti sem kallað var Klampenborg og er þar sem Hafnarstræti 19 er nú. Þá var engin höfn og sjórinn skall á húsinu þegar veður var vont.

- Móðir þín var dóttir séra Helga Hálfðánarsonar sem gaf út sálmaþóka.

Já. Þar kemur mamma einmitt talsvert við sögu. Sálmaþókin var að koma út 1886 og Helgi var formaður sálmaþókanefndarinnar. Hinir í nefndinni voru dreifðir um allt land og erfitt að ná til þeirra.

Mamma var með fallega rithönd og pabbi hennar fékk hana til að skrifa sálmana upp. Það var reglan að hún þyrfti að skrifa fjóra sálma á dag. Þá var það sem vinkona hennar, Ragnheiður Melsted, sem síðar giftist Hannesi Hafstein, kom á gluggann; þetta voru lágir gluggar, og spurði: Eru þeir langir í dag? Mamma hneigði höfuðið hrygg á svip.

Út af því dettur mér í hug að löngu síðar hitti hún frú Dóru Þórhallsdóttur. Þá segir mamma við hana: „Mikið lífandis ósköp þótti mér nú vænt um hann afa þinn“ (séra Björn í Laufási). „Nú! Hvernig gat það verið? Hann sem dó svo snemma“, svaraði hún. „Jú, það var vegna þess hve sálmarnir hans voru stuttir.“ Amma gladdist yfir hverjum stuttum sálmi.

- En þú og móðir þín bjugguð einkum í Tjarnargötu?

Jú. Pabbi kom að norðan um haustið í október, því hann þyrfti að ganga frá embætti sínu. Svo dó hann 17. des. 1904. Mamma kunni svo illa við sig þarna í þessu húsi, í risinu, að við fluttum í Þinghóltsstæti 28 og meðan við bjuggum þar var byggt í Tjarnargötunni. Þangað fluttum við um haustið 1907. Þá vorum við öll krakkarnir með mislinga, en þá var mislingafaraldur í bænum. Samt var alveg yndislegt að flytja.

- Hvernig var lífið á heimilinu í Tjarnargötu?

Já það var strax mjög skemmtilegt. Amma bjó þá með sonardóttur sína Sigríði Tómasdóttur á efri hæðinni. Við vorum fimm systkinin. Hálfbróðir minn, Kristinn, var farinn að heiman til náms í Edinborg. Þarna skapaðist mjög skemmtilegt andrúmsloft. Amma, Þórhildur Tómasdóttir, sat alltaf á sínum stað, kembdi ull, spann og þrjónaði skotthúfur úr fínu bandi. Það er mikið búið að segja af ömmum. Amma okkar sagði okkur ekki sögur. Við máttum alltaf vera hjá henni að lesa og leika. Hún var mjög góð við okkur, gaf okkur kaffi, brennandi heitt, svo dísætt að við gátum ekki drukkið það svo við lentum í vandræðum, því engu mátti leifa. Þá var eina ráðið að hella því í blómapotta. Reyndar var það grunsamlegt þegar rauk upp úr blómapottunum. En blómin virtust fegin að fá þennan sopa.

- Hvernig var jólaundirbúningurinn á heimilinu?

Ævinlega var byrjað á því að baka laufabrauð. Mamma bjó til deigið og síðan var skorið út á brettum. Svo var brauðið lagt til hliðar og aldrei snert fyrr en á jölunum. Svo var síður að baka brúnar sírópskökur.

- Þetta hefur breyst nú!

Já börnin fara á Austurvöll og sjá þegar kveikt er á norska trénu. Svo koma nokkrir jólasveinar, mjög ólíklegir að vera af fjöllum og syngja *Gekk ég yfir sjó og land*. Geturðu hugsað þér neitt eins andlaust?

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 6.1.1992.

Lífið í húsinu að komast í samt lag eftir veislur og fjölmenni. Ásgeir missti af húsnæði sem hann hafði fengið ádrátt um til sex mánaða. Er feginn að svo skyldi fara því ekki er gott að búa við bráðabirgðaástand.

Auður hafði verið upptekin við að skrifa viðtal við Katrínu mömmu Kjartans Pierre Emilssonar, gekk professionelt til starfa, breyttist jafnvel í fasi við verkefnið sem var um líf Frakka hér, en Katrin starfar að nýju frönsku orðabókinni.

Sigríður Dagbjartsd, skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 6.1.1992.

Þakkar fyrir samveruna yfir jólin og segir frá lífinu í húsinu á þessum degi, megrunarátaki, tekið niður jólastkraut, þrettándakaffi hjá ömmu hennar og árleg veisla og sprengingar hjá Hjalta Geir og Siggju Erlends sem lýsa upp himininn.

-- Við pabbi þinn og Ásgeir vorum að skipuleggja vinnu á heimilinu í vetur.

Ásgeir ryksugar efri hæðina og niður stigann. Pabbi þinn ryksugar niðri og þurrkar af. Sér sjálf um eldhús og baðherbergi og annað dútl. Allir ánægðir. Hér er tómahljóð í húsinu, hugsað til hennar og prófsins.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 13.1.1992.

-- Húsið tómlegt -- herbergið þitt framandi þegar búíð er að taka til.

Mikið verk er eftir við að koma kjallaranum í lag eftir pípulagningar nú og áður. Ég tók mig til og hóf múrverk og var að því alla helgina. Það hafði verið brotið bak við miðstöðvarkatlana þegar klóakleiðslan bilaði á sínum tíma -- var ljótt að sjá og subbulegt, erfitt að komast að því. Nú er ég að mestu búinn, þurfti að teygja mig eins og gat, en náði samt ekki. Einhvern veginn tókst það samt. Þegar ég var búinn tók ég eftir að ég var brenndur á hálsinum. Til að ná eins langt og ég gat þá hvíldi hálsinn á hitaröri -- Nú er allt að verða gott. -- sem sé engin menningarstarfsemi þessa helgi.

Að vísu lesið dálítið. Mamma þín er ekki viðmælandi í rúminu á kvöldin, með vasadískó lærandi frönsku. --

Segi frá lestri á bók Stefáns Jónssonar: Að breyta fjalli og villukeningunni um svertingjann „forföður“ Davíðs Oddsonar. Einnig um Haustskip Björns Th. Björnssonar sem er full af tilgerðarlegu orðfæri: valkóka, vafra, delinkvent, hnípnar konur, mismuna sér inn um dyr.

-- synd, því innan um og saman við eru sagnfræðiperlur sem Björn gerði leikrit úr: *Ljón á síðbuxum*. Íslendingar hafa fengið forskrift af sagnfræðilegum skáldskap frá Tómasi Guðmundssyni og Sverri Kristjánssyni, sem reyndar birtu sitt efni í tímaritinu Satt, minnir mig. Á eftir komu Jón Helgason blaðamaður og nú síðast Hannes Pétursson. Allir með stuttar frásagnir, látlausar, með vísu að vaðli og skruði. Nú kaffærðir af Birni. --

Stórafmæli um næstu helgi: Steini, 50 ára þann 20. með kvöldverð heima -- Halldór Jónatansson 60 ára þann 21. með móttöku í Félagsheimili Kópavogs -- úr handa Steina - Heimskringla handa Halldóri. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 13.1.1992.

-- Þakka þér fyrir samverunar um jólin og bréf frá þér. Það var gaman að heyra af göngu þinni um Osló til að finna lóð fyrir lokaverkefnið. -- Það væsir ekki um ykkur lokanemendur í húsnæðinu sem þið hafið til umráða. --

Það er gott að koma til vinnu eftir fríið. -- Ég hef sjaldan notið jóla og áramóta eins vel. Gaman að fá ykkur öll heim og breyta fjölskyldunni allt í einu í stórfjölskyldu.

Við vorum búin að ákveða að taka til hendinni í kjallaranum þegar allt væri komið í venjulegan farveg í húsinu. Pabbi þinn er byrjaður á steypuvinnu. Það var borað mikið gat á vegginn frá gangi og inn í miðstöðvarherbergið í hitteðfyrri þegar klóakleiðslan í veggnum bilaði og vatn flæddi um kjallarann. Nú er pabbi þinn að steypa á bak við katlana og er mjög erfitt að komast þar að. Hann er kominn með brunasár um hálsinn vegna steypuvinnunnar. Erfitt að hugsa sér hvernig það muni vera til komið vegna steypuvinnu. Hann þarf að teygja sig svo mikið í vegginn bak við katlana og ákafinn svo mikill við verkið að hann hefur ekki tekið eftir því fyrr en of seint að hann hallaði sér alltaf ofan á eitt af heitu rörum. Þetta má kalla vinnugleði. Kjallaravinnan endist okkur sjálfsagt fram á vor og bjargar vetrinum. --

Hér á heimilinu var skotið á samningafundi um helgina. Samið var um vinnu á heimilinu og hvernig hún skyldi skiptast á einstaklingana þrjá í vetur. Ég var ánægð með minn hlut og taldi mig ná góðum samningum. Fékk það sem ég vildi. Ég þarf líklega aldrei að ryksuga samkvæmt því. Karlpeningurinn tók það að sér til skiptis. Ég fékk í minn hlut baðherbergin og eldhús og að sjá um þvott og strauja. Ég sé fram á lúxuslíf. --

Segir frá mörgum og miklum afmælum janúarmánaðar, sex, þó við getum ekki komist í hans 27 ára afmæli, 21.1. Ásgeir er aftur byrjaður í leiðsögumannaskólanum, útvarpinu og Ármúlaskólanum, eiginlega horfinn af sjónarsviði okkar. Það sást þó til hans á útsölum borgarinnar. Býðst til að gefa Degi teikniáhöld í afmælisgjöf. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Oslo. 13.1.1992.

-- Þá er fyrsta vikan liðin í skólanum og fólk farið að tínast til vinnu. Enn eru margir óákveðnir með verkefni, en mér sýnist velflestir vera með eitthvað í höndunum. Feginn er ég að svona reynsluleysi bitnar ekki á okkur sem erum komin í gang.

Fram að þessu hef ég mest verið að lesa um nútímatónlist og unnið í *rýmisprógramminu*. Á föstudaginn átti ég ágæta fundi uppi í tónlistarskóla með kennara í tónsmíðum. Gat hann gefið mér mörg góð ráð. Það var gott að heyra að honum fyndist verkefnið ákaflega spennandi og það prógramm sem ég hef haft í huga vera raunhæft; *i aller höjeste grad*.

Um helgina kom svo Logi¹ og við höldum matarboð ásamt Geir granna ásamt bróður hans -- mjög skemmtilegt. Skáluðum við í íslensku brennivíni sem þeim norsku þótti ákaflega gott. Þegar fór að líða á nóttina hljómuðu norsku ættjarðarlög in í öllu húsinu. Á kránni sem við fórum seinna á kom til mín maður sem bað mig um að taka þátt í auglýsingakvikmynd, hann var þá að leita að fallegu fólki til að bera einhverja nýmóðins stuttermaboli. Ég fór svo í gær í stúdíóið og var fótógrafaður í bak og fyrir, síðan var sett plata á fóninn og aðlaðandi kvenmaður á gólfið sem ég fékk það hlutverk að dansa við. Að lokum var mér boðið statistahlutverk sem ég sá mig knúinn til að afþakka.

Mitt saklausa yfirbragð og heiðarlega augnatillit hefur ekki verið nógu gott til að komast í aðalhlutverkið.

Það var samt mjög gaman að prófa þetta. Í morgun þegar við komum í skólann var lögreglan mætt. Það hafði verið framið innbrot og ýmsu smáðóti stolið. Þjófurinn hefur greinilega gramsað í mínum hirslum en sem betur fer ekki tekið neitt. Svona er það. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Oslo. 17.1.1992.

-- Takk fyrir síðast og þennan ágæta tíma saman þótt stuttur hafi verið. Við getum búist við að það verði lengra næst. Það var ágætt að koma hingað aftur til Oslóar. Geir, nágranni minn, hefur ekki talað um neitt annað en *Pittigrilli og Napóleón* síðan ég kom, enda er hann að keppast við að klára Laxnessbókin sem ég gaf honum í jólagjöf. Hann plægir sig í gegnum textann með orðabók sér við hlið. Það kalla ég áhuga.

Síðustu daga hef ég verið að koma mér fyrir í nýjum vinnusal og setja mig í stellingar með nýtt verkefni.

Ég hitti kennarana fyrir síðustu helgi og voru þeir að yta á eftir mér með að finna mér lóð og ganga frá fyrsta *rýmisprógramminu*. Þá fór ég af stað og arkaði um í þeim hverfum sem ég hafði haft í huga og fann þessa ágætis lóð við Akersána. Það má því segja að ég sé kominn í gang með verkefnið. Hinir krakkarnir hafa verið í miklu basli með verkefni og ekki getað ákveðið sig með það sem hefur verið í boði. Þannig að ég er hérna í salnum og allt rólegt.

Það er eiginlega réttara að segja, húsinu, því við erum að taka lokaverkefnið og erum með heilt hús út af fyrir okkur. Plássleysið var orðið svo mikið í skólanum að þeir fengu leigt hús neðar í götunni fyrir okkur. Aðstaða er mikið betri en uppi á skóla, enda allt nýtt hérna. Ljósritunarvél, tölva og sími - allt ókeypis, þannig að hér er ágætt að vera.

Ég vona að þið hafið það sæmilegt, þó að ég sé ekki lengur með ykkur -- ha-ha-ha.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 27.1.1992.

-- Þá er afmælis- og útstaðsishrinan á enda í bili. Hún endaði með boði í gær hjá Palla og Láru og þar áður hjá Henna bróður Agnars Biering. Það er gaman að vera með þeim Bieringssystkinum.² Þau kunna að vera í boðum og njóta þess. Er orðinn gamall vinskapur milli þessa þíns og Agnars og gaman að tryggðin haldist. Bibí kona Henna lærði hárgreiðslu hjá Stínu frænku svo þar er líka gamall kunningsskapur. Hún og nokkrar fleiri sem lærðu hjá Stínu hittast reglulega og halda svo tryggð við Stínu og heimsækja hana.

Svo hringdi Palli í gær og bauð okkur í kalkún. Ég var farin að halda að við þyrftum að vera heima og elda sjálf. Það bjargaðist og var þetta frábærlega góður matur. Árni og Kári og þeirra spúsar og börn voru þar líka. Hólmfríður³ dóttir Árna og Ólafur Axel, sonur Kára, eru alveg eins og feður þeirra voru þegar þeir voru litlir. Sami grallaraspurinn á báðum.

Pabbi þinn tók aldeilis til hendinni í kjallaranum um helgina. Endaði á því að mála eitthvað af gólfunum sem höfðu skemmt af flóði og fleiri áföllum. Nú er þar orðið snyrtilegt þrátt fyrir mikið dót. Ásgeir tók aldeilis til hendinnu líka. Það var hans helgi að ryksuga. --

Auk þess tókst honum að gera við skáparennihurdir sem höfðu verið til „ó“leysanlegra vandræða lengi.

Segir af uppistandi í samfélaginu er Sameinaðir verktakar greiddu hluthöfum 900 millj. kr. þó allt sé á kúpunni. Þetta er fé sem hefur myndast vegna einokunaraðstöðu fyrirtækisins hjá varnarliðinu. Allt mun þetta tilkomið vegna kröfu Páls Gústafssonar (Pálssonar) frænda þessa þíns sem heimtaði greiðsluna. Veldur ólgu.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 2.2.1992.

-- gaman að fá kveðjuna frá þér -- Amma þín er hress núna og ánægð með sig og þá sem hún hefur fengið í heimsókn undanfarna daga. Hún er í dugnaðarham. Hringir í fólk og segir svo við það hvort það ætli ekki að líta inn til hennar. Og þegar það segir *jú* - þá segir hún komdu bara á morgun og neglir það niður. Hún hefur verið að baka til þess að eiga eitthvað handa því og er ótrúlega dugleg við þetta. Svo kemur hún og segir okkur fréttir frá þessu öllu saman.

¹ Logi Már Einarsson arkitekt, síðar alþingismaður, félagi Dags.

² Bieringssystkinin: Lára (1919) átti Þorvarð Jón Júlíusson (1918-72) hagfræðing; Henrik (1922), kaupmaður sem átti „Bíbí“ sem lærði hárgreiðslu hjá Kristínu Ingimundardóttur við Kirkjutorg; Gunnar Biering (1926-2007), yfirlæknir á Landspítalanum, sérfræðingur í fyrirburum, barnalæknir, þá orðinn ekill og Agnar, lögfræðingur, sem áður hefur verið getið um. Foreldrar þeirra voru af dönsk/ísl. kaupmannættum. Allt þetta fólk kundi að taka á móti gestum, vera í samkvæmum og halda uppi bráðskemmtilegum samræðum, að ég ekki tali um að bjóða heim, með öllum þeim síðum og for- og eftirdrykkjum sem heyra til án þess að í neinu sé ofgert.

³ Hólmfríður Árnadóttir er orðinn viðskiptafræðingur og Óli Axel Kárasón flugmaður.

Við fengum okkur göngutúr -- og heimsóttum Dídí. Fengum hennar góða te. Það er gaman að koma til hennar. Hún hefur alltaf mikið að segja en ekkert heldur of mikið. Pabbi þinn tók hjá henni eyðublöðin fyrir skattinn og ætlar að sjá um þau fyrir hana. --

Palli og Lára fór í gær til Indlands, flugu í gegnum London til Madras og Hyderabad. Þar fer Palli á læknaþing. Það var gaman að koma til þeirra um helgina og sjá hvernig fjölskyldan breytist þegar litlu börnin bætast við. Þar voru Kári og Arni með sín börn og allt snerist um þessar litlu manneskjur. -- Þeir eru natnir og myndarlegir pabbar. --

-- búin hrinan af stórafmælum. Síðast var fimmtugsafmæli Barkar Thoroddsen í félagsheimilinu og komu 200 manns -- Ég hlakka til þegar skrifstofan mín flyst niður því það er ansi mikil truflun af svona veislustússi. Það eru allar horfur á því að skrifstofuplássið verði tilbúið í maí. Það eru tíðir fundir með innanhúsarkitekt og iðnaðarmönnum -- Mér líst mjög vel á þetta. Ég stefni svo á að ráða hálf dags-ritara í sumar eða haust.

Samgledst ykkur að vera búin að eignast ryksugu. -- ég sé fyrir mér hvað allt er orðið vel ryksugað og fínt --

Hér er líka orðið fínt og vel tekið til í kjallaranum. Pabbi þinn var að spyrja mig áðan hvort ég væri ekki búin að segja þér einhverjar frægðarsögur af sér í þessu bréfi. Ég verð að gera það hér með. Hann er búinn að breyta, bæta, steypa og mála; taka svo vel til niðri í kjallara að maður hlakkar til að fara þangað. --

Ásgeir var að koma heim. Hann hefur verið uppi í útvarpi í dag að undirbúa þætti næstu viku. Hann er kominn með þátt á mánudagsmorgnum líka og með honum í þáttunum er Bjarni Sigtryggsson.¹ --

Segir frá bókmenntaverðlauninum til Guðbergs Bergssonar og Guðjóns Friðrikssonar. Einnig af verðlaunum Norðurlandaráðs til Friðu Á Sigurðardóttur.

Segir líka að við ráðgerum þátttöku í hópferð til Rovaniemi til að heimsækja Liisu vinkonu sína sem alltaf er að hvetja hana til heimsóknar.

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 2.2.1992.

- Tíminn líður og maður er farinn að herða tókin á verkefninu til að samviskan geri mann ekki taugaóstyrkan.

Í síðustu viku var farið yfir lokaverkefni síðustu annar með þeim árangri að sex nemendanna féllu. Í þetta skiptið enginn Íslendingur, þannig að þeim virðist fara fram, en engu að síður þótti þetta óhemju hátt hlutfall miðað við fyrri ár. Prófdómaramenn komu með hörkudóm yfir skólanum og skorti á faglegum vinnubrögðum nemendanna. Svona er lífið, kannski?

Þetta gerði það að verkum að það fór skjálfti um okkur sem nú sitjum við lokaverkefni. Menn fóru að undirbúa lokafrágang og snúa sér að ýmsum undarlegum athöfnum við verkefni. Svo tók stemmningin að róast um helgina og vonandi lærir maður eitthvað á þessu. Við höfum a.m.k. tækifæri til þess, ekki þeir sem þegar eru búnir.

Logi var óskaplega feginn að sleppa í gegnum smásjána og með þá ágætu kritik sem hann fékk. Hann er farinn að pakka búslóðinni -- skrítið að þessu tímabili sé að verða lokið. --

-- Ég var alveg klökkur þegar ég las bréfið ykkar og fann alla vellíðunina og hlýjuna streyma til mín í gegnum það. --

Auður Eggertsdóttir skrifar Friede P. Briem. París. 2.2.1992.

-- Ég klökknaði alveg þegar ég las bréfið -- Þú ert svei mér ekki af baki dottin, svo ánægð með tilveruna að maður blygðast hálfpartinn fyrir að rövla yfir smámunum. Nei, ég held að það sé réttast að taka þig og þitt hugarfar til fyrirmyndar og líta alltaf á björtu hliðarnar. Þá hlýtt ég að ná jafn háum aldri og þú. *Vær glad*, eins og bókin þín góða segir.

--Ég fer bráðum í vikufri frá skólanum og hef hugsað mér að vera sem mest í bókasafninu þann tíma. Ekki svo, að mér finnst það miður. Þvert á móti hef ég mjög gaman af að vinna verkefni fyrir skólann. Allavega þau verkefni sem ég hef þurft að gera hingað til. Það er eins og ég hafi fundið mig í þessu námi mínu og ég vona að það breytist ekki. Sérstaklega finnst mér gaman í listasögu. Það er mitt uppáhaldsfag. Ég er líka langmest í því fagi, enda gengur námið langmest út á hana. Svo kem ég heim úr skólanum og helli mér yfir bækur um listasögu, til að glöggva mig betur á því sem kennarinn fór yfir þann daginn. -- ég vona sannarlega að þessi ánægja mín með námið, eigi eftir að endast í þessi fjögur ár skólans. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 3.2.1992.

Fréttir af móðursystkininum, Einari, sem líður ekki vel; hallar undan fæti hjá Steinu, en sem er alltaf ánægð.

-- Amma þín hér í húsinu er á flugi um þessar mundir, ánægð og hefur um margt að segja, fylgist með landbúnaðarmálum og stjórnmálum, svo og menningarmálum, halar fólk til sín í heimsóknir og gefur okkur rækilegar skýrslur um allar sínar gerðir. Hún er eins og best getur orðið, er ánægð og bjargar sér eins vel og hægt er. --

Segir líka fréttir af Dídí móðursystur hans, sem segir líka margar fréttir, einkum úr bókmenntaheiminum og af bresku aðalsólki en hún hefur verið áskrifandi Ladies Home Journal frá 1927.

-- Henni hlýtur að vera órótt af því að Siggí Línadal kom til að láta meta íbúðina -- Mikið verk er við að skipta búi Hildu og mæðir mjög á Sigga, sem ætlar að kaupa Bergstaðastræti 76. --

¹ Bjarni Sigtryggsson (1946) lengi fjölmiðlamaður og síðast starfsmaður í utanríkisþjónustunni víða.

Ásgeir hefur verið í vandræðum með bilun í bílnum sem er dýrt að laga; vinnur ósköp, er í Leiðsöguskólanum og hefur verið í æfingaleiðsöguferðum um bæinn. Leiðarlýsingar hans eru einkar vel skrifaðar og skemmtilegar. Hann ætlar að reyna að fá leiðsögustarf í sumar.

-- Vona ég að honum takist það. Þrátt fyrir alla vinnuna virðist hann afslappaður, er ánægður og skemmtilegur. Því miður (fyrir hann), fær hann ekki húsnæði og þurfti að grípa til einhverra ráðstafana í því efni. --

Góðar fréttir af Auði, sem er komin á námslán og þarf að fá Macintosh tölvu, sem er reyndar dýrari í Frakklandi en hér. Þarf eitthvað að gera í því máli. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 6.2.1992.

-- Af okkur er allt hið besta að fréttu. Veðrið er blautt og fer hratt.

Ein glæný frægðarsaga af honum föður þínum:

Ég var á Pósthúsinu fyrir nokkrum mínútum. Buxurnar mínar eru enn ekki orðnar þurrar. Þar hitti ég Magnús Pálsson¹ listamann, jafnaldra minn, aðalvin Haraldar Guðjónssonar. Hann giftist einni bekkjarsystur minni, Önnu Siggu Gunnarsdóttur.² Þau skildu og er hann búinn að ná sér í unga konu, enska, held ég, lækni. Búa þau í London og eiga lítið barn.

Talaði ég við hann um alla heima og geyma og spurði hvað hann væri að gera. Sagði hann mér frá því. Hvort hann hefði nóg að gera? Já, sagði hann, hann ynni svo sem eina til tvær klukkustundir á dag við tölvuna. Það væri nóg.

Þá sagði hann að við hefðum hist fyrir nokkrum árum og hefði ég þá spurt sömu spurningar og hann svarað: *Eina til tvær stundir, en bætti við - ef ég nenni.*

Þá hefði ég sagt við sig: *Passaðu þig á að komast ekki í mínus.*

Þetta sagði Magnús að væri besta heilræði sem hann hefði nokkru sinni fengið og hið eina sem hann færi alveg eftir. Ég er mjög stoltur yfir þessu og að fréttu tvennt í einni og sömu ferðinni: *Að ég hefði sagt eitt spakmæli um ævina; og að farið væri eftir því.* Þetta væri meira en verðugt lífsstarf. Veit ég ekki um marga sem hafa komist öllu lengra.

Læt þessu lokið áður en þú rífur bréfið vegna sjálfhóls. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 9.2.1992.

-- Þetta var góður dagur því við fengum líka bréf frá Degi. Það var gott hljóðið í honum. Hann sagði að við úttekt á vinnu nemenda við skólann -- hefðu sex fallið. Þar voru engir Íslendingar sem betur fer. Hann sagði að það hefði komið mjög mikil gagnrýni fram frá prófdómendum um slæg vinnubrögð nemenda. Þetta hlýtur að segja sitt um kennsluna. --

Við höfum það aldeilis gott, buðum frændfólki mínu, Guðrínu og Jóni, Kristínu og Guðjóni, Bensa og Stellu og höfðum prímusmat þannig að allir bjuggu sinn mat til.

-- Kemur sér vel fyrir húsmóðurina, en kemur upp um þann sem ekki hefur eldað mikið áður. Ásgeir sagði að Guðjón hefði verið mjög hissa yfir þessu í fyrstu en farið fram þegar leið á borðhaldið. Ásgeir bjó til *tirezmisu* og gerði lukku. Hann borðaði með okkur en þurfti að fara að búa sig undir leiðsöguskólann. --

Þær voru að fara frá okkur, amma þín og Dídí. Við höfðum boðið þeim að borða. Það gekk bara vel. Að vísu móðgaðist Dídí mikið þegar hún var að segja - aðallega Ásgeiri - frá ferðalögum sínum um landið í gamla daga og náttúrlega ýmsu neikvæðu sem hafði komið fyrir. Hún var samt óvart skemmtileg í frásögninni og vissi hún ekki hvernig átti að taka brosi áheyrenda. Aðallega fékk amma þín oft hláturskast og það fannst Dídí grunsamlegt. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 10.2.1992.

Allt gott er að fréttu, þakkar bréf. Auður er í besta skapi og gengur vel í skólanum. Gaman að fréttu að verkið þitt sækist vel.

-- leiðinlegt að heyra að skólinn hafi komið illa út úr prófum nemendanna. Er Margrét að baki því?³

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 18.2.1992.

-- allt gott -- Allir hafa mikið að gera. Ásgeir og pabbi þinn skruppu til Akureyrar -- Pabbi þinn var að undirbúa fund fyrir SÍR í júní og Ásgeir fyrir útvarpið til að taka viðtöl vegna komu nýja Fokkersins frá Amsterdam -- Þeir hittust á flugvellinum á Akureyri, pabbi þinn að fara suður og Ásgeir að koma norður. -- Ásgeir kom svo um kvöldið í bæinn með fullt fangið af túlípönum sem komið höfðu beint frá Amsterdam og voru gefnir öllu fínasta fólkinu. Sem sagt, allt fullt af túlípönum heima hjá okkur - gulum, rauðum og bleikum. --

Lýsir slæmu ástandi í Þjóðfélaginu, atvinnuleysi.

¹ Magnús Pálsson (1929) myndlistarmaður.

² Anna Sigríður Gunnarsdóttir (1929), kennari.

³ Segir af hremmingum nemenda arkitektaskólans. Margrét Harðardóttir, arkitekt, var fengin til að vera prófdómari og varð uppistand af. Sé rétt munað var hún neikvæð gagnvart skólanum, en lét það bitna á stúdentunum, sem þurftu sumir, þess vegna, um sárt að binda og töfðust í námi sínu, auk þess að verða fyrir andlegri ágjöf. Margrét og Steve Christer, maður hennar, reka Studio Granda. Sennilega má rekja þetta til þess að hún er menntuð á Englandi, eins og hann, og finnst mikið til koma.

-- nóg af svartýnisrausi. Við horfum björtum augum fram á við. Erum að skipuleggja ferð til Auðar -- Við þurfum bæði að fara á fund til Hafnar 25. mars og verðum þar í nokkra daga. Síðan er stefnt á París. Eins og við höfum sagt þér dálítið frá þá fær Auður þunglyndisköst annað veifið. Hún getur ekki útskýrt það en er ákveðin í að yfirvinna það. Ég talaði við hana í síma í vikunni og átti hún ansi bág, skældi og sagðist ekki vita hvað þetta væri. Okkur kom saman um að þetta hlyti að vera afleiðing af slysinu. Hún var hress þegar við slitum samtalinu og hún lofaði mér að hringja og hafa samband ef þetta lagaðist ekki.--

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 24.2.1992.

-- Hér gekk hið versta veður yfir -- Það var samt hagstætt fyrir okkur á Bergstaðastræti 69. Við ætluðum ekki að trúa okkar eigin augum þegar við litum út um stofugluggann í morgun. Stóri reyniviðurinn í Lovisugarði, sem við erum búin að hafa horn í síðu lengi vegna skugga í garðinum, hafði fallið í rokinu í nótt. Við sváfum hins vegar eins og steinar urðum ekki vör við vesenið því fólkið hefur þurft að drífa sig út og saga tréð. Það féll beint á húsið og gluggana og því vakið það af værum blundi.

Þetta hefur verið góð vika fyrir fréttamenn. Eins og þú sérð á úrklipunni þá varð heldur en ekki uppistand í Ísraelsheimsókn Davíðs Oddssonar. Almennigur er búinn að hneykslast mikið á honum að vera að fara í opinbera heimsókn þangað á tíma þegar allt logar í óeirðum og óvissu á svæðinu. Hann fór samt og lendir þá í þessu að taka við bréfi frá Wiesenthalstofnuninni. Það var fréttamaður frá útvarpinu og annar frá sjónvarpi með í förinni. -- Þá dynur á þjóðinni þessi líka fréttin um ásakanir sem settar eru fram í bréfinu og ekki verið að fara finum orðum um hlutina. Eins og þú sérð kom þetta við kauninn á fólki. Kom lesandabréf í Morgunblaði sem fréttastjórinn er að svara. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 24.2.1992.

Tölvan biluð og ekki mikið hægt að segja í handskrifuðum fréttum annað en um próflestur Ásgeirs, ferð í óperuna til að sjá Othello. Áslaug Sívertsen, ekkja Helga S. frænða þeirra er dain. Palli á að bera og fékk lánuð hjá mér dökk föt. Hann og Lára voru að koma frá Indlandi. Mjög slæmt veður.

-- Ásgeir var að koma á fætur og tilkynnti að hæsta tréð í garðinum hennar Lovísu á nr. 71 hefði fokið um koll. Líklega hef ég hitt á óskastundina, nema það hafi haft áhrif að ég úðaði tréð með *Agent Orange*,¹ sem ég keypti í Pentagon! --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 29.2.1992.

-- Það hefur verið róstarsamt á flestum vígstöðvum þessar síðustu vikur, verkefnið er farið að *materíalíserast*² og maður er farinn að sjá hvar á því eru vankantar. Fæðingarhrinnur -- Maður er því eina stundina allur á útopnu og þá næstum allur í mínus. Þessu nær maður tókum á: Í þessu er hið kreatíva³ ferli fólgið, ekki satt?

Á föstudag hélt ég fyrirlestur fyrir þriðja árs nema, upp úr því efni sem ég skrifaði um í haust. Þannig að sú athygli sem verkefnið fékk er farin að skila sér aftur til mín. Aðstoðarkennarinn á þessum kúrsi hefur verið spenntur fyrir þessu efni lengi, eins og margir aðrir arkitektar, og finnst þetta tengjast viðfangsefni þeirra. Svo setti ég mig í stellingar, reyndi að leggja þessi gáfulegu *konsept*⁴ á minnið og bunaði þeim út til samnemendanna. Gaman að reyna svona nokkuð.

Á leiðinni í skólann fór ég og keypti efni í bollubakstur, því eins og þið vitið er bolludagurinn á morgun. Þá verður Dagur að spreyta sig á verðugu verkefni. Svo um kvöldið ætlar Geiri frá Nesi⁵ að bjóða mér upp á svokallaðar *kompur*, sem er þjóðarréttur Kristjánssandara: Kartöflubollur, soðnar í hálfu aðra klukkustund og etnar með útuberjasultu. Svona getur veröldin verið skritin - og gómsæt oft á tíðum. Bið ykkur vel að lífa á þessum aukadegi ársins. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 2.3.1992.

Segi af uppistandi á Alþingi. Tekið hefur verið í notkun atkvæðagreiðslukerfi þar. Þá kom það fyrir að Matthías Bjarnason greiddi atkvæði fyrir sessunautinn Árna Johnsen. Viðbrögðin og afsakanirnar eru þessar m.a.: Við þurfum fullkonnara atkvæðakerfi. Þó réð þetta engum úrslitum!

Friðrik Erlingsson⁶ fór með Makka á öxlinni til Parísar þar sem hann býr hjá Auði og Gísla í þrjár vikur --. Það varð úr að við keyptum aðra slíka tölvu fyrir okkur til að hafa sams konar tölvu heima og í vinnunni.

Ingimundur Sveinsson fékk menningarverðlaun DV í arkitektúr fyrir Perluna. Hann fékk þau líka í fyrra fyrir hús Sjóváralmennra.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 7.3.1992.

Friðrik Erlingsson kom til þeirra í heimsókn með nýja Mac-tölvu frá foreldrunum.

-- Ég er smátt og smátt farin að borða meira af kjöti --

¹ Þetta var eitrið sem illræmdir Kanar dreifðu yfir Viet-Nam

² Komast á fast.

³ Skapandi.

⁴ Hugmynd.

⁵ Norskur vinur hans: *Geir fra Nes!*

⁶ Friðrik Erlingsson (1962) rithöfundur. Sonur Erlings Gíslasonar leikara.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 9.3.1992.

Þakkar skemmtileg og innihaldsrík bréf og að skólinn sé á uppleið.

Segir frá því að allt í einu hafi byrjað að leka niður á skrifborðið og tölvuna. Nú er bara að bíða vors til að gera við og þakka fyrir að hafa þó verið heima við.

Fórum á sýningu Þorbjargar Höskuldadóttur.

-- Þar hittum við Katrínu Thors, ekkju Stefáns Sturlu Stefánssonar¹ bekkjarbróður míns og félaga --. Hún er orðin snælduvitlaus, veslings konan. Þakkar mér alltaf þegar ég flutti hana heim frá Bessastöðum, eftir veisluna hjá Vigdís, og bætir við: „Aldrei færi ég þangað aftur þótt ég fengi 100 milljón dollara - af prinsippástandum - meina ég - af prinsippástandum!“

Ræði Gallerí Borg og uppboðsmyndasýningu þar sem gefur að láta nýjar myndir, alls konar myndir úr dánarbúum frá vinum og kunningjum listamanna. Þá sér maður glögg tve litlu máli stærð mynda skiptir, fer eftir því hvað nærri maður stendur.

Svo fór ég á sýningu innanhússarkitekta í Perlunni. Þar voru munir framleiddir af ungu fólki, mörgu nýkomnu úr námi víða um heim, margir húsgagnsmiðir.

-- Fólki spyr til hvers er þetta nám? Í raun og veru er eina von okkar að láta fólk læra og læra. Þá verður fjöldinn nægur, þunginn og samkeppnin svo mikil að eitthvað stórmerkilegt geti þróast. Menntun + fjöldi = þróun. Ný þróunarkenning! Einhvern tíma kemur árangurinn í ljós.

Stjórnámálemenn halda að þeir séu að vinna að framförum, þeir þyrftu bara að sinna leikreglum, fara svo í frí, passa að rugla ekki þróunina. Fólkið hlýtur að skapa sér tækifæri sjálf. Auðvitað hljóta vonbrigði að vera í vændum fyrir margt af þessu menntaða og þjálfaða fólki. Hver getur dæmt um hvað er til þjóðarheillar. --

Klemens Tryggvason, fv. hagstofustjóri (*bróðir Björns*) hringdi og bað mig að hjálpa sér með að greina fólk á fjölskyldumynd sem tekin var á Reynistað í Skildinganesi líklega 1925, heima hjá Eggert Claessen og Soffíu² sem þá voru nýgift. Reynistaður er annað gömlu húsanna gegnt Stelli (*í Skildinganesi*). Vantaði nokkra af boðsgestunum 17. Með hjálp Dídí og systur Hjálmar Blöndals tókst að finna alla. Þetta var ánægjulegt verk og gaman að setja sig inn í merkilegan heim. Ástæðan var að verið er að gefa út ævisögu Jóns Þorlákssonar³ sem var borgarstjóri og forsætisráðherra, giftur Ingibjörgu Claessen frænku okkar, systur Eggerts.⁴

Ég fór með niðurstöðurnar til hans í Laufás (v. Laufásveg). Þangað var merkilegt að koma. Húsið er orðið mjög gamalt. Klemens og kona hans⁵ eru barnlaus og virðast aldrei hafa keypt sér neitt eða endurnýjað nema stórt sjónvarp sem stóð þar í horninu og sýndi kvikmynd með James Stewart. Hann var óskaplega þakklátur mér fyrir hjálpinu. Sé amma þín flaumósa þegar hún fær gesti er það barnaleikur í samburði við Klemens: Björn (bróðir hans) í öðru veldi. Hann er annaðhvort óvanur að fá gesti eða hræddur við þá. Ég var þar varla meira en 10 mín. en hann sýndi mér alla merkilegu innanstokksmunina (draslið?) sem er reyndar komið margt frá Tryggva Gunnarssyni, frænda okkar, sem var uppeldisfaðir ömmu Klemensar (þaðan er nafn Tryggva Þórhallssonar, forsætisráðherra, pabba þeirra systkina komið. Þau eru ekkert skyld okkur, bara þessi uppeldistengsl). Hver einasti hlutur, myndir og málverk sem hengu þar á nöglum upp um alla vegg, og ekki hafði verið þurrkað af í háa herrans tíð, hefðu getað verið efni í klukkutíma samtali, sögulega eða persónulega. Kannski geri ég tilraun við hann síðar. En upplagðara bókarefni hef ég varla séð. Væri raunar efni í sýningu (fráleit hugmynd þó - ef hún er skoðuð í alvöru - eins og svo margar góðar). Ég held að Klemens hafi verið lengi að ná sér eftir heimsóknina. Hann var svo sparsamur sem stjóri að hann bað starfsmenn Hagstofunnar að spara lyftu og nota minna af klósettappír.--

Og ég hélt að ekkert hefði gerst um helgina! Þó er þetta bara brot af því sem gerðist. -- Sem sé, við (ég) höfðum það aldeilis rosalega skemmtilegt. Mamma þín var í sínum heimi með hlustunartæki/frönskuna og er að lesa. Við hittumst stundum á ganginum, röbbum saman og höfum það svo skemmtilegt. Jafnvel rekumst við á Ásgeir og tölum einstaka sinnum í síma. --

Rósa, mamma Halldórs, ekkja Jónatans Hallvarðssonar dó í gær. Dagný Halldórsdóttir er á leið til Parísar. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 16.2.1992.

-- vona að allt gangi vel hjá þér, vinnan skotgangi og lífið allt bæði skemmtilegt og uppbyggilegt, að ég nú ekki tali um að menningin sé höfð í hávegum ásamt innra jafnvægi og sálarró. Það er eins og venjulega, að sálarróin og jafnvægið er síðast talið, þó það ætti að vera fyrst -- Menn láta sálina lönd og leið á meðan unnið er að mikilvægum verkefnum.. Þá er vandinn að taka til við ræktun hennar þegar um hægist. --

Það er alltaf að verða einkennilegra að hugsa til þín með hverjum degi. Vita að þú ert að keppast við; að verkefnið er að taka á sig mynd - að þú sért að ljúka þínu námi og hugsir til hreyfings að því loknu, án þess að ég hafi vissu um hvað þú takir þér fyrir

¹ Katrín Thors (1929-2010), leikkona. Stefán Sturla Stefánsson (1927-1980) aðstoðarbankastjóri, sonur Stefáns skálds frá Hvítadal.

² Eggert Claessen (1877-1950) hrl. Soffía Jónsdóttir (1885-1966).

³ Hannes Hólmsteinn Gissurarson: Jón Þorláksson forsætisráðherra. Rvík 1992.

⁴ Út á þetta fékk ég þakklæti í bókinni. Aldrei hef ég kynnst eða átt orðastað við HHG. Var í sambandi við góðan nemanda hans Ásdís Höllu Bragadóttur (1968).

⁵ Klemens Tryggvason, dóttursonur Klemensar Jónssonar landritara, er byggði og bjó í Tjarnargötu 22 og afkomendur hans upp frá því. Þekkti ég þau öll systkinin, sérstaklega Björn sem var form. RKÍ. Klemens afi þeirra Jónsson, landritari, skrifaði ævisögu sína, sem til er í handriti, fór neikvæðum orðum um nágrannakonun sína, ömmu mína Álfheiði Helgadóttur. Reyndar fleiri, svo mjög að aldrei kom til útgáfu. Klemens átti Guðrúnu dóttur Steingríms Jónssonar rafmagnsstjóra og Láru Árnadóttur. Voru bæði alin upp við Laufásveg en áttu ekki afkomendur.

hendur. Hugsa aðeins út frá fáum vísbendingum sem ég fékk er ég heimsótti þig í des. -- Ég tek fram að það er ekkert óþægilegt og er ekki að reka þig til að segja mér frá, enn síðar að neyða þig til að taka ákvörðun þegar að henni er ekki komið. --

Nú erum við farin að hugsa til Hafnar og Parísar. Þangað förum við eftir níu daga. Það verður gaman að hitta Auði, en erfitt fyrir hana að vera alltaf með gesti. --

Segir frá vinnu Ásgeirs og Leiðsöguskólanum sem er að ljúka. Mikið velt fyrir sér hvort hann geti keypt íbúð ömmu þinnar í Eskihlíð. Íbúðin er laus og greiðslumat í gangi. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði og Degi Eggertsbörnum. Rvík. 16.2.1992.

Vorum við að koma frá Auði í París þar sem við hittum Dag¹ og skoðuðum m.a. arkitektúr Le Corbusier.

-- Hér fáið þið letibréf, skrifað til beggja. Letibréf byrja á kurteisishjali um allt og ekkert, en af því að þið vitið hvert það er þá sleppi ég því. --

Það var alveg dásamlegt að vera saman í París, hittast, ræða saman og fylgjast með hvað á dagana hefur drifið og hvað framundan er. Þótt bréf séu góð (önnur en letibréf) þá rúma þau ekki nógu mikið, með öðrum hætti þó, en símtöl. Því er þetta allt gott hvað með öðru.²

Letibréf fjalla að miklu leyti um veður. Því mun ég segja ykkur ítarlega frá því. Hér er himneskt veður, heldur svalt alla daga, sól á lofti, krókusar sprungnir upp og vetrargosar. -- Töfratréd blómstrar -- Krakkarnir í hverfinu vakna til lífsins, læðast í hasar meðfram veggjum, fyrr en varir dottnir niður alveg steindauðir!

Litlir ræktunarmenn taka út hrífur, raka yfir bletti og sjást svo ekki framur -- Miklir ræktunarmenn, eins og til dæmis ég, láta ekki sjá sig úti svo snemma, hvíla sig inni, safna kröftum fyrir átök sumarsins. Ég gekk þó einu sinni í kringum húsið og sá að allt var þar á góðri leið. --

Sirri var að vinna í TFÍ um helgina, ýmist á fundum vegna þeirra voðalegu samninga sem aldrei ætla upp að ganga og við saman að undirbúa útsendingu ef þeir tækjust. Breytingarnar á skrifstofunni hennar eru að verða búnar, aðstoðarmannsráðning undirbúin ásamt vígsluhátíð.

-- Ég er mikilvægur og eftirsóttur ráðgjafi í skipulagi lykklakerfis og vali á kaffikönnu. Að hinu leytinu þrengi ég mér inn til ráðgjafar í vali á listaverki, sem ég er löngu búinn að finna -- En á ráð mín er ekki hlustað. Því set ég það hér í bréfið því ég veit að þar verður ráðgjöfin lesin. --

Hef verið þjálur af höfuðverk og þreytu og kenni það aðalfundi Landsvirkjunar þar sem fluttar voru svo margar leiðinlegar ræður og kvöldverðarboði á Kjarvalsstöðum, að ég fékk, að ég held, aðkenningu að bráðkveddu.

-- Það bætti úr skák að sýningarsalirnir voru opnir og gaf þar að líta alveg dásamlegar höggmyndir eftir Helga Gíslason,³ mun betri en þöntuðu verkin í Hallargarði og Fossvogskirkju -- Rúrí⁴ var með aldeilis góða sýningu á verkum gerðum af tommustokkum, sem hún lét mynda margs konar mynstur. Ég held að allir hafi reynt að búa til A eða V úr slíkum stökkum. Hér gaf að líta hvað snillingur gerir. --

Þá gerðist sá merkilegi atburður að samningar tókust milli ömmu ykkar Jóu um að Ásgeir keypti íbúðina hennar í Eskihlíð. Erum við, foreldrar, mjög áhugasöm um málið og lifum okkur inn í það. Sama er að segja um seljandann, sem fagnar innilega að geta selt Ásgeiri. Sjálfur er hann mjög rólegur út af málinu, hefur enn ekki sótt lykllana. -- En eins og allt eiga rólegheit sér skýringar. Ásgeir er að ljúka prófum í (*leiðsögu-*) skólanum, fór t.d. í prófferð á Suðurnesin á laugardag --

Ráðhúsið verður tekið í notkun á morgun -- Erum eins og amma ykkar, Fríða, ekki á móti húsinu þar eð Dagur vann við það. -- Held ég að húsið hljóti að vera velheppnað að innan. --

Nú er held ég flest sé upptalið sem eitt letibréf getur rúmað. Klukkan er bráðum átta. Ásgeir var að fara út til kennslustarfa og mamma ykkar í sturtu. Fiskifluga er að berjast á rúðunni. Hún villtist inn um opinn glugga í góða veðrinu. Þegar bréfinu lýkur ætla ég að bjarga henni og hlusta á áttafréttir. Jarðskjálftar í Hollandi, Belgíu og Þýskalandi. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 9.3.1992.

-- Það eru miklar þælingar sem fara greinilega fram með þér svona í lokin. Sem betur fer heyrst mér þú hafa gaman af þeim og ráða vel við þær. -- gaman að heyra að þú skyldir vera beðinn um að segja nemendum frá haustverkefninu þínu. Það hlýtur að vara gefandi að finna að áhugi er fyrir því sem maður er að gera. --

Segir frá miklum rigningum og slysum, leka við á Reykjavík og flóð í kjöllum, líka hjá okkur og voru mörg vaskaföt í notkun.

-- Það fór að leka á nýjum stað ofan á skrifborð pabba þíns. Hann sat hinn rólegasti við tölvuna á laugardagsmorgun þegar ég kom niður og sá poll á borðinu hjá honum. Þetta kallar maður að vera niðursokkinn í sína vinnu. Nú er víst ekki annað að gera en að bíða sumarsins og byrja þá að þetta. --

¹ Dagur var í ferðalagi útskriftarnema frá Arkitektaháskólanum í Osló.

² Ég veðja á sendibréfin eins og sjá má af þessu mikla bréfasafni.

³ Helgi Gíslason (1947) myndhöggvari.

⁴ Rúrí (1950).

Friðrik Erlingsson tók Mac-tölvu til Parísar og var tekinn fyrir smygl og hótað refsingu þangað til í ljós kom að nemendur eru undanþegnir tolli á tölvum til eigin nota. Erum á leið til funda í Khöfn og förum þaðan til Parísar.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 16.3.1992.

-- Pakka þér fyrir skemmtilegt bréf. Það lyftist á okkur brúnnin á Bergstaðastrætina þegar það eru bréfadagar. Þetta er alveg réttnefni hjá þér að kalla okkur *bréfaskriftarfjölskylduna ógurlegu*. -- spennandi að heyra um hvernig í ósköpunum hefði farið með Friðrik¹ fyrir framan þessa voðalegu tollverði. Sem betur fer endaði allt vel og gripurinn orðinn stolt og prýði fjölskyldunnar. --

Segir frá ýmsum samkomum í flugfreyjuklúbbnum, afmælum o.fl.

-- Ég held að við séum búin að fara í minnst tíu stórafmæli frá áramótum. Mál að linni.

Mamma kom og borðaði hjá okkur í gærkvöldi. Henni fer hratt aftur, finnst mér. Hún heyrir orði ansi illa og er svolítið utangátta. Hún er ekki eins vakandi og hin amma þín.

Við voru á Zontaskemmtuninni í vikunni. Hún var auðvitað haldin hér í félagsheimilinu og ætlast var til að við byðum eiginmönnum eða öðrum gestum. Pabbi þinn var ekkert banginn við þetta, jafnvel þótt búast mætti við að hann yrði eini karlinn. Það var einhver konan sem sagði við hann þegar hann kom að það væru nú ekki nógu margir karlar sem kæmu. *Það er bara betra*, sagði hann þá. Ég dreif ömmu þína með og hún stóð sig mjög vel. Hún ætlaði sér virkilega að fá mikið út úr kvöldinu. Fyrst bað hún mig, voða lítil, um að hjálpa sér við að setja á diskinn og hugsa um sig. Ég leiddi hana að borðinu há okkur þar sem við vorum búin að hnappa okkur saman fjölskyldan: Páll og Guðrún, Sylvía, amma þín og við pabbi þinn. Þegar hún var sest segir hún: *Ég vil ekki sitja hér, ég er komin til að skemmta mér og tala við einhverja aðra en ykkur sem ég er alltaf að hitta*. Ég leit þá í kringum mig og sá að pláss var við borð hjá Þóru og Sveini Einarssyni og spurði hvort hún vildi sitja þar. Hún hélt nú það. Pabbi þinn leiddi hana þangað og kom aftur með Þóru í skiptum fyrir ömmu þína. Þetta varð mjög skemmtilegt borðhald og alveg rétt hjá henni og gott að átta sig svona fljótt á þessu. Síðan byrjuðu aðrir flutningar þegar aðalrétturinn var búinn. Þá kom ég og spurði hvort hún vildi fá meira á diskinn. Þá sagði sú gamla. *Nei takk, en ég vil ekki sitja hér lengur. Ég vil flytja mig*. Sveinn Einarsson varð mjög hissa og spurði hvort hann væri svo leiðinlegur. Þetta endaði allt vel. Þóra flutti sig til Sveins og amma þín á annað borð þar sem hún gat rabbað við skemmtilegt fólk. Útkoman var sú að hún var ánægð með kvöldið og ætlar að bjóða Guðrúnu og Páli, Bergljótu og Einari og okkur á föstudagskvöldið í mat til að bæta fyrir hvað hún skyldi vera taklaus við okkur. Þetta er hennar skýring en hún er bara að hafa það skemmtilegt. --

Segir frá mikilli ánægju með framkvæmdirnar í nýju húsnæði TFÍ. Svend Richter, Gunnar Þormar og hún ætla að skoða húsgögn í Khöfn, en þó er vel haldið utan um peningana.

Segir líka frá önnun Ásgeirs m.a. í Ferðamálastólunum og prófferðum hans um nágrennið, Reykjanes og að Geysi. Hefur greinilega ánægju af náminu.

Þá segist hún ætla að breyta um mataræði og borða bara ávexti og grænmeti í hádeginu og hefur fengið Eggert til að taka þátt í megrunaráttakinu.

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 17.3.1992.

-- Allt gott að fréttu, heilsast vel. Ef Frakkar vilja við mér taka verð ég í París um leið og þið.

Sendir tekjувottorð til LÍN.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 21.4.1992.

-- Við fórum í sumarbústaðinn til Siddu og Halldórs -- og var þar einstaklega skemmtilegt. Fjölskyldan var afslöppuð, reyndar eins og við höfum ekki séð hana fyrr. --

Segi rækilega frá heimsókn í Ráðhúsið, hrósa sumu.

-- Ég var að hugsa um orð þín að þá fyrst verði hús dæmt með réttu þegar 10-15 ára reynslutími er liðinn. --

Það tekur á ömmu þína að Ingólfur skuli vera fluttur að heiman. Henni þykir eitthvað hafa mistekist með uppeldið, rifjar upp og ásakar Palla. Ég hef leitast við að koma því að hjá henni að ekki megi líta svona hluti sem ósigur. Hér sé um framfaraspor að ræða. Ingólfur hafi tekið líf sitt í eigin hendur og nú reyni á. Ég held að hún hafi sannfærst og verði það þar til hún vaknar. Þá er að byrja aftur. --

Segir frá ferð sinni og Sirríar á fundi beggja í Khöfn, svo á Samorkufund á Akureyri og loks í júní til að heimsækja Liisu vinkonu hennar í N-Finnlandi.

Ásgeir ætlar að hefja standsetningu húsnæðisins. Auður kemur í sumar. Ásgeir hefur von um að hún fái vinnu hjá RÚV.

-- Kannski kemur þú heim og ferð að sinna öldruðum foreldrum, bjóðast til að ganga með þeim í kringum Tjörnina. Hver veit? Að því kemur. --

¹ Friðrik Erlingsson (1962) rithöfundur.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 21.4.1992.

-- Þá er páska hátíðin liðin -- hefur verið gott frí hjá okkur. -- Mér tókst að vinna svolítið á föstudaginn langa og á laugardag við að undirbúa fundinn í Khöfn. Það hefur verið mikið að gera í félaginu -- Samningar tókust loks við Tryggingastofnun og er þá miklu starfi létt af félaginu. Þá er hægt að fara að snúa sér að öðrum málum sem hafa orðið að sitja á hakanum.

-- Á skírdag fórum við pabbi þinn og skoðuðum ráðhúsið sem hefur verið til sýnis. Við buðum Dídí með og vorum við öll yfir okkur hrifin af húsinu að innan. Allir sem við hittum voru sama sinnis en tóku jafnframt fram að staðurinn væri afleitur.

Sidda og Halldór buðu okkur svo í kaffi í sumarbústaðinn á föstudaginn langa. Þetta var mjög skemmtilegur eftirmiðdagur og vorum við pabbi þinn sammála um að sjaldan hefðum við hitt fjölskylduna öllu hressari og kampakátari. Það var líka sama og ekkert talað um rafmagn. Steinunn á eftir eitt ár í menntaskóla og ætlar í ágúst til Nice með vinkonu sinni að læra frönsku. -- vilja þær gjarnan leigja hjá ykkur þegar þær verða í París. Ég fer í saumaklúbb til Kolbrúnar á morgun og ætla að nefna íbúðina þar. --

Segir frá árlegu páskamorgunkaffi hjá Steinu móðursystur sinni og fréttir af lagaprófum Guðrúnar Sveinsdóttur og Helgu dóttur hennar. -- Guðrún (Sveinsdóttir) er ósköp nervus út af náminu og prófum og segir Kristín Blöndal að hún sé ekki við mælandi. Mér finnst Guðrún eiga heiður skilinn fyrir að geta gert þetta. Hana er búið að langa þetta í mörg ár og frábært að láta verða af því.

-- Ásgeir er búinn að semja við mömmu um kaup á íbúðinni, borgar fyrst um sinn leigu eða þar til hann fær húsbréf og lífeyrissjóðslán. Hann þarf að mála íbúðina en annars er hún í góðu lagi. Það verður skrytið þegar hann flytur að heiman með allt dótið sitt. Þá fyrst finnst mér líka mikil breyting verða á mínu lífi. Ég tel ekki að þú og Dagur séuð farin að heiman -- Ég samgledst Ásgeiri að eiga þetta í vændum, koma búslóðinni sinni fyrir og fara að búa sjálfur. Vonandi kemur hann oft í heimsókn.

Ömmur þínar voru hjá okkur í mat í gær. Það var gaman að fá þær og voru þær góðar saman og hinar ánægjulegustu. -- Amma Fríða fór í augnaðgerð. Það voru teknar fellingar af augnlökunum sem voru farnar að hafa áhrif á sjónina. Henni finnst hún sjá betur -- Annars er allt gott af þeim báðum að fréttu, en óneitanlega eldast þær.

Amma þín hefur miklar áhyggjur af Ingólfi sem er fluttur að heiman og fékk til leigu herbergi með eldhúsi og aðgangi að baði í nýkeyptu húsnaði Kára (*bróður síns*) og Guddu við Ásvallagötu. Henni finnst þetta mikill ósigur hjá Palla sem er að bjarga börnum í þjóðfélaginu frá hinu sama. Hún var að tala við hann í síma í gær og sem við heyrðum ávæning af. Sagði hann henni bara að henni kæmi þetta ekkert við og ætti ekki að vera að skipta sér af þessu. Það fannst henni lélegt af Palla og geta ekki skýrt málið betur fyrir henni og rætt það. Við vorum sammála og sagði ég henni að hún hefði fullan rétt á að hafa skoðun á málinu. Pabbi þinn útskýrði málið þannig að þetta væri betri staða fyrir Ingólf. Hann hefði tekið þessa ákvörðun að losa sig frá foreldrum sínum. Sambúðin hefði ekki tekist vel, nú væri komið að vendipunkti og hans að standa sig. Amma þín sagði bara að hún hefði viljað að Palli hefði útskýrt þetta svona fyrir sér eins og pabbi þinn gerði og var óánægð með að Palli skyldi rífast svona við hana. Hún lætur þetta ekki hafa áhrif á sig og stendur sig vel.

Fríða er í stúdentsprófum og vorkennir amma þín henni að lenda þá akkúrat í þessu fjölskylduvandamáli. --

Annars er allt í sómanum. Við hugum að næstu ferð til Hafnar. Okkur ferst ekki að vera að gagnrýna Palla og Láru fyrir að ferðast mikið. Þetta er nú bara vinnuferð hjá okkur svo við afsökum okkur svolítið. -- Hlakkar til að fá hana heim. -- Þakka fyrir dásamlega daga í París.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði og Degi Eggertsbörnum. Rvík. 27.4.1992.

-- Ég hélt ekki að ég myndi skrifa letibréf aftur. En nú er það komið, og ekki til af góðu.

Þannig er að mamma ykkar settist við hina nýju, góðu tölvu í gær, ætlaði að skrifa Degi. Hún var búin að skrifa forlata bréf, reyndar allt með upphafsstöfum, þar sem hún hafði ýtt á einhvern takka - til hans, þegar eitthvað gerðist og bréfið hvarf. -- Henni féllust hendur og bað um letibréf.

Hún er að fara til Khafnar og gefst enginn tími til neins nema vinnu það sem eftir er, taxtar, félagsfundur o.m.fl. Og baka fyrir fund sem ég verð með hér heima í kvöld. Ég fer ekki fyrir en degi seinna, þarf að undirbúa mál sem ég vinn að og undirbúa aðalfund. --

Eins og ávallt þegar mikið er að sýsla verður andinn tómur. Að segja þetta er brot á reglum um andríki og skemmtilegheit. --

Amma ykkar er í röð af smákrísunum. Hún er ekki góð í baki, kennir dýnunn í nýja rúminu um. Nú er allt gert til að útvega nýja, harðari dýnu. Hvort þetta er merki um að hún sé óánægð með svefnherbergisfyrirkomulagið er ekki að vita.

Svo sækja á hana þungar hugsanir vegna Ingólfs. Hún fer að grufla í málinu, þótt hún ætti ekki að gera það og flæki málið með því, þótt með þessum óverulega hætti sé. Auðvitað má hún það en bjargar engu með að rifja upp þá viðburði þegar hún stóð uppi *ein* með okkur Palla og flutti í Tjarnargötu. Auðvitað hafa allir hlutir, líka litlar þúfur, mikil áhrif á framtíðina. Að sjálfsögðu veltir hún málinu fyrir sér; og það verður svo flókið ef hún er líka í þungu skapi. --

Fleira er af þessu máli sagt.

--Við neyðumst einnig til að hugsa málið rækilega og rifja upp. Það versta sem gerist, að minni hyggju, ef börn eru löt og leiðinleg, er ef þau finna á foreldrunum að þau séu það. Það höfum við stundum reynt að varast!? Ég var alveg hræðilega *latur* þegar ég var á Ingólfs aldri; og bæði fyrr og síðar. Ég var með svo hræðilegar einkunnir að ég rétt skreið milli bekkja. Ég las öll tímarit veraldar og bækur sem út komu og var viðræðuhæfur um allt milli himins og jarðar. Meira að segja lækarnir sem ég vann fyrir á Hvítabandinu sögðu að það væri á borð við bestu deyfingu! Stóð lengi á tali við félagana sem söfnuðust saman heima. Mamma hlýtur að hafa haft af þessu áhyggjur. En aldrei fann ég það. Samviskubít út af hegðun minni var alveg mitt eigið viðfangsefni. Enginn minntist á neitt. Sagði ekki einu sinni neitt með þögninni, því það var aldrei þögn! Ég vissi að ég var að bregðast sjálfum mér og mömmu. Samt var ég aðalmaðurinn á heimilinu; þótti skemmtilegur, fallegur, kurteis, líkur pabba

mínum, góður *konversatör*,¹ góður við mömmu mína og frænku, Guðrúnu, ömmu og alls konar frændur og jafnvel hálfvita sem ég hitti á götu, fyrirmyndarbróðir, litterær, orðheppinn, duglegur og vinnusamur. Sem sé ekkert þras um neitt. Engar áhyggjur yfir því að allt þetta myndi breytast. Samkvæmt öllu var verið að gera mig *innbilskan* og vitlausan. -- Afleiðingarnar ætla ég ekki að tala um og vona að enginn geri það.

Það var fyrst þegar ég kom út á vinnumarkaðinn að ég sá að billegar blekkingar gátu ekki bjargað mér og vinnan ein var metin. Segið þið svo að við mamma séum lík hvað upprifjunum o.fl. viðkomi. Ekki get ég því kvartað yfir þessu við hana, enda vil ég ekki koma vanmetakennd inn hjá henni! --

Segir frá leiðsögunámi Ásgeirs og prófverkefninu að fara með hóp að Gullfossi og Geysi. Nú er náminu að ljúka og íbúðaframkvæmdir að byrja.

Pólitískar fréttir, formannsbaráttu Jóhönnu og Jóns Baldvins. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 11.5.1992.

Skrítið að hugsa til þess að hann sé kominn að prófi og að flytja út af stúdentagarði. Ræðir verkefni sem hér séu í uppsiglingu. Þá segir hann fréttir af sjúkleika Auðar, nú komin í lag. Hefur fengið vinnu hjá Sjónvarpinu. Gestir voru hjá þeim m.a. Friðrik Erlingsson.

-- Þar var líka Brynja² vinkona Ásgeirs, elskuleg og falleg stúlka. Var þessi stund mjög skemmtileg og hin besta hátíð þar sem Friðrik hafði fengið barnabókaverðlaunin um leið og bókina kom út. Gaf hann okkur bókina -- góð, spennandi unglings saga og ævintýrabók. --

Mikið var að gera hjá mömmu þinni. Hún var að flytja skrifstofuna um helgina -- Svo er aðalfundur SÍR á Akureyri, fer þangað einn og kemur mamma þín seint næsta dag, leikhúsfærð, Íslandsklukkan og kynnisferð.³ --

Ásgeir er að fara í síðasta prófið í Leiðsöguskólanum, búinn að fá starf í sumar, tvær tveggja vikna ferðir með Þjóðverja, austur, norður og suður Sprengisand, 4 klst. ganga hvern dag!

Á morgun byrjar hann að lagfæra og mála íbúðina sína og þætti mér líklegt að hann flytji í sumar. -- Verður þá rýmra hér fyrir yðar *hræðilegheit*, ef yður þóknast! --

Ömmunum þínum líður vel, þótt misjafnt sé. Jórunn eldist fljótt, en mamma stendur í stöðugum stórræðum. Viðtölum við útvarpsmenn og endurbætur á píanóinu sínu fyrir mörg hundruð þúsund kr. Hún vill hafa það frá **ef!** hún fellur frá. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 18.5.1992.

Hugsað til hans þegar hann er að skila lokaverkefninu -- í senn dásamlegt en söknuður að kveðja skóla og félag.

Segir frá stórum aðalfundi á Akureyri sem Eggert hafði fengið hrós fyrir.

-- Ég var hins vegar bara að frlísta mig, fór í ferðalag, í leikhús, sýningu á Íslandsklukkunni og á ball. Frábær sýning með þeirra mjög góðu leikurum. Á Akureyri er sagt vera mikið atvinnuleysi. -- Grófargilið í mikilli endurnýjun -- menning á ýmsum sviðum. --

Ásgeir og Brynja (*Jónsdóttir*) eru upptekin við að mála og flikka upp á íbúðina í Eskihlíðinni sem Ásgeir er að kaupa af mömmu. - - Brynja er elskuleg stúlka sem okkur líst mjög vel á. Hún er að klára annað árið í þýsku í Háskólanum og ætlar að taka landafræði næsta ár og ljúka BA-prófi. Hún var með Ásgeiri í leiðsögumannaskólanum, þar sem þau kynntust. --

Þá segir frá góðri nemendasýningu í Handlíða- og myndlistarskólanum og verkum Magnúsar Sigurðssonar, vinar Dags, en hann lýkur prófi í vor og vinnur á Búðum í sumar. Margrét Blöndal lýkur svo prófi að ári. Maggi var ánægður með lífið.

-- gaman að hitta hann, reyndar eins og maður eigi eitthvað í honum. --

Segir líka frá stúdentsútskrift Fríðu Pálsdóttur og ferð hennar og Láru til Ameríku.

Segir líka fréttir af Ingólfi Pálssyni.

-- Þetta er búíð að vera erfitt fyrir Pál og Láru að setta sig við að uppeldið hafi mislukkast. Hann er sennilega búinn að fá alltof mikið þras, rifrildi og afskiptasemi frá öllum á heimilinu án þess að samstaða hafi verið um uppeldisaðferðina. Nú er hann búinn að taka málin í sínar hendur --⁴

Ég sit hér á nýju skrifstofunni. Nóg er plássíð og ekki margir að þvælast fyrir mér.-- Þú hefur átt að sjá mig þegar ég var að flytja og koma gögnunum fyrir. Hingað til hefur ekki verið pláss fyrir neitt Ég er óskaplega ánægð með þessa langþráðu breytingu..

Er að athuga um ráðningu starfsmanns og undirbúa aðalfund.

-- Það verður tómlegt hér þegar Ásgeir flytur, en samt skemmtileg tilfinning að hann geti komið sér fyrir á eigin heimili, með búslóð sem hefur beðið hér í kjallaranum. --

¹ Viðræðugóður.

² Brynja Jónsdóttir (1966), landfræðingur o.fl.

³ Þetta var hin frægasta ferð. Veitingar Landsvirkjunar voru svo miklar í Laxárvirkjun að það þurfti að senda einhvern forystumann orkumála neyðarflutningi heim í sendibíl.

⁴ Ingólfur Pálsson lærði verkfræði, fékk ágæt störf í Danmörku og Svíþjóð. Átti íslenska konu sem hann skildi við, og tvær dætur. Býr í Khöfn.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 18.5.1992.

Beðið er eftir að hún komi heim

-- Heim, já! Hvar áttu heima? Hvar eiga menn heima? Það hlýtur að vera skrítið að halda til Íslands, ganga út af eigin heimili, frá öllu því fallega og góða sem þar er og búa hjá okkur til bráðabirgða.

Ásgeir fer að flytja eftir um það bil tvær vikur. Frá því hann kom -- hefur þetta verið hans bráðabirgðaheimili. Húsmunir, bækur og skjöl, allt niðri í kjallara, bíðandi eftir því að fá varanlegan samastað. Nú er hann framundan.

Ásgeir og Brynja eru öllum stundum í Eskihlíð við að undirbúa og mála íbúðina sem þau ætla svo að flytja inn í við fyrsta tækifæri. -- Brynja hefur sumarvinnu í farfuglaheimilinu í Laugardal - vaktavinna og óreglulegur vinnutími. --

Segir frá torskiljanlegu verki Magnúsar vinar hans Sigurðarsonar¹ og óvissu hans með framtíðina.

--Klukkan er orðin hálfátta. Ásgeir var að kveðja. Hann verður kl. 10 með þátt í útvarpinu sem þarf að vera tilbúinn til útsendingar.

Ég skrifaði *tilbúinn til útsendingar*. Það minnir mig á grein sem ég var að lesa í gærkvöldi. Próf. Gunnar Karlsson var að gagnrýna grein í Sögnum þar sem m.a. stóð: *Rótleysið í Reykjavík hafði fest rætur*. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 25.5.1992.

-- fengum í gærkvöldi fréttir frá Siddu um að Halldór og hún hefðu hitt þig á föstudagskvöld. Sögðu að þú hefðir leikið á als oddi, feginn að vera búinn að ljúka prófinu. -- Við samgledjumst þér öll með það. Nú fer líka vaxandi forvitnin um hvað þú munir taka þér fyrir hendur.

Ég geri ráð fyrir að þegar þú færð þetta bréf í hendur sé það orðið gamalt, þú nýkominn úr ferðalagi út eða suður. Það er skrítið með þessi áttaheiti, útnorðan, landnorðan, útsunnan og landsunnan, að þau skuli hafa lifað í málinu allt frá landnámi.

Það er nú kannski ekki alveg samkvæmt náttúrunafnakenningu Þórhalls Vilmundarsonar að nöfn endist. Maðurinn hennar Marit Áhlén, Lennart Almevik er prófessor í norrænu, nánar tileikið í staðarnafnafræði, sagði kenningar Þórhalls alþekktar, en ekki trúu neinn á þær.² Því miður hefur lítið verið um þær skrifað, enda hefur Þórhallur lítið gert annað en halda um þær opinbera fyrirlestra. Marit og Lennart komu í heimsókn um daginn. Þú manst kannski eftir henni. Hún tók Ásgeir í sænskutíma veturinn sem hann tók stúdentspróf og borðaði með okkur vikulega.

Í dag á Lára afmæli. Hún og Fríða fóru til New York um daginn í tilefni útskriftar Fríðu nú í vikunni. Við buðum Palla, veslings grasekkjumanninum, að borða hjá okkur í gærkvöldi ásamt mömmu hans! Í gær hringdi hann, voða aumingjalegur og spurði hvort hann mætti koma með einn til tvo gesti með sér í viðbót. Þá höfðu mæðgurnar gefist upp á dvölinni í N.Y. vegna hitabylgju o.fl., gengu inn í garðinn hjá Palla snemma í gærmorgun þar sem hann var að stinga upp kálgarðinn. Við tókum því upp kampavín Láru til heiðurs, en hún á afmæli í dag, þar eð það er borin von að hún bjóði okkur til sín í kvöld með útskriftarveislu hangandi yfir sér. Þetta var hið skemmtilegasta kvöld.

Ingólfur Pálsson mun una sér vel í sjálfsmennskunni, stundar golf, sjónvarpsskoðun og heimilishald af kappi, ásamt öllu sem vaxandi ungur maður tekur sér fyrir hendur og foreldrarir hafa ekki hugmynd um fyrr en þau sjá allt í einu að allt er í góðu lagi og betra en nokkurn tíma hefði orðið með þeim. Ég býst við að nám í arkítetkúr hefði gengið betur hjá þér ef þú hefðir getað haft okkur hjá þér til að gera það fullkomna alveg æði! --

Svo kemur Auður. Gaman, gaman þegar krakkarnir koma - og fara! Hún var um helgina í Bretagne. Prófið gekk vel hjá henni. --

Ásgeir fór norður í Skagafjörð með kennurum Ármúlaskóla -- hann er önnur kafinn við að mála íbúðina -- að verða smáborgari eins og vera ber, upptekinn við val á litum í eldhús, val á gardinum -- Gera þau ráð fyrir að flytja um helgina. Einn fer þá annar kemur!

Eggert Ásgeirss. skrifar Þjóðminjasafni Ísl. Rvík. 29.5.1992.

Sendir innsigli og teikningu. Skýrir sögu innsiglisins, gjöf Suzanne Ebbesen er höfðu áður gefið málverk af Gunnlaugi Briem. Afhendir nú innsigli komið frá henni úr búi séra Jóhanns (1801-80), sonar Gunnlaugs, frá Erik Kai Ebbesen (1892-1959) föður Suzanne.

-- Tel séra Jóhann hafa fengið fruminsiglið lánað -- og látið gera þetta eftir því. Ekki eru færðar sönnur á það. Benda má á að Gunnlaugur ferðaðist til Danmerkur eftir að hann var orðinn embættismaður. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 9.6.1992.

Vonar að próf gangi og von um vinnu rætist. Við förum til Rovaniemi og verðum þar í viku. Tilviljun að foreldrar Brynju verði með í för en pabbi hennar er í Rangæingakórnum sem tekur þátt í tónlistarhátið.

-- Auði líkar mjög vel í vinnunni hjá Sjónvarpinu og getur sinnt sjálfri sér betur en hún hefur getað með allri yfirvinnunni undanfarni sumur. -- *Frh. vantar.*

¹ Magnús Sigurðarson (1966). Hefur starfað mest í BNA og sýnt list sína víða. Í vinfengi við Dag alla tíð.

² En sem vöktu mikla hrifningu þegar þær voru kynntar.

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 23.6.1992.

Diplomprojekter AHO våren 1992.

Býður fjölskyldunni að koma á útskriftarsýninguna.

Verið velkomin á sýninguna. Allt gott að fréttu. Veðrið gott og sjórinn heitur. Gegnumgangurinn á næstu grösum. Hef samband þegar allt er yfirstaðið --

Þá er ballið búið - í bili, ég er að minnsta kosti orðinn arkitekt. Ekki dónalegt. Það er smám saman að verða mér ljóst að skólinn sé búinn og heimurinn bíði eftir mér og mínum húsum. Það verður sjálfsagt einhver bið á því síðasta, en þangað til get ég reynt að verða öðrum að liði. Núna er ég að vinna að módeli af menningarmiðstöðinni á Stiklastöðum, þar sem bardaginn var háður í gamla daga. Sjálft húsið verður vígt með pomp og pragt í lok júlí af kóngi og drottningu og fá þau tækifæri til að dást að norsk-ísl. handverki. Magnús félagi minn er með mér í þessu og gengur samvinnan betur en nokkru sinni. Við reynum að halda nafni Anthon Berg¹ á lofti þegar fjórðungur hreyfingarinnar er fluttur til Vínarborgar og annar til Akureyrar. Þetta verk dugar í 3-4 vikur en þá þarf ég að fara að skima eftir einhverju öðru. Ég fæ að minnsta kosti tíma til að setja saman *portfolió*. eins og það er kallað; myndamöppu með úrvali verkefna frá mér. Svoleiðis þarf maður að hafa til að sýna hvað maður er í arkitektúr. Hvað sem öðru líður hefur mér boðist ókeypiss vinnuástaða í teiknistofu Per Olafs. Hann er verkefnalaus en hefur nóg pláss. Það verður kannski eitthvað sem maður getur sýslað við þar.

Það er búið að velja lokaverkefnið mitt í árbókina ásamt fimm öðrum. Þar á meðal er eitt af þeim verkefnum sem féll – að samdómaálitum allra þeirra sem til þekktu, af óskiljanlegum ástæðum. Þetta sýnir hverskonar skripaleikur yfirferðin á verkefnum var og niðurstöður hennar. Prófdómarnir hafa fengið mikla gagnrýni og ekki þótt vera starfi sínu vaxnir. Hvort þeir halda áfram, kemur í ljós á fundi seinna í sumar. Eitt er víst, ég held áfram ótrauður. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 29.6.1992.

Óskar til hamingju með prófið og óskar honum happasæls ferils og lífshamingju. Segir að um leið og hann hafi lokið prófi hafi hann virst fjarlægjast, skólinn hættur að vera miðpunktur. En þetta venjist. Mínar óskir eru að fylgjast með viðfangsefnum hans og áhugamálum. Mamma þín vill vita meira um hvernig þú hafir það, hvað þú sért almennt að bardúsa.

-- Ferðin til Finnlands gekk mjög vel. Þar gerðust engir stórvíðburðir. Lífið tók í viku að snúast um það sem er einfalt og smátt á veraldarvísu: Sánan, svefninn, litlir bæir, gróðurinn, þorpin. Flugurnar og blómin urðu aðalatriðið í lífinu. Við gengum um bæina í N-Finnlandi og þóttu þeir smáir í sniðum, alveg eins og þeim sem sækja okkur heim hlýtur að finnast um lífið hér. Liisa og Nike tóku vel á móti okkur, lánuðu okkur bílinn sinn, stjónuðu við okkur og gerð allt til að láta okkur líða vel. Veðrir var ágætt en erfitt að njóta þess fyrir míni.

Ferðin var hin besta sveifla frá hversdagsleikanum sem sækir að hér heima, ef ekkert er að gert. Ásgeir tók á móti okkur. Svo vildi til að foreldrar Brynju voru með í för. Við heilsuðum upp á þau, þótt ekki kynntumst við þeim. Þau virðast vera hið viðkunnanlegasta fólk.

-- Ásgeir flutti allt sitt hafurtask í gær svo nú er herbergið hans tómlegt og kjallarinn með. --

Ásgeir fer svo í leiðsöguferðir í sumar og Brynja var líka svo heppin að fá ferðir með hóp frá Guðmundi Jónassyni, tjaldferðir. Auður er ánægð hjá Sjóvarpinu, vinnustaðurinn skemmtilegur og margt að fréttu. Hún er að sækja um inngöngu í nýjan skóla í París til að nema stjórnáslu umhverfis og menningarmála, en það ætlaði hún sér í upphafi.

Hjá okkur býr núna Anna Sara Larson, frænka okkar af Bollagarðaætt, átján ára frá Alingsås sem er að leita róta sinna og ætlar að fjalla um ættarmálefni sem meginviðfangsefni við stúdentspróf. Skemmtileg, gladleg og vel gefin.²

Palli verður í sumaraflýsingarlæknisstarfi í Karlstad. Fríða dóttir hans og Láru var að ljúka stúdentsprófi.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 7.7.1992.

-- gaman að heyra röddina þína um daginn og að þú lætur vel af þér. -- Það var reglulega vel til fundið að við fengum að gefa þér þitt *portefeuille*. Í dönsk-ísl. orðabókinni er þýðingin: *skjalaverk, skjalahlýki, bréfataska, ráðherrastaða; Minister uden portefeuille; ráðherra án stjórnardeildar*. Svo þú ert nú eins og ráðherra með stjórnardeild! --

-- Segir frá ráðningu Sigurborgar Garðarsdóttur sem ritari á skrifstofu TFÍ. Líst henni vel á hana og gleðst yfir að vera búin að fá aðstoð eftir að hafa verið ein í bráðum 15 ár.

¹ Ég skal reyna að rifja upp hugmyndina um Anthon Berg. Ef ég man rétt leituðu þeir félagar í arkitektaskólanum til sælgætisfyrirtækisins um aðtöku þess í þessu nemendagallerí. Þeir gengu bónleiðir til búðar, en tóku upp á því að safna saman auglýsingum og umbúðum af vörum fyrirtækisins og líndu það upp. Dagur var skráður stjórnarformaður. Hvort sem það var með vitund fyrirtækisins eða ekki þá lét fyrirtækið þetta uppþæki óátalið. Ekki mun það hafa markað djúp spor í arkitekta- eða listasögunni, en þó nokkuð í minningu spéfuglanna sem að þessu stóðu.

² Anna Sara Larsson (1974) bókadóttir frá Långared í Svíþjóð, dóttir Evu Bergström (1947), dóttur Tryggve Bergström (1922) yngsta barns Guðrúnar Guðmundsdóttur Bergström frá Nesi, sem bjó lengst í Helsingborg. Anna skrifaði ágæta ritgerð um fjölskylduna sem ég tók saman með öðru efni í heftinu: *Systurnar í Nesi*. Svo virðist sem drykkjuskapur hafi stungið sér niður meðal frændsfolks okkar í Svíþjóð. Einhver grunur mun hafa verið meðal ýmissa um að þessi ættarsjúkdómur ætti sér íslenskar rætur. Ekki virðist sá grunur hafa verið á rökum reistur. Arfgengi drykkjuhneigðar gæti líka verið sænskt. Er unnið var að Bollagarðaættartalinu kom í ljós að frændur okkar sænskir þekktu mjög lítið til ætta sinna þar, eiginlega ekki fyrr en ég fór að kanna þær. Ekki fann ég vísbendingu um ættartengda óreglu þar, ekki fremur en á Íslandi. En fáfræði gefur flökkusögum byr undir vængi.

Segir frá heimsókn Önnu Söru Larsson, frænku þeirra frá Svíþjóð, eftir hálfsmánaðar dvöl hjá þeim og skemmtilegri útilegu og ferðalagi um Kaldadal, Vatnsnes og Hóp.

Palli er í Karlstad við afleysingarstarf á sjúkrahúsinu.

-- Ásgeir er fluttur og lætur vel af sér. Hann hefur mikið að gera og er að undirbúa sig fyrir hálfsmánaðar ferð um landið með fulla rútu af Þjóðverjum. Notar hann sumarfríð sitt hjá útvarpinu til þess arna. --

Auður er hin ánægðasta á skrifstofu sjónvarpsins en hló nú bara að kaupinu sem hún fékk.

-- mikið líf í kringum okkur og líkar það vel. Það vantar bara þig. Ég lifi samt enn á því að við skyldum geta hitt þig í París í vor. -
- Nú þarf ég að fara að sinna ýmsu sem er farið að heimta minn tíma. Svo prenta ég út á nýja laserprentarann. Það er nú meiri munurinn frá gamla rokkinum sem ætlaði að drepa mig úr hávaða og seinangangi. -- Vona að þú hittir á einhverja áframhaldandi vinnu.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 20.7.1992.

-- Til hamingju með að þú skulir hafa hitt góða stúlku! Kannski fáum við að sjá ykkur áður en langt um líður? Ekkert er betra í þessu lífi en að eiga náinn vin til að geta rætt áformin við, að tveir fjalli um þau með sömu markmið í huga. Næst best er að setjast niður og lýsa hug sínum og áformum á blaði og leyfa fjölskyldu, systkinum sínum, foreldrum eða öðrum að komast inn í hugmyndaheim - úrlausnarefnin - og veita þeim þau forréttindi - sem þau eiga líka rétt á ef þau eru trausts verð -- að deila með manni gleði. Að deila sorgum og áhyggjum er ekki forgangsréttur heldur mannleg og bróðurleg skylda. --

Stefnum í fríinu á Fjallabaksveg að Skaftafelli og hitta Ásgeir sem þar verður með hópinn sinn. Hjá honum leikur allt í lyndi, hópurnir samstilltur. Þau Brynja eru að koma sér fyrir í Eskihlíðinni.

Bo og Eilís konan hans koma frá Grænlandi og búa hjá okkur. Svo förum við saman á Snæfellsnes, í Brokey og Öxney en hann þarf að kynna sér þetta allt vegna þýðingar og útgáfu á Grænlandingsögum.

-- Amma þín er í Hveragerði -- Heimilishjálpin hennar er í frí og fékk hún þar inni á meðan. Hún er í heldur lélegu formi, þolir ekki alls konar breytingar sem einhver henni nákominn hefur fengið hana til; að láta umsmíða og gera við píanóið hennar og fá sér rúm. Hvort tveggja fór illa í hana. Er ekki nema eðlilegt að eitthvað sé að láta sig í henni. --

Í Hveragerði var líka Einar Ingimundarson ömmubróðir Dags, líka farinn að gefa sig, í niðursveiflu vegna aldurs og tilbreytingaleysis.

Dagur Eggertss. skrifar Auði Eggertsd. Osló. 27.7.1992.

-- Núna er ég í stuði, Auður, og ætla að nota tækifærið til þess að skrifa þér nokkrar línur, svona eins konar upphitun fyrir þá hörkutörn í bréfaskriftum sem ég hef á tilfinningunni að sé framundan. Enga afsökun hef ég heldur núna þegar ég er kominn í fríðan flokk atvinnulausra arkitekta. Þá get ég hreiðrað um mig á einhverju kaffihúsinu hérna og lýst fyrir ykkur lífinu og tilverunni í Osló.

Vinnan síðustu vikur hefur verið frábær reynsla. Fyrst og fremst hefur samvinnan við Magnús gengið alveg þrusuvel. Ég efast um að ég komi nokkurn tíma til með að vinna í svona góðu samstarfi. Það er eins og við höfum sama vinnuhraða, sömu skoðanir á verkinu og sama húmor, sem gerir það að verkum að þegar maður vaknar á morgnana hlakkar maður til að mæta í vinnuna. Eitthvað ólíkt vinnunni í fyrnasumar,

En núna er vinnan búin og módelið sem við byggðum á leiðinni til Þrændalaga í forláta viðarkassa. Svo mun kóngurinn vígja húsið seinna í vikunni og að sjálfsögðu dást að vinnubrögðum okkar Magnúsar. Arkitektastofan tekur því hlé í bili þangað til ný verkefni láta á sér kræla.

Það sem tekur við núna er erfitt að segja. Eitt er samt öruggt; ég verð að bíða með það út næstu viku að arka af stað á milli arkitektastofa, vegna þess að hér í landi sameinast menn um að taka sér sumarfrí á sama tíma og í næstu viku verður *fellesferien* yfirstaðin. Ég hef góðar vonir um að komast í eitthvað, en hvað það er og hversu lengi er ómögulegt að segja. Þeir sem hafa heppnina með sér úr þessum árgangi og þeim síðasta eru mest í smájobbbum eins og þessu sem við Magnús höfum verið í. En með toppmeðmæli frá virtum kennurum, og glæsilega teikningatösku, verður atvinnuleitin örugglega hið mesta ánægjuefni.

Það var gaman að sjá gögnin frá nýja skólanum þínum í París og finna hvað þú varst ánægð með að komast inn í hann. Þetta lítur út fyrir að vera spennandi skóli og fögin hvert öðru skemmtilegri. Þá er bara að vona að kennslan sé góð – þá held ég að þú getir verið hamingjusöm stelpa. Og vonandi náit þið ykkur í góða íbúð þegar þið farið aftur út. –

Ég vona að við sjáumst fyrir sumarlok. Það fer eftir atburðarásinni hjá mér næstu vikur. Ef ég hef tíma og efni á því langar mig til að skutlast heim í sumar.

Vibeke¹ verður upptekin við nýtt diplomverkefni, þannig að hún kemst líklega ekki, þó hana langi til að hitta ykkur. – Við höfum heilmikið getað farið niður á suðurströndina þar sem fjölskyldan hennar á sumarbústað. Við vorum þar fyrir tveim vikum og fórum í heimsókn til Jóns² og kærustunnar hans. Þau eru í sumarbústað fjölskyldu hennar fyrir utan Brevik. Gaman að hitta þau. Það var eitt af fáum tækifærum sem ég hef haft til að tala íslensku í sumar; undarlegt að hugsa til þess. Í staðinn hefur norskan mín tekið miklum framförum, meira að segja framburðurinn. Ég ætti því að vera í góðri æfingu fyrir þetta svokallaða atvinnurölt á komandi vikum.

¹ Vibeke Morstøl Jensen, síðar eiginkona hans er hér nefnd fyrst á nafn.

² Jón Ákason, síðar arkitekt, búsettur í Noregi.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 4.8.1992.

Segir fréttir af hálendisferð.

Páll Líndal verður jarðaður 6.8. svo ég fór í að skrifa minningargrein um hann.

-- Hann dó úr heilablóðfalli, ætlaði að hætta sem ráðuneytisstjóri þann 1. ágúst. Var óreglusamur upp á síðkastið. Að honum er mikill missir. --

Við hittum Ásgeir á Skógum eftir velheppnaða ferð, jómfúrferð nýexamíneraðs leiðsögumanns. Hann hefur verið í dagsferðum, sem virðast þreytandi miðað við það að vera með sama hóp lengi. -- Brynja er á ferðalagi um landið svo Ásgeir verður hálfgerður grasekkjumaður. Hann byrjar hjá ríkisútvarpinu eftir helgi.--

-- Amma þín kom heim fyrr en hún ætlaði sér úr Hveragerði. Treysti sér ekki til að vera þar lengur. Enda eins gott. Þeir lækna og sjúkrahjálfar sögðu að hún mætti ekki borða skyr, alls ekki drekka mjólk, heldur greipsafa og eitthvað álíka! og hún að verða 92ja ára. Hún var líka spennt að taka til við að spila á píanóið sem var komið úr viðgerð. Gamalt píanó orðið eins og nýtt út úr búð! Ekki var ég hrifinn, Allt í lagi að gera við hljómborðið. Smám saman gleyma menn hvernig píanóið var, hápólerað, ekki slitið eins og gamlir kjörgripir eiga að vera. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 9.8.1992.

-- Þá er kominn 9. ágúst, dagurinn fyrir þann 10. Ég er að undirbúa afmælisbakstur, en Auður ætlar að kalla á nokkra kunningja og vandabundna. -- fór til Þingvalla -- ætlar að taka til við baksturinn í kvöld. Náttúrlega er það ég ein sem get bakað Daxínuna, en hún er enn númer eitt í afmælisboðum.

Auður hitti Magga (*Magnússon*) hér fyrir utan um daginn. Sagði þær fréttir að hann væri búinn að eignast barn og að þau væru að fara í haust til Bergen þar sem hann fer í framhaldsnám.¹

Páll Líndal var jarðaður frá Dómkirkjunni. Þar að mikið fjölmenni við útförina og erfidrykkjuna á Hótel Sögu. Guðrún bauð svo nánasta skyldfólki og vinum í mat um kvöldið -- Það var hið skemmtilegasta boð og lá vel á öllum. Þetta er sennilega ágæt aðferð (hennar) til að sýna fólki að hún metur vináttu þess og vill eiga vináttu þess og eiga það að í framtíðinni. Anna Salka, sem er að verða búin að læra til kokks, bjó til matinn ásamt kunningjahópi, sem hjálpaði líka til.

Það ber öllum saman um að það sé mikil eftirsjá að Páli Líndal. Guðrún sagði þabba þínum að hann hefði oft átt í mikilli baráttu vegna vínsins. Þetta hefði verið hans eini galli. --

Ásgeir lítur oft inn til okkar og er það mikið skemmtilegt. Hann er ánægður með að búa í Eskihlíðinni og líður þar vel. Brynja er í hálfsmánaðar tjaldferðalagi í kringum landið og kemur á morgun. Síðan ætla þau að fara í frí saman, vikuferð á Vestfirði. Hann var að fara í afmæli Tomma (*Heiðar*) í gær sem er að fara í framhaldsnám til Khafnar í haust. --

Dagur Eggertss. skrifar afmælisbréf til fjölskyldunnar. Osló. 11.8.1992.

-- Til hamingju í annað sinn með afmælið. Það var gaman að hitta á ykkur öllsömul inni í Tannlæknafélagi í gærkvöldi. Ég fann að augnablikið var rétt þar sem ég sat inn á herbergi með Tom Lehrer á plötuspilaranum og var að pakka inn afmælisgjöfunum ykkar. --

Ef ég þekki mína rétt hafið þið haft það fjörugt í gær – jafnvel þó ég hafi ekki verið með ykkur. En eins og þið skiljið má ég ekki vanrækja upphafið á mínum starfsferli sem arkitekt, svoleiðis verður maður að taka föstum tókum á tímum eins og þessum, þar sem þeir bestu eru virtir að vettugi. En vitiði hvað? Ég hef heyrt það einhvers staðar að þeir síðustu muni verða fyrstir og þeir fyrstu síðustu. Eins og þið heyrið þá er ég ennþá í því að byggja upp sjálfstraustið eftir yfirferðina á verkefninu í vor. Það var hræðileg lífsreynsla og ömurleg lok á sex ára námi. En þetta líður hjá. Þetta gerir það að verkum að það getur verið freistandi að taka framhaldsmenntun í einhverri mynd,

Ég gæti kannski beðið þig, pabbi, að athuga fyrir mig styrkina frá Fullbrightstofnuninni. Ég held að umsóknarfresturinn renni út í september.

Vibeke fær að vita niðurstöður áfrýjunarinnar í lok september, en vill vera komin í gang með nýtt verkefni ef illa fer. Eftirmál lokaverkefnisins er ennþá í meðferð og Íslandsferð verður því að bíða. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 17.8.1992.

Segi frá ferð heimilisfólksins í sumarbústað Jójó og Ólafs B. Thors þar sem deginum var eytt innandyra í heilsubætandi samræður og hlátrasköll. Þar var Hilmar Thors sonur þeirra.

-- Hilmar er á leið til Englands og lýkur senn prófi sem heitir *political economy* sem gæti þýtt fjármálaspilling! --

Segi frá ferðalagi Ásgeirs og Brynju til Vestfjarða þar sem þau heimsóttu Jónas frænda okkar Guðmundsson sýslumann á Bolungarvík og Sólrúnu konu hans sem var með þeim Ásgeiri og Brynju í Leiðsöguskólanum.

Hafði ég verið á rafveitufundi í Borgarnesi. Pólítísk umræða er æsileg þar sem verið er að ræða um breytingar á lögum og reglum v. Evrópska efnahagssvæðisins. Einnig vegna uppljóstrana Jóns Ólafssonar fréttamanns sjónvarpsins um samband kommúnista á Íslandi og í Moskvu.

¹ Síðar áttu þau hjón þrjú.

-- Fréttamenn eru bráðlátir - um of. Skemmtilegt getur þetta verið og setur Ólaf Ragnar og kompaní í vanda. Aðskilnaður þeirra flokksmanna við Moskvu var ekki alveg eins snemma og þeir hafa viljað vera láta. --

Dagur Eggertss. sendir fax Sigríði Dagbjartsd. Osló. 20.8.1992.

Fax í þetta skipti – ég er nefnilega farinn að vinna á nýjum stað, þó ekki nema í nokkrar vikur. Er að teikna sumarbústaði í öllum stærðum og gerðum fyrir náunga sem framleiðir *típuhús*, þ.e. hús sem eru einföld í samsetningu og hægt er að panta úr bæklingum. Ekkert draumajobb, en þökkalega borgað.

Var með Eduardo frá Genúa í heimsókn í síðustu viku. Það var gaman að hitta hann aftur –

Fríða (*frænka hans Pálsdóttir*) kemur með vinkonu sinni til Oslóar á morgun og fá þær að búa í herberginu mínu í Pílustræti. Ég fæ að vera hjá Vibeke á meðan. Hún bauðst til að koma með svona eins og tvo pakka af flatkökum. Honum syni þínum þykja þær svo óskaplega góðar. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 21.8.1992.

Í gær var hátíð er mamma hélt upp á 65 ára brúðkaupsafmæli sitt.

-- Þangað bárust gleðifrétir. Ásgeir hafði skrifað undir ráðningarsamning við sjálfan Heimi Steinsson útvarpsstjóra um fulla vinnu. -- Hin fréttin var sú að þú hefðir fengið fasta vinnu. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 24.8.1992.

-- Við komum í gærkvöldi úr tveggja daga ferð með Bo og Eflís. Pabbi þinn skipulagði ferð á söguslóðir Eiríks rauða, en Bo er að þýða Grænlandingasögu á sænsku og hann langaði til að koma á þær slóðir sem Eiríkur rauði hafði dvalið á hér. Það var líka svo skemmtilegt því Ásgeir kom með okkur. --

Í Stykkishólmi beið okkar lítill mótorbátur og eigandi hans sem sigldi með okkur út í Suðurey, Brokey og Öxney. Eiríkur hafði vegið mann og var gerður útlægur og flýði út í þessar eyjar. Þar eru rústir bæja og ýmis örnefni sem minna á veru hans þarna. Þessi dagur var alveg dásamlega fallegur, rjómalogn og blíða. Við fórum í land í eyjunum og *skipperinn* (afkomandi síðasta bóndans í Brokey) sýndi okkur staðina sem Bo var að leita að. Þetta var ótrúlega fallegur dagur, þau fáu ský sem voru sjáanleg, spegluðust í haffletinum, fuglarnir syntu allt um kring og við sáum arnarunga á skeri þar sem örn hefur verpt í mörg ár. Svo sáum við líka seli.

Eftir vel heppnaðan dag fengum við okkur að borða á hótelinu og Bo bauð okkur upp á öl og hörpuskelfisk, gistum í svefnokaplássi hjá Eyjaferðum, sem var mjög gott. Að vísu vaknaði ég í morgunsárið við háværar raddir fyrir neðan gluggann. Þar voru tveir fullir náungar sem töluðu eins og þeir væru einir í heiminum. Annar þeirra var alltaf að spyrja hvar hann væri eiginlega og hvernig hann hefði komist á þennan ömurlega stað. Hann hafði aldrei heyrt nafnið Stykkishólm og hló alveg óskaplega allan tímann og spurði aftur og aftur hvar hann væri. Þetta var hið besta mál, því ég sofnaði vært á eftir.

Næsta morgun gengum við upp á Helgafell og fylgðum öllum fyrirmælum. En þau eru ef þú manst þau ekki að maður getur fengið þrjár óskir uppfylltar, ef maður gengur á fjallið án þess að líta til baka, maður má ekki tala og þegar upp er komið á maður að horfa til austurs og óska sér. Þetta getur maður aðeins gert í fyrsta sinn sem maður gengur á fjallið. Ég var að rifja það upp að ég gekk á Helgafell fyrir 43 árum með tólf ára bekknum mínum. Ég óskaði mér þá og það hefur ræst nokkuð vel. Ég notaði tækifærið líka núna - óskaði mér - það er aldrei að vita.

Nú; við höldum áfram ferðinni og var stefnan tekin á bæinn Dranga á Skógarströndinni. Þar átti Eiríkur að hafa búíð. Þar hittum við skemmtilegan bónda sem hafði fengið ámóta heimsókn fyrir nokkrum árum. Það var prófessor frá Ameríku sem var líka að skrifa um Eirík rauða og gat hann leyft Bo að sjá greinina eftir þann mann og nafn hans. Hann sagði að þessi ameríski maður og hans kona hefðu verið svo elskuleg við þau hjónin að þau hefðu meira að segja sent þeim silfurkaffikönnu eitt árið. Þetta fannst Bo nú meira en hann hefði ráð á.

Svo áttum við heimboð til Ingólfs Aðalsteinssonar¹ fyrrv. hitaveitustjóra á Suðurnesjum. Hann á gamla bæinn þar sem hann ólst upp á og heitir Brautarholt og er í Haukadal. Þar beið okkar smurt brauð og öl. Þegar við vorum búin að eta okkur mett fór Ingólfur með okkur að rústum Eiríksbæjar í Haukadal þar sem Eiríkur rauði hafði búíð árið áður en hann fór alfarinn til Grænlands. Nú var orðið áliðið dags og var Ingólfur kvaddur snarlega og brunað í bæinn. Það voru þreyttir en ánægðir ferðalangar sem komu í bæinn.

Það er gaman að hafa Bo og Eflís hér. Þau eru búin að vera viku á Grænlandi og voru óskaplega hrifin. --

Auður var boðin í skemmtilegt boð til Karls Aspelund² og Milou konu hans á Laugardag. Svo fóru þær Kristín frænka hennar Haraldsdóttir³ í fimm stunda gönguferð með Útivist gömlu leiðina um Helligsheiði til Kolviðarhóls. --

Senn verðum við ein í kotinu -- og hlökkum til að fá ykkur í heimsókn. Jæja, þá læt ég staðar numið. Ég heyri að Bo og Eflís eru komin heim og eru að tala við pabba þinn inni í sjónvarpsherbergi og hafa það mjög skemmtilegt. Ég verð að fara að gá hverju sætir --

¹ Ingólfur Aðalsteinsson (1923-2012) veðurfræðingur að mennt.

² Karl Aspelund (1963) sviðslistamaður sem skrifaði bók um ísl. þjóðbúninginn og Sigurð málara. Mun vera prófessor í Bandaríkjum N.A. Þau Milou munu skilin.

³ Kristín Haraldsdóttir (1970), dóttir Haraldar Guðjónssonar og Ingveldar Dagbjartsdóttur. Hún er sérfræðingur í alþjóðarétti og yfirmaður þeirrar deildar í Háskólanum í Reykjavík.

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 31.8.1992.

-- fer að líða að lokum þessarar vinnu sem ég hef núna. Atvinnurekandinn vill endilega halda mér áfram, en ég held ég sé búinn að fá nóg. Hann kærir sig hvorki um mína arkitektúr-innsýn né að borga mér sæmilega. Það getur þó komið sér vel seinna meir fyrir mig, ef honum tekst að selja eitthvert af þessum sumarhúsum. Þá á hann eflaust eftir að hóla í mig til að teikna eitthvað meira. Þá hefst atvinnuleitin að nýju.

Satt að segja er ég bara nokkuð spenntur að sjá hvað skýtur upp kollinum næst. Við Magnús höfum verið að ræða um það að reyna að markaðssetja okkur sem módelsmiði. Þá gæti maður fengið við ýmislegt annað samtímis eins og til dæmis að taka þátt í samkeppnum. Svo hefur hann Per Olaf afhent mér lykklana að sinni teiknistofu þannig að þar get ég setið og dundað mér við það sem mun reka á mínar fjörur í framtíðinni. Svo þá vitið þið að ef þið þurfið að byggja, eða breyta þá er ég hér með mínar græjur og heila teiknistofu. Per hefur engin verkefni þessa stundina þannig að af honum er ekkert að hafa, en ef það breytist verð ég fyrsti starfsmaðurinn á þeirri stofu. Þið sjáið að ýmislegt er í gangi, þó að flest sé ólaunað.

Vibeke er farin af stað með nýtt lokaverkefni, til að hafa eitthvað í höndunum ef það skyldi fara illa með endurmatið á síðasta verkefni. Það er erfitt að virkja sjálfan sig í nýtt kapphlaup við tímann, en hingað til hefur allt gengið vel. Hún ætlar að teikna barnaskóla í Hvalstad í Asker, þar sem hún ólst upp. Spennandi verkefni sem ég held að eigi mjög vel við hana. Við ætlum um næstu helgi að fara í náttúrufræðilegt ferðalag um svæðið, skoða fornminjar, steingervinga – og ef sveppatímabilið verður ekki útrunnið ætlum við að svipast eftir þess háttar.

Ég læt undan álaginu og sendi hér með tvær myndir af Vibeke. Fríða náði líka nokkrum myndum af henni, svo þið ættuð að vera birg.

Fríða færði okkur bæði viskí og harðfisk ásamt flatkökum og bókmenntum frá ykkur. Bestu þakkir. Það lá við að ég tímdi ekki að bursta tennurnar eftir kvöldið sem hún kom, svo gott var bragðið í munnum.

Það var gaman að hitta þær vinkonur. Ég bjóst við að þær yrðu á stöðugum þönnum milli öldurhúsa, en það var síður en svo, þær virtust sofa meira og minna allan sólarhringinn. Þær voru greinilega í fríu frá einhverju sem rekur þær á fætur fyrir allar aldir.

Ég var tekinn í Landsamb. norskra arkitekta í síðustu viku og get því formlega farið að titla mig *sivilarkitekt MNAL*. Sendi ljósrit af verkefninu mínu, ykkur til ánægju og yndisauka. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 31.8.1992.

-- Við fengum góðar fréttir af ykkur Vibeke frá Fríðu (*Pálsdóttur*) sem sagði að hún væri alger perla! -- Nú gerum við okkur vonir um að þið komið í heimsókn. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 8.9.1992.

-- Ég er ein heima. Pabbi þinn fór á skrifstofuna til að sinna einhverju lítilræði. --

-- nóg er að gera hjá okkur pabba þínum. Nú er að byrja vetrarstarfið í Oddfellow og Zonta. Ég tók að mér að vera varaformaður þetta árið og tek svo við sem formaður næsta vor. Ég hefði viljað gera þetta einhvern tíma seinna, en það er kannski bara best að gera þetta meðan maður er sæmilega ern!

Sumarið hefur liðið allt of hratt. Búinn að vera mikill gestagangur og ferðalög út á land. Allt hefur þetta verið mjög skemmtilegt og líka gaman þegar svona ströngu prógrammi lýkur og allt hefur gengið vel. --

Segir frá kveðjusamsæti Auðar og Gísla. Var þar borin fram kjúklingapásteik sem Auður bjó til og hafði Brynja ekki smakkað þennan fjölskyldurétt fyrir.

Segir líka frá opinberri heimsókn norsku konungshjónanna og tilstandi í kringum það. Þá erum við að fara í fyrsta boðið til Ásgeirs og Brynju og líka boðin í brúðkaup Helgu Jónsdóttur og Stulla.

-- Þakka þér fyrir teikningarnar af diplómverkefninu þínu og myndirnar af Vibeke. Biður hann láta okkur fylgjast með hvernig atvinnuleitin gengur. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 14.9.1992.

Innihaldsríkt bréf um málverkasýningar Kåre Tveit og Hrings Jóhannessonar, garðrækt, beiðni um kaup á smárafræi,¹ brúðkaup Sturlu Pálssonar og Helgu Jónsdóttur,² frændsystkina Dags. Sem og fyrsta kvöldfagnaði þeirra Ásgeirs og Brynju, sem áttu eftir að verða margir. Segi rækilega frá öllu, ætt og ýmsum fornum vinasamböndum.

-- Hér er lítt rifist, þess í stað eru andleg störf stunduð svo mjög að ekki er tími til málningarviðgerða og verður áreiðanlega ekki fyrir en daginn áður en þið komið. Þetta er ekki leti, heldur er líkamleg vinna látin víkja fyrir andlegum menntum. Menn láta ekki að sér hvarfla að hvort tveggja geti komið til greina. --

¹ Smárafræ var lengi viðfangsefni. Mér tókst að útvega mér þetta frá dr. Sturlu Friðrikssyni í Rannsóknarstofnun landbúndarins. Þegar ég gekk út frá honum hitti ég frænda okkar Bjarna Helgason jarðvegsfræðing frá Kleppi. Hann spurði í hvaða erindum ég væri. Sem ég svaraði sem satt var. Sagði hann smára jurt sem aldrei yxi þar sem maður vildi. Ég hafði beðið Dag um að spyrja sölumann fræsins hvaða áburð ætti að nota til þess að hann yxi. Yfir 20 ára smáraræktun hefur kennt mér að allur áburður drepur smára, enda er hann farinn að vaxa út um allt borgarlandið eftir að fjárveiting til áburðarkaupa hefur verið skorin niður, líka hér á Bergstaðastræti 69.

² Sturla Pálsson (1966), hagfræðingur, frkv.stj. í Seðlabankanum og Helga Jónsdóttir (1967) lögmaður og hótelhaldari foreldranna í Breiðdal.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertss. Rvík. 16.9.1992.

Segi enn frá 200 manna brúðkaupi og -veislu Stulla og Helgu frænku hennar og æskuvinkonu. Vel valdir gestir! --

Af okkur er allt hið besta að fréttu. Í gærkvöldi var mamma hér hjá okkur. -- Kvartaði hún sáran yfir því hvað Dídí (*systir hennar*) væri neikvæð! Var sjálf á móti því að fara í níraðisafmæli Dorisar á morgun. Ástæðan var hve slæm íbúðin¹ væri hjá Álfheiði Sylvíu og hve illa hefði verið hugsað um hana sjálfa í fimmtugsafmæli Sylvíu. Man það ekki. Það var þó ég sem stjánaði við hana þar! Ástæðan var ekki sú að hún treysti sér illa. Svona er röksemdafærslan þegar komið er á tíunda áratuginn. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 21.9.1992.

-- Úr vinnunni er það helst að fréttu að heilbrigðisyfirvöld eru að pína tannlæknastéttina. Málið er að tryggingaráð fékk skipun frá heilbrigðisráðherra um að gera samning við einn tannsmið að hann mætti sjálfur smíða upp í fólk án þess að tannlæknir þyrfti þar að koma nálægt. Í lögum um tannlækningar segir hins vegar skýrt að aðeins tannlæknar megi vinna þetta verk, tannsmiðir smíða tennurnar á sínu verkstæði eftir að tannlæknar hafa ákveðið hvað skal gera. Tannsmiðir mega í sumum löndum vinna með sjúklinga, en þeir hafa þá hlotið til þess menntun sem þeir hafa ekki hér. Nú stefnir í lögbann og málaferli --

Prátt fyrir þetta er hægt að skemmta sér og fór stjórn TFÍ og við út í Viðey í kvöldverð eftir fordrykk hér heima. Og meira að segja komið aftur hingað eftir kvöldverðinn.

-- Þetta var allt saman mjög velheppnað og mátulegt og gaman að vera með þessu fólki sem við erum farin að þekkja vel eftir tveggja ára samvinnu í stjórn TFÍ.

Amma Fríða hefur verið í lægð undanfarið. Hún er farin æ oftar að fá ótrúlegustu ranghugmyndir. Það er svo undarlegt að hún er svo sannfærandi og líka svo sár þegar hún er að setja okkur inn í málið að manni hættil til að gleypa við frásögninni og gleypa því að þetta er orðin háöldruð koma sem skjátlást um hluti og spinnur atburðarás sem ekki á stoð í veruleikanum. Hún hélt því fram núna að Hjördís (heimilishjálpin góða) hefði stolið forláta gamalli gullnælu og gullhálsmeni og nisti. Hún var svo viss í sinni sök hvenær hún hefði notað þetta síðast og sett svo á sinn stað eins og alltaf og svo hefði þetta verið horfið tveim dögum seinna --

Við slógum á fundi með henni og Palla og Láru í gær og gátum sannfært hana um að Hjördís væri ekki sökudólgurinn heldur hefði þetta glatast einhvern veginn. Við gerum okkur grein fyrir að það sé ekki langt í að hún verði að vistast á stofnun, henni hefur farið mikið aftur. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 21.9.1992.

Fréttir af leikhúsförðum.

-- Undanfarna daga hefur amma þín verið í lægð. Hún á það til, í vaxandi mæli -- að fá ranghugmyndir, *fantasera*, ímynda sér. Síðan ágerast þær og verða að vandamáli sem snýst um hana. Til allrar hamingju er enn hægt að ná henni út úr þessu. Það sem áhyggjuefni er að þessar hríðir ágerast. Þannig læðist æ oftar að henni að hún geti ekki verið miklu lengur heima. Í raun og veru þarf hún að fá athvarf á góðum stað áður en það verður um seinan og hún hælismatur. Það er leiðinlegt að hugsa svona, en ekki vildi ég að við þyrftum að upplifa margar helgar eins og þessa síðustu. Ef ekki hefði svo margt skemmtilegt gerst, hefði hún verið mjög óskemmtileg fyrir okkur.

Það er mun erfiðara að hafa hana hér heima eftir að þú ert farin og enginn sem lítur til hennar daglega, eða oft á dag, nema við. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 28.9.1992.

Spyr hvenær þau muni heiðra okkur með heimsókn. Segir frá lífinu í húsinu og góðum listsýningum Magnúsar Kjartanssonar og Koggu konu hans í listhúsi Knúts Bruun.

Þá buðum við Dídí og mömmu sem er smám saman að komast yfir þá grillu að Hjördís (velgjörðarkona hennar) hefði stolið af sér hlutum.

-- Þetta eru ámóta einkenni og hjá Þórhildi Tómasdóttur, ömmu hennar, sem sagði öllum að hún fengi ekki nóg að borða og faldi peninga inni í kolaofninum til að enginn fyndi þá! --

-- Það bætti dálítið kvöldverðinn að í heimsókn kom ungur piltur, Valdimar Tómasson, 21 árs, frá Litlu-Heiði, sem þegar er kunnur bókasafnari. ²Hann hefur verið að hjálpa mér að safna þjóðsögum. Hér er um að ræða bækur sem vantar í þjóðfræðistofnunina sem Bo Almquist er að koma upp við University College. Þetta er merkilegur ungur maður úr Mýrdalnum, sem ég hef hitt á uppboðum og í fornbókaverslunum, auk þess sem hann hefur verið að vinna í pylsuvagninum í Austurstræti. Hann er búinn að koma sér upp góðu bókasafni, er mikill kvæðaunnandi og kann heil ósköp. Bókasafninu kemur hann sér upp með því að kaupa almennt eftirsóttar bækur og fá merkisrit -- í skiptum. Til þess að þetta sé hægt þarf bæði mikla þekkingu og minni. Er furðulegt hvað honum hefur tekist. Ég hélt að þjóðfræðibækurnar myndu kosta einhver ósköp. En annað hefur reynst. Margar þeirra eru alveg hræbillegar. ³

¹ Álfheiður og Magnús voru flutt í ágætis hús, ekki beint hentugt fyrir gamalt fólk, tröppur í miðri stofu. En þegar hún komst þar í sviðsljósið og hélt ræðu, þá var allt í lagi. Svona er ellin, hjá þér og mér og okkur öllum?!

² Nú þekkt skáld.

³ Nú sýnist hann kominn á beinu brautina sem ljóðskáld.

Jæja. Ég hef þetta ekki lengra, vinnan nálgast og ég þarf að ganga frá mótmælum við ríkisstjórnina út af hugmyndum um skattlagningu á raforku. Ríkið kann ekki, getur ekki eða vill ekki spara. Þá er bara að finna einhverja undarlega leið til að skattleggja; í þessu tilfelli rafmagn og hita. --

Þegar ég kom í vinnuna var fax frá Auði þar. Hún sagðist vera kvíðin, af einhverjum óskýrðum ástæðum. Viltu hugsa oft og vel til hennar litlu systur þinnar sem metur engan meira en þig. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 28.9.1992.

-- Það helsta sem gerst hefur skemmtilegt undanfarið var saumaklúbbur hjá Þóru. -- Þær eru svo skemmtilegar þessar gömlu og hressu flugfreyjur. -- María Bergmann sagði mér að Elly¹ vinkona sín hefði verið svo hrifin af þér og hefði sagt að þú værir akkúrat eins og maður óskaði sér að eiga svona dóttur.

Á föstudaginn fórum við pabbi þinn í jarðarafarir. Það er að segja að við skiptum okkur niður á tvær jarðafarir. Pabbi þinn fylgdi Einari Árnasyni,² lögfræðingi, frænda sínum úr Briemsætt og við Jójó fórum saman að fylgja pabba hennar Ernu Þorleifsdóttur, Þorleifi Guðmundssyni.³ Hann var orðinn 81 árs. Hafði verið mikill fjallagarður og leiðsögumaður af lífi og sál. Stofnaði Útivist á sínum tíma. Erna Þorleifs sagði þegar við hittum hana í erfidrykkjunni að það eina sem hún sæi eftir væri það að hafa ekki ferðast neitt að ráði með pabba sínum. Þá er að brjótast í henni samviskubit svona eftir á að hafa ekki kynnst pabba sínum nógu vel. Það voru margar minningargreinar skrifaðar um hann, allt eftir fólk sem hafði kynnst honum í þessum ferðalögum og lýstu honum mjög vel. Fjölskyldan ferðaðist aldrei með honum og sér eftir á að hún hefur ekki þekkt þessa hlið á honum, Svona er nú það. --

Fórum svo að gera kjallarann hreinan þangað til Ásgeir kom í heimsókn. Hann sagði Brynju vera ánægða í landafræðinni.

-- Hann er að byrja með aðra þætti hjá útvarpinu. Er að hætta með Bjarna Sigtryggssyni og Ásdísi Emilsdóttur Petersen⁴ og verður með einn klukkutíma þátt um raunvísindi. List honum mjög vel á það og finnst hálf í hvoru ágætt að losna við að vinna með Bjarna. Þau vinna þessa þætti saman Ragnheiður Gyða Jónsdóttir⁵ og hann. --

Það sem aðallega hefur tekið úr mér allan mátt undanfarna daga er hún amma þín. Henni hefur hrakað mjög hvað andlega heilsu snertir. Líkamlega er hún orðin þannig að hún skelfur meira og riðar á fótunum og er ósköp pasturslítill. Hún grípur illa það sem sagt er við hana nema hægt sé talað og á erfiðara að setja sig inn í hluti og skilja.--

Hún stendur enn á því fastar en fótunum að stolið sé frá henni og það af aðstoðarkonunni sem allt gerir fyrir hana.

-- Þá segir hún bara að hún vilji ekki lifa lengur eða hún vilji fara á Skjól. Þar hitti hún fólk! --

Ég hef verið að bera saman mömmu og hana. Það eru nú ólíkar persónur. Aldrei hef ég heyrt mömmu kvarta um að hún væri mikið ein og við gerðum ekki nóg fyrir hana. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 5.10.1992.

Segir frá málverkaupþöðum með ýmsum áhugaverðum myndum, m.a. eftir Jóhann Briem. Fengum mynd frá Þingvöllum eftir Jón biskup Helgason á 35 þús.

-- Jæja, það er nú helst í fréttum af heimilinu að skartgripir ömmu þinnar eru komnir fram. Þeir fundust inni í baðherbergisskáp í gamalli púðurdós. Hún hélt því stíft fram að Hjördís hefði skilað þeim aftur og látið þá þarna. Palli kom til hennar í gær, tók hana í gegn og reyndi að gera henni grein fyrir að hún væri farin að gleyma og færi aftur og henni skjátlaðist með þetta. Það er leiðinlegt að eldast svona, en þetta er nú svona, maður getur engu ráðið um það. Að öðru leyti er amma þín hin hressasta og ánægjuleg. Nú jafnar hún sig á þessu og ætlar að reyna að fara einn til tvo daga í dagvistun og reyna að föndra eða spila. Það er skrýtið að hugsa sér þessa dugmiklu og aktívu konu fyrir nokkrum árum verða svona. En þetta er orðinn háur aldur og hún má auðvitað þakka fyrir það sem hún er. Hún kann að njóta þess að hlusta á útvarp og spólar frá Blindrabókasafninu. Hún er aðdáandi Ásgeirs sem útvarpsmanns og hrósar honum óspart og meinar það. --

Segir frá Ingunni Friðleifsdóttur tannlækni sem annast í hjáverkum tannlækningar á Hólmavík og bauðst til að útvega rækjur þaðan.

-- Ég var búin að hugsa mér að bjóða Ingunni í Zontaklúbbinn og nefndi það við hana hvort hún myndi vilja koma með mér á næsta fund með það fyrir augum að ganga í klúbbinn ef henni litist á. Hún tók vel í það. --

Þá ræddu þær saman um atvinnuhorfur tannlækna og nefndu nokkra í því sambandi. Logi⁶ fyrri kærasti Ingunnar og Dagur eru vinir og bæði stunduðu þau nám í Osló.

-- Auður sagðist hafa fengið skemmtilegt bréf frá þér og var heldur ánægð. Hún byrjar í skólanum eftir viku --

¹ Elly Vilhjálm (1935-95) söngkona og starfsmaður í skrifstofu sjónvarpsstjóra. Þær störfuðu þar saman Elly og Auður og urðu góðar vinkonur.

² Einar Árnason (1926-92) lögfræðingur lengst hjá Vinnuveitendasambandinu. Hann var sonur Svanbjargar Einarsdóttur (1899-1986) frænku minnar (dóttur Jóhönnu Briem prestkonu í Reykholti) og Árna B. Björnssonar, helsta gullsmiðs borgarinnar á sinni tíð.

³ Þorleifur Guðmundsson (1911-92) kom víða við, auk ferðamenskunnar var hann um stutt skeið frkvstj. Rauða kross Íslands.

⁴ Ásdís Emilsdóttir Petersen (1953) síðar doktor í guðfræði.

⁵ Ragnheiður Gyða Jónsdóttir (1957), alla tíð útvarpskona, dóttir Jóns Múla Árnasonar útvarpsþular.

⁶ Logi Már Einarsson (1964) arkitekt á Akureyri og form. Samfylkingarinnar og alþingismaður.

Eggert Ásgeirss. og Sigríður Dagbjartsd. skrifa Hildigerði og Unnsteini.¹ Rvík. 5.10.1992.

-- Stundin í skálanum (*skála Ferðafélags Hornafjarðar í Kollumúla*) var ein af þessum indælu tómu stundum á landi eða á sjó þegar beðið er eftir einhverju: Að varpan komi upp, veðri sloti. Tíminn stendur í stað og ekkert rekur á eftir. Við snúum á tímann og lengjum hann með því að látast ekki taka eftir honum og þykjast hafa nógan. Þessu kynnumst við í þéttbýlinu æ sjaldnar. Setið og rabbað, tíminn hreyfist varla, ekkert liggur á. Eini tímamælirinn var að kleinum fækkaði og hellt var aftur upp á mökkakaffi! Mennt sögðu það sem þá langar til að gleðja aðra með, létta sögu, glöddust með öðrum, allir brostu og hlógu, vegna þess að það er - svo gott! Aðkomufólkinu, okkur, voru sagðar gömlu sögurnar sem allir aðrir höfði heyrt oft, en nutu þess að heyra enn og aftur og sjá hvernig framandi eldri hjón tóku þeim. --

Og hvílikur bústaður (ykkar), óskahúsið, öllu vel fyrir komið, hægt að hvílast og njóta. Þá fengu ferðalangarnir fyllri og enn ánægjulegri mynd af fjölskyldunni.

Húsbókin var unaðsleg að skoða og sjá: Gestrisnin er ekki sýnd nauðleitar mönnum (!) heldur stendur húsið opið öllum, vinum og hálfvinum. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 6.10.1992.

Þetta er fyrsta faxbréfið sem hún sendir.

-- Ég hef verið að undirbúa afmæli ömmu þinnar sem er á morgun; býið að gera risastóra *påsteik* og ætlar Lára að búa til eftirrött. Gestir verða Siggí Línadal og María, Jóna og Óli og svo við og Palli og Lára; og svo auðvitað Dídí. Siggí er nýkominn frá Rússlandi og sagðist hlakka til að segja ferðasöguna. Kannski komast þær systur bara aldrei að fyrir honum. --

Pabbi þinn sagði þér frá skartgripum ömmu þinnar. Ég finn svo til með henni að eldast á þennan hátt. Það er alveg sama hvað brýnt er fyrir henni að Hjördís hafi ekki tekið þessa skartgripi og fleira; hún er sannfærð um það. Palli tók hana í gegn -- og var hún ósköp aum. Hann var að gera henni grein fyrir hvað alvarlegt mál það væri að þjófkenna fólki, henni sjálfri væri farið að förlast og skjátlast um ýmsa hluti sem væri eðlilegt þegar fólk eldist. Hún grípur þetta snöggvast og heldur sig svo við sína sannfæringu. Hún er að tala um hvað hún sé einmana. Er hún að hugsa um að fara í dagvistun svona einu sinni til tvisvar í viku. Henni leiðist svona einni heima, segir hún, og þá er hún líka eitthvað að pæla. --

Mér þótti vænt um að pabbi þinn gat eignast mynd eftir ömmubróður sinn. Þar að auki er hún falleg. --

Þá er verið að endurbæta rafmagnið í öllu húsinu og setja nýjar leiðslur.

-- Mig dauðlangar til að hringja til þín, en eitthvað segir mér að það gangi ekki. --

Auður Eggertsdóttir skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. París. 6.10.1992.

Þetta er líka fyrsta faxbréfið hennar.

-- Gaman var að fá svona fréttir að heiman. Ég hugsa svo mikið til ykkar, ég veit að þú trúir því ekki. Það er svo gaman að fréttu hvernig ömmu líður, afmælisboðið og skemmtanalífi ykkar. Það er svo fjörugt hjá ykkur, að við unga fólkið, förum hjá okkur við að lesa um þetta. -- Því ekki er skrautlegt skemmtanalífið hjá okkur --

Segir frá ýmsum næturgestum og viðburðum í kringum það.

-- Ég fór með Björk á sýningu um helgina í *Jeu de Paume*, þangað sem þið fóruð með Degi, ef ég man rétt. Þar er sýning nokkurra listamanna frá mörgum löndum, sem allir eiga það sameiginlegt að vinna í New York -- merkilegasta verkið var kjóll sem var saumaður úr nautakjöti og hékk á gínu. Kjötíð var að vísu orðið þurr, en þetta var frábært verk. Ekki kannski eins fallegt og listaverkið sem þið keyptuð á uppboðinu. Til hamingju með myndina. --

Nú er orðið kalt í París -- það er eins og faxið dragi úr fjarlægðinni milli okkar. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 7.10.1992.

-- Þetta var dásamlega falleg afmælskvæðja -- til ömmu þinnar. Ég var að ljósrita bréfið, svo fær hún það í hádeginu. -- Hún sat í sloppnum sínum í morgun þegar við fórum í vinnuna, búin að opna inn til sín, tilbúin að taka á móti afmælisóskum. Við vorum búin að kaupa handa henni vekjaraklukkku því hún sér svo illa á þá gömlu. -- Hún var mjög klökk, fannst þetta orðinn langur aldur og mörg árin.

Ég verð að gefa þér 10+ fyrir bréfið í gær. -- Það er verst hvað þú ert orðin óskaplega sjálfselek. Ásgeir og Brynja melduðu sig í kvöldmat í gær, fengu að lesa bréfið og þótti skemmtilegt. Ég var að fara í saumaklúbb til Ollu, svo ég missti af matseldinni hjá pabba þínum og hitta þau. Hann sagði að vel hefði legið á þeim og þau ætla að kíkja í kvöld til ömmu þinnar eftir matinn.

Helga Pálmadóttir var að segja mér fréttir úr hverfinu. Það hafði verið brotist inn til Áslaugar Stephensen² um miðjan dag um daginn. Hún kom heim úr bæjarferð og byrjaði á því að tala við köttinn þegar hún kom inn fyrir dyrnar og lesa bréf sem lágu þar.

¹ Hildigerður Skaftadóttir, bankamaður og Unnsteinn Guðmundsson skipstjóri, bæði frá Hornafirði og í forystu Ferðafél. Hornafj. Við hittum ferðahóp á bakka Skyndidalsár. Þau hjálpuðu okkur yfir, buðu okkur velkomin í hópinn og fræddu. Að lokinni dvöl í skálanum við Illakamb heimtuðu þau að við gistum í sumarbústað þeirra í Lóni, vísuðu okkur á lykila á nagla undir þakskeggi. Það merkilega gerðist, áratugum síðar, er við heimsóttum Sverri Scheving Thorsteinsson, jarðfræðing og bekkjarbróður minn, sem var búinn að missa heilsuna vegna Alheimersjúkdóms, og konu hans til Hornafjarðar. Kom þá ekki í ljós að Hildigerður var meginstoð þeirra og stytta.

² Bergstaðastæti 81, næst Barónsstíg.

Þegar hún kom lengra inn sá hún að það var opið garðmegin og búið að raða hljómflytningstækjum, sjónvarpi og fleiri græjum við dyrnar. Þjófarnir höfðu heyrt í henni og forðað sér. Nokkrum dögum seinna var brotist inn í næsta hús - til Guðrúnar Jónsdóttur¹ - um nótt. Þar höfðu þjófarnir farið um allt hús og leitað að bíllyklum Stebba, hann á stóran Toyota jeppa. Þeir fundu lyklna í úlpuvasa hans í kjallaranum, báru sjónvarp og græjur út í jeppann og keyrðu með allt góssið burt. Einhver varð þeirra var svo þetta náðist. Það er ekki laust við að maður verði svolítið uggandi að heyra þessar sögur úr nágrenninu. -- Hjá Áslaugu, sagði Helga, hefði verið notað kúbein á útidyrarhurðina. -- Ég vona að ég sé búin að hitta fyrsta og síðast þjófinn í okkar húsi. Ég er allavega ekki bangin, finnst vera einhver verndarengill yfir okkar húsi og hefur alltaf fundist. --

Auður Eggertsdóttir skrifar mömmu sinni. París. 11.10.1992.

-- Á laugardagskvöld var stelpuboð hjá mér. Ég bauð til mín nokkrum vinkonum hér, Brigitte og Björk og sambýliskonu hennar (ný) Guðrún, komu til mín. Það var voða gaman. Ég hafði steiktan fisk og kartöflur, auðvitað líka kokkteilsósu „a la Bergstaðastræti“. Björk kom með eftirréttinn. Þetta var voða skemmtilegt hjá okkur, mikið hlegið og talað. Þær fóru svo allar heim með síðasta metró eða strætó. --

Nú tekur alvaran við - skóli -

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 12.10.1992.

-- Það er allt gott og blessað hér á þessum bæ. Síðasta vika komin í þátíðina. Hún var ansi erfið í vinnunni. Á föstudag var fyrirlesari frá Ameríku sem hélt áfram á laugardagsmorgun og var allt mjög vel heppnað. -- Svo tók við aðalfundur og var Svend að ljúka sínu kjörtímabili sem formaður og við tók Jón Ásgeir Eyjólfsson, sem var með stofu á neðri hæðinni hjá Ólafi Björgúlfssyni í Miðstræti. Hann er mjög þægilegur maður og hlakka ég til að vinna með honum. Að vísu sé ég eftir Svend að mörgu leyti. Hann vann svo vel og alveg sérstaklega samviskusamur og elskaður gagnvart mér. --

Í gær fórum við svo í 90 ára afmæli Cillu (*Helgason*) og drifum Sigga og Maríu með okkur. Þetta var skemmtileg ferð líka að því leyti að það var gaman að vera með Maríu og Sigga sem eru alveg sérstaklega skemmtileg. Þau eru nýbúin að vera í Rússlandi. Það var með svokölluðum grafarahópi -- hópi vina og sjálfboðaliða sem hefur farið á hverju sumri með Þór Magnússyni þjóðminjaverði og stundað fornminjagröft einhversstaðar á landinu. Ólafur Egilsson sendiherra hafði skipulagt ferðina og var með hópnum ásamt færustu leiðsögumönnum sem völ var á. Þau fóru til Leningrad. Moskvu, Smolensk og Novgorod, greinilega með athyglisgáfunu í lagi. --

Það var gaman að heyra í þér í símanum á afmæli ömmu þinnar. Hún var óskaplega upplyft af að fá hringinguna og montin af Degi sínum. Hún var eitthvað óvenjulega óánægð og talar þannig að hún vilji fara á Skjól eða eitthvað annað. Hún vilji ekki vera öðrum til byrði. Við pabbi þinn ætlum að ræða við hana í rólegheitum í kvöld.

Auður er að byrja í skólanum í dag. Það kom fax frá henni í morgun þar sem hún sagðist varla hitta á takkana í tölvunni fyrir stressi. Hún kveið mikið fyrir deginum. Annars er gott í henni hljóðið og hún pundar alveg á okkur bréfum gegnum faxið. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Fax - Rvík. 12.10.1992.

-- borist hefur skæðadrifa af föxum -- forréttindi að hafa yfir slíkri tækni að ráða þegar maður hefur einhvern til að segja eitthvað og mikilsverðir hlutir - eða léttvægir - hvíla á brjósti manns. -- Nú skín tunglið hér inn um gluggann og truflar mig stórlega við skriftirnar. Kallinn er með skugga á kinnum og glottir yfir því sem ég er að koma á blað. --

Segir frá ferð í óperuna þar sem Diddú stóð sig stórvél.

-- Mér fannst hálf *tragískt* að hlusta á Sigrúnu (*Hjálmtýsdóttir*). Ásgeir sagði okkur í upphafi sýningar að heyrn hennar hrakaði mjög. Útvarpsmaður kom til hennar í búningsherbergi og bankaði. Hún heyrði ekki bankið og endaði með því að hann varð inn að ganga.² --

Þá segi ég frá ferð okkar Sirríar með Sigga Líndal og Maríu að Lindarholvi á níráðisafmæli Cillu Helgason sem sögðu okkur á leiðinni skemmtilega frá kímilegri ferð til Rússlands, og víða komið við!

-- Lengi lifi samræðulistin! Hún er ekki öllum gefin! --

Mamma situr við og skrifar á vél enda æst í að nota þessa nýju samskiptatækni, þótt hún skilji vart hvað fax er. Dagur hringdi í afmæli ömmu sinnar og virtist ánægður með stofuna sem hann starfar á.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. Fax. 19.10.1992.

Segir aldeilis fréttir af tannsmíðum, lögbannsmáli tannlækna og hafir hún þurft á einum degi að útvega 10 millj. kr. tryggingu með því að fara til margra tannlækna til að fá ábyrgð þeirra.

-- Jæja, kerlingin, þá ætla ég ekki að tala meira um félagsmálin. Ég er strax orðin rólegri. --

Segir svo frá balli og skemmtilegheitum hjá Oddfellowum. Einnig samkomu til að halda upp á 10 ára afmæli Kauppings með mörgum skemmtiatriðum. Tóku þau Jórinni, ömmu Auðar og Dídí ömmusystur með og höfðu þær mikið gaman af. Svo héldum við boð heima.

¹ Bergstaðastræti 79.

² Rifjast upp þegar þetta er skrifað að í frægri aríu sem er samspil einsöngvarans og flautuleikarans þá þurfti flautuleikarinn að vera uppi á svölum, nærri senunni svo Sigrún gæti séð hann og hann hana.

M.a. Þorsteinn Jónsson¹ og Hrefna² konan hans komu með sex mánaða gamlan son sinn. Það var alveg draumur og vorum við konurnar sem komnar eru á ömmualdurinn alveg sjúkar í hann. Þetta var alveg sérlega vel heppnað boð. Ég hafði tómatsúpu með vatnsdeigsbollum í forrétt og *påsteik* með kjúklingum og heimalagadaðan ís með marengs. -- Við buðum svo Ásgeiri og Brynju í kvöldmat í gær og var þá boðið upp á afganga. Það var gaman að fá þau. Þau höfðu verið með Dídí og ömmu þína í eftirmiðdagskaffi. Kom amma þín upp til okkar þegar Ásgeir var búinn að keyra hana heim og var mikið hrifin af öllu hjá þeim. Hún hafði tekið vel eftir öllu og gat sagt frá því í smáatriðum. --

Ræðir um skólavist Auðar og þungt nám. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 19.10.1992.

Saknar tengsla við hann og að vita ekki hvað þau Vibeke eru að gera og hugsa; hræðist að hann fjarlægist og hverfi.

-- angistartilfinning. Mig meira að segja dreymdi að við vorum saman á brún þverhníptrar námu. Þú gekkst fram af brúninni. Ég hljóp þangað, skelfingu lostinn og leit fram af. Á botni námunnar var fjöldi manns, enginn sýndi merki þess að þú hefðir komið þar niður og var þig hvergi að finna. Þá vaknaði ég í svitaköfi -- Aðalatriðið er að þér líði vel. Engar fréttir eru góðar fréttir segir maður til að fullvissa sig um að fréttaleysi boði ekkert illt --

Héðan er allt gott að fréttu úr fjölskyldunni. -- Stjórnmalamenn segja ekki sannleikann. Í þeirra munni er áróður sannleikur og sannleikur áróður. --

Segir frá veislum hjá okkur með Jan Henje og Kötlu Smith, Hauki Pálmasoni hjá Rafmagnsveitunni og Aðalheiði³ -- Þorsteini Jónssyni og Hrefnu konunni hans --

-- með son sinn á fyrsta ári, sem enn er á brjósti. Var það skemmtileg tilfinning að hafa hér ungbarn hjalandi hér -- gestirnir skemmtilegir og nutu veislunnar. Þótt enginn þekktist fyrir kom í ljós að flestir þekktust. Katla og Aðalheiður voru uppaldar hér í grennd, öll hafa stundað nám eða dvalið í Svíþjóð. Klukkan var langt gengin í fjögur þegar við vorum búin að ganga frá og komin með Morgunblaðið upp í rúm. --

Ásgeir og Brynja höfðu haldið kaffiboð fyrir mömmu og Dídí. Var amma þín stórhvín af öllu -- og rakti í smáatriðum. -- Meira að segja var hún svo hrifin að hún ætlar að fá sér kaffikrús -- eins og þau nota, það væri svo þægilegt og hæfilega mikið kaffi sem í hana kæmist! Og við sem höfum verið að bera fyrir hana konunglegt postulín víða að úr veröldinni sem hentaði *kresnum* smekk hennar.--

Nú verður mikið að gera í vinnunni hjá mömmu þinni vegna máls við Tryggingarstofnun. Segir frá þjóðsagnasöfnum fyrir University College.

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 22.10.1992.

-- Þá er ég kominn í tölvu, svona að minnsta kosti um stundarsakir. Það er nefnilega ágæt IBM tölva á teiknistofunni sem ég hef unnið fyrir undanfarnar vikur.

Já, málið lítur þannig út að það var haft samband við mig og ég beðinn um að koma í viðtal vegna vinnu. Ég sá það strax að einn af mínum fyrrverandi kennurum, Kolstad, hafði haldið uppi auglýsingastarfsemi fyrir mig, einhvers staðar á bak við tjöldin. Hans stofa tekur nefnilega þátt í hönnun að nýjum ríkisspítala, en ég hafði talað við hann fyrir í sumar um starf hjá þeim. Þá vildi hann allt fyrir mig gera án þess þó að geta ráðið mig. Ég gaf þeim kopíu af lokaverkefninu mínu og hélt að sú saga væri *forbi*.

Þegar ég svo var *headhuntaður*, eins og þeir kalla það arkitektarnir, fyrr í haust, reiknaði ég með því að ég væri einn af mörgum keppendum um þá stöðu sem þeir ætluðu að ráða í. En svo reyndist ekki vera, yfirarkitektinn, sem er í samstarfi um nýjan ríkisspítala hafði séð lokaverkefnið mitt, orðið heillaður af því og ákveðið að ná í mig ef ég væri á lausu. Svo leið og beið og verkefnið, sem hann ætlaði að setja mig í, lét á sér standa. En til þess að missa ekki af mér fann hann annað, svo enn annað, og nú held ég að hann hafi fundið eitthvað smotteri í viðbót. Hann var ekki við þegar ég mætti í morgun. Ákvað ég þá að taka til hendinni í samskiptum mínum við ástkæra foreldra mína. Má segja að þar hafi verið brotalöm á. Ástæðan fyrir því held ég að megi *karakterísera!* sem almennt meðvitundarleysi á hinu félagslega plani. Hver ástæðan er má ég brjóta heilann um, en til þess að einfalda málið held ég að reynsla undanfarinna mánaða hafi sett strik í hinn tilfinningalega reikning.

Þar með er komin af stað keðjuverkun -- Rít málið lamast og meira að segja talmálið fer að missa marks. En viti menn, ég er enn kominn á kreik og vona ég að það merki tryggari fötfestu á hinu félagslega plani eða í þeirri félagslegu urð, ef svo mætti að orði komast

Það var dag einn þegar ég var að hjóla heim úr vinnunni að ég fór inn í fornbókaverslun og fann þar íslenska bók, Ármannsrímur og Ármannshattur, gefið út af Hinu íslenska fræðafélagi að mig minnir, í ritstjórn Jón Helgasonar.⁴ Alveg stórskemmtileg bók og rituð á hreint frábæru máli. Svona bækur eiga það til að knýja mann í gang með einhvern skollann og í mínu tilfelli sé ég að ég held látið hafa mig út í frásagnir (að vísu af sjálfum mér) og notkun á þessu ilhýra máli.

¹ Þorsteinn Jónsson ættfræðingur, gallerfísti o.fl. Samstarfsmaður minn við útgáfu Briemsættar.

² Hrefna Steinþórsdóttir (1949), eiginkona og samstarfskona Þorsteins, dóttir Steina Steingrims, tónlistar- og myndlistarmanns, jafnaldra míns og bekkjarbróður.

³ Haukur Pálmason (1930) yfirverkrfr. hjá Rafmagnsv. Rvíkur. Aðalheiður Jóhannesdóttir (1931-97) hjá Orkustofnun, Ég kynntist þeim fyrst í Stokkhólmi er þau voru þar við nám.

⁴ Ármannsrímur eftir Jón Guðmundsson lærða (1637) og Ármannshattur eftir Jón Þorláksson. Útgef.: Jón Helgason. 1948.

Hér með er það komið á stefnuskrá mína í málefnum andlegrar og líkamlegrar heilsu að setja mér tíma hvern einasta dag í lestur og skriftir á okkar ágæta máli. Þegar kringumstæður leyfa ekki nánari samskipti verður maður að minnsta kosti að taka fastar á málunum.

Af öðrum málum er það helst í fréttum að í dag verður tekið fyrir á stjórnarfundum í Arkitektaskólanum hvort reka eigi prófdómara síðustu anna. Að málið hafi komið þetta langt og sé rætt í þessum dúr segir mikið um hversu alvarlegt það er.

Svo fór ný nefnd í gang með endurmat á verkefninu hennar Vibeke í fyrradag og verður við þau störf í viku.

Það er raunhæft að álykta að niðurstaðan verði neikvæð, en ástæðan fyrir því er sú að menn eiga það til að líta á endurmatið sem dóm á fyrri mati. Það með vill matið oft snúast um gildismat fyrri dómara sem sjaldan er hægt að draga í efa því í flestum tilfellum er það hæfileikaríkt fólk sem er valið í þessar stöður. Gildismat nemendanna lendir því óhjákvæmilega í öðru sæti, þrátt fyrir að það sé í raun og veru kjarni málsins. Það þýðir samt ekki að missa kjarkinn. Við bíðum spennit. --

Auður Eggertsdóttir skrifar mömmu sinni. París. 25.10.1992.

-- fór eftir skóla að hitta Björk, þær eru nýfluttar, hún og stelpa sem hún leigir með og ég fór að skoða hvernig fer um þær. -- Björk kom með mér heim og borðaði um kvöldið. -- Gurra, sambýliskona hennar, kom líka - og svo fórum við á Íslendingakvöld - - Það var bara eins og venjulega á íslendingakvöldum, mikið drukkið. -- Ég var fegin að við komum seint, stóðum stutt við, því við þurftum að taka metró. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 26.10.1992.

-- Þakkar innilega fyrir gott og skemmtilegt spjall. -- Þá voru hjá okkur mamma og Ranka og vorum við að gefa þeim afgang af *pásteik* sem við höfðum haft í boði helgina áður Var reglulega ánægjulegt að fá þær. Ranka er mikið að snúast kringum Steinu, fer í banka og alls konar útréttingar. Þá lenti hún í árekstri og var í órétti -- nýbúinn að taka bílinn úr kaskótryggingu --

Það var gaman að heyra um bollaleggingar ykkar Vibeke varðandi íbúðina. Það væri nú meiri munurinn fyrir ykkur að fá svona gott pláss og geta búið ykkur skemmtilegt og notalegt heimili. Kominn tími til eftir öll þessi ár.

Ásgeir var með þátt í útvarpinu í gær. Hann fjallaði um Konrad Maurer, þann fræga þjóðsögusafnara og málvísindamann. Þú færð eintak hér með í pakkanum. -- við vorum mjög hrifin af því hvað hann gat gert þáttinn vel úr garði og skemmtilega. -- Þegar ég opnaði útidyrnar heima var mikill póstur -- Síðasta umslagði vakti vonir. Jú, það var til Eggerts Ásgeirssonar og fjölskyldu frá syninum í Noregi. Hjartað tók sprett og ég var léttstíg upp stigann. Svo var lesið hátíðlega upphátt þegar pabbi þinn kom heim. Mikið þakka ég fyrir þetta skemmtilega bréf. Það er gaman að fá að fylgjast með ykkur og geta hugsað til ykkar í samræmi við það. Það lítur þá þannig út að Vibeke þurfi að halda áfram með sitt verkefni og útskrifist í janúar. Mikið vildi ég að dómnefndin yrði látin fara og ný kosin. Það væri mátulegt á þessa fugla sem mér er bara orðið talsvert illa við.

Ásgeir verður þrítugur 6.11. og höfum við verið að spekulera í hvað við gætum gefið honum. Nú erum við með þá hugmynd að reyna að gera góð kaup á málverkauppboðinu sem verður á sunnudag. Þau eiga ekki mikið til að setja upp á veggina hjá sér og langar okkur til að bæta úr því. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 26.10.1992.

-- Þakka fyrir öll föxin. Það er dásamlegt að eiga svona fax - nei - ég meina svona skemmtilega dóttur sem segir skemmtilega frá, innileg og góð við aldraða - ég meina foreldra sína. -- Við vorum að tala um það um daginn hvað við söknudum Dags mikið og hve leiðinlegt væri hvað hann léti lítið frá sér heyra. Um kvöldið hringdi hann. Hann sagðist hafa setið við borðið sitt á litlu teiknistofunni sinni. Þegar hann leit á símann fann hann til einmanaleika, varð að taka upp tólið og hringja. Hljóðið var gott í honum og hann nýbúinn að skrifa. Ekki voru verkefni fyrir hann á teiknistofunni sem hann gerir sér vonir um að fá vinnu á. Þeir sögðu honum að koma aftur á morgun -- vilja augsýnilega halda í hann. Nú sat hann við að teikna rennihurð fyrir Per Olof,¹ nóg virtust lausaverkefni vera og væri alltaf verið að hringja í sig. --

Ágreiningur var út af prófdómara í arkitektaskólanum, Margréti Harðardóttur. Hefur áður verið minnst á að hún var andstæð skólanum, lét það ganga yfir nemendur. Varð Vibeke, kærasta Dags, m.a. fyrir barðinu á henni. Var niðurstaðan kærð og mun hafa verið staðfest. Áfrýjunarnefnd treysti sér ekki til að breyta dóminum, sem væri alvarlegur dómur yfir Margréti. Því tók Vibeke próf aftur eftir áramótin. Allt þetta mál vakti sárar tilfinningar sem seint greri yfir og aldrei gleymist.

En hún hefur sannað hæfileika sína, hlotið margvíslegar fjölþjóðlegar viðurkenningar.

-- Ásgeir og Brynja voru hjá okkur í gær. Hann var þá um daginn með afbragðs klst. þátt um Konrad Maurer, þann merkilega mann. -- Ásgeir var mjög ánægður að heyra hrósið, þótt hann léti ekki mjög á því bera. Og mikið var amma þín hrifin. Greiddar eru 30 þús. kr. fyrir svona þátt. Ekki er það nú mikið en betra en ekkert, verkefnið var skemmtilegt. --

Ásgeir virðist vera hás og er talað um að hann fari á hálsaðgerð.

-- ég þorði ekki að segja að hann þyrfti heldur að fara í raddþjálfun eða söngnám, sem ég held að sé nauðsynlegt fyrir hásan útvarpsmann. Ég hef gert það áður og tók hann því ekki sérlega vel, heldur ekki illa. --

Ræðir hvað merkilegt var að lesa um ísmanninn sem fannst í fjalllendinu milli Austurríkis og Ítalíu og segir um leið hvað hann sé takmarkað trúður á túlkanir á leifum sem finnast af fornu fólk, kannski broti úr hauskúpu og túlkar það sem fulltrúa heilla þjóða. Hvað ef Kjarval fyndist?

¹ Per Olof Fjeld var kennari hans í arkitektaskólanum, þá orðinn rektor skólans.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 1.11.1992.

Þykir langt síðan hún skrifaði en hefur líka haft mjög mikið að gera.

-- Í síðasta bréfi sagðist ég fara á Zontafund á Selfossi 24. okt. Þetta var formannafundur og voru saman komnar úr klúbbunum fimm á landinu formenn, varaformenn og gjaldkerar klúbbanna. Fundurinn var haldinn á Hótel Örk og var ég beðin um að vera ritari fundarins. Og þarna kemur ein af ástæðunum til að ég hef ekki einu sinni gefið mér tíma til að skrifa þér -- Ég sat sem sagt með sveittan skallann allan fundinn og skrifaði allt niður og svo þurfti ég að koma frá mér fundargerðinni eins fljótt og hægt var. - Hún er nú farin frá mér -- Þetta var reglulega skemmtileg ferð og þegar fundinum lauk kl. 17 var hlé til kl. 19 og notuðum við það til að fara í sund og gufubað. Það var svo gott veðrið og margir á hótelinu að það var eins og maður væri kominn eitthvað til útlanda. Um kvöldið var svo haldið upp á 20 ára afmæli Zontaklúbbs Selfoss og var borðhald á hótelinu. Það hefði þurft að skipuleggja það betur að því leyti að formenn klúbbanna voru alltof langorðir. Fleiri konur töluðu og var þetta lítið annað en verið var að hlusta á upprifjanir frá Zontafundum hér og þar í gamla daga af skondnum atvikum þaðan. Það er gaman að heyra svona eina til tvær ræður, en ekki fleiri. Svo beið okkar rútan og kom okkur í bæinn um miðnætti. Við Guðrún Jónsdóttir hoppuðum af hjá gamla Kennaraskólanum.

Ég sat hjá henni í rútnni í bæinn og var hún að segja mér frá því að börn Páls hefðu strax farið fram á að búið yrði gert upp. Þau höfðu ekki gert með sér gagnkvæma erfðaskrá eins og algengt er þegar um svona flóknar fjölskyldur er að ræða. Hún þurfti að skrifa upp hvern einasta hlut á heimilinu og afhenda fógeta. Svo á að meta húsið. Sem betur fer hafði Hulda Stefánsdóttir, mamma hennar, gert erfðaskrá þar sem kom fram að allt sem hún lét eftir sig væri séreign Guðrúnar. Hún sagði að hún vissi ekkert hvar hún stæði, kannski yrði hún að selja húsið. Hún sagði mér að mjög slæmt væri hjá Hans og Ölfu, hún væri svo drykkfelld og hann heilsulaus; börnin þeirra skildu þau ekki og væru ekki góð við þau. --

Fríða er að lesa hér niðri í kjallarabergerinu og er ansi aðsætin. Henni líður vel þar og svo er amma þín ánægð með að geta gefið henni að drekka og hafa hana nálægt. --

Við erum að fara á málverkaupboð í kvöld og ætlum að athuga hvort við hittum á eitthvað sem hægt er að gefa Ásgeiri í afmælisgjöf. --

Segir frá fimmtugsafmæli Jóns Stefánssonar þar sem var troðfullt hús hjá þeim Guðrúnu. Hitti Ástu Einarsdóttur, sem bað að heilsa.

-- Helga (Jónsdóttir) bað líka að heilsa. Hún hélt ágætis ræðu fyrir pabba sínum. Það var búið að halda tvær ræður þegar við komum. Helga sagði að þar hefðu bara komið fram hrós um pabba sinn. Hann hefði nú líka sína galla. Einn væri á að hann væri alveg voðalega tapsár og svo lýsti hún því hvernig hann hagaði sér til að komast hjá því að tapa fyrir þeim í spilum. Það væri frá honum sem þær systur hefðu það að vera svona útskeifar. Það væri voðalega gott að leita til hans þegar þyrfti á einhverjum fróðleik að halda en það versta væri að fræðslan ætlaði hreint engan endi að taka; hann vildi fræða alltof mikið.

Svo kom Helga til mín á eftir og sagðist hafa ætlað að segja mikið fleira en það hefði gleymst. M.a. að segja frá öllu því jákvæða. Það var nú ekki rétt, því þetta var alveg ljómandi gott, vel flutt og skemmtilegt. --

Við þurftum svo að fara í næsta boð -- Við vorum boðin til Ernu og Diddó með Jójó og Óla. Svo var Eggert² bróðir Ernu og Halldóra³ kona hans. Þetta var skemmtilegt matarboð. Við vorum sérstaklega hrifin af Halldóru, sem okkur fannst bera mikla persónu og vera skemmtileg. Það var mikið hlegið og grínast. Eggert er annars dálítið yfirþyrmandi í öllum sínum skemmtilegheitum, svo maður verður dálítið leiður á honum.

Í dag höfum við verið að slappa af og fórum svo í það að bóna bílinn. Það fór náttúrulega að rigna en okkur datt það snjallræði í hug að fara í bílageymsluna Bergstaði. Þar þurrkuðum við og bónuðum af kappi og svo þegar við ætluðum að fara að starta þessum fína bíl var hann rafmagnslaus. Við gengum heim og komum við í Bernhöftsbakarí og keyptum okkur með kaffinu. Pabbi þinn varpaði fram þeirri spurningu hvort þetta væri ekki einmitt kallað *að fara bónleiður til búðar*. Þú veist að þessir Briemarar kunna svo vel að koma fyrir sig orði. --

Segir þær raunafréttir að Þórður vinur okkar Þorbjarnarson, Daddi, borgarverkfræðingur, hafði dáið. Hann var þungt haldinn af krabbameini og átti nú að reyna að senda hann í mergskipti til Ameríku. Var svo veikur að hann þurfti að fara í hjólastól. Halldór Jónatansson mágur hans hafði farið vestur og tók á móti þeim hjónum á flugvöllinum í New York þar sem Þórður dó. Gat Halldór hjálpað systur sinni í þessum erfiðleikum. Er þetta fyrsta skarðið sem höggvið er í vinalópinn minn.

P.s. Við fengum mynd eftir Tryggva Ólafsson sem við erum mjög hrifin af --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 2.11.1992.

Ræðir ágreininginn vegna prófs Vibeke framtíðarstarf hans og þakkar skemmtilegt bréf. Þá ræða þeir Ármannsrímur sem báðir hafa verið að lesa. Einnig vandræðin að hafa ekki tölvu. Vegna þess, og faxsambands, er sambandið betra við Auði en hann.

¹ Rétt einu sinni að reyna að komast á sporið um afdrif Kristjáns Gunnlaugs Briem í París um það leyti. (Sjá bls. 50-52 í Briemsætt).

² Eggert Þorleifsson (1952), leikari.

³ Halldóra Thoroddsen (1950) m.a. rithöfundur.

-- Ásgeir sat hjá okkur í gærkvöldi -- hafði verið með námskeið fyrir unga fréttamenn sem eru með barnafréttir í barna og unglingaþætti. Hann er með ýmsar nýjungar á döfinni í útvarpinu og er mjög áhugasamur, líður vel --

Ég var á málverkauppbóði og gerði góð kaup á mynd sem þau ætla að gefa Ásgeiri í afmælisgjöf. Málverkið er eftir Tryggva Ólafsson. Það er málverk sem er það eina sem vantar hjá þeim. Verður spennandi að vita hvernig þeim fellur verkið í geð.

Þá segi ég frá veislu hjá vinafólki okkar Ernu Þorleifsdóttur, félagsráðgjafa, og Sigurjóni Jóhannssyni blaðamanni, báðum forvinum okkar. Þar voru líka Ólafur B. Thors og Jóhanna Einarsdóttir (Jójó) ásamt vinafólki húsráðanda Eggerti Þorleifssyni leikara og Halldóru Thoroddsen.

-- Halldóra er dóttir Sigurðar Thoroddsen verkfræðings, sonar Theodóru skáldkonu og Skúla, hins mikla stjórnámamanns. Mamma hennar er þekktur gullsmiður, fyrsta konan sem lærði slíka smíð og er systir hennar gift Halldóri Laxness. -- Bæði voru stórskemmtileg. Eggert¹ er að vísu leikarinn, gamanleikarinn sem hefur gaman af að geifla sig, en hann er sniðugur og vel menntaður þótt hann hafi fengið skamma skólagöngu vegna þess að honum og skólanum kom ekki vel saman. Við mamma þín kynntumst honum sjö ára gömlum, á ferðalagi í Tungnaárbotna þegar við vorum nýgift. Þá var hann sniðugur, svörugur, þreytandi gamanleikari sem vita mátti að myndi spillast með slíku áframhaldi.² --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 2.11.1992.

-- má til með að senda þér fax með mynd af myndinni eftir Tryggva Ólafsson sem Ásgeir á að fá í hús- og afmælisgjöf. Það er áreiðanlega ekki oft sem menn fá myndverk -- í faxi. Það þykir -- góður dómur á mynd að hún birtist í listaverkabók þar sem þeir koma saman listamaðurinn og höfundurinn Aðalsteinn Ingólfsson (og velja hana).

Allt er jafngott að fréttu -- Bush sé nær því að falla - eða Clinton. --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 3.11.1992.

-- Þá er Vibeke búin að fá staðfestingu á því sem hana grunaði; áfrýjunin náði ekki fram að ganga. Þar með er það ljóst að hún verður að sitja til jóla með nýja verkefnið. Það er heilmikill léttir að það sé komin niðurstaða í þessu máli; þó svo að hún sé henni í óhag. Nú verður hægt að einbeita sér að því sem fyrir höndum er í verkefninu og skipuleggja alla þætti þess. Í þetta skipti á hún greiðan aðgang að aðstoðarfólki til að smíða módel og þess háttar. Þetta þýðir að við verðum önnur kafin alveg fram að jólum. Hvað væri betra en að skella sér til Íslands og láta þreytuna líða úr sér? Vibeke hafði hugsað sér að koma nokkrum dögum seinna en ég til að geta byrjað á greinargerðinni áður en hún tekur sér jólafrí. Þá gerum -- get ég hjálpað til við að ganga frá henni svo það sé hægt að senda hana út í byrjun janúar. Það er hægt að njóta íslandsvalarinnar í faðmi nýrrar fjölskyldu í friði og ró.--

Af öðrum málum er það að fréttu að við Vibeke erum búin að taka við lykklum að nýrri íbúð og flytjum um næstu helgi: Waldemar Thranesgate 51, 0173 Oslo 1. -- Um helgina héldum við *houswarming* partí með 35 gestum og tókst með ágætum. Vibeke varð 28 ára í fyrradag og fórum við til Asker til að halda upp á það með fjölskyldu hennar. --

Varðandi afmæli Ásgeirs verður ómögulegt að koma heim, annríkið er einfaldlega of mikið. Ég verð næstu 2-3 vikur hjá *Bergtsen, Grönholt og Ottar*, þar sem ég hef verið hvað mest í haust. Það er því útlit fyrir að Grönholt vilji halda mér. - Ég er bjartsýnn. --

Auður Eggertsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertssyni. París. 6.11.1992.

-- Elsku bróðir minn! Á þeirri stundu sem ég er að senda þér þessi orð er klukkan 8.30, að íslenskum tíma, að morgni föstudagsins 6. nóv. Það vill svo skemmtilega til að á þessum sama tíma fyrir þrjátíu árum varst þú að koma í heiminn. Þökk sé hugrökkum foreldrum okkar. Ég þurfti hins vegar að doka við í sex ár áður en ég fékk að verða litla systir þín.

Þó að ég hafi alla tíð verið montin af þessum stóra bróður mínum, þá verð ég að viðurkenna, að þú hafir ekki alltaf verið jafn montinn af mér, litlu systur þinni. Ekki svo að skilja, að þú hefir ekki verið góður við mig í gegnum tíðina. Þvert á móti. Þú hefur alltaf dekrað við mig.

En það var einn dag fyrir nokkrum árum að ég gekk Laufásveginn, einu sinni sem oftast. Þá varst þú í 3. bekk í Menntaskólanum í Reykjavík. Þegar ég gekk fram hjá Þrúðvangir, þá voru einmitt nemendur úti á svölum í frímínútum. Þar sá ég Ásgeir, bróður minn, ásamt vinum mínum. Ásgeir sá mig líka. Augu okkar mættust eitt andartak. Ég lyfti hendinni til að veifa menntamanninum, bróður mínum. En þá var hann eldsnögður að líta undan, þóttist ekki hafa séð mig, til að þurfa ekki að heilsa mér fyrir framan vini sína. Ég var nú ekkert að erfa þetta við hann. Ég held, meira að segja, að ég hafi skilið hann, í og með. En þetta rifjaðist upp fyrir

¹ Sonur Þorleifs Guðmundss., þekktis fjallamanns, sem ég ferðaðist mikið með. Hann var frkvstjóri Rauða kross Íslands, einn í langri óhappasögu framkvæmdastjóra samtakanna. Reyndist m.a. ekki kunna erl. tungumál. Er RKÍ flutti úr Thorvaldsensstræti að Öldug. 4 sumarið 1964, átti Þorleifur að stjórna. En fór í fjallaferð. Þá varð stjórnarmanni lítið í skrifstofuna í Thorvaldsensstræti og fann Þorleif ekki. Hafði hann fengið lausamenn úr Verkamannaskýlinu til að sjá um flutninginn. Voru þeir þá að troða skjölum RKÍ í öskutunnur. Greip stjórnarmaðurinn (Óli J. Ólason) inn í málið, tindi dótið upp úr tunnunum, og tók flutninginn yfir. Varð frammistaða Þorleifs, sem vafasöm þótti, til þess að ég var árið 1964 fenginn til að stjórna fyrsta norræna RK fundinum á Íslandi. Skömmu síðar var þessi fjallavinnur minn rekinn. Hvorki sá fyrsti né síðasti í langri framkvæmdastjórahkrakfallasögu RKÍ. Ég er þar í miðju! Ólafur Stephensen var svo ráðinn, og líka rekinn vegna ósannsögli, eða frekar *lygi*, sem hann greip til í samtali við Agnar Klemens Jónsson ráðuneytisstjóra um framkvæmdir, og meðferð söfnunarfjár, ef rétt er munað.

² Uppákoma varð í þessari ágætu veislu. Eggert Þorl. gekk í gildru; tengdi Thorsnafn hans við stjórnsmál og spillingu. Ég brást illa við, benti á að Ólafur væri varla Thorsari. Faðir hans, Hilmar Thors, hefði fallið frá er hann var 1½ hálfis árs og hann í litlum tengslum við Thorsara síðan. Mér þótti Eggert svo afleitur í talsmáta sínum að ég hef aldrei fyrirgefið þessum ágæta og merkilega leikara, sem ég reyndar kynntist í fjallaferðum með pabba hans, kjafforum snáða.

mér síðastliðið sumar, þegar við systkinin vorum að vinna undir sama þaki hjá Ríkisútvarpinu. Þá kom það stundum fyrir, að við mættumst á förnum vegi. Þá ásótti þessi hugsun mig, heilsar hann mér, heilsar hann mér ekki? Sem betur fer virtist þú ekki skammast þín fyrir systur þína lengur. Þú bæði heilsaðir, jafnvel spjallaðir við mig, þar sem við hittumst. Það var viss léttir.

Öll árin sem þú bjóst í Þýskalandi náði ég ekki að fylgjast nógu náð með þér. Þú komst og fórst eins og árstíðirnar. Mér fannst þú lifa í einhverjum dularfullum heimi. Eitt sinn þegar þú komst til landsins reyktir þú framandi sígarettur. Við Dagur horfðum alveg gáttuð á þig og spurðum hvort annað, hvað væri eiginlega að gerast með hann Ásgeir bróður okkar.

En nú ertu orðinn svona ljómandi ráðsettur og finn maður. Keyrir um á rauðum bíl, átt íbúð, leiðsögumannamerki og allt hvað eina. Og ég tala nú ekki um alla útvarpsþættina sem þú þrumar yfir Íslendingum. Varðandi þá þætti er best að vitna í þinn tryggasta hlustanda, Friede Briem, sem sagði eitt sinn við mig: „*Mér finnst bara eins og það hafi aldrei verið neitt markvert í útvarpinu áður en hann Ásgeir byrjaði með sína þætti*“. Það er víst örugglega hægt að taka hana ömmu trúanlega.

Ég vil ekki trufla afmælisboðið lengur. Verst þykir mér að vera bara í pappíriformi.

Ég sendi að lokum kærar kveðju frá París -- með hamingju með afmælið. Megirðu eiga langa og gæfuríka framtíð fyrir höndum.

Þín systir

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 9.11.1992.

-- Meginviðburður vikunnar var að sjálfsögðu afmæli Ásgeirs. Hann bauð 20 gestum úr báðum fjölskyldum auk vina.

Undirbúningurinn var mikill, eins og vera ber þegar maður er gestrisinn og ekkert talið eftir. Dót var sótt um allan bæ til að öllum liði vel, innskotsborð, bollar, diskar, hnífapör og *stóri potturinn hennar ömmu*. Allir sveittir fram á síðustu stund, sett upp ljós, farið með rúmið niður í kjallara. Allt tilbúið þegar gestir á öllum aldri tóku að streyma brosandí að, með pakka, stóra og litla. Þar voru foreldrar Brynju, Jón Ólafsson og mamma hennar Lind Ebbadóttir, systir hennar, Kolbrún og maður hennar Páll Hilmarsson, sem bæði eru viðskiptafræðingar með dóttur sína sjö ára. Tvíburabróðir hennar er þetta árið á námsstyrk í Þýskalandi. Þá var þar Palli og Lára, tvær ömmur Ásgeirs, Dídí, Bergþór Magnússon, Guðmundur Þór Guðmundsson, báðir lögfræðingar, Örn Orrason verkfræðingur og kærastan hans Guðrún sem er þroskaþjálfari.

Maturinn var aldeilis ágætur, sérstaklega súrsætur pottréttur sem Ásgeir hafði búið til og frámasía sem Brynja gerði. Íbúðin er orðin skemmtileg og ekki versnaði hún með afmælinu. Myndin eftir Tryggva setur svip á heimilið. Mamma gaf honum hægindastól. Svo var allt blómum skreytt. Ekki síst voru samtölin skemmtileg. Mamma hélt alveg ágæta ræðu og setti svip á. Menn voru aldeilis hissa á hve *pipur* hún var, höfðu ekki séð hennar líka. Mamma þín las upp bréfið frá þér og gerði það mikla lukku. --

Fólkið hennar Brynju er einstaklega gott og hrifið af Ásgeiri. Kom það dragandi með stærðarinnar kassa með gasgrilli sem þau gáfu honum. Sýnast þau líta á sambandið sem traust og varanlegt.

Þau Brynja og Ásgeir eru góðir gestgjafar, hlédræg og hlý. Þau virðast fálát í samanburði við aðra þannig að fremur þarf að drífa þau af stað en halda aftur af þeim. Daginn eftir, meðan við vorum í leikhúsinu, komu þau með dótið sem þau höfðu fengið lánað og gáfu okkur fallegan blómvönd fyrir hjálpinu. Hins vegar litu þau ekki inn til mömmu. Hafa þó sýnt gömlu konunum hlýju, enda eiga þær það skilið, eru gjafmildar, góðar og mikið happ fyrir alla að eiga kost á að tengjast svo góðum fulltrúum fyrir kynslóðar. -

Í samtölum kom í ljós, og auðvitað var það mamma sem komst að því, að Brynja er af Víkingslækjarætt. --

Segir frá ferðalagi Bergþórs Magnússonar til Bergen þar sem Maggi bróðir hans býr og þangað sem Kolfinna¹ er að flytja.

Guðmundur Þór er alltaf jafn skemmtilegur og hefur frá svo mörgu að segja -- Hann er yfirmaður kirkjumála í Dómsmálaráðuneyti. Prestar og sóknarnefndir eru sífellt í deilum og prestar kveinandi yfir öllum sköpuðum hlutum. Þá þarf hann að sitja allskonar þing. Hann varð fyrir miklu tjóni, en slasaðist ekki, er hann ók á hest í Skagafirði. Var það fjórði hesturinn sem ekið var á, á sama tíma á nokkrum dögum og aflífa þurfti. Hefur maður engan rétt í slíku slysi, nema hesturinn sé graðhestur. Þá á að hafa í girðingu! Fráleitt. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Eílis og Bo Almqvist. Rvík. 10.11.1992.

Pakka henni ágætt bréf og rifjar upp þegar hún kom í heimsókn og gleðst yfir henni. Segist áætla Írlandsferð en útiloki að taka þátt í helgarferðum sem ferðaskrifstofurnar bjóða. Langar til að kynna landinu.

Óska þeim til hamingju með útskrift Marju dóttur Bo úr háskóla. Segi fréttir af Jóni Hnefli Aðalsteinssyni sem hélt fyrirlestur í tilefni af embættistöku sinni sem prófessor.

-- Við erum önnur kafin við að safna þjóðsögum samkvæmt listanum sem Bo lét mig fá. Söfnunin gengur vel og safnið að verða fullkomið og bókastaflar hlaðast upp -- Okkur langar við tækifæri að senda bækurnar eða koma með þær til Dublin og færa þær deild þinni að gjöf. Með því tókum við undir hugmynd þína og samstarfsmanna um þjóðfræðistofnun í anda Árna Magnússonar. -- Þá sendi ég þér (*útvarps*)þátt sem Ásgeir tók saman um Maurer. Ég geri ráð fyrir að þú hafir gaman af. --

Sendir líka kort Erlu Stefánsdóttur af álfabyggðum í Elliðaárdal.

¹ Nágrennar af Bergstaðastæti, börn Magnúsar Torfasonar hæstaréttardómara og Sigríðar Þórðardóttur sem enn býr þar. Kolfinna er viðskiptafræðingur, forstjóri í Noregi, Magnús viðskiptafræðingur og fjármálamaður í Reykjavík; Bergþór alþjóðalögfræðingur í utanríkisráðuneytinu.

-- vorum fyrir skemmstu í afmælisboði -- Þar hitti ég hjón. Konan er yfirmaður barnaefnis í Sjóntvarpinu. Maðurinn er forstjóri Rannsóknarstofnunar byggingariðnaðarins. Þau keyptu sér einbýlishús í Skildinganesi af Þorvaldi Garðari Kristjánssyni, sem nýlega er hættur að vera alþingismaður og forseti sameinaðs þings. Þegar þau fluttu inn tóku þau eftir miklum umgangi er enginn átti að vera á ferli og sígarettulykt í einu herberginu. Þetta gekk svo langt að þau fengu fyrst séra Sigurð Hauk Guðjónsson,¹ sem er sálarrannsóknarmaður, og síðar Erlu Stefánsdóttur,² til að hjálpa sér. En ekkert gekk. Þá sneru þau sér að þekktum bænheitum klerki. Og þá loks gekk. Skýringin mun vera sú að þetta er lendingarstaður báta frá Bessastöðum, þegar farin var sjóleiðin milli Reykjavíkur og Álftaness yfir Skerjafjörð. Þá hefðu áreiðanleg einhverjir druknað, t.d. einn sem sást á ferli í götunni og hékk undir bílskúrsvegg í næsta húsi, langtímum saman, sagði einhver ráðgjafinn. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 10.11.1992.

Þakkar bréf og óskar þeim Vibeke til hamingju með flutning og góða íbúð. húsið og hverfið.

-- Og meira að segja búið að hita húsið upp með 35 gestum. Þetta er nú dugnaður í lagi.

Ásgeir og Brynja voru að fara héðan. Þau borðuðu kvöldmat hjá okkur. Ég sauð spaghetti og Ásgeir bjó til sósuna, svo þú getur ímyndað þér hvað góður maturinn var. Þau komu með myndir úr ferðalögum í sumar sem gaman var að skoða. Svo voru þau að skila ýmsum munum sem þau höfðu fengið vegna afmælisins.

Afmælið var sérlega vel heppnað. Þau buðu 20 manns í matarboð og hafði Ásgeir búið til pottrétt og Brynja eftirrétt, triflé. Allt mjög gott. Gestir voru foreldrar Brynju, systir hennar og mágur. Svo voru ömmur Ásgeir, Dídí, Palli og Lára. Þá bauð hann vinum sínum, Beggó, Guðmundi Þór, Össa og hans sambyliskonu, Elínu og Berndt. Þetta blandaðist allt mjög vel og var til fyrirmyndar í alla staði.

Amma Fríða hélt hina ágætustu ræðu fyrir afmælisbarninu og svo las ég upp bréfið frá Auði, sem líka gerði mikla lukku. Þau höfðu tekið út rúmið úr svefnherberginu og röðuðu þar stólum og innskotsborðum.

Málverkíð eftir Tryggva Ólafsson tekur sig mjög vel út í stofunni. Amma Fríða gaf honum hægindastól og auk þess fékk hann margar eigulegar gjafir, m.a. gasgrill frá foreldrum Brynju og systur. Beggó gaf honum fallega norska peysu sem hann hafði keypt þegar hann heimsótti Magga bróður sinn í Bergen. Vinirnir voru að gera grín að því þegar Ásgeir færi að gæða í peysunni yrðu útlendingar alveg ruglaðir og héldu að þeir væru komnir til Noregs. --

Svo er mál með vexti að á næsta ári verður umdæmisþing Zonta haldið í Þrándheimi. Í 13. umdæmi eru Ísland, Danmörk og Noregur. Ég tek við formannsstarfi í Zontaklúbbi Reykjavíkur næsta vor. Var mér að detta í hug að kynna þessa ferð vel fyrir klúbbskonum. Helst datt mér í hug að biðja þig að útvega mér litskyggnumyndir frá Þrándheimi sem ég gæti sýnt. -- Heldurðu að Trond Eide, vinur þinn, gæti útvegað skemmtilegar myndir og bók í þessum dúr - eða dettur þér eitthvað annað í hug. -- Þú hefur áreiðanlega einhverja góða hugmynd --

Við þabbi þinn vorum að ræða það í gær að það væri aumt að vita ekki eftirnafn Vibeke. Þetta er slæmt fyrir ættfræðinginn í fjölskyldunni, --

Segir frá leikhúsförum á tvö leikrit eftir Tsjekov. Einnig frá haustverkum í garðinum. Allir hlakka til að fá þau.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 16.11.1992.

Segir fréttir af stjórnáttum, systkinum hans, vinum og nágrönnum. Tómas Heiðar³ er við nám í Höfn, Bergþór er að sækja um styrk til framhaldsnáms.

-- Ásgeir og Brynja eru ánægð saman og léttara yfir Ásgeiri en um langt skeið. Brynja er smám saman að kynnast okkur og við henni og það sem við höfum kynnst er gott. --

Ræði um jólin og vonar að þau kynnist Vibeke vel. Þykir áramótaboðið útjaskað og þurfi að breyta. Gamlir síðir séu þó dýrmætir og erfitt að breyta. Segi frá jarðarför Þórðar Þorbjarnarsonar⁴ borgarverkfæðings, vinar þeirra.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 16.11.1992.

-- Skólinn er ágætur alltaf. Ég vil meina að skólinn sé alveg ljómandi en íslenski nemandinn sé ekki nógu gáfaður til að geta notið hans til fullnustu. Og það er kannski ástæða fyrir orkuleysisinu og aumingjaskapnum í mér. Ég er hálf týnd. Það er misjafnt eftir fögum, en oft er ég kvíðin áður en ég fer í skólann. Krakkarnir eru upptekin af öðru en ég, enda 18 ára gömul flest. --Ég veit ekki hvar ég stend, því það hafa ekki verið próf ennþá. -- Jæja, en ef ég ætla að reyna að taka mig taki, þá er nú ekki seinna vænna að segja frá einhverju skemmtilegu, hætta þessum blús.

Það er búið að vera allnokkuð samkvæmislíf á okkur undanfarið -- Eftir að ég byrjaði að baka Dagsínu hef ég verið óstöðvandi - og því betri sem ég væti hana meira í sherrí. Þeir í Frakklandi vita ekki hvað matarsherrí er og hef ég alltaf þurft að nota það finasta -- Ekki versnar kakan við það -- Ég er líka svo fljót að baka hana með þessari fínu hrærivél sem ég á, sem allir dauðöfunda mig af.

¹ Séra Sigurður Haukur Guðjónsson (1927-2007) lengst sóknarprestur í Langholtssöfnuði.

² Erla Stefánsdóttir *sjáandi*.

³ Síðar yfirmaður landhelgismála o.fl. í utanríkisráðuneytinu og enn síðar dómari í Hafréttardómstólnum.

⁴ Þórður Þ. Þorbjarnarson (1937-92) borgarverkfæðingur. Einn úr skóla og æskuvinahópi Sirrírar.

-- Ég verð komin í frí þann átjándaga og vildi helst fara heim þá strax, til að fægja lampann og svoleiðis. -- Ég get engar ákvarðanir tekið lengur þannig að ekki er nema von að ég strandi á þessu. --

Það var gaman að heyra frá afmælinu hans Ásgeir. Það voru engar smá gjafir sem hann fékk. Fékk vatn í munninn -- get varla beðið eftir að verða þrítug: Málverk, hægindastóll og gasgrill. Ekkert smá.

Hann Einar sem vann með mér hjá Rafmagnsveitunni sagði mér að hann væri með Hrólfi í bekk. Hann hélt bekkjarpartí um daginn og var voða gaman. Mér fannst svo fyndið að hann sagði að þá hængju út um allt myndi af Ástu með kórónuna og sprotann. Ég gat ekki annað en brosað.

Á morgun er strangur dagur --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 17.11.1992.

-- olli það okkur leiðindum að þér skuli ekki líða vel í brjóstinu þínu góða. Við erum samt þakklát fyrir að þú skulir segja okkur frá því. -- Betra er að segja of mikið af svona málum en of lítið. Auðvitað vissi ég að ekki væri allt eins og átti að vera þegar faxið er ónotað langtímum saman. Við erum orðin góðu vön. Ég vona að þetta gangi fljótt yfir og þú náir tókum á málinu, takir upp þar sem fyrr var frá horfið að vera sjálfselek og kröfuhörð, hættir að leika Pollýönnu og gerist grimm.

Það hlýtur að vera leiðigjarnt að baka dagsínur,¹ þótt þær séu bragðgóðar sérríblautar. Nógu skemmtileg eru minningatengslin! -- Ég byrjaði alvarlega, ætlaði að vera uppörvandi, föðurlegur og virðulegur. Allt í einu nota ég orð sem veldur því að ég breyti um stíl, snýst upp í kæruleysi -- Ég vona bara að þú takir mark á því alvarlega, en ekki á glensinu, ræktir eigin garð. finnur eigin lausn. En mundu að við erum alltaf við símann -- faxið við höndina -- hafir samband er óróleiki kviknar í hjartakorninu. --

Dagurinn er fallegur og bjartur -- mamma þín á nefndarfundi -- ég er að tína saman bækur sem þarf að skila. -- Ein bókin er dálítið merkileg. Dagur gekk inn í fornbókaverslun og rakst á Ármanns rímur eftir Jón Guðmundsson lærða og Ármanns þátt eftir Jón Þorláksson. Jón Helgason prófessor í Khöfn gaf þessi rit út. Degi þótti mjög hressandi að lesa þessar bækur, eins og Ísland (miðalda) beint í æð. Norðmaðurinn í honum hjaðnaði. Ég hafði aldrei heyrt um þessi rit og fór að lesa, nú er ég að skila ritunum aftur. --

Auðu Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 17.11.1992.

-- Takk fyrir bréfið, mikið þótti mér vænt um að fá það. Ég var nýkomin heim úr skólanum, sat og horfði á orðin streyma til mín úr faxinu. Það var alveg sama þó pabbi, fari alltaf út í að grínast, ég þekki tóninn hans og veit hvað hann er að meina. Takk. Svo áttu rímurnar svo vel við. -- Það er ómetanlegt að eiga svona fólk að, eins og foreldra mína. Ég kæmist varla langt án þeirra.

Ég fékk svo ansi skemmtilegt bréf frá ömmu. Ég kalla hana góða að skrifa svona eins og ekkert sé.

Ég verð í prófum allan daginn á morgun og þegar ég kem heim ætla ég setjast niður og skrifa. Ég ætla að reyna að standa mig vel í listasöguprófinu, Það verður ansi þungt og mikið að læra utanbókar. Við verðum prófuð í ísöld, steinöld, egyptskri list, Mesópótamíu, Krít og grískri list. Mikið af tæknilegum orðum sem ég þarf að kunna þannig að mér veitir ekki af að sitja við. --

Mér líður þrýðilega en vildi láta ykkur vita hvað mér þótti vænt um að heyra í ykkur. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 18.11.1992.

-- Takk fyrir faxbréfið -- Það var mikið gott að heyra að þú hafir hresst. Ég vona bara að þú hafir verið í lestrarstuði og verðir það næstu daga. Ég veit að þér gengur vel í prófinu á morgun, því eins og þú veist svo vel ert þú best og duglegust - því máttu ekki gleyma. Hér er fólk sem hefur óbilandi trú á þér; gallinn er bara sá að við erum svo langt í burtu og getum ekki talað við þig eins og okkur langar til. Það er svo mikilvægt að geta rætt um það sem maður er að bjástra við hverju sinni. --

Héðan er allt gott að fréttu. Ég var í saumaklúbbi hjá Helgu Steffensen í gær og er alltaf gaman að koma á heimili hennar, sem er eins og listasafn. Sigríður² dóttir hennar -- söng fyrir okkur nokkur lög úr óperum og Helga spilaði undir. Hún er nýlega útskrifuð úr Söngskólanum og er nú í söngkennaradeildinni. Þetta var mjög vel gert hjá henni og hún kemur til með að verða góð, held ég, þegar hún skólast betur.

Ég er alveg eldhress og kom á óvart að þú skyldir ekki vera það líka. Ég ætla að vona að þú drífir þig upp úr þessum doðadal, því þú hefur alla burði til þess --

Amma þín er alveg ágæt núna og líður mjög vel. Hún er líka svo ánægð með að hafa Friðu í kjallaranum. Hún gengur frjállega um hjá henni og það líkar henni. --

Ég ætla að óska þér góðs gengis í prófinu á morgun. Ég veit að þú gerir eins vel og þú getur. Meira er ekki hægt að krefjast af manni. -- Við hugsum til þín og hlökkum til að fá ykkur. Það fer að stytast í það. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 18.11.1992.

-- Auður faxes áðan og er hún komin í gott lag, að því er hún sagði, eftir peppið í gær og mansönginn í upphafi Ármannsríma sem ég sendi ásamt sögu bókarinnar og tengslum okkar feðga við hana. --

¹ Dagsínur voru uppáhaldstertur Dags bróður hennar, ávallt hafðar í barnaafmælum.

² Sigríður Harðardóttir (1965) lauk söngprófi, gerðist flugfreyja; er að ljúka lagaprófi.

Auður Eggertsdóttir skrifar Friede P. Briem. París. 19.11.1992.

-- Mikið óskaplega var gaman að lesa bréfið frá þér. Ég veit ekki hvort þú hefur gott af því að vera alltaf í leikfimi, því ég held að þú gleymir því að þú sért níutíu og tveggja ára. -- ég grúfi mig yfir það sem ég er að læra hverju sinni. Það er merkilegt að það þurfi ekki að losa úr hausnum á manni, rýma fyrir nýrri visku -- námið er áhugavert og skemmtilegt. Samnemendurnir eru góðir við mig, aðeins yngri, og vilja allt fyrir mig gera. *Vá, ertu tuttugu og fjöggra ára*, segja þau eins og ég væri að segja að ég væri níu tíu og tveggja.

Annars er merkilegur dagur í dag, svokallaður *Beaujolaitdagur*. Nú er nýja Beaujolaitvínið komið í kránar og Parísabúar þeysa á kránar til að smakka. Á morgun kemur það svo í búðir. Það er skemmtileg stemning að heyra húrrahrópin út af kaffihúsunum í hádeginu -- Í tímanum eftir hádegði átti kennarinn í stökustu vandræðum með að einbeita sér eftir að hafa smakkað einu glasi of mikið með hádegismatnum sínum. Ég ætla að bregða mér út núna og fá mér eitt glas, til að vera með. --

Flytur kveðju frá Rögnu Fróðadóttur frá Dalsgarði sem hún hittir öðru hverju og biður alltaf um kveðju til Friede.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 23.11.1992.

-- Gaman að heyra að þér hafi gengið bærilega í prófinu. Vona að sjálfstraustið sé komið í samt lag -- Þú hafðir orð á því að sambandið við krakkana í skólanum væri ekki mikið þar sem þau væru miklu yngri en þú! Er þetta ekki kostur? Ég hefði haldið það. Ágætt ef í honum eru einhverjir sem gaman er að tala við. En þegar þú átt í hlut ert þú veitandinn. Það er ávinningur fyrir hina nemendurna að kynnst þér, þínum viðhorfum, norrænni menningu, íslenskum arfi. Ef þau kæra sig ekki um það er allt í lagi - þykir mér. Það væri hinsvegar ávinningur fyrir þig að kynnst kennurum og komast inn á þá til þess að verða betri fagmaður -- Ég held að kennurum væri ávinningur að kynnst menningarviðleitni Íslendinga, sem er í hæsta máta óvenjuleg. Ekki það að við eigum að vera upptekin af okkar dýrð (það kallast að vera montinn og grobbinn er sóttin elnar). --

Í gær var Dídí hjá okkur, lék á als oddi og var mjög skemmtileg. Nú var -- hægt að beina umræðum á nýjar brautir. Hún hefur bæði gott minni og frásagnarhæfileika, ef hún festir sig ekki við Kringlu, Perlu, (*ráð*)húsið í Tjörninni eða ferðir á hestum með Ferðaskrifstofu Íslands fyrir 40 árum. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 23.11.1992.

Segir frá að við hefðum haft Dídí hjá okkur um kvöldið en mamma verð lasin og treysti sér ekki. Hefði Dídí því notið sín og var hin skemmtilegasta. Svo fórum við í heimsókn til Ásgeirs og Brynju, sem reyndar var á kafi í próflestri og hópverkefnum. Ásgeir er enn ekki orðinn góður.

-- hringdi í Auði í gær. Hún var ánægð með lífið. Hafði gengið nokkuð vel í prófinu -- Henni líkar vel í skólanum og við kennarana. -- Hún sagðist hafa fengið faxbréf frá þér og var mikið ánægð með það. --

Gaman að heyra að ykkur líður vel í íbúðinni á Valdimarsgötu. Auður sagði að hún hefði fengið teikningu af íbúðinni og var aldeilis hissa og hrifin með hvað hún er stór. -- Gott var að heyra að Vibeke hefði fengið frest til 1. febrúar. -- hlökkum til að sjá ykkur. --

Að þessu sinni verðum við hjá Palla (*í laufabrauðsskurði*). Því miður náði þið ekki í þetta sinn -- Fáum tölvurnar (senn) og þá verður nóg að gera við að ná tókum á þeim og nýrri tækni. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 29.11.1992.

-- Nú ættirðu að sjá til mín. Sit hér við nýju tölvuna mína, sem heitir AMBRA, og skrifa þér auðvitað fyrsta bréfið. Pabbi þinn situr niðri á sínum stað og ég uppi í Dags herbergi á mínum stað. Við þurfum bara að koma okkur upp kallkerfi svo að við getum talað saman milli hæða. --

Segir frá miklu vatnsveðri og hefði lekið frá nýrri rúðu á neðri hæðinni. Í Tannlæknafélaginu lak þakið.

Sjálf er hún lasin og treystir sér ekki í vinnuna og ætlar að setja ritarann í að gera útdrátt úr fundargerð og sjá hvernig tekst.

Segir frá skemmtilegu boði hjá þeim þar sem voru Jójó og Óli, Bensi Sveins og Guðríður ásamt Maríu og Sigga Líndal. Eitt af þessum skemmtilegu boðum þar sem gestir blandast vel og allir leggja sitt af mörkum til að gera kvöldið skemmtilegt.

Segir frá Hilmar Thors sem er alveg í vandræðum með tönn og þurfti hún að útvega honum tíma hjá hinum fremsta tannlækni á sviðinu. Hilmar gafst upp á reykbíndindinu en er ákveðinn að hætta. Hann hefur ekkert fengið að gera og eru þó tveir mánuðir frá því að hann kom frá námi; ekki nema að skrifa sögu Sjóvá, sem hann annast heima, en langar til að komast út að vinna.

-- Bensi Sveins og Guðríður eru alveg sérstaklega skemmtileg á sinn hægláta og látlausa máta. Sigurður var sá eini sem var svolítið þreytandi með sínu mikla tali. Hann þolir ekki þagnir og er alltaf gefinn fyrir að láta ljós sitt skína. María er einstaklega þolinmód við hann og þarf ábyggilega að hlusta nokkuð oft á sögurnar hans. Þau voru að segja okkur fréttir úr götunni sem við höfðum ekki heyrt. Sigurður Björnsson¹ læknir er búinn að halda við hjúkrunarforstjóra Landspítala undanfarin fjögur ár. Þegar Guðnýju² konunni hans varð þetta ljóst reyndi hún að fremja sjálfsmorð. -- María varð vör við sjúkrahilinn þegar hann kom að

¹ Sigurður Björnsson (1942) krabbameinslæknir. Sigurður hefur búið í húsínu með konunni.

² Guðný (1945), lífeindatæknir, dóttir Kristjáns Steingrímssonar lögfræðings. Henni hefur farnast vel. Áttu myndarbörn.

sækja hana. Ekki vitum við meira nema hvað hann er farinn heim til mömmu sinnar í bili. Gunnlaugur Briem¹ er búinn að kaupa sér litla íbúð og ætlar að flytja úr hverfinu. Ekki vitum við hvort hann ætlar að selja húsið. Ríkharður² sonur hans ætlar að búa þar.

--

Segir líka frá mjög skemmtilegu boði hjá Gunnari Þormar tannlækni, sem hafði margboðið okkur, en við aldrei haft tök á að þiggja það. Það stóð einnig tept núna. Var mjög skemmtilegt að koma til hans.

Við komum úr boðinu hjá Gunnari á stundinni kl. sjö og var þá drifið í að undirbúa fyrir gestina sem komu hálf tíma seinna. --

Amma þín er hin hressasta. Það er verið að draga í nýjar rafmagnsleiðslur hjá henni og allt undirlagt. Hún er svo ánægð með rafvirkjann, þykir hann svo elskulegur maður og þægilegur, sem hann og er. --

Fríða er að lesa hér í kjallaranum. Mér sýnist hún eiga í vandræðum með sig. Hún er að fá sér blund, fá sér að borða í tíma og ótíma og er amma þín orðin dálítið þreytt á henni. Ég held að hún sé ekki ánægð með skólann og gangi ekki nógu vel. Hún er ekki mikill námsmaður og ég held því fram að hún eigi að fara í sjúkraliðanám eða eitthvað slíkt, því hún er dugleg til vinnu.³ --

Við kunnum alltaf betur og betur við Brynju. Ásgeir er búinn að ná sér eftir hálskirtlatökuna og ætlar í vinnuna á morgun. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 30.11.1992.

-- Veislan tókst ágætlega og að öllu leyti skemmtileg. Var mikið skrafað og fréttir sagðar. Bensi og Guðríður⁴ eru þægilegir gestir. Ég er hrifinn af Guðríði fyrir hvað hún hefur mannúðlegar skoðanir. Hún fellur ekki í þá gryfju sem margir gera, að taka undir með hverju sem sagt er, um fátækt og atvinnuleysi, svo dæmi sé tekið. Hún finnur ærlega til með þeim sem minna mega sín, lætur það í ljós, en á þann hátt að hvorki verður skilið sem mótmæli eða nöldur. Óli og Jójó⁵ voru að koma frá London þar sem leikhúshverfið er undirlagt af fólki sem býr í kössum og dyrainngöngum, flytur þangað um leið og leikhúsgestirnir kveðja á kvöldin. Siggí og María⁶ eru skemmtileg þótt segja megum að Siggí sé ekki nógu góður hlustandi og minnir á stikkorðaráttuna hjá frænkum hans. Þetta háir honum að því leyti að hann fréttir ekki nógu margt nýtt og farinn að segja ískyggilega margar sögur sem María hefur upplifað, frétt eða sagt. --

Segi rækilega kjaftasögur úr hverfinu þó galli sé yfirleitt hvað maður er farinn að fylgjast illa með í umhverfinu, hefur kannski ekki nóg samband sjálfur. Segir fréttir af börnum Guðríðar og Bensa sem er orðinn einn helsti stjórnarsetumaður landsins.

Margar fréttir og ánægjulegar af Auði. Mamma var í uppnámi út af EES þar til ég komst inn í málið og sannfærði hana um að það væri til góðs. Þing Framsóknar var um helgina, Steingrímur í sviðsljósinu og þarf ekki mikið til að mamma snúist gegn Davíð -- sem í sjálfu sér er í lagi.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 2.12.1992.

Fréttir af komu Dags og Vibeke um jólin og að hann sé búinn að fá ráðningu á arkitektastofu til hálf árs og í sjöunda himni yfir kjörum sínum og lífinu í heild.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 6.12.1992.

-- Við vorum boðin í afmælisboð til Bjarkar á föstudagskvöld. Það var ljómandi gaman. Að vísu hélt hún upp á það með vinkonu sinni, þannig að maður þekkti ekki nema brot af gestunum. Við vorum mest að tala við Kristján Hrafnsson (*Gunnlaugssonar*), vin Magúsar (*Haraldssonar, síðar geðlæknis*) frænda. Hann kom í mat til okkar í fyrri í Danziggötu og var þá ansi drukkinn og sat hjá okkur til fimm. Það var gaman að hitta hann nú í annarra manna húsum því ég gat losað mig þegar ég vildi.

Næsta dag fór hún a bókasafn og á vinsýningu sem Bertrand vinur hennar hafði boðið til, en mamma hans er vínbóndi.

Bertrand gekk með þeim um sýninguna og ráðlagði hvar best væri að smakka. Fór svo að borða með Bertrand og mömmu hans og tóku Kjartan og Döllu með. Borðuðu geitakjöt sem var mjög vont á bragðið.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 11.12.1992.

Bollaleggur margt varðandi jólaundirbúning og komu hennar til landsins.

-- Annars er ég svo ánægð með mig núna. Mér var hrósað svo mikið í gær. Það var lögmaður félagsins, Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl., sem annast málaferlin út af Bryndísi tannsmiði. Ég hafði skrifað út til allra framkvæmdastjóra tannlæknafélaganna á hinum Norðurlöndunum og sagt þeim frá þessu máli og bað þá um upplýsingar um hvernig menntun tannsmiða væri þar og hvort þeir mættu vinna í munni sjúklinga o.s.frv. Þegar ég var búin að fá svör frá þeim öllum sendi ég ljósrít til Guðmundar Ingva. Var hann svo þakklátur fyrir þetta framtak. Hann sagði þetta vera mjög gagnlegar upplýsingar fyrir væntanlegt réttarhald, sagði að ég hlyti að hafa farið á eitthvert gæðastjórnunarnámskeið eins og hann kallaði það. Svo endaði hann á því að segja að ég hefði orðið ágætis lögfræðingur.

Ég er enn að hlæja með sjálfri mér að þessu samtali okkar.

¹ Bergstaðastræti 84. Gunnlaugur Ólafsson Briem (1918-97) framkvæmdastjóri.

² Richard Briem (1950) arkitekt bjó þar nokkur ár með fjölskyldu sinni uns þau skildu.

³ Fríða lauk hjúkrunarnámi og hefur staðið sig vel, ekki síst í Atlanta þar sem hún er með sjálfstæðan rekstur í öldrunarþjónustu.

⁴ Benedikt Sveinsson lögfr. frændi Sirrjár; kona hans Guðríður Jónsdóttir. Þau öll bekkjarsystkin.

⁵ Ólafur B. Thors og Jóhanna Jórunn Einarsdóttir, æskuvinir Sirrjár.

⁶ Sigurður Línal og María Jóhannsdóttir.

Jæja, ég sagðist ætla að skrifa línur í fljótheitum. Í fljótheitum var það. Nú er ég búin að kjafta frá mér allt vit. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 14.12.1992.

Þakka hringingu, samgledst honum með að vera kominn inn í góða íbúð.

-- Ég hef setið heima (*eftir flensu*) og haldið mér uppi með að skrifa um Tjarnargötuna. Tilefnið var grein sem Guðjón Friðriksson¹ skrifaði í Heimsmynd um snobb í Rvík og bæði nú og áður hefur tengt við Tjarnargötu og Briema. Ég tek þann kost að segja frá hvaða fólk bjó í hverju húsi og kemst að þeirri niðurstöðu að gatan, þ.e. timburhúsin sex séu alls ekki Briemsgata, þar sem bara tveir Briemar bjuggu þar, þótt amma Álfheiður hafi borið nafn þeirra, þá búin að missa manninn sinn. Megin niðurstöður eru þær að sameiginlegu þræðirnir hafi verið tveir eða þrír.

Dætur séra Ísleifs í Arnarbæli voru það sem tengdi fólkið saman. Tvær þeirra, Sigrún, (gift Birni Ólafssyni augnlækni) á nr. 18, og Guðrún (gift Sigurði póstmeystara Briem á nr. 20). Hann var svo bróðir Eggerts Briem, síðast hæstaréttardómara á nr. 28. Kristín Ísleifsdóttir, þriðja systirin (gift séra Ólafi Helgasyni á Stóra-Hrauni v. Eyrarbakka) sem hún missti 1904, sama árið og Álfheiður missti Pál. Ólafur var bróðir Álfheiðar Helgadóttur Briem á nr. 24 og Jóns Helgasonar (prestaskólakennara, síðar biskups), á nr. 26.

Hús Klemensar landritara Jónssonar á nr. 22 er sér á parti þar sem þeir Páll og hann voru saman á Akureyri og fluttu báðir suður 1904 þegar embætti ráðherra var stofnað á Íslandi og hann hefur kannski fengið lóð hjá Páli (*og Sigurði*).

Það merkilega er að hvergi á jafn litlum bletti var svo mikið ritað um íslensk fræði, sagnfræði og sögu Reykjavíkur og í þessum húsum og af nánustu afkomendum frumbyggjanna.

-- meginatriði sem veldur byggingu götunnar var þörf þeirra manna sem komu í bæinn 1904 við stjórnarháttabreytinguna fyrir að fá hús yfir höfuðið. Þá komu suður Eggert, Páll og Klemens. --

Þú sérð að fleira hefur áhrif á skipulag en *lineal*. En auðvitað er þróun Tjarnargötu, Suðurgötu, Bjarkargötu og síðar háskólans línulegt! Hvort það er tilviljanakennt er hæpnara. En nú er ég farinn að tjá mig um hluti sem getur valdið misskilningi á kenningum þínum eða skilningsleysi. Allavega eitthvað *misleysi*!

Heldurðu að það sé. Ég fer af stað til að rita þér fréttabréf en fylli síður með 80-90 ára gömlum fréttum. --

¹ Guðjón Friðriksson (1945), blaðamaður og sagnfræðingur.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 10.1.1993.

-- var tómlagt í húsinu eftir að þið fóruð. En þetta var góður tími sem við áttum öll saman. Ég segi bara eins og amma þín ; ég held að þetta hafi verið einhver bestu og skemmtilegustu jólin mín. -- Nú eru engin ummerki eftir jólin. --

Í dag fórum við í heimsókn til Steinu upp á Borgarspítala. Hún er algjörlega rúmliggjandi og mér sýnist hún ekki muni fara aftur heim á Sæbrautina. Séra Sigurður Guðmundsson sagði reyndar við pabba þinn að hún myndi fá pláss á hjúkrunarheimilinu Skjólí. -- Hún er samt alltaf jafnklár og glaðleg. Það var mjög gaman að sitja hjá henni -- rifjaði allan tímann upp atvik frá því í gamla daga. --

Við höfum ekkert heyrt frá Degi og Vibeke. Nú er hann að koma tölvunni í lag og svo dynja bréfin á okkur.

Aðalfréttin er sú að pabbi þinn er að fara í augnaðgerð í fyrramálið -- Eins og þú tókst eftir hafði sjónin breyst hjá honum. Eftir rannsókn hjá augnlækkinum kom í ljós að það var ský fyrir vinstra auga og hægt að laga það með því að skipta um augastein. -- Hann verður eina nótt á Landakotsspítalanum, verður heima í 2-3 vikur og má ekkert reyna á sig -- ekki bogra. -- varð fólk blint af þessu í gamla daga.¹ --

Ásgeir er hjá okkur í heimsókn. Það er saumaklúbbur hjá Brynju og hafði hann engan samastað nema hjá pabba og mömmu. Hann var settur í eitthvað tölvuvesen hjá pabba þínum og situr nú uppi við mína tölvu, einhverju að breyta og bæta. --

Kalt hjá Dídí eins og oft á veturna -- ég heyrði að pabbi þinn bauð henni að koma og vera hér hjá okkur. Hún var fljót að segja að þetta væri allt í lagi, því ekki vildi hún annars staðar vera en heima, þótt kalt væri -- og hætti strax að kvarta. Ég sagði við pabba þinn að það hefði verið máturegt á hann að hún hefði þegið boðið og svo hefði hún haft það svo gott hjá okkur að hún hefði viljað vera áfram. --

Á þriðjud. er fyrsti Zontafundur ársins. Ég býð Ingunni Friðleifsdóttur með mér, en ég er búin að mæla með henni í Zontaklúbbinn og fær hún inngöngu á þarnaesta fundi. Ég er mjög ánægð með að fá hana -- Hún hefur sýnt það í Tannlæknafélaginu að hún er félagslynd og svo er ég alltaf að hamra á því í klúbbnum að við þurfum að fá yngri konur til okkar. --

Eggert Ásgeirss skrifar Degi og Auði Eggertsbörnum. Rvík. 18.1.1993.

-- Hér sest ég niður og skrifa eitt stutt litabréf. Sem *rekonvalasent* hef ég allan rétt enda heyrir ég hvorki fuss né skammir.

Við lifum glöð og ánægð í minningunni um skemmtilegt jólatímabil, sem ég verð að kalla það, því ekki var það frí hjá mér að öllu leyti. Það ber að þakka þegar allt gengur vel og árekstralaust, allir ánægðir og við góða heilsu.

Sérstakt gleðiefni var að sjálfsögðu að kynnast Vibeke. Og það var sannarlega ánægjulegt og gaman að fylgjast með að allt *harmoneraði*, annars vegar milli Dags og hennar; hins vegar milli okkar hinna og þeirra, sem telja verður eina heild eða eitt mengi, svo maður slái um sig úreltri stærðfræði. --

Til hamingju Dagur! Að hafa fengið ráðningu í hálf tveggja ára eitt og þú gekkst eftir. *Umaðgeraharkanssex*, eða var það sjarmi nr. 1. --

Ég er heima og nýt þess að vera veikur. Geng á milli lækna og rannsóknarstofa og hef mikið um lækna og lækningarara að segja, enda þekki ég ekki aðra. Öllu fer fram, vel og eðlilega, Ég verð nú aðeins að spara augun. Því neyðist ég til að hafa þetta bréf stutt í endann. Þegar ég er búinn að prenta það út held ég áfram að snúast í kringum sjálfan mig og brjóta reglur um eitt og annað. Kannski fer ég fram í eldhús til að fá mér sýrópsköku, sem enn eru til. -- Vínartertan búin. Eftir svo sem hálf tíma fer ég að undirbúa komu mömmu ykkar heim, fer fram í eldhús, hita tevatn og tíni fram rúgbrauð, ost og mysuost, svo hún hafi um ýmislegt að velja.

Svo nýt ég þess að eiga aðgang að hljóðbókum á neðri hæðinni. Var ég að ljúka við *Sögur úr hallargarðinum* eftir Thor. Þetta er aldeilis ágæt bók, nýr stíll í sjálfsævisögum, lýsir honum vel, af því sem hann segir ekki, frekar en því sem hann segir. Kannski væri réttara að segja að maður þurfi að þekkja Thor og allt hans fólk til að fá mikið út úr sögunni. Ég naut hennar vel og mun lengi gera. Gott er að hafa hljóðbókina. Ef þetta hefði verið venjuleg bók, þá hefði ég áreiðanlega hlaupið yfir hið leiðinlegasta og misst þar með af því sem er undirstaðan og þar með það merkilegasta og kannski skemmtilegasta!? Svona er allt lífið. Enginn veit hvað er skemmtilegt, leiðinlegt, ómerkilegt eða stórt, því það verður ekki aðskilið. Ekki bara gott, vont eða stórkostlegt. -- héðan er allt gott að fréttu, eins og þið heyrði á því sem ég segi ekki.--

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 18.1.1993.

Segi frá veislu haldinni með Brynju og foreldrum hennar. Móðirin skörp og hraðmælt þannig að ég þarf mikið að hvá. Ágætt kvöld.

-- Þetta var ágætt kvöld. Ekki -- gott útlit -- stórviðri -- og rafmagnsleysi. --

Amma þín kom líka upp og tók þátt í veislunni og var hin ágætasta. Henni var heitt í hamsi því Palli hafði verið hjá henni og skammað hana fyrir að tala of mikið. Það er ágætt að hann segi þetta við hana, því til þess getur verið full ástæða. Svo kemur hún hingað til okkar, kvartar og við getum fært allt í gott lag og fullvissað hana um að hún sé ágæt. Á hvoru tveggja þarf hún að halda. Við erum svo heppin að hafa betra hlutverkið.

¹ Gláka mun vera ættgeng augnveiki. Mamma var líka með hana. Krakkarnir þyrftu að vera á verði með þetta.

Hún sat svo hjá okkur og ræddi þetta á laugardaginn. Ég sagði að auðvitað gæti Palli, eða aðrir, komið í heimsókn til að koma einhverju frá sér, í þungu skapi, þyrftu að létta á sér, en hefðu ekki orku til að brjótast fram og taka af henni orðið. Gerðu sér kannski ekki grein fyrir hvað væri að. Það er þá hlutverk skyldra, venslaðra og vina að vera til staðar, hlusta, vera stuðpúði og taka ekki nærri sér þótt eitthvað hvíni. Til þess værum við. --

Segi frá starfi í Oddfellow að fræðslumálum sem farið er að bera árangur, menn ánetjast sjónarmiðunum, taka við, skrifa og tala. Enginn veit hvers vegna. En það er allt í lagi, ég geri þetta mín vegna.

-- Sama á við um Zonta og starf mömmu þinnar þar. Við erum hlægileg hjónin þegar við sitjum sitt á hvorri hæð, puðum í félagsmálum, förum svo út, annaðhvort á skrifstofu SÍR eða TFI til að koma umslögum í póst, ljósrita eða eitthvað annað.

Við vorum einmitt að tala um hvað það sé óskaplega gaman að skila frá sér vel unnu og frágengnu máli, líta yfir verkið falletta umbúið, fullkomið á pappír. Sumir vilja bara tala/kjafta, en láta aldrei neitt anað frá sér. Ætli handverkið sé ekki djúpstæð tilfinning í fólki. Ekki bara skrifa, heldur sjá vinnuna og geta handleikið hana. Helst vildi ég senda frá mér plögg vel innbundin í kápu -- en má ekki ganga of langt í að snurfusa, því auðvitað ræður innihaldið mestu. Getur ekki verið að þetta sé frumstæð tilfinning. Nútímamaðurinn hættur að vinna með höndunum, notar síma, fax, símsvara, fyrirlestra, fundi -- ekki áþreifanlegt.

Þetta fer nú að verða nóg heimspeki handverksins. -- Bestu kveðjur frá mömmu þinni til Vibeke *tvíeinu!* --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 24.1.1993.

-- þetta voru skemmtilegir jóladagar -- og nutum við þess að hafa ykkur öll í heimsókn. Ég sit hér í vinnunni eftir að hafa keyrt pabba þinn kl. 7.30 upp á Landakotsspítala í augnaðgerð. -- læt ykkur fylgjast með. -- Hringi til að láta ykkur vita. --

Segir frá miklu óveðri og m.a.s. komist farþegar í Keflavík ekki út úr vélunum.

Vonar að verkefnið séu komin aftur á skrið.

-- Við höfum verið að fara yfir dagatalið og atburði tengda vinnu og félagslífi hjá okkur í sept. Eins og ég sagði þér er alþjóðafundur tannlækna í Gautaborg 29.8.-2.9. og er líklegt að ég fari þangað -- Síðan er umdæmisþing Zonta 23.-25. sept. í Þrándheimi. Þá verð ég orðinn formaður Zonta og langar mig mikið til að geta farið. Svo er ársþing tannlæknafélagsins í byrjun okt. Er septembermánuður erfiður mánuður í vinnunni vegna þess. --

Pabbi þinn hefur það alveg ágætt. Hann hefur fylgt öllum reglum og tekur það rólega. -- Sem betur fer hefur hann getað unnið heilmikið -- Er að skrifa fyrir Oddfellowblaðið og fleira; hefur verið upptekinn alla daga við þetta.--

Við mamma förum í heimsókn til Steinu í dag. Hún er alltaf eins. Liggur í rúminu og nýtur þess að fá einhvern til sín og rifjar alltaf upp eitthvað skemmtilegt -- Hún er minnug á atvik og hvernig fólk komst að orði. --

Palli hringdi í pabba þinn í gær. Það var voða fyndið símtal sem ég hlustaði á fyrst. Það var Hólmfríður Árnadóttir¹ sem var í þössun hjá þeim Láru og vildi endilega tala við pabba þinn. Hann heillaði hana alveg þegar laufabrauðsskurðurinn var hjá okkur. Var hann að stríða henni og þóttist ætla að toga í hárið á henni. Þetta fannst henni svo æsandi að hún gleymir því ekki og vildi nú tala við hann sem lengst. Palli sagði þær fréttir að Árni Geir hefði sagt upp hjá Verðbréfamarkaði Íslandsbanka. Þau Soffía hafa áhuga á að fara út í frekara nám. --

Amma þín er í mjög góðu formi og hin ánægjulegasta í alla staði. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 24.1.1993.

-- vona að allt sé gott hjá þér og þínum, Vibeke sækist nám og móðurhormónar vaxi eðlilega -- vinnan gangi að óskum.

Ásgeir og Brynja voru í sumarbústað um helgina og áttum við von á svaðilför. Þegar Ásgeir hringdi í dag kom í ljós að sumarbústaðurinn er í Lækjarbotnum. Þrátt fyrir það var talsverð ófærð og þurftu þau að nota skíði til að komast í áfangastað. Í rokinu virkar frostið eins og við bætist 15 gráður. Þau komu ánægð heim. --

Við förum á finnska listiðnaðarsýningu í Norræna húsinu, fallega. Merkilegt að sjá alla þessa hluti á sýningu sem ég stofnaði sjálfstætt húshald með, og er nú að finna í kössum uppi á háalofti, það sem ekki er brotið eða týnt. --

Mér líður vel í auganu, en má ekki reyna á mig -- Þarf að stunda lækna eins og mér væri borgað fyrir það. Það bætist við að blóðsýni bendir til að ég hafi misst blóð. Nú eru menn að leita að ástæðunni, sem þeir vilja endilega finna -- Ég er á báðum áttum en lækarnir vilja endilega finna orsökina. Svona leit virkar ansi dýr, sérstaklega þegar viðkomandi fórnarlamb hefur aldrei kennt sé meins. En hvað um það. Þeir eru búnir með eina magaspeglun og aðra stutta ristilspeglun. Næst er ein löng.

Til allrar hamingju er ég vinnufær heima og uni mér við tölvuna við að ljúka hinu og þessu sem ég hef lengi ætlað mér. --

Ég skila kveðju frá ömmu þinni. Hún var heldur en ekki ánægð með að geta gefið þér hálfan prentara á móti hálfum frá okkur, eins og við orðum það. --

Dagur Eggertss. skrifar Friede P. Briem. Osló. 26.1.1993

Elsku amma. Þá er prentarinn kominn í samband og ég get farið að senda ykkur pistla -- þökk sé samstilltu afmælisátaki ykkar Bergstaðastrættinga. -- Við í Valdimarsgötu komum til með að hafa mikið gagn af honum. --

¹ Hólmfríður (1990) dóttir Árna Geirs Pálssonar, nú móðir og viðskiptafræðingur.

Vibeke hefur tekið upp þráðinn í verkefninu sínu þar sem frá var horfið fyrir jólin þó svo að vinnudagurinn hennar sé styttri en áður. Meðgangur kemur til með að taka meiri tíma og orku eftir því sem lengra dregur, þannig að það borgar sig fyrir hana að ljúka verkefninu sem fyrst. Hún stefnir á að skila því í byrjun mars og verður að bíða til sumarsins til að fá það metið. --

Af mér er allt hið besta að fréttu. Vinnan verður stöðugt skemmtilegri því meira sem maður lærir af þeim rútínunum sem tíðkast á svona vinnustað. Það er eins og að vera sestur aftur á skólabeck. Mínir vinnuveitendur eru skilningsríkir og gefa mér tækifæri til að spreyta mig á sem mestu. Það er ómetanlegt að geta fengið slíka reynslu þegar vinnumarkaðurinn er eins og hann er. Það voru því góð tíðindi að fá fastan ráðningarsamning um daginn, með því öryggi sem því fylgir. Hann gildir þó ekki lengur en til sumarsins, en maður veit aldrei nema framhald verði á. --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 26.1.1993.

-- Já þetta voru ein bestu jól sem ég man eftir. Það var svo auðséð hvað fólk naut þess að blanda geði, hvort sem umræðuefnið var kvikmyndir eða þvagblöðrur kameldýra. Fyrir Vibeke var þetta mikil lífsreynsla að kynna nýju landi, fólk og fjölskyldu sem hún naut í alla staði.

Hér í Noregi tókum við upp þráðinn að nýju þegar við komum aftur út. Verkefnið hennar Vibeke hafði legið í gerjun yfir jólin og fór hún af stað með það að nýju. Allt á þeim fronti stefnir í rétta átt og Vibeke er full áhuga. Þó er hún orðin óþreyjufull og vill fara að klára. En það er bara góðs viti. Hún hefur verið veik síðustu daga en er að ná sér.

Það hefur verið mikið að gera á stofunni í því verki sem ég var byrjaður á fyrir jól. Í gær kláraði ég teikningarnar og í dag hef ég skrifað greinargerð. Það hefur verið gaman að vinna að þessu verkefni því að ég hef þurft að bjarga mér mikið sjálfur og finna út hluti upp á eigin spýtur. Maður lærir mikið þó svo að það reyni ekki á listræna hæfileika. Það kemur með tíð og tíma. Magnus hefur verið á stofunni undanfarið og unnið að módeli af *Norsk form*. Hann var svo óheppinn um síðustu helgi þegar hann var á leið heim til sín um kvöldið að það var ráðist á hann og hann sleginn í götuna, fékk heilahristing og hefur þurft að halda sig heima alla síðustu viku. Nú er hann kominn á fætur og farinn að vinna. Hann verður eitthvað áfram á BGO.

Ég þakka ykkur fyrir hlutdeild ykkar í góðri afmælisgjöf. Ég íða í skinninu að fá hana í hendur því fyrr kemst ekki tölvukostur heimilisins í gagnið. Þetta er ný útgáfa af *Style Writer* fyrir Macintosh sem er bæði hraðvirkari og vandvirkari. Hann kemur í búðina einhvern næstu daga. Allt bendir til að þetta verði síðasta handskrifaða bréfið til ykkar að sinni. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 3.2.1993.

-- Gaman var að heyra að Vibeke þótti heldur gaman að hitta okkur. Það skiljum við að mikil reynsla sé að sjá Ísland, En að gefa henni hangikjöt að borða 26 sinnum er ein af nútímaþrautum Heraklesar. Sem hún stóðst. Við erum búin að ákveða næstu þraut! -- leiðinlegt að heyra að Vibeke sé ekki fullhraust alltaf. Hvernig gekk sálarrannsóknin? --

Gaman var að heyra að verkefnið þitt var skemmtilegt. Mest hlökkum við auðvitað til þegar þú færð nýja prentarann og bréf taka að streyma viðstöðulaust frá Vík til Víkur. Sambandið við Auði breyttist alveg þegar hún fékk prentarann sinn og faxið -- eins og í næsta húsi væri. --

Auður fór hálfslasín í skólann til að leysa það verkefni að verða leiðsögumaður um eitthvert listasafn í borginni. Hún fékk minni tíma til að undirbúa sig en hún þurfti og var heldur óróleg þegar hún fór af stað og vissi ekki hvernig henni tækist að gera skemmtilega leiðsögn um listasafn sem henni þótti fátt merkilegt eða gott við. En það tókst alveg glimrandi og fékk hún háa einkunn, skilst mér 15 -- var hún sjálf uppi í skýjunum og sagði að franskan hefði liðið upp úr sér áreynslulaust og í góðri bunu.

Þá var þorablót á laugardag og var mjög skemmtilegt og góður matur. Auður var í sjöunda himni, hafði meira að segja fengið Gísla til að dansa við sig. Var það mælikvarði á hvað skemmtunin var góð. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 3.2.1993.

-- Þakka þér frábært bréf til ömmu þinnar sem við lásu um upphátt fyrir hana í hádeginu. Hún hafði gott af því sem þú sagðir við hana um vellíðan. Hún er líka alveg búin að jafna sig og hin ánægjulegasta. Hún fór niður til sín með sælubrosi. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 8.2.1993.

-- daginn notaði ég til þess að vinna fyrir Zonta. Ég er formaður undirbúningsnefndar fyrir landsfund Zonta sem haldinn verður á Holiday Inn 23-25. apríl. Ég fékk með mér í nefndina Þóru Kristjánsdóttur (konu Sveins Einarssonar) og Huld Geöthe sem rekur Café París í Pósthússtræti. Við höfum hist heima á Bergstaðastrætinu tvívegis til að leggja á ráðin um dagskrána og deilt með okkur verkum. Ég tók að mér að undirbúa dagskrána til prentunar og þátttökutilkynninguna og fá tilboð í ráðstefnuaðstöðu. Við pabbi þinn höfum svo verið að setja þetta vel upp. Þegar við leggjum saman þá verð ég bara að segja það að útkoman er ansi góð. Enda voru þær hrifnar þegar ég sýndi þeim það sem ég var búin að gera fyrir síðasta fundinn. Ég ætla að senda þér dagskrána þegar hún er tilbúin - til að monta mig dálítið.

Síðan höfum við verið að ræða í stjórn Zonta um fjárhag klúbbsins og innra starf. Var mér falið að hafa framsögu á næsta fundi um þetta efni. Var ég að setja það á blað í gær til að glöggva mig á því sem ég ætlaði að segja svo það yrði dálítið skipulegt. Síðan ætla ég að reyna að tala sem mest blaðalaust. Á þessum fundi gengur Ingunn Friðleifsdóttir tannlæknir (fyrrv. kærasta Loga) í klúbbinn. Ég mælti með henni og lýst vel á hana sem félagskonu. Hún er líka ung. Það sem ég hef verið að brýna fyrir konunum í klúbbnum þegar þær hafa verið að mæla með konum að taka þær úr yngri kynslóðinni. Meðalaldurinn er nefnilega orðinn mjög hár. Þeim hættir við að taka konur sem eru í þeirra aldurshópi. --

Ásgeir og Brynja voru svo að fara á árshátíð útvarps og sjónvarps um kvöldið. Ásgeir sagði nú ganga yfir mikla öldu sparnaðar hjá útvarpinu. Það væri fyrirskipun um að stofnunin ætti að spara 33 millj. á þessu ári. Hann sagði að Rás eitt ætti að verða

aðallega fyrir þessum niðurskurði. Allir væru hræddir um sína stöðu og þar með hann. Við verðum að vona það besta. Það eru margir í þjóðfélaginu í líkri aðstöðu. Alls staðar er verið að þringja að.

Ég leit inn til ömmu þinnar í gær. Palli og Fríða höfðu verið hjá henni og sagðist Fríða vera að spekulera í að fara til Parísar í sumar. Ömmu þinni finnst þessi flækningur á henni svo óeðlilegur svo hún sagðist ekkert hafa tekið vel undir þetta og bað mig um að segja þér frá þessu til að vara þig við að ég held. Henni fannst þetta vera trúfandi fyrir ykkur sem hefðuð nóg að gera í skólanum og íbúðin lítil. Ég tók eiginlega undir þetta. Fríða verður 21 árs í júní og þá fær hún ekki lengur að ferðast á frímiðum frá Láru. Ömmu þinni fannst það gott því henni finnst þetta spillandi. Fríða ætlar ekki í kennaraháskólann í haust, ég held hún hafi ekki fengið inngöngu.

Í gær vorum við svo hjá Jójó og Óla -- Við vorum aðallega að skipuleggja ferð saman til Dublin í haust -- og svo langar okkur til að drífa þau með í fjallaferð í sumar. Þau hafa bókstaflega ekkert farið svoleiðis. --

Pabbi þinn skrifaði Degi í morgun. Hann var að lýsa veðrinu og sagði að nú væri frostlaust og auðar göturnar. Hann hafði ekki litið út um gluggann -- Það hafði nefnilega snjóað í nótt og var snjódrífa. Dagur lætur vel af þeim. Vibeke hlakkar til að skila verkefninu í byrjun mars. Dagur segir að hún sé hress --

Við pabbi þinn förum til Khafnar 24. mars. Ég er að fara á ársþing danska tannlæknafélagsins. Pabbi þinn fer sennilega á fund með kollegum sínum 1. apríl. Svo þetta verður líka heimsókn til Dags og Vibeke --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 8.2.1993.

Segir frá bikarleik milli Vals og Selfoss sem þau horfðu á hjá Óla og Jójó. Dá allir Sigurð Sveinsson, frábæra handboltaskyttu Selfoss, son bekkjarsystur minnar, Ingu Valborgar Einarsdóttur og Sveins í Völundi.¹ --

Er ég sá hann fyrst gekk hann við hækjur, með sama sjúkdóm og ég þjáðist af í mjóðm. Sennilega þarf einhvern tímann að skipta um mjaðmarliði. Það sést ekki enn.

Mörg orð og ráð um uppsetning á nýjum prentara hjá Degi í Osló.

-- Amma þín er að skána eftir það ástand sem ég lýsti um daginn. Svona er ekkert lamb að leika sér við, þótt ekki sé hægt annað en brosa að því stundum. Vitaskuld er þetta öldrunarsjúkdómur og elliglöp -- Verður að þakka fyrir að hún er góð á milli, ekki verri en þetta. --

Segi frá söfnun þjóðsagna fyrir háskólastofnun Bo í Dublin sem þau ætla að fara með í haust en erfitt að koma því við þar sem Sirrí þarf að fara þrisvar til útlanda á vegum TFÍ og einu sinni fyrir Zonta.

-- Ásgeiri er ekki alveg rótt. Nú gengur sparnaðaralda yfir útvarpið og eins og alltaf beinist slíkt fyrst og fremst að menningar- og vísindadagskrá. -- Hann er ekki sá eini í samfélaginu sem býr við óvissu með vinnuna. Þau Brynja eru góð saman og Brynja vinnur á við kynningu, látlaus, bráðskörp og skynsöm. -- Gott að vita að sambandið við systkini Brynju er gott og innilegt. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 8.2.1993.

Segir að styttest fari í að Vibeke skili verkefninu af sér og líka að þau hittist í Osló.

-- Það er eitthvað svo myndarlegt að fara í heimsókn til sonar og tengdadóttur og fá að gista í gestaherberginu. --

Ég talaði við Ásgeir í gær og ætlaði að plata þau með okkur á málverkaupboð í gærkvöldi -- Hann hafði ekki áhuga svo við förum ein. Þetta var heldur leiðinlegt uppbóð sem Haraldur Blöndal, tengdapabbi Magga, stjórnaði. Hann er í því að draga þúsundkalla út úr mannskapnum og verður engin spennan í uppbóðinu þess vegna. Svo sýnist okkur eigendurnir sjálfir vera að bjóða í myndir til að hækka boðin og jafnvel að kaupa myndir inn aftur. --

Pabbi þinn var að hjálpa Bensa Eiríks að flytja ýmislegt dót Steinu inn á hjúkrunarheimilið Eir -- Ég fór svo með pabba þínum að skoða og er ánægjulegt að sjá hvað vel fer um hana og hún ánægð. Henni hefur hrakað mikið frá jólum og nú getur hún ekki staðið upp sjálf og staulast um. -- Alltaf er hún samt jafn ánægð, glöð og kvartar aldrei. Hún verður níræð í apríl.

Ég var að tala við Jójó. Hún bað að heilsa. Hún var heldur leið vegna þeirrar fréttar sem hún fékk að Hilmar og Guðrún væru að slita sambúð. Þau voru búin að vera saman í 5½ ár. Ég reyndi að hughreysta hana og gat talað af eigin reynslu!! --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 15.2.1993.

--Föstudagskvöldið byrjaði ekki vel. Það skall á svo mikið þrumuveður með tilheyrandi eldingum og slyddusnjókomu að ég hef ekki upplifað annað eins hér heima. Pabbi þinn sagði að það þyrfti að ganga svona mikið á til þess að ég hlypi upp í fangið á honum, en það gerði ég. Amma þín sat uppi hjá okkur og við sátum saman undrandi á þessum látum sem endaði náttúrlega á því að rafmagnið fór af. Það var nú ekki gæfulegt þar sem ég var með gesti um kvöldið og ætlaði að setja læri inn í ofninn kl. hálf sjö. Það gat ég gert því rafmagnið kom kl. 6. Það var samt svo vont veðrið þegar gestirnir voru að tygja sig af stað í boðið að ég bað Brynju um að hringja í foreldra sína og spyrja hvort þau vildu fresta þessu. Þau voru ekki á því. Þetta var skemmtilegt kvöld og foreldrar Brynju sérstaklega þægilegt og elskulegt fólk.

Amma þín var líka og var hún ansi skemmtileg. Hún sagðist hafa fengið heimsókn frá Palla um daginn þar sem hún sagðist hafa verið svo leiðinleg og eitthvað að kvarta. Hann tók hana svoleiðis í gegn að hún hafði setið alveg hissa eftir þegar hann fór en sem

¹ Inga Valborg Einarsdóttir (1928-2009) Ástráðssonar lækni á Eskifirði. Súperbekkjarsystir mín. Sveinn Kjartan Sveinsson (1924-2008), verkfræðingur, alinn upp í Tjarnargötu 34. Mikið gleðifólk.

betur fer tekið mátulega mikið mark á honum. Hún byrjaði á því að segja í boðinu hjá okkur að hún ætlaði nú að passa sig að segja ekki mikið í kvöld því að Palli hefði verið að segja að hún talaði svo mikið að það kæmist aldrei neinn að. Foreldrum Brynju þótti hún ansi skemmtileg eins og hún getur verið þegar vel liggur á henni.

Pabbi þinn bauð upp á koníak með kaffinu á eftir og var eitthvað lengi að bardúsa við það. Þegar hann var búinn að gefa okkur í glösin og við búin að skála þá segir hann reynslusögu sína af koníakinu. Hann teygði sig sem sagt upp í þennan klassíska vínskáp okkar. Það er sama hvað hann reyndi að ná í af flöskum. Þær voru allar límdar fasta á botninn í skápnum. Það fyrsta sem honum dettur í hug að nú sé ég að beita mínum ráðum til að fá hann til að hætta að drekka og sé búin að líma allar flöskurnar fastar. Hann nær sér í stól til að kanna málið. Viti menn! Það hefur lekið úr líkjörflösku, sem lá á hliðinni, og allt í klístri.

Mér datt í hug að þú vildir bæta þessari sögu í límsögusafnið þitt. Þú manst það kannski ekki þegar þú varst lítil og við höfðum það skemmtilegt við kvöldmatarborðið, þá varstu að reyna að segja brandara eins og bræður þínir. Það voru alltaf mismunandi útfærslur af límsögum sem þú bjóst til á staðnum.

Við höfðum það annars rólegt yfir helgina. Ég fór að hitta Zontakonur um eftirmiðdaginn á laugardag. Við erum að undirbúa gerð borðfána með merki Zonta og svo ætlum við að útbúa glerskálar sem við getur selt til ágóða fyrir klúbbinn og gefið öðrum klúbbum við hátíðleg tækifæri. Fórum við Helga Hannesdóttir, sem er formaður núna, upp í *Gler í Bergvík* á Kjalarnesi og töluðum við hjónin sem reka glerverkstæðið þar. Út úr því kom að þau ætla að gera tvo hluti sem við skuldbindum okkur til að kaupa. Svo getum við ákveðið okkur hvort við látum framleiða fleiri eintök. Ég sting með dagskrá landsfundar Zonta í apríl, en hana vorum við að ljósrita í gær. Svo ætla ég að safna nefndarkonum hingað á skrifstofuna og stinga öllu í póst.

Pabbi þinn hefur verið á kafi í verkefni fyrir Oddfellow og var að ljúka því. Þetta er varðandi fræðslu innan Oddfellowhreyfingarinnar. Hann fékk áhuga á þessu máli fljótlega eftir að hann kom í regluna og hefur skrifað mikið í Oddfellowblöðin um málið. Hann sendi frá sé átta síðna plagg til nefndar um málið. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 15.2.1993.

-- Ég hef verið önnur kafinn að vinna að fræðslumálum fyrir Oddfellow; formaður nefndar reglunnar um þau mál sem er að skila af sér. Ég byrjaði á að skrifa um fræðslu í blöð reglunnar fyrir hálfu öðru ári eða svo og er búinn að skrifa mikið um málið. Allt í einu eru hugmyndirnar farnar að festa rætur. Aðrir eru farnir að skrifa greinar í blöðin og segja frá að málið hafi verið rætt, nefna ekki hver hefur fjallað um það, og gera sér kannski ekki heldur grein fyrir því, allt í lagi með það, það skiptir heldur ekki máli. Aðalatriðið er að hugmyndin festir rætur og menn aðhyllist sjónarmiðin. Hver á frumkvæðið skiptir ekki máli. En þægilegt er að fá uppskeru erfiðisins. Þetta á við á öllum sviðum. Ég er ekki að segja þér þetta vegna mín eða míns félagsskapar, heldur vegna þess að ég held að þetta eigi við lífið almennt.

Sama á við um Zonta og starf mömmu þinnar þar. Við erum dálítið hlægileg hjónin þegar við sitjum hvort á sinni hæð, þuðum í félagsmálum og förum svo út á skrifstofu SÍR eða TFÍ til að taka ljósrit, koma efninu í umslög, útbúa texta eða eitthvað annað.

Við vorum að tala um hvað það er óskaplega skemmtilegt að skila frá sér vel unnu og frágengnu máli, líta á verkið fallega umbúið, fullkomið á pappír.

Eitthvað er djúpstætt í sálinni að þykja gaman að sjá verk sitt á pappír. Sumir vilja bara tala (kjafta) en láta aldrei neitt frá sér. Ætli handverkið sé ekki djúpstæð tilfinning í fólki. Ekki bara skrifa, heldur sjá vinnuna og geta handleikið hana. Helst vil ég senda frá mér plögg vel innbundin í kápu En það er ekki hægt. Ekki má ganga of langt í að snurfusa verk, því auðvitað ræður innihaldið mestu. Getur verið að þetta sé einhver frumstæð tilfinning? Nútímamaðurinn er hættur að vinna með höndunum, notar síma, símafax, símsvara, fyrirlestra og fundi. Eitthvað í minna mæli áþreifanlegt. Þetta fer að verða nóg um heimspeki handverksins.

-- Auður var með veislu hjá sér. Sendiherrahjónin frönsku fyrrverandi voru hjá þeim í íslenskum mat ásamt Þorfinni og Önnu. -- Þetta eru einstök hjón og konan sérstaklega áhugasöm fyrir námi Auðar, hvetur hana, lánar henni listaverkabækur og ræðir við hana. Aldeilis mikilvægt.

Auði hefur gengið einstaklega vel í prófum undanfarið og er í vímu yfir hvað námið er skemmtilegt.

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 17.2.1993.

-- veðrið býið að vera eins og á góðum sumardegum. -- Þessa dagana er Vibeke að undirbúa lokahrinuna í verkefninu. Byggingarnar eru að fá á sig endanlega mynd og innihaldið komið í kring. Ég er búinn að taka að mér módelvinnuna og ætla Magnús að veita okkur lið -- skiladagurinn er 20. mars. --

Maginn á Vibeke vex og dafnar. Það er gaman að fylgjast með Vibeke smám saman vera að breytast í móður. -- Fóstrið er farið að gera vart við sig -- Við skulum bara vona að allt muni ganga eðlilega fyrir sig áfram.--

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 17.2.1993.

-- Vibeke hafði korrekúr -- gekk vel. -- leikhús -- Vinnan gengur vel. Á hverjum degi, samtímis eykst vinnuhraðinn og ég finn fyrir meira öryggi. --

Svo komið þið -- erum með leikhúsmiða hjá Allan Edwall. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 20.2.1993.

Þykir gott að fréttu að sónarskoðunin hafi gengið vel.

Segir einnig að tengdaforeldrar Ásgeirs, Lind Ebbadóttir¹ og Jón Ólafsson² hefðu verið hjá þeim í skemmtilegu boði.

-- Þau hjón eru einstaklega þægileg, jákvæð og skemmtileg. Finnst mér eins og ég hafi alltaf þekkt þau. Lind er ákaflega hraðmælt þannig að ég þarf oft að kvá, greind og kvikk í tilsvörum -- Brynja er mjög lík henni að þessu leyti, eiginlega í útliti líka, báðar fljótar að átta sig á hlutunum. -- Jón er rólegur, yfirvegaður, hláturmildur og velviljaður. Hann er allt önnur týpa, en þau bæta hvort annað upp.

Amma þín kom líka upp og tók þátt í veislunni og var hin ágætasta. Henni var heitt í hamsi því Palli hafði verið hjá henni og skammað hana fyrir að tala of mikið. Það er ágætt að hann segir þetta við hana, því til þess getur verið full ástæða. Svo kemur hún til okkar og kvartar, og þá getum við fært allt í gott lag og fullvissað hana um að hún sé ágæt. Á hvoru tveggja þarf hún að halda. Við erum bara svo heppin að hafa betra hlutverkið. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 22.2.1993.

-- ágætari fréttir -- Loðnan veiðist og gott hljóð -- Verra er með fyrirtæki eins og frændfólksins (*Einars Guðfinnssonar h.f.*) okkar í Bolungarvík sem er gjaldþrota. -- fjölskyldufyrirtæki eru sjaldnast vel rekin, of margar fjölskyldur og forstjórar lifa á því. --

Segi að Steinunn móðursystir Sirrías sé að fara á hjúkrunarheimilið Eir, einn fyrstu skjólstaðinga þess heimilis. Hefur verið í 11 ár á Nesinu hjá Bensa systursyni sínum.

Einnig sagt frá góðu boði hjá Kötlu og Jan með Agli Skúla Ingibergssyni, fyrr borgarstjóra, nágranna þeirra, og konu hans.³

-- hef lengi þekkt þau, sérstaklega Egil Skúla, en þetta er í fyrsta sinn sem ég hef rabbað við hann í góðu tómi. Þeir Jan og hann eru báðir stjórnendur þeirrar vinnu sem fram fer við að undirbúa rafstreng, annars vegar til Englands og hins vegar Skotlands. Er mikill titringu milli ríkis og borgar sem hafa samninga við tvö ólík fyrirtæki og lönd um málið.⁴ --

Þessa viku verð ég á tölvunámskeiði fyrir þá sem langt eru komnir í Word! Á það list mér bæði vel og illa! Næsta bréf verður með einhverjum undarlegum krúsíðullum sem aðeins hinir lengst komnu í íþróttinni hafa á sínu valdi.

Af ömmu þinni hér niðri er gott að fréttu. Hún er orðin róleg en er að athuga að komast á *gamalmennanámskeið*. Hún sagðist hafa talað fátt! og leyft öðrum að tala. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertss. Rvík. 22.2.1993.

Hlakkar til að heimsækja þau og segir frá ýmsum viðburðum í fjölskyldunni á bollu- og sprengidegi.

-- hittum Dröfn⁵ sem vann einu sinni á skrifstofunni og er núna að klára Handíða- og myndlistaskólann með Margréti Blöndal hans Magga. Hún sagði að Sölvi sonur þeirra væri alls ekki orðinn góður. Veturinn hefði verið sérstaklega erfiður Möggu, en þetta væri sterkbyggður strákur sem myndi eflaust ná sér. Maggi vinnur á leikmyndaverkstæði Þjóðleikhússins.⁶ --

Steina, ömmusystir þín er núna loksins búin að fá inni á hjúkrunarheimili og það sem best er að hún sættir sig við það og hlakkar til. Hún finnur að hún getur ekki búið ein. Það er verið að opna nýtt heimili í Grafarvoginum og verður hún fyrsti sjúklingurinn sem flytur inn 2. mars. Ég fór í heimsókn til hennar í gær á Borgarspítalann og er hún alltaf jafn glöð og andlega hress. Hún var að rifja það upp að 2. mars, þegar hún flytur, verða akkúrat ellefu ár frá því að hún fluttist á Nesið. Þótti henni það góðs viti. Ég er nú að grisja í öllum bréfabúnum með vistunardeildum og vottorðum fyrir Steinu. --

Kristín og Guðjón tóku allt í einu upp á því að skilja. Var þetta eins og sprengja inn í fjölskyldu sem ekki tíðkar slíkt. Enginn kann á málinu skýringu og verður sjálfsagt langt þangað til, enda er þetta fólk ekki að abbast upp á hvert annað með nærgöngulum spurningum.

Laugardagurinn var annasamur mjög fyrir mömmu þína. Hún var í hádegisverðarboði hjá Auði Proppé. Var verið að leggja drög að Zontahátíð sem haldin verður í tannlæknasalnum til fjáröflunar. Síðan fer hún í 65 ára afmæli Rúrías.

Loks var um kvöldið farið til Kötlu og Jan. Þar var skemmtilegt, sem vænta mátti, enda var gestavalið frábært og hvergi veikur hlekkur! Sérstaklega voru skemmtileg Egill Skúli Ingibergsson⁷ verkfræðingur, sá sem var borgarstjóri á sínum tíma, og kona hans. Þau búa í húsi nálægt Kötlu og Jan í Skildinganesinu. Hef ég þekkt þau lengi, sérstaklega Egil Skúla, en þetta er í fyrsta sinn sem ég hef rabbað við hann í góðu tómi. Þeir Jan og hann eru að undirbúa lagningu rafstrengs. annarsveggar til Englands og hinsveggar til Hollands. Er mikill titringur milli ríkis og borgar um málið, en þau hafa samninga við tvö ólík fyrirtæki um málið.

¹ Lind Ebbadóttir (1938) frá Glerárskógum í Hvammssveit, þá fulltrúi hjá Ríkisspítölunum.

² Jón Ólafsson (1935) frá Árbæjarháaleigu í Holtum, þá rafvirkjameistari hjá Ísl. aðalverkötökum.

³ Egill Skúli Ingibergsson (1926) verkfræðingur. Ólöf Davíðsdóttir (1930).

⁴ Þetta eru góðar fréttir. Nákvæmlega tuttugu árum síðar er sams konar athugun í „fanta“ gangi.

⁵ Dröfn Guðmundsdóttir (1947-2013) listakona. Försí í bílslysi á Barðaströnd.

⁶ Margrét Haraldsdóttir Blöndal, listakona, vinkona Dags og Auðar. Hún átti Sölva (1991) í sambúð með Magnúsi Sigurðarsyni, vini Dags. Þau skildu að skiptum og býr hann nú og starfar sem listamaður í BNA. Sölvi var mikið veikur ungur en lenti á glapstígum og fíkniefnaburði og var tekinn fastur. Sat um tíma í fangelsi í Brasilíu. Dagur reyndi að hjálpa Margréti með því að fá Sölva í vinnu við verkefni sem hann vann að í Noregi. En því miður rann líf hans út í sandinn, þó ekki sé útséð með það.

⁷ Egill Skúli Ingibergsson (1926) raforkuverkfræðingur. Kona hans er Ólöf Davíðsdóttir (1930).

Ég vona að þú hafir gaman af Dunganon.¹ Mér þótti lýsingin á Karli svo frábær og karlinn svo frumlegur að vonlaust er að skáld geti búið til svona merkilega persónu. Þó er sagan af honum ekki öll sögð. Ég sat fyrir mörgum árum með Birni Th. Björnssyni og hlustaði á lýsingu á honum. Einnig man ég eftir sögum Baldvins sonar Björns, en hann mundi eftir honum frá því að fjölskyldan bjó í Höfn.² --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 28.2.1993.

Hef vart tíma til að skrifa vegna ráðstefnu SÍR um markaðsmál á morgun. Í dag var ég að skrifa viðbótargrein í Lesbók um Dabba í Nesi.

Í tilefni 33. brúðkaupsdagsins var farið á tónleika í Hallgrímskirkju, svo á leirlistarsýningu Kolbrúnar, dóttur Sveins og Guðrúnar Kjarval.³

-- Þú sérð af úrklippunum að þau Margrét og Steve fengu menningarverðlaunin í arkitektúr. Skrýtið. Auðvitað var ekki annað hægt enda voru aðrar tilnefningar í greininni ekki merkilegar. Þau virðast ekki hafa neitt að gera.

Ég hitti Ögmund Skarphéðinsson⁴ öðru hvoru. Hann spyr alltaf um þig og segir að allir eigi að vinna um tíma í útlöndum. Hann samgladdist þér yfir verkefninu. Hann hélt fyrirlestur á þjóðminjapingi um varðveislu gamalla húsa, og ekki bara gamalla. --

Fórum og skoðuðum leirlistarsýningu Kolbrúnar Kjarval.⁵ Það var velheppnuð sýning og við sjúk í mörg verk. En allt var selt. Það var gaman að hitta Kolbrúnu og ræða við hana um list afa hennar og pabba, Sveins Kjarval, sem var húsgagnaarkitekt. Hann gerði marga frábæra hluti. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 28.2.1993.

Segir frá viðburðum 33ja ára brúðkaupsdagsins sem var m.a. fólgin í tónleikum í Hallgrímskirkju, að fara með Dídí í kaffi í listhúsið í Laugardal og sýningu þar á verkum Braga Ásgeirssonar. Þá var farið í heimsókn til Steinunnar Ingimundardóttur á Borgarspítalanum, málmskúlpúrasýningu Guðjóns Bjarnasonar í Hafnarborg ásamt því að hlusta í sjónvarpi á þátt um Nóbels hátíðina.

-- Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir hringdi í mig og bað um að fá að hafa við mig viðtal. Hún vinnur hjá útgáfufélaginu Fróða, sem m.a. gefur út Nýtt líf. Hún vinnur við að hafa viðtöl við fólk og var hún með slíkt í huga. Hún ætlar að hafa stutt viðtal við fjórar persónur sem eiga það sameiginlegt að vera komnar yfir fimmtugt og eru hressar og jákvæðar. Finnst þér ég ekki vera tilvalin í þennan hóp? -- er mér meinilla við þetta. Ég gat hinsvegar ekki sagt nei við Jóhönnu svo hún ætlar að koma til mín í fyrramálið á skrifstofuna. Þar ætlum við að spjalla saman og vona ég að við verðum ekki truflaðar mikið. Pabba þínum finnst þetta allt í lagi bara ef þú segir ekki frá því hvernig ég er! --

Segir frá lokaverkefni Vibeke sem verður sent inn rétt áður en við komum til Osló.

Segir frá mömmu sinni, sem illa fylgist með samtölum og tengdamóður sem er farin að sjá mjög illa.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 8.3.1993.

-- Það var mikil upphæfð að vera beðinn um að fræða sérfræðinginn dóttur sína um uppboð. Já, því er nú verr að mér þykir gaman að góðum uppboðum. Eins þykja mér leiðinleg uppboð slæm. Sendi þér hér upplýsingar um uppboðið í gær. --

Eftir uppboðið held ég að þörf sé á að athuga nákvæmlega allar reglur og skrifa kannski aðra grein um uppboðin. Við mamma þín vorum farin að sækja uppboð. Og þótti gott að vera á Gallerí Borg, hefur þótt það heiðarlegra en önnur. Nú vorum við á uppboði hjá nýjum eigendum. Haraldur Blöndal er uppboðshaldarinn eins og áður. Sú breyting var á að eigandinn situr ekki hjá uppboðshaldaranum. Hann var á flækingi um salinn. Þegar við svo fórum af staðnum, áður en uppboðinu lauk, rákumst við á hann upptekinn við að bjóða í verkin, á móti tilboðum úr sal! Ef þetta er ekki óheimilt, veit ég ekki hvað er. Guðmundur í Klausturhólum gerir þetta líka, en lætur uppboðshaldarann sjálfan um það og hækkar hann boðin sjálfur, eftir því sem ég best veit.

Haraldur Blöndal, lögfræðingurinn, tengdapabbi Magga, hefur þá aðferð að hann reynir að toga menn áfram. Ef boð kemur um 23 þús., þá segir hann: *Fæ ég 25 þús?* Það kemur ekki, heldur 24 þús. Þannig verður uppboðið staglkennt, alltaf verið að fara á undan

¹ Karl Einarsson Dunganon (1897-1975), listamaður, landstjóri! og ferðalangur.

² Sagan var sú að Dunganon kom í heimsókn í fbúð Björns (1922-2007) og var eitthvað fátt um innanstokksmuni. Tók hann eftir því að rúm vantaði. Næsta dag heyrðist hávaði á brústeinsgötunni við húsið. Var þar Karl kominn dragandi mikið járnrum á hjólum, sem hann hafði fundið á einhverri fornsölu til að gefa Birni og bjarga fjölskyldunni. Reyndar má bæta við söguna því Baldvín var að vinna fyrir mig að gerð skiltis fyrir Rauða krossinn. Þá gerist það merkilega að sendisveinn hans og aðstoðarmaður kom með þetta stærðar skilti berandi langa leið. Var það þá gamall vinur minn úr Tjarnargötunni sem alinn var upp í Slökkvistöðinni gömlu, Tjarnargötu 12. Jóhannes Nielsen (1919-81) hét hann, nokkuð vangefinn, en indælis karl. Var þá sendisveinn og aðstoðarmaður Baldvins og gerði þar góða hluti. Kom þá í ljós að Baldvín var ekki ólíkur föður sínum hvað afstöðu til sérkennilegra *karaktera*. Kannski var ég með sama veikleika, því mjög safnaðist að mér skrýtið fólk (og skemmtilegt). Þegar við Sirrí kynntumst og fórum út á meðal fólks þá skammaðist hún sín fyrir mig því ég lenti gjarnan á kjaftatörn með hinum undarlegustu persónum, en ekki nóg með það, henni fannst ég verða undarlegur þegar ég var að ræða við þá, auk þess kannski, að ég gat ekki slitið mig frá þeim.

³ Sveinn Kjarval (1919-819, húsgagnaarkitekt (sonur Jóhannesar Kjarval) og Guðrún (Únna, (1917-2011) dóttir Helga Hjörvar, góðir vinir okkar. Foreldrar Kolbrúnar listakonu Kjarval (1945).

⁴ Ögmundur Skarphéðinsson (1958) arkitekt, sonur Skarphéðins Jóhannssonar arkitekts og Kristínar Guðmundsdóttur innanhússarkitekts sem bjuggu hér í húsina á Bergstaðastræti þegar hann var *hammaður*, eins og hann orðar það. Hann á Guðrúnu Nordal forstöðumann Árnastofnunar.

⁵ Kolbrún Kjarval (1945) leirlistarkona sem lengi var með galleri á Skólavörðustíg en hefur flust á Akranes.

og bakka svo. Það nýtur sín aldrei. Hann reynir að leika sér á uppboðinu, virðist sjá kost í því að fá há boð, ekki skjót og skemmtileg. Óskastaðan er þegar tveir bjóða og hann getur sett þá upp hvorn gegn öðrum., sérstaklega ef þeir eru sithvorum megin í salnum. En allt svindl leiðir til þess að uppboð verða leiðinleg og ótrúverð. Þannig var uppboðið í gær - ég fór geispandi heim. Það væri gaman að fá þín sjónarmið á þessu máli. --

Segir frá heimsókn þeirra Sirrías til Steinunnar frænku hennar o.fl. í því sambandi.

-- Það var alveg stórkostlega gaman að sjá umhyggju Helgu og Rönku. -- Þeim beinlínis líður illa ef þær geta ekki verið við það heygarðshornið.

Ég var að rifja upp fyrir mér hve miklu hefur verið komið til leiðar frá því að lögð voru drög að Öldrunarráði fyrir eitthvað 13 árum. Þá hjálpaði ég séra Sigurði H. Guðmundssyni dálítið. Síðan hefur þetta haldið áfram. Vandamálið í öldrunarmálum er einmitt aðstaða til hjúkrunar. Nóg er af alls konar þjónustuþúðum.¹ --

Ég var svo vitlaus að taka að mér að gerast ritstjóri Oddfellowblaðsins næstu tvö árin. Ætla ég að koma út fjórum heftum á ári, á fyrirfram ákveðnum tímum. Þar fuku frístundirnar. En ég er á móti frístundum eins og þú veist, svo það verður að hafa það. Mamma þín sættir sig við leiðinlegan karl, bara ef hann heldur að hann sé skemmtilegur og njóti sín og sé að vinna afrek í vatnsglösum!

Við hittum Ögmund Skarphéðinsson arkitekt. Hann er að flytja heim ásamt konu sinni Guðrínu Nordal (þeirri sem er höfundur bókmenntasögunnar) frá London. Þau eru að skyggjast eftir húsi hér í hverfinu (*m.a. húsi afa hans hér innar í Bergstaðastrætinu*).

--

Jæja. Þá hef ég ekki meira að segja. Litlar fréttir eru frá Degi. Hann er ekki jafn lipur í fingrunum eins og sumir aðrir. Ég nefni ekki nöfn! Ég sé að ég er kominn yfir 8 þús. stafi, sem er eins og löng blaðagrein og hlýt ég að hætta. --

Á morgun er hátíðisdagur hjá Zonta og skemmtifundur með mökum í TFÍ. Koma þær Zontasystur! til mömmu þinnar og byrja að rúmstera og gera fínt. Fréttir af því koma í næsta bréfi. Ég má ekki vera eins og Haraldur Blöndal að fara fram úr sjálfum mér! --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 8.3.1993.

-- Ég uni glaður við mitt og hef mikið gagn af verkefnunum á stofunni. --

Er að sækja um styrk til framhaldsnáms en gerir sér litlar vonir um hann.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 14.3.1993.

Situr heima á sunnudagskvöldi, ánægð með helgina. Segir frá athöfnum helgarinnar og undirbúningi tannlæknaþings sem er orðið fullbókað, 130 tannlæknar og þurfti að neita nokkrum tannlæknum um þátttöku. Ekki hefur hún af því samviskubit því þetta eru alltaf sömu dratthalarnir og áður. Hefur aldrei verið slík þátttaka.

Ásgeir og Brynja eru í fjallaferð landfræðinga og fara á skíðum landmannaleið frá Sigöldu í Landmannalaugar.

Auður er að vinna að ritgerð.

-- Pabbi þinn heldur að hann sé búinn að svara spurningum þínum um uppboð hér á landi, nema kannski því hvort það fylgi verkunum ákveðið verð í upphafi boðs. Það er mjög sjaldan sem það gerist. Það er reyndar oft að menn byrja á tíu þúsund kallinum þegar um er að ræða dýr málverk sem enda kannski í 300 þús. Þú lætur vita ef við getum aflað fleiri upplýsinga fyrir þig.

Það er svo gaman.

Ég var í saumaklúbbér hjá Önnu Þrúði. -- Kolbrún og Erling erum búin að selja húsið sitt á Seltjarnarnesi og hafa keypt íbúð á 5. hæð í nýja húsinu, Lækjargötu 4. Kalli (*sonur þeirra, Aspelund*) er eins og *jet-settið*, fljúgandi milli Akureyrar og Reykjavíkur. Hann er að vinna við leiktjöldin í Leðurblökunni sem L.A. er að setja á svið. Kristín Jónasar sagði að Örnólfur² sonur sinn leigði íbúð á neðri hæð við Urðarstíg. Á efri hæð leigir Baltazar Kormákur og það eru svo villt parti þar fram á morgun að það væri ekki búandi í húsinu síðan hann flutti inn. --

Ég spurði Helgu (*Steffensen*) hvort Hrafn Gunnlaugsson væri byrjaður. Hún sagði að hann gengi um gangana í sjónvarpinu og ræki fólk á báða bóga. Allir væru titrandi og skjálfandi. --

Í dag er ég búin að gera *pásteik* úr kjúklingabítum. Mamma ætlar að bjóða systkinum sínum í mat og bað mig um að búa þennan rétt til. -- Hún getur ekki gert neitt flókið lengur og er mikið gaman að geta hjálpað henni. Það er ekki svo mikið sem hún biður mig um.

Steina er óskaplega ánægð á hjúkrunarheimilinu. Bensi lítur oft til hennar. Hann vinnur í tjonaskoðunardeild Sjóvá-Almennra, sem er þarna ekki langt frá og skýst oft til hennar eftir vinnu. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 15.3.1993.

Er farinn að hlakka til að koma. Þau koma með ferjunni frá Höfn og ætla sér m.a. að fara í leikhús.

¹ Því miður fór ýmislegt illa í langri vegferð öldrunarmála, sbr. Eirarmálið sem hefur verið efs á baugi. Nú myndi ég vera ósammála sjálfum mér þarna! Vandamálið er að ekki er samkeppni um að halda öldruðum heilbrigðum ólíkt því sem nú tíðkast er það á sér stað að ríkið yti undir að stofnanirnar græði fremur í ríkisframlögum ef þær stunda hjúkrun og lækningar. Mig grunar stundum að lyfin og lækarnir komi fólk í *kör* svo notað sé orð sem varla heyrst lengur.

² Örnólfur Valdimarsson (1964) bækunarskurðlæknir.

-- Nú er mikið rætt um slægt viðhald húsa hér, sem m.a. byggir á því að menn nota lélegan efnivið í ytra borð þeirra. T.d. hafi menn lagt niður skeljasandinn (og

grófpússninguna sem er á þessu húsi) vegna nýjungagirni. Málning væri slæm. Ég held að mönnum hafi yfirsést: Byggingahraði (sem er reyndar miklu hægari en var í gamla daga þegar menn byrjuðu á húsum á vorin og fluttu inn á haustin) leiddi til slæmra vinnubragða, steypa var sett niður í stórum áföngum og lítið um járn, t.d. í veggjum. Við ytra borðið var tekið upp á að gera pússninguna þægilegri í meðferð, t.d. að blanda hana með kalki, þannig að hún samlagðist ekki nógu vel veggnum. Auðvitað brýtur grófpússning vatnsdropa og minnkar vatnsþrýstinginn. Eitthvað kemur til með að lagast þegar eykst að setja einangrun á ytra borðið. Sjálfsagt má því mikið um kenna að rannsóknir á viðhaldi hafa alltaf verið útundan. Kannski hafa rannsóknir alltaf verið fólgnar í því að rannsaka það sem búið er, ekki leggja á ráðin um framtíðina. Fróðlegt væri að heyrja hvort þessi vandræði eru rædd á rigningarsvæðum í Noregi. --

Segir frá listsýningum, t.d. góðri sýningu í Nýlistasafninu á verkum eftir Niels Hafstein¹ þar sem hann nálgast listina með því að rannsaka hana.

-- Niðurstaðan var þessi, enginn innblástur, en samt þótti mér þetta gott. En kominn er tími til fyrir hann að brjótast út og sveifla sér fjáls og skera upp ávexti rannsóknanna. --

Í vikunni var hátíð Zonta og var körlum boðið í mikla og skemmtilega veislu í tannlæknasalnum. Kom hver fjölskylda með mat með sér og keypti hann svo aftur og stórgræddi, eins og Þorsteinn Thorarensen,² maður Sigurlaugar Bjarnadóttur³ frönskukennara sagði í hnyttinni ræðu.

Ég hef verið að vinna að undirbúningi útgáfu Oddfellowblaðs -- og mamma þín er með Zonta. Talsvert starf eins og allt sem maður vill gera vel.

Mamma er heldur að hressast þegar sólin hækkar á lofti og hún getur farið út og rekist á fólk til að ræða við. Henni líkar vel að vera á þriðjudögum í Múlabæ. --

Gott er að fréttu af Auði. Að vísu var hún í þungu skapi þegar mamma þín hringdi til hennar. En hún sagði að það hefði lyft henni upp. Þú hefur það kannski í huga er þú hefur tíma.

-- hún leggur stund á uppboð í náminu m.a. -- Það var gaman að fá spurningar frá Auði um málið, þær voru svo faglegar að sjá mátti að upp er að rísa einn spésialistinn í fjölskyldunni, sem veit meira og meira um minna og minna, ólíkir foreldrunum sem vita minna og minna um meira og meira. Það er aldeilis ólík uppboð sem hún leggur stund á í París en þessi sveitauppboð sem hér eru.a --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 21.3.1993.

Segir frá ferð með tannlæknum til að heimsækja bandaríska tannlækna á Keflavíkurlflugvelli til þess m.a. að hlusta á fyrirlestur um aids sem tannlæknar eru útsettir fyrir. Svo var borðaður fínirís matur. Við bjóðum tannlæknum af Vellinum á fyrirlestra hjá okkur.

-- hafði ég verið beðin um að þakka fyrir hópinn. Það gekk bara vel og var ég allavega fegin þegar það var afstaðið. --

Haldið var upp á afmæli Fjólu í salnum þar sem hún býr á Aflagranda. Þarna var fjöldi manns, aðallega úr heilbrigðisráðuneytinu, þar sem hún var í fjöldamörg ár. Óttar sonur hennar hélt ljómandi skemmtilega ræðu, en best hefði verið ef hinar hefðu ekki verið haldnar.

Allir voru að hrósa pabba þínum með greinina sem birtist í Lesbókinni um húsin í Tjarnargötu og íbúa þeirra. --

Ásgeir og Brynja voru í heimsókn hjá ömmu þinni í dag og sögðu m.a. ferðasöguna úr Landmannalaugum. Hún naut þess að fá þau, sagðist bara vona að hún hefði ekki talað of mikið sjálf. Sagði hún allavega þær fréttir af Ásgeiri að hann hefði verið beðinn um af þýskri ferðaskrifstofu að fræða þýskt ferðaskrifstofufólk um landið og ferðamálin. --

Ég er farin að hlakka til að slappa af og fara til Khafnar. Það eru um 30 manna hópur sem fer og ætla menn ærlega að skemmta sér, enda þótt það heiti að menn séu að fara að hlusta á faglega fyrirlestra og skoða faglega vörusýningu í Bella Center. En svona tilbreyting er nauðsynleg. Ekki síst, held ég, fyrir tannlækna sem vinna mjög einhæfa vinnu og margir hverjir einangraðir í vinnu sinni.

Það eru búnar að vera miklar sviftingar í pólitíkinni vegna bankamála. Landsbankinn er svo illa staddur að ríkið varð að koma til hjálpar svo hann gæti uppfyllt nýjar reglur EES -- Það fór fyrir brjóstið á stjórnarandstöðunni. Talað var um að verið væri að setja þetta á svið til að hræða verkalýðsförystuna sem stendur í samningagerð og er að biðja um herra kaup handa fólkinu. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 22.3.1993.

-- Við erum hætt við að fara til Osló. Vibeke er alveg á kafi í prófverkefni og heimilið undirlagt af módelsmíði. Meðgangang virðist vera henni heldur þung og hún geti ekki lagt mikið á sig. -- Ég hringdi í dag -- sýnist með að allt væri í besta lagi og þreytan ekki nema eðlileg. Það var rétt hjá þeim að segja okkur frá þessu af hreinskilni, því hættulegt er að leggja of mikið á sig. -- Eina sem virtist gera Dag órólegan var að við tækjum málinu ekki vel. -- Leið liggur um Osló síðar á árinu.

¹ Niels Hafstein Sigbórsson (1947). Er nú með Safnasafnið á Svalbarðsströnd.

² Þorsteinn Thorarensen, blaðamaður, sagnfræðingur og útgefandi

³ Sigurlaug Bjarnadóttir (1926) menntaskólakennari og alþingismaður frá Vigur.

Ég var að setja blöð í póst ásamt úrklippu fyrri hluta Tjarnargötugreinarinnar úr Lesbókinni. Greinin fékk skjót og vinsamleg viðbrögð -- Höfðu margir samband við mig og gerðu mig með því mjög lukkulegan. Síðari hlutinn kemur á laugardaginn. Við vorum í áttæðisafmæli Fjólu¹ í gær og voru þar margir sem höfðu ýmislegt um málið að segja, við að bæta og margs að spyrja. Það var nú heldur en ekki gaman fyrir hégómagjarnan mann eins og hann faðir þinn er eftir öllu að dæma.

Afmælið var mjög vel heppnað og afmælisbarnið hamingjusamt. Óttar² sonur hennar hélt ágæta ræðu, reyndar einnig starfsfélagar úr heilbrigðisráðuneyti. En ekki voru þær ræður góðar. Óttar er sá hinn sami og gefur út bækur í stríðum straumum um ástina í fornsögum o.fl. Og skrifar líka greinar í DV sem ég les aldrei, því hann átti það til að ganga fram af mér, svo ég bara hætti. Hann á hina skrautlegust hjónabandsfortíð en er nú hamingjusamlega giftur Ernu Einarsdóttur,³ sem er hjúkrunarframkvæmdastjóri og eiga þau fallega dóttur á öðru ári. Erna ólst upp að hluta hér í götunni ásamt systkinum sínum, börnum Þórunnar,⁴ dóttur Sigurðar hafnargjaldkera Þorsteinssonar og Kristjönu, og Einars Ágústssonar ráðherra⁵ o.fl. Húsið þeirra er gegnt Sigga Líndal þar sem Pétur í P&Ó bjó og Skúli Þorvaldsson í Hótel Holti býr nú. Var gaman að hitta Ernu og systur hennar Helgu og mömmu þeirra, sem ég hef þekkt frá blautu barnsbein.

Amma þín treysti sér ekki til að koma og var það bætt upp með langri heimsókn Brynju og Ásgeirs til hennar. Dídí skemmti sér vel í veislunni og vildi ekki fara heim með okkur og fer ekki frekari sögum af henni.

Svo fórum við á laugardag með TFÍ í hópferð til að heimsækja hina bandarísku tannlækna hersins á Keflavíkurflugvelli. Var það skemmtileg heimsókn og var mamma þín glæsilegur forystumaður. Enginn stjórnarmaður var með svo mamma þín þakkaði fyrir hópinn, afhenti gjöf með góðri og afslappaðri ræðu. Ég græddi á skilavélunum! Gamli refurinn! --

Ég var að skipuleggja ferð 20 Oddfellowa til Finnlands og undirbúa komu nokkurra sænskra hingað. --

Sendi grein mína úr Oddfellowbladinu um mátt þagnarinnar. Hún fjallar um þann boðskap að tala ekki um ógerð verk til að missa ekki kraft.

-- Með þessu er ég ekki að tala um neinn sérstakan, aðeins að minna á þá staðreynd að mælgj getur truflað næstu verk.

Ég hef oft verið að hugsa um af hverju Hrafn Gunnlaugsson sé svona grimmur við samstarfsmenn og bitur. Það sé vegna þess að hann hafi ekki rétta afstöðu til gagnrýnenda og láti það koma niður á hinum saklausu sem nærstaddir eru hverju sinni. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 5.4.1993.

Segir frá ferðinni til Hafnar en þar var auk skyldustarfanna hápunkturinn heimsókn á listsýninguna á Louisiana, einkum komu arkitektarnir vel út, ekki sist lausnir arkitekta á neðanjarðabraut í Japan. Þá var hrifandi að sjá sýningu á tillögum að viðbygginu ríkislistasafnsins.

Var aldeilis skemmtilegt að fá Auði og Bo Almqvist sem var óskaplega ánægður yfir dvölinni og öllum veislunum.

-- Auður verður að búa við mikla athafnasemi Gísla, sem vinnur í skorpum, þannig að hún þarf oft að vera ein. -- Hún öfundar Ásgeir og Brynju af sameiginlegum áhugamálum, sem er að sjálfsgöðu óskasambúðin. En annað kemur oft í staðinn sem ekki er síður skemmtilegt og þroskandi. Það er dálítið leiðinlegt hve mikill ófriður er í kringum útvarpið. Slíkt hlýtur að spilla fyrir fyrirtækinu og starfsandanum. Sjálfur finnur hann einhvern tímann eitthvað sem hann er virkilega ánægður með. Hann hefur aldrei sagt að hann væri óánægður. En hann hlýtur að hugsa til breytinga. --

Mikið umtal hefur verið um sjónvarpið, Hrafn Gunnlaugsson og Heimi Steinsson. Hrafn hefur verið í fjögurra ára frí frá dagskrárstjórastafi og er nýkominn aftur til starfa. Hann er byrjaður að hreinsa til í kringum sig og reka fólk til hægri og vinstri. Var settur upp viðtalsþáttur í sjónvarpinu þar sem raktar voru garnir úr honum -- Þátturinn var með endemum, svo ekki sé meira sagt. Fáeinum dögum síðar er Hrafn rekinn af Heimi útvarpsstjóra. Hrafn er besti vinur Davíðs og hófst nú furðulegt pólitískt spil. Ólafur menntamálaráðherra var heldur á móti brottrekstrinum. Enda var hann hæginn, eins og að honum var staðið. Þyngst vó vinátta Davíðs og Hrafn og tók ráðherrastóllinn að volgna undir Ólafi. Þá gerist það skyndilega í gær að Ólafur setur Hrafn sjónvarpsstjóra til eins árs og fékk Pétur Guðfinnsson ársfrí. Þetta gat Ólafur gert. Kom nú sú staða upp að Heimir var borinn ofurliði og vanvirtur. Ef hann væri maður, þá hefði hann átt að segja af sér. En hann sætti sig við aðgerðina. Hrafn sagðist hins vegar ekki heyra undir Heimi, heldur beint undir Ólaf. Því mótmæltu báðir, Ólafur og Heimir. Þannig er komið að Hrafn ætla að halda áfram að böðlast á öllu og öllum, eins og hann hefur alltaf gert og verður framvinda málsins mjög spennandi. Er málið mjög óþægilegt fyrir starfsmenn sjónvarps sem lýstu stuðningi við Heimi, allir sem einn. Greinilega er Hrafn ekki alveg heill á sönsum, dómgreindin ekki sem best. Duglegur getur hann verið en stjórnarhættir ekki nútímalegir. Dagur *menntaðra einvalda* ættu að vera liðnir, en það heldur Hrafn ekki. --

Í dag þurfum við að fara í jarðarför Guðmundar í Móum, sem skrifað er um í Mogga. Þegar ég fór fyrst til útlanda fór ég með honum, svaf í skipstjórakáetunni ásamt Rúnu systur hans. Var það skemmtilegt ferðalag. Fórum við fyrst til Cuxhaven, síðan til Grimsby og loks fylgdu systkinin mér til London þar sem ég kvaddi þau..

Ég hef verið að undirbúa hópferð *oddfellowa* til Borgá í Finnlandi og Vadstena í Svíþjóð 4.-12. ágúst. --

¹ Fjóla Haraldsdóttir (1913-2004) hefur verið áður getið.

² Óttar Guðmundsson (1948) læknir og rithöfundur.

³ Erna Einarsdóttir (1955) hjúkrunarfræðingur sem gegnt hefur leiðandi stöðum á Ríkisspítölum. Þau Óttar skildu.

⁴ Þórunn Sigurðardóttir (1927).

⁵ Einar Ágústsson (1922-86) alþingimaður og utanríkisráðherra f. Framsóknarfli.

Dídi átti afmæli, eins og oft áður, 1. apríl og varð 89 ára. Hún hafði hjá sér gesti og var sæl með daginn. Amma þín var dálítinn tíma að ná sér eftir boðið, en hún þolir alls ekki að smakka áfengi, eins og margir aðrir. Nú er hún komin í gott lag og í sæluvímu með að hafa Auði hér í húsinu.

Sveinn og Bjössu komu í heimsókn til hennar í gær. Þetta eru glæsilegir ungir menn og tryggir við sinn gamla granna. Hún áttaði sig ekkert á þeim, hélt að þessir risar, sem hún sá illa, væru að heimsækja okkur og spurði Bjössa hvort hann væri með konuna sína með sér. Varð úr þessu mikill hlátur. Voru bræðurnir lengi hjá henni og var heimsóknin mjög skemmtileg. Mamma sagði okkur frá þessu þegar við komum úr leikhúsinu. Lýsingin á komu þeirra var slík að allir fengu trylltan hlátur og ætluðu ekki að geta hætt, runnu tár úr augum og maginn aumur. Þetta eru hátíðisdagar tilverunnar.

Mamma þín er hætt við að fara á Zontapingið í Þrándheimi. Það er svo margt á dagskrá hjá henni á árinu að hún vill ekki bæta fleiru við. Er það alveg rétt hjá henni að binda sér ekki of marga bagga. Ef það er gert er hætt við að heilsa og jafnvægi truflist. -- Hugurinn er oft hjá ykkur. Ekki síst þegar við höfum það skemmtilegt og vitum að allt væri enn skemmtilegra ef þið væruð með okkur. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 12.4.1993.

-- Pabbi þinn sagði þér undan og ofan af dvöl okkar í Khöfn. Einn liður í ársþingi tannlæknafélagsins danska er keppni milli tannlæknanema í rannsóknarverkefnum. -- Frá Íslandi tók þátt nemandi á síðasta ári, Stefán Helgason. Hann varð númer þrjú og stóð sig með þryði. Ég hafði hann til borðs í veislunni þar sem verðlaunaafhendingin fór fram. Hann spurði mig þá hvort ég ætti son sem hétu Dagur. Ég jáknaði því. Sagðist hann hafa verið með þér í Ísaksskóla. Ég held að hann hafi setið við sama borð og þú. Sagði hann þig áreiðanlega muna eftir sér því hann hefði verið ódæll og leiðinlegur krakki. Hann sagðist hafa munað eftir því að hafa komið heim á Bergstaðastræti í afmæli til þín og mundi vel eftir þessa þínunni þegar hann sá hann þarna úti. Það undarlega við minni hans er að eftir að hafa verið í Æfingadeild kennaraskólans fór hann í MH. Þaðan man hann ekkert eftir þér, bara Auði. Er þetta það sem er kallað gott gloppótt minni? --

Það hefur verið mikið að gera hjá mér undanfarið. Landsfundur Zontaklúbbanna fer að nálgast (23.-25. apríl) og hvílir undirbúningur á mínum herðum þar sem ég var beðin um að vera formaður undirbúningsnefndarinnar. Ég sendi þér dagskrána þér til skemmtunar og til að sjá hvað hún móðir þín er að sýsla við. Það hafa verið haldnir margir undirbúningsfundirnir á Bergstaðastrætinu vegna þessa -- Það eru 60 konur búnar að skrá sig. Við höfum líka fengið hrós fyrir góða dagskrá. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 13.4.1993.

-- hringdum í Dag. Hann var að koma inn úr dyrunum. Höfðu þau Vibeke farið í pakkaferð til Hafnar til að skoða borgina og allar sýningarnar sem við höfðum sagt þeim frá. --

Fríða (*Pálsdóttir*) sagði okkur að í Járnsteypunni sem brann hefði verkstæði Kára verið. Sem betur fer hefði mestallt verið tryggt -- Eins og þú veist er Kári með stórar hugmyndir um sitthvað. Það sem hann vinnur að, meðfram vinnu sinni, og gerir sér vonir um, er sjálfvirkur sleppibúnaður fyrir björgunarbáta. Gúmbátar eru skylda í öllum skipum af vissri stærð. Hins vegar er ekki fundinn búnaður sem öruggur er talinn til að sleppa þeim, þótt um borð í skipum sé. Er sem sé ekkert slíkt til. Kári telur sig vera búinn að finna þann rétta -- Vonandi er þetta allt á réttri leið. Hann er eins og fyrri daginn fullur af hugmyndum sem maður hefur á tilfinningunni að sé annað hvort snilld eða vitleysa. Auðvitað þurfa allir sem finna eitthvað nýtt að vera nálægt fáránleikanum, annars væri mörgum þegar búið að detta allt nýtt í hug. --

Þótt margt sé furðulegt sem Kári hefur látið sér detta í hug þá hefur það ekki komið í veg fyrir að fyrirtæki hans, Hamar, er einhver helsta járnsmiðja landsins með aðalstöðvar í Kópavogi og starfsstöðvar auk þess á eitthvað fjórum stöðum á landinu.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 18.4.1993.

-- ekki gerist hér mikið. Við höfum mikið að gera mamma þín og ég. Bæði er það vinnan og svo taka félagsstörfin mikinn tíma Bæði erum við með ráðstefnur um næstu helgi. Hún með Zontalandsfundinn og ég með orku og umhverfismál. -- Á morgun verð ég með tvo fundi á Akureyri. Er því næsta framtíð ásett. Reynslan sýnir eigi að síður að kvíði fyrir slíku leysist alltaf. Allt leysist ef maður afgangur hlutina jafnóðum.

Í dag vorum við í fermingarveislu hjá Sigga og Maríu. Verið var að ferma Þórhildi. Siggi flutti smá ræðu sem að einu leyti var góð en að öðru leyti ekki.

Reyndar var Gunnlaugur Þórðarson viðstaddur. Hann bætti gallana með ágætri og hlýlegri ræðu fyrir Þórhildi.

Það góða við ræðu Sigga -- hann ræddi um tvönn konar fermingu, menningarlega og trúarlega. Menningarlega fermingin hefur fylgt okkur frá fornu fari. Hún er hluti af okkur og við losnum ekki við hana. Menn sem ekki eru sterkir í trúnni eru hræddir við hina trúarlegu, en átta sig ekki á menningarlega þættinum. Þeir tregðast við sakramentin, láta ekki skíra börn. Því er algengt að börn láti skíra sig við ferminguna. Menningarlega fermingin sækir á en þar sem menn rugla þessu tvennu saman þykir mönnum sem þeir séu að gefast upp fyrir trúarlega þættinum með því að láta undan. Auðvitað ætti það að vera í lagi fyrir þann sem ekki trúir að gefa eftir fyrir aðsókn fermingarsakramentisins og öðru slíku, nema þeir haldi að þeir séu að gefa eftir fyrir trúarlega þættinum. En þá viðurkenna menn að þeir séu trúaðir!

Það var gaman að sjá Þórhildi, hálfvaxna og ekki mikla fyrir mann að sjá. Hún var svo ánægð, greind og elskuleg og á áreiðanlega eftir að skila sínum hlut. Hana dreymir um að komast í unglingahljómsveit og eignast hljómborð.¹ --

Steina átti níræðisafmæli um daginn. Við mamma þín stóðum fyrir því að hún tók á móti gestum á hjúkrunarheimilinu Eir. Komu margir og var mikil ánægja. Ekki síst var Steina glöð. Þetta var ansi mikill sprettur og gerði ég ekkert annað en að skenkja, m.a. að gefa öðrum vistmönnum í glas.

Amma þín var heldur í óstuði í gær og þurfti ég eina ferðina enn að lesa yfir henni, sérstaklega að hún megi ekki smakka vín, það er alveg eitur fyrir hennar sálarlíf. Hún verður þá meyr, fer að þæla og rifja upp. Það styttist á milli öldudala. Við þessu er ekkert að gera --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 18.4.1993.

-- Það var gaman að fá ítarlega lýsingu á því sem fram hefur farið í fjölskyldunni síðustu vikunar. Fyrst var það Skandinavíuförin sem ver af ófyrirsjáanlegum ástæðum að skammri Danmerkurdvöl. Mér heyrst þó á ykkur að ferðin hafi orðið innihaldsrík og skemmtileg þrátt fyrir allt. Okkur þótti leiðinlegt að geta ekki tekið á móti ykkur. Við vorum farin að hlakka til að geta tekið lífinu með ró og snúa athylinni frá öðru en lokaverkefnum. Við náðum að klára það fyrir páska með samstilltu átaki síðustu sólarhringana. Það má segja að verkefnið hafi verið umfangsmeira en mann grunaði í upphafi, en svona er það oft, þegar maður á síst von á. Verður bara að líta á það sem sigur skynseminnar þegar tekin er ákvörðun um að sækja um frest þar sem ástand mála er eins og það er.

Við ákváðum að drífa okkur til Köben og slappa af eftir þessa törn. Það var ákaflega skemmtilegt. Þjuggum á fínirís hóteli í miðbænum, nálægt járnbrautarstöðinni og SAS hótelinu (sem teiknað var af uppáhalds arkitekt okkar dönskum, Arne Jacobsen). Það átti vel við okkur þar sem við höfðum lengi talað um að fara til Danmerkur og skoða hans arkitektúr. Það sem hann er þekktastur fyrir er ráðhúsið í Árósum, skólar og einbýlishús um alla Danmörku. Það var því ekki erfitt að finna hús við hæfi daginn sem við fórum til Humlebæk, á Louisiana safnið.² Í Klampenborg standa eftir hann mörg hús, bæði ráðhús, fjölbýlishús og ekki hvað síst lítið leikhús sem við fengum að kíkja inn í. Fólk bregst auðvitað misjafnlega við þegar maður bankar uppá á svona stöðum, en þarna var okkur tekið konunglega og fengum að sjá það mesta sem vert var að sjá. Það sem kom okkur mest á óvart var þakið sem hægt var að renna til hliðar, eins og sólpaki á bíl, til þess að gefa sýningargestum kost á að horfa upp í himinhvelfinguna á sumrin.

Louisianasafnið er alltaf gaman að heimsækja. Sjálft safnið er það skemmtilega uppbyggt að það er sýning út af fyrir sig að ganga þar um. Okkur þótti sýningin forvitnileg en efnið orðið fullgamalt til að maður hafi af því eins mikið gang og maður vonaðist til. Upphafið má rekja til þess tíma þegar við vorum að byrja á skólanum, þannig að það hefur fylgt okkur gegnum allt námið. Það er forvitnilegt að sjá hvernig tíminn hefur liðið og viðhorfin breyst á þessum árum Nú hljóma ég sjálfsgagt eins og aldraður maður, en svona er það samt orðið innan þessarar greinar, hlutirnir gerast hratt þegar tískan stjórnar framvindu mála.

Inferno sýningin má segja að sé hliðstætt þema. Það má kannski segja að þegar maður fer fram af **barmi glundroðans** falli maður í **infernó**, eða hvað? Mér fannst að minnsta kosti margt sláandi líkt. Per Kirkeby fannst okkur bestur ásamt herbergi með munum sem lágu undir gleri.

Við skoðuðum Þjóðminjasafnið, sem nýlega er búið að standsetja á smekklegan hátt. Í það safn væri hægt að verja heilum degi, en við létum okkur nægja að skoða það helsta.

Eftir þessa endurnærandi dvöl í Kaupmannahöfn fór Vibeke að taka saman skissur og vinna að greinargerðinni sem hún á að skila eftir viku. Ég tók mig hins vegar til og skrifaði umsókn um Saskawa styrkinn til Japansferðar og sendi hann í vikunni. Ég sendi kopíu til Óla Thors eins og hann benti mér á að gera. Þá er bara að bíða --

Nú verð ég að hleypa Vibeke í vélina svo hún getur nú komið greinargerðinni í prentanlegt form. -- Maginn vex --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 19.4.1993.

-- Svo hefur vikan einkennst af vinnu fyrir landsfund Zontaklúbbanna -- Það koma til mín konur úr undirbúningsnefndinni í kvöld kl. 6 og þá göngum við frá lausum endum. Það er ómetanlegt að hafa þessa vinnuaðstöðu hérna heima og sína eigin tölvu. Þær voru -- alveg gáttaðar yfir því hvað ég get framleitt og galdrað fram af fallegu prentverki.

Fundur vilja fara út í dálítið mikið kjaftæði og þar af leiðandi úr böndunum og taka alltof langan tíma. Nú er ég farin að útbúa dagskrá fyrir hvern fund og afhendi þeim í upphafi og stjórna svo nákvæmlega eftir henni, lið fyrir lið. Það hefur gengið mjög vel.

Við fáum móttöku í Ráðhúsinu á föstudag og förum þaðan út í Viðey að borða. Ég þarf að þakka borgarstjóra fyrir móttökuna vegna þess að formaður klúbbsins er ekki á landinu. Ég var að skrifa það niður í gær sem ég ætla að segja og er svo heppin að hafa þennan ágæta ráðgjafa mér við hlið sem fínþússaði. Ég ætla samt ekki að tala eftir blaði, en ég hef það alveg í kollinum eftir að það er komið á blað. Ég verð fegin þegar þessu lýkur, en mér finnst líka gaman að þessu.

Við vorum boðin í fermingarveislu hjá Sigga og Maríu í gær. Þórhildur var alveg dásamleg í fermingardressinu sínu. Hún var svo *strolandi* ánægð með hárgreiðslu frá Salon Veh. Svo var hún í hvítu blússu og svörtum útsniðnum síðbuxum. Þetta var allt hið hlægilegasta, en það skemmtilega var hvað hún var ánægð með sig og tilveruna. Pabbi hennar hélt góða og vonda ræðu, eins og pabbi þinn lýsti. Góða að því leyti að hún var full af fróðleik, m.a. um tvær hliðar fermingarathafnarinnar, menningarlegu hliðin og hina trúarlega.

¹ Þórhildur Línal (1980) lögfræðingur og dómarafulltrúi.

² Þau hefur tæplega grunað að þau ættu eftir að sýna þar.

En hann gleymdi alveg að tala til Þórhildar, sem stóð svo spennt við hliðina á honum, engar tilfinningar.

Svo kom Gunnlaugur Þórðarson og bjargaði málum, hans ræða var falleg, full af tilfinningum. --

Bergljót Líndal var að segja mér í gær að Jónas ætlaði að gifta sig í ágúst. Ég sagði bara, vonandi ekki þann 21. Hún var ekki frá því og sagði ég henni þá hvað til stæði hjá ykkur og allt væri klappað og klárt. Hún ætlar að athuga málið. Sólrún,¹ tilvonandi brúðurin, hefur verið að skoða brúðarkjóra sem eru til leigu. Allir þeir falletustu eru þegar uppþantaðir. Mamma hennar hefur saumað mikið um dagana og ætlar að sauma kjólinn. --

Pabbi þinn fór í morgun til Akureyrar. Hann er að undirbúa fund þar sem verður eftir nokkra daga. Ég sit við tölvuna mína og er klukkan að verða níu og þarf að fara að drífa mig í vinnuna. --

Amma þín hefur verið alveg ómöguleg og keyrði um þverbak á laugardagskvöldið. Þá var hún búin að vera með Kára og Guddu í heimsókn og fékk sér í glas á eftir. Hún bað okkur um að koma niður til sín, hún þyrfti að segja okkur dálítið sem Kári hefði sagt sér. Hún var grátandi og sagði að enginn hefði talað svona fallega við sig eins og Kári. Hann hefði sagt hvað hún hefði verið dugleg að halda þessu fallega húsi við og hvað hún ætti fallett heimili. Hefur greinilega smjaðrað einhver ósköp fyrir henni sem hún kann ekki að vinna úr -- Hún hélt svo áfram og fór að bera saman hvað ég gerði, eða réttara sagt gerði lítið og hvernig - ég bara ræki inn hausinn og spyrdi hvort ég ætti að kaupa eitthvað fyrir hana þegar ég væri að fara í bæinn. Enginn hefði verið eins góður við sig og Kári.

Það endaði á því að ég sló á lærið og rauk út úr stofunni, skildi pabba þinn eftir með henni. Hann hundskammaði hana fyrir að vera að smakka vín, sagði henni að þú hefðið tekið eftir því að hún hefði verið að drekka þegar þú varst hér, það þyldi enginn hana með víni. Hún varð full iðrunar, vildi vera góð, en það stendur ekki lengi, því það er alltaf að verða styttra á milli svona alls konar undarlegra mála. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík, 26.4. 1993.

-- Hér kemur fljótaskrifarbréf eftir viðburðaríka helgi. Landsfundi Zontaklúbbanna lauk í gær á hádegi og var það mikill léttir á mér. Allt gekk þingið vel, skipulag reyndist gott og almenn ánægja með dagskrána. Fundarkonur fóru glaðar og ánægðar hver til síns heima og þá var takmarkinu náð. --

Við vorum boðin í afmæli Palla á sumardaginn fyrsta, í *brunch* á lélegu máli. Ég kom að vísu aðeins í lokin vegna þess að við í undirbúningsnefndinni vorum að raða í möppur fyrir Zontapíngið. --

Segir frá fermingarveislu hjá Guðrúnu Sveinsdóttur og lögfræðiprófi hennar og ferð hennar og Jóns til Khafnar þar sem haldið var upp á útskrift verkfræðingahóps fyrir 25 árum.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 26.4.1993.

Segir frá prófi sem hún var í bókhaldi.

-- Ég vona að ég skríði upp með lágmarkseinkunn, eða öllu heldur að kennarinn aumkvi sig yfir auma *blondínuna*, sem á svo bág, að vera svona í útlöndum. -- Flýtti mér heim til að lesa undir næsta próf -- heyrði í símsvaranum og hélt að það væri Dagur, sem var ekki. -- Sest niður og les bréf frá pabba. Hringir þá ekki Dagur í mig. Stórmerkilegur hugsanaflutningur. Hann hafði verið lengi í vinnunni og datt þá í hug að hringja. Magnús vinur hans liggur á spítala hér í París. Hann þurfti að fara í uppskurð, en ekki pláss í Osló og því var hann sendur hingað. Við ákváðum að ég myndi heimsækja hann -- í þessari ókunnu borg. --

Segir frá boði til Sirrýar og Jóa (sendiráðsfólk) í mat með Þorfinni og Önnu.

-- Þetta var frábært kvöld, enda alveg frábært fólk sem bauð okkur heim. Þau búa náttúrliga aðeins betur heldur en hinn venjulegi nemi hér í París, í stórrí og bjartri íbúð, með risastórum svölum. Þetta var eitthvað svo íslenskt, mér leið eins og ég væri í fínni íbúð í Reykjavík. Teppi á gólfum, íslensk málverk á veggjum og Laxness í bókahillum. -- Alveg fullkomið kvöld.

-- En það merkilegasta við kvöldið er samt það að í miðju samtali þá komumst við Sirrý að því að við erum náskyldar. Afar okkar voru nefnilega bræður. Guðmundur Guðmundsson, sá elsti af þeim systkinum (*frá Nesi við Seltjörn*), og Ásgeir Guðmundsson, sá yngsti. Er þetta ekki merkilegt. Og þá vantaði mig hann pabba minn til að útskýra þetta allt fyrir okkur. Nei, við vorum nú sleipari í ættfræðinni en ykkur grunar, skal ég segja ykkur. En gaman væri samt að fá að vita meira hjá þér.

Í greininni þinni (?) talar þú um Guðmund Guðmundsson, fyrr togaraskipstjóra frá Móum á Kjalarnesi. Ég reikna með að þarna sértu að tala um pabba hennar Sirrýar, en hann lést einmitt nýlega. Þekktir þú hann? Þið getið rétt séð fyrir ykkur hvað við þurftum mikið að tala um ættfræði saman þetta kvöld, við frænkurnar. Ég hugsa að ég hafi haft vinninginn hvað ættfræði snertir. Ég gat sagt henni margar sögur frá Lóu í Svíþjóð. Hún hafði ekki hugmynd um að tvær systur afa okkar hefðu gift sig til Svíþjóðar og að við ættum allt þetta frændfólk þar. Þetta var mjög skemmtilegt að uppgötva. Sem sé. Framúrskarandi kvöld í alla staði. -- Þau eru að vísu bráðlega að flytja í úthverfi. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 28.4.1993.

-- Hjartans þakkir fyrir skemmtilegt bréf. Þetta bréf var toppurinn á bréfaskriftum þínum. Við skemmtum okkur mjög við lesturinn og hlógum dátt að mörgu sem þú hafðir að segja. Tárin runnu niður kinnarnar á mér. --

¹ Sólrún Geirsdóttir (1965) kennari og leiðsögumaður. Þau giftu sig 14.8.1993.

Ég var heillaður af lýsingu þinni á Sirrý og Jóa og hvernig upp það komst við umtalsræður, að þeir voru fósturbræður, eins og kerlingin sagði.

Víst þekkti ég Gvend eða Kút, alias Guðmund Guðmundsson.¹ Amma þín kenndi honum á píanó. Ég sendi þér minningargrein um Rúnu² systur hans sem upplýsir málið dálítið. Teitur³ bróðir hans bjó í Móum, en á ekki börn. Kristín⁴ systir hans var gift Gústafi Pálssyni⁵ borgarverkfræðingi. Börnin þeirra eru m.a. Teitur⁶ sem á Griffil í Síðumúlanum, Margrét⁷ kennari í hjúkrunarfræðum og Kristín⁸ bókavörður á Borgarbókasafninu. Hún var hrifin af fréttinni um að þið hefðuð hist Sirrý „litla“ og þú. Í þeirri fjölskyldu heita allir sömu nöfnum! Sirrý⁹ stóra, mamma hennar, ef hún kallast það til aðgreiningar, er alin upp hér fyrir ofan, á Fjölnisvegi 3, sérleg ágætiskona. Rúnu þekktir þú og fjölskyldu Guðmundar hefur þú nú kynnst dálítið.

Guðmundur, pabbi Sirrýar, var líkur mömmu sinni, ólíkur systkinum sínum, dökkur og smáfaxinn. Hann varð skipstjóri, aldrei mikill aflamaður, fór í land og var lengi yfirverkstjóri í Ísbirninum og síðar útgerðarstjóri skipa Rannsóknarstofnunar sjávarútvegsins. Hann hafði ungar ekki það sjálfstraust sem hin systkinin höfðu, en sótti sig og óx, bar hæst á efri árum. Hann var mikill velgerðarmaður Óla frænda, föðurbróður okkar, en Óli snerist gegn honum síðustu árin fyrir hreinan misskilning og vitleysu.¹⁰

Ég kom aldrei heim til Guðmundar og hann ekki til okkar. En síðari árin hringdi hann öðru hverju í mig, einkum ef hann sá eitthvað sem ég hafði skrifað. Fór vel á með okkur, nema einu sinni, er við rifumst. Það var þegar ég auglýsti lát Óla frænda. Eða hvort það var út af Gauju, sem Teitur og hann voru mjög góðir við alla tíð, eða Ástu í Ólafsdal. Ég man það ekki. Ég á mjög erfitt með að muna slíkt. En við sættumst fljótt og vel.

Fjölskyldan í Móum var samheldin og ekki mikið fyrir að vingast við aðra eða bjóða heim frændum eða vinum. Þannig féll sambandið niður sem mamma rækti, nema við Rúnu. Hún var geislandi, gestrisins og merkilegasta dugnaðarkona. Hafði hún reyndar gengið í gegnum erfiðleika tveggja hjónabanda áður en hún giftist Magnúsi frá Hvítárbakka,¹¹ föður Jakobs. Þær amma þín urðu miklar vinkonur gegnum Zontaklúbbinn, báðar formenn um skeið.

Ekkert sérstakt í fréttum. Mamma þín á eftir að senda þér Zontaskýrslu og margt fleira. -- Gangi þér vel í próflestri og prófum.

Mamma þín biður að heilsa. Hún les þetta bréf yfir eins og svo til alltaf, leiðréttir, svo bréfin eru líka frá henni. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 29.4.1993.

-- Af okkur er allt gott. Að vísu hefur mamma þín verið mjög upptekin, en Zontamótinu lauk í gær með glæsileik og án þess að skugga bæri neins staðar á. Sýnist mér allir hafa verið ánægðir með þetta fjölmennasta mót Zonta til þessa.

Við Ásgeir, Brynja og ég fengum tækifæri til að hitta hópinn í Óperunni á laugardag þar sem Zardasfurstynjan eftir Kálman var sýnd. Stemmingin í húsinu var góð. Það setti mikinn svip á boðið að freyðivín var boðið í herbergi á efstu hæð, en óperustjórnin Ólöf Kolbrún Harðardóttir¹² er ein af Zontasystrum mömmu þinnar. Þannig vorum við eins og forréttindafólk, sem fengum að spóka okkur úti á svölum í kvöldblíðunni. Óperettan er eins og aðrar vínaróperur (þessi er reyndar frá Búdapest) mikill og háþróaður gleðigjafi. Tókst að koma því vel til skila. Fóru þeir á kostum Bessi Bjarnason, Kristinn Hallsson og Bergþór Pálsson. Þeir tveir fyrrnefndu eru miklir senuþjófar. Var líka sagt að Bessi impróvíseraði á hverri sýningu þannig að aðrir sem fram koma vita aldrei hvað næst væri. Á einum stað eru þau furstahjónin Siglinde Kalman og Kristinn. Hún fór að syngja og þá segir Kristinn með fyrirlitningarsvip.: *Þetta geta nú allir, sneri sér að salnum og sagði: og líka þið!* Hljómsveitarstjórnin sneri sér við og salurinn og allir á senunni sungu fullum hálsi: *Komdu inn í kofann minn.* Það sem við ekki vissum er að lagið er úr annarri óperettu eftir sama höfund með texta eftir Davíð.

Sirrý er fegin að allt er yfirstaðið, og ég líka, og er glöð yfir hvernig allir hlutir, þar með taldar aðskiljanlegar ræður, stóðust fullkomlega --

Amma þín tók í gær aðeins þátt í Zontamótinu með því að vera með í athöfninni í Dómkirkjunni og Alþingishúsinu. Þótti henni gott að hafa drifið sig af stað til að fá smjörþefinn af öllu. --

Ég var líka með ráðstefnu á föstudag um umhverfismál orkuveitna, m.a. hvernig svokallaðri gæðastjórnun er beitt við þau. Sá fundur tókst aldeilis ágætlega. Næsta skref er aðalfundur SÍR eftir þrjár vikur og lítur ekki eins vel út með hann. En það er önnur saga og skiptir litlu máli. --

Brynja er á lokaspretti í prófunum. Svo tekur sumarvinna við, hvað svo, það veit ég ekki. --

¹ Guðmundur Guðmundsson (1917-93) frá Móum, skiptstjóri og útgerðarstjóri

² Rúna Guðmundsdóttir (1926-88) kaupkona

³ Teitur Guðmundsson (1951-97) bóndi í Móum.

⁴ Kristín Guðmundsdóttir (1919-96) húsmóir

⁵ Gústaf E. Pálsson (1907-77) borgarverkfræðingur.

⁶ Teitur Gústafsson (1950) viðskiptafræðingur.

⁷ Margrét Gústafsdóttir (1950), hjúkrunarfræðingur og dósent.

⁸ Kristín Gústafsdóttir (1946-2013) bókasafnsfræðingur.

⁹ Sigríður Rósinkrans (1925-2005).

¹⁰ Sem ég uppgötvaði þegar ég las dagbækur hans. Það kom sem sé í ljós, að hann, sem starfaði með honum, kom til hans í heimsókn og bað hann um lán. Í dagbókinni kemur fram að fleiri höfðu einmitt gert sér leið til hans í sama tilgangi. Ekki furða þótt hann yrði reiður, enda var hann bláfætækur verkamaður, þá í fiskvinnslu.

¹¹ Magnús Guðmundsson (1925-91) frá Hvítárbakka, stórkaupmaður. Faðir Jakobs Magnússonar tónlistarmanns og miðborgarstjóra, þó bornar hafi verið brigður á það.

¹² Ólöf Kolbrún Harðardóttir (1949) óperusöngkona.

Ég hef verið að taka saman leikþátt úr *Fóstbræðrasögu*, sem verður fluttur á Oddfellowfundi. Annan fræðsluþátt hef ég tekið saman um Viðey, en þangað á að halda í næstu viku.

Svo á ég að fara í borgargöngu frá Geysishúsinu suður eftir Tjarnargötu þegar ég kem frá Finnlandi. Allt kostar þetta undirbúning og tíma. En er mjög skemmtilegt fyrir mig!

Í gær kom í Lesbókinni greinin um Dabba í Nesi¹ sem ég vona að verði einhverjum til gleði. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 2.5. 1993.

-- Þakka fyrir skemmtilegt bréf -- Ég hefði ekki farið að minnst á Zonta yfirleitt ef þú hefðir ekki beðið um skýrslu. Ég held nefnilega að allir séu hundleiðir á öllu mínu Zontatali. En ég er búin að fá hrós fyrir skipulag og dagskrá fundarins. Þótti hann hafa tekist með afbrigðum vel, var gagnlegur og skemmtilegur. Ég held að ég megi segja að ég hafi fengið þarna mína eldskírn í félagsmálum. Helga Hannesdóttir formaður Z.R. var búin að biðja mig um fyrir þó nokkru síðan að koma fram fyrir sína hönd á þessum landsfundi, þar sem hún yrði ekki á landinu. Ég hélt það nú, enda ekkert annað að gera þar sem ég var varaformaður -- og komið að okkar klúbbi að standa fyrir þessu. Ég hafði verið kjörin til að vera formaður undirbúningsnefndar fundarins. Ég var sem sé í tveim lykilstöðum. Það þýddi að ég þurfti alltaf að vera að koma fram til að þakka -- í Ráðahúsi Reykjavíkur og í Alþingishúsinu. -- Ég sagði konunum í mínum klúbbi allavega, þegar þær voru að býsnast yfir öllu þessu starfi -- að ég hefði ekki tekið þetta að mér nema af því að ég hafði gaman af því og væri að hafa það skemmtilegt.

Ég hef líka kynnst mörgum ágætum konum frá Akureyri og Selfossi. Hef ég haft mest gaman af því að kynnst Helenu Eyjólfsdóttur söngkonu. Hún er gift Finni Eydal hljómlistarmanni á Akureyri sem var svo nýrnaveikur að hann hefur þurft að fara þrisvar í viku til Reykjavíkur í nýrnavél á Landspítalanum. Með tilstilli zontakvenna á Akureyri var hafin söfnun til að kaupa svona vél sem allir zontaklúbbar landsins gáfu til -- endaði með því að nóg safnaðist fyrir vélinni sem er nú heima hjá þeim og hefur Helena lært á hana og getur annast allt sem þarf til að Finnur hafi not af vélina. Það var gaman að heyra hana lýsa þessu og mörgu fleiru.

Þann 18. maí verður svo aðalfundur okkar klúbbs og er ekki laust við að ég kvíði svolítið fyrir en ég hlakka líka til að takast á við þetta verkefni. Mér finnst ég vera tilbúin til þess núna. --

Segir frá starfinu í Vængstýfðum englum og skemmtilegri árshátíð og afmælum Ragnhildar Björnsson og Kristínar Jónasdóttur, ræðu sem hún hélt og leikþætti sem Helga Steffensen og Anna Þrúður Þorkelsdóttir sömdu og fluttu með brúðum þar sem 10 litlum negrastrákum var snúið upp á nú litla vængstýfða engla. Sjálf vann hún bókaverðlaun fyrir að hafa giskað rétt á lengd bands á hnykli. Nú er ég að undirbúa framkvæmdastjóra- og formannafundinn í Helsinki. Ferðin er þriggja daga skotferð enda á Eggert að standa fyrir aðalfundi hjá sér viku seinna.

Segir líka frá alvarlegum veikindum Ernu Þorleifsdóttur sem er með æxli í höfði.

-- Amma þín er eins ánægjuleg og getur verið. Hún var að skrifa þér nokkrar línur sem þú átt von á í pósti. Palli kom til hennar í vikunni og spurði um þetta missætti milli þeirra Fríðu. Hún sagðist hafa sagt honum það sem henni fannst og var hann samþykkur ýmsu sem henni fannst um Fríðu. Sagði það hafa verið mjög erfitt hlutverk að ala upp börn með Láru, þau hefðu svo ólík sjónarmið. Fannst honum margt rétt og gott sem amma þín sagði og vildi kenna Láru um það sem miður hefði farið í uppeldi barnanna. Amma þín var sátt við þessa skýringu. En okkur þakka þínum finnst heldur lúalegt af Palla að kenna Láru svona um þetta. En amma þín var ánægð eftir kvöldið. Kom Fríða til hennar næsta kvöld og fór afskaplega vel á með þeim. Sagði amma þín að ýmislegt sem hún hefði verið að halda fram hefði verið á misskilningi byggt. Skildu þær sem bestu vinkonur. Er þessu máli þá vonandi lokið. --

Pabbi þinn fór á málverkauppboð í kvöld. Ég nennti ekki með honum, fannst myndirnar sem við skoðuðum í gær ekki spennandi. Hann hafði augastað á einni - náttúrulega eftir Karl Kvaran. Ég bíð spennit. -- Ég ætlað að bíða með að prenta út bréfið þangað til pabbi þinn er kominn heim til að láta þig vita hvort hann kemur tómhentur.

-- Já hann kom tómhentur. En myndirnar höfðu farið á spottprís, eins og hann orðaði það. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 3.5.1993.

Ræði bréf hans, einkum lýsinguna á ferð hans á listasöfn í Höfn. Gleðst yfir að meðganga Vibeke gengur vel.

Segi af stuttri ferð okkar til Finnlands. Eftir mánuð förum við á fund í Osló. Viljum við heimsækja þau í nokkra daga. Þá verður farið að hægjast um í vinnunni, sumar í nánd. Þó þarf að vinna að Oddfellowblaðinu.

-- Auður skrifaði okkur um síðustu helgi, sagði frá hugskeytinu ykkar á milli. Var gaman að heyra af samtalinu ykkar. Æfingin er að gera hana að meistara sendibréfalistarinnar. Stíllin er fljúgandi léttur, laus við þyngdarlögmálið. --

Mér þykir fyrir því að ekki er mikið samband milli ykkar Ásgeirs, það væri áreiðanlega bæði hollt og skemmtilegt fyrir ykkur báða ef boð gengju öðru hvoru á milli ykkar. --

Segir frá starfi Ásgeirs og áhugamálu; kominn í blaðaútgáfu leiðsögumanna og í trúnaðarráð þeirra. Þau eru mikið á ferðinni, hún í rannsóknarleiðöngrum og hann í ferðum leiðsögumannafélagsins. Bæði búin að fá vinnu, hann í sumarleyfinu, hún allt sumarið.

Segir frá góðum málverkasýningum Gunnars Arnar og Sigrúnar Eldjárns.

¹ Davíð Sigurðsson (1850-1926) vinnumaður í Nesi v. Seltjörn. Sjá grein sem ég skrifaði um hann í Lesbók Mbl. Greinarnar urðu reyndar tvær.

Í ljós kom að Dídí hafði fengið boð um íbúð í nýrri öldrunarblokk við Lindargötu. Hún svaraði því ekki og sagðist ekki geta hugsað sér að búa þar! Hún talar eins og hún ætli annaðhvort að vera eilíf eða lifa við hestaheilsu þar til hún detti dauð niður á augabragði. Ég var ansi snefsinn við hana fyrir að hafa ekki látið mig vita um þetta. -- Blessað gamla fólkið, hvað það getur verið vitlaust og ólógískt. En áreiðanlega er það vitlaust að senda níræðu fólki, sem býr eitt og einangrað, bréf um hvort það vilji búa í nýrri blokk við Lindargötu. Við fórum og skoðuðum. Auðvitað var þar allt í hers höndum, ómöguleg aðkoma, húskofar allt í kring sem hanga uppi af gömlum vana. --

Vinsældir Sjálfstæðisflokksins hafa aldrei verið minni. Hrafnsmálið er að fjara út - en verður Davíð samt til eilífs vansa og þá ekki síst Ólafi (G. Einarssyni) menntamálaráðherra. --

Loksins á nú að fara að vígja Blönduóskirkju. Við kíktum á hana þegar við fórum norður. Arkitektinn er dr. Maggi Jónsson, sem menn af kurteisri kalla dr. Magnús. Ekki finnst mér hún góð húsagerðarlist og illa spegla í mínum augum jörð, fjöll og himin, eins og mig minnir hann segja að hafi verið tilganginn. En smekkur er erfitt viðfangsefni og kirkjan hefur verið deiluefni á öllum byggingarstigum. Hefði ekki verið byggð ef Maggi væri ekki Húnvetningur. --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 5.5.1993.

-- Vibeke er núna endanlega búin með lokaverkefnið sitt -- kláraði greinargerðina og skilaði skissum -- Núna getum við snúið okkur að öðrum og aðkallandi verkefnum -- meðgöngunni og því sem fylgir -- fórum í Hemsedal á skíði. -- Þá voru liðin meira en tíu ár síðan ég steig á svígsíði og -- tókst mér að standa allar brekkurnar með glans. Datt ekki í eitt einasta skipti. Seinni daginn gengum við á skíðum í guðdómlegu veðri í nágrenni bústaðarins. Það var eins og að ganga inn í málverk því birtan var svo sérkennileg og litirnir tærir. --

Núna er kominn nýr dagur og ýmislegt gerst. Meðal annars fengum við frá ykkur fax um að þið séuð á leiðinni hingað í júní. -- Mikið er það gaman að þið getið komið. -- Verið velkomin. --

Í vinnunni er mikið að gera. Fyrst og fremst hafa borist inn á stofuna það mikið af verkefnum að við höfum ekki undan -- Sem betur fer er ég kominn með það mikla reynslu að ég missi ekki móðinn þó álagið sé orðið meira. Övind, yfirmaður minn hefur látið mig leysa mikið af þeim smærri verkefnum sem berast inn. Annað slagið er ég svo notaður sem neyðarhjálp í aðalverkefni stofunnar: *Norsk Form*. Hann hefur verið að ýja að því við mig að ég ætti að læra tölvuteikningu til að geta unnið fleiri verk á stofunni. Ég þóttist nú geta undið mér í það hið fyrsta og lýsti því yfir að það þyrfti ekki að taka svo langan tíma. Þá tekur hann sig til og nær í tölvu á leigu, þannig að nú sé ég fyrir mér annasama tíð við tölvustúdíur. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 6.5.1993.

-- Amma þín er afskaplega leið yfir hvernig hún var meðan á dvöl ykkar stóð hérna síðast og vill fyrir alla muni láta ykkur vita að hún sjái eftir öllu saman. --

Við Jójó ætlum á eftir í heimsókn til Ernu Þorleifsdóttur. Það er búið að skera hana við heilaæxli, sem reyndist vera krabbamein. Það var ekki hægt að taka það allt þar sem það lá svo nærri talstöðvum. Á að eyða því með geislun. Hún stendur sig nokkuð vel, en er misjöfn.

-- Á morgun er bara að pakka niður fyrir Finnlandsferðina --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. Ódagsett.

-- Segir frá íbúðinni ástandi hennar og viðgerðum.

Þá segir hann frá yfirferð prófverkefnis Vibeke, viðtali hennar við prófdómarann sem gekk vel og höfðu þeir allt aðra afstöðu en prófdómararnir árið á undan; ganga út frá hugmyndum höfundar en ekki eigin hugmyndum.

Annars er mest talað um meðgöngu og væntanlega fæðingu.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Helsingfors. Maí, 1993.

-- Það er hreint ómögulegt að láta ekki fara fax á milli okkar á þessum drottins mánudegi.

Hér er undursamlegt sumarveður, 21°C og sólskin. Mamma þín hefur verið á fundum allan heila daginn. Ég fór til Borgá/Pori og skoðaði borgina og heimili Runebergs, þjóðskáldsins, höfundar þjóðsöngs Finna. Borgá er einn elsti bærinn í landinu, með fjölda gamalla húsa og heilu hverfi lítilla timburhúsa, sem eru bæði stór og vel haldin.

Af okkur er allt gott að fréttu. Mamma þín situr allan daginn á fundum, losnar um hádegið á morgun og svo fórum við heim næsta dag.--

Boðum komu okkar viku eftir heimkomuna. Vonandi kemur sér ekki illa að við hellumst yfir ykkur. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Helsingfors. Maí, 1993.

Skrytið að koma úr óveðri í sól hér og 20°C. Segir frá rösklega stjórnunum fundum og ferð minni til einnar elstu borgar Finnlands, Borgá, með vinkonu okkar Tua Kurtén, fyrrum samstarfskonu hjá rafveitusambandinu. Þar skoðuðum við safn Runebergs, helsta skálds Finna, reyndar líka sænskrar tungu, höfundar þjóðsöngs Finna.

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. Ódagsett.

-- Takk fyrir skemmtilega viku með ykkur, pabbi og mamma. Það var dapurlegt að koma heim í gær og engir foreldrar þar -- En vissulega höfðu þið sett svip ykkar á heimilið með nýju málverki og kertastjakanum fína, gjafir sem fara íbúðinni vel. Kvaransmyndin er algjör gullmoli, ein sú besta sem ég hef séð eftir hann, samtímis að vera einföld, sterk í kompósísjón er hún róleg og yfirveguð. Vibeke þótti mjög gaman að kynnast ykkur betur. --

Segir frá ferð þeirra í stórkostlegt brúðkaup til vinkonu Vibeke í Attrá á Pelamörk. Lýsir nákvæmlega þjóðlegu norsku sveitabruðkaupi.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík, 14.5.1993.

-- Ég er að fara að hitta bekkjarsystur úr MR í kvöld heima hjá Hólmsfríði Gunnarsdóttur. Síðan er ráðgerð ferð í Skíðaskálann -- en við erum 35 ára júbílantar. Ég ætla ekki að fara þangað. Verð sennilega að fara til Osló með pabba þínum á fund. -- Fengum bréf frá Degi þar sem hann býður okkur að vera hjá þeim.

-- Samgöngst þér með ferðina til Cannes. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 16.5.1993.

-- núna er 50 ára afmælisfundur Sambands ísl. rafveitna að hefjast -- öllum var gefinn kostur á að kaupa miða á Kjaftagang í Þjóðleikhúsinu, annað kvöld verður hátíð í Óperunni og kvöldverður á Borginni -- fundurinn sjálfur verður í Oddfellowhúsinu en þar var sambandið stofnað. --

Segir frá mjög góðum málverkasýningum Bjargar Þorsteinsdóttur¹ og Jóhönnu Bogadóttur² og lýsi mismunandi afstöðu okkar Sirrjár til þeirra. Þá fengum við Dídí til að sækja um íbúð við Skúlagötu og virtist henni líða vel að láta ganga á eftir sér.

Jóa amma þín varð fyrir því, í sjöunda sinnið, að detta á gangi úti í bæ, í þetta skipti rétt utan við Flugleiðir í Bankastræti.³ Hún var öll skaðskemmd í framan --

Hugsanlegt er að koma þessu í lag með því að láta hana fá hjartagangrád. Var svo heppilegt að þetta var fyrir utan skrifstofu Flugleiða svo Lára sá hvað gerðist og kom henni til hjálpar.

Segir frá útskrift unga fólksins: Þórhallur Steingrímsson úr Vélaskólanum; Kristín Haraldsdóttir og Steinunn Halldórsdóttir, stúdentspróf, og Guðrún Sveinsdóttir sem lýkur lagaprófi.

-- ákveðið að við verðum á fundi í Osló 16. júní. Fengum aldeilis ágætt bréf frá Degi sem segist vera að komast í æfingu með bréfaskriftir. Annars hefur hann mikið fyrir stafni um þessar mundir. Mikið af verkefnum kemur inn á stofuna sem honum eru falin upp á síðkastið - reynslan væntanlega farin að skila sér. -- Yfirmaðurinn á stofunni spurði hvort hann gæti ekki lært tölvuteikningu svo hann gæti tekið fleiri verkefni að sér. *Ekkert mál. Hvort hann geti það? Tekur ekki langan tíma*, segir Dagur hinn bjartsýni; gerir sér lítið fyrir, tekur tölvu á leigu, þannig að nú situr hann í súpunni. Ættgengur skrambi! --

Þá sagði Dagur þau hafa farið í skíðaferð á stað sem heitir *Hemsedal* og er inn af *Hallingdal*. Aldeilis! Gjörþekkjum *pleisið*, heimsóttum Skúla Skúlason í Hallingdal á sínum tíma og buðum kúnum í Randabu upp á grænan bol (ekki bola!)⁴. Dagur var þar á skíðum og stóð niður brekkurnar (eins og hetja að eigin sögn) þó ekki hafi komið á stafi⁵ í meira en 10 ár.

Ásgeir er í ferð með leiðsögumannafélaginu í Borgarfirði til að kanna slóðir Grettis. Brynja er í fræðaferð með jarðfræðideilinni. Annars er hún búin með skólann.

Amma þín hér niðri hefur það ágætt. Hún var eitthvað óánægð með sig um daginn. Þá hafði hún samband við prest og ræddu þau lengi saman. Hún hefur verið öll önnur, fór m.a.s. í kaffi á Borginni í viku aldraðra.

Við mamma þín gengum um Tjarnargötuna um daginn.⁶ Ég var þrælundirbúinn. Það var reyndar mjög gott og ég varð líka margt merkilegs vísari. Ég held að þrjátíu hafi byrjað ferðina, en ekki var beint gott að ná sambandi við allan hópinn sem þynntist eftir því sem á leið, enda kólnaði mjög og fór að blása.

Ferðin til Finnlands var afbragð, dásamlegt veður og margt skemmtilegt - fyrir mig - og ég held fyrir mömmu þína líka. Ég fór á sunnudaginn í ferð með Tíu Kurtén til Borgá. Var mikið gaman að koma þar, ekki síst að sjá safn þjóðskáldsins Runeberg.

Eftir Oddfellowfund í fyrri viku var farið út í Viðey og borðað í skála Hafsteins ferjumanns. Mamma þín var á tannlæknafundi.

Ég fékk það hlutverk að segja frá Viðey. Hefði það orðið hin alvarlegasta lesning ef ágæt kona hefði ekki verið í hópnum, orðhvöt og myndin. Varð úr þessu bull-díalóg okkar á milli og var hlegið dátt og héldu margir að við hefðum verið búin að æfa leikþáttinn.¹

--

¹ Björg Þorsteinsdóttir (1940) listmálari.

² Jóhanna Bogadóttir (1940) listmálari.

³ Var svo heppilegt að Lára, kona Palla, sat við vinnu sína og sá óhappið út um gluggann og kom til hjálpar.

⁴ Hér er vísað til heimilisbrandara. Auður var þar, fór í sturtu og setti bol af sér út í baðherbergisgluggann. Þaðan hvarf hann en fannst litlu síðar. Kýrnar höfðu stolið honum og jöpluðu á honum þannig að þegar búíð var að þvo hann og strauja var hann alsettur smágötum, mikil öndvegisflík fyrir uppreisnargjarna unglunga að sýna sig í.

⁵ Skíðin í gamla daga voru ekki merkilegri en að notaðir voru *tunnustafir*, ef það orð er ekki gleymt á plastöld.

⁶ Þetta var auglýst ferð fyrir eldri borgara og var skemmtileg fyrir mig!

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 17.5.1993.

-- Þótt dvölin í Helsinki hafi verið stutt þá nýttist hún vel frá laugardegi til mánudags. Fundurinn gekk vel. formaðurinn minn, Jón Ásgeir Eyjólfsson,² talar að vísu ekki skandinavísku, er allur í enskumælandi heiminum - skildi lítið af því sem fram fór og þurfti að spyrja við og við hvað verið væri að tala um. Það reyndi þess vegna meira á mig og ég held að mér hafi bara liðið betur þess vegna. Því ég veit líka oft meira um hlutina en þeir -- allavega leið mér betur á þessum fundi en oft áður, það er líka vegna þess að ég hef öðlast meiri reynslu og farin að þekkja fólkið vel.

Veðrið var engu líkt. Það er dásamlegt að koma í svona veður, allt annan heim þar sem sumarið var komið. Við skoðuðum Tempel-kirkjuna og Orthodox-kirkjuna. Þá fyrrnefndu sáum við þegar hún var nýbyggð fyrir um 20 árum. Hún hefur látið mikið á sjá, ekki þolað tímans tönn eins og ætla mætti. Ég held að þetta hafi verið í sjötta sinn sem ég kem til Helsinki, og alltaf ætlað að skoða Orthodox kirkjuna. Nú varð af því, er hún sérstaklega falleg, mátulega mikið skreytt.

Það var skrytið að rekast á séra Sigurð H. Guðmundsson í morgunverðinum á hótelinu. Hann var þarna í morgunverði á hótelinu með heilli sendinefnd frá Íslandi til að skoða þjónustufúðir fyrir aldraða, sem fara á að byggja við hjúkrunarheimilið Eir.³ Hann er alveg að springa af fitu og ekki bætti úr skák að hann hafði dottið í tröppum og sennilega rifbrotnað og átti erfitt um vik að hreyfa sig. --

Segi frá aðalfundi SÍR sem hefst með ferð í leikhúsið og buðum við Jórinni og Stellu með okkur til að sjá Kjaftagang eftir Neil Simmons, farsa undir stjórn þess fræga finnska leikstjóra Asko Sarkola. Svo verður önnur sýning fyrir ráðstefnugesti og stjórnar Garðar Cortes verkinu, auk þess sem iðnaðarráðherra býður upp á drykk í lok sýningar. Þetta er í tilefni 50 ára afmælis Sambands Ísl. rafveitna.

Gaman var að heyra lýsinguna á skíðaferðinni í Hemsedal. Minnr á og segir frá fyrri ferð okkar með Auði á þessar slóðir. Góðar kveðjur til Vibeke. Nú er bara að bíða eftir útskriftinni.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 23.5.1993.

Það er sunnudagskvöld - búinn að vera alveg ágætur dagur. Hann byrjaði með garðvinnu fyrir hádegi hjá mér. Pabbi þinn fór niður í Oddfellowhús til að hafa viðtöl við stórsíra (yfirmenn stúkna) á Norðurlöndum og í Ameríku, en hér er svæðisþing þeirra. --

Garðurinn verður strax fallegur um leið og maður byrjar að vinna í honum. Það er dásamleg tilfinning að koma út, byrja að róta í beðum, bera steina og snyrta gróðurinn.

Annað kvöld kemur skólasaumaklúbburinn til mín. Ég ætla að hafa prímusmat og þarf því lítið að undirbúa annað en að leggja á borð og kaupa inn. --

Segir frá alvarlegum veikindum, illkynja æxli við heila Ernu Þorleifsdóttur. Er ekki viss um hvort hún kemur.

Segir frá útskriftarveislum. Þórhallur Steingrímsson var að útskrifast sem vélstjóri, Kristín Haraldsdóttir, stúdent og Steinunn Halldórsdóttir, stúdent frá Kvennó. Þá var Ingimundur Einarsson, frændi, og kona hans Guðrún, bæði fertug.

-- Ég er eiginlega alveg andlaus núna, enda komið miðnætti. Pabbi þinn var að koma upp. Hjá okkur var trésmíðameistari sem ætlar að gera við leka. Voru þeir vongóðir með það. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Helsingfors, 1.6.1993.

Ræði ferð til Oslóar og væntanleg/hugsanleg próflok Vibeke.

Einhvern tímann sagðir þú okkur að hindranir væru á veginum fram á síðustu stund. En við vonum hið besta en leyfum okkur ekki að gleðjast að fullu --

Erum búin að kaupa farseðilinn til Osló.

-- Heilmikið hefur drifið á dagana. Auður kom seint á sunnudag og gjörbreyttist heimilið þá eins og við var að búast. Við höfum setið með henni og pumpað upp úr henni smáar og stórar fréttir. --

Segi frá garðvinnu og siglingu.

-- Í gær fórum við í siglingu um Kollafjörð og fórum í land í Þerney, gengum um eyrna og skoðuðum æðarvarpið. Þar eru eitthvað um 300 kollur á eggjum. Það er ekki á hverjum degi sem tækifæri er til að ganga um æðarvarp.⁴ Þá erum við búin að koma út í Engey og Viðey, eigum eftir Akurey og Lundey. --

Segi frá hræðilegum tónleikum í Hallgrímskirkju, slæmum hljómburði.

-- Þykir okkur hljómburðurinn eiginlega ljótur í kirkjunni hvort sem það er því um að kenna að orgel plús kirkja hljóma ekki fallega saman, eða að hljóðfæraleikarar ná ekki meiru út úr hljóðfærinu og kirkjunni. Allavega er áberandi hve sterkt þeir eiga til

¹ Þetta var systir Sigurðar Þórðarsonar, vinar okkar, formanns Tannlæknafélagsins, sem fyrr hefur verið nefndur. Sigríður Þórðardóttir (1930) og átti vélstjóra hjá Eimskip. Þau Sigurður voru alin upp í Viðey. Þetta var stórskemmtileg kona, sem enn er á lífi, eins og ég, alltaf jafn skemmtileg. Hittumst við gjarna á listviðburðum og minnumst með gleði þessa *uppstands* okkar í Viðey.

² Jón Ásgeir Eyjólfsson (1946) tannlæknir og lengi forystumaður í TFI. Seinast þegar við hittum hann var í Eyjum þar sem hann var með stærðar alþjóðlegan hóp golfara. Þá var hann í forystu Golfsambandsins, alveg í essinu sínu.

³ Þær byggingar drógu dilk á eftir sér og varð persónuleg sorgarsaga fyrir séra Sigurð og aumingja fólkið sem lenti þar í gildru.

⁴ Æðarvarp gjörþekkti ég frá því ég var í sveit á Nesinu. Þá var mikið varp í Suðurnesi og þurfti að verja það með oddi og egg, því slangur af fólki vildi gera sér þangað ferðir, jafnvel hermenn, en þó sérstaklega fólk í rómantískum hugleiðingum.

að spila þannig, að úr verður háf-ruddalegur hávaði, laus við tónfegurð. Eftirhljómur er svo langur að einstakir hljómar renna saman út í sí-“bylju“.

Þá er ég búinn að koma frá mér illsku sem kennir öðrum um þegar maður hefur ekki hæfileika til að njóta. --

Dagurinn er mikilvægur fyrir mömmu þína. Eins og þú veist þá veitti heilbrigðisráðherra tannsmíði nokkrum leyfi til að smíða tennur upp í sjúklinga, þótt slíkt sé ekki heimilt nema undir umsjón tannlækna. Tannlæknafélagið setti lögbann á starfsemina, höfðaði mál og lagði fram miklar tryggingar, sem eru félaginu örðugar. Í dag verður kveðinn upp dómur og fer mamma þín í réttinn til að heyra dómarsans orð -- spennandi --

Auður var að ganga út úr húsi. Hún var spennt að fara í vinnuna, fyrsta daginn vita ekki hvað hún eigi að gera, enda kominn nýr húsbóndi, Pétur Guðfinnsson farinn og Hrafn Gunnlaugsson tekinn við. En það var búið að lofa henni vinnu, svo hún fór ótraud. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 6.7.1993.

-- Mikið var gaman að vera hjá ykkur og með ykkur. Ég hugsa oft til allra þeirra atburða sem við upplifðum saman. Það var líka svo einstaklega gott að búa hjá ykkur, finna hlýjuna streyma frá ykkur báðum. --

Við vorum í jarðarför Steinu í gær. Hún var gerð frá Seltjarnarneskirkju. Var prestur séra Sólveig Lára Guðmundsdóttir.¹ Komst hún vel frá því og allir ánægðir með hana. Systkinasynir Steinu báru úr kirkjunni en við systkinadætur bárum úr líkblinum inn í Fossvogskapelluna, en hún verður brennd. Það var gaman hvað þetta fór allt vel og virðulega fram, í anda Steinu, að því að mér fannst. Síðan var erfidrykkja -- og var það sérlega skemmtilegt boð. Var margt frændfólk komið úr Rangárvallasýslu, frá Hæli, Litlu Sandvík og Fljótshólum. Var gaman að heilsa upp á það og sérstaklega gaman að kynna Auði fyrir því. --

Þá var ég í 80 ára afmæli Rönku. Hún var mjög óákveðin um hvað hún vildi gera -- Henni datt það snjallræði í hug að kalla saman systur sínar og dætur þeirra. Bauð Kristín (*Blöndal*) henni að halda upp á afmælið. Vorum við tíu saman komnar á heimili Kristínar í fínirís matarveislu. Það er svo skemmtilegt við þetta móðurfólk mitt hvað það nýtur sín þegar það er saman, en ef fleiri eru verður það óframfærið, feimið og útúrborulegt. Bara hreint ekkert skemmtilegt. En þarna var malað og talað, enda búið að kíkja í glas. Ég tala nú ekki um það.

Pabbi þinn sótti mig um tólfleytið og var kominn með tjaldið á toppinn á blinum. Við fórum svo um morguninn í útilegu og var haldið á Þingvöll -- í gönguferð og fyrirlestur dr. Péturs Jónassonar² vatnalíffræðings. Við hlustuðum á hann undir berum himni -- og var það svo skemmtilegt að maður gleymdi stað og stund. Ég sagði við pabba þinn að Pétur minnti svolítið á Sigurð Líndal, ánægður með sig, þykir gaman að fræða fólk, en fyrst og fremst skemmtilegur.

Við héldum svo sem leið lá upp að Hagavatni, upp við Langjökul. Maður fer upp á Kjöl fyrir ofan Gullfoss og beygir af Kili eftir 10 km. og ekur um 15 km. inn að jöklinum. Þarna er bara auðn, óskaplega fallett þegar komið er inn að jökli. Þarna vorum við um nóttina í tjaldi; vöknudum í ágætis veðri. Héldum þá niður að Geysi og inn í Haukadál, sem er einn gróðurreitir - unaðsreitir. Þar er Skógrækt ríkisins með jörðina og sér um ræktunina. Gaman væri að sýna ykkur þennan stað -- Þarna lágum við í rjóðri í eina tvo tíma, heyrdum vindinn þjóta í 10 m. háum barrtrjánum allt í kringum okkur.

Í kvöld er ég með fyrsta stjórnarfund Zontaklúbbsins. Auður var að baka fyrir mig voðalega girnilega *daim-tertu* og svo hef ég náttúrlega *Dagsínu*. Við stefnum á útilegu um næstu helgi. Kannski kemur Auður með. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 11.6.1993.

Óskum þeim til hamingju með próflok Vibeke og árum þeim allra heilla.

Hlökkum til að hitta þau í Osló á morgun.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 29.6.1993.

-- Enn vil ég þakka ykkur Vibeke fyrir síðast. Það var sérstaklega gaman að dveljast hjá ykkur, sérstaklega að kynnast Vibeke. Og sannarlega varð ég ekki fyrir vonbrigðum. Er hún bæði góðum gáfum gædd, látlaus, þægileg í viðkyningu, einlæg og innileg. Þetta eru einhverjir bestu eðliskostir sem hægt er að hafa til að byggja samlíf og framtíð á.

Það var líka gaman að kynnast fjölskyldu Vibeke, góðviljuðu fólki og þægilegu. --

-- gott að koma heim -- allt í góðu lagi -- Sérstaklega var gott að Auður skyldi vera í húsinu til að líta til mömmu. Hún hafði líka hjálpað Jórinni við að komast til Steinu sem fór hrakandi þar til hún loks kvaddi þennan heim -- verður jarðarförin frá Seltjarnarneskirkju. Bensi Eiríks og Kristín Blöndal annast undirbúning af mikilli röggsemi og ferst vel úr hendi. Reyndar velja þau hina farganslegu leið með einsöng og kórum. Ég hefði kosið látleysi, þegar gömul kona á í hlut og fjölskylda sem lítið er fyrir að berast á. -- Við mamma þín erum fegin að einhver skuli annast þetta af svo miklum áhuga. -- er ég að skrifa minningargrein. En það eru forréttindi en ekki byrði. --

Það er gaman að heyra hvað vel þér fellur við málverkið. -- við völdum það sem við best gátum handa ykkur. Það er gott að eiga góð samskipti og ekki lakara að hafa samskiptamiðil sem hægt er að hengja upp á vegg; nokkra ferninga hvern innan um annan. Ekki flókið. --

¹ Sólveig Lára Guðmundsdóttir (1956), frænka okkar af Briemsætt, er dóttir Kristínar Claessen (1926) og Guðmundar Benediktssonar ((1924-2005) ráðuneytisstjóri. Hún var þá sóknarprestur á Seltjarnarnesi, síðar á Möðruvöllum en er nú vígslubiskup á Hólum.

² Pétur M. Jónasson (1920) prófessor í Danmörku.

Brynja og Ásgeir eru komin í ferðalög og sjást ekki fyrr en í ágúst. Ásgeir í fyrri tveggja vikna ferð sína og er á Flúðum. Brynja er fyrir norðan. Hann var mjög montinn þegar hann fór af stað í morgun í nýrri hvítri peysu þrjónaðri af Brynju. --

Gengið var fellt um 7% í morgun, minnkaður þorskaflí en mjög gengur á þorsstofninn. En þið græðið, fargjaldið hingað lækkar. Ráðherrarnir Jóhanna Sigurðardóttir og Jón Baldvin Hannibalsson komin í hár saman. Sagði hún af sér varaformennsku í Alþýðuflokknum.

-- Ráðherrastólinn vill hún verma. Prinsippin ná ekki lengra. Næst kemur eitthvað annað og stjórnin fellur.¹

Guðrún Sveinsdóttir útskrifaðist sem lögfræðingur og Soffía Waag hans Árna Geirs útskrifaðist sem félagsfræðingur og verður deildarstjóri á ferðamálabraut í Menntaskólanum í Kópavogi. Árni er markaðsstjóri Samskipa sem á í rekstrarörðugleikum.

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 9.7.1993.

-- nú er síðasti dagur meðgöngunnar, líffræðilega séð. -- verkefnum stofunnar hefur fækkað og reyndist þurfa að segja upp tveim starfsmönnum. Stemmningin er því heldur dauf þessa stundina. En svona er samt líf arkitekta, það er aldrei hægt að reikna með fastri vinnu nema stuttan tíma. Ég er þar með næstur í röðinni, ef verkefnum fækkar meira. Við skulum vona að svo verði ekki. -- Sumarfríð er byrjað og stendur í þrjár vikur. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 12.7.1993.

-- Hugurinn er hjá ykkur allar stundir -- Eins og Auður sagði þér fórum við inn í Landmannalaugar. Hálendið hefur verið kalt og snjór ekki farinn af láglandi og því víða ófært Var því ekki fært austur í Skaftártungur þannig að við fórum sömu leið til baka. Samfara kuldanum á hálendinu hefur verið hvasst og ýmsar leiðir illfærar, bílar skemmst, útsýni óskemmtilegt -- Héldum við því niður í Þjórsárdal og í Haukadalinn ágæta og loks niður að Reykholti í Biskupstungum þar sem við tjölduðum. Í niðursveitum var hið ágætasta veður, þannig að við erum eldrauð af sólbruna. Heim fórum við um Þingvöll og Nesjavelli og komum við í bústaðnum hjá Bensa Eiríks.

Eftir að við höfðum komið öllu dótinu fyrir aftur fór Auður til að skúra á tveim stöðum --

Ferðir Ásgeirs og Brynju hafa gengið vel. Er hetjuskapur að halda utan um stóra hópa þegar vont er veður.

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 20.7.1993.

-- Já það hefur margt gerst í fjölskyldunni á síðustu dögum. Þegar eitt andlit lætur sig hverfa, lítur annað dagsins ljós. Það verður ekki annað sagt en að það sé að taka við nýtt tímabil í lífi okkar allra. Rás atburðanna hefur einhvern veginn hagað því þannig að maður er kominn inn í hlutverk í lífinu sem mann gat ekki órað fyrir hvernig væri.

Að vera vitni að því þegar nýtt líf kemur í heiminn er alveg ólýsanleg tilfinning. Það er eins og lífið á jörðinni snúist allt í einu um þetta litla kríli sem ákvað að koma í heiminn. Og svo áttar maður sig smám saman á því að það er maður sjálfur sem fer með eitt af aðalhlutverkunum í þessu undarlega spili. Ekki það að maður hafi ekki verið með það á hreinu, það verður bara svo raunverulegt þegar þessi 3640 gramma persóna fer að orga beint inn í eyrað á manni. Þá er ballið byrjað. Jóhannes Örn Dagsson er kominn á kreik.

Eins og þið getið ímyndað ykkur hefur þessi fyrsta vika snúist um að kynnast þessum nýja kalli. Hann er, eins og góðum mönnum sæmir, skapstór og illur viðureignar þegar lífið liggur við, en þess á milli nýtur hann þess að slappa af í jötunni sinni með magann fullan af mjólk. Nefið hans sem mönnum þótti mikið til koma er farið að koma betur í ljós. Þegar hann var nýfæddur klemmdi hann augun svo aftur að það myndaðist áberandi húðfelling á milli ennis og nefs -- Það gerði nefið *hærra* en á flestum öðrum og sögðu menn sem þekkja vel til föðurættar hans að hann hefði nef ömmu sinnar. En viku síðar er það ekki eins áberandi. --

Vibeke og Jóhannes eru smám saman að læra hvort á annað og brjóstagjöfin verður æ ánægjulegri athöfn. Þau standa sig vel, bæði á nóttu sem degi.

-- Það er ekki skrítið að það taki smá tíma að aðlaga sig þessari nýju tilfinningu að vera svangur og með blauta bleyju. -- bara ef maður gargar smávegis er alltaf einhver sem reddar málinu.

Það koma stundir þegar Jóhannes Örn tekur sér tíma og stúderar þetta fólk sem alltaf er að horfa á hann. Þá opnar hann augun og fær mann til að halda að hann hafi alltaf verið hér. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 26.7.1993.

-- Ég má til með að segja þér frá því hvað bréfið þitt vakti mikla hrifningu. Enda hefur það verið lesið aftur - hátt og í hljóði - og lofað.

Það er sérstaklega ein setning í bréfinu sem mér finnst vera perla:

Þegar eitt andlit lætur sig hverfa, lítur annað dagsins ljós.

Þessi setning þykir mér góð og segja mikið, miklu meira en langar ræður, áreynslulaust. Hafði mikil áhrif á Auði, sem þurfti á henni að halda.

¹ Ráðuneyti Davíðs Oddssonar (Sjálfstæðis- og Alþýðuflokkur). Hékk áfram í rúm tvö ár.

Þú hefur haft á orði að þú fallir ekki undir skilgreininguna um bréfaskriftafjölskylduna hræðilegu! Það má til sanns vegar færa. Skriftækinn hefur kannski ekki fengið þá æfingu sem hún hefur fengið hjá ónefndum eldri hjónum. Hins vegar er ritlist hjartalag - afstaða. Þegar það er í lagi kemur hitt á eftir. Eins og það er að menn verða söngvarar eftir að hafa lært á píanó. Æfingin - ritvélin. er verkfærið, sálin senditækið.

Stundum er sagt: Hann hefur svo mikinn áhuga á tölvum - hann situr alltaf við þær. Hver hefur áhuga á tölvum. Þetta eru leiðindatæki sem þeir einir elska sem eru hugsanasnaudir - eða búnir að ná tökum á þeim sem tjáningarmiðli fyrir eitthvað sem inni fyrir býr. Kannski getur tölvan verið list, t.d. útlit hennar og innri gerð.

Þessi setning þín segir mér að hugurinn sé í lagi, tjáningin - og tölvan litla tæki sem auðveldar að koma þeirri ást og velvilja milli manna, það sem í orðum felst. Smám saman breytist tjáningin. Þegar menn hafa nokkrum sinnum komið fallegum hugsunum inn í tölvuna getur tölvan farið að kalla fram það besta í mönnum. Annars ætlaði ég ekki að ræða mikið um þetta mál.

Bestu kveðjur til Vibeke og einræðisherrans litla. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 2.8.1993.

-- Hér er tómlegt hús. Auður flogin til Rómar. Að vísu höfum við Kristínu¹ dóttur Katarínu. En hún er lítið heima og andleg samskipti í lágmarki. Hún er það sem kallað er táningur, fyrirbæri sem við höfum eiginlega aldrei kynnst, hvort sem það var vegna þess að við vorum ónæg, eða af því að þið höfðuð ekki tíma til að gerast táningar fyrir vinnu eða öðru sem setti það í skuggann. Kristín er sjaldnast heima, fann krakka í unglingavinnunni og er með þeim öllum stundum, kemur seint heim og syfjuð á daginn. Við förum með hana til Þingvalla í gær, en hún svaf lengst af. En gæðastúlka er hún sem hefur alist upp í lifandi samskiptum við fullorðið fólk. Auður er öldruð í hennar augum. En hún er ekki til neinna vandræða. Kristín fer til Palla á morgun og verður hjá honum þangað til Auður kemur.

Við mamma þín erum sem sé að leggja í Oddfellowferðina --

Já, Auður var heldur en ekki í góðu skapi þegar þær Magga² voru að undirbúa ferðina. Þær sátu og lásu listabækur og allar þær handbækur sem hægt var að finna.

Ég held að gleymst hafi að segja þér skýringu mömmu þinnar á nafni Jóhannesar. Nú að sjálfsögðu þótti ykkur nafnið Jóhann, persóna og listaverk hans svo merkileg að vert væri að nefna hann eftir honum. En þar sem drengurinn er af Nesætt var hann kenndur við staðinn og heitir á norsku *Johan-Nes*.

Hér hefur verið indælasta veður suðvestanlands. Eins og alltaf er veðrið verra annars staðar. Fréttir eru um að í Kelduhverfi hafi veður verið fjórum gráðum kaldara í júlí en í meðalári. En lýsing Brynju, sem var enn óheppnari en Ásgeir í hans ferðum, var hræðileg. Við Mývatn var vettlinga og lambhúshettuveður. Furða hvað túristarnir létu það lítið á sig fá og Brynja létt í skapi. Ásgeir virtist heppnari, hvort sem það geti verið um að ræða að hann sé bjartsýnn og leggi allt út á besta veg, eins og gerist í fjölskyldunni.

Palli og Lára voru að koma frá Kristinehamn þar sem hann var afleysingalæknir. Þau bjuggu síðustu nóttina hjá Ullu í Väse. -- Tómas býr hjá henni við slæma heilsu, þykir lífið lítt vert að lifa því án tóbaks og brennivíns. Kristín sagði okkur óljóst frá því að Tómasi hefði orðið eitthvað á í lögfræðimessunni og þyrfti að greiða einhverjum skaðabætur þannig að hann missti eitthvað af eignum sínum, varð að selja Dardel-myndasafnið³ sitt, sem er stórt. Áhöld um hvort hann heldur húsinu. --

Við ætlum nú að bóna bílinn og síðan að setja upp aukabjöllu hjá Dídí. Hún heyrir orðið ekki alveg nógu vel í símanum. Þyrfti eiginlega líka að fá sterkari dyrabjöllu. --

Lengra ætla ég ekki að hafa þessi skrif. Við hlökkum til að sjá Auði aftur. Mikið veltum við því fyrir okkur hvernig hún kemst út úr skilnaðinum. Það verður erfitt fyrir hana að fara aftur til Parísar. -- Allt getur gerst -- Enginn hlutur dettur út úr lífinu hljóða- og harmkvælalaust. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 16.8.1993.

-- Þá er maður kominn heim eftir enn eitt ferðalagið. Þetta var ljómandi skemmtileg ferð og samferðafólkið ágætt. Það er gaman að reyna nýjan ferðamáta. Þessi einkennist af Oddfellow-anda. Það er innbyggt í fólknið að sýna vingjarnlegt viðmót og greiða götu hvers annars. Þannig var alls staðar tekið vel á móti manni og búið að skipuleggja hvern dag --

Þegar heim kom tók Auður á móti okkur og hafði líka gengið vel í hennar ferð. Hún var heilluð af Róm og nýttist ferðin vel Það verður að segjast eins og er að við vorum öll fegin að sjá á eftir Kristínu dóttur Katarínu heim til sín. -- Við vorum samt fegin að gera þetta fyrir hana og leyfa henni að vera, kannski aðallega fyrir Katarínu. Við náðum aldrei neinu sambandi við hana. Hún var fram á nótt með einhverjum krökkum og svaf svo allan daginn. Ég myndi hafa áhyggjur af unglingi svona gjörsamlega áhyggjulausum, tillitslausum og hugsunarlausum. Þar að auki kunni hún ekki með peninga að fara og fékk lánað hjá okkur, Auði, Láru og Fríðu. Hún borgaði að vísu Láru og Fríðu. Jæja það er best að ergja sig ekki meira yfir henni. --

Við vorum boðin í brúðkaupsveislu Jónasar Guðmundssonar Athöfnin fór fram í Hallgrímskirkju og svo var hin fínasta brúðkaupsveisla í sal úti í bæ, með mat og drykk eins og hver vildi. --

¹ Kristin Corneliusson (1971). Hún er nú stjórnandi innan stórfyrirtækis og stjórnmalakona í Stokkhólmi. Gift og á tvær gullfallegar dætur.

² Margrét Ragnarsdóttir (1968) er markaðsstjóri hjá Sinfóníunni. Halldóra Geirharðsdóttir, leikkona, var með í för. Allar æskuvinkonur

³ Nils von Dardel (1888-1943) sænskur listmálari.

Annars fer að stytast í að þið komið og er maður sannarlega farinn að hlakka til. Pabbi þinn talaði við séra Hönnu Maríu Pétursdóttur þjóðgarðsprest. Var hún mjög ánægð með að fá að skíra Jóhannes 12. sept. í Þingvallakirkju. Við vorum að hugsa um að hafa athöfnina um fjögur eða fimmleytið og bjóða svo í mat heima á eftir. Hvernig líst ykkur á? --

Það var leiðinlegt að heyra um hvarf barnavagnsins. Þetta eru nú meiri rummungarnir í Oslónni. Auður var að láta sér detta í hug að það væri hægt að kaupa vagn hér tax-free. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 23.8.1993.

-- Það er eins og að koma úr annarri veröld að setjast við tölvuna. Komum heim í nótt eftir viðburðaríkt og skemmtilegt ferðalag. -
- Nú styttist í að þið komið, búið að fá séra Hönnu Maríu Pétursdóttur til að skíra. --

Ferðafréttirnar eru þessar. Á þriðjudag fórum við mamma þín áleiðist austur. Fórum í einum áfanga að Gilsárstekki í Breiðdal, en þar voru Palli og Lára í bústað sem þau höfðu fengið hjá BHM. -- Næsta dag fórum við upp á Fljótsdalshérað, í Borgarfjörð eystri. Þetta er svæði Kjarvals, þar sem hann ólst upp og sóttist mjög eftir til að mála. Hádegisverðar neyttum við hjá kofanum og skektunni sem hann átti í Eiðapinghá. Í kirkjunni á Bakkagerði er altariстаfla eftir hann, látlaust byrjandaverk.

Svo skoðuðum við steina, en mikið af fögrum steinum eru í Breiðdalsvík og Stöðvarfirði. -- Á Breiðdalsvík skoðuðum við skóla eftir dr. Magga Jónsson, arkitektónískt verk sem erfitt er að átta sig á. Skólinn er vel við vöxt, var lengi í byggingu, áreiðanlega gott að vinna og nema í. Þá var farið í Lón og á Höfn í Hornafirði. Palli og Lára héldu til Rvíkur en við tjölduðum á Höfn, komum okkur þar vel fyrir, tókum svo á móti Auði sem kom þangað fljúgandi --Var mikið rok um nóttina og bognuðu tjaldsúlur, þó ekki illa. Útsýni var sem best var á kosið næsta dag. Fórum við út á Stokksnes til að skoða seli og eftir það upp á Skálafellsjökul. Leigðu Auður og mamma þín sér sinn snjósleðann hvor, fóru inn á jökulinn og skemmtu sér mikið vel. Segja má að ferðin upp á jökulinn og ferðirnar sem boðið er upp á sé meðal undra Íslands.

Eftir þetta héldum við til Kirkjubæjarklausturs og í Lakagíga, skoðuðum okkur vel um og gengum á Laka. Þetta er stórkostlegt svæði, fagurt og margt að sjá. létum við okkur hafa að fara heim um Fjallabaksveg, um Landmannalaugar. Komum heim upp úr kl. 23. Þá þurfti Auður að fara niður á skrifstofu til að ræsta.

Auður var að fara í vinnuna -- gott að komast úr bænum í svo skemmtilega ferð á þeim undarlega degi, laugardegi 21. ágúst. --
Góðar fréttir af ellifólki --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 20.9.1993.

-- Heldur er nú tómlegt hér eftir að þið fóruð -- Auður hefur gert það upp við sig að hún fari utan 3. okt. og muni ekki fara í gömlu íbúðina. Hefur hún þá viku þar til skólinn byrjar og mun búa hjá kunningjum meðan hún leitar að íbúð. Náði hún loks sambandi við Gísla í gær. Gekk samtalið ágætlega og fékk ekkert á hana.

Oddfellowhópur frá Svíþjóð fór í gær eftir velheppnaða heimsókn og ánægjulega. Við borðuðum með þeim á Selfossi á laugardag og kvöldumst með virktum.¹

Svo var hjá okkur í gærkvöldi írsk kona, Francis, með mjög flókið írskt skírnamafn. Fór ég með henni *hringinn* -- hún er samverkakona Bo Almqvist, og prófessor í forngrísku. Hún sagði okkur frá og sýndi myndir af fornum áletrunum frá 4-6. öld, ekki óþekktum rúnasteinum, einfaldari, en sem ekki segja sögu, eru bara nöfn.² --

Enn er deilt í ríkisstjórn. Nú eru það kalkúnalæri sem eru deilufnið. Alþýðuflokksmenn vilja burt með hindranir á soðnu kjöti, en Sjálfstæðismenn styðja landbúnaðarráðherra, umboðsmann bænda, að því er virðist, sem er ekki ráðherra allra landsmanna. Öll þessi deila er merki um stjórnsmál á villigötum - hér eins og víða annars staðar. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 26.9.1993.

-- Í gær fórum við út að borða í Grillið með stjórn TFÍ. Þetta er árviss viðburður þegar aðalfundur er framundan og stjórnarskipti. Dagurinn byrjaði reyndar á því að ég sem formaður Zontaklúbbs Reykjavíkur var beðin um að taka á móti viðurkenningu frá Félagi heyrnarlausra fyrir mikil og góð störf að heyrnarmálum. Þetta var á degi heyrnarlausra og mikil hátíðadagskrá þennan dag í Háskólabíói. Þar var ég mætt og tók við viðurkenningunni upp á sviði, vissi reyndar ekki hvað ég var að fara út í. Hafði samt gert ráð fyrir að þurfa að segja nokkur orð í þakklætisskyni og var búin að taka þau saman í huganum. Þetta gekk allt vel að sögn pabba þíns sem fékk að koma með.

Dagurinn hefur verið ósköp góður. Kom Anna, kona Þorfinns Ómarssonar í heimsókn með strákana sína. Var gaman að taka fram legókubba og annað dót af háaloftinu fyrir þá. Kunnu þeir vel að meta það. --

Segir frá viðgerð á húsinu vegna leka og gerð nýrra handriða við útidyratröppur, sem eftir á að hyggja er sennilega síðasta sinn sem þurft hefur að gera við leka á suðurhliðinni sem verið hafði þrálátur um áratuga skeið.

Þá segir frá sýningu á Kjarvalsstöðum á dásamlega góðum verðlaunateikningum Sverre Fehn, norska arkitektsins merka m.a. af þjóðminjasafninu í Hamar í Noregi sem við höfðum séð.

¹ Þetta var hópurinn sem tekið hafði á móti okkur í Vadstena. Öndvegisfólk og sem hreift af norðurljósunum.

² Við áttum aldeilis eftir að kynna henni á Írlandi. Getum ekki gleymt henni því hún er einn úr fjölskyldunni sem á Bushmills viskífabríkkuna og kenndi okkur að meta *Black Bush!*

Eggert Ásgeirss. skrifar til Dags Eggertss. Rvík. 11.10.1993.

-- Ég er upptekinn við hið mikla afmælisþing SÍR sem verður á laugardaginn kemur, framsækið mjög, með 40 fyrirlesurum sem flytja mál sitt á þrem klukkutímum í fimm söllum Háskólabíós.

Mamma þín lauk sínu mikla tannlæknaþingi sem tókst með ágætum, þótt illa liti um skeið út með þátttökuna. Allir eru ánægðir.

--

Við hringdum í Auði í gær og áttum við hana ágætt samtal. Þá var hún í besta skapi. Hafði verið nætursakir hjá Döllu.¹ Kjartan er farinn til Arizona þar sem hann verður við rannsóknir -- Skólinn er að byrja í dag hjá Auði, tekur við lykklum og getur flutt inn.

Það var skrítið að hringja heim til Sirrjár og Jóa. Ég talaði við þau bæði um líf lítillar fjölskyldu í París. Þau voru að koma heim úr svokölluðum barnaskóla. Þar hittast íslensku og hálfíslensku börnin annan hvern sunnudag, læra, leika og syngja. Mæting er geysilega góð, sérstaklega hjá foreldrum sem gift eru Frökkum. -- Þarna fá litlu börnin að rækta sameiginlegan arf. --

Það gladdi ömmu þína mjög þegar þú hringdir á afmælinu. Ásgeir kom og Auður hringdi líka. Mamma ætlaði ekki að hafa boð. Þess í stað komu þeir sem vildu, Árni Geir og Hólmfríður, Palli, Fríða og Lára, Siggí og María og svo auðvitað Dídí og ég. Mamma þín var á einhverri ráðstefnunni - auðvitað. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 14.10.1993.

-- Aðeins fá orð með þessari snældu. Gaman að senda bréf á þessa nýju adressu. Það hverfi sem þú hefur sest að í er eftirminnilegt. Að vísu virtist algjörlega bannað að fara inn á þjóðskjalasafnið, en ég mændi inn á milli rimlanna, sannfærður um að þar væri geymt svarið við spurningunni um hvarf Kristjáns Gunnlaugssonar Briem.

Mér er minnisstæð gatan Rambuteau, einnig að líta upp eftir Turbigó í áttina að République. Ég snarruglaðist þega ég kom út úr kirkjunni hjá Pompíðousafninu, vorum reyndar að finna Pl. Vosges og vorum ekki svikin. Komum þangað reyndar tvisvar, hitt skiptið þegar við vorum að leita að skemmtilegu litlu Picassosafni.

Ég vona að þér búnist vel í París og leiðist ekki einlífið.

Eggert Ásgeirss. skrifar Bo Almquist. Rvík. 14.10.1993.

Ræðir um ferðina til Dublin og sendingu fyrstu bókpakkanna til University College. Í sendingunni voru 81 bók.

-- margt ágætara bóka, en einnig innan um og saman við, drasl sem ég veit ekki hvort telst til þjóðsagna. Aðrar eru ljótar. Þú gerir við vafabækur það sem þú vilt.

Þetta eru bækur sem við Sirrí viljum gefa University College, þ.e. þeirri deild sem þú vísar á. Gjöfin er, eins og þú manst, tilkomin vegna þeirrar hugmyndafræðis sem flaug fyrir að stofna einhvers konar þjóðfræðistofnun Norður-Atlantshafsins, þ.e. þeirra þjóða sem búa við hafið í N-Vestur Evrópu. Hvernig þeirri hugmynd hefur vegnað síðan, það veit ég ekki. En hver svo sem hugmyndin er styðjum við hana af alefli - ef þú hefur trú á henni. Kannski er þessi bókgjöf einhver stuðningur.

Svo þegar við skreppum yfir sundið í kringum páska getum við afhent gjöfina formlega. Okkar vegna er það ekki nauðsynlegt. En ef þú svo ákveður, þá skal svo vera. --

Við lifum í voninni um að þú kíkir til okkar fyrir jólin. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 18.10.1993.

-- Þegar þetta er skrifað ertu sennilega búin að mála herbergið og koma flestu í stand. Málningarlyktin er enn í nefinu og blettir á höndunum, á rúðum og fleiri óæskilegum stöðum. Þú ert með nokkra strengi, sem þó eru þægilegir, þar sem þeir minna á afrek helgarinnar og sem þú gumar af í skólanum og við helstu vini. Þér líður sem sé almennt vel vegna afreka þinna.

Við erum öll líkrar gerðar. Ég var líka að vinna afrek og er býsna ánægður með það. Ég get sagt hér heima - hvergi annars staðar - hve stóran hlut ég átti að máli - og allir trúá - eða samþykkja mín vegna. Við sem sé montum okkur af því við aðra, sem við gerðum heima eða í fjölskyldunni - og heima um það sem við gerðum í vinnunni.

Anna Karen² hringdi og spurði fréttu af þér. Henni leið ágætlega eftir uppskurðinn. Fjölskyldan hafði verið hjá henni og hjálpað. Jafnframt sagði hún að Þorfinnur hefði mikið að gera. Við mamma þín sögðum hvort við annað að það væri erfitt að vera gift syni Ómars Ragnarssonar. Það minnir á orðtakið: *Áður en maður giftist ætti maður að skoða tengdamóður sína vel.*

Já það komu tvö þúsund manns á afmælisþingi SÍR í Háskólabíói. Allt tókst þar með mestu ágætum. Ég hitti vini þína úr Elliðaárstöðinni. Spurðu þeir um líðan þína og nám; sögðust alltaf öðru hvoru rifja upp kynnin við þig. Ég talaði aðallega við þann háa og granna, sem ólst upp hér í götunni. Hann er að hætta störfum vegna aldurs.

Gunnlaugur Eggertsson Briem stóð sig aldeilis vel. Hann var af tölvumönnum langfaglegastur og skemmtilegastur, vel undirbúinn og með áhugavert efni um skriftarkennslu, liti og símaskrána, leshæfni hennar og möguleika í því efni.

Eftir þingið fórum við með útlendum gestum o.fl. í Perluna - sem aldrei skyldi verið hafa. Við blönduðumst þar inn í brúðkaup og urðum að hlusta á glymjandi ræður um brúðhjónin, ættakningu, skemmtiatriði o.fl., svo ekki var hægt að koma orðum yfir okkar

¹ Dalla Jóhannsdóttir (1968) dagskrárgerðarmaður. Þau Kjartan Pierre Emilsson bjuggu þá í París, síðar í Kína. Nú í Reykjavík.

² Anna Karen Hauksdóttir (1966). Starfar í Íslandsbanka. Ekki veit ég hvort hún var þá í Rvík eða í París. Þau Þorfinnur skildu síðar..

borð nema milli atriða. Maturinn. Hvernig heldur þú að það sé að borða skyr í súkkulaðikörfu með rifsberjasósu? Í því lentu útlendingarnir. Og voru ekki spurðir að hvernig hefði bragðast!

Eins og ég sagði þér áður var mamma þín út og suður fyrri hluta vikunnar. Hún kom sem sé með margar skemmtilegar fréttir í fásinni heimilisins. Nú verður hún upptekin í vikunni við undirbúning formannafundar Zonta og bauð þeim sem taka þátt í fundinum, 12 konum, hingað í mat á laugardag eftir fundinn. Ætlar að hafa *pásteik* og ís. --

Í fjölmiðlum hefur verið rætt um spillingu í opinbera geiranum, einkum í bönkum; bílaeign, útlandaferðir og bruðl almenningi mislíkar --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 18.10.1993.

-- Pabbi þinn var með stóru ráðstefnunna í Háskólabíói -- Þarna voru um 40 fyrirlesarar í öllum sölum -- Ég sat í stóra salnum allan þennan tíma og fylgdist með tækninýjungum í tölvumálum. Þarna hélt Gunnlaugur S E Briem fyrirlestur um leturgerð og held ég að segja megi að hann hafi verið bestur -- Hann var svo vel undirbúinn og gerði þetta svo skemmtilega að unun var af. Hann setti upp á tjaldid í byrjun mynd af kúlu, ferningi og pýramída og sýndi hvernig allir stafir eru myndaðir út frá þessum táknum.

Ég held að pabbi þinn megi vera ánægður. Þetta voru að miklu leyti hans hugmyndir á bakvið. --

Við höfðum það skemmtilegt í gær með Ásgeiri en Brynja er á kafi í ritgerðarsmíðinni. Við fórum að sjá skemmtilega sýningu í Þjóðminjasafninu, þá sem þið eruð búin að sjá með honum og Auði. Þetta var í áttunda sinn sem Ásgeir fer um sýninguna, enda var hann góður leiðsögumaður fyrir foreldra sína. Svo fórum við í kaffi til Palla og Láru -- skoðuðum endurbæturnar á eldhúsinu og fleira sem þau eru að baxa við, t.d. útgröft kjallara sem mér finnst algjör Kleppsvinna og Ingólfur er að vinna við.

Auður hefur verið í stöðugu símasambandi síðan hún fór. Þykir henni gott að ráðfæra sig við okkur í sínum ákvörðunum. Hún er sem sé flutt í stúdíóbúðina og hefur verið að mála. -- Hún er ánægð að byrja í skólanum og að hitta skólafélagana sem fögnuðu henni vel. Jójó og Óli voru að fara til Parísar og ætla að bjóða henni út í kvöld. Auður hefur staðið sig vel í viðureigninni við Gísla og hlakkar til þegar hún þarf ekki að hitta hann meir.

Félagsmálastarf í kringum Zonta er mátulega mikið. Það verður formannafundur á laugardag í Rvík. Þá koma saman formenn og varaformenn klubbanna fimm og bera saman bækur sínar. Um kvöldið bauðst ég til að hafa þær í mat heima.

Ég er ákveðin í að láta mér þykja þetta skemmtilegt meðan ég er í formannsstöðunni í klúbbnum mínum. Annars er ekki hægt að taka þátt í svona samtöku. Þetta eru líka yfirleitt allt mjög áhugaverðar og góðar konur sem sýna manni vinsemd og hjálpssemi.

Amma þín bíður spennt eftir ítarlegum fréttum af Jóhannesi Erni. Ég vil fá lýsingu á hvað hefur bæst við kunnáttu hans --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. Okt.?1993.

Þakkar kveðjur frá Glasgow með góðum fréttum. -- Ég skilaði til pabba þíns, að ef honum fyndist hann sveltur af fréttum frá ykkur, að taka bara upp símann -- Amma þín var hjá okkur þegar ég sagði þetta. Fannst henni þetta mjög sniðugt og spurði hvort hún myndi geta þetta. Pabbi þinn var búinn að útbúa mjög stórt letur fyrir hana, bæði með þínu númeri og Auðar. Hún hringdi svo í Auði í gær, kom upp til okkar á eftir, alveg stórmontin yfir að hafa getað þetta: *Ég vissi ekki að það væri svona auðvelt að hringja til útlanda, sagði hún. Hélt að ég þyrfti að fara niður á Landsímastöð!*

-- Við töluðum við Auði. Hún hafði þá verið búin að tala við þig og sagðist vera með sælubros á vör eftir að hafa trúað þér fyrir leyndarmálinu. Við vorum ekki búin að segja Ásgeiri og Brynju neitt. Svo þegar Auður hringdi frá Barselóna til að óska Ásgeiri til hamingju með afmælið, þá kom alveg flatt upp á hann að hún væri ekki í París. Við sögðum þeim svo frá þessu -- þegar þau komu til okkar. Við sögðum líka ömmu þinni frá þessu og var hún montin að vera trúað fyrir þessu. Vonandi verður Auður heppin í þetta sinn --

Við höfðum það rólegt um helgina. Pabbi þinn var að vinna við annað tbl. Oddfellowblaðsins sem hann skilar af sér á morgun. Ég sat við tölvuna á efri hæðinni og var að semja vinnureglur Zontaklúbbsins. Við skiptumst svo á handritum til að lesa og gagnrýna og svo er leiðrétt samkvæmt því.

Það er alltaf verið að tala um það í Zontaklúbbnum mínum að konur mæti og borgi illa og fleira neikvætt. Ég hef talað um að það þurfi að upplýsa konur betur þegar þær ganga í klúbbinn hvað Zontaklúbburinn er og til hvers sé ætlast af þeim. Þetta er efni sem ég er að semja. Segi frá hvað Zonta er og hvaða skyldur fylgi inngöngu. Nú eru tvær konur að ganga í klúbbinn -- ætla ég að reyna þessa aðferð á þeim. Ég kalla þær á fund með konunni sem mælti með þeim í klúbbinn og skýri þeim frá málum með hliðsjón af bæklingnum. Þá vita þær til hvers er ætlast af þeim og geta ekki komið eftir á og kvartað yfir öllu mögulegu. Þetta er ansi gaman og er eiginlega fyrirbyggjandi aðgerð. --

Ég var að tala við Jójó um fréttina að búið væri að ráða Jón Sigurðsson seðlabankastjóra til Norræna fjárfestingabankans. Nú vandast málið, hvern eigi að ráða í hans stað. Falla stjórnarmálameinirnir í þá gryfju, enn einu sinni, að hygla sínum mönnum, eða ætla þeir sér að ráða núna fagmann. Ég held ekki. Maður hefur orðið svo litla trú á þeim. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 21.10.1993.

-- komið að fyrsta bréfinu mínu héðan af Rue Chapon. Ég finn að ég er orðin óvön að skrifa á tölvuna mína.

Ég fer varla að byrja á byrjuninni, bæði eruð þið búin að heyra frá mér símleiðis um öll mín mál, næstum daglega, og þar að auki er ég búin að fá mig fullsadda af þessum kafla í lífi mínu. Honum er lokið og ég finn ekki neina þörf hjá mér að tjá mig um þessi leiðindamál. Þetta var erfiður tím eftir að ég kom hingað út, erfiðari en ég hafði gert mér í hugarlund, en eitthvað sem var óhjákvæmilegt að takast á við. Eftir á að hyggja er ég ótvíræður sigurvegari í þessu máli og þungu fargi af mér létt núna, þegar þessu er lokið.

Og nú er ég búin að koma mér fyrir herna í litlu íbúðinni minni, eða svona nokkurn veginn. Ég er búin að mála herbergið og ætla að taka eldhúsið um helgina. Og það verður ekki annað sagt en að mér líði vel herna. Ég var að hengja upp myndirnar í dag og þetta er orðið svo notalegt að ég finn að þetta er minn staður, hér líði mér vel. Íbúðin er passleg fyrir mig og mitt hafurtask og svo gæti ég ekki verið á betri stað í bænum. Ég er fimm mínútur að labba ofan í bæ, svo á ég marga góða nágranna sem er stutt að skreppa til í kaffisopa. Ég er líka svo aktiv að tala við fólk að ég held að ég hafi ekki farið í svona mörg kaffi- og matarboð síðan ég kom hingað í byrjun mánaðarins, á öllum þeim tíma sem ég hef búið hér í borginni. Ég túlka það svo að allir séu fegnir að hitta mig loksins eina, án þess að drösla þessum leiðindakalli með mér. Haldið þið að þetta sé rétt skilið hjá mér?

Já ég er búin að vera mikið meðal fólks, dugleg að hafa samband, og fólk er duglegt að hafa samband við mig. Smám saman róast allt og yfirvegun kemst á lífsmynstrið. Skólinn á eftir að taka meira pláss eftir því sem líða tekur á veturinn. Ég finn hjá mér meiri þörf nú, en nokkru sinni að umgangast fólk. -- Ekki er gott að einangrast í stórborg og ekki skrítið að þegar maður er orðinn einn, þá sæki maður í félagskap utan veggja heimilisins. -- Það var gaman að hitta fólkið í Íslendingafélaginu. Það var gaman að hitta fólkið þarna. Ég bjó mig vel út og ætlaði að ganga á áfangastað, en þegar ég var búin að ganga í eina mínútu, var ég komin.

Þá segir hún að Anna Karen og Þorfinnur Ómarsson séu skilin.

-- Mér brá, enda er það ekkert grín þegar börn eru -- auðvitað önnur kona í spilinu. Mikið þótti mér slæmt að vera svona langt í burtu, því ég hefði viljað vera hjá henni og styðja --

Ég sendi fyrsta faksið til útvarpsins í morgun um Kjartalssýninguna og ljóðakvöld sem var hér um daginn. Svo -- hringdi hún Jórunn á rás 1 og þakkaði fyrir og sagði að þetta hefði verið í þeim dúr sem þau hugsuðu sér, og ætlaði að lesa þetta upp strax um kvöldið. -- Svo þarf að loka bankareikningum okkar Gísla og fá videotækið. -- Ég er orðin sjálfstæð kona og gott að fara sínar eigin leiðir -- alltaf eitthvað að hlakka til. Bið að heilsa -- án ykkar væri ég ekki í því jafnvægi sem ég er í dag -- og að mennta mig. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 25.10.1993.

-- Það var gaman að heyra fyrsta pistilinn þinn í þættinum KVIKU -- Amma þín heyrði líka í þér og var aldeilis stolt. Þú hefur svo leikandi léttan stíl að maður fær það á tilfinninguna að þú hafir lítið fyrir þessu. --

Við erum búin að hafa skemmtilega helgi. Nú byrjar helgin hjá mér á hádegi á föstudögum -- þá fór ég að leggja á borð fyrir Zontakonur, en ég hafði lofað að bjóða heim í kvöldmat eftir formannafundinn. -- Það voru níu konur, sem komu, fjórar frá Akureyri, tvær frá Selfossi og restin úr mínum klúbbi. Mikið var þetta skemmtilegt boð og sannarlega konur sem nutu þess að hittast og gefa frá sér. Pabbi þinn fékk að bera fram fordrykkinn og fór svo að sjá leikritið: *Býr Íslendingur hér?* Hann var ekki nógu hrifinn af því, en hitti svo marga í leikhúsinu að hann var spurður hvort hann þekkti alla!

Sigrún Karlsdóttir kom með svo fallegan blómvönd og svo var svo mikill afgangur af *pásteikinni* að við buðum til annarrar veislu í gærkvöldi. Þá komu Ásgeir og Brynja, amma Fríða og Dídí. Það var mjög velheppnað og skemmtilegt. Dídí tók þó tvær langar og leiðinlegar rispur í lokin en sem pabbi þinn gat sansað, en úr því varð dálítið leiðinlegt stagl, eins og þú þekkir. Sem sagt: samt skemmtileg og ánægjuleg stund. --

Segir frá barnasundi sem Dagur fer með Jóhannes í. Gekk erfiðlega fyrst. Þau eru að pæla í framhaldsnámi í BNA. Bað hann okkur um að spyrjast fyrir um lánsmöguleika. Hann fer með stofunni til Glasgow.

-- Við hlustuðum á Elly Vilhjálms í þætti hjá Jónasi Jónassyni -- við tókum hann upp og þú færð senda spóluna, -- Mikið var hún skemmtileg, orðheppin og eðlileg. Sú var ekki að ofmetnast af frægðinni. Það var ekki komið inn á hennar einkamál nema hver maður hennar væri og hve mörg börn hún ætti. Ég var svo að fréttu að sonur hennar, sem stór mynd var af í DV um helgina með frétt um að verið væri að dæma hann í lífstíðarfangelsi fyrir morð. Þetta er sonur hennar og Eyþórs Þorlákssonar, fyrsta mannsins hennar. Mikið hlýtur þetta að vera erfitt og hafa reynt mikið á hana. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 1.11.1993.

-- Vertu velkomin aftur frá Spáni. Ég vona að það hafi verið ánægjuleg heimsókn, menningar- og persónulega. Þakka hjartanlega gott og skemmtilegt bréf. Furðulegt má heita hvað bréfaskriftir eru liprar þó allt gangi á víxl, símtöl og bréf.

-- nota sumarleyfið til að skrifa Oddfellowblaðið. Fyrsta blaðið undir minni stjórn kemur út í dag. -- Dróst tólf daga umfram áætlun. Því miður er allt blaðið skrifað af mér. -- vonandi breytist það þegar aðrir taka til skrifta. Ég taldi saman fyrirleggjandi efni fyrir næsta tölublað og reyndist það einmitt fylla annað tölublað. Þannig að ég get farið að gera fleira skemmtilegt. --

Við sáum Jónsmessunæturdraum Shakespeare hjá Nemendaleikhúsinu. -- ég dottaði, en hresstist annaðhvort við hvíldina eða betri leik. Sumir leikararnir eru frábærir. Leiðigjarn verður Benedikt Erlingsson, tilgerðarlegur með afkáralegan munnsvip. Leikarar eru stundum í vandræðum með hendurnar á sér og hvernig þeir horfa hver á annan. Benedikt er sá fyrsti sem ræður ekki við tunguna á sér. Hún er ýmist úti eða inni, glitti á hana þversum eða langsum. En það skipti ekki máli. Hinir leikararnir, einkum stelpurnar voru afbragð.

Um daginn komu tveir frændur okkar frá Toronto í Kanada hingað í heimsókn. Einstaklega ánægjulegir gestir, léttir í lund, einlægir og þægilegir. Pabbinn, John Briem,¹ minnti mig mjög á suma frændur, rólegur, ekki þegjandalegur, en gat vel þagað. Það var sem sé ekkert óþægilegt þótt hann fletti allri Briemsbókinni. Einhvern tímann var sagt að sönn vinátta væri fólgin í að geta

¹ John Briem (1938). Hann var sonur Ólafs Briem (1904) frá Grund í Fljótsbyggð er starfaði sem auglýsingastjóri í Toronto. Ólafur var sonur Jóhanns Briem (1845-1938) bónda á Grund í Fljótsbyggð sem fæddur var á Grund í Eyjafirði, sonar Ólafs Briem (1808-1859) timburmeistara á Grund og Dómhildar Þorsteinsdóttur en þau dóu frá stórum barnahópi sem dreifðust milli ættingja og vina og settu spor sín víða.

þagað saman! Heimsóknin minnti pínulítið á það spakmæli, sem má nefna, ef það er ekki lagt út á verri veg -- því þetta var einstaklega ánægjulegt. John er tölvufræðingur hjá stærsta heyrnartækjasmíð í heimi: *Starkey* og var sendur hingað til að koma af stað sölu á heyrnartækjum. Bauð hann okkur til Toronto svo ég gæti keypt mér besta heyrnartækið. Hann var með eitt og þótt ég kíkta inn í hlustina, þá sá ég það ekki og hafa orðið miklar framfari hvað varðar brenglun á hljóði. --

Segir frá frændaveislu hjá Palla og Láru þar sem menn glöddust mjög og María hans Sigga Líndal bauð þegar til annarrar veislu.

Ingólfur Pálsson er byrjaður í tölvutækni í Iðnskólanum -- vantaði tölvu og lánuðum við honum aðra tölvuna okkar.

Segi frá veislu hjá Herðsi og Gunnari Biering þar sem Bieringssystkinin voru. Gunnar fræddi mig um sögu fjölskyldunnar og sýndi mér bréf frá Jóni forseta.

-- Í gærkvöldi voru hér Jóa amma þín, Stella og Ásgeir, en Brynja var með saumaklúbb. Var hér mikið skemmtilegt, sérstaklega Ásgeir. Mamma þín heldur fram að hann njóti sín því betur sem minni samkeppni er um orðið. --

Segir frá því að tvö frændsystkini Sirrjár séu að draga sig saman.

-- Það er ekkert hjá lýsingum Gunnars Biering á hinum dönsku kaupmannsættum þeirra systkina. Voru reyndar allir á Íslandi og fóru ekki út fyrir landsteinan. Ég held að hann hafi sagt að ekki væri dropi af íslensku blóði í þeim nema börnum þeirra fjögurra systkina, sem reyndar eru ekki nema tvö, auk tveggja kjörbarna. --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 2.11.1993.

Bréfið fjallar sem vænta mátti að mestu um Jóhannes Örn og þroska hans og athöfnum öllum, barnasundi o.fl.

-- Það er skrýtið að jólin séu á næsta leyti. Tíminn líður svo hratt þegar maður er önnur kafinn. Þá er það undarlegt að hugsa til þess að ég verði ekki í foreldrahúsum á jólinum í ár. Svona taka hlutirnir stakkaskiptum þegar nýr ættliður lítur dagsins ljós -- verður að skipuleggja hluti langt fram í tímann. Það má því búast við að maður verði á Íslandi á jólinum þar á aftur. --

Jóhannes Örn kominn í kjöltu hans og slær á lykklaborðið.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 7.11.1993.

-- Já, þetta er búin að vera ótrúleg vika, skemmtileg og góð -- Ég er eiginlega háf-rugluð að vera komin aftur hingað heim og halda áfram mínu venjulega lífi. --

Ég lagði sem sagt af stað á sunnudag fyrir viku. Ég átti að vera mætt á DeGaulle-flugvöll um níu. Þegar þangað kom sá ég hvergi merkt á töflum neitt flug til Barselónu. Fór í upplýsingar og þær urðu skrýtnar á svipinn þar, þegar ég sagði þeim að ég ætti flug til Spánar, því það er bara flogið til Barselónu frá Orly-flugvelli. Þá fóru þær að athuga miðann minn nánar, viti menn! Svona nokkuð kemur bara fyrir hana Auði og enga aðra, miðinn minn var til Leeds á Englandi, þann 2. nóv. en ekki til Barselóna þann 31. okt. Og miðinn var ekki einu sinni á mínu nafni! Og þær byrjuðu að hringja út um allar trissur, en það var auðvitað ekkert sem þær gátu gert, því þetta voru mistök ferðaskrifstofunnar. Eftir mikil samtöl sögðu þær mér að fara yfir á Orly, eftir að búið var að láta vita að ég kæmi ekki á umsömdum tíma. Var mér sagt að kaupa nýjan miða og fá svo hinn miðan endurgreiddan þegar ég kæmi til baka. -- Þurfti að fara heim og bíða -- allt fór vel á endanum.

Á flugvöllinum í Barselóna tók á móti mér Axel¹ og húsmóðirin á heimilinu. Hann vinnur hjá fyrirtæki við að dreifa og selja saltfisk á Spáni og víðar í Evrópu. Fyrirtækið er rekið af hjónum og býr hann hjá þeim, og þar af leiðandi ég líka. Þetta er nú meira finiriís húsið, í miðri borg, risastórt og fínt. Herbergin eru öll svo stór að maður er eins og dvergur sjálfur. Mér var vel tekið af öllum, allir orðnir spenntir, greinilega, að hitta þessa Auði, búnir að æfa sig að bera nafnið mitt fram rétt. Þarna var líka Ásgeir, bróðir Axels, með mann frá Noregi, úr fiskfyrirtækinu þar. Þetta er allt mjög flókið mál með þessi fiskfyrirtæki öll sömul, og mikið talað um fisk. En, sem sagt, þá var mér í alla staði mjög vel tekið og við sátum öll og spjölluðum fram á nótt.

Næsti dagur var frídagur og fórum við þá öll oní bæ, í sýnistúr um Barselóna. Við gengum um gamla bæinn og Albert, húsbóndinn, sagði okkur sögu alls sem fyrir augu bar. Við enduðum svo inni á voða fínum veitingastað, sem er með íslenskan fisk og fengum okkur hádegismat, auðvitað saltfisk. Þetta var allt mjög skemmtilegt, nýr heimur og var verið að útskýra fyrir mér hvernig þetta fúnkeraði allt saman -- Svo fórum við heim að borða kvöldmat. Ég held ég hafi aldrei á ævi minni borðað jafn mikið, þetta er mikið matfólk, enda húsbóndinn í laginu, eftir því.

Morguninn eftir var ég upp á eigin spýtur -- fékk mér morgunverð, sem hún Teresa (vinnukonan) gaf mér. Hún talar frönsku og á hverjum morgni, yfir morgunverðinum, sagði hún mér hvað ég ætti helst að skoða í borginni. Það var voða gott að fá svona leiðbeiningar hjá innfæddri. -- Þannig að ég fór oní bæ -- Á þriðjudag hafði verið fundur með norskum saltfiskframleiðendum og farið út að borða um kvöldið á voða fínum stað. Ég hef aldrei vitað aðra eins máltíð, sem stóð frá átta um kvöldið til þrjú um nóttina, allan tímann var verið að borða hinar og þessar útgáfur af saltfiskréttum. Ég er viss um að réttirnir hafi verið að minnsta kosti tólf. Þetta var mjög skemmtileg samkoma, ég með góðan borðfélag, mann á besta aldri frá Tromsö. Við spjölluðum saman um alla heima og geima allt kvöldið. Var mér hugsað til þess að ekki hefði ég nú getað spjallað svona við manninn ef ég hefði ekki fengið svona góða þjálfun heiman að, úr öllum þessum skandinavísku boðum, sem hafa verið á heimilinu gegnum tíðina. Án þess hefði ég ekki getað sagt margt. En þetta var allt saman mjög skemmtilegt.

Og svona liðu dagarnir. Ég fór út á morgnana að skoða. Einn daginn falletg klaustur í útjaðri borgarinnar, sem heitir Pedralbes. Þar er búið að opna sýningu allra frægu meistaranna frá 13.-17. öld. Merkileg sýning, ekki síst þetta fallega klaustur. Ég skoðaði

¹ Axel Pétur Ásgeirsson (1965), kvikmyndagerðarmaður frá Ólafsfirði, þá starfandi við fisksölu í Barselóna.

líka nútímalistasafnið og fleiri söfn sem ég hafði ekki séð áður (eins og Miró). Verst var að það er stór Mirósýning í New York núna, svo öll merkilegustu verkin voru ekki þarna. En á hinn bóginn sá ég bara önnur verk, ekki síður merkileg.

Á kvöldin, eftir að mannskapurinn kom heim úr vinnunni, þá borðuðum við öll saman og svo fórum við Axel í bæjarferð eða gerðum eitthvað skemmtilegt. Síðustu helgi -- fórum við út fyrir bæinn og í Gádí-garðinn. Allt í svo fínu ástandi eftir ólympíuleikana, fínt og fágað.

Þannig leið vikan mín í Barselóna. Mér leið svo vel þarna, að það var alveg ótrúlegt. Ég var eitthvað svo afslöppuð, en samt dugleg að skoða. Þetta var stundum draumi næst, allt saman. Og það verður líka að segjast að eftir þessi betri kynni af Axel, þá er ég ekki minna hrifin af honum en áður.

En nú er ég komin aftur hingað í íbúðina mína í París. Og lífið heldur áfram. Það var langur dagur hjá mér í skólanum í dag, ég var ekki komin heim fyrr en að ganga níu. -- Ég get ekki sagt að það hafi verið lognmolla upp á síðkastið.

En nú verð ég bara að bíða og sjá hvað setur, hvernig mál þróast. Það er líklega ágætt að hafa þessa fjarlægð, en þó er ekki víst að það hafi neitt að segja. Er maður ekki alltaf jafn vitlaus. -- Stundum finnst mér eins og þetta sé allt of stuttur tími fyrir mig, ég megi ekki æða út í neina vitleysu. En á hinn bóginn er ekki hægt að stoppa allt, gera aldrei neitt frammar í lífinu, bara vegna þess að ég lenti á einum vondum manni. Þá er nú varla þar með sagt að þeir séu það allir. Þetta er allavega það sem þið sögðuð mér í sumar, að ég mætti ekki vera hrædd við að stofna til nýs sambands. Reyni ég að hafa þau orð að leiðarljósi. Það vissi náttúrulega enginn að þetta gerðist svo fljótt og nú eru náttúrulega allir lafhræddir við þetta allt. En ég held að þetta hjálpi mér, mér líður voða vel. Það er góð tilfinning að láta þykja vænt um sig. Meira get ég nú varla sagt. Því ég sé ekki inn í framtíðina, guði sé lof fyrir það.

Ræðir mögulegan tíma sem foreldrarnir gætu komið í heimsókn til Parísar. Getur ekki séð prófin fyrir og segir að mikið sé að gera hjá mömmu sinni bæði í vinnu og félagslífi. Stingur upp á að bréfið verði leyndarmál um skeið.

-- Það er nauðsynlegur hluti af lífi mínu hér að vera í stöðugu sambandi við ykkur, bréfléiðis eða símleiðis. Ég veit að pabbi fussar yfir þessu með símann, en ekki hefði ég viljað vera án hans þegar mest gekk á herna í upphafi. Þannig að við skulum ekki bölvast honum mikið. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 8.11.1993.

-- Æ, hvað það var gott að heyra röddina þína í gær. Ég verð innan um mig ónógur þegar ekki koma fréttir frá þér á einn eða annan hátt. Og að setjast niður við að skrifa er ekki eins skemmtilegt þá, verður vélrænt og vandræðalegt eins og ég sé að tala við sjálfan mig. --

Spennandi verður að heyra hvernig sundferðin gengur hjá Jóhannesi. Það er hálf óþægilegt að hugsa til þess að börn séu látin kafa. En hann er í góðum höndum. --

Það var viðtal í útvarpinu við Bo. Hann var að lýsa bókunum sem til eru í safninu hjá sér. Blaðamaðurinn spurði hvort ekki væri varasamt að geyma svona verðmætar bækur í safninu. Hann svaraði því til að enginn á Írlandi vissi hvað þær væru merkilegar, nema hann sjálfur. Sagði svo að Eggert vinur sinn og Sirrý kona hans hefðu sent þjóðsagnabækur sem væru í pósti og myndu afhenda þær um páskana.--

Segir frá skemmtilegum leik Hugleiks í Tjarnarbíói. Stútungasaga hefði verið stórgott verk, sem hópurinn semur sjálfur, en það var sýnt í fyrri.

-- Þessi leikur hét: *Þess bera menn sá!* Setningar óðu uppi, eins og: *Ég sá bera menn bera menn.* Síðan hefur verið erfitt að tala saman á heimilinu, reyndar alveg vonlaust á köflum þar sem við höfum gripið til hugleikja eins og þegar við vorum á leið í afmæli Ásgeirs. Þá sagði mamma þín: *Nú fer senn að verða hál,* og fékk svarið: *Já hál(f)t um hál(f)t.*

Svona er alveg upplagt fyrir þá sem eru hallir undir *briemsbrandara* (ég ætla ekki að skilgreina þá) því ekki er tekið mark á mér og jafnvel haldið fram af vissum persónum, mér óskyldum, en þó vandabundnum, að ég sé briemsbrandari. Sem ég er ekki - held ég. --

Héðan er sem sé allt gott að fréttu. Mamma unir sé bærilega og fer ekki neitt - flygist með stjórnámalum. -- Dídí er í besta skapi, talar alveg rosalega þegar hún kemur í heimsókn - en er bara góð. Ég kom til hennar í heimsókn á laugardaginn og varð að rjúka burtu þar sem brotist hafði verið inn í TFÍ og mamma þín þar að bjarga málum. Dyrakarmur skemmdur, faxi stolið en ekki öðru. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 9.11.1993.

-- Það var undarleg tilfinning meðan þú varst í burtu -- eins og þú værir horfin í eina viku. Mér fannst ég vera að heimta þig úr einhverri óþekkttri veröld þegar þú hringdir.

Héðan er -- tíðindalítið. Í kvöld er Zontafundur hjá mér. Þetta er svokallaður vinnufundur, en þá er ekki matarfundur. Þá sitjum við yfir kortagerð, röbbum saman og fáum okkur samloku einhverntíma kvöldsins. Konum finnst þetta mjög skemmtilegt og við náum öðruvísi saman. Það sem að mér snýr er að setja fundinn og skýra frá því helsta sem hefur gerst í félagsmálum frá síðasta fundi. Mér er farið að finnast þetta léttara og skemmtilegra með hverjum fundi. --

Segir frá 31 árs afmæli Ásgeirs þar sem var fjölskylda Brynju og við sáum tvíburabróður hennar í fyrsta sinn. Brynja vinnur við ritgerðina sína og verður útskrift 6. febrúar.

-- Ég get sagt þér að ég hef ekki komið mér til að hringja í Önnu Karenu eða hafa samband við hana Mér finnst svo erfitt að tala um svona mál og fór að hugsa að kannski væri allt komið í lag.¹ --

Það er ekki að tíðindalítið hafi verið á vígstöðvum TFÍ. Það var hringt til mín á hádegi á laugardag og var það Svend sem sagðist vera uppi á skrifstofu. Það hefði verið haft samband við hann vegna þess að brotist hefði verið inn í skrifstofuna. Lögreglan var á staðnum þegar ég kom skömmu seinna. Hafði verið farið inn bakatil í húsið á lagerinn hjá Ásgeiri Sigurðssyni. Þar er lyfjabúr sem brotist var inn í en engu sýnilegu stolið, enda eru þeir ekki með lyf sem sóst er eftir. Síðan var greið leið upp í stigaganginn því hurðin var ólæst og hægt að labba beint inn. Þjófarnir hafa notað kúbein til að þvinga hurðina hér upp, hún og karmurinn skemmdur -- ekkert skemmt og ekki hreyft við neinu en faxtækinu stolið, sem ég sé mjög eftir. Þetta er samt allt tryggt upp í topp þannig að við fáum þetta bætt. -- þessi tegund er ekki lengur til -- Það nýjasta er tæki sem tekur venjulegan ljósritunarpappír, en þá er maður kominn upp í þrisvar sinnum dýrara tæki. Teitur í Griffli kom til mín í gær og sagði að það hefði verið kastað steini inn um útidyrhurðina hjá honum, farið inn, en engu stolið. -- könnum þjófavarnakerfi. --

Dagur hafði farið með arkitektastofunni til Glasgow og gekk það allt vel.

-- Jójó og Óli borðuðu hjá okkur -- Það var gaman að fá þau og mikið grínast. -- Við vorum að fastákveða Írlandsferðina um páskana --

Nú þarf ég að fara í bankann -- hlakka til að fá bréf -- með allri ferðasögunni. --

Auður Eggertsdóttir skrifar Friede P. Briem. París. 14.11.1992.

Elsku amma! -- Þakka þér fyrir að hafa hringt til mín. Ég skrifa samt bréf fremur en að hringja. En gaman var að heyra röddina þína. Af mér er allt gott að fréttu. --

Segir frá önnur í skólanum sem nú er byrjaður af fullum krafti með nýjum kennurum. Svo segir hún að vel fari um sig í íbúðinni, hún búin að standsetja hana, og finnst nú býsna fínt hjá sér.

-- Annars er vinskapurinn við Sirrí og Jóa mjög mikilvægur fyrir mig. Það var hjá þeim sem ég bjó í haust og þau voru mér svo hjálpleg. Það er nú meira hvað þau eru góð við mig. Alltaf er ég velkomin til þeirra og ég boðin í mat og jafnvel að gista. -- Við Sirrí tölumst líka við daglega í síma. Mamma hennar er hjá henni núna, því þau eiga von á barni á næstu dögum. Mér finnst kannski sérstaklega vænt um þennan vinskapa af því að við Sirrý erum frænkur. --

Segir líka frá því að hún hafi hitt Steinu og Fróða í Dalsgarði sem eru þarna með Birtu dóttur sína í heimsókn hjá Rögnu dóttur sinni sem þar er við nám.

-- Ég sé þig alltaf fyrir mér þar sem þú situr og hlustar á hljóðbók og leggur kapal. Svo heyri ég hláturinn þinn þegar koma skemmtilegir kaflar. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 15.11.1993.

-- Gaman var að heyra hvað þú varst glöð og ánægð. Þá var hún móðir mín - hún amma þín - heldur en ekki glöð - reyndar í sjöunda himni - þegar hún kom upp til okkar eftir að hafa unnið það stóra afrek að hringja til þín. Hún gaf líka svo skemmtilega lýsingu - þú sitjandi heima við sauma - allt svo idylliskt í snjókomunni. Já auðvitað gerði maður sér í hugarlund að það væri snjókoma hjá þér - hér var alhvítt. Já glaðari ömmu gat ekki þetta kvöld. Þá var hún heldur en ekki hissa á að hægt væri að búa út svo stórt letur í tölvu að hún gæti lesið það berum augum. --

Palli og Fríða komu til mömmu í gær. Lára er í Ameríku á vegum Flugleiða. Þau voru einmana! Palla var mikið niðri fyrir og hafði merkilega sögu að segja! *Vissir þú að Guðmundur afi hefði átt eitt barn í viðbót?* Ég vissi það náttúrlega ekki, hélt raunar að slíkt væri úr sögunni svona 90 árum síðar. 1903, þrem árum fyrir dauða sinn, hefði hann eignast son með vinnukonu, en vinnumaður gengist við honum. Þetta sagði honum kona sem var á einhverjum barnavandræðafundi með Palla, tengdadóttir Ágústssonar, þess sem um var að ræða. Sem var svo einstaklega geðug og augsýnilega hafði haft eitthvað mikið að segja. Sagði hún þær vísbendingar að hann hefði ungar verið þjónn eða matsveinn á skipi sem Kristín í Nesi hefði verið farþegi á til útlanda (*það hefur þá verið 1919, eina skiptið sem hún fór*). Þá hefði hún látið í ljós að hún vildi að annar en Ágúst þjónaði sér til borðs. Hin vísbendingin var sú að sonarsonur Ágústar, sonur sögukonunnar, hefði gert hreint ungar hjá mömmu. Hefði hún þá sagt að hann minnti sig á einhverni!! Þetta var alveg ágætt; skemmtilega síðbúin frétt - og Palli í uppnámi. Ætli hann bjóði ekki frændliðinu heim fljótlega?

Mér fallast svo hendur við þetta, heimsfréttirnar með öllum vandræðamálunum, mengun og ofbeldi, falla gjörsamlega í skuggann. Ég veit varla hvað mikið ég get sagt í viðbót í þessu bréfi. -- Hvílík skömm hjá bréfaskrifaranum hræðilega. --

Brynja og Ásgeir borðuðu með okkur. Það var skemmtilegt kvöld, rólegt og þægilegt. Mér hefur sjaldan liðið betur í róleghættum, sem ekki eru alltaf minn stíll - nema fyrir sjálfan mig. Þau virtust njóta hvors annars og að vera hér. Höfðu fengið bréf um að fylla út í Thorarensættina. Þær umræður voru fyrsta vísbending um að þau ætluðu sér að þramma æviskeiðið saman, eða ætluðu sér það á þeirri stundu. Lágu þau yfir Lögfræðingatalinu. Þar var Hilmar Thors skráður með samþýliskonu! -- og allt búið fáum mánuðum síðar!

-- Klukkan 8.15 og mál að rísa á fætur og dröslast í vinnuna eftir skemmtilega helgi með miklu skrifirí á báðum hæðum. Það hefur verið hlægilegt að sjá okkur sitt við hvora tölvuna. Svo þegar við vorum búin fengum við hvort öðru próduktíð og leiðréttum

¹ Sennilega er hér verið að tala um hjónaband hennar og Þorfinns Ómarssonar, en þau skildu, kannski um þessar mundir.

hvort hjá öðru, því án þess getum við ekki verið, fórum svo hvort í sína tölvuna til að færa inn leiðréttingarnar. Þetta er það sem Sonja Diego sér til okkar.¹

Mikið var gaman að heyra Barselónufréttirnar. Við sögðum annarsveggar B+Á og hinsveggar mömmu frá málinu (í trúnaði ströngum). Voru allir hrifnir af slíkum fréttum og amma þín rifjaði upp sæludagana frá Barcelona þegar hún sigldi þangað á Kötlu með saltfiskfarm. Svo bjó hún hjá Helga og Dorisi. Reyndar voru þau ekki lengi því fiskisalafrúin Doris var ekki beint gestrisin í alla stað. Það var fyrir 60 árum og bara ég sem man svoleiðis sögur. Neikvæður alltaf kallinn! --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 18.11.1993.

-- Axel hringdi í mig áðan og sagðist vera búinn að kaupa sér bíl. Vildi ekki segja mér meira, ég fengi að sjá hann þegar ég kæmi í jólafrúinu. Hann er jafnframt búinn að fá frí milli jóla og nýárs og þá planar hann að fara með mig í ferðalag á nýja bílnum. Hvað getur maður sagt við svona tilboði! Ég held ég hafi ekki verið góðu vön þegar maður hugsar til baka. -- Ætli ég þurfi ekki að læra allt upp á nýtt, því það er svo margt sem kemur mér í opna skjöldu. En það er líka góð tilfinning, því þetta er allt svo miklu betra (ekki getur það nú heldur verið verra). Ekki það að ég ætli alltaf að vera með einhvern samanburð, það má ég ekki, en ég get náttúrlega ekki varast það svona fyrst um sinn.

Pabbi bætti við handskrifuðu í bréfinu sínu, einhverju sem ég skildi ekki alveg. Hvernig er Axel í hátt? -- Ef þar er spurningin, þá veit ég ekki hvort ég er rétta persóna til að svara því. Ég sendi allavega myndir. -- Ég er voða feimin við að senda ykkur myndirnar og vildi gefa mikið fyrir að sjá framan í ykkur, þegar þið skoðið þær (ég veit að pabbi kemur með eitthvað Briemsgrín). En þið eigið nú rétt á að vita hvernig maðurinn lítur út sem stelur hjartanu mínu. Á hinn bóginn get ég ekki annað en brosað út í annað, því mér finnst svo spaugilegt að vera að skrifa mömmu minni og pabba allt um þetta mál og mínar tilfinningar. Ég hugsa að margur myndi láta það ógert. En kannski með tímanum, og þá sérstaklega eftir alla þá erfiðleika sem ég hef mætt, og þið hafið stutt mig svo ótrúlega að komast yfir, þá held ég að ég eigi auðveldara með að opna mig og tala við ykkur. Auðveldara en áður, held ég. Og því hef ég þörf fyrir að láta ykkur vita áfram, það á ekki að vera náíð samband rétt á meðan allt er erfitt, heldur framhald. Það er að minnsta kosti mín tilfinning Hvað ykkur finnst um allt þetta máli veit ég náttúrlega ekki alveg, ég veit að það er margt sem þið ræðið um ykkar á milli og ég fæ ekki að vita það alt. Enda hvað gætuð þið svosem sagt: Þetta er bölvuð vitleysa Auður, hættu þessu strax og skammastu þín. Það verður bara hver að treysta öðrum Ég er náttúrlega ekki búin að þekkja Axel lengi, og alls ekki nógu lengi til að koma með góða lýsingu á honum, en hann er góður maður, algjör andstæða annars manns, sem ég þekkti einu sinni. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 21.11.1993.

-- Þakka þér mikið vel fyrir þitt langa, skemmtilega og innilega bréf -- Svona eiga bréf að vera. Við vorum líka sannarlega orðin þyrst eftir þessu bréfi sem við vissum að væri á leiðinni. Það er voðaleg þína að hafa ekki fax. --

Þessi vika er búin að vera viðburðarík og skemmtileg. -- Amma þín er komin upp á lagið með að hringja til ykkar Dags og finnst það greinilega skemmtilegt. Hún kom upp til okkar eftir hádegisdag og sagði fréttir af þér eftir að hafa talað við þig í kuldunum í París. -- Hún notar greinilega hvert tækifæri sem henni finnst vel fallið til að hringja. Hún kom með sænska dúkinn sem þú gafst henni eftir fyrstu sumardvölinu í Torrskog - liljur vallarins, Hún sagðist hafa hellt niður í hann og þurft að þvo hann og strauja, og þá farið að hugsa sterkt til þín. Hún var svo hamingjusöm að heyra í þér og finna hvað þér leið vel - þótt kalt væri.

Í sömu ferðinni var hún að segja okkur að hún væri búin að velja sálmana sem hún vildi láta syngja yfir sér! Allt undir stjórn.

Þá vorum við boðin í kokkteilboði til Siggú og Hjaltu Geirs. Það var í tilefni þess að komin er út bók um kvenréttindahreyfinguna sem Siggú hefur verið að skrifa síðustu tíu árin. Þetta er falleg og áreiðanlega eiguleg bók, sem ég er búin að óska mér í jólagjöf. Þarna voru fjölskyldur Hjaltu Geirs og Siggú, vinkonur hennar og eiginmenn og svo margir skemmtilegir nágrannar, eins og Gunnlaugur Þórðarson. Það er skrytið að vera með Vigdís í boði, það kemur svolítið stífarí blær á samkvæmið. --

Gunnlaugur gekk um eins og flautapýrill, eins og alltaf, eirir hvergi lengi við að tala við fólk. En þarna bauð hann okkur sem sagt til veislu í hádeginu á laugardaginn og tilkynnti að hann ætlaði að hafa sviðalappir. Loftur (*Ólafsson*) sagði okkur að hann væri búinn að fá lánaðan „stóra pottinn“ hjá þeim. Fannst Hrafnhildi (*Höskuldsdóttir*) þetta svo ógeðslegur matur að hún ætlaði ekki að koma, sem hún heldur gerði ekki. Gunnlaugur sagði okkur þarna í boðinu að hann hefði séð sviðalappir auglýstar í einhverju blaði, keypti þær og sauð 130 lappir. Hann fékk lánaðan naglbít hjá Lofti, klippti af tærnar og verkaði þetta sjálfur. Þetta er alveg eins og svið á bragðið og ansi gott með rófustöppu.

Þarna hittum við aftur Hjaltu Geir og Siggú. Svo voru þarna Sísí (*Sigríður Þórðardóttir*), Haukur Heiðar, Loftur Ólafsson, Siggú og María. Egill Ólafsson og Tinna (*Gunnlaugsdóttir*) voru þarna og Herdís (*Þorvaldsdóttir*) fyrrverandi eiginkona og slatti af öðru fólki. Gunnlaugur tilkynnti alltaf ef einhver nýr gestur kom í boðið, hver hann væri og sagði þegar við komum inn: *Hér koma góðir nágrannar: Eggert Briem og Sigríður Sveinsdóttir.* --

Ég hef verið að leggja lokahönd á bækling fyrir Zontaklúbbinn. Hann er ætlaður til að leiðbeina og upplýsa væntanlegar Zontakonur um hreyfinguna og hvers sé vænst af þeim. -- Ég hef líka verið að semja pistil á ensku, því formenn þriggja klúbba eiga að ávarpa alþjóðaforseta Zonta þegar við klúbbarnir á Suðurlandi höldum henni hóf í Áttahasalnum á Hótel Sögu.

Ég er nú búin að þessu og var að æfa mig á pabba þínum áðan. -- Hann er aldeilis búinn að vera betri en enginn í þessum ritmiðum öllum. Annars hefur hann setið niðri og er að ljúka við tölublað af Oddfellowblaðinu.

¹ Sonja Diego (1936), sjónvarpskona, þýðandi, andbýlingur okkar.

Eins og ég sagði þér í símann er ég búin að ákveða að koma ekki í heimsókn í desember. Þetta er knappt hér vegna Zonta og vinnunnar og svo verður þú upptekin vegna skólans. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 21.11.1993.

Segir frá alls konar uppákomum, óveðri, lekavandræðum í húsinu og fleiru.

Og árlegu sviðalappa-jólaboði hjá Gunnlaugi Þórðarsyni.

-- Helgin hefur verið -- skemmtileg. Reyndar á kafi í vinnu. Við mamma þín höfum setið við tölvurnar, hist af og til, aðallega til að lesa yfir hvort hjá öðru og gagnrýna.

Mamma þín hefur verið að skrifa leiðbeiningabækling um félagarækt fyrir Zonta og ræðu sem hún þarf að halda fyrir alþjóðaforseta Zonta sem kemur hingað til lands --

Ég hef verið að ganga frá öðru tölublaði Oddfellowblaðsins. Sendi það frá mér eftir hálf tíma. -- Gengur útgáfan vel og sýnist fólk ánægð með blaðið. --

Við vorum í kokkteilboði hjá Siggju og Hjalta Geir. Það var haldið upp á útkomu rits um Kvenréttindafélag Íslands sem Sigga hefur unnið að í heil tíu ár, reyndar með öðru. Er þetta skemmtilega skrifað og vel útgefið verk. Var mikill fögnuður þar í húsinu og fjölmenni. Þau umgangast mjög skemmtilegt fólk. Var gaman að hitta bekkjarsystur mínar sem hafa skemmtilegan saumaklúbb, enda hljóta þær að reyna sitt besta með Vigdís í broddi fylkingar.

Í boðinu var Gunnlaugur Þórðarson. Hann bauð í sviðalappir -- það var eins og venjulega skemmtileg veisla, með skemmtilegu fólki, létt, eins og alltaf er í kringum þennan makalaus mann, sem orðinn er 74ra ára. Hann hlýtur að eiga gott framundan ef hann fylgir fordæmi Úlfars¹ bróður síns sem er að verða 85 ára og hefur enn opna lækningastofu og er trúnaðarlæknir hjá Flugmálastjórn. Hann var skemmtilegur í veislunni. Gunnlaugur hélt ræðu fyrir hverjum manni sem kom, lét hrópa húrra fyrir Siggju og kallaði okkur Sigga Línal báða Briem. --

Sviðalappir eru ágætasti matur, borðaður með rófustöppu. Húsið er eins og ævintýri, fullt af listaverkum, málverkum og höggmyndum. Langmest eftir Karl Kvaran.² Hann á eitt málverk og grafíkmynd eftir Herbin.³

Gestirnir voru skemmtilegir, eins og vænta mátti. Tvær dætur Gunnlaugs voru þar, Tinna⁴ gift Agli Ólafssyni⁵ og Snædís⁶ lögfræðingur, gift Sigurjóni Benediktssyni tannlækni á Húsavík. Ekki var Hrafn þar en Þorvaldur⁷ var þarna og seldi jólakerti til ágóða fyrir drengjakór Laugarneskirkju. Herdís Þorvaldsdóttir leikkona, fyrrverandi kona Gunnlaugs, var þarna og hjálpaði honum

Eins og vænta mátti var þarna Loftur Ólafsson. Hann er mjög góður við Gunnlaug og kann ógrynni af sögum um hann sem hann segir óspart. Gunnlaugur er inni á gaflum hjá honum og Siggja.

Amma þín er geysi ánægð eftir að hún komst upp á lagið með að hringja til ykkar Auðar. Ég útbjó fyrir hana blað með svo stórum stöfum að hún getur valið númerið og notað báðar hendur á símanum. Hún var aldeilis glöð eftir að hafa heyrt í ykkur, aðallega Jóhannesi. Svo hefur hún verið að tala við Auði, sem er ansi kalt í íbúðinni sinni í París. En henni líður vel, þrátt fyrir kuldann, ánægð og glöð. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 28.11.1993.

Segir frá prófi sem hún var í og var um Mesópótamíu.

-- Helgin er búin að vera ágæt. Að vísu tókst Glúmi Baldvinssyni að setja mig úr jafnvægi og ég ákvað að hata hann þangað til hann væri horfinn úr lífi mínu. --

-- Það var þannig að um síðustu helgi hringdi Bryndís kærastan hans í mig og segir mér að þau ætli að kaupa hillurnar og borðið á verði sem við vorum búin að sættast á. Ókey, sagði ég, þá þurfti ég ekki að biðja Jóa að sækja þetta fyrir mig þegar hann er nýorðinn pabbi. En það var alveg jafnmikið vandamál að fá þetta borgað, því þau eru alltaf að fresta því. Ég talaði við Bryndísi á miðvikudag og sagðist hún borga á föstudag, hún viti ekki nákvæmlega hvenær hún sé laus, hún muni hringja til mín milli hálf fjögur og fjögur.

Fínt, ég hljóp heim úr skólanum til að vera við símann, en auðvitað hringdi hún ekki. Þannig að ég hringdi í þau um kvöldið og talaði við Glúm. Hann sagðist ekkert hafa vitað um þetta, en það sé sjálfsagt að borga mér á laugardeginum. Svo bætir hann við: *Þú veist að við ætlum ekki að taka hillurnar.* Þá var mér nóg boðið

Ég spurði hann hverslags djöfuls rugl þetta væri, þau væru búin að hringja sérstaklega í mig og segjast ætla að taka þetta.

Ég vissi ekkert um það, sagði hann þá. Þetta er alltaf búin að vera hans aðferð, þykjast aldrei vitan neitt ef Bryndís segir eitthvað við mig. Ég spurði hann bara, hvort þau töluðu aldrei neitt saman, hvort þetta væri algjört sambandsleysi þarna hjá þeim.

¹ Úlfar Þórðarson (1911-2002) augnlæknir frá Kleppi.

² Karl Kvaran (1924-89) listmálari.

³ August Herbin (1882-1960) franskur listmálari.

⁴ Tinna Gunnlaugsdóttir (1954) leikari og þjóðleikhússtjóri.

⁵ Egill Ólafsson (1953), leikari og söngvari, sonur Óla sjóara (Ólafs Egilssonar (1924-2012), samstarfsmanns míns í Sogslínu og aldavinar.

⁶ Snædís Gunnlaugsdóttir (1952) lögfræðingur á Húsavík.

⁷ Þorvaldur Gunnlaugsson (1952) hagfræðingur.

Þú skalt ekkert vera að hafa áhyggjur af því að við tölum ekki saman, hreytti hann út úr sér. Ég sagðist ekki geta annað, þetta væri svo fáránlegt. Ég sagði líka að við hefðum getað sótt þetta um síðustu helgi, en það væri ekki víst að ég gæti fengið hjálp við það núna.

Það er þinn höfuðverkur, en ekki minn, svaraði hann. Hann er sá almesti dóni sem ég hef nokkurn tíma lent í. Þá lagði hann símann á. Ég talaði svo við Jóa, sem lofaði að hjálpa mér við þetta í dag, sem hann og gerði. En til að sýna ykkur eitt dæmið enn, hvað hann er ruglaður þessi maður, þá má ég til með að bæta eftirfarandi sögu við.

Hann sagðist ætla að borga mér fyrir rúmið í gær, laugardag. En hann sagði að þau ætluðu að fara í Versali, þannig að hann gæti ekki hitt mig fyrir en seinni partinn. Það var allt í lagi mín vegna og beið svo eftir að hann myndi hringja. Náttúrulega hringdi hann ekki svo ég hringdi upp úr. kl. fimm. Þá svaraði hann og sagði að þau væru að koma inn úr dyrunum.

Ég spurði hann hvernig hefði verið í Versölum.

Alveg stórkostlegt, sagði hann.

Það er ekki óalgennt að fólki finnist það, þannig að ég spurði eitthvað nánar út í það, hvort þau hefðu skoðað garðana.

Nei, sagði hann. Það hefði komið sér á óvart að það hefði ekki verið fleira fólk og að þau hefðu ekki skoðað garðana vegna þess að það hefði verið of kalt.

Síðan gat hann auðvitað ekki borgað mér þann daginn og sagði eins og hálfviti: *Tekurðu ferðatékka?* Eins og ég væri opinber stofnun. Það er hálmur í hausnum á honum, ég hélt að hver maður vissi að ferðatékkar ganga ekki manna milli.

Nema hvað. Síðar í dag, þegar ég var að baksa við að taka niður hillurnar hjá þeim, þá spyr ég Bryndísi hvernig henni hefði þótt í Versölum. Og vitið þið hvert svarið var!

Við vöknudum svo seint að við fórum ekki! Ég gapti bara og sagði henni það sem Glúmur hafði sagt mér, og var hún alveg hissa á honum.

Við Jóí vorum sammála um það á leiðinni heima að það væri bara ekki allt í lagi með höfuðið á þessum manni, svo mikið er víst.

Bryndís var mjög leið yfir þessu öllu saman, var að reyna að hvísla að mér án þess að Glúmur vissi af því. Auðvitað vissi hann þá alveg af því, hann skipti síðan um skoðun. Hún sagðist ætla að koma til mín á morgun, ein, og borga mér. Ég kvaddi hana síðan, gekk út án þess að kveðja Glúm. Nú er hann vonandi alfarinn úr lífi mínu. --

Það er skrítið að fara ekki heim um jólin. -- En mér finnst líka spennandi að prófa eitthvað annað, eitthvað nýtt Og svo langar mig líka mesta til að hitta Axel, ég verð nú að viðurkenna það. --

Mikið að gera í skólanum svo hún verður að lesa í jólafrínu. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 29.11.1993.

Sendi henni kvæði Jóns Helgasonar um vinnuna í Árnasafni. Sennilega er ég með því að hvetja hana í náminu sem er nú orðið frekar einmanalegri iðja en áður. En svo er önnur ástæða líka.

-- Eftir að þú fluttir í nýja hverfið verður mér oftast en áður hugsað til þín búandi í fornu menningarhverfi. Hugurinn hvarflar stöðugt til *Archives National* eða hvað sem það nú heitir. Þar er fólgið leyndarmál sem mig langar svo til að þekkja, en verður aldrei upplokið. En það skiptir engu máli. Mig varðar ekkert um það að vita. Ég á að geta gert mér í hugarlund og ort í eyðuna. Raunveruleikinn er miklu síðri hugmyndafluginu, það lyftir, sannleikurinn þyngir. Mér finnst ég oft vera á gangi í þessu merkilega hverfi - þótt einkennilegt sé - og það alltaf þegar ég hugsa til þín. Lýsingin þín á kuldunum - treflinum og lopapeysunni - er ljós indæl og hlý - þótt köld sé. Ég vona að þú unir þér vel og látir hugann reika, rólegan og yfir Íslandsála. --

Aðventukransinn er kominn á borðið og berst veikur ilmur frá honum - eða er það ímyndun. Það munar engu. Hugurinn heimtar ilm og fær ilm. Amaryllislaukarnir vaxa og einn stendur hér í blóma í stofunni, bleikhvítur. Annar stendur hjá Jórunni, ömmu þinni, og sá þriðji hjá Dídí. Síðan verður að gera upp á milli mömmu og Ásgeirs, því fimmti laukurinn bar einungis blöð og sá sjötti hreyfir sig ekki, uppreisnargjarn, vill ekki!

-- Við fórum í gær með Dídí -- hlustuðum á drengjakór Laugarneskirkju. Mikið var það fallett og hljómaði vel. Gaman að sjá foreldrana fylgjast með og dást -- og ömmurnar -- Enginn sá neitt nema drenginn sinn. Ég hreifst af að sjá þetta fallega unga fólk og laglegu drengi. Allt virtist *harmónera* svo vel.

Útstáelsi hefur verið heilmikið á okkur - einkum mömmu þinni. Hún snerist í kringum forseta Zonta International, samdi ræður og gaf út pésann. Allt gekk að óskum og gott betur. --

Sgir frá skemmtilegu boði hjá Guðrúnu Jónsdóttur þar sem aldeilis var tekið vel á móti okkur, miklu búið að breyta eftir búskiptin og allt til bóta.

-- Ró yfir - ekki þessi lífsháski og angist sem kraumaði undir meðan Páll lifði. Nú býr Stebbi¹ á efri hæðinni með sinni konu og tveim börnum. Í kjallaranum er dóttirin Anna Salka Jeppesen.² Hún bjó aldeilis til góðan mat. Unir sér vel í matreiðslunni, elskulegu stúlka --

Svo vorum við hjá Palla og Láru ásamt Óla og Guddu. Kári er í einhverju stórverki á Suðurnesjum.

¹ Stefán Knútsson Jeppesen(1967) blómakaupmaður á Akureyri

² Anna Salka Knútsdóttir (1961), veitingamaður í Reykjavík.

-- Ingólfur var með björgunarsveitinni á Nesinu tilbúinn að bjarga í ofsaveðrinu. En á Nesinu gerist aldrei neitt, miklu leiðinlegra að vera þar í sveit en í Reykjavík þar sem allt kemst í óefni ef vind hreyfir.

Ásgeir kom með þann fræga *Thomas Huber* -- Hann er listmálari og kom hingað til að mála. Hann er Þjóðverjinn sem lenti í raunum þegar hann var á ferð í Landmannalaugum í fyrri viku. Hann lenti í afsþyrnu veðri, ætlaði varla að hafa það af í tjaldinu í bleytu, undir snjófargi -- björgunarsveitirnar fundu hann -- Svo var farið að tala um kostnað í blöðum -- og peningagljýjan í augum, jafnvel sjálfboðaliðanna, byrgði þeim sýn er þeir gerðu sér vonir um að ná einhverju af piltinum, sem á ekkert nema myndirnar sem kannski björguðu lífi hans. Hann skildi bókstaflega allt eftir nema þær - afrakstur ferðarinnar, hluti af honum sjálfum. Hann hugsaði um eitt - aðeins eitt - að bjarga þeim. Það þýddi kannski það að hugurinn snerist síður um kuldann og vosbúðina. Það var virkilega erfitt fyrir Thomas að vera allt í einu orðinn skotspónn blaða, alþekktur -- Ungur viðkvæmur listamaður. Alvanur ferðalögum og harðræði hér og í Ölpunum ---

Bestu kveðjur frá okkur mömmu þinni til Axels.¹ Segðu honum að vera þér góður nú og ávallt. Þá sé ég vinur hans. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 29.11.1993.

-- vorum í skemmtilegu boði hjá Guðrún Jónsdóttur -- í tengslum við -- alþjóðaforseti Zonta kom hingað í heimsókn. Það er gaman að koma inn á heimilið hennar, en það hefur tekið stakkaskiptum frá því að Páll dó. Hún hefur misst eitthvað af málverkum og hlutum, en mér finnst heimilið fallegra. Stebbi býr á efri hæðinni með konu og tveim börnum. Anna Salka er í kjallaranum og auk þess tveir leigjendur. Húsið er þannig fullnýtt og hefur Guðrún tekjur til að halda því við. Hún virðist hafa nóg að gera. Er núna að vinna með fleirum að skipulagi Þingvallasvæðisins. Þarna var líka annar arkitekt sem hefur lært í París fyrir nokkuð mörgum árum Hann er giftur Zontakonu. Hann hefur ekki haft neitt að gera í langan tíma -- ekki er ástandið gott þar.

Hér hefur verið mikil rigningartíð næstum allan nóvembermánuð. Við héldum á tímabili að búið væri að komast fyrir lekann. En það lak smávegis niður á skrifborðið hans þabba þíns. --

Annars höfum við það gott. Ásgeir kom í heimsókn í vikunni með Þjóðverjann, Huber, sem kom í haust til að mála landslagsmyndir. Hann lenti í vandræðum þegar hann var kominn nálægt Sigöldu. Það skall á eitt af þessum óveðrum sem gegnið hafa yfir landið. Hann fenntí í kaf í tjaldinu. Hann var með neyðarsendi og kallaði á hjálp, en hún kom það seint að hann var búinn að bjarga sér næstum niður að Sigöldu. Björgunarsveitarmenn og fjölmiðlar fóru strax að tala um kostnaðinn við leitina. Tók hann sér það mjög nærri, því auðvitað er hann enginn borgunarmaður fyrir slíku. Ekkert var talað um kostnað áður en hann fékk neyðartækið í hendurnar. Pabbi þinn er alltaf að hughreysta hann og segja honum að taka þetta sér ekki nærri. Ásgeir kynntist honum eitthvað úti í München. Svo hafði hann samband við hann þegar hann kom og fékk að búa hjá þeim. Reglulega geðugur náungi.

Ásgeir var reyndar allt kvöldið að vinna á tölvu þabba þíns. Það hafði eitthvað klikkað í hans tölvu og hann þurfti að halda fyrirlestur morguninn eftir í hagnýtri fjölmiðlun í Háskóla Íslands. Við erum búin að fréttu að það hefði gengið vel hjá honum en honum fannst tíminn sem hann fékk of naumur.

Ég hitti konu sem sagðist hafa verið að hlusta á fyrirlestur hjá Ásgeiri í Kennaraháskóla Íslands um sameiningu Þýskalands. Hún hrósaði honum svo mikið hvað hann hefði verið skemmtilegur að ég var alveg að springa af monti. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 6.12.1993.

-- myndirnar dásamlegar. Við höfum setið með þær í höndunum frá því að þær komu, annað hvort saman eða sitt í hvoru lagi, dáðst að ykkur og yndislega drengnum -- falletgur glaðlegur; samspil foreldranna og hans eitthvað svo farsælt. -- Í dag verða teknar kopíur og sendar til Auðar. Tannburstamyndin verður að sjálfsögðu á heiðursstað á skrifstofu Tannlæknafélagsins. --

Við förum í fimmtugsafmæli á laugardag. Það var Sigurjón tannlæknir Ólafsson² sem átti afmæli. Hann er giftur Kristínu Briem³ frænku okkar -- sjálfstætt starfandi lögfræðingur. Þegar kom í félagsheimili TFÍ hafði rafmagnið bilað og allt lýst upp með kertum -- sá maður illa hverjir voru í boðinu. -- Loks komst rafmagnið í lag og þá sagði einn tannlæknirinn: *Mikið er gott að rafmagnið kom aftur. Þá sá ég að glasið mitt var tómt!*

Ég hafði gaman af að tala við Pál⁴ föður Kristínar sem er sonur Kristins, hálfbróður ömmu þinnar. Ekki hefur verið mikill samgangur á milli, enda mikill aldursmunur á ömmu þinni og Kristni og líka bjó hann alla tíð á Sauðárkróki þar sem hann var kaupmaður.⁵

-- Mamma er heldur leið á lífinu, tilbreytingalaus eins og það er. Þá verða allir smámunasamir og gera sér rellu út af flestu. Nú er það hitinn í ofnunum, en hún skilur ekki *termóstata* og slíka stýringartækni, gleymir alltaf að kalla á mig eða vill ekki ónáða. Þá er hún líka orðin óánægð -- gerir sér grillur út af smáatriðum, t.d. ef Hjördís kemur seint á morgnana. Þá er hún hrædd um hana og heldur að hún hafi lent í slysi. --

¹ Axel Pétur Ásgeirsson (1965). Hann hafði verið við nám í Frakklandi í kvikmyndagerð en nú í fiskviðskiptum í Barcelóna. Þau gengu í hjónaband 1996. Þjuggu með fjórum börnum á Ólafsfirði en nú hér á Bergstaðastr. 69. Stunda ferðamála- og fiskframleiðsluvélastörf. Hún í ferðamennsku.

² Sigurjón Ólafsson ((1943), tannlæknir og lektor.

³ Kristín Briem (1943) hæstaréttarlögmaður.

⁴ Páll (1912-2000) bankaútibússtjóri og hestamaður.

⁵ Kristinn Briem (1887-1970). Hann var hlédrægur maður en samt maður athafna. Var frumkvöðull í refarækt, gekkst bæði fyrir stofnun rafveitu og hitaveitu á Sauðárkróki. Ég minnti veitumenn þar á hans frumkvöðlastarf, en enginn slíkur þekkir eða vill vita neitt um söguna, uppteknir af eigin mikilleik! Aðeins meðvitaðir um hvenær þeir voru fæddir!

Auður Eggertsdóttir skrifar Friede P. Briem. París. 12.12.1993.

-- Ég gleymi aldrei setningunni sem þú sagðir við mig í eitt sinn af mörgum, sem ég kom til þín í sumar.

Þú sagðir: Auður mín. **Þú stóðst á hjargbrún, og þér var hjargað.** Það, amma, var sannleikur. Ég sá það kannski ekki svo vel þá, en ég sé það svo sannarlega núna og hugsa oft til þessara orða þinna. -- Og þakka þér fyrir allt - allt - allt. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 13.12.1993.

-- Láttu ekki peningaleysisbaslið hafa áhrif á þig. Ekki fær það á mig. Þetta er tímabil þegar þú ert að fara úr einum lífsstíl í annan. -- Maður losnar aldrei við byrðar. Aðeins hægt að ná tökum á þeim, skipuleggja sig og einfalda málin. Ef það er ekki gert verður lífið erfitt. En annars býsna gott. Þannig er lausn á einu máli lausn á þeim öllum. Gott vont og vont gott, eins og einhvern tíma hefur verið sagt í bréfi! --

Mamma þín er heilmikið að sinna Zonta. Auður Proppé dó í vikunni. Hún var mikil Z-kona og setti með glaðværð sinni mikinn svip á starfið. Mamma þín skrifaði mjög góða minningargrein um hana. Svo mun hún bera hana úr kirkjunni, í fylkingarbrjósti ásamt Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og nokkrum ungum Z-konum. Auður var með krabbamein, alltaf létt í skapi og bjartsýn. Barðist undanfarnar vikur, spennt að bíða eftir *debut*-tónleikum sem dóttir Jóns Ásgeirssonar hélt, en þau voru sambýlisfólk hennar við Flóka götu. Þegar þeir voru búnir féll hún saman, átti ekki lengra líf eftir.

Í gær átti Unna,¹ fóstursystir pabba, átræðisafmæli og hélt upp á það á Hrafnistu. Hún er bundin við hjólastól, lömuð á öðrum handlegg, það var gaman að koma til hennar, hitta dæturnar fjórar, allar jafn glaðværar og góðar, menn þeirra og barnabörnin. Tvær dætranna búa á Siglufirði og tvær í Reykjavík. Mér var það sérstaklega ánægjulegt. Minningarnar frá Nesi hrönnuðust upp. Ég gat ekki á mér setið að halda ræðustúf um kynni okkar. Ég var sá í boðinu sem mundi lengra aftur en aðrir. Ég sagði frá því að Þóra Borg (sem var fótaaðgerðarkona og leikkona 14) reyndi að berjast gegn því að Unna fengi réttindi sem fótaaðgerðarkona. Þóttist hafa einkarétt á aðferðum dr. Scholl, eftir að hafa lært þær í Danmörku. Unna hafði lært í Svíþjóð. Ég sagðist hafa verið andstæðingur Þóru upp frá því og þótt lítið til leiksgra hennar koma! Þá sagði ég frá því er ég fylgdist með því þegar þau Kjartan á Bakka voru að draga sig saman. Þau dönsuðu og dönsuðu í stofunni í Nesi og ég sat yfir þeim tímunum saman, dáðist að dansinum og vék ekki frá þeim.

Unna sagði mér að þegar við Palli hefðum komið í heimsókn að Bakka hefði okkur verið gefnar pönnukökur. Dæturnar sátu, mændu á kökurnar og töldu spenntar, en með vaxandi svartsýni, þegar minna og minna varð eftir handa þeim. Eiga ekki fleiri ámóta minningar? Ég sagði að nú hefði þessi saga fylgt mér og verið sögð mér á bak í marga áratugi. Allt væri það gott og fyrirgefið. Ég held að sumum hafi þótt þessi ræðustúfur sæmilegur. Sjálfur hafði ég mest gaman af að lenda í þælingum með fortíðina. Það er eins og allt liggi óhreyft í minningunni þar til af einhverjum ástæður það rifjast upp. Þá er að sortera það og skipuleggja. Mikið er nú dásamlegt að eiga minningar sem hvíla í rósráðri fortíð, tilbúnar að láta rifja sig upp. Einkennilegt líka hvað minningar geta verið misjafnlega skemmtilegar. Fer það ekki eftir einstaklingunum? Nú man ég ekkert nema gott. Kannski man ég ekkert nema vont eftir tíu ár. --

Sei frá að nú sé annað tölublaðið að koma út af Oddfellowblaðinu. Ég á fyrirbyggjandi nóg efni í fjögur tölublöð.

-- Svo þetta lítur bærliga vel út. Ef eitthvað kemur ekki upp á bátinn, ég geri eitthvað af mér, treð einhverjum um tær og verð látinn fjúka! Sú hætta er ávallt fylgjandi því að vilja gera betur og meira en þeir sem með manni starfa. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 13.12.1993.

-- ekki er enn komin baksturlykt í húsið. -- Í gær eftirmiðdag fórum við í 80 ára afmæli Unnar fóstursystur afa þíns Ásgeirs. Hún er komin á DAS í Hafnarfirði og þar hittum við dætur hennar fjórar og fleira ágætisfólk.

Annars var ég að skrifa minningargrein um eina Zontakonu sem var að falla frá úr krabbameini. Þú manst kannski eftir henni Auði Proppé. Hún var líka vinkona ömmu þinnar. Það á að jarða hana -- og voru Zontakonur beðnar um að bera kistuna út úr kirkjunni. Ég lenti í því sem formaður klúbbsins ásamt Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og fjórum öðrum. --

Segir frá jólahlaðborði sem farið var að tíðka, þar sem þær fóru saman sem vinna hjá TFÍ og tókst vel eftir fordrykk heima.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 13.12.1993.

-- ég er með eina krassandi Glúms og Bryndísarsögu. -- Í þetta sinn kom ég hvergi nærri, sem betur fer. Það var Sirrý frænka sem sagði mér þessa sögu um daginn þegar ég talaði við hana --:

Þannig var að hringt var í sendiráðið núna um daginn af einhverju hóteli hér í borg. Símtalið var gefið inn til Jóa. Reyndist þetta vera hótél á 5 de la Rosière. Sagði maður að þar hefði Íslendingur gist um nóttina, pantaði síðan morgunverð fyrir tvo og gengið svo út án þess að borga fyrir sig.

Þegar Jói spurði um nafn, þá reyndist þetta náttúrliga vera *Monsieur Baldvinsson*. Sagði maðurinn Jóa síðan alla sólaröguna, sem var eitthvað á þann veg að þetta unga par, sem byggji þarna við hliðina á, hefði farið að rífast svo heiftarlega eitt kvöldið að það hefði endað með því að stúlkan strunsaði út með hávaða og látum, og gekk beint inn á hótelið við hliðina á og bað um herbergi. Þar gisti hún síðan um nóttina. Morguninn eftir, þá kom kærastinn hennar yfir á hótelið og vildi ná sáttum við stúlkuna sem gekk eftir. Þá pöntuðu þau morgunverð fyrir tvo og borðuðu saman ástfangnari en nokkru sinni fyrr. Síðan gengu þau bara út, eins og þau vissu ekkert um að það þyrfti að borga fyrir sig á þessum svokölluðu hóteli.

¹ Unnur Óladóttir (1918-98) húsfri á Bakka á Seltjarnarnesi.

Þetta kom manni svo sem ekkert á óvart, þegar þau eru annars vegar. Það besta var hins vegar það, að þau í sendiráðinu voru að „spökúlera“ í því, hvernig þau ættu að taka á þessu máli, og var Önnu ritara falið að hringja í fólkið. Það gekk þó ekki svo langt, því fyrir algera tilviljun opnast hurðin í sendiráðinu og inn gengur Glúmur Baldvinsson. Hann var þar í allt öðrum erindagjörðum og hafði ekki minnstu hugmynd um að hótelið væri búið að hringja þangað og falast eftir því að reikningurinn yrði gerður upp. Því brá Glúmi all svakalega þegar Anna bar þetta upp á hann, að þetta gengi nú ekki að borga ekki svona hótelleikninga. Hann varð alveg hvítur í framan, því hann var alveg óundirbúinn og vissi ekki hverju hann ætti að ljúga upp. Þannig að hann stamaði upp úr sér, eins og hálfviti, að Bryndís hefði komið svo seint heim eitt kvöldið að hún hefði bara ekki komist inn.

Vitið þið, að ég hló svo mikið þegar Sírý sagði mér þessa sögu að ég hreinlega öskraði af hlátri. Hann er algjör aumingi þessi maður. Kom svo seint heim að hún komst ekki inn! Hafði þið heyrt það betra? Ja, ég vona bara að það komi aldrei fyrir mig að ég komi svo seint heim að ég komist ekki inn til mín, því það er ekkert hótél hérna við hliðina á mér. Hver skyldu tímamörkin vera?

Þið verðið að segja Palla og Ingólfi frá því að vera ekki mjög seint á ferðinni, þegar þeir verða hérna. Það væri leiðinlegt ef þetta kæmi fyrir þá.

Þetta kemur mér ekki á óvart. Þau eru svo hræðilega barnaleg bæði tvö. Eins og það sé ekki hægt að sættast áður en maður fer að sofa, eða sofa bara í stofunni. Það er ódýrara.

Bryndís Schram hringdi í Jóa í sendiráðið um daginn. Ekkert út af Glúmi, einhverju sem ég veit ekkert um. En talið barst að Glúmi, og hún byrjaði strax að afsaka hann, án þess að Jóa væri neitt að segja. Hún sagði bara, að hann væri svo erfiður, því hann væri svo spilltur! Og svo sagði hún: „*E, ég er nú bara hálf fegin að vera laus við hann að heiman - annars má maður náttúrlega ekki segja svona um börnin sín*“. Hún þekkir hann greinilega vel. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 16.12.1993.

-- Ég er búin að vera að vesenast og stússast í allan dag, flækjast ein um bæinn og hugsa svo mikið heim. Hvað í ósköpunum er ég eiginlega að gera í þessari stóru borg? -- Þetta er allt svo undarlegt fyrir mig, sérstaklega út af þessari hátíðastemningu - hún fyllir mann heimþrá. Svo fékk ég bréf og blöð frá pabba í morgun -- og hann var að kveðja mig og svo var ég að kveðja ykkur í gær í símanum. -- Hvenær ætlið þið að koma að heimsækja mig. En þó mér líði svona skringilega, þá efast ég ekki um það sem ég er að gera. Ég er svo handviss um að ég sé að gera rétt að fara þetta. Hjartað mitt segir mér það - og ef ég á að trú á eitthvað, þá verð ég að trú hjartanu.

Mig langaði bara að segja ykkur hvað ég sakna ykkar mikið - Aldrei get ég sagt ykkur nóg hvað ég er þakklát fyrir allt sem þið hafið fyrir mig gert og stutt mig alltaf, alla tíð. Gleðileg jól, elsku mamma og pabbi. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 20.12.1993.

-- Paulskipulagður laufabrauðsbaksturinn var hjá Láru og Palla í gær. Lára hafði verið á Akureyri og rekist á útflattar hveitikökur og keypt þær að sjálfsögðu til að hlífa mér aumingjanum, sem hef staðið með keflið í höndunum. Nú gæti ég skorið kökurnar og haft það skemmtilegt. Mamma þín hafði orð á hveitikökum við vinkonu sína sem sagði að hún gæti fengið heilhveitideig flatt út fyrir hana. Steiking fór fram úti í bílskúr, til að ekki kæmi feitibræla í fina nýmálaða íbúðina og annaðist það Lára og Árni Geir. Þannig endaði öll hagræðingin með því að ég stóð uppi verklaus, eins og maður kominn á eftirlaun, án eigin tilverknadar.

Til allrar hamingju átti félagi minn í Oddfellow afmæli, svo ég gat farið í burt í tvo tíma. Einnig gat ég lesið svolítið fyrir börnin og flett upp í alfræðabók Aschenhaug. Þannig fór nú þessi forna hefð!¹ Afmælisveislan var hjá Sigurði Helgasyni² steinsmið og múrara sem á stærsta fyrirtækið í framleiðslu veggja-, gólf- og legsteinagrjóts. Þar hitti ég bekkjarbróður minn, Hörð Helgason³ lækni, bróður Sigurðar. Hann hefur alla tíð verið lækni í Svíþjóð og býr nú í Helsingborg, ansi orðinn stirður í íslensku, búinn að missa tengsl við ísl. samfélag og fylgist lítt með.

Segi frá mikilli veislu og fjölmennri hjá Lofti Ólafssyni og Hrafnhildi á Bergstaðastræti 72. Þetta voru allt félagar frá námsárunum í Svíþjóð. Er of langt að telja allt það merkilega fólk eða endursegja allar skemmtilegu sögurnar. Þar var m.a. Kristín Gísladóttir⁴ frænka mín, ættuð frá Stóra-Hrauni, sem hafði gefið út ættartölu sína sem hún seinna gaf mér.

-- Þarna voru Þórunn Sigurðardóttir,⁵ rithöfundur og leikskáld og maður hennar Stefán Baldursson⁶ þjóðleikhússtjóri. Var gaman að hlusta á hana lýsa Kristjáni Jóhannssyni⁷ söngvara, en þau hafa hitt hann í New York og á Ítalíu. Manni þykir gorgeir hans oft ganga úr hófi fram. Hún lýsti hvernig hann er gjörsamlega þræll raddar sinnar og söngs. Kann ekkert og getur ekkert skipulagt í lífi sínu nema með aðstoð konu sinnar hafandi synina ungu hjá sér öllum stundum. Að sjálfsögðu verður hann þræll umboðsmanna sinna. Hugsun hans er framinn, viðtökur Íslendinga, fjölskyldan á Akureyri. Hann er, eins og hinn nýrki, upptekinn af veraldargæðum, sýnir stoltur fínu úrin sín. Einhvern tímann voru Íslendingar í heimsókn þar sem hann var að syngja. Þeir einu sem hann hafði áhuga fyrir voru Akureyringar í hópnum og blikksmiðir, eins og hann. Lífið er hótélherbergi, kaup, umboðsmenn

¹ Þetta er áþekkt hagræðingu heimsframleiðslunnar sem alltaf kemur niður á fátæku fólki í þróunarlöndum eða fátækrahverfum stórborga.

² Sigurður Helgason (1923) steinsmiður í Reykjavík.

³ Hörður Helgason (1927-2012) bæklunarskurðlæknir og yfirlæknir í Helsingborg.

⁴ Kristín Gísladóttir (1945) tækniteknari hjá Landsvirkjun.

⁵ Þórunn Sigurðardóttir (1945), dóttir Sigurðar Ólasonar hrl. sem áður hefur verið nefndur og Unnar Kolbeinsdóttur kennara frá Kollafirði, sem líka hefur verið nefnd.

⁶ Stefán Baldursson þjóðleikhússtjóri.

⁷ Kristján Jóhannsson (1948) óperusöngvari.

og söngur. Hann á erfitt með að ná sér niður eftir sýningar, getur ekki sofið, gengur um götur New York í þrjá klukkutíma framundir morgun eða situr fyrir utan hótelin á Ítalíu.

Þá var þarna Steinunn Jóhannesdóttir¹ leikkona og rithöfundur og maður hennar Einar Karl Haraldsson,² framkvæmdastjóri Alþýðubandalagsins. Eftir hana, eins og Þórunni, voru uppfærð mjög vinsæl leikrit í vetur -- Steinunn hefur nýlokið bók um frænku okkar Halldóru Briem Ek,³ arkitekt í Stokkhólmi, sem er nýlátin. Henni tókst að ljúka við bókina áður en krabbameinslæknar skrófuðu fyrir tilfinningar og hugsun hennar með morfíngjöf.

Halldóra var stórgáfuð kona, systir Guðrúnar Hilt.⁴ Margt í þessari fjölskyldu er gáfufólk, listamenn, næmt. Hins vegar hefur geðveiki herjað á marga. Það sama gerðist í fjölskyldu Halldóru, með mann hennar og börn. Gáfur hennar voru að sjálfsögðu uppteknar af þessum staðreyndum og reyndi hún löngum að finna á þessu skýringar. Hún bauð mér heim í Stokkhólmi, og var mjög upptekin af frændseminni við mig, sagði Steinunn. Ég sem ungur maður var ekki sérlega spenntur fyrir slíku, fannst eins og hún vildi taka mig í fóstur og tengjast mér á einhvern óskiljanlegan hátt. Hún var mjög smitandi og skemmtileg persóna, stór í sniðum, tíguleg og aðlaðandi Steinunn var spennt að hitta mig. Halldóra hafði mikið talað um mig og ég skrifað um ættfólkið í Briemsættarþórkinn. Steinunn er skemmtileg og aðlaðandi persóna. Arna dóttir þeirra fermdist með Auði og er í tónlistarnámi.

Þetta var sem sé einstaklega skemmtilegt boð, góður matur og gestgjafar góðir.

Ég gleymdi að nefna Gunnlaug Þórðarson, heimilisköttinn úr næsta húsi. Hann er farinn að eldast. Hann ræddi mikið við mig um dóttur sína 16 ára, sem hann þekkir ekki, og hún ekki hann. Á hún að spila á fiðlu í Stundinni okkar um helgina. Þá ræddi hann um Svein bróður sinn, sem búsettur er í Kanada, giftur Þórunni Hafstein úr Briemsættinni. Hann hefur aldrei heimsótt þau og hefur lítil samskipti við fjölskylduna.

Enn má nefna fólk sem þú þekkir: Sigrúnu Júlíusdóttur og Þorstein Vilhjálmsson. Ekki meira um það!⁵

Á morgun fer Auður í síðasta prófið og fer strax til Barcelóna, full tilhlökkunar, teygð milli tveggja heima, sakbitin yfir að vanrækja aldraða foreldra sína. Hún hefur gott af að vera burtu og nauðsynlegt að gera foreldrana sjálfstæða og henni óháða. --

1994

Nú eru tímamót í samskiptum fjölskyldunnar vegna breytinga á samskiptatækni með tilkomu faxtækja. Þá er lipurð aukin í skriftækni og sum bréfa fara að minna fremur á samtöl en upplýsingamiðlun. Þetta hefur sérstaklega mikil áhrif á skeyti sem fara milli Auðar og foreldranna. En smám saman dregur úr gagnamagninu, til góðs eða ekki! Kostirnir eru ljósir, en -- við sjáum til.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 3.1.1994.

-- Við pabbi þinn vorum að tala um að það þyrfti að fara að hægja á tímanum, árin líða svo fljótt. Það er óhætt að segja að árið 1993 megi flokka með viðburðaríkari árum, svo margt breyttist í fjölskyldunni okkar. Þegar hægt er að horfa á þessa viðburði í fjarska finnst mér eins og allt þetta hefði átt að gerast. Mér hefur oft fundist einhver verndarengill vera yfir mér í lífinu og ég held að hann sé líka yfir þér. Það verður gaman að komast í betra og fljótvirkara samband við þig á næstunni og fá nánari fréttir. Hlakka ég til að fá fyrsta faxið. Þú sagðist vera farin að kvíða fyrir því að fara aftur til Parísar og híma þar ein. Það er skiljanlegt eftir þetta viðburðaríka og skemmtilega tímabil sem þú hefur verið að upplifa nú upp á síðkastið. Það getur líka verið gott að hafa tíma fyrir sjálfan sig, staldra við og íhuga í rólegheitum sinn gang.

Við höfum haft það óvenjulega rólegt yfir jól og áramótin. Ég var að rifja það upp við pabba þinn hvað margt hefði verið hjá okkur fyrir ári og að auki gamlárskvöldsveislan hjá okkur. Nú létum við bara aðra hafa fyrir okkur. Eins og þú vissir hafði ég ráðgert að vera í fríu milli jóla og nýárs. Þá veiktist Anný og ég varð að fara í vinnuna. Enda eins gott því nóg var að gera og sé ég ekki fyrir mér núna hvernig ég hefði getað verið í fríu. --

Segir frá listviðburðum, leikhúsi og kvikmyndum.

Í gær fórum við og sáum Mávinn eftir Tsjekov. Við buðum Ásgeiri og Brynju með og buðum þeim að borða áður heima. Pabbi þinn var nú alveg að sofna fyrir hlé og spændi upp í sig heilum ópalpakka; sem bendir nú til einhverrar vanlíðunar hjá honum. Okkur hinum þótti hins vegar skemmtilegt fyrir hlé og svo ömurlagt eftir það svo maður þurfti að vera mjög jákvæður til að þykja skemmtilegt. En á heildina litið -- var gaman --

Hittum Palla og Láru sem voru að fara í óperuna. Palli hafði komið frá París um eftirmiðdaginn og var svona líka hress. Allt hafði gengið vel hjá þeim feðgum (*í París þar sem þeir bjuggu í íbúð Auðar*) og höfðu þeir mikla skemmtun af að vera þar saman. Að vísu þótti mér dálítið hlægilegt að þeir voru að reyna að fá hótellerbergi í Amsterdam, daginn fyrir gamlársgang, datt í hug að vera þar tvær síðustu næturnar. Ástæðan sú að það væri ekkert að gerast í París yfir áramótin. Bróðurnum (mér) fannst þetta heldur mikill óróleiki og þar að auki sáum við í sjónvarpinu frá áramótunum við Sigurbogann, þar sem allt var fullt af fagnandi fólki. --

¹ Steinunn Jóhannesdóttir (1948).

² Einar Karl Haraldsson (1947).

³ Halldóra Briem Ek (1913-93).

⁴ Guðrún Briem Hilt (1918-96)

⁵ Fyrrum prófessorar. Átti Dagur ekki góð skipti við þau þegar hann vann fyrir þau við að endurgera garðinn þeirra.

Ég talaði við Fríðu í gær og var að óska þeim gleðilegs árs. Hún er að fara til Freiburg, full tilhlökkunar og kvíða, eins og vera ber -- búin að fá herbergi og aðgang að eldhúsi hjá einhverri konu.

Við höfum verið í sambandi við Dag. -- Það var gaman að heyra í Jóhannesi Erni í símanum. Hann skríkti og hjalaði og þegar Dagur sagði að hann ætti að tala við ömmu, þá vildi hann bara borða símann. Það eru fleiri tennur á leiðinni og klæjar hann mikið í góminn --

Nú er búin að vera langt hlé, Talaði við Jójó - Það komu 40 manns í afmæli Óla (31.12.), svo voru þau með Kristínu Klöru (*systur hennar*) og alla hennar fjölskyldu, mömmu Óla og systur. Hún sagði að þetta væri búin að vera mikil törn og á þetta ofan eru þau að fara í einhver skylduboð. --

Vona að þetta verði síðasta bréfið til þín sem ég set í póstkassa. Gaman að fréttu hvernig gengur að gangsetja faxtækið. --

Ástarkveðjur. Sigríður Dagbjartsdóttir.

P.S. Fyrirgefðu! Ég fékk hláturskast. Mér fannst ég vera að undirrita bréf fyrir T.F.Í.

Auður Eggertsdóttir skrifar Þórdísi Briem. París. 8.1.1994.

Pakkar fyrir jólagjöf, góð orð og kveðjur.

-- Jólin hjá mér voru alveg dásamleg -- skrýtið að vera hér suðurfrá í sól og mildu veðri -- Axel var mér líka afskaplega góður og þar sem hann tók sér nokkurra daga frí frá vinnunni gat hann sýnt mér bæði borgina og nágrenni hennar. Maður þarf ekki að keyra lengi þegar maður er kominn upp í falleg fjallþorp eða niður á ströndina. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 10.1.1994.

-- fórum á útsölur -- Pabba þinn vantaði ýmislegt og enduðum við með að kaupa á hann föt og eldrauða peysu. Ég held að það hafi örugglega verið svoleiðis - ekki eldrauð föt --

-- var nú gaman að lesa um fjölskyldufyrirtækið á Ólafsfirði og hvernig það varð til. Hugmyndin alveg frábær hjá móðurinni að stinga upp á því að drengirnir keyptu sér heldur bát en skellinöðru þegar þeir voru komnir á þann aldur. Við sáum líka í greininni að Axel hefur verið skiptinemi í Ástralíu. Hann hefur aldeilis ferðast. --

Mamma, Ásgeir og Brynja borðuðu hjá okkur. Hún er að ljúka við BA ritgerðina sína og þau fengu að vinna við tölvuna mína uppi. Voru þau allan daginn og eitthvað fram eftir nóttu að koma inn leiðréttingum og prenta út. Það gekk víst vel. --

Svo fóru þau í skírmarveislu þar sem systursonur Brynju var skírður Hilmar í höfuð föðurafa síns. Þá fórum við á sýningu Drafnar Guðmundsdóttur sem vann á skrifstofu SÍR.

-- Hún bauð á sýningu í Stöðlakoti (*við Bókhöðustíg*) ef sýningu skyldi kalla. Sýningin kallast minningar úr æsku og tengjast húsinu. Dröfn lék sér þarna sem barn með vinkonu sinni sem átti þarna heima. -- dálítið spaugilegt að bjóða fólki upp á þetta. Þetta var allt í lagi fyrir okkur. Pabbi þinn hitti þarna skemmtilegan mann sem hann gat rabbað við og rifjað upp minningar frá Nesi og fleiri stöðum. -- Við stoppuðum líka í *Sólon Islandus* þar sem Vignir Jóhannesson er með sýningu -- Það voru að því að við héldum herðablöð úr hvölum sem héngu í loftinu í stórum hring. Þetta var einfalt en áhrifaríkt. --

Ræðir faxsendingar Dags sem var að byrja að nota sitt með beiðni um að sér væri svarað.

-- Janúarfundur Zonta er á morgun. Hann er haldinn í Gerðubergi, vinnustað einnar Zontakonunnar, Huldar Göethe. Hún er þar veitingastjóri og ætlar að segja frá starfseminni í húsinu og sýna það. Þá verða teknar tvær konur inn í klúbbinni. Það er hátíðleg athöfn sem formaður og ritari framkvæma. Búið er að fara með þeim í gegnum félagsmálabæklinginn, sem ég sendi þér, kynna þeim Zontahreyfinguna og Zontaklúbb Rvíkur rækilega fyrirfram. Það er því erfitt fyrir þær að koma eftir á og kvarta yfir einhverju sem þær hafi ekki vitað um. Ég er mjög ánægð með þetta framtak okkar og hefði átt að átta sig á þessu og framkvæma fyrir löngu síðan. Ég er búin að horfa upp á mörg handahófskennd meðmæli með konum sem hafa svo lítið mætt á fundum og eiga ekki erindi þangað.

Benedikt frændi Sveinsson er í nærmynd í DV eins og þú sérð. Það er hlægilegt hvað mikið er gert úr föðurætt hans. Þeir sem þekkja hann vita að kostir hans, sem eru margir, eru miklu frekar úr móðurættinni. Að vísu hefur hann peningavit frá pabbanum. --

Mikið var gaman að heyra í þér eftir Barcelonadvölinu. Mér fannst þú afskaplega langt í burtu þegar þú varst þar og gott að heimta þig til baka til Parísar. Þetta hefur verið skemmtilegur tími og gaman og gagnlegt að kynnast jólnum þar. Og ég tala nú ekki um aðalatriðið að þið gætuð verið saman. -- Mér líður svo afskaplega vel þegar ég heyri og finn hvað þér líður vel. Það er ótrúlegt að líta til baka og átta sig á hvað mikið hefur gerst á stuttum tíma. Allt hefur snúist á betri veg eins og við vorum alltaf að sannfæra okkur um að myndi gerast. Það gæti ekki annað. Tíminn verður svo að leiða í ljós hvaða stefnu þetta samband tekur. Hvernig ykkur tekst að samtvinna ykkar framtíð svo vel sé vegna vinnu og náms. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 10.1.1994.

Segir frá að hún hafi mikið að gera eftir komuna frá Spáni, próflestur, bilað fax.

-- Þegar ég kom heim frá Spáni biðu mín bréf, blöð og videospólur. -- Það var nú heldur betur til að gleðja mig þegar ég rogaðist inn með farangurinn minn, einmana og rugluð í ríminu eftir þetta dásamlega jólafrí. --

Þegar ég hugsa til baka þá er ég ekki viss um hvort þessar minningar séu draumur eða veruleiki, allt svo ólíkt því sem ég hef áður upplifað um jólin. Svo var svo skrítíð að vera þarna í svona góðu veðri á jólnum -- eitthvað svo ótrúlegt.

Fyrstu dagana þurfti Axel að mæta mikið í vinnuna. Það getur verið mikið að gera hjá þeim og erfitt að slíta sig frá -- Enda var ég ekki að ætlast til að hann mætti ekkert í vinnuna þennan tíma, þvert á móti. Ég er svo ánægð með fólk sem vinnur, og vill vinna. Mér þætti verra ef hann hefði ekki nennt í vinnuna. -- En þegar hann var í vinnunni settist ég bara út í sólina með skólabækurnar mínar, kom mér vel fyrir á teppi, naut þess að vera þarna í góða veðrinu.

Á aðfangadag tók Axel sér frí og við fórum um morguninn í bæjarferð að kaupa síðustu jólagjafirnar. Það var svo gaman að fara í svona leiðangur, það var alveg búið að vanta hjá mér að skapa jólastemningu. Það var svo mikið af fólki á götunum, gott veður, fullt af básum sem selja allt mögulegt. Það er líka svo gaman að ganga um þessar göngugötur, það er svo lítið af þeim í París. Um eftirmiðdaginn fórum við síðan inneftir í vinnuna til hans, því þar átti að vera einskonar slútt fyrir starfsfólkið. Og það var nú svolítið fyndið að vera þar. Það var allt fullt af veitingum og kampavíni, en karlarnir sem vinna hjá þeim voru svo kostulegir. Ég tala nú ekki um þegar þeir voru orðnir fullir, farnir að klæmast virkilega, þá var nú heldur fjör og mikið hlegið. Ég hló jafnmikið og allir hinir, þó svo að ég skildi ekki nokkurn skapaðan hlut, það var bara svo gott að hlusta á alla hlæja og skemmta sér.

Áður en boðið byrjaði hringdi Axel í alla fjölskylduna sína og óskaði gleðilegra jóla. Hann var með *speakerinn* á í símanum, þannig að ég gæti heyrt allt. Og það var gaman að hlusta. Hann hringdi í ömmu sína á Ólafsfirði, og fjölskylduna sem var öll í Noregi. Það var náttúrlega talað um fisk, þrátt fyrir jólahátíðina.

Síðan fórum við heim og tókum það rólega eftir kampavínið. Þökkuðum síðustu þökkunum inn, fengum okkur harðfisk og smákökur frá Íslandi og fórum í sparifötin. Það var skrifðið að sitja og borða harðfisk og hugsa heim til ykkar hlustandi á messuna og borða jólamatinn góða.

Klukkan tíu hittumst við síðan öll og borðuðum. Allir í sparifötum og fínir. Þetta er að vísu ekki venjan að halda þann 24. hátíðlegan. Þetta var það eina íslenska sem gert var, og þó varð það ekki sérlega íslenskt. Við borðuðum ostrur og allskyns sjávarmat, sem er svo mikið borðað af á jólunum, drukkum dýrindis hvítvín og kampavín með. Þetta var mjög skemmtilegt. Að vísu þykja mér ostrur og þessi hráí sjávarmat ekki mjög góður, en kosturinn við þær er að maður er svo fljótur að renna þeim niður að það er enginn vandi að láta á engu bera. Á eftir fengum við kaffi og koníak og settumst inn í stofu til að opna pakkana. Og þar sátum við lengi fram eftir, því það var lesið á, og síðan fylgst með þegar hver og einn opnaði pakka. Krakkarnir voru ekki með, yngsti strákurinn farinn að sofa og stelpan hjá pabba sínum (bæði hjónin tvígift). En þetta var skemmtilegt og fjörugt allt. Ég held að við höfum komið upp í hús til okkar kl. fjögur um nóttina.

Daginn eftir tók svo aðaljólaboðið við. Boð sem haldið hefur verið í þessu húsi í marga ætliði. Gestirnir komu um hádegið, tók maður náttúrlega fegins hendi við fordryknum, því maður var hálf vankaður eftir kvöldið áður. Nei. Ég segi nú svona, ég er ekki orðin vínhneigð eftir þetta frí. En fólkið streymdi að í stríðum straumum, kannski tuttugu og fimm með börnum.

Eftir fordrykkinn og forsnaðið (ostrur auðvitað) þá settust allir við risastórt hringborð, með börnin sér. Svo var byrjað að borða og hef ég aldrei vitað annað eins. Klukkan hefur verið um tvö þegar við settumst niður, langt gengin í níu, þegar við stóðum upp. Fyrst var borin fram súpa og átti ég fullt í fangi með hana, svo matarmikil var hún. Síðan var eitthvað kjöt, sem ég kann ekki skil á, með baunum. Eftir það var ég að springa. En þá kom kalkúninn! Síðan var eftirréttur, ávextir og sérstakar spánskar jólakökur, rosalega góðar. Með þessu var þambað kampavín, eins og maður gat í sig látið. Síðan var komið með rommpúns í stórrí skál og kveikt á öllu saman á miðju hringborðinu. Síðan var haldið áfram að drekka kampavín.

Þetta var allt ótrúlegt. Manni leið nú eiginlega bara ekki vel eftir að hafa belgt sig svona út. Þó þori ég að ábyrgjast að ég hafi borðað minnst af öllum, því minn námsmannalagi var greinilega ekki jafn vel undirbúinn undir þetta og hinna. Ég var alltaf, öll jólin, að segja *poco-poco* (mjög lítið) þegar mér var gefið á diskinn. Það er orð sem ég segi alveg eins og innfædd. Og alltaf var sagt við mig, *já ég veit, þú vilt ekki mikið*.

Daginn eftir, á annan í jólum, vorum við boðin um hádegið til systur Alberts (húsráðanda) og hennar fjölskyldu. Og þar tók náttúrlega annað eins við. Við vorum færri þar, og það var betra svoleiðis. En það var borðað alveg jafn mikið, þrátt fyrir það. Fyrst var humar og á eftir kolkrabbi, sem ég hef aldrei borðað áður svona einan og sér. Mjög gott.

Að vísu eru eitt í eldamennsku Spánverja, sem ég kann ekki nógu vel við. Það er að þeir drekkja öllum mat í olíu. Alveg sama hvað er, allt á kafi í ólífuoilíu, úr hófi fram. Og þarna sátum við líka fram yfir kl. níu, og mér orðið illt í rassinum, þegar ég stóð upp.

Þegar við komum heim, þá var maður náttúrlega enn alveg að springa, enda þótt við værum hætt að borða, þá var maður alltaf að stinga upp í sig kökubita og drekkandi kampavín. Þá vildi ég nú helst leggjast út af og melta, setja í hlutlausan. En þá segir Albert: *Æ, við nenum ekki að elda, við ætlum bara að panta pizzu!* Ég hélt náttúrlega að þetta væri grín, svona til að ganga fram af manni. En nei, það var hringt og pöntuð pizza. Ég sagði bara: *Count me out*, en borðaði samt eina sneið. En ég hélt að þetta hafi gert útslagið, því Axel varð svo fárveikur um nóttina, kastaði lálaust upp, en ég bara svaf og lét mig dreyma um meiri mat.

Það skemmtilega við þessi boð var hvað allt fólkið í fjölskyldunni var gott og skemmtilegt. Allir voru náttúrlega að reyna að tala við mig, en ég skildi ekkert. Jú, ég skildi svolítið, en gat bara aldrei svarað fyrir mig. Það fannst mér verst. Það voru kannski heitar umræður, og ég náði að skilja svona í stórum dráttum um hvað málið snerist, en gat ekkert lagt til málanna og var bara að gjöra svo vel að halda kjafti og vera sæt. Enda held ég að mér hafi tekist ágætlega upp í því hlutverki. En fólk var nú alltaf að reyna að tala við mig. Þá var Axel túlkur. „*Hvað er hann að segja? Segðu honum að...*“

Svona var ég allan tímann og Axel var þolinmóður að koma skilaboðum á milli. Þetta var líka frekar ungt fólk allt saman. Albert á átta systkini, það elsta fertugt og yngsta systirin tuttugu og þriggja.

Á milli jóla og nýárs var öllu rólegra, engin fjölskylduboð. Axel gat tekið sér nokkuð gott frí úr vinnunni. Hann var rólegur ef hann gat skroppið eitthvað smávegis á hverjum degi. Stundum vorum við búin að vera í göngutúr um borgina eða eitthvað að skoða og gera. Settumst upp í bílinn, og mér fannst hann nálgast vinnuna ótrúlega mikið. *Ertu að fara í vinnuna*, spyr ég og þá var svarið: *Já ég ætla aðeins að skreppa*.

Eins og þegar ég fór í vinnuna með pabba í Rauða krossinn, þegar hvergi var hægt að koma mér í pössun. Nei, ég segi nú bara svona, ég hafði gaman af þessu.

Við fórum líka aðeins út fyrir borgina. Stutt að fara, þá er maður kominn upp í fjöll. Við skoðuðum klaustrið *Montserrat* uppi á fallettu fjalli. Pyreneafjöllin blöstu við, alveg rétt hjá.

Svo rann gamlársdagurinn upp. Þá var Axel allan daginn í vinnunni og ég sat heima og las lögfræði og lauk þannig gamla árinu. Við vorum spennt að vita hvað fjölskyldan ætlaði að gera um kvöldið, hvort það yrði nú ekki dansað og skemmt sér. Því við fylgdum þeim jú í öllum hátíðahöldunum. En þegar við fórum að spyrjast fyrir um hvað þau ætluðu að gera, þá var okkur sagt að við ættum að fara úr húsinu kl. hálf eitt eftir miðnætti. *Ha!* sögðum við, erum við bara gerð útlæg? Við skildum eiginlega ekkert í þessu, en þá fór Teresa þjónustukona með okkur inn í stofu og leiddi okkur inn í allan sannleikann. Þá var búið að ýta öllum skrifstofuhúsgögnum út undir vegg og í stað þeirra var búið að búa um stóra dýnu fyrir framan arininn og kveikja upp. Við hliðina á voru síðan tvö kampavínglös og ískarfa fyrir flöskuna. Við vorum svo aldeilis hissa. Þá halda hjónin svona upp á nýja árið á hverju ári. Ég segi nú bar að mér finnst þau eigi að nota einhvern annan dag ársins í svona, á gamlárskvöld á maður að dansa og skemmta sér. En hver hefur sína aðferð! En þau voru nú bara að grínast með það að við þyrftum að hypja okkur strax eftir miðnætti, við máttum alveg vera aðeins lengur.

Við borðuðum reyktan lax og sjávarrétti um kvöldið og Teresa með okkur líka. Síðan fylgdumst við með sjónvarpinu þegar fór að nálgast miðnætti, útbúin með tólf vínber í skál og kampavínglös við hliðina á. Svo sló klukkan og við borðuðum berin, eitt á hverju slagi þangað til komið var nýtt ár. Við kysstumst öll mikið og föðmuðumst, allir í sæluvímu. Þetta var dásamlegt, skáluðum öll fyrir mörgum áramótum. Þá verður maður eitthvað svo hræður. Kannski fer maður þá að hugsa um það liðna, og allt það. Ég held að ég hafi verið sú eina sem varð eiginlega ekkert klökk.

Ég var guðs lifandi fegin að vera laus við árið 1993, þó það hafi verið dásamlegt í marga staði, þá er ég aðallega að hugsa um fæðinguna hans Jóhannesar og þá gleði alla. En hvað mig varðar, þá hefur bara aldrei verið eins mikill léttir að losna við liðið ár, eins og núna. Og svo tala ég ekki um hvað ég var ánægð með þetta ár sem var að ganga í garð, fullt af nýngum og lofar svo góðu strax í upphafi. Ég get ekki annað en verið full af bjartsýni! Þetta voru nú hugsanirnar sem flugu í gegnum kollinn minn, og ég var svo hamingjusöm að sitja þarna, við hliðina á Axel, sem hefur verið mér svo góður þennan tíma sem ég hef þekkt hann.

En við vorum bara spæld út af einu. Það var að þeir Axel og Albert voru búnir að reyna allan daginn að hafa upp á flugeldum, en árangurslaust. Haldið þið þá ekki að Teresa hafi dregið fram tvær stóra sprengjur, og við öll sömul út að sprengja. Þetta var nú ekki mikið, en þó gott að finna púðurlyktina. Síðan þegar klukkan var að ganga tvö og við búin að tefja þau hjónin allt of lengi, þá ákváðum við að fara upp í kofann okkar. Það var búið að útbúa bakka með kampavíni, kökum og sælgæti handa okkur og þetta höfðum við með okkur þangað.

Þar sungum við: *Nú árið er liðið*, og settum svo á tónlist og dönsuðum tvö (eins og Dagur og Vibeke). Við hefðum kannski farið ofan í bæ, en það var ómögulegt, því metró var hættur að ganga, engir leigubílar og ómögulegt að keyra eftir allt kampavínið. Enda var þetta skemmtilegt svona.

Á nýársdag fórum við síðan í göngutúr í Gaudi-garðinn, eins og ég sagði ykkur, í símtalinu góða. Hann er bara þarna alveg við hliðina á húsinu þeirra. Það var svo gott vedrið, að eftir góða göngu, lögðumst við í grasið í garðinum og sleiktum sólina. Alveg draumur. Svo komum við aftur heim, þá voru þau hjónin uppi í sjóvarpsherbergi þar sem er svo stórt sjónvarp, að það er eins og maður sé í bíó. Þar borðuðum við miðdagsmat og horfðum á sjónvarpið, letidagur, eins og þeir gerast bestir.

Eins og þið kannski heyrið, þá hafði ég það svo ótrúlega gott í þessu fríi. Þetta var þúsund sinnum betra heldur en ég hafði nokkru sinni þorað að vona. Það var svo gott að vera með Axel, sem er eitthvað svo góður við mig, ég vissi bara ekki að það væru til svona strákar! Mér leið alltaf vel með honum.

Þannig var það ekkert sérlega gaman að kveðja hann og fara aftur heim til Parísar. Mér brá eiginlega svolítið þegar dagurinn var runninn upp, því ég held að ég hafi verið búin að bíta það í mig að þessi tími tæki aldrei enda. En þetta var það óumflýjanlega! Og það var líka erfitt að kveðjast. Og einmanalegt að koma hingað inn í íbúðina mína aftur. Nú eru það aftur bara þessir fjórir veggir og hún *makkintosa* vinkona mín. Þangað til næst. Nú er ég alltaf að telja niður. Þó veit ég ekkert hvenær „*næst*“ verður. Það verður bara að koma í ljós.

Og ég er búin að vera stanslaust í skólanum síðan ég kom og í endalausum prófum, sem mér hefur gengið í upp og ofan. Námið hefur þungst mikið frá því í fyrra, og mér finnst eins og ég skilju miklu minna. Kannski vegna þess að í fyrra var þetta almenns eðlis, en nú er þetta orðið tæknilegra og flóknara. Og stundum finnst mér ég hreinlega ekki ráða við þetta. En þó að stundum sé ég alveg að gefast upp, þá er ég nú sem betur fer fljót að herða mig aftur upp og til í slaginn. Það má nú ekki láta bugast þó að gangi ekki alltaf vel, segi ég við sjálfa mig.

Ég fór til Sírri og Jóa í gærkvöldi í mat. Mjög gaman að koma til þeirra, þau eru frábær. Ólafur er náttúrulega búinn að stækka ótrúlega mikið í hvert skipti sem ég sé hann og Benedikt alltaf að mannast meira og meira. Ég lánaði þeim spólurnar sem þið senduð mér, og svo lánuðu þau mér spólur, Mannlíf og svoleiðis.

En það besta af öllu sem Jói dró fram úr bílskúrnum hjá þeim, var lítill rafmagnssofn, sem þau lánuðu mér. Ég get haft hann undir skrifborðinu hjá mér og sett hann í gang stutta stund, þegar mér verður kalt við skrifborðið. Ég hef ekki sett hann í gang. Hugsa alltaf, nei, mér ekki alveg nógu kalt enn, ég ætla að bíða aðeins. Hann fer örugglega ekki í gang fyrr en þið komið hingað til mín og þolið ekki þennan kulda. --

Ég vona að allt sé í besta lagi hjá ykkur öllum í fjölskyldunni. Það er skrítið að hafa ekki farið heim um jólin, því nú er svo langt þangað til ég fer heim í vor. Þetta verður lengsti tími sem ég hef verið í burtu að heiman. En bréfin frá ykkur og spólurnar bera mig hálf leið. Og þó að ég sé hálfgerður ræfill eftir að ég datt í svona ást, þá liður mér vel, líklega ennþá betur fyrir vikið. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar til Dags Eggertss. Rvík. 16.1.1994.

Bréfið byrjar á kveðjum til Vibeke og þökkum fyrir gott bréf og fallegar myndir sem hún sendi.

-- Það er gaman að geta sent bréfin beint heim til ykkar og ekki í gegnum arkitektastofuna og komast í beint samband við Vibeke og Jóhannes. --

Segir frá velheppnuðum fyrirlestri sænsks fyrirlesara í TFÍ sem dró marga tannlækna svo met var slegið. Hann talaði góða ensku en svo er komið að ungir tannlæknar skilja ekki norðurlandamálin. Það er synd því stundum eru hér fyrirlesarar frá Norðurlöndum sem tala lélega ensku.

-- Flugfreyjuklúbburinn hélt sína árlegu árshátíð þar sem makar fá allranáðarsamlegast að vera með okkur. Var hátíðin heima hjá Kolbrúnu og Erling Aspelund. Þau eru búin að kaupa íbúð á efstu hæða Lækjargötu 4 og hafa innréttað hana mjög skemmtilega. Eldhúsið er aðeins lítil krókur og opið. Treystu þau sér ekki til að hafa matinn heima. Fórum við því yfir á Hótel Borg eftir fordrykk hjá þeim og fengum mat sem hver pantaði sér. Við höfðum út af fyrir okkur frekar stórt herbergi á annari hæð -- sátum þar í góðu yfirlæti í þrjá tíma, sem er of langur tími ef maður hreyfir sig ekki og talar við fleiri en sessunautana. Svo var boðið yfir í Lækjargötu aftur og setið að sumbli fram eftir nóttu. Það er kominn meiri ró yfir hópinn þannig að meira er hægt að rabba saman en áður. Sem sagt, ekki eins villt fjör. Ergó: Aldurinn er að færast yfir fólkið. Helga Steffensen og Hörður voru á nálum allt kvöldið og alltaf að hringa eitthvað. Það kom þá í ljós að Sigga dóttir þeirra og bekkjarsystir þín úr Hlíðaskóla var alveg að fara að eignast barn. Hún er gift Jóni Víði Haukssyni, myndatökumanni í sjónvarpinu.

Við pabbi þinn vorum feigin hversu skikkanleg við vorum, því við erum búin að vera dugleg í dag. Ég hef að vísu ekki farið út úr húsi, verið í tiltekt, en pabbi þinn hefur verið duglegri við það.

Hvað var hann að flækjast? Jú, auðvitað að kaupa afmælisgjöf handa syninum í útlöndum. Nú er farið að hafa opið á sunnudögum sums staðar og var það þægilegt í þessu tilfalli. Og sonurinn í útlöndum að verða 29 ára. Nú hlýtur maður að vera orðinn gamall; en örstutt samt síðan þú varst lítil eins og Jóhannes, strax farinn að valda manni áhyggjum. Renndir þér á hjólagöngustólum inn í stofu sem var verið að byggja; nældir þér í langan burst með rotvarnarefni og málaðir þig í framan svo þú leist út eins og eldhöttur og ég varð að rjúka með þig á slysavarðastofuna. Allt fór þetta vel. En ég var yfirhryrd mikið af læknum á slysavarðstofunni og fékk sektarkennd af að hafa ekki gætt þín nógu vel. Ef Jóhannes líkist þér á hann eftir að verða mikill klifrari.

Pabbi þinn var að keyra mömmu til Rönku í hádegismat og sótti hana líka þangað. Kom hún þá í kvöldmat til okkar. Hvað eru þau að tala um systkinin allan daginn? sagði pabbi þinn við mig? Ég sagði honum að þau þyrftu ekki mikið að tala en hefðu það samt skemmtilegt og liði vel saman. --

Vorum að hlusta á Pavarotti í nærmynd með Peter Ustinov. Þeir voru yfirvegaðir og rólegir.

-- En það sem Pavarotti sagði var eiginlega framhald af því sem ég sagði um mömmu og systkinin. Hann taldi fólk einungis geta liðið vel sama ef það gæti þagað saman líka. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auðir Eggertsd. Rvík. 18.1.1994.

-- Ég er að hugsa til þín í kuldunum og finnst að þú eigir að nota rafmagnssofnum svo þér líði bætilega. Það má ekki pína sig of mikið -- Það er sennilega eðlilegt að skólinn þyngist frá ári til árs. Nú fer þetta út í meiri sérhæfingu en í fyrra. Ekki er hægt að búast við að manni gangi alltaf jafn vel. Við verðum að gera okkar besta. -- Hér vaknaði maður upp við slyddu og kóf -- alhvít jörð og hálsa.

Pabbi þinn fór til Keflavíkur til að skipuleggja næsta aðalfund SÍR í vor. Ég var nú ekkert hrifin af að keyrt væri í svona veðri og ófærð þangað. --

Auður Eggertsdóttir skrifar til pabba síns. París. 19.1.1994.

Bréfið er beiðni vegna verkefnis í skólanum um skipulag menningarmála Rvíkurborgar.

Urðu síðan heilmikil bréfaskipti um menningarpólítík opinberra aðila, sem virðist engin vera nema einna helst stefna menningarmiðstöðvarinnar Gerðubergs í Breiðholti.

Sigríður Dagbjarts. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 24.1.1994.

-- höfum haft það gott um helgina. -- byrjuðum í fimmtugsafmæli eins Oddfellowbræðra pabba þíns. Þar hittum við margt skemmtilegt fólk. M.a. vinnuveitanda Brynju, Sverri Norland.¹ Hann er giftur bekkjarsystur pabba þíns -- Ég fór að segja honum hvað Brynja væri ánægð og var hann aldeilis hissa að hún væri tengdadóttir okkar. Hann sagði að umsókn hennar hefði borið af 50 umsóknum og væri hún mjög góður starfskraftur. --

Við fórum á nokkrar sýningar. M.a. hjá Magga (*Magnúsi Sigurðarsyni myndlistarmanni*) og Möggu (*Margrét Blöndal líka myndlistarmaður*). Þau sýna sitt verkið hvort í litlu gallerí við Vitastíg. -- Við skiptumst á fréttum af þeim og ykkur Degi. -- Svo héldum við áfram niður Laugavegin og hittum Pétur Guðfinnsson og Stellu. Við drógum þau með okkur á enn eina sýninguna uppi á loft í *Sólon Islandus*. Þar sýnir Eyjólfur Einarsson. Við pabbi þinn erum að furða okkur á hvað allir eru orðnir gamlir (nema auðvitað við). Þau eru orðin mjög fyrirgengileg, sérstaklega Stella. --

¹ Sverrir Norland (1927-2007) rafmagnsverkfræðingur; átti Margrétu Vilhjálmsdóttur bekkjarsystur Eggerts.

Pabbi þinn verður með mikinn fund í dag á vegum SÍR á Holiday Inn og endar svo á kvöldverði. -- Á morgun verð ég hins vegar með stjórnarfund í Zonta. Þá verð ég líka í mjög erfiðu verkefni. Það kom formel kvörtun til mín frá einni Zontakonu yfir Erlu Jónsdóttur.¹ Hún hafði hellt sér yfir Guðrúnu Jónsdóttur á jólafundi Zonta. Allt er þetta vegna væntanlegrar byggingar Hæstaréttar á lóð Landsbókasafnsins. Erla jós sér yfir Guðrúnu og sagði að hún væri búin að stöðva bygginguna. Það væru allir hæstaréttardómaramir sem töluðu svo illa um hana og ég veit ekki hvað og hvað. Ég talaði við Guðrúnu og hafði hún ekki tekið þetta nærri sér af því að hún heldur því fram að Erla eigi eitthvað bág, og e.t.v. við áfengisvandamál að stríða. Hvað um það; ég verð að taka á þessu máli. Svo kom formleg kvörtun frá annarri Zontakonu sem bað stjórn klúbbsins að taka á þessu máli. Talaði við Erlu og bað hana um að hitta mig að máli. Hún var með alls konar vífilengjur en ég gat neglt hana niður í kaffitíma á Lækjarbrekku á morgun. Ég býst satt að segja við að hún segi sig úr Zonta. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auðir Eggertsd. Rvík. 26.1.1994.

-- Ég verð að viðurkenna að dagarnir sem maður fær fax frá þér eru betri en aðrir -- nú ertu búin að bjarga þessum degi. --

Hefur verið að afla upplýsinga um reksturinn í Gerðubergi, fór þangað og talaði við forstöðumanninn Elísabetu Þórisdóttur ásamt rekstrartöllum.

-- Hún var hrifin af að þetta hefði komið út úr fundi Zontakvænna, að þú ætlir að skrifa um starfsemina þar. Elísabet er glæsileg og áhugasöm og ég gæti ímyndað mér þig í svona starfi. -- Það er gott að heyra að betur gengur í prófunum hjá þér. -- Ég held það sé í öllum greinum svo að viss partur af náminu er erfiðari og leiðinlegri en annar -- þá er bara að harka af sér.

Annars dettur mér í hug saga, þegar ég tala um að harka af sér. Þú manst eftir sögunni af því þegar við gistum í sumarbústaðnum hjá Jójó og Óla í gamla daga. Óli varð svo veikur um nóttina að rúmið hans lék á reiðiskjálfi. Um morguninn var mjög af honum dregið en pabbi þinn sagði að besta ráðið við svona væri að hlaupa upp að hliði og harka þetta af sér þannig. Við fórum svo í bæinn á okkar bíl, á undan þeim, en skildum ekkert í því að bílar voru að stoppa á kantinum og fólk að hlaupa út í móa. Þetta var þá einhver svæsnasta matareitrun sem komið hefur í manna minnum. Þorvaldur í Síld og fiski seldi svona eittraða majonnessósu sem var búin til úr andareggjum, sem mátti alls ekki, því þau geta haft svona eitrun í för með sér þegar búin er til majonnessósa. Óli var sem sé fárveikur af matareitrun.²

Í 50 ára afmæli oddfellowbróður Eggert, sem við fórum í voru haldnar ágætar ræður. Vinur og samstarfsmaður sagði eftirfarandi sögu til að lýsa dugnaði og samvirkusemi hans. Sveinn, heitir hann, var að vinna sem yfirmaður Eimskips í Hamborg þegar þessi saga gerðist. Hann lagði mikla áherslu á góðan aga og stundvísi starfsfólksins. Svo var það einu sinni að vinna átti aukalega á laugardagsmorgni -- og mæta kl. 10 -- Einn starfsmaðurinn hringdi þá og sagði að hann kæmist sennilega ekki, því hann hefði verið að skemmta sér kvöldið áður og liði eitthvað svo illa. Sveinn sagði honum að vera ekki með þennan bölvandan aumingjaskap. Til væri gott íslenskt húsråd: *Fáður þér bara snafs, farðu í heitt bað og þá verður þú eins og nýsleginn túskildingur.* Ekki kom maðurinn í vinnuna og ekki á mánudag. Þegar Sveinn hitti hann næst sagði hann honum sínar farir ekki sléttar. Hann hefði fylgt þessu íslenska húsráði hans en það hefði ekki virkað betur en svo að hann hefði verið fluttur á spítala og vart hugað líf. Annað reyndist hafa verið að honum og mátti alls ekki beita þessari aðferð við þennan sjúkdóm. --

Mikið gaman að heyra lýsingu þína á Bastillu-óperunni. Væri gaman að koma í hana og líka í gömlu óperuna þegar við komum í heimsókn. Kannski 10.-17. mars en þing danska Tannlæknafélagsins hefst þann 17. í Höfn. --

Þakkar myndir frá jólum í Barselóna. Hlakkar til að fá fleiri myndir en nú helst að sjá Axel.

-- Amma þín er hress. -- var í leisermeðferð á auga -- segist sjá alls konar blóm og depla -- ekkert að kvarta --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 31.1.1994.

-- Við erum búin að vera að skemmta okkur heilmikið gamla fólkið. Vorum í boði hjá Guðrúnu (*Sveinsdóttur*) og Jóni (*Stefánssyni*). Þar voru Stella og Bensi Eiríks, Kristín Blöndal og hennar nýi maður: Pétur Björn³ og svo Erna Hrólfsdóttir⁴ og hennar maður Jón Ámundason.⁵ -- Þetta var eiginlega partí. Mér skilst að maður geti ekki kallað samkomu partí nema að þar fari fram almennileg drykkja. Við fengum góða fiskrétti og sátum lengi fram eftir. --

Hér er alltaf mikið að gera hjá okkur báðum. Það fer heilmikil vinna í málefni Zonta. Það verður fundur formanna Zontaklúbba Við hittumst á Holiday Inn, -- borðum saman og kynnumst hvor annarri og störfum okkar. Þetta er skemmtilegt ef maður leggur í það vinnu. Það hef ég reynt að gera og gefið út bækling um félagsstarfið -- Það hefur komið í ljós að þær átta sig ekki allar á því að í svona félagi þurfa allir að leggja eitthvað af mörkum og mæta vel til að ná góðu sambandi.

Amma þín Fríða er bara hress núna og sáttt við lífið og tilveruna. -- Fríða er í Freiburg að læra þýsku. Hún verður ekki eins lengi og í fyrstu var ætlað. Hún er held ég ekki alveg nógu sjálfstæð og úthaldsgóð. Hún ráðgerir að heimsækja Auði á heimleiðinni.

Auður var að segja okkur þær skemmtilegu fréttir að þið ætluðuð kannski að koma í heimsókn til hennar um páskana. Var hún mikið upplýft við þá frétt. --

¹ Erla Jónsdóttir var hæstaréttaritari.

² Matareitrun af tegundinni taugaveikibróðir (typhi murium), músataugaveiki. Olli háum hita og gekk seint yfir. Hálfur bærinn var veikur.

³ Pétur Björn Pétursson (1946), hagfræðingur og framhaldsskólakennari.

⁴ Erna Hrólfsdóttir (1944) lengi flugfreyja.

⁵ Jón Örn Ámundason (1944) rak járn/lampasmíðju.

Auður Eggertsdóttir skrifar föður sínum. París. 31. og 1.2.1994.

Er að skrifa ritgerð um listalífið og spyr um ýmsar staðreyndir varðandi stjórn borgarinnar og áætlanir. Einnig sjálfstæðar stofnanir svo sem listasafn Sigurjóns Ólafssonar og Einars Jónssonar.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 7.2.1994.

-- gaman að tala við ykkur -- Sérstaklega þótti okkur gott og gaman að tala við Axel. Okkur líst mjög vel á hann og hlökkum til að hitta hann. Það er gaman að heyra hann tala um starfið og auðfundið að þarna er maður með ábyrgðartilfinningu. Vonandi tekst ykkur að skipuleggja framtíðina á sem bestan máta fyrir ykkur bæði.

-- amma þín er miklu betri. Hún er skýr, en kannski ekki alveg eins og hún var. Hún hefur slappast lítillega í talfærunum þannig að málrómurinn hljómar öðruvísi. Hún er glöð og með gamansemi á vörum. Hún var með hita í gær og kvefuð. Gerði samt lítið úr því og sagðist ekki vilja að læknar færu að gefa sér eitthvað við því. Sagði sögu af Guðmundi Hannessyni¹ sem var landlæknir þegar hún var ung. Hann hafði komið til langömmu þinnar Álfheiðar og sagt henni þær vondu fréttir að nú væri búíð að finna upp lyf við þeim hreinlega sjúkdómi, lungnabólgu, sem væri eðlilegt að fullorðnir dæju úr. Hún sagðist ætla að segja læknum, þegar hann kæmi næst, að hún kærði sig ekki um neina svona framlengingu. Sem sagt, hún var glöð og sátt við tilveruna, ánægð með það líf sem hún hefur átt, en södd lífdaga eins og við höfum orðið vör við hjá henni. Hún hló líka að gangastúlkunum sem voru að segja henni að liggja ekki svona mikið fyrir, hún þyrfti að drífa sig meira framúr: *Þær eru að segja 93ja ára gamalli konu að drífa sig framúr sem ekki getur það. Væri nær að þær kæmu til mín og segðu við mig að nú ætluðu þær að hjálpa mér og fara með mig í smá göngutúr.*

Henni fannst þetta ótrúlegt skilningsleysi. En hún er ljúf og góð og gaman að finna að hún hugsar um útlitið þrátt fyrir veikindin. Hún bað mig um krem og varalit. Svo vildi hún fá náttjakka, sem ég lofaði að athuga hvort ég fengi einhvers staðar. Þá finnst henni hún ekki vera nógu fín í þessari nærskyrtu sem hún er í.

Nú verðum við líka að hugsa meira til Dídíar. Þær höfðu samband hvor við aðra mörgum sinnum á dag og var það nóg til að fylgjast með að allt væri í lagi hjá Dídí. Nú verðum við að taka við og hafa samband við hana daglega og kaupa inn fyrir hana. Það er allt í fína lagi með að gera það. Hún borðaði hjá okkur í gærkvöldi eftir að pabbi þinn hafði farið með hana til ömmu þinnar. Hún talaði svo mikið, allt kvöldið, að við voru komin með höfðuverk þegar hún fór. Hún gleymdi alveg að borða matinn. Það endaði með því að pabbi þinn sagði: *Jæja, Dídí, nú verður þú að fara að drífa þig.* Þá lagði hún hnífapörin til hliðar og sagðist ekki geta meira, sagðist lítið borða yfirleitt. Hún borðaði samt ísinn á eftir, svo hún fór ekki með tóman maga.

Amma þín fær að fara heim af spítalanum í dag. Aðgerðin virðist hafa tekist vel. Ásgeir og Brynja voru hjá henni þegar ég kom. Ásgeir hafði farið upp að Reyðarvatni með Japananum sem var hér í heimsókn, með Eyþóri² vini hans frá München. Þeir veiddu í gegnum vök tvo stóra silunga sem þau buðu þeim að borða með sér um kvöldið.

Það var mjög gaman að koma til þeirra um kvöldið. Mér finnst þau alltaf að verða innilegri hvort við annað og gott á milli þeirra. Mér fannst Brynja vera svolítið kuldaleg við fyrstu kynni, en það er farið af henni núna og ég kann mjög vel við hana. Hún tók í höndina á Ásgeiri þegar hún bauð okkur að gjöra svo vel og sagðist ætla að halda smá ræðu. Hún sagði á svo hlýlegan hátt frá því hvað Ásgeir hefði verið betri en enginn að hjálpa sér við frágang á lokaritgerðinni og svo væri hann meistarakokkur, eins og við fengjum að sjá á eftir. Við pabbi þinn gáfum henni útskriftargjöf, men um hálsinn úr kopar og silfri frá Katrínu á Skólavörðustíg.

Það er verið að draga í nýjar rafmagnsleiðslur á báðum hæðunum okkar. Það var gert í fyrra hjá ömmu þinni. Nú getum við kveikt við dyrnar á nokkrum lömpum í einu og þurfum ekki að ganga að þeim öllum. Við erum svo föst í gamla farinu að það tekur okkur örugglega langan tíma að læra á kerfið. Þetta er til mikilla bóta og ég tala nú ekki um öryggið. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 8.2.1992.

Segir m.a. frá því að Axel hefði komið í heimsókn. Einnig að henni hefði brugðið mjög við fréttir af ömmu sinni, en fegin að þær reyndust ekki alvarlegar.

-- Fyrsta kvöldið fórum við til Benna og Elvu (Bernhard Valsson og Elva María Káradóttir)³ og hef þekkt þau lítillega þann tíma sem ég hef verið hér. Elva er fatahönnuður og Benni ljósmyndari og hafa búíð hér frá því að þau luku námi --Við fórum öll saman á íslendingaskemmtun til að sýna okkur og sjá aðra. --

Þá hitti hún gamla vinkonu sína sem var nú komin aftur til að leita uppi portúgalskan kærasta sinn sem hefur lent í fangelsi og týndist í París en fannst svo, þá í fanginu á einhverri annari stelpu.

Þá varð hún forviða á öllum símtölunum sem Axel fékk og var mikið talað, en ekki nema í tonnum!

Hún var hreint hissa þegar hringt var í hana sjálfa, þá auðvitað af foreldrunum. Gleðst yfir frétt um að foreldrarnir myndu koma í heimsókn en stundaskrá skólans er mjög breytileg og því ekki gott að segja hvaða tími væri heppilegastur.

¹ Guðmundur Hannesson (1866-1946), læknir á Akureyri, lengst prófessor.

² Eyþór Eyjólfsson (1963). Starfaði mikið í Japan eftir nám í München. Kynntist Auði á Ólafsfirði. Á þar jarðir og sumarhús á Bakka. Seinna urðu þeir Axel samstarfsmenn í *Icelandicfyirtækinu*.

³ Þau eru aldavinir þeirra enn í dag allt frá því að Benni og Axel voru saman í M.A. Þau eru í fjarbúð. Benni er starfandi enn í París en Elva býr á Akureyri.

Auður Eggertsdóttir skrifar Sigríði Dagbjartsd. París. 10.2.1994.

Komin í upplestrarfrí og fer til frænku sinnar í heimsókn meðan Jói maður hennar, fulltrúi í sendiráðinu, verður í Strassborg, þar sem hún er ekki róleg, nýflutt í úthverfi með tvö börn. Holger skólaláráðir hennar frá Nice kemur svo í heimsókn til hennar.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 14.2.1994.

-- Amma þín kom heim á laugardaginn -- Hún er dugleg og vill bjarga sér. En manni sviður sárt að sjá hvað hún á erfitt með það. Hún hefur stírnað á sjúkrahúsinu og reynir af veikum burðum að gera sínar gömlu, góðu æfingar. Pabbi þinn kom að henni á gólfinu í svefnherberginu. Hún hafði lagt þar á teppi og verið að gera æfingar, en var þá bjargarlaus, gat ekki staðið upp. Við erum dauðhrædd um að hún detti og erum sífellt að líta til hennar.

Í gær kom svo Þór Halldórsson¹ samkvæmt beiðni Palla. Þeir eru gamlir og góðir vinir. Hann hafði gert öldrunarmat á ömmu þinni á Landspítalanum. Nú báðum við hann um að leiðbeina okkur í hvernig við ættum að snúa okkur í því að fá pláss á stofnun. Þetta er mikill frumskógur og ótrúlega flókið mál. Við ákváðum að skipta með okkur verkum. Ég var að tala við félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar. Við þurfum að fá konu þá tvo daga sem Hjördís kemur ekki. Mér var vel tekið og sagt að reynt yrði að útvega aðra konu. Svo er að bíða eftir því. Pabbi þinn ætlar að tala við yfirmenn nokkurra stofnana. Svo var sífellt verið að vera að reka á eftir svoleiðis beiðnum. Öldrunarmatið frá Þór hefur mikið að segja. Hann metur hana hæfa inn á stofnum, en nú hefur það allt að segja að öldrunarlæknir gefi slíkt mat. Þannig gengur svoleiðis fólk fyrir núorðið. Ekki eins mikill klífuskapur.²

Jæja, þetta er nokkuð sem við höfum að glíma við. Það gengur ágætlega meðan við erum heima. Við verðum hins vegar í vandræðum þegar við förum að leggjast í ferðalög -- Þá verður einhver að búa í húsinu. Kannski myndu Ásgeir og Brynja vilja flytjast hingað á meðan. --

Verið að ljúka við raflagnir og tókum okkur til og máluðum vinnuherbergið og lakk máluðum hurðirnar niðri. Þá er stigagangurinn eftir, mjög erfiður og hugsað hvort börnin gætu hjálpað þegar þau koma heim.

-- Pabbi þinn er orðinn nokkuð góður í bakinu. Hann sagði að líklega væri besta lækningin að mála svo sem eitt herbergi um hverja helgi. Palli hefur líka verið slæmur í baki -- Það er eins og þetta sé arfgengt. Ég vona að þið, börnin, erfið frekar bakið frá móðurinni, sem enn hefur ekki klikkað. --

-- Við hringdum í Dag -- Þau sögðu að Osló væri full af útlendingum sem litu á þau brosandir og nikkuðu til þessa innfædda fólks og hugsaði að þau væru typískir Norðmenn, svona litu þeir út. Dagur sagði að vinur sinn Geiri frá Nesi³ hefði boðið sér til Lillehammer -- Þau voru boðin til kunningjafólks⁴ á efri hæðinni í partí --

Segir henni að við séum búin að panta flug til Parísar og rifja upp allt það merkilega sem gerst hefur frá því að við kvöddum hana í Keflavík í haust. Vonar að henni gangi próflesturinn vel.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 21.2.1994.

Pakkar Vibeke fyrir bréf og myndir og segir þau fylgjast spennu með þroska Jóhannesar. Þá séu þau spennu fyrir fréttum frá vetrarólympíuleikunum í Lillehammer og finnst Norðmenn standa sig vel.

Segir veðrið gott, Fríða amma hans hafi það bærulegt en verði fljótt þreytt. Hefði farið með Eggert í göngutúr Fjölfnisvegshringinn og þótti það býsna skemmtilegt.

Segir frá stjórnmalunum einkum landbúnaðarmálunum sem mjög mikill ágreiningur sé um.⁵

Búið var að ganga frá frumvarpi um haustið um landbúnaðarmál en sjálfstæðismenn hafa breytt því og vilja koma mörgum vörum undir landbúnaðarráðuneytið sem varla teljast landbúnaðarvörur.

-- Það yrði þá háð leyfi úr landbúnaðarráðuneytinu hvað lagður yrði mikill tollur og jöfnunargjald á jafnvel pizzuvörur. --Þetta er mikið vald sem landbúnaðarráðherra yrði fært og vilja ekki allir sætta sig við það. Þeir sem eru á móti segja líka að þetta brjóti í bága við GATT-samninginn. --

Þá er mikið rifist um byggingu Hæstaréttar á lóð Landsbókasafnsins, fundir og undirskriftalistar.

-- Svo er reyndar eitt mál í viðbót sem menn eru að fussa yfir. Það er búið að auglýsa tvær stöður seðlabankastjóra. Sagt er að Davíð sé búinn að lofa Steingrími Hermannssyni stöðunni. Leikfléttan er sögð sú að sjálfstæðismenn vilji slíta stjórnarsamstarfi við krata og mynda stjórn með framsókn. Davíð og Steingrímur geta ekki verið báðir í stjórn, því þeir vilja báðir vera forsætisráðherrar. Vilji því Davíð gera allt til þess að koma Steingrími í Seðlabankann --

Segir frá tilhlökkun sinni að heimsækja Auði. Einnig að þau færu með Óla og Jójó til Dublin til að afhenda bókagjöfina.

¹ Þór Halldórsson (1929) öldrunarlæknir og forystumaður í þeirri grein lækninga. Nú þrugaður af minnisglöpum. Hann var heimilisvinur okkar fjölskyldu, ekki síst Bo Almqvist, sem bjó hjá fjölskyldunni þegar hann kom fyrst til landsins, sennilega 1953.

² Því má skjóta inn að í öllum þessum öldrunarmatsaðgerðum var mamma ekki beinlínis hjálpleg. Þegar hún átti von á slíkum sérfræðingum klæddi hún sig upp á, tók fram fínar kökur og brauð, bjó til kaffi og skemmti fólkinu og skemmti sér líka sjálf konunglega, - í essinu sínu.

³ Aldavinur hans Geir frá Näs, lögfræðingur, fæddur einhvers staðar norður í landi.

⁴ Þetta voru hjón, hún arkitekt og hann þróunarfræðingur og síðar háskólakennari frá Stavanger. Þetta átti eftir að verða þeirra nánasta vinafólk og barnanna. Reyndar lauk þeirra sambúð með skilnaði, sem setti vinatengslin í uppnám, eins og það gerir.

⁵ Fyrsta ráðuneyti Davíðs Oddssonar, þ.e. Sjálfstæðisfl. og Alþýðufl. Landbúnaðarráðh.: Halldór Blöndal. Fjármálaráðh.: Friðrik Sophusson.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 28.2.1994.

Pakkar fyrir góðar óskir á brúðkaupsdegi okkar. Segir mig hafa gefið henni heilræði Epiklesar til þess að hún bæti sig og taki góðum ráðum. Segist líka hafa fengið hringingu frá Degi sem sagði fjölskylduna ætla sér í heimsókn til Auðar.

-- Amma þín er voðalega lítilfjörleg. Þetta er svo mikið basl á henni og hún verður svo þreytt. Þá beygir hún af og óskar þess að hún hefði fengið að fara um daginn. Þetta er skelfing að sjá, þessa miklu dugnaðarkonu. Hún á að fara á miðvikudögum og föstudögum í Hátún 10. Það er Þór Halldórsson sem tekur hana þangað og ætlar að *observera* hana, eins og hann sagði. Hann vill gjarna finna út hvað að henni er og best að gera fyrir hana. Hún fær vonandi einhverjar æfingar þarna við bakinu, því hún er mjög slæm eftir að hafa verið rúmliggjandi á sjúkrahúsinu. -- Hún kvíðir fyrir að við förum til útlanda þótt það hafi ekki komið fram hjá henni. Hún hefur alltaf orðið órugg þegar við höfum farið og jafnvel svolítið rugluð. Það er ekkert annað að gera í þessu máli en sitt besta og vona að hún komist á Droplaugarstaði. Hún er sátt við að fara þangað og finnur að hún þarf á hjálp að halda sem þar er að fá. --

Segir Óla og Jójó hafi verið að koma frá Möltu og London og hefði íbúðin flætt vegna vatnsveðurs og var komið 10 cm. djúpt vatn sem lak niður í rúmið til hjónanna niðri.

-- Hilmar var kallaður út og þegar hann stekkur út þá er verið að stela bílnum hans. Þurfti hann að fara inn til að tilkynna þjófnaðinn -- Var kallað á slökkviliðið sem kom með dælur -- Jójó er furðanlega róleg -- sagði mér núna að líklega væri þetta ekki tryggt. Það væri eitthvað í tryggingunum sem hétu *asahláka að utan* og það væri víst ekki tryggt. --

Mikið var gaman að tala við Elly Vilhjálms¹ um daginn. Þú veist það kannski ekki að pabbi hennar er dáinn. -- Hún var ekkert að kvarta en mér fannst eins og hún reiknaði með að allt gæti gerst.² Hún ætlar sér að byrja í vinnunni bráðlega. Það var gaman að heyra hana segja að hún og Edda væru báðar svo spenntar að fréttu af þér, *dúllunni sinni*. Hún er farin að hlakka til að fá þig á vinnustaðinn, en sagði að það væri náttúrlega sama próblemið með þessa konu. Það væri sko ekkert skemmtilegt að vinna með henni.³

Ásgeir og Brynja fengu lánaðan jeppann. Bíllinn þeirra bilaði -- þegar þau voru komin af stað á leið á gönguskíði og dorg í gegnum ís. -- við vorum að fara í boð til Helgu Einarsdóttur og Ólafs Guðnasonar -- sem flytur inn Wrigley tyggjóid -- Við vorum þar að hitta Marit Áhlén, sem var hérna fyrir 16 árum að læra íslensku. Hún koma alltaf einu sinni í viku heim og var með Ásgeir í sænskutímum og borðaði með okkur. Maðurinn hennar er í stjórn Norræna hússins og hún kemur með honum árlega. Nú vildi Helga endilega bjóða okkur með þeim. Það var gaman að hitta þau öll aftur.

Helga og pabbi þinn eru gömul skólasystkin. Svo lærði hún líka á píanó hjá ömmu þinni þegar hún var lítil. Þau pabbi þinn voru að rifja það tímabil upp. Hún hafði komið þrjúbúin og hringt á bjöllunni í Tjarnargötu. Pabbi þinn og fleiri strákar voru að leika sér í næsta garði og hermdu eftir henni þegar hún sagði. *Er Fríða heima?* Þá hrópuðu þeir og skældu sig í framan: *Er Fríða heima!* Hún sagði líka að pabbi þinn hefði fleygt sér í Tjörnina einu sinni en það vildi hann nú ekki viðurkenna. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 3.3.1994.

-- Það er í mörg horn að líta áður en við förum í fríð. Ég er farin að hlakka til að fara og ég tala nú ekki um að hitta þig aftur. Það er Zontafundur með mökum og gestum (haldinn í TFÍ) kvöldið áður en við förum -- Hlakka til að hitta þig. --

Bo Almqvist skrifar Eggert Ásgeirssyni. Dublin. 3.3.1994.

-- Det nya bokpaketet anlände i går. Nu måste ni sluta för där finns inte mera plats! Men skämt åsido så väckte böckerna almän beundran på grund av att de är så vackra - och åtminstone Séamus og jag beundrade dem också på grund av deras innehåll. Om man bara kunde få tjänstledigt ett år igen, så att man hann läsa och fördjupa sig ordentligt i all denna rikedom! Nu får man inte tänka på sig själv, det gäller också att inspirera andra - och det har jag i varje fall delvis lyckats med. En av mina magistrar har redan plockat ut alla traditioner om *Tyrkjaránið* ur denna utmärkte resurs, som går under namnet *professors Almqvists isländska centrum* - men som väl egentligt borde heta *Sirris og Eggerts centrum*. Ett stort tack som vanligt.

Þá segir hann frá undirbúningi komu okkar Sirrí til Dublin.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 8.3.1994.

-- Við erum að pakka niður og tilbúin með allt. Það er vegna þess að marsfundur Zontaklúbbsins er hér í kvöld og fer ég ekki einu sinni heim úr vinnunni. Fundurinn er haldinn hér í Félagsheimili TFÍ og er með mökum og fleiri gestum þar sem við Zontakonur leggjum allan mat til og látum hagnaðinn renna í félagssjóð! Það er búinn að vera mikill undirbúningur og verð ég aldeilis fegin ef þetta gengur allt skammlaust.

Amma þín var mikið glöð að heyra í þér um daginn. Hún er mjög dugleg og ætlar að standa sig vel svo hún verði ekki upp á aðra komin. Ásgeir og Brynja flytja inn á morgun og gera það með glöðu geði. Ætli Ásgeir fái ekki víðáttubrjálæði, sagði Brynja.

Mér er það líka ofarlega í huga að Erna vinkona mín Þorleifsdóttir var að deyrja í gær -- heilaæxli í höfðinu -- Var mikil lausn fyrir alla að hún skyldi ekki lifa lengur eins veik og hún var orðin. --

Palli er mjög slæmur í bakinu -- verið frá vinnu í hálfan mánuð --

¹ Elly Vilhjálms (1935-1995).

² Ekki er að vita hvað er átt við en hún dó úr krabbameini í lok næsta árs.

³ Unnu allar saman í sjónvarpinu. Ég held að þessi kona hafi verið Pálína sem lengi hafði unnið þar og þar áður hjá Þorvaldi Lúðvíkssyni.

Gaman að heyra að samkeppnisverkefnið gengur vel. Það hlýtur að vera gaman fyrir ykkur að vinna að því saman og sjá því miða áfram. --

Segir það verði gaman að hitta Auði og fara í óperuna. Segir frá fundi sínum í Khöfn.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Khöfn. 18.3.1994.

-- Þakka þér fyrir dásamlega daga hjá þér í París. Þú getur verið viss um að hugurinn er ennþá hjá þér í litlu notalegu íbúðinni þinni þar sem fór svo vel um okkur. Það var þægilegt að finna það svo vel líka hvað þú stendur þig vel og ert staðföst í öllum þínum málum.

Ég var að reyna að senda þér orku í verkefnið þitt í gær. Forvitin er ég að vita hvernig þú kláraðir það og hvað kom út úr því. Mikið sakna ég þín. En mikið er ég rík að eiga þig. Eins og við vitum líður tíminn fljótt þangað til við hittumst aftur. Þá verður nú gaman og ég ætla ekki að lýsa því hvað við hlökkum til að hitta Axel. Þangað til verðum við að láta okkur nægja þá góðu lýsingu sem þú hefur gefið af honum.

Það er erfitt að breyta yfir í andrúmsloftið hér frá því sem var í París. Ég verð að viðurkenna að ég er ekki alveg með hugann óskiptan hér. -- París er heillandi en náttúrlega alveg sérstaklega með þér þar. --

19.3.

--margt búið að gerast. Ég komst ekki lengra í gær því fundur framkvæmdastjórnanna var að byrja og stóð til 17.30. Þá var bara að hlaupa út í strætó og heim á hótél til að hvíla sig fyrir veisluna. Þetta er í fjórða skipti sem við erum boðin í svona veislu og er þetta það fínasta sem maður lendir í.

Í gær vorum við í *Söofficers-forening*. Þar voru málverk af kóngum og Margréti drottningu. Í upphafi var staðið upp og skálað fyrir henni sem er yfirmaður sjóhersins. Jæja. Selskapið við borðið var mjög skemmtilegt og verður alltaf betra eftir því sem maður kynnist betur.

Núna er ég laus og liðug og ætlum við að fara á Louisina-safnið og svo í bíó. Það er skemmtilegur hópur íslenskra tannlækna hér og gaman að vera með vinsamlegu fólki sem maður er farinn að þekkja. --

Hér er að snjóa núna og hráslagalegt. -- Á morgun er heimferðin og alltaf hlakkar maður til hennar, sérstaklega þegar ferðin hefur verið svona skemmtileg --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Vibeke og Degi Eggertss. Rvík. 21.3.1994.

Segir að allt hafi gengið vel heima meðan þau Eggert voru í ferðinni og rifjar upp viðburði með Auði í París sem hlakkar til að fá fjölskylduna frá Osló til Parísar. Rifjaði líka upp viðburðina þegar Dagur var með þeim í París fyrir tveim árum.

-- Dagarnir í Höfn voru líka góðir. Pabbi þinn sat á Þjóðskjalasafninu í Höfn öllum stundum og var að rannsaka aðallega hvarf Kristjáns Gunnlaugs Briem, sem hvarf í París -- Honum varð eitthvað ágengt og var að minnst kosti ánægður með það sem hann fann. Annars vorum við í stöðugum veislum, og þeim ekki af verri endanum. Það segir náttúrlega sitt að nú er ég búin að taka ákvörðun um að létta mig um nokkur kíló. --

Því miður eru Jójó og Óli hætt við að koma með okkur til Dublin Það hafa steðjað að þeim svo mikil vandræði að þau treysta sér ekki núna. -- Kannski er þetta þannig mál sem maður er endalaust að ráðgera en aldrei verður úr framkvæmdinni.

Heimilishald gekk vel á Bergstaðastræti meðan við vorum í burtu. Ásgeir og Brynja stóðu sig vel í umönnun ömmu þinnar og fengu mikið hrós frá henni -- Hún hefur sennilega verið búin að reyna svo mikið á sig að standa sig og gera meira en hún getur, því hún hringdi í Þór Halldórsson öldrunarlækni í gær og sagði að hún væri að gefast upp. Þór kom til hennar að vörmu spori og leist þannig á að hún þyrfti að leggjast inn. -- amma þín er mjög spennt -- og vonandi verður þetta til þess að henni líði betur. -- Það var gott að koma heim. Allt í röð og reglu hjá Brynju og Ásgeiri.

Í TFÍ var hins vegar allt í uppnámi. Hafði gengið dómur í Hæstarétti okkur í óhag um tannsmíði. -- Lögfræðingur félagsins kemur á fund í dag. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 24.3.1994.

-- Þakka ykkur fyrir síðast og mikið var skemmtilegt þennan tíma sem þið voruð hérna og tómlengt þegar þið fóruð. Ég held við höfum aldrei haft svona gott tækifæri til að eyða tíma saman í rólegheitum, spjalla saman og hafa það skemmtilegt og gott. Að minnsta kosti upplifði ég tímann svoleiðis. Eftir að þið fóruð fór ég náttúrlega að hugsa um verkefnið sem ég átti að skila. Og mikið velti ég vöngum. Að lokum var það Virginie sem hjálpaði mér við að finna lausnina -- Ég var alltaf að velta fyrir mér þessari klóru og hún sagði að ég ætti að láta hana vera að þrifa spegil. Þannig að ég fór og keypti í þetta og fór með allt saman heim. -- Daginn eftir fór ég svo að smíða og hamra þessu saman og útkoman var klóra með svamp í hendinni, og þegar ég sneri sveifinni, þá þreif hún spegil sem var á mótí, hring eftir hring. Og kennarinn sagði bara „*amusant*“. Dagur skrifaði mér og sagðist gefa mér tíu fyrir þessa hugmynd, en ég var spæld yfir þeirri einkunn, af því að kennarinn gaf mér ellefu!

Eftir þetta tók við annað verkefni sem ég þyrfti að vinna. Það var bók sem ég átti að lesa, flytja síðan umsögn um hana og kenningarnar sem hún innihélt. Og helgin fór í þetta. Fyrst lestur bókarinnar og síðan vinnsla á verkefninu, sem ég flutti á mánudag og gekk bara vel. Þannig að nóg er búið að vera að gera.

En ekki er allt búið að vera jafn skemmtilegt, samt sem áður. Þegar ég fór í skólann og á leiðinni út kallaði fólknið í búðinni í mig. Haldiði ekki að það læki úr einhverju hjá mér og niður í búðna hjá þeim. Ég var búin að heyra einhvern leka undir eldhúsvaskinum, en sama hvað ég leitaði með vasaljósi, gat ég ekki fundið hvað þetta var og hvergi blautt. En þannig liggur í

þessu að það lekur allt niður til þeirra. -- ekki búið að vera skemmtilegt. Endalausar ferðir í tryggingarnar, fylla út eyðublöð -- Píparinn kemur svo á morgun. Ég finn það á mér að þessi saga er ekki hálfnuð. Og ég er svo leið yfir þessu öllu. Mér finnst svo vont þegar hlutirnir eru ekki eins og þeir eiga að vera. Það stressar mig mikið. Ég get ekki verið hér inni og heyrt í lekanum og geta ekkert gert. Verst er að þetta skuli gerast þegar Dagur er að koma. --

Segir frá Hannesi Arnari í fyrirtæki í Keflavík. Hann er á leið til Parísar til að kaupa antik húsgögn og biður um að ég aðstoði hann.

-- Ég fór svo og hitti hann í morgun á hótelinu hans, og þar var hann ásamt félagá sínum -- Og auðvitað voru þeir með „konurnar“ með sér líka. Ég gat ekki annað en brosað, því þeir töluðu alltaf um „konan“ þetta og „konan“ hitt. -- Þetta var nú meiri vitleysan. Þeir eru að spá í að setja upp antikverslun í Borgarkringlunni, komnir hingað til að kaupa húsgögn og ætluðu bara að redda því sí svona á einum degi. Ég er búin að vera hlaupandi með þeim um alla borg, hringjandi út um allt, þýðandi til hægri og vinstri það sem allir voru að segja. Það sagði sig sjálf, að þetta gat aldrei gengið upp á einum dagi. Það sem við gátum gert í dag var að finna hvernig þetta fúnkerar allt saman hér í Frakklandi og síðan verða þeir að koma aftur og gefa sér betri tíma. Þeir höfðu nú ekki sérlega mikið vit á þessu, ef ég á að vera hreinskilin. Meiri vitleysan.

„Sko, það sem við ætlun að gerar er að setja upp svona *antik problem*. Ég var allavega fegin þegar ég losnaði. Og þá rétti Hannes mér tvö hundruð franka og sagði: *Það verða allir að fá sitt, elskan*. Og svo tók ég til fótanna og sagði að þeir mættu hafa samband við mig þegar þeir koma aftur, kannski eftir nokkrar vikur. Ég verð vonandi búin að byggja mig upp andlega, eftir daginn í dag. --

Axel er alltaf að skoða íbúðir. Ég fékk teikningu á einni í morgun, hún var svo stór að ég ætlaði ekki að geta talið herbergin. Ég held að hann sé hræddur við að vera í sama herbergi og ég. Þessi stóra er aðeins fyrir utan Barselóna en þar er ódýrara að búa. Ég var að hugsa um að senda honum tvö hundruð frankana sem ég vann mér inn í dag, fyrstu innborgun. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 28.3.1994.

Dagur, Vibeke og Jóhannes eru komin í heimsókn til hennar í París.

-- Það er búið að vera gaman hjá okkur. -- Ég fór út á flugvöll að taka á móti þeim, allt gekk eins og í sögu hjá þeim og mér. Og gaman að sjá þau koma út úr tollinum, Jóhannes brosaði út að eyrum, rauðhærður með tvær tennur í neðri góm. Ég mundi varla eftir að kasta kveðju á foreldrana, ég var svo upptekin af að kyssa og knúsa þennan litla kall. Hann lét sér allt írafárið vel líka. -- Vibeke gaf mér alveg stórkostlega fallega mynd sem hún hafði gert. -- Mér fannst það alveg stórkostlegt því ég hafði verið að hugsa um hvort það væri mikil frekja ef ég myndi einhvern tíma biðja hana um mynd eftir sig. Og svo koma þau með myndina eins og hugsanalesarar. -- sérlega fallega mynd og ég búin að hengja hana upp. --

Síðan hafa þau verið á flækingi -- en ég verið heima að bíða eftir pípulagningamönnum sem ekki komu. -- gerði við eitthvað smávegis en sagði að lekinn væri ekki frá mér kominn. -- Virginie (*frönsk vinkona*) finnst þetta merkileg fjölskylda, allir brosaði og gladdir sem hún hefur hitt. --

Segir svo af ferðum þeirra um borgarhlutann á sunnudag, nokkrar búdir opnar í gyðingahverfinu og Dagur og Jóhannes biðu þolinmóðir meðan Vibeke og Auður skoðuðu varning. Á meðan foreldrarnir fóru í bíó passaði Auður. Jóhannes grét dálítið en sá að það borgaði sig að vera vinur hennar.

Sigríður Dagbjarts skrifar Auði, Degi, Vibeke og Jóhannesi. Dublin. 30.3.1994.

-- Þakka Auði fyrir stórskemmtilegt bréf og lýsinguna á lífinu í íbúðinni á 66 rue Chapon og hlutskipti *töntu Auðar!* Vonum við að samveran öll hafi verið stórarekstralaus.

Hér hefur lífið verið blautt, en viðburðaríkt. Við höfum verið mikið með Bo og Eilís og strákonum þeirra á kvöldin. Farið í leikhús og vorum í dag í skoðunarferð í dag til Glendalough. Landið og þjóðin hafa komið á óvart - fólkið elskulegt og skemmtilegt. Gaman væri að koma hingað aftur með ..?

Á morgun förum við með Bo og Eilís í sumarhús þeirra á vesturstöndinni, vestasta tanga Írlands, Dunquin og verðum þar til mánudags. Á þriðjudaginn verður svo þessi „fræga“ athöfn. Við búum hér í 130 ára gömlu herrasetri með frægu útsýni yfir *Killiney-bay*, sem sagt er að minni á Napólíflóa. Sama útsýni og Bernhard Shaw og James Joyce höfðu.

Góða ferð Dagur og þið öll heim. Kveðjur til Axels þegar hann kemur. Ástarkveðjur.

Eggert Ásgeirss skrifar Bo Almquist. Rvík. 7.4.1994.

-- Við Sírri sendum þér, fjölskyldunni og samstarfsmönnum hjartanlegar þakkir fyrir góðar og einstaklega hjartahlýjar móttökur.

Við hittum Vigdís Finnboadóttur í flugvélinni frá London. Helgi Ágústsson sendiherra hafði sagt henni frá öllu tilstandinu í smáatriðum. Hún var hrifin og bað fyrir bestu kveðjur til ykkar Eilís.

Mikið er gaman að taka til í gögnunum og lesa bækurnar sem við komum með frá Dublin. Það endist okkur lengi. Írland og Dunquin eru staðir sem hjartanu eru nærri. Við erum enn hrærd í huga yfir hvað þið Eilís voruð góð við okkur og drengirnir, Marja og börnin hennar dásamleg. Við hlökkum til þess að taka á móti ykkur öllum þegar þar að kemur.

Hér var allt í góðu lagi þótt auðvitað hefði veðrið, sem setti svip á dvölinna á Írland, verið enn harðara hér, með mikilli snjókomu víða og snjóflóðum. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði, Degi og fjölskyldum. 4.4.1994.

-- góðar fréttir af mömmu. Við vorum hjá henni¹ og var hún eins og önnur manneskju, glöð, kát og lék við hvern sinn fingur. Stofusystir hennar sagði að hún hefði talað við sig í allan dag og sagt frá mörgu skemmtilegu.

Sem sagt, hún áttaði sig á tilverunni og sendi ykkur góðar kveðjur. Hún hló mikið að lýsingu þinni á þegar Jóhannes var kominn upp á hnén, byrjaður að skrifa og sá allan heiminn í einu og geta seilst eftir hlutum á ská fyrir aftan sig. --

Nú er Ásgeir að undirbúa útskriftarveislu Brynju, kom til að fá lánaðan ”*stóra rauða pottinn hennar ömmu sinnar*” --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði og Degi Eggertsbörnum. Rvík. 11.4.1994.

-- Ferðin til Írlands var heilmikið ævintýri eins og gefur að skilja. Þó var þar heldur slæmt veður, svo slæmt að ekki var með sanni hægt að kalla það regnhlífaveður - þeim varð varla viðkomið. --

Fyrsta daginn sátum við á veitingastað á annarri hæð og horfðum yfir fjölfarin verslanagatnamót, sátum og skemmtum okkur við að skoða regnhlífarann sem voru bæði margar og illa farnar og eins fólkið sem undir þeim var. Og þær snerust við, sumar varla meira en teinarnir. En auðvitað. *Það sem helst hann varast vann, varð þó að koma yfir hann.* Regnhlíf okkar endaði í ruslafötu.

Bo, Éilís og drengirnir þeirra, 8 og 10 ára, tóku á móti okkur með blómum. Fórum við á hótelið sem er 100 ára gamalt í úthverfi, sýnilega tísku- og ráðstefnuhótel miðað við fundina og brúðkaupin; stóð við hafið, við hraðbrautina, ekki langt frá húsi þeirra Bo, sem stendur utar með sjónum. Um kvöldið borðuðum við svo hjá þeim.

Írar eru einstaklega hlýlegir í viðmóti, gestrisnir, líkir Íslendingum að mörgu leyti. Enskuna þeirra er nú ekki sérlega gott að skilja í fyrstu, írskuna alls ekki. Hún var mikið notuð í *Department of Irish Folklore* og vestur í Kerry. Við skoðuðum háskólann *University College*, sem er stærstur á Írlandi. Frægur er einnig *Trinity College*, miklu eldri, áberandi í miðborginni, auðugur af fornum gripum, t.d. *Book of Kells*, sem er handrit frá áttundu öld, frábært listaverk, smágert. Þá skoðuðum við Þjóðminjasafnið sem var aldeilis skemmtilegt. Fornar minjar eru ríkulegar enda ljóst að byggð var á Írlandi frá því rétt eftir ísöld eða frá 8 þús. f. Kr. Skartgripir og dásamleg gulldjáns eru frá því fyrir um 2 þús. f. Kr. Þá eru miklar minjar frá víkingatímanum á merkilegu svæði sem borgaryfirvöldum tókst að koma fyrir kattarnef með því að byggja á aðal víkingasvæðinu. Minjarnar björguðust þótt svæðið eyðilegðist. --

Þá var haldið til Kerry, nánar tiltekið Dunquin, þar sem Írland nær lengst til vesturs. Bílferðin var 6 eða 8 tímar en okkur leið vel með þeim Bo og Éilís sem eiga sumarhúsið í Dunquin. Lífið er erfitt hjá þeim, tekjur ekki miklar þótt bæði vinni mikið og hann í hárrí stöðu. Helsti lúxusinn er sumarhúsið, sem ekki er nú sérlega merkilegt, og fyrirlestraferðir sem þau sækja bæði, sitt í hvoru lagi, en hún er þekktur rithöfundur og hefur gefið út nokkrar bækur og er komin í ritsöfn. Að þeim starfar hún aðra hvora viku, hina vinnur hún í Landsbókasafninu. --

Þegar komið var til Dunquin var farið að skyggja, en útsýnið dásamlegt, brimöldurnar blöstu við og Blasketeyjarnar rétt fyrir utan. Þær eru áberandi í sögu írskrar menningar. Þar bjuggu 180 manns þegar flest var á lófastórum bletti. Svo flutti fólkið og byggt yfir menningarmínjarnar gott safn, frábærlega vel skipulagt og skemmtilegt inni, en forljótt að utan.

Alls staðar innan húss er kuldi. En fólkið er vant honum og við vöndumst honum líka -- Orkan er dýr og fólkið í hlýjum fötum. Til hvers er *tweed* ef ekki til að klæða af sér kulda. Á þessu svæði, Dunquin og Dingle, þekkir Bo flestalla og hefur safnað þjóðsögum hjá. Nú er það margt fallið frá eða orðið gamalt. En við vorum mikið úti við, þrátt fyrir veðrið, enda Bo mjög athafnasamur og duglegur. Hann talaði mikið við fólkið á írsku, sem er ráðandi mál á svæðinu. Enda þekktu margir hann. Við fórum á krárnar sem eru í hverju smáplássi. Þangað kemur fólk á öllum aldri. Sýnilega er mikið af ferðamönnum á Írlandi og er tekið á móti gestum í hverju húsi við þjóðvegina og mikið keppst um þá með snyrtimennsku.

Þá fór Francis, prófessor í fornírsku, með okkur til að skoða fornminjar í Glendaloch. Var það skemmtilegur dagur þó töskunni væri stolið af henni. Tók hún því hetjulega. Við þekkjum hana frá því að hún kom í heimsókn í haust.

Á þriðjudag hittum við Marju, dóttur Bo, mann hennar og þrjú börn, ásamt mömmu hennar Jane, sem hefur gifst aftur. Marja er við framhaldsnám í *Art Communication*, maðurinn hennar er listamaður. Bæði kenna. Var gaman að vera með þeim í gamla spítalanum sem nú er nútímalistasafn.

Um eftirmiðdaginn var svo athöfnin þegar afhendingin fór fram. Mættir voru ca. 50 manns, útvarp og sjónvarp. Fjölmíðlar voru mættir, fylgdust með öllu og létu lítið fyrir sér fara. Aldeilis annað en hér.

Forseti háskólans hélt skemmtilega og hlýlega ræðu og margendurtók nöfnin okkar, hafði lagt sig fram um að læra framburðinn; sagðist hann heita Óskarsson á írsku. Væri það sama og Ásgeirsson. Sennilega gætum við rakið ættir okkar saman. Bað deildarforsetinn Sírri um að draga fortjald frá bókaskápnunum þar sem bókagjöfinni hafði verið komið fyrir. Dró Sírri tjaldið frá og ég hélt tölu og sagði nokkur orð á gamansömum nótum, sem hlutu góðar viðtökur, humm, humm! Þá hélt Bo ræðu og loks Helgi Ágústsson sendiherra en hann og Hervör konan hans voru á ferðalagi á Írlandi. Á eftir var farið í heiðurskvöldverð með nokkrum gestum -- og var það alveg sérstaklega skemmtilegt. Þar voru auk Bo og Éilís, Helga og Hervarar þau Francis og Séamus, forseti deildarinnar og Maj kona hans, sænsk, lengi sænskukennari við háskólann. Séamus kom hingað í hitteðfyrri og þá kynntumst við.

Í móttökunni voru margir og skemmtilegir gestir, sælusvipur á öllum. Þar hittum við fólk sem við höfðum ekki séð í mörg ár eða alls ekki, t.d. prófessorinn í írsku í Galway, sem giftur er íslenski konu sem var alin upp í húsinu hennar Sonju Diego á Bergstaðastræti. David Evans sem kennir ensku við háskólann hittum við síðast 1961 í Uppsölum hjá Önnu Guðrúnu Tryggvadóttur og Bjarna Guðnasyni.

¹ Sennilega í hvíldarinnlögn á hjúkrunarheimilinu Eir.

Þá var skemmtilegt að hitta íslensku námsmennina.

Næsta dag fórum við svo heim. Á leiðinni hittum við Vigdís sem vissi allt um viðburðinn sem Helgi sendiherra hafði sagt henni frá og var heldur en ekki ánægð með okkur!! --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 11.4.1994.

-- langt síðan síðast og ég finn stirðleika í fingrunum -- Það er mánudagsmorgunn, fyrsti skóladagur eftir páskafrí. Ég er að drekka kaffi og borða síðustu flatkökuna sem þið komuð með. Fríða liggur í sófanum og á í erfiðleikum með að skreiðast á fætur. --

Mikið var gaman að heyra í þér í gær, mamma. -- ég var samt svolítið ringluð meðan á samtalinu stóð. Var að koma inn úr dyrunum með Fríðu. Axel að fara og ég með kvíða í maganum út af því. Þannig að ég var kannski ekki alveg ég. Verður skrítið að byrja í skólanum eftir allan þennan gestagang, sem er enn ekki lokið. Ég er að setja mig í stellingar á nýjan leik.

Fyrst voru það Dagur, Vibeke og Jóhannes Örn, sem komu til mín -- Það var svo gaman að hafa þau hérna, en Jóhannes hefði þurft meira næði til að sofa en hægt er í einu herbergi. Eftir átta þurfti að hvísla og þjóta upp þegar sími hringdi og hvísla í símann. -- Uppgötvuðum að hægt var að setja hann inn á klósett eftir að hann sofnaði og þar svaf hann vært. En þetta gekk allt ljómandi vel. -- Það er svo gaman að kynnast þeim öllum sem fjölskyldu, lítilli lukkulegri fjölskyldu. -- Dagur og Vibeke eru mjög upptekin af Jóhannesi -- Og hann er líka lofsins verður, glaður og skemmtilegur. Að vísu er hann að taka tennur í efri góm -- en þegar hann brosir sparar hann það ekki, skríkir og hlær. -- Vill ekki missa foreldrana úr augu -- Þannig gat hann orðið alveg brjáláður þegar ég passaði hann á kvöldin. Þetta var skemmtilegt tímabil og tómlæg tilfinning að horfa á eftir þeim í leigubílum, fyrir hornið á rue Chapon.

-- Eitt kvöld vorum við boðin til Kjartans Pierre og Döllu. Ég sagði að það væri ómögulegt að flækjast með Jóhannes svona seint - - Ég skyldi passa Jóhannes -- ég gæti alltaf hitt þau hjónin. - -

Var þetta upphaf heilmikils plotts til þess að Axel gæti komið Auði á óvart frá Spáni. Löng og flókin lýsing. Og í framhaldi af því áframhaldandi sóknaráætlun til að fá Auði til að flytjast til Axels og var hann langt kominn með húsnæðis kaup ef hún fengist til að koma.

Allt var þetta flókið mjög, því Auður var búin að ráða sig til Ríkisútvarpsins um sumarið og þurfti að hagræða samningnum með tilliti til flutningsins.

-- Ég vissi það alveg frá upphafi að þið ættuð eftir að sigra heiminn. --

Þetta sagði hún vegna fréttanna um ferð okkar til Írlands og afhendingu okkar á íslenska þjóðsagnabókagjöf okkar til háskóladeildarinnar hans Bo Almqvist.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 18.4.1994.

-- einkennilegt er að vera að fara þriðju ferðina til útlanda á svo stuttum tíma. Eiginlega ættum við frekar að vera farin að hugsa til sumarsins og ferðalaga hér. -- Um helgina tókum við vetrardekkin undan bílnum og keyptum sumardeck. Þegar svo er komið líður mér eins og strák sem er kominn á nýja íþróttaskóla, finnst fær í flestan sjó og líklegur til stórra hluta.

Hér er allt í góðu lagi á heimilinu. Ásgeir og Brynja flytja hingað inn í þriðja skiptið. Það gera þau af ánægju og taka kvabbinu af stakri blíðu. -- Þau eru farin að hugsa til sumarsins og fararstjórnar. Þau þurfa, betur en áður, að samræma frí kröfum vinnustaðanna --

Palli fer í sömu vél og við til Óslóar þar sem hann og fleiri munu flytja erindi um einhverf börn. Hann og Lára, Brynja og Ásgeir voru hér í gær í heimsókn ásamt Valdimar Tómassyni, bókamanni, sem kom í heimsókn. Hann hafði þið ekki hitt, það ég man.

Frá Osló fer Palli til London, held ég og hittir Láru þar og Fríðu sem nú er í París hjá Auði. Hvað þau gera svo er ekki vitað. Þau voru óákveðin í áætlunum sínum svo mjög að Lára var að efast um hvort hún ætti nokkuð að vera að fara. Þau hafa haldið Fríðu í óvissu og hefur hún verið að drepa tímann nokkrar vikur, m.a. til þess að vera ekki heima í iðjuleysi, en hún fær vinnu 1. júní. Þegar ég fylgist með flugfólki er ég bara ánægður með að hafa ekki slík hlunnindi í minni vinnu. Að sjálfsögðu er gaman að fara, stundum.

Ömmum ykkar líður bara vel. Jórunn eldist skjótt, enda ekki óeðlilegt, komin á níunda áratuginn.¹ En hún hefur ekki dottið eins og áður kom fyrir --

Stella er í ferðalögum á ráðstefnur fyrir Flugmálastjórn út af Evrópusamningum um menntun flugliða. Hún fer víst á einar þrjár ráðstefnur á þessu missiri. Er skemmtilegt að finna hve ábyrgðin hefur góð áhrif á hana. Það er okkur öllum til sóma að hafa hana, sem setur sig vel inn í alla hluti, nákvæm og ákveðin. Hún er eina konan sem er fulltrúi á þessum ráðstefnum.

Fríða amma þín hefur það gott og er óðum að ná sér -- Hún fylgist vel með öllu, hlustar á bókmenntir, einstaklega jákvæð. Verið er að vinna að því að hún komist á Droplaugarstaði, En það gengur ekki vel þar sem hún er svo hress. Alltaf komast einhverjir slappari fram fyrir hana.² -- Hún hringir til útlanda þegar hún þarf að skemmta sér sérstaklega vel og er í skapinu eins og flugmaður sem siglir um himinninn, ofar öllum! --

¹ Innskot EÁ.: Hún er jafn gömul mér þegar ég er að skrifa upp þetta bréf. Þessi bréf sýna að elliþróun er ekki línuleg, skiptist á framför og afturför og tvísýnt hvort er meira ráðandi stundum.

² Oft var að því brosað að þegar matsfólkið kom, var hún tilbúin með uppdekkad hjólaborð með veitingum, hélt uppi samræðum, gat ættfært viðkomandi, kannaðist við ættmenn þess og uppruna! Sýndi málverkin sín og fræddi.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Osló. 26.4.1994.

-- Við vorum að koma hingað til Dags fyrir tveim stundum. Aldeilis var vel tekið á móti okkur. Jóhannes var fljótur að uppgötva hvílíkt ágætis fólk stendur að honum. -- Hingað er sumarið komið og var dásamlegt í Stokkhólmi og á Glänne. -- Allir báðu að heilsa. Katarína talar hlýlega um þig. Þegar við segjum að þú hafir margt af henni lært þá segir hún sig hafa lært enn meira af þér.

Ferðin til Stokkhólms gekk vel - fundir - matur - fundir og veislur. En gaman var að koma til Stokkhólms. Við bjuggum á hóteli -- ekki hjá Tómasi eins og áður (fréttum reyndar að lykillinn hefði verið undir steininum). Við þurftum að fylgja Íslendingunum. -- Fundir gengu vel bæði hjá mér og mömmu þinni. --

Segir frá ferð þeirra að Glänne á Vermlandí þangað sem Katarína og Mats komu. Tómas er orðinn hálfgerð skar, gleyminn, kvíðinn, neikvæður, erfiður Ullu. En hafði gaman af að hitta okkur. Segir fréttir af fjölskyldunni. Segir fréttir af fleira fólki og stelpunum þar á bæ. Þá heimsóttum við Else-Mari Vennerström (*Boström*) og börn hennar. --

-- Höfum verið úti með Jóhannes í allan dag. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Osló. Apríl, 1994.

-- Mig langaði til að heilsa upp á þig héðan frá Osló. Eins og venjulega er ferðalagið í nokkrum köflum. Fyrst fundir, svo heimsókn til Ullu og Tómasar, svo á Glenni til Katarínu og til Karlstad til Else-Mari. Allt var þetta skemmtilegt og gaman að halda sambandinu og maður fann líka hvað allir mátu það mikils. Alla langar til að koma til Íslands aftur eða í fyrsta sinn.

Hápunkturinn var svo að bruna hingað. Jóhannes orðinn svo stór eins og þú sagðir okkur frá París. Hann þurfti að venjast okkur en er nú orðinn sáttur við þetta fólk Við höfum farið með hann á hverjum degi í vagninum um bæinn. Erum orðin slungin að fara með vagninn í strætó og svo brunum við á söfn eða eitthvað að skoða. Það er alveg ólýsanleg tilfinning að eiga þennan litla mann og fá að vera með hann.

Í gær vorum við hérna átta að borða. Þau buðu foreldrum Vibeke og bræðrum og bjuggu þennan líka fína matinn, Coq au Vin. -- Þetta var skemmtileg kvöldstund.

Dagur og Vibeke eru óskaplega ánægð með Parísarferðina og að hitta þig aftur og fá að hitta Axel sem þau hrósa mikið. -- Ég vona að þú sért búin að jafna þig eftir langt uppihald Fríðu hjá þér. Þetta var ansi langur tími og þú hefur verið fegin að fá loks tíma út af fyrir þig. --

Nú er Jóhannes farinn að skæla og vill fara út með okkur að ganga. Við förum út á Bygdöy og eitthvað fleira. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 1.5.1994.

Hér veltir hún framtíðinni fyrir sér, ekki síst vegna þess að ef hún tekur saman við Axel og flytur til Spánar, þá breytir það miklu að hætta námi í miðju kafí.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 1.5.1994.

Byður þau velkomin heim og aftur til vinnu.

-- Ég veit að hljóðið var ekki sem best í mér þegar þú talaðir við mig, mamma. Ég reikna með að þið hafið kannski farið að hafa áhyggjur af mér og jafnvel velt fyrir ykkur hvað væri að. Þannig vil ég bara biðja ykkur, fyrir það fyrsta, að hafa engar áhyggjur af mér og mínum hjartans málum. Það er ekkert að og ekkert komið fyrir. Maður er svo mikið upp og niður í þessu lífi, og þó að ég sé sem betur fer yfirleitt glöð, þá kemur það einstaka sinnum fyrir að ég missi dampinn. Og það kom eitt svoleiðis tímabil yfir mig um daginn.

Núna, þegar þessum vetri er að ljúka, þá fer maður að hugsa meira um hvað taki við, hvernig framtíðin verði og hvort maður sé að taka rétt skref í rétta átt. Þegar við Axel höfum talað saman um framtíðina, þá hefur hann áhyggjur af því að vera „að rífa mig úr námi“ og kannski skemma eitthvað fyrir mér. Því hvað myndi gerast ef þetta mundi ekki ganga upp hjá okkur, þegar við ætlum að fara að búa saman. Þó að við séum bæði vongóð um að við eigum ágætlega saman, og ekkert bendi til annars en að þetta sé í góðu lagi, þá held ég að þetta séu eðlilegar hugsanir, þegar líður að því sem maður er búinn að stefna að. Þannig að ég stakk upp á því að við myndum ekki flytja dótið strax, heldur væri skynsamlegra að geyma það hérna í París í sumar. Þetta tekur af manni heilmikla pressu, því það munar engu, hvort maður flytur það núna eða í haust. Þá kemst ég líka fyrr heim í vinnuna. Við Axel höfum aldrei eytt meiri tíma saman en fimmtán dögum í senn og núna í sumar getum við verið meira saman, kynnst betur og fundið hvað við eigum vel saman. Og þetta veður afslappaðra ef við verðum ekki búin að flytja. Þetta er mín hugmynd, algjörlega komin frá mér. Þetta er ekki spurning um breyttar tilfinningar, þið vitið hversu hrifin ég er af Axel. Þess vegna er það mikilvægt fyrir mig að þessi fyrstu skref okkar saman verði eins afslöppuð og eðlileg og hægt sé, án nokkurrar pressu. Það má því líta á sumarið sem einhvers konar prufutíma. Enginn reiknar með öðru en vel, en ef ekki, þá á ég afturkvæmt til Parísar í mitt nám hér. En fari allt vel, og sumarið verði til að styrkja okkar samband, þá breytir það engu hvenær dótið mitt er flutt á milli. Þetta er ekki svartsíni, langt í frá, það er bara mikilvægt fyrir mig að þetta gangi allt sem allra best upp.

Ég skrifa ykkur þetta til þess að þið vitið hvað ég er að hugsa og til þess að þið gerið ykkur ekki rangar hugmyndir, þegar þið heyrið að mér líður ekki nógu vel. Ég vona bara að þið séuð sammála mér að þetta sé skynsamlegt svona. -- Helst vil ég að bréfið fari í ruslið, því mér finnst ástæðulaust að geyma svona vangaveltur.

Ég legg orð í belg.

Mér finnst þetta bréf mikilvægt, ekki síst fyrir afkomendur að eiga hugrenningar, þar sem tekið er á málum og ákvarðanir rökstuddar.

Ég missti föður minn þegar ég var sex ára. Í bréfasöfnum hef ég fundið stöku setningar, eða hálf leyndar hugrenningar eða ástarorð milli foreldra minna. Þau eru meðal fárra gimsteinanna í minningum mínum.

Að vísu gegnir öðru eftir missi hans. Lífið hélt áfram og aðrir aðstandendur mínir skildu eftir sig ýmis áþekkt verkðmæti.

Hvað ef! Já hvað ef, ég hefði fargað þeim eða þessu bréfi. Þá hefði líf mitt, minningar um fólkið mitt orðið annað og fátæklegra en ella.

Einkum tel ég þetta dýrmætt fyrir alla afkomendur, sem hugsanlega meta tilvist forferðranna einhvers.

Hugrenningar af þessu tagi, eða bollaleggingar, eru jafn mikilsverðar, eða öllu frekar, mun meiri verkðmæti, en erfðagripir, silfur- eða gullmunir. Það sem slíkir munir eru ekki, eru þessar hugrenningar, hreinskilni í garð eftirkomenda.

Eggert

-- Þar sem ég fer ekki til Barselóna í júní, þá fer ég þangað í staðinn, í upplestrarfríinu mínu. Þá get ég setið á bókasafni á daginn, meðan Axel er í vinnunni. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 2.5.1994.

-- gaman að koma heim eftir þessa síðustu ferðatörn okkar og hitta Ásgeir og Brynju. Allt hafði gengið vel hér heima undir góðri stjórn þeirra. Amma þín hafði verið hin hressasta og ekkert farið úr skorðum eins og stundum með hana. Hins vegar finnst okkur henni hafa hrakað andlega og líkamlega á þessum stutta tíma. Hún ruglaði saman fólkinu á Glenni þegar við vorum að segja henni fréttir þaðan og nær ekki fréttum ýmsum sem maður er að segja henni. Hún er ljúfari og þakklátari en áður, svo maður finnur ósköp til með henni.

Ferðalagið var frá upphafi óskaplega skemmtilegt, Við vorum á hóteli sem var mjög vel staðsett í Stokkhólmi. Í sama húsi er tannlæknafélagið með skrifstofur. Það var því þægilegt þegar fundirnir byrjuðu Þegar við komum fórum við aðeins út og vorum svo boðin út að borða með þeim sem pabbi þinn var að funda með. Það var reglulega skemmtilegt. Ég hef hitt allt fólkið áður nema konu sem er búin að leysa vinkonu okkar Túu af. Næsta dag fór pabbi þinn á fundinn sinn og ég hafði ekkert sérstakt fyrir stafni þar til um eftirmiðdaginn þegar sænska tannlæknafélagið bauð til móttöku. Þá var verið að kveðja sænska framkvæmdastjórnann, Lars Sandberg, sem þú manst kannski eftir. -- Hann er búinn að vinna hjá félaginu í 25 ár og afhaldinn af öllum. Það streymdi til hans fólk, bæði af vinnustaðnum og vinir með fullt fangið af gjöfum. -- Eftir móttökuna var veisla hjá varaframkvæmdastjórnunum -- Það var gaman að koma þangað en allt mjög formlegt og fínt. Dóttir þeirra 14 ára sagði þegar hjónin voru að dúka borðin: *Oj, ætliði að hafa þetta svona stíft og leiðinlegt boð?*

Svo byrjaði fundarstandið og stóð þann og næsta dag fram að hádegi. Um kvöldið var veisla á skemmtilegum stað: *Stallmästargården* -- voru haldnar margar kveðjuræður og tveir stóðu upp og sungu honum til heiðurs. -- Þetta var mikið skemmtilegt kvöld, sem endaði á kaffi og koníaki og skemmtisögum sem þeir elska að segja, sérstaklega þegar þeir hafa svona þakkláta hlustendur sem veltast um af hlátri.

Næsta dag eftir að hafa borðað saman hádegisverð var pabbi þinn kominn með bílaleigubíl og við brunuðum til Karlstad.

Við komum kl. 6 til Ullu -- Thomas stóð á hlaðinu og tók á móti okkur. Ulla er alveg eins og áður, búin að fá sjón eftir aðgerð og farin að keyra aftur. Það var búið að dúka fyrir okkur borð og Katarina, Kristin, Malin og Mats boðin.

Ulla og Katarina töluðu mikið um hvað Kristin hefði þroskast á Íslandi og voru auðsjáanlega mjög þakklát fyrir það sem við gerðum fyrir hana. -- Thomas er orðinn mikið skar, gleyminn og *deprimeraður*, kvartar -- svo Ulla er alveg að gefast upp --

Segir frá þroska barnanna og þróun fjölskyldnanna.

Segir frá heimsóknum til Glenni og frændfólksins í Karlstad, hjá Else-Mari og Hilding Boström og börnunum þeirra sem komu til að hitta okkur hjá þeim. Svo tók okkur þrjá tíma að komast til Osló.

-- Þar biðu okkar vinir í varpa. Jóhannes tók okkur með varúð -- en var orðinn vinur næsta dag. -- Sérstaklega var hann hrifinn af pabba þínum. Hann fann sennilega líkingu með pabba sínum og honum. Dagur sprellar mikið með hann og Jóhannes kann að meta það. -- Við fórum seinast í leikhús og sáum *Afturgöngurnar* eftir Ibsen, mjög skemmtilegt.

-- Nú kom pabbi þinn hingað upp og sagði að hann væri líka að skrifa þér, svo þú færð tvö bréf vegna rugls. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 9.5.1994.

Segir frá starfi þeirra, ferðum Ásgeirs og Brynju, sem voru í Dölunum eftir sögunámskeið í vetur fyrir leiðsögufólk um Dali.

Segir líka frá mikilli og góðri sýningu Tryggva Ólafssonar og hvað honum tekst að halda sambandinu við Ísland en hann á líka sinn svefnsófa hjá Lofti bróður sínum á Bergstaðastræti 72. Alltaf eins og stormsveipur þegar hann kemur hingað.

-- Af ömmu þinni er það að fréttu að henni varð sundurorða við Hjördísi sem gekk út og ætlar ekki að koma aftur. Það hlaut að koma að þessu og er nú ekkert annað að gera en að stappa í gömlu konuna stálinu. Erfitt getur orðið að fá jafn góða konu og Hjördísi. En breytingar eru til bóta á þessu sviði eins og á svo mörgum. Ég þarf að fara að hringja út og suður til að fá húshjálp eða heimsendan mat, Það tekst áreiðanlega. Kannski kemur að því að mamma fái inni á stofnun sem er henni að skapi -- kannski á 100 ára afmælinu.

Sendi þér gögn úr blöðum og frá Rás 1 til fróðleiks. Bókagiöfin vekur nokkra athygli, enda er ekki oft sem einstaklingar gefa gjafir af einhverju tagi. Það kemur fremur í hlut stofnana og fyrirtækja -- gjarnan einhverjir hagsmunir blandaðir í, skattafrádráttur eða sölutækni. Nú er þetta liðið og hversdagurinn hefst og engar myndir í blöðunum af virðulegum eldri hjónum úr Austurbænum. --

Segir af kosningum og Sjálfstæðiflokkurinn með frábæran (!?) borgarstjóra Árna Sigfússon.

-- Auði líður vel og hefur mikið að gera. Axel kemur -- síðar í sumar þannig að hún verður enn um sinn eins og sjómanskona. Og er ekkert á móti því. Það hafa fleiri gert og komist vel frá. Af hverju eiga allir að vera klesstir hver upp við annan, alltaf? --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 9.5.1994.

-- á föstudaginn þegar ég var komin í fríð mitt hringdi félagsmiðstöðin á Vesturgötu og sagði þær fréttir að Hjördís væri hætt hjá ömmu þinni. Það var, eins og okkur mátti gruna, einhver ónot í garð Hjördísar sem hún sætti sig að lokum ekki við. Allt á þetta rætur að rekja til þeirrar staðföstu trúar ömmu þinnar að Hjördís sé að hnupla frá sér öllu mögulegu. Hún er ekki óhult með nokkurn hlut, finnst henni, og hreint ótrúlegustu hlutir sem hún segir hana taka, og er ekki úr að aka með. -- Aðalatriðið er að þetta gat ekki gengið lengur og var kominn tími til. Við erum bjartsýn að eitthvað verði til hjálpar. Allavega ætlum við að athuga með heimsendan mat nokkra daga í viku þangað til hún fær aðra hjálp. Sem betur fer er hún ánægð í Hátúni 10 þar sem hún er tvo daga í viku í æfingum og þjálfun. Það er nú það. --

Segir frá því að sonur Rósu Halldórsdóttur hafi verið skírður Ingimundur. Fannst Rósu vanta nafnið í fjölskylduna. Heldur hún að Jórunn amma sín sé ánægð með þetta þótt hún láti ekki á því bera. Steinunn Halldórsdóttir er að fara í innanhúsarkitektúr í Madrid.

Segir frá borgarstjórnarkosningum og tvísýnt sé hvort Sjálfstæðisflokkur haldi borginni. Hefur ekki trú á að Ingibjörg Sólrún getir haldið sundurleitum meirihluta saman.

-- Pabbi þinn sagði mér þær fréttir að amma þín væri búin að fá aðra konu -- Kannski er amma þín búin að fá ofjarl sinn? --

Ég fékk til mín tíu Zontakonur í gær. Við vorum að vinna við kortagerð fyrir klúbbinn frá 2 til 5 og var það mjög ánægjulegt. Annað kvöld er aðalfundurinn og þá verður ný stjórn sett í embætti. Ég er búin að semja skýrslu stjórnar og gjaldkeri var að sýna mér ársreikninginn sem lítur vel út. Ég verð að mörgu leyti fegin að skila af mér. Finnst þetta hafa verið gaman þegar til baka er litið. Tæki þetta léttar ef ég væri annað ár í viðbót, orðin vanari og reynsluríkari. --

Segir frá ferð Ásgeirs og Brynju um Laxdæluslóðir sem þau voru mjög ánægð með.

-- þau komu svo og borðuðu -- Ég var svo löt eftir Zontakonurnar að ég bað þau að koma við í Eldsmiðjunni eftir pizzu.

Það er búin að birtast frétt í Mogganum, Tímanum og Kviku um bókagjöfina í Dyflinni. Allir óska okkur til hamingju og dást að framtakinu. --

Ræðir um próflestur Auðar, hlakkar til heimkomu hennar, segir frá ferð Margrétar Ragnarsdóttur til Parísar og Portúgals.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Vibeke og Degi Eggertss. Rvík. 16.5.1994.

Ríffjar upp skemmtilega heimsókn til þeirra í Osló. Segir frá dásamlegri helgi með garðvinnu. Bóndarósirnar sem þau keyptu í Hamar eru farnar að stinga upp kollinum.

-- Um kvöldið vorum við boðin að borða hjá Palla og Láru með ömmu þinni. Það var reglulega gaman og amma þín stóð sig eins og hetja -- Lára var að segja okkur þær fréttir að hún hefði matreitt álft um hina helgina. Það var þá Kári sem var að vinna hálfan mánuð á Þórshöfn og þar skaut hann fuglinn. Sagði að þetta gerðu bændurnir þar. Hann virðist -- passa mjög vel inn í þetta veiðimannafjóðfélag þarna fyrir norðan, þar sem þeir eru í því að skjóta friðaða fugla og þykir það sjálfsagt skemmtilegt. --

Fórum líka með Dídí á myndlistarsýningu.

Dídí er orðin ósköp mikið skar. Hún lítur ekki út fyrir að vera orðin níræð, en er ekki mikill bógur. Hún vill ekki fá konu til að taka til, þótt henni standi það til boða. Heldur vill hún gera þetta sjálf og það er ekki nógu snyrtilegt hjá henni. En það skiptir ekki meginmáli. Vonandi getur þetta gengið svona eitthvað áfram. Það er af og frá að hún vilji fara á stofnun. --

Segir frá borgarstjórnarkosningum og Sjálfstæðisflokknum sem líkast til missi meirihluta enda hafi hann ekki staðið sig og búinn að vera fulllengi við völd.

Auður er í Barcelona í próflestri og kemur heim í byrjun júní. Segir hún mikinn fögnuð og vitleysu í borginni er Barselónaliðið varð Spánarmeistari í fótbolta.

Þakkar þeim fyrir að hafa útvegað og keypt svefnsófa og sent heim.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 16.5.1994.

-- Þá er ég nú sest hérna við skrifborðið hans Alberts, með skólabækurnar mínar og er að reyna að einbeita mér. Það gengur nú svona og svona, en það er nú alltaf svona á fyrsta lestrardegi.

Helgin er búin að vera viðburðarík. Á laugardaginn byrjuðum við á að skoða íbúðina sem Axel var að kaupa. Síðan keyrðum við út úr bænum, spásseruðum um lítinn bæ og lögðumst aðeins á ströndina. Um kvöldið fórum við ofan í bæ, og þá var Barselóna búin að vinna Spánartitilinn í fótbolta og allt snarvitlaust í bænum. Ég hef aldrei séð annað eins, fólk dansaði berrassað í gosbrunnnum. Svo settumst við inn á bar, og þar hittum við fyrir tilviljun Pétur (*Leif Pétusson*) vin Ásgeirs. Var mjög gaman að hitta hann; en hann er að skilja við konuna sína og heilmikið flókin mál í kringum það.

Þetta er svona það helsta. Það er skrítið að skrifa ykkur héðan úr allt öðrum umhverfi en venjulega. Veðrið er svo gott, að ég viðurkenni að það er freistandi að setjast út í garð, en ... það náttúrulega gengur ekki. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 16.5.1994.

--Gærdagurinn var notaður í garðvinnu, en laugardagurinn í innivinnu hjá mér. Mamma þín fór í afmæli Erlu hæstaréttarritara sem bauð bara til sín konum og skemmtu þær sér að sjálfsögðu mun betur en ef þær hefðu verið að dröslast með á eftir mönnum sínum. Sjálfsagt er það að nokkru leyti vegna þess að konur eru öðru vísi en karlar og það mjög svo! Karlar kunna ekki samræðulist. --

Ræðir um ástandið í efnahagsmálum, sem ekki er gott, vandræðum með fiskgegnd á grunnslóð sem fram kom í svartri skýrslu en sem smábátasjómenn mótmæla og forystumenn sjómanna telja möguleika fölgna í kaupum kvóta frá útlendingum.

-- Á meðan þessu fer fram eru fleiri hátíðir en ég hef nokkru sinni heyrt getið um. --

Matarhátíð, kolaportshátíð, reiðhjólakeppni, skokkhátíð, ferðasýning veiðihátíð o.m.fl. Fólk hlýtur að skokka milli hátíða með Vigdís í fararbroddi því Íslendingar eru ekki nógu margir. --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Stavern. 22.5.1994.

-- Þá gefst manni loksins tími til að setjast niður og skrifa ykkur. Það er mánudagskvöld og hvítasunnu að ljúka. Við höfum eytt helginni hérna í Stavern með foreldrum Vibeke og Morten (*bróður hennar*). Veðrið hefur verið frábært og við notað tímann til að sleikja sólina á milli þess sem við gerum við, dyttum að og borðum góðan mat. Í gær fórum við í langan göngutúr með ströndinni og Jóhannes í burðarstól á bakinu og vorum fimm tíma á leiðinni. Komum heim í kofann með sára fætur, sviðnar og sólbrenndar herðar. Jóhannes breytist mikið þessa dagana þegar tennurnar koma betur og betur í ljós. Hárið er líka að vaxa og lýsast. Það hefur verið gaman að fylgjast með honum rannsaka umhverfi sumarbústaðarins og auðvitað líka innviði hans. Ekkert er látið ósnert. Hann var hugfanginn af tveim þrepum upp á pallinn framan við bústaðinn og var sífellt að klifra upp og niður, með pelann í annarri hendinni og brauðbita -- allt varð að prófa. -- Við leggjum í hann klukkan sex í fyrramálið til að forðast umferðaröngþveitið eftir svona helgar. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertss. Rvík. 24.5.1994.

Við gistum í Keflavík þar sem haldinn var fundur Sambands ísl. rafveitna, sá síðasti, svo á að sameina það Sambandi hitaveitna.

Segi frá leiðsögustarfi Ásgeirs og Brynju, hann með hóp sem hann hafði áður fengið og báðu um að fá hann um Dali og Vestfirði. Brynja verður með tjaldferðahóp.

-- Í gærkvöldi voru þau hér Á.+B. -- Þau léku á als oddi, Ásgeir hafði hlotið einhver verðlaun að upphæð 50 þús. kr. úr vísindasjóði útvarpsins, að mér skilst til frjálsrar ráðstöfunar. Ekki var hann búinn að ákveða ráðstöfun fjáris en Brynja vildi að hann keypti fullkomnari tölvu en hann á. Hann hefur verið á tölvunámskeiði, einn fjögurra sem eiga að innleiða, þjálfra og þýða nýtt tölvukerfi fyrir sjónvarps og útvarpsstöðvar sem víða er notað í veröldinni. Þetta er vandasamt verk og heilmikill sómi fyrir hann að fá þetta verk, reyndar einnig mikið verk.

Borgarstjórnarkosningafréttir þar sem þau takast á Ingibjörg Sólrún og Árni Sigfússon.

-- vorum í skemmtilegu boði hjá Jójó og Óla -- Þar var veitt vel bæði í mat og drykk. Fötin voru kúfuð og könnurnar svo fullar að lá við að út af rynni og hart lagt að öllum að fá sér aftur og aftur Mér er nær að halda að öll glösin, bæði rauðvíns- og hvítvínsglösin hafi verið full þegar upp var staðið! Ekki vegna bindindissemi. Var sannarlega gaman að tala við Hilmar (Thors) sem er fjármálastjóri fyrirtækis sem er að fara á hausinn - ekki fyrir hans tilvernað - hann er að hjálpa bankanum við að minnka tjón hans - reyndar er það ekki hans eina vinna. -- skemmtilegur og fylgist vel með á mörgum sviðum. Ég hef á honum tröllatru. Húsráðendur leggja sig fram um að veita vel og tekst það sannarlega bæði með veitingum og viðmóti. --

Sendi grein sem ég skrifaði um strætisvagna í Osló! Eftir heimsóknina hjá ykkur þóttist ég eiginlega vera orðinn sérfræðingur! --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 24.5.1994.

-- Gaman var að heyra að ferðin hafi verið góð. Nú eru bara próf -- framundan. --

Segir frá ferðalögum og leiðsögn Ásgeirs og Brynju. einnig frá verðlaununum sem útvarpið veitti Ásgeiri.

Segir frá fundi SÍR í Keflavík og sem nú er lokið. Fór hún tvívegis suðureftir og tók þátt í kvöldfagnaði og þar gistu þau. Fóru svo í veislu hjá Óla og Jójó.

-- Þetta var mjög skemmtilegt boð með svo miklum veitingum að yfir flaut. Við keyrðum fullorðna konu heim til sín sem átti bág með að standa á fótunum. Hún hringdi í okkur til að þakka heimkeyrsluna og var ekki á henni annað að heyra en að allt hefði verið eins og það átti að vera. Jójó er mjög mikið fyrir að halda bæði víni og mat að fólki. Hún er líka trygglynd og hún býður gömlum vinum foreldra sinna til að viðhalda kunningsskapnum.--

Það er skrýtið að hugsa sér hvað þú átt stutt eftir í París. Parísararinn á enda og nýtt tímabil að taka við. Ég vona að það færi þér gæfu og verði ánægjulegt í alla staði --

P.s. Þú stóðst þig eins og hetja (í prófinu) fannst mér. Vona að síðasti spretturinn gangi vel --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 30.5.1994.

Segi frá bæjarstjórnarkosningunum, sigri Ingibjargar Sólrúnar, ósigri sjálfstæðismanna sem drógu Markús Örn inn í slaginn og dumpuðu honum alltof seint þannig að Árni Sigfússon hafði ekki von. Nú reynir á Ingibjörgu Sólrúnu að stjórna sundurleitum hópi.

Fréttir af útskrift á ýmsu stigi og trúlofunum í fjölskyldunni. Svo fórum við í heimsókn í sumarbústað í landi Hæls í Gnúpverjahreppi, til Steinu og Steingríms bróður Sirrjár.

-- Mamma hefur það ágætt, er í essinu sínu um þessar mundir. Hún er alltaf að fá nýjar konur til heimilishjálpar. Held ég að það sé bara ágætt. Hún finnur þá hvernig það er og sér kannski að hún geti sjálf haft áhrif á heimilishjálpana.

Hlökkum til á skrifstofunni minni að fá ræstingu þegar Auður kemur. Reyndar er verið að leggja skrifstofuna niður og selja húsnæðið og flytja í haust eftir sameiningu við SÍH.

-- Sendi grein sem ég skrifaði að gefnu tilefni, mér til skemmtunar um strætisvagnana í Osló. Sveinn Björnsson¹ forstj. Strætisvagna Rvíkur hringdi til mín, mikið ánægður og þakkaði mér fyrir. Hafði meira að segja sent greinina til Oslóar þar sem hún hafði vakið athygli. Hann áttaði sig náttúrulega ekki á því að ég var að skrifa gagnrýni um SVR! En það er eins og það er! --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 30.5.1994.

Segir frá viðburðum helgarinnar, tveim stúdentsveislum og sveitarstjórnarkosningum þar sem Sjálfstæðisflokkurinn missti meirihluta sinn og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir frá Kvennalista varð borgarstjóri.

-- Við kusum um morguninn, fórum fyrst með ömmu þína með okkur og gekk það áfallalaust. Hún var ákveðin í að kjósa D-listann og þótti auðsjáanlega gott að láta okkur vita af því að hún kysir rétt. Ekki var eins gott að eiga við Dídí. Pabbi þinn fór til hennar og bauðst til að keyra hana á kjörstað í Stýrimannaskólanum. Hún þáði það en ætlaði að kjósa Ingibjörgu Sólrúnu. Það þótti ömmu þinni afleitt, að hún væri þar með búin að eyðileggja sitt atkvæði.

Þegar þau komu á kjörstað var krafist skilríkja sem Dídí var engin með. Var hún þá spurð um hverjir byggju með henni í húsinu, en hún mundi engin nöfn. Endaði þetta allt með því að pabbi þinn var sóttur fram á gang og beðinn um að votta að þessi kona væri sú sem hún sagðist vera. Var þetta víst allt mjög hlægilegt, en Dídí var alltaf að hóta því að hætta bara við að kjósa, fyrst þetta væri svona erfitt. --

Segir frá sumarbústaðarkaupum Steinu og Steina bróður síns milli Hæls og Hlíðar í Gnúpverjahreppi þangað sem systurnar og mamma hans drifu sig til að heimsækja með eiginmönnum. Þetta er fallegur bústaður, vel staðsettur með bithaga þar sem þau geta haft hestana sína.

-- Sveinn Ingimundarson og Hrólfur Einarsson voru að útskrifast frá MR. Vorum við boðin kl. fimm til Einars og Birnu og er alltaf jafn skemmtilegt að koma til þeirra. Hrólfur er myndarpiltur og búinn að fá inngöngu í Flugbjörgunarsveitina. Ekki gátum við staðið lengi við hjá þeim því kl. sex buðu Ingi og Sigga til sín. Sveinn og Bjössu eru orðnir svo breyttir að ég hefði ekki þekkt þá á götu. Sveinn er lágvaxinn og finlegur, blíðlegur og góðlegur. Bjössu er þvengjalengja með kærustu sér við hlið. Hann er mjög myndarlegur, svo mjög að pabba þínum fannst hann helst líkjast þér. Húsið þeirra er sérstaklega skemmtilegt orðið. Þau hafa verið lengi að fullklára það. Nú er komin viðbygging með stórri sundlaug í kjallaranum, borðtennisherbergi og framköllunarherbergi. Eins og þú heyrir hefur fólkið allt til alls. --

Segir frá ferðalögum Ásgeirs og Brynju sem þau fara í til að undirbúa leiðsögustörfin í sumar. Segir frá sorglegu slysi á Flúðum þar sem ungur piltur stókk ofan í heitan pott, sem var með bilaðan hitaloka og vatnið 90°.

Segir frá síðustu prófum Auðar sem standa yfir og er henni í mun að standa sig sem best.

Amma þeirra systkina er búin að fá þriðju húshjálpana, virðist standa sig vel í umgengni og stjórna stúlkunum.

Segir frá ferð á tónleika Gerry Mulligan, á sýningu Helga Þorgils Friðjónssonar frænda síns, fullri af húmor, og Haraldar Jónssonar granna þeirra sem var gólfteppi með örsmáum götum. Lét hún lítið yfir verkunum. En rétt telur hún að fylgjast vel með ferli þeirra.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 2.6.1994.

-- Búin að flytja allt, sit núna á miðju gólfi með ekkert í kringum mig, nema faxið! Skotgekk allt saman, við vorum svo mörg að hjálpast að. Þetta er voða tómleg tilfinning, og ég hlakka til að koma heim til ykkar. Ég verð með símann í sambandi -- en verð heima bara yfir blánóttina, því það er ekkert við að vera. Þið megið alveg senda mér fax!! --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 3.6.1994.

Segir frá Listahátíð í Rvík.

-- Vorum í gærkvöldi á Niflungahringnum eftir Wagner. Þetta er stórmerkilegur listviðburður og ég ekki búin að jafna mig eftir þessa stórkostlegu sýningu. Hún tekur sex tíma og maður verður ekki var við það. Þetta eru í raun fjórar óperur, Rínargull, Valkyrjurnar, Sigurður fáfnisbani og Ragnarök. Það er sonarsonur Richard Wagners, Wolfgang Wagner, sem hefur gert þessa styttingu og Þórhildur Þorleifsdóttir stjórnar. Ég hef aldrei séð svo mikla hrifningu í leikhúsi hér.

Svo erum við að fara í Háskólabíó. Þar er jazzistinn Gerry Mulligan að blása. -- við erum náttúrlaga að undirbúa komu þína. -- Dagur hringdi og er að stússast við að senda svefnsófann. -- Hann sagði að Jóhannes væri að sýna tilburði að ganga, farinn að sleppa sér -- Þau ætla að halda upp á 17. júní og biðja um íslenskan mat. --

Ég er að ganga frá Zontapappírnum og losna við þá til næsta formanns. --

¹ Sveinn Björnsson (1926-2000), verkfræðingur, gamall kunningi, m.a. í bæjarstjórnarhópi Sjálfstæðismanna í Rvík. Giftur Helgu Gröndal bekkjarsystur minni og granna héðan af Bergstaðastræti.

Okkur er boðið til Vigdísar forseta eftir viku. Hún hefur móttöku fyrir bekkjarfélagana sem eru 45 ára stúdentar núna. Hugsa sér hvað fólkið er orðið gamalt. Þó er alltaf skemmtilegt að hitta árganginn, fólk sem maður er farinn að þekkja nokkuð vel og er elskulegt og velviljað. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 4.6.1994.

Hlökkum til að sjá hana á morgun! Segi frá tónleikum Jerry Mulligan þar sem hann hittir Óla og Jójó og var þá rætt um að drifa þau í fjallaferð. Rætt um fleiri ferðir, helst í Kverkfjöll.

-- Annars hittir ég Jerry í Bernhöfbsbakaríi í gær. Þetta er eina skiptið sem mig hefur langað til að fá eiginhandararitun. Ég hefði getað beðið hann um að skrifa á skorpubrauð. Hann keypti eitt þriggja korna.

Við vorum -- ásamt ömmu þinni á Lindarbrautinni -- gamla konan stóð sig með þryði. Kári hefur verið að setja upp verksmiðjutæki á Húsavík. Þar voru allir í veiðiskapi, vögæsum og öðrum forboðnum fuglum. Hann kom heim með tvær bringur af svönum sem fjölskyldan gæddi sér á, stolt yfir syni og bróður. Bringurnar voru nægilegar fyrir tíu manns.

„Brögðuðust eins og háhyrningur“, sagði Fríða. Hærra varð ekki komist. Ég er mikið búinn að brosa yfir stoltinu og ánægjunni. Vona að lesturinn gangi vel hjá þér. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 6.6.1994.

-- Það voru heldur en ekki glaðir og stoltir foreldrar sem tóku á móti dóttur sinni í gærkvöldi. Auður brosandi út undir eyru með sítt og svo ljóst hár af sólinni að stirndi á langar leiðir. Það geislar af henni krafturinn og það hefur hún sýnt eftir þennan vetur að hún kann að bjarga sér og ráða fram úr málum. -- Útkomuna úr prófunum fær hún í júlí og er nokkuð bjartsýn. --

Það verður gaman að fá sófann og seinna fólk til að sofa á honum. Hér miðast allt við komu Auðar og ykkar. --

Auði langar til að komast sem mest úr bænum og er hún því líklegur ferðafélagi þeirra.

-- Pabbi þinn þurfti að vakna kl. 6 í morgun til að fara í flugvélinu til Akureyrar þar sem hann verður á fundi með rafveitumönnum. Svo þurfti Auður að vakna kl. 7. Hún byrjar í vinnunni kl. átta á morgnana. --

Vibeke Jansen skrifar Sigríði Dagbjartsd. Osló. 8.6.1994.

-- Her sitter jeg med en haug innbydelser som nå skall ut till alla våre venner slik at de kan få gleden av att feire 17. juni med oss. Dette er en tid hvor mange reiser bort i helgen, men vi venter oss masse mennesker og „hæla i taket“. -- Vi ser veldig gott frem til ferien på Island. Kanskje kan Johannes gå når vi kommer. Han er på vei nå. Han står mer og mer men har ikke helt forstått hvordan han skal flytte bena. Men innimellom tar han ett steg eller to! Han er i strålende humør om dagen, særlig hvis han ser barn eller hunder, da. Fart og spenning er det viktigste.

Tror det skal bli veldig fint for ham å se fler andre barn til høsten da vi håper å finne en ordning. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertss. Rvík. 13.6.1994.

Sendi nótt með þjóðsöngnum vegna 17. júní og ræði afstöðu til þjóðsöngsins. Skilst að ég haldi fremur fram: Íslands, farsælda fróni sem þjóðsöng, þótt seint sé! Segir frá þjóðhátíðinni miklu á Þingvöllum og Reykjavík og aðferðum sem menn beittu til að sleppa undan biltúr austur. Málið leystist ekki með samkomulagi, frekar fyrir tilviljun, fórum við hvergi.

-- svo var útskriftardagur okkar 45 ára stúdentar og vorum við boðin til Bessastaða, allur hópurinn. Það var aldeilis frábær veisla og skemmtileg. Fyrst og fremst tók Vigdís vel á móti okkur bekkjarsystkinum sínum, glaðlega svo sem hennar vandi er. Allir fundu hvað þeir voru velkomnir, leið eins og heima væri, gengu um húsið, nutu samfundanna í ríkum mæli. Hún bauð líka ekkjum og ekkjum. Komu menn víða að.

Margir úr hópnum hafa ákveðið að fara saman til Prag í ágúst. Þetta er exklúsívrur fámennur hópur - svo sem vænta má, enda hentar slík lúxusferð illa stórum hópi fólks, sem ekki á annað sameiginlegt en að hafa verið í skóla saman. Smekkur manna hlýtur að vera margbreytilegur, ekki auðvelt að finna samnefnara nema um eitthvað einfalt, s.s. að fara til Bessastaða.¹--

Þar hittir ég Ingunni Jakobsdóttur Black, sem býr í Berkeley, og hefur ekki hitt okkur í 30 ár. Segi Auði söguna þegar við hittumst af tilviljun, saga sem ég hef oft sagt, en er nokkuð frábrugðin því sem ég taldi mig muna þegar ég sá dagbókina mína þaðan. En það voru skemmtilegir dagar með þeim og líka með Vigfúsi bróður hennar. Ingunn verður hjá okkur á miðvikudagskvöld ásamt fleiri bekkjarsystkinum sem við bjóðum með henni.

Segi gaman að fá sófann sem þau keyptu í Osló, sérstaklega að fá einhverja til að sofa í honum, þegar Axel kemur, einnig Dagur og hans fjölskylda. Verður þetta erfitt tímabil flutninga, samhæfingar, samvinnu o.fl. sem leysa þarf til að allir fái bestu útkomu.

Segi frá átökum Jóhönnu Sigurðardóttur og Jóns Baldvins á flokksþingi jafnaðarmanna þar sem samþykkt var ályktun um inngöngu í Evrópubandalagið. Davíð staffirugur á móti, beittir jarðtutönn fremur en sannfæringarkrafti.

Hálfgerð vandræði með mömmu hans og einnig Dídí sem gleymdi að skrúfa fyrir vatn í baðinu svo flæddi niður á næstu hæð; týndi líka veskinu sínu í strætó, sem hún reyndar fann aftur.

¹ Merkileg yfirlýsing mín, var ákafur talsmaður náinna bekkjarsamskipta, ferða; alls. Því fleiri, þeim mun betra!

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 20.6.1994.

Gleðst yfir að 17. júnihátíðin hjá þeim hafi tekist vel eins og líka hér þó veðrið væri ekki sem best og umferðarmálin brygðust á þessu hálftrar aldar afmæli Lýðveldisins.

Einnig hefur frést að þau séu búin að fá nýtt húsnæði og muni senn flytja á húsnæði þar sem Jóhannes getur leikið sér úti í garði.¹

-- Þetta hefur verið skemmtileg helgi hjá okkur. Minnstu munaði að við skelltum okkur austur á Þingvöll um hádegið -- hlustuðum á sjónvarpið og þá var orðinn svo mikill umferðarpungi að við hættum við. Það varð sem sagt allt stopp og fólk sem lagði af stað á sama tíma þurfi að sitja í bíl allan daginn og komst á Þingvöll þegar var búið að slíta hátíðinni. --

Auður bað mig um að skila til ykkar að hún treysti því að Jóhannes geti leyst Svalbarðsdeiluna. --

Óli Vestmann² er dáinn. Hann var kominn á Landspítalann og átti að fara í hjartaaðgerð en dó áður. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Suzanne og Martin Bitch. Rvík. 21.6.1994.

Hefur rætt við handritadeild um að koma þar fyrir handritum úr Briemsfjölskyldunni í Danmörku. Var sérstök ánægja með að fá drög að ævisögu séra Jóhanns Briem, bréf Benedikte Arnesen Kall og ævisöguhandrit föður Suzanne, Erik Kai Ebbesen.³ Legg ég sérstaka áherslu á að fá hingað til lands sem mest af bréfaskiptum við Ísland.

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 21.6.1994.

-- Hjá okkur byrjaði þjóðhátíðardagurinn með tiltektum og þrifum, en að því loknu var þjóðsöngurinn spilaður af spólunni sem Ásgeir sendi, þjóðernisvitundin greip okkur hjartaki. Svo var arkað oní bæ, að Akershusvirkinu þar sem Íslendingafélagið stóð fyrir hátíðarhöldum. Fyrst farið í langa skrudgöngu með lúðrasveit í broddi fylkingar. Við áttum fullt í fangi með að halda í við hana. Ég hitti marga vini og kunningja. Meðal annarra var þar Helga Einarsdóttir sem var með mér í Hlíðaskóla og seinna í Hamrahlíð. Það var gaman að sjá hana aftur eftir tæp tíu ár. Á harðahlaupum skiptumst við á fregnum af gömlum skólafélögum. Það kom í ljós að margir voru annaðhvort fluttir eða á leið til Skandinavíu. Slæmt efnahagsástand ætti því a.m.k. að geta haft jákvæð áhrif á tengsl landans við nágrennaþjóðirnar. Þó ekki að öllu leyti, því meðan við örkuðum um götur Oslóar í sparifötunum, þá var fallbyssum beint að íslenskum togurum í Barentshafinu. Það var gert grín að því í skrudgöngunni að Norðmenn héldu sjálfsagt að við værum í mótmælagöngu því fæstir vissu að við værum að halda upp á þjóðhátíðardaginn okkar.

Svo var hlustað á ræður með öðru eyranu, pylsur borðaðar og kókakóla eins og manni bar skylda til. Veðrið var gott, en svalt og þóttust menn sjá samhengi milli hitastigs og gönguhraða.

Um kvöldið komu um 30 gestir. Af þeim var bara einn Íslendingur, en að boði loknu voru menn meira og minna orðnir Íslandsvinir. Eigið þið stóran heiður af því. Hangikjötið og harðfiskurinn vöktu mesta athygli og áhuga. Svo mikinn að nokkrir gestanna voru staðráðnir í að fara í kúttmagahringferð um Ísland. Hvers vegna ekki? Og svo má ekki gleyma Dagsínunni sem Vibeke bakaði. Hún gerði mikla lukku -- Þetta var mjög skemmtilegt boð og sátum við uppi með gesti til fjögur um morguninn. Einn skemmtilegasti 17. júní sem ég man.

Já, að lokum um nýju íbúðina. Þetta er þriggja herbergja íbúð með nýuppgerðu eldhúsi og baðherbergi. Í góðu ástandi, nýmáluð, björt og með parketti. Í garðinum er sandkassi og kofi sem Jóhannes getur leikið sér í. Hverfið er rólegt en stutt í búð og strætó, trikk og T-lest. Við flytjum um mánaðamótin og hlökkum mikið til. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 30.8.1994.

Þakka kveðju og gjöf og segi frá að þau hefðu farið með Óla og Jójó og Sigurjóni Jóhannssyni línuveginn frá Kaldadal að Kjalvegi og síðan út að borða um kvöldið með Ásgeiri og Brynju. Auður er á Ólafsfirði og hefur unnið í fiski, var svo þreytt eftir að hún gat varla staðið. Komin suður en Axel gat ekki komið fyrir önnum, ekki heldur á afmælinu hennar.

-- Þetta var nauðsynlegt fyrir hana og fróðlegt þegar hún hefur ákveðið að tengjast þessu fólki. Hún verður að stilla inn á nýja bylgjulengd. --

Gestangangur, Holgeir Weimar, þýskur vinur Auðar, Bo Almquist, andmælandi í doktorsvörn Árna Björnssonar, einnig bandarískur vinur Kerstin Wennerström.

Eggert Ásgeirss. skrifar Bo Almquist. Rvík. 13.8.1994.

Rifjar upp heimsókn hans og ferð þeirra austur á land og um Suðuland og sendi myndir. Þakkar fyrir afmælisrit hans „Viking ale“. Segi frá því að augnsteinaskipti hafi gengið vel og geti hann næstum lesið gleraugnalaust. Tímann frá vinnu hef ég notað til að skrifa, og til að ná mér eftir gestagang sumarsins!

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 14.8.1994.

Tímamótabréf þar sem Dagur og fjölskylda eru að koma sér fyrir á framtíðarheimilinu.

¹ Þetta var á Ugleveien 6 í hverfinu Tåsen í Osló, sem þau svo keyptu og hafa búið síðan.

² Óli Vestmann Einarsson (1916-94) prentari og yfirkennari. Hann átti fósturdóttur Álfheiðar Briem, Jónu Einarsdóttur (1916-2012).

³ Afrit átti ég af ævisöguhandriti Ebbesen. Veit ekki hvort hin gögnin bárust áður en þau hjón féllu frá.

-- Var gaman að heyrna í þér í gær og fá á tilfinningu um umsvifin á Uggluvegi þegar þið eruð að koma ykkur fyrir.

Ég var feginn að heyrna í þér hljóðið og sá að allt var eins og átti að vera. Að vísu eru aðrir kostir í stöðinni og betri ef maður fengi á einum stað allt það sem maður óskar eftir. En til að öðlast sjálfstæði þarf einhvern veginn að rífa sig burt. Það þarf líka sjálfstæði fyrir öllu því góða sem manni er sýnt, t.d. gagnvart góðum foreldrum eða einhverju öðru sem gott getur talist eða virðist vera. Ríkið beitir styrkjum og einhverju sem menn verða háðir. Vinnuveitendur þínir gætu reynst þér illa með því að borga hátt kaup, svo hátt að þú gætir ekki tekið sjálfstæðar ákvarðanir. Í hjónabandi og uppeldi eru ótal dæmi og tilbrigði á slíkum hlutum. Slæmir uppálandur eru þeir sem halda börnum föstum í kærleiksfáðmi -- Til að komast áfram þarf að hafa einhvers konar kerfi; *networking* er það kallað á ensku. Að þekkja fólk, eða eiga vini í lykilstöðum sem víðast. Umgangast fólk sem með manni stendur, hjálpar ef á þarf að halda. Þetta eru gjarnan gamlir skátar, íþróttafélagar, -- trúbræður. Það sem mér rennur til rifja þegar ég hugsa til þín, hvað þú hlýtur að vera einmana í útlöndum, langt frá fjölskyldu og æskufélögum; vera ekki í okkar litla heimskerfi. Ég spurði þig í sumar hvort þú umgengist Íslendinga. Landar manns eru þetta kerfi sem reynist vel. Hópur fólks sem þekkir og treystir hvert öðru. En til þess þarf samstöðu með hópnum. Þeir eru gjarna hjálplegir hvor öðrum, um húsnæði, vinnu, upplýsingar. Gefa og taka á móti.

Það var veikleiki, þótti mér, þegar þú varst hér heima, að þú skyldir ekki hafa samband við fleiri sem þú hefur unnið með, t.d. báðar arkitektastofurnar og fara á fyrirlestra sem haldnir voru. Maður á aldrei að ala á neikvæðum tilfinningum, þær vaxa innra með manni og verða að fótakfli. Hinir sem í hlut eiga, lifa í öðrum heimi og hafa ekki hugmynd um að eitthvað illt hafi búið um sig - löngu búnir að gleyma, eða sjá eftir, vildu fegnir breyta. Ef eitthvað neikvætt fær að búa um sig verður það hnútur í brjóstinu, sem ekki er hægt að losna við.

Sumt af því sem ég er að tala um að ætti að gera hef ég ekki gert sjálfur. Ég hef minnkað umgengnishópinn, dróst inn í heimili og fjölskyldu. Ég vann að verkum sem ég einn gat unnið að. Með þetta var ég ósköp ánægður. En ef eitthvað hefði komið fyrir sem kippti öðrum fætinum undan, þá hefði ég verið illa á vegi staddur. Það væri ekki gott ef allir sem eru innhverfir fái útrás með því að skrifa greinar í blöð - tapa sjálfum sér og eigin sál, gerast þjóðarsál. Guð hjálpi heiminum þá.

Allir sem ætla sér eitthvað mikið, þurfa að gera mikið. Það kemur ekki til manns. Það þarf að sinna því, rækta og vinna að því; það er hægt, með því að láta annað víkja - verja til þess tíma, spara tíma hér og þar. Ég myndi sjálf sagt aldrei skrifa þér ef ég notaði ekki tímann milli 7 og 8 á mánudagsmorgnum -- Þetta geri ég fyrir þig og Auði. Varla meira en 52 tímar af þessum 8700 sem ég hef úr að spila á árinu.

Fróðlegt og gaman að kynnast lífinu hjá Axel og Auði. Greinilegt að þar tekst allt vel - ef þeim auðnast að lífa sjálfstæðu lífi. Axel er sjómaður og fiskimaður sem mun afla vel ef hún hindrar hann ekki. Hún verður sjálfstæð og mikil kona ef hún sættir sig við það og bíður ekki eftir að hann taki þátt í öllu með sér. Þeir fá sem afla. Þeir sem bíða verða saltstólpar og lífið miklu flóknara en ég hef hér lýst. Það verður áreiðanlega skemmtilegt - bæði miklar persónur. Ég þekki líf þeirra ekki svo vel, enda hafa þau ekki tíma til að upplýsa mig um það og engin þörf á því heldur. Það sem ég segi hér er heildarmynd sem ég sé fyrir mér eftir að hafa séð eitt eða tvö stykki í stóru þússluspili.

Í þessu máli - og fleirum - er ég varadekk og ráðgjafi, ef einhver þarf á því að halda. Bíð hlutlaus - eða reyni að vera hlutlaus - sem aldrei tekst með minni skapgerð. Ef einhver vill fá að vita hvað ég vil börnum mínum til handa þá þarf að lesa greinar í DV um strætisvagna í Noregi eða skattamál. Svör mín við vandamálum eru flóknar greinargerðir sem koma fram í ritaskrá minni nr. 86!!

Nú er ég farinn að bulla svolítið, enda klukkan átta og mál að standa upp og fara í vinnuna.

Veðrið er breytilegt. Við erum að fara í síðustu útileguna -- en ekki á því klára hvert við förum. Lægðir eru teknar að ganga yfir landið. Vestfirðir, Suðurland eða jafnvel Norðurland. Það verður að koma í ljós. Ég veit hvað ég vil. Skoða nýja afleggjara um land allt og líta á hverasvæði. Þetta segi ég í bréfi til þín, því mamma þín les bréfið - eins og (flest)allt sem frá mér kemur. Hafði það gott og skemmtilegt. Gaman að hitta Jóhannes í símanum. Bestu kveðju til hans: - **úh -úh - úh.** --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 22.8.1994.

Segi sögu útileguferðar um Vestfirði frá Barðaströnd í Súgandafjörð, færa og torfæra vegi. Komum heim með mikið af berjum. Ásgeir fór í 12 daga ferð en Brynja búin með sínar ferðir.

-- Gott að koma heim, allt í góðu lagi og Axel og Auður flutt hingað aftur. Auður byrjar senn að vinna í bókaversluninni þangað til þau fara til Barcelona eftir mánuð. Axel er á ferð og flugi með kaupendur frá Brasilíu. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 29.8.1994.

-- En hvað tíminn flýgur áfram, mánuður síðan þið fóruð frá okkur. Allt hefur verið á fleygiferð -- Þótt við sjálf höfum ekki verið að flytja þá hefur fólk verið að flytja til okkar og frá og við búin að vera í síðustu útilegunni.

Holger Weimar, vinur Auðar, kom hingað -- og bjó fyrst hjá Auði og Axel á Lindargötu og síðan hjá okkur. Þú kynntist honum í Nice. Þetta var mjög þægilegur piltur og ánægjulegt að geta gert eitthvað fyrir hann.

Kerstin Wennerström bað okkur að gera eitthvað fyrir amerískan vin sinn -- hann borðaði hjá okkur og pabbi þinn fór með hann í skoðunarferð --

Ferðalagið okkar var stórkostlegt. -- Landið var fallett. Meira að segja á Látrabjargi var logn og blíða. Við förum á öll krummaskuð á sunnanverðum Vestfjörðum og dásömuðum að vera í svona torfærufarartæki. -- Fjöllin hrikalega há og

sandstrendur með þessum fallega ljósa skeljasandi. Byggð er orðin strjál en gaman að koma í bæi eins og Patreksfjörð, Bíldudal og Tálknafjörð. Við vorum að rifja það upp þegar við fórum á þessar slóðir með Jójó og Óla fyrir akkúrat 30 árum og þú varst með í ferðinni.¹

Nú kemur Bo Almqvist og verður hér í viku -- vegna doktorsvarnar Árna Björnssonar. Við erum búin að lofa honum að fara með hann í þriggja daga ferð. -- Það veitti ekki af að kaupa þennan ágæta svefnsófa, sem er búinn að koma sér vel. --

Auður og Axel gengu á Esjuna -- Við pabbi þinn ætluðum að trimma bergfléttuna bak við hús og enduðum með því að fletta henni alveg af öllu húsinu. --

Um kvöldið komu þau Elísabet (*Vestdal*) og Roger Abéla. Þau eru búin að ferðast um landið með mörg holl af frönskum hjónum og vinum. Þau segja að fullt hús verði hjá þeim til ársins 2003, svo mikil er ásókn kunningjanna að komast hingað.² --

Ásgeir er á ferðalagi um landið með Þjóðverja -- búinn að vera í tveim ferðum og Brynja í einni -- hafa eitt sumarleyfinu sínu í þetta. Svo eru þau að fara um helgina í ferð til München og Prag og fleiri staða. Ásgeir hefur ekkert farið utan síðan hann kom heim 1990.

Ég saknaði ykkar mikið eftir að þið fóruð - verð að viðurkenna - mest Jóhannesar. Væri gaman að geta fylgst betur með honum og sjá hverju hann bætir við sig. -- vona að Vibeke fái vinnu fljótlega. --

Pabba þínum brá svolítið við að hafa stuðað þig með sálfræðibréfinu sínu. Það var ekki meiningin, heldur að hjálpa þér í erfiðleikum sem okkur fannst þú eiga í. Mín viðbrögð við bréfinu voru þau að mér fannst það innilegt og hann væri aðallega að segja þér frá erfiðleikum sem hann hefur sjálfur lenti í á lífsleiðinni, til þess að það gæti orðið þér víti til varnaðar. Mér finnst ekkert nema gott um það að segja þegar fólk opnar sig og maður fær innlit í og kynnist reynsluheimi sinna nánustu. Umfram allt að taka það ekki til sín. Sem sagt, það var vel meint, en stuðaði þig samt. Veit ég að honum þætti vænt um að heyra um hvað þér þótti miður. --

Nú er ég að láta prenta dagskrá ársþingsins 1994 sem verður í október. Prentunin fer fram í Prentsmiðju Árna Valdimarssonar og þar hitti ég bekkjarbróður þinn úr Hlíðaskóla, Halldór Eyjólfsson.³ Hann er sjálfum sér líkur, útskrifaður frá Tækniskólanum og rekstrarstjóri prentsmiðjunnar. Hann bað að heilsa þér. -- Það er gott að þekkja hann þarna því hann vill allt fyrir mig gera svo hlutirnir gangi vel og hratt. -- Óska ykkur alls góðs og að þið dafnið vel í nýja umhverfinu. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 9.9.1994.

-- Það var gaman að heyra hvað það hefur verið skemmtilegt að hafa hann Bo í heimsókn. Það hefur áreiðanlega verið gaman að fara heim á bæina að heilsa upp á innfædda og gaman að þið skylduð fá svo gott veður.

Hér hefur veðrið verið breytilegt og jafnvel jaðrað við að vera íslenskt. Við höfum þó ekki látið það aftra okkur að vera úti í guðsgrænni náttúrunni. Um helgina vorum við í Hvalstad og fórum í langa skógarferð. Ætlunin var að tína bláber en það breyttist í sveppatínsluferð því jörðin var þakin af sveppum. Við enduðum samt með að kasta helmingnum því við fundum út þegar heim kom að megnið af þeim var eitrað. Þeir sem eftir voru brögðuðust vel og við tórum enn.

Fyrirspurnir til skólanna í Bandaríkjunum fóru í póst í dag. Er það mál því komið á nýtt stig. Vibeke er búin að senda sínar umsóknir til Fullbrightstofnunarinnar og Norsk-Ameríska félagsins. Þá er röðin komin að mér og mínum styrkjaumsóknum. Það kemur smám saman í ljós hve flókið mál það er að komast í nám í Bandaríkjunum og ekki er það einfaldara þegar við erum þrjú. Við fórum í dag til gamals kennara okkar að biðja um meðmælabréf. Við bjuggumst við að hann myndi taka okkur vel, því að það eru fáir af nemendunum sem fara í framhaldsnám. Nei, því var sko ekki að heilsa, hann kastaði okkur á dyr og sagðist bara skrifa meðmælabréf fyrir vini sína. Já, það er ekki tekið út með sældinni að feta sig áfram á menntabrotunni. Annars hafa flestir verið okkur velviljaðir og hvatt okkur áfram með góðum ráðum.

Jóhannes hefur verið hjá barnaþíunni í viku. -- Hann hefur haft gaman af þessu öllu þó svo að hann komi heim með marbletti og tannaför. En við, foreldrarnir vitum að það er ekki alveg að ástæðulausu. Þegar Vibeke kom að sækja hann -- óð hann beint á vinkonu sína, hana Nóru, og kleip hana í nefið eins og hann er vanur að gera við þá sem hann kann að meta. -- farinn að ná tókum á öllu. Skrefin sem hann tók eru orðin að hlaupi, danssporin orðin að hringdans, söngvarnir fleiri og tennurnar orðnar tíu í stað átta. -- á meðan hann bíður eftir hafragrautnum sínum leggst hann á eldhúsgólfíð -- með koddann undir höfðinu og blaðrar um daginn og veginn. Maður sér þá hversu hentugur koddur getur verið. Kannski maður geti lært af þessu? Væri ekki fyrirtak að hafa með sér koddan þegar maður lendir í biðröð í bankanum?

Segir frá vandræðum vegna sjónskekku sinnar og veislu sem þau fóru í og fengu Ingunni Hafstað arkitekt, vinkonu sína til að passa. Einnig fengu þau frændur Vibeke í heimsókn með barn og það þótti Jóhannesi skemmtilegt. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 12.9.1994.

-- Við vorum mikið í garðinum um helgina, að tína rifsber - mamma þín inni á laugardag að sulda - og vinna ýmis hauststörf, eða bara að sóla sig. Ég klippti vafningsvið á húsinu. Endaði með því að ég tók viðinn mikla á norðurhorninu alveg niður -- hann var orðinn svo gífurlegur kominn langt upp á þak - birtir í stofunni. --

¹ Hann va þá ófæddur.

² Elísabet Vestdal Abéla (1939-2003). Kannski hefur þeim tekist að ljúka verkefninu. En því lauk ekki þótt hún félli frá. Bærinn þeirra á Breiðabólstöðum er fullur öll sumur og verður það líka í sumar, 20014.

³ Halldór Eyjólfsson (1965). Er að því er virðist í auglýsngabransanum.

Bo (*Almqvist*) kvaddi -- eftir skemmtilega dvöl, sérstaklega ferðina austur að Hofi í Álftafirði, þar sem Síðu-Hallur bjó. Þangað fórum við til að líta Þiðrandalág, þar sem sonur hans var drepinn. Þá skoðuðum við Þvottá, Þangbrandarrúst og Þangbrandsbrunn, Papafjörð, Papýli, Papós og fleira sem minnir á Papa. Á öðrum hvorum bæ höfðu búið skráningarmenn þjóðsagna og Bo þekkti. Það var gaman að koma að Skógum þar sem Þórður fornvinur okkar fór á kostum í safninu og bætti enn einni þjóðsögu við í skrásettan flokk sagna um ljósmóður hjá álfum.

Þegar við sátum á Kirkjubæjarklaustri ræddum við mikið um Ólaf Briem, sem lést fyrir tveim vikum. Bo settist þá niður og skrifaði minningargrein um hann; ég fór árla á fætur, fékk að komast í tölvu Rarik, við föxuðum greinina til mömmu þinnar, sem fletti upp heimildum til að kanna hvort rétt væri með farið og kom greininni svo í Moggann. Jarðarförin var rétt áður en Bo fór á völlinn. Koma hans hingað var skemmtileg. Hann er í dómnefnd vegna doktorsprófs Árna Björnssonar þjóðháttafræðings.

Eftir 12 daga fer ég á Landakot til að láta skipta um síðari augasteininn. Verð svo í veikindafrí -- Síðan er ég á biðlista vegna mjaðmarinnar svo veikindafrí verða einhver á næstu vikum. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 19.9.1994.

Vona að þau hafi það gott þótt atvinnuleit Vibeke gangi ekki vel. Allt gott að fréttu þó tómlengt sé eftir að Auður og Axel fóru.
-- heilmikið að gera að vanda, margir viðburðir annaðhvort framundan eða nýliðnir. Góð heilsa nær samt ekki til okkar ágætu þýsku gesta, Bertrand og Brigitte frænku (Hübner), sem búa nú í Ásgeirsherbergi. Hún er með flensu og upptekin af sjúkdómi sínum og dælir í sig meðulum. Eins og Halldór Hansen lækni, sem ég hitti í gær í afmæli Bergljótar Líndal, og sjálfur er raunar dauðvona vegna krabbameins í lungum eftir ævilangar reykingar, sagði: *Allir Þjóðverjar vilja fá meðul við öllum óþægindum, helst þrjú.*¹ --

Í vikunni var hér hin mikla ráðstefna, *Nordisk mödested*, og fjallaði um alþjóðleg og norræn orkumál, til að þátttakendur og starfsmenn gætu komið hingað í heimsókn. Ég var -- lítillaga blandaður í ráðstefnuna, sem haldin var af Svíum og Dönum, en það er önnur saga.

Það eina markverða var fyrirlestur Jan Henrikssons prófessors við arkitektaskólann í Stokkhólmi. Hann fjallaði um *arkitektur och kreavitet*, aldeilis gagnmerkt erindi þar sem hann lýsti með stórkostlegri myndasýningu sköpun hugmyndanna og þróun, lýsti hvernig merkar hugmyndir koma úr ólíkustu áttum, hvernig hlúa mætti að þeim og þroska þær. Þetta var spuni út frá vinnu nemenda hans. Hann lýsti hvernig nemendur frá Baltísku löndunum, sem lítið hefðu í heimanmund, nema hvatningu og einhver góð áhrif foreldra, sumir jafnvel komnir úr gjörólíku umhverfi, t.d. poppi, en tækju til við skapandi vinnu og bæru af, kannski vegna þess að þeir væru ómótaðir fyrir.

Allt gekk svo fljótt fyrir sig að eftir standa aðeins heildarminningar um erindið, sjálfsagt gjörólíkar frá einum þátttakanda til annars. Áheyrendur virtust ánægðir; hvort þeir tengja sköpun sínum störfum í rafmagnsbransanum, efast ég um.

Jan Henrikson² var hrifinn af að heyra af þér og að þú værir nemandi og samverkamaður Per Olaf,³ hefðir kannski náð í skottið á Sverre Fehn,⁴ sem og að þú værir að átta nám í Bandaríkjunum. Ég nefndi Columbia; þá varð hann frá sér numinn og sagði að þú ættir að gera allt til að komast þangað og gerast nemandi Kenneth Frampton⁵ og Steven Holl.⁶ Þetta væri kannski fremsti arkitektaskólinn í veröldinni, skildist mér.

Það var einnig svo skemmtilegt við Jan að hann tók ykkur báða, Per Olof og þig inn í fyrirlesturinn, nefndi hann með nafni, þig, sem son eins þátttakandans og bætti við nafni Maríu Alfredson sem hefði unnið bæði í Osló og Stokkhólmi. Þetta gerði hann til að sýna að starf hans tengdist bæði Íslandi og Stokkhólmi og *kvævitet* væri alþjóðlegt í eðli sínu. Hann var virkilega áhugasamur um framtíð þína og þótti slæmt að samstarf skólanna hefði ekki verið komið í fullan gang svo hann hefði kynnst þér í sambandi við *random* verkefnið, ferðina til New York og umfjöllun um ferningaskipulagið bandaríska eða Ítalíunámskeiðið en mér skildist að hann hefði verið á einu slíku. Það væri gaman ef þú hefðir tækifæri til að kynnast honum. --

Segir frá mikilli veislu sem Bergljót Líndal hélt í Tannlæknafélaginu og sem einnig hélt stórkostlega ræðu. Veislan rakst reyndar á afmæli Sveins Einarssonar, en þau féddust á sömu stundu.

Ásgeir og Brynja voru að koma heim eftir vel heppnaða ferð til Þýskalands og Tékkó.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 26.9.1994.

Segir frá því að hún hafi verið að fara með Eggert upp á Landakot í augnaðgerð, sams konar og fyrir ári.

Hafði boðið Óla, Jójó, Hilmar, Ásgeiri og Brynju til að hitta Auði og Axel, hann í fyrsta sinn.

-- Þeim leist vel á og var hann samþykktur í hópinn --

Sagði fólkið ferðasögur; Hilmar frá hálfmánaðar boðsferð til Japan og Brynja og Ásgeir til Prag og Þýskalands, einkum Eichstätt, þar sem vinir þeirra búa.

¹ Halldór Hansen (1927-2003), barnlæknir. Ekki var þessi dauðadómur beint endanlegur!

² Jan Henrikson (1933-2004) arkitekt.

³ Per Olaf Fjeld, prófessor og rektor Arkitekthöjskolen i Oslo.

⁴ Sverre Fehn (1924-2009), einn fremsti arkitekt Norðmanna. Hefur hlotið fjölmörg verðlaun og teiknað merkar byggingar. Þó hefur tiltölulega lítið verið reist af verkum hans, nema skemmtiferðaskip, sem vinur hans lét byggja. En áhrif hans urðu mikil.

⁵ Kenneth Frampton (1930).

⁶ Steven Holl (1949).

Þá var okkur boðið út að borða á Hótel Holti með stjórn TFÍ og buðum þeim í fordrykk hjá okkur.

Nú eru Auður og Axel að fara til Parísar til að sækja búslóð hennar og flytja til Barselóna.

-- Þetta sumar hefur verið óskaplega skemmtilegt og viðburðaríkt með miklum gestagangi. Eiginlega hefur svefnsófinn góði verið í stöðugri notkun -- búíð að blessa hann mikið.-- Við erum búin að bjóða foreldrum Axels og bræðrum ásamt Ásgeiri og Brynju. -- Auður er spennt, en er kvíðin fyrir flutningnum til Spánar. --

Mikið talað um spillingu í pólitík út af embættisveitingum Guðmundar Árna Stefánssonar ráðherra Krata. --

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. 27.9.1994.

-- Takk fyrir símtalið í gær. Það var gott að heyra að aðgerðin á pabba hefði gengið svona vel og hann væri á batavegi. Við hérna á Ugluveginum óskum þér, pabbi góðs bata.

Það er greinilega mikið að gerast hjá ykkur á þessum missirum og nú fer að líða að því að Auður og Axel leggi í hann og þá verði hljótt í húsinu. Í staðinn koma sjálfsagt ófáir metrar af faxpappír með sögum af lífinu við Miðjarðarhafið.

Okkur finnst vera svo langur tími síðan við vorum á Íslandi, en svo fórum við að telja og komumst að því að það eru ekki einu sinni tveir mánuðir liðnir síðan. Svona líður tíminn undarlega hratt, eða hægt, eftir því hversu ljúfar endurminningarnar eru. Við höfum sannarlega hugsað mikið til sumarsins eftir að við komum hingað aftur.

Eins og ég sagði ykkur síðast höfum við haft mikið að gera síðan við komum aftur út. Jóhannes er kominn í pössun og sýnist okkur allt farið að ganga -- Það er ógurlega gaman að koma að sækja hann þegar ég er búinn í vinnunni. Við erum bæði búin að kaupa reiðhjól og barnasæti þannig að við getur farið með hann og sótt á hjóli. Hann hefur gaman af þessum túrum enda geysist maður áfram á meiri hraða en í barnavagni og þarf að vera með hjálm. Jóhannes er svo hrifinn af hjálminum sínum að hann faðmar hann að sér eins og gæludýr og koddann sinn. Hann er nefnilega farinn að halda svo mikið upp á koddann sinn að hann lætur hann ekki úr hendi sér allan liðlangan daginn -- en verður að láta í minni pokann þegar hann fer í það, en ekki fyrir en eftir nokkrar kröftugar gráthrinur. Það hefur mikið tognað úr honum frá því við komum frá Íslandi. --

Jóhannes er stöðugt að segja frá og tilkynna okkur hitt og þetta. Við eigum samt frekar bággt með að átta okkur á því sem hann segir enda verður æska landsins æ þvoglumæltari eftir því sem árunum fjölgar. Dýrin virðast skipa stóran sess í frásögnum hans og fylgja að sjálfsögðu öll dýrahljóð sem hann kann. Apagarg lærði hann í fyrradag og er í miklu uppáhaldi núna. Þegar hann kemur heim á daginn klifrar hann upp á stól, tekur apagargið og sýnir á sér vöðvana við mikla hylli foreldranna.

Vibeke heldur áfram í atvinnuleitinni. Hún er búin að fara á nokkuð marga staði og er sama sagan alls staðar, lítið að gera í augnablikinu. Henni hefur þó verið vel tekið víðast og fengið mikið hrós fyrir verkefni sín sem hún hefur sýnt. Það er því engin ástæða til annars en að vera bjartsýnn á að málin fari að skýrast. Það má kannski búast við að ástandið verði óbreytt fram yfir þjóðaratkvæðagreiðsluna um Evrópubandalagið, því lánsvextir fara hækkandi og þjóðfélagið heldur greinilega að sér höndunum í óvissu um lok mála. --

Biður um einkunnir frá Hamrahlið vegna umsóknar um nám í Bandaríkjunum.

-- Varðandi mynd frá ömmu Fríðu er það að segja að við erum búin að skoða margar myndir og víða. Fundum við eina bráðskemmtilega sem okkur leist vel á. Það var þó enginn Sigurður, Kristján eða Georg Guðni, þó svo að eitt gallerí hér selji þá. Þeir eru talsvert dýrari en aðrir listamenn. Myndin sem við fundum kostar 1.500 kr. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 4.10.1994.

Vona að Vibeke sé full baráttuhugar þótt atvinnuleitin gangi ekki vel. Hjá okkur er tómlegt eftir að Auður og Axel fóru til Barselóna en meðan þau voru hér var fullt hús af gestum og fjör.

-- Við efndum til veislu í hádeginu á laugardag. Foreldrar Axels komu suður og tveir bræður hans, mágkona og tvö börn voru hér í skemmtilegum fagnaði. Amma þín fór á kostum. -- Fólkið hans Axels er fjallhresst, bráðgreint og skemmtilegt og ákaflega samheldið. Mér þykir gott að komast í samband við landsbyggðina, við fólk sem stendur á eigin fótum, sjálfstætt og óhrætt við að leggja út í óvissuna, leggja allt sitt undir í því spili þar sem aðeins er teflt til vinnings. Jafntefli er ekki til. Við sáum segulband sem Axel tók af móðurömmu sinni sem hann ólst að hluta upp hjá; greind og skemmtileg kona, 83ja ára, minnug svo einstakt er.¹

Ásgeir pabbi hans er ágætismaður, duglegur og hefur verið í útgerð og stjórnunarstörfum alla sína tíð. Nú starfar hann hjá sameiginlegu fyrirtæki þeirra -- Það er gaman að heyra þau ræða ákvarðanir. *Við höfum ákveðið* að þessi geri þetta eða hitt. --

Við erum farin að undirbúa afmælisboð mömmu -- Við verðum ellefu við borðið. Mamma er dálítið farin að hlakka til og kvíða. Henni líður mjög vel um þessar mundir. Veðrið er gott alla daga og því skemmtilegt fyrir okkur að fara saman út að ganga. Svo er hún að hugsa um að fá nýja kápu. Það gerir henni sérstaklega gott að vera fallega klædd og eiga eitthvað framundan sem hún getur hlakkað til.

Ég hef það ágætt. aðgerðin tókst vel og batinn góður. Það er merkileg breyting á henni veröld. Það er eins og blæju hafi verið lyft. Ég þarf ekki gleraugu nema til lestrar. Það er svo fallett að líta í kringum sig, sjá haustlitina, himininn og allt lífið. Ég stal Hagkaupsglæraugunum af mömmu þinni -- virðast nægja mér. Auði var samt ekki alveg sama um þegar ég var með stelpuglæraugu í boðinu um daginn. Ég fer heldur lítið út, sit heima og geng frá nýju hefti af Oddfellowblaðinu og er að þýða bók sem Oddfellow bað mig um -- þarf að fara vel með mig. --

¹ Petrea Rögnvaldsdóttir (1908-2008). Ólst upp á Kvíabekki.

Ingólfur ætlar ekki í skóla í vetur, er gæslumaður á Kleppi og fékk húsnæði þar í grennd. Fríða er byrjuð í hjúkrunarnámi. Segi frá Peter Hübner sem Ásgeir fékk til einhvers verkefnis fyrir Iceland Review, er skilinn, stendur fyrir tónleikum í kirkju í Hamborg og kennir.

Eggert Ásgeirss. skrifar Guðjóni Magnússyni form. Rauða kross Íslands. Rvík. 5.10.1994.

Pakka fyrir að hafa verið boðaður til að sitja opnun aðalfundar RKÍ.

Sendi leiðréttingu á því sem hann taldi hafa verið sett þar fram um a) Upphaf söfnunarkassa RKÍ og b) Upphaf neyðarvarna RKÍ. Legg áherslu á að fortíð skipti ekki máli heldur framtíðin.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. París. 7.10.1994.

-- Hérna er ég enn í París. Ætlunin var að fara um helgina, en margt hefur staðið í veginum fyrir því. Fyrst er það strákurinn sem geymir þvottavélina. Hann verður ekki í bænum um helgina og þar með er ekki hægt að nálgast dótið. Síðan hefur verið erfitt að fá bílaleigubíl til að flytja dótið okkar niðureftir. En við erum búin að panta stóran fólkubíl, sem við megum skila í Barselóna. Þetta verður rándýrt, en hvað með það. Förum af stað eftir helgina og tökum með það sem kemst, hitt verður að skilja efir.

Annars erum við búin að hafa það gott hérna í París, bío, spássítúrar og þvíumlíkt. Maður er bara farinn að hugsa suðureftir. Fyrsta ferðin hans Axels er komin á dagskrá, Madrid um miðjan mánuðinn. Þá fer ég ekki með því skólinn gengur víst fyrir.

Óskum ykkur til hamingju með daginn, hringjum til ömmu seinna í dag. --

Eggert Ásgeirss. og Sigríður Dagbjartsd. skrifa Degi Eggertss. Rvík. 10.10.1994.

-- Auður var að hringja. Hún var að leggja af stað frá París. Þau Axel ætla að skiptast á um að sofa. Ferðin má ekki gjaldsins vegna standa meira en sólarhring - verður erfitt fyrir þau. -- Mamma þín hefur mikið að gera vegna ársþings Tannlæknafélagsins. Ég hef það þeim mun betra einn heima! Og skrifa, og skrifa, og nýt lífsins. Heilsan góð. --

Eggert Ásg. skrifar Jóni Steinari Guðmundss.¹ próf. Rvík. 12.10.1994.

Pakka samtal og grein sem hann skrifaði um umhverfismál. Merkilegt hvað tíminn líður fljótt síðan þeir hittust. Sendi grein sem ég hef í smíðum og sem ég bið hann um að líta á. Við erum komnir inn á nýja öld.

--Samt er eins og eitthvað vanti. Stofnanir tregðast við, vald í umhverfismálum safnast þangað sem síst skyldi. Mér fellur illa við hve Orkustofnun hefur staðnað -- Hugmyndir Jakobs² eru stundum furðulegt virkjanaæði. Hann telur sig eiga að koma fram með ítrustu hugmyndir og það sé stjórnámálanna að taka ákvörðun. En ef hann segir þeim ekki hvað rétt sé, og þá hljóta þeir að leita annað. Sem ráðgjafi ríkisstjórnar ætti hann að bera fram yfirvegaðar tillögur og hugmyndir en ekki slá alltaf varnagla um pólitískt vald sem sé annað en það vald sem hann hafi yfir að ráða. --

Hvernig nota Japanir hverina sína? --³

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 12.10.1994.

Allir glöddust þegar fréttist að þau væru komin til Barselóna og óska þeim alls góðs.

--Nú er mikið að gera -- Hér eru hjá mér að vinna tvær konur vegna ársþings TFÍ. Ég er komin í óskastöðuna að þurfa ekki að vinna, heldur bara að stjórna öðrum. --

Það er skrýtið að hafa ykkur ekki heima og er tótleikinn yfirþyrmandi. Er þetta ekki gott nafn á næstu skáldsögu: *Yfirþyrmandi tótleiki tilverunnar*. Það er samt ekki svo slæmt því mikið er um að vera hjá okkur og pabbi þinn hefur svo mikið að gera sem ritstjóri Oddfellowblaðsins að ég veit ekki hvernig hann hefði farið að ef hann hefði ekki verið svo heppinn að lenda í veikindafrí.

Í gærkvöldi var ég á Zontafundi sem haldinn var heima hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur. Hann var vel sóttur og skemmtilegur. Vorum við að vinna að kortagerðinni okkar -- Við fengum freyðivín frá Spáni og svo laxasalat á eftir. Svo byrjuðum við að vinna - og það var mikið talað.

Það er búið að skrifa og segja margar fréttir af hneyksli í heilbrigðisráðuneytinu þar sem skrifstofustjórinn, Guðjón Magnússon⁴ (formaður Rauða krossins núna) hefur fengið árið 1991 greidd margföld laun og þar að auki fengið greiddar tvær milljónir í dagpeninga, þar sem hann var í starfi líka í Svíþjóð með samþykki ráðuneytisins. Þetta mál var grafið upp í tengslum við Guðmund Árna Stefánsson.⁵

Kristín Jónsdóttir⁶ lækni er með mér í Zontaklúbnum og sagði sögu sem tengist þessari spillingu. Hún hafði verið á fundi með Ólafi Ólafssyni landlækni í gærmorgun og sagðist hann hafa verið hjá rakaranum. Hann hefði ætlað að borga honum með visakorti, en rakarinn sagðist ekki taka við svoleiðis greiðslu. *Æ, hver ansinn, sagði þá landlækni, ég verð þá að borga með*

¹ Jón Steinar Guðmundsson (1947-2018) prófessor í Þrándheimi.

² Jakob Björnsson (1926) þá orkumálastjóri.

³ Þá er ég að skrifa grein sem birtist í Lesbók Mogga: Hverir á Íslandi.

⁴ Guðjón Magnússon (1944-2009) lækni. Ég hafði unnið með honum um skeið við borgarlæknisembættið og þegar ég var í verkefnum fyrir landlæknisembættið.

⁵ Guðmundur Árni Stefánsson (1955), bæjarstjóri, alþingismaður, ráðherra og sendiherra.

⁶ Kristín Jónsdóttir (1927) lækni. Sérfræðingur í meinafræði og starfaði á rannsóknarstöðinni að Keldum.

dagpeningum. Kristín sagði svona fyrirgreiðslu alltaf hafa viðgengist, hún var kölluð greiðvikni hér áður fyrr, en heitir núna spilling.

Á morgun byrjar svo ballið hjá mér. Kl. fimm er svokallað málþing TFÍ. Þar ætla heilbrigðismálaráðherra að mæta og hafa framsögu um stefnumörkun ráðuneytisins í tannheilbrigðismálum. -- Ársþingið byrjar svo á föstudagsmorgun, er allan þann dag og laugardaginn og endar með hófi í félagsheimilinu. --

Mér finnst svo notalegt að hugsa til ykkar þarna, frekar en í París. Barcelona er í minningu minni skemmtileg borg. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. Okt. 1994?

-- Ársþingið gekk í alla staði vel. Eftirbragðið er sem sagt gott. --

Við fórum í langan göngutúr -- Pabbi þinn er svo ágætur í mjöðminni þessa dagana. Er það sennilega vegna hvíldarinnar -- heima.

Svo fórum við að sinna gamla fólkinu. Tókum Dídí með okkur á sýningar. Litum m.a. inn á Gallerí Borg og hittum þar Halldór og Siddu, og svo komu líka Palli og Lára. Þetta var eins og fjölskyldumót -- Fórum með Palla og Láru í kaffihúsið á Vesturgötu 2 -- fórum líka í Hafnarborg þar sem naivistinn Sæmundur Valdimarsson¹ er að sýna myndastyttur, höggna og unnar í tré. Við höfum verið aðdáendur hans lengi og keyptum verk eftir hann. Það er svona 70 cm. há stytta, með tvö konuhöfuð.

Við hringdum í Dag og sagði hann þær fréttir að Vibeke væri búin að fá vinnu. -- Ég sagði Degi frá listaverkakaupunum og kannaðist hann strax við listamanninn og var mikið hrifinn. Gæti ég trúað að þetta yrði 30 ára afmælisgjöfin til hans.²

Gætirðu ekki drifið í því að kaupa skrifborðsstólinn frá ömmu þinni. Þótt trommur séu ágætar til síns brúks þá list mér ekki á þær sem skrifborðsstóla. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. Október 1994?

-- var pabbi þinn á Oddfellowfundi að flytja erindi í annarri stúku en sinni um *deisma*, sem hann er búinn að stúdera mikið og segir oddfellowhugsjónina byggða á. Hann var nokkuð ánægður með árangurinn --

Við vorum svolítið spæld með að Borgarspítalinn skyldi fresta aðgerðinni. Pabbi þinn var búinn að ganga frá öllu og hlakkaði til að fara loks í aðgerðina en svo er hringt á síðustu stundu. --

Nú er nýi formaðurinn tekinn við. Alltaf er skýtið að byrja að vinna með nýjum mönnum. Þetta er Helgi Magnússon sem heilsaði upp á ykkur í eldhúsinu um daginn. Hann er þægilegur maður og kvíði ég í engu samstarfinu. --

Amma þín var eitthvað klén í fyrradag. Við settum það í samband við það að pabbi þinn væri að fara á spítala og Palli til útlanda. Svo leið það hjá og er allt við það sama núna. Hún var að hlusta á upptöku sem Ásgeir hafði gefið henni með frásögn Helga frænda þíns frá því er hann flúði frá Spáni þegar borgarastyrjöldin hófst. Henni fannst þetta svo hræðileg lýsing á aðstæðum að það þyrfti að vara þig við áður en þú hlustaðir. -- Ellý (Vilhjálm) er flutt í Miðleiti 3. Ég hringdi í hana áðan og hlakkar hún mikið til að fá bréfið. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 13.10.1994.

-- Þá er komið að fyrsta bréfinu héðan frá Barselóna, allso sem einn af íbúum borgarinnar. Sem sagt, Auður Eggertsdóttir Barselónabúi er sest niður til að skrifa sitt fyrsta bréf. Ég ætti nú eiginlega að sitja með spænskukennsluna í eyrunum og undirbúa mig fyrir prófið á morgun, en ég er ekki viss um að ég taki svo miklum framförum í tungumálinu þessa klukkutíma fram að prófi, þannig að ég hugsa ekki meira um það.

Takk fyrir bréfið í gær. Það er undarleg tilfinning að fá fyrsta bréfið sitt. -- Það var frídagur í gær og allir heima að dóla sér. Axel var að vinna að sitthverju úr vinnunni og ég í spænskunni. -- Róleghheit eftir ferðalagið hingað suður. Annars gekk allt vel. Að vísu þurfti ég að skilja sitthvað eftir í París, eins og reiknað var með. En við komumst með flest -- Virginie ætla að geyma fyrir mig það sem mér er ekki sama um. -- Ferðin suður tók tíu tíma. --

En nú er lífið farið að ganga sinn venjulega gang -- líklega hjá mér líka, en ég veit ekki ennþá hvernig sá gangur er nákvæmlega. En það kemur í ljós.

Ég fór í skólann í morgun -- Þetta er mjög fínn skóli, stór, og allt morandi af fólki -- Þetta er greinilega aldgamall skóli og heillandi fyrir það. Ég fann bókasafnið, og settist niður þar sem gamlar skruddur voru uppi um alla vegg. Það er gott að vita af þessu safni meðan ég get ekki setið við borð herna heima -- Við erum búin að setja tölvuna upp þannig að hægt er að skrifa bréf, á mjög frumstæðan hátt, samt. Ég sit á gamalli trommu. Axel er líka búinn að setja sitt dót inni tölvuna og er ég skíthrædd um að mér verði smám saman bolað burt, þar til enginn man lengur að þetta er mín tölva. Vona að þið megið vera að því að lesa bréfið í öllu annríkinu. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 17.10.1994.

Óska til hamingju með að Vibeke sé ráðin til starfa. Segir það muni ekki lítið um þegar tveir séu til að standa undir heimili þótt ekki viti ég hvaða skattareglur séu í Noregi.

¹ Sæmundur Valdimarsson (1918-2008) myndlistarmaður.

² Það varð líka svo.

-- Það munar ekki lítið um að komast til þess álits í samfélaginu sem góð atvinna stuðlar að. Það er ekki hvað síst mikilsvært í hörðum heimi að tveir standi undir heimilishaldi, öryggis vegna, ef eitthvað kemur fyrir -- hægt að taka áhættu.

En bindandi er þegar báðir framkvæmdastjórar sama húshalds þurfa að taka tillit til tveggja vinnuveitenda -- getur verið erfitt að ákveða sumarleyfi og fá frí til að rækta aldraða foreldra á Íslandi með heimsókn árið 1994 og framvegis! --

Var að ganga frá grein í Lesbók um Reykholtshver í Biskupstungum, merkilegan goshver sem byggt hefur verið yfir! til að nota hitann. Hann gefur tilefni til umræðna um hverri og náttúruvernd. Átti að vera búinn að skila greininni í síðustu viku. Þurfti að nefna orkuforðafræði og mundi eftir Jóni Steinari Guðmundssyni sem starfaði hjá Orkustofnun, en flutti til Noregs -- talaði við hann -- prófessor í olíu- og gasfræðum við NTH í Niðarósi. Baudst hann til að líta á greinina. Ekki þótti mér það verra, þótt ég -- sé ekki gefinn fyrir slíkt samráð, sem gerir slík greinarskrif bæði leiðinleg og langdregin. Yfirleitt tapar maður frumkvæði með samráði og getur lent í leiðindum vegna þess að ef manni t.d. fellur ekki samráðið, þá er maður kominn í *konflikt* við annan, í sjálfu sér óviðkomandi aðila. En mér hefur alla tíð litist svo vel á Jón Steinari að ég tók hans boði fegins hendi enda eru í greininni atriði sem snerta grundvallaratriði umhverfisverndar. Þótt ég viti að menn lesa ekki greinar allt of mikið þá getur kannski einhver viðkvæm sál gert það. --

Nú eru hér deilur út af spillingu, sem komið hefur upp í stjórnkerfinu¹ -- Það er hvernig yfirmenn heilbrigðis- og tryggingaráðuneytis hafa ferðast ótæpilega og dvalist erlendis við nám og störf á dagpeningum og launum, jafnvel einnig með ferðakostnaði greiddum. Það hefur verið haldið hlífiskildi yfir *læknakollegum* sem hafa orðið uppvísir að glæpsamlegri meðferð fjár og skattgreiðslum. Það er sorgarsaga sem sýnir hvað erfitt er að reka lítið samfélagið með sömu kröfum og gert er í stórum löndum. Erfitt er að setja reglur um allt smátt og stórt, sjá við óheiðarleik. Það er kannski með óréttu, en ég hef þá trú að það verði fyrst hægt að koma böndum á slík mál þegar við göngum í Evrópusambandið og stjórnsýslureglur frá meginlandinu fara að hafa óbein áhrif. Ég veit í hjarta mínu að það er ekki svo, en samt hef ég trú á því. Ég hef komist í tæri við ýmis konar einkenni veiks stjórnkerfis, m.a. í heilbrigðisgeiranum. En hvað meðal Jón, eins og ég -- get gert í málinu, er ég ekki viss um! Samt er skrytið að vera alinn upp í strangleikakröfum og *antínepótisma*, sem einkenndi embættismennina frændur mína á mínum uppvaxtarárum. Var verra að leita eftir vinnu hjá frændum, eða fornvinum pabba, heldur en öðrum. Það sama fylgdi mér til borgarlæknis, enda var hann slíkur maður, þótt veikur væri fyrir þegar æskuvinir, Valsarar og læknar áttu í hlut. Þetta var reglan í RKÍ þar sem ég þurfti að ganga í gegnum áhyggjur, liggur við að segja andvökur, að fá Ásgeir til snúninga, eða í SÍR þar sem Auður annaðist ræstingar í forföllum. Þetta er nú meiri vitleysan allt saman.

Nú er mömmu þinni létt eftir að ánægjulegu Ársþingi TFÍ lauk með sóma. Hefur hún fengið stjórn sem henni lýst vel á og góðan varaformann, þannig að útlit næstu fjögurra ára er ekki svo slæmt. Nú byrjar hún á nýjan leik, sem nær hámarki 15. okt. eða áður en rjúpnatímminn hefst, en nokkrir voru fjarverandi einmitt vegna þess - einu mistökin sýnist mér.² --

Ingólfur Pálsson varð á björgunaræfingu fyrir því að eitthvað gaf sig í hnénu, þannig að bera þurfti hann heim í herbergið sem hann er fluttur í. Ekkert er hægt að gera í málinu fyrr en hann hefur létt sig um 10 kg. eða meira. Það er ekki gott, fitan er ekki bara neysluvandamál, heldur djúpstæð sálfræði, eins og drykkjuskapur og önnur áráttu. Vonandi tekst honum að komast yfir þetta. Hann er farinn úr skólanum og vinnur sem vaktmaður á Kleppi - ágætur drengur í alla staði en kemst ekki alltaf að samkomulagi við foreldrana - foreldravandmál? --

Auður er búin að senda sitt fyrsta fax sem húsmóðir, eiginkona og námsmaður í Barselóna. Það fer spennandi tími í hönd hjá henni Hún fór í inntökupróf -- Ekki erum við búin að fréttu árangurinn. En það er merkilegt að heyra frá henni keyrandi um í eigin bíl, talandi við okkur í bílasíma.³ Er þetta æðsti draumur smáborgarans? Ja - ef maður ætti nú bílasíma. Það verður víst bið á því. Því miður hef ég ekkert við slíkt þing að gera þótt ég vildi svo sannarlega, þótt ekki væri nema til að gleðja góða konu, börn, tengdabörn og barnabarn, sem eru svo rausnarleg. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 17.10.1994.

Vonast til að mánudagsbréfaskriftum verði haldið áfram. Segir líka frá því hvernig henni gekk í spænskuprófinu, þar sem hún lenti í miðjuflökki en er heldur óánægð með að námið stendur framundir átta á kvöldin, en valfögum er hægt að koma fyrir á ördum tímum sem betur henta.

Axel fór til Madrid til að aðstoða við sölu á saltfiski frá Vestrålen í Noregi, en fulltúar þaðan ráða ekki við spænsku.

Svo koma þeir Frímenn bróðir Axels og Ásgeir, pabbi hans, ásamt endurskoðanda til að fara yfir stöðuna hér. Gæti hún þurft að fara með þá um borgina í skoðunarferð. Þá spyr hún hvort sé hægt að senda með þeim gömlu hátalarana og tvær lýsisflöskur fyrir sig.

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 19.10.1994.

-- fórum öll hersingin á Galleri Riis, sem selur verk Sigurðar og Kristjáns Guðmundssona, auk Georgs Guðna. Þar kenndi ýmissa grasa enda eru þeir í miklu uppáhaldi hjá eigendum gallerísins. Við fundum þar verk eftir Sigurð, sem við féllum fyrir, sérú af þrem grífíkmyndum, en þrátt fyrir að það hafi verið það ódýrasta sem við skoðuðum, kostaði það 3000 kr. Sem sagt töluvert dýrara en það sem við töluðum um í upphafi. Við getum bætt við einhverjum peningum sjálf. Þetta er nú niðurstaðan af leik okkar

¹ Þetta mun hafa verið mál Guðjóns Magnússonar læknis, sem mun hafa hrært ýmsu saman, RKÍ, ráðuneytinu, landlæknisembættinu og Heilbrigðisháskólanum í Gautaborg. Hann komst út úr þessu og endaði sem prófessor í Háskólanum í Reykjavík!!

² Gagnrýni kom á að fundurinn skyldi haldinn á rjúpnatíma!

³ Þetta er merkilegt að heyra. Sem sé: Hér var upphaf þess að hefðbundnar bréfaskriftir lögðust af og „tjattið“ leysti bréfin af.

og erum við ánægð með að hún hafi borið svona góðan árangur. Þið getið látið ömmu vita af þessu og svo tölumst við eða skrifumst á næstu daga. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 24.10.1994.

Gleðst yfir að hún er ánægð með skólann og spænskunám gangi vel.

-- Mér finnst sem þig vanti einhvern sem getur peppað þig upp svo að þú getir sigrað Börsunga og tekið að þér fransk-spænskan-sænskan ferðamannahóp næsta sumar. Ég sendi þér þáttinn um Hlín Baldvinsdóttur¹ hótélstjóra í Khöfn. Hún steypti sér út í margs konar verkefni og undirbjó sig með því að stökkva í fallhlíf fyrir standbjörg og klifra í klettum. Þetta á ekki við þig, þar sem spænskan er þegar orðin óstöðvandi þegar þetta er skrifað.

Segir frá að hann sé að fara í lækniáðgerð og líti allt vel út því engin sýking sé eða annað sem þurfi að óttast. (Ekki kem ég fyrir mig hvað um er að ræða, sennilega skipting á mjaðmarlið.)

-- Frænkur þínar (og Jórunn, amma) komu gljáandi í augum og iðandi af spenningi á laugardagskvöldið. -- Einar var með *magailtuafsökun*. Bensi (*Eiríks*) var fulltrúi karlkyns Kaldárholts-, Víkingslækjar- eða Hælsætta. Ekki drukku þær neitt að gagni en voru samt skemmtilegar. Ég fór að spyrja þær hvenær þær hefðu hitt mennina sína. Það var gaman að sjá hvað þær yngdust upp við minninguna, sem sjálfsagt hefur ekki oft komið fram á varir þeirra.² Bensi sat áfram samkvæmt beiðni minni. Ég tók að mér fólksflutninga og sótti hann líka um morguninn svo hann gæti nálgast bílinn sinn. Þá borðaði hann líka hádegismat. --

Segi frá vandræðaleka frá skorsteini, píparinn og óperusöngvarinn, vinur okkar er búinn að finna orsökina.

-- Brynja og Ásgeir komu -- Ásgeir er í hópi sem er að setja upp tölvuforrit fyrir dagskrárgerðarmenn o.fl. í útvarpinu. Hann hefur samið leiðbeiningabók og fer á kostum í þessu verkefni. Má varla vera að því að koma heim - að vísu voru þau að mála gluggana í íbúðinni --

Mikið var rætt um vandræðamálið þegar Illuga Jökulssyni var *sagt upp*. Það hefur verið mikið deilumál. Þegar Sigurður Tómasson hafði farið klaufalega að eftir fyrirskipun frá Elvu Björk og prestinum,³ fyrir brot á reglum, fór allt í bál og brand og hann sagði upp Hannesi Hólmsteini til samræmis. Starfsmenn útvarps heimtuðu að fá að vita reglur útvarpsins, sem þeir höfðu aldrei séð. Þetta var einn af þessum dásamlegu afleikjum á skákbörði lífsins og er nú allt í uppnámi þar. Illugi er einhvers konar píslarvottur þótt hann vinni að ýmsum verkefnum á Rás 1.

Mikið langar mig til að segja opinberlega frá þeim endemis dagskrárlið þegar Illugi flutti klukkutíma dagskrá á röngum forsendum um pabba, og fór þar villt á tveim nöfnum.⁴ Það var slíkt furðumál af hálfu útvarpsins, einkum Markúsar Arnar að ég fyrirgef honum ekki. Hann fær ekki mitt atkvæði í prófkjörinu, sem ég reyndar get varla tekið þátt í, sem betur fer, þar sem ég verð á spítala. --

Sama er að segja um mál Guðjóns Magnússonar. Greinargerð kom frá Læknafélaginu í gær. Ég lét hana fylgja á faxinu, hún er svo vel skrifuð að næst kemur frægum árkæruskjölum! Þeir segja að málinu sé lokið af sinni hálfu. En því getur varla verið lokið, svo vel var greinin skrifuð.

Ég er leiður í skapi vegna eins. Magga Ragnars ræsti illa og var allt í vitleysu þegar ég kom aftur í vinnuna.⁵ Eiríkur (*Þorbjörnsson*) ákvað að láta hana hætta og kom hún með lykllana á föstudag. Hún leit inn í mitt herbergi og ég sá strax að eitthvað var að henni. Hún féll alveg saman þegar við hófum tal. Hún hefur verið með mígrenikast að undanförunu, hefur kannski alls ekki verið einu sinni í standi til að fara í símann til að láta vita af sér og enginn aðstandandi komið henni til hjálpar. Hún hefur ekki getað verið í skólanum heldur. Henni fannst allt í lagi með að hætta í ræstingum, en hún varð fyrir miklu sjokki yfir hvernig þetta bar að. Sjálfur er ég alveg eyðilagður eftir samtalið við hana. Þótt ég hafi ekkert komið að málinu, nema þetta, þar sem ég kom fyrst til vinnu á þriðjudag (vandræðaleg afsökun?) þótti mér hryggilegt að við skyldum fara svona að ráði okkar án þess að kynna okkur málavexti betur og fara varlega að. Við höfum margt til afsökunar. Eitt getur maður lært að fara skal varlega í nærveru allra sála. Við getum komið sök á Möggu, en það er engin afsökun fyrir okkar gjörð.

Við vorum að senda perlufesti í afmælisgjöf handa Vibeke. Mamma sendi henni peninga fyrir mynd eftir Sigurð Guðmundsson sem þau höfðu fundið í Osló. Reyndar er hún þrjár myndir sem fara í einn ramma, ein handa Vibeke, önnur afmælisgjöf til Dags og hina þriðju fá þau öll í jólagjöf og Jóhannes Örn sérstaklega. Eiga þau þá hvert sína mynd, en rammann saman! Þetta er vel til fundið og amma þín sannarlega ánægð að geta gefið mynd eftir Sigurð frænda sinn. Og fyrrum sjúkling minn!⁶

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 24.10.1994.

-- Eins og við höfum skrifað áður hefur verið mikið fjallað um spillingu í stjórnerfinu -- Mál Guðjóns Magnússonar lækni, skrifstofustjóra í heilbrigðisráðuneytinu hefur tekið mikið pláss -- Hann svaraði með grein í Morgunblaðinu í vikunni -- eins og til

¹ Hlín Baldvinsdóttir (1944).

² Því miður skráði ég ekki svör þeirra, sem ég man ekki, en enginn úr afkomendahópnum hefur hugmynd um það.

³ Illugi Jökulsson, Sigurður Tómasson, báðir fjölmiðlamenn enn. Elva Björk var framkvæmdastjóri hljóðvarps. Presturinn var Heimir Steinsson sem var þar yfirmaður 1991-96.

⁴ Ásgeir Guðmundsson, annar lögmaður, hinn prentari.

⁵ Margrét Ragnarsdóttir æskuvinkona Auðar tók við sem afleysingaræstingakona þegar Auður fór til Spánar. Hún var migrenesjúklingur; hafði fengið kast.

⁶ Eilífðarbrandari. Er Sigurður Guðmundsson var eitthvað sjö ára var ég 22ja ára að vinna á sjúkrahúsi Hvítabandsins. Þá komu foreldrarmin með hann, er taka þurfti úr honum botnlangann. Þau voru óróleg, sem von var. Ég róaði þau og sagðist mundi svæfa hann *sjálfur!* Ætli þetta hafi ekki verið mitt síðasta verk í þeim bransa áður en ég féll á öðru prófi.

að gera hreint fyrir sínum dyrum. Fór hann með svo rangt mál að stjórn Læknafélagsins sá sig knúna til að svara með frábærri grein í blaðinu um helgina sem ég sendi hér með -- Guðjón er líka formaður Rauða krossins og vinkona mín Anna Þrúður (*Porkelsdóttir*) er varaformaður. Hún sagði mér að fyrir nokkrum árum hefði verið farið ofan í reikninga þar -- Hefði komið í ljós ýmis konar sukk, sem ekki hefði verið hægt fyrir Rauða krossinn að verja. Hún sagðist hafa tekið á þessum málum í stjórn Rauða krossins og látið setja ákveðnar reglur til að félagið gæti sýnt hreinan skjöld. Guðjón hefði ekki kunnað sér neinar þakkir fyrir málið. Gott dæmi um hvert valdasýki og peningagræðgi gæti leitt fólk og eyðilagð þeirra framtíð. --¹

Auður lætur vel af sér, segir að spænskan komi fljótt. Hún er farin að skilja allt, en er deig við að tjá sig. Þeir eru hjá þeim Ásgeir pabbi Axels og Frímenn bróðir hans ásamt endurskoðanda fyrirtækisins. Mikið að gera kringum það en líka skemmtilegt. Hún hlakkar til að fá íbúðina --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Árósum. 28.10.1994.

-- Þið rekið eflaust upp stór augu þegar þið sjáið hvaðan þetta fax kemur. Jú, þannig er mál með vexti að ég er á ferð með teiknistofunni og verðum við herna í Árósum fram á sunnudag. Stemningin er góð og við höfum séð ýmislegt áhugavert nú þegar. Hitti Jón Ákason og Trine annað kvöld. Í kvöld ætlum við á konunglega ballettinn í tónlistarhúsinu. Árósar eru skemmtilegur bær. Við fórum upp í turninn á ráðhúsinu (sem er teiknað af Arne Jacobsen) og horfðum yfir bæinn í fallegu veðri. Við vorum með leiðsögumann, stúlku, sem hafði verið á Íslandi og lært íslensku. Hún var æst að æfa sig í málinu og lýsti öllu sérstaklega fyrir mér á íslensku.

Verð að drífa mig í fínu fötin og slæ botn í þetta. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 31.10.1994.

-- Við fengum ömmu þína til okkar á föstudagskvöld í drykk. Þegar hún var nýkomin hringdi Ólafsfjörður og Ásgeir í símanum. Til hamingju svaraði mamma þín. Þau töluðu saman í þrjá stundarfjórðunga um alla heima og geima. Hann var sannarlega ánægður með Barselóna, sérstaklega með þig, held ég, einkum að þú létir þér nú aldeilis ekki allt fyrir brjósti brenna, hefðir staðið þig frábærlega við að gera dvöl allra ánægjulega. Auðvitað sagði hann margar sögur og hló dátt -- Ef ég hefði svaraða í símann hefði það verið takk, já og bless! --

Sérstaklega er þess minnst hvað hann var ánægður með skoðunarferð sem þú fórst með hann og viðskiptafélaga hans um Barcelona og hefðir þú ratað um allt eins og þú hefði hvergi annars staðar búið.

Dagur mun vera í Danmörku með fyrirtækinu. -- Ég var að senda frá mér hverageininna og var Gísli Sigurðsson á Lesbókinni mjög glaður yfir að fá hana, hafði verið í barnaskóla í Reykholti (í Biskupstungum). Björn Hróarsson jarðfræðingur, sem skrifaði Hverabókina er systursonur hans. Greinin kemur eftir áramótin. Er gott að geyma hana. Ekki ætla ég samt að líta á hana frekar.

Svo ég segi fleiri frægðarsögur. Þá leit ég í mikið rit um ættfræði og fletti að venju upp í nafnaskrá og sá að ég var skráður höfundur að bók sem ég vissi ekki að væri til. Þetta var Landafræði Briemsættarinnar, sem ég ritaði og lagði fram í ljósriti á ritnefndarfundi þegar gefa átti niðjatalið út. Ég veit ekki einu sinn hvort ég á það sjálfur. Verð að leita.

Mamma hefur það ágætt. Hún er önnur kafin við að hlusta á útvarpið og má varla vera að því að tala við mig þegar ég kem í heimsókn, enda er ég ekki skemmtilegur heimsækjandi! Ég skil hana svo vel. Hún hefur verið að hringja í Baldur Hafstað sem er með þátt um íslenskt mál í útvarpinu. Var hann einmitt að vitna í hana vegna athugasemdar hennar um að hann bæri fram *vettfang* og *vettvang* þannig að ekki væri munur á. Hún bað hann líka um kveðjur til allra sinna frænda sem hún hafði þekkt bæði lengi og vel. Lofaði hann því. Ekki veit ég hvort hann lét þess getið í útvarpinu. Þykir henni hann manna skemmtilegastur.

Það eina sem ég kvíði í ellinni er þegar fólk kemur í heimsókn og hefur ekkert að segja! Ég er alversti rabbari sem til er. Ég þarf að kynna mér hvort ekki séu námskeið til fyrir fólk sem ekki kann að rabba og með rabbhnut í sálinni, sem lýsir sér í höfuðverk, hálsríg, bakverk og rasssæri. Sömu einkennum koma fram þegar setið er á fundum og ráðstefnum - enda virðist sameiginlegt þeim öllum að með þeim er enginn tilgangur - menn hafa ekkert að boða. Ætli heyrnarleysi og blinda sé ekki einhvers konar varnarviðbrögð líkamans gegn hundleiðinlegu fólk. Og ekki hægt að lækna nema með skemmtilegum rökræðum og hugmyndaríkum. Gamla orðtækið um að það sé eins og dregið sé fyrir öll skilningarvit á einmitt við þetta þótt menn gætu ekki á miðöldum gert sér grein fyrir lífeðlisfræðilegum og sálrænum orsökum. Eftir að ég hætti ráðstefnu- og fundarþvargi í lífinu gat ég lagt frá mér heyrnartækin. Og hætti að ganga með gleraugu eftir að ég kynntist Axel.

Ég læt þessu tilskrifu lokið, enda hætt við - ef ég held áfram - að ég komi með fleiri byltingarkenndar tímamótakenningar sem hætt er við að faxvélar þoli ekki og brenni yfir við að flytja. Svo er mamma þín líka komin á stjá og verð ég að sinna henni og vera soldið skemmtilegur svo hún verði hvorki heyrnarsljó né sjóndöpur. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 2.11.1994.

Segir frá því að þau Axel hafi farið í fisksöluferð til Bordeaux og hafi komið við í Girona sem sérstaklega er þekkt fyrir eitt elsta gyðingahverfi í Evrópu og til Figueras þar sem Salvador Dali fæddist og er merkilegt safn um hann. Hittu elskulega fisksöluþjófsskyldu sem tók þeim vel og hýstu. Vildu þau helst ráða Axel til starfa. Sýndu þeim líka umhverfið og vínkrurnar frægu - og stóru. Féllu í stafi fyrir fegurð Biarritz og strandarinnar. Á heimleið var farið um sveitir Pyreneaffjallanna, en þangað ákváðu þau að fara næstu skemmtiferð.

¹ Síðar veitti Rauði kross Íslands Guðjóni æðsta heiðursmerki Rauða kross Íslands. Ég er þakklátur fyrir að hafa afþakkað þá vitleysu alla, sem ég hafði reynt að fá settar reglur um, á sínum tíma.

Heimkomin byrjaði sama amstrið aftur, nám, lestur og ritgerðarsmíð..

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði og Degi. Rvík. 4.11.1994.

Segir frá liðskiptaáðgerð á E.Á. þá um morguninn. Get ekki heimsótt hann fyrr en á morgun.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 7.11.1994.

Segir nákvæmlega frá líðan Eggerts (góðri) og gerði það líka í næstu bréfum. Tók við kveðjum og bað líka fyrir þær.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 7.11.1994.

-- ég hef ekki frá nokkrum sköpuðum hlut að segja. -- þakka fyrir myndbandsspóluna -- ætla að skoða hana með Axel.

Hann er mikið að vinna í tölvunni á kvöldin, en ég er fegin á meðan hann getur unnið herna heima og þarf ekki að sitja á skrifstofunni fram eftir öllu. Mér finnst skemmtilegra að hann skuli vera heima, svo ég geti skoðað hnakkann á honum og talið rendurnar á peysunni hans. --

Er ekki fyllilega ánægð með spænskunámið í skólanum, finnst hún ekki taka nægum framförum. Nær ekki enn smáatriðum í fréttum í sjónvarpinu,

Eggert Ásgeirss. skrifar Bo Almqvist. Rvík. 15.11.1994.

-- Ég hef eins og þið urðuð fyrst vör við í Írlandsferðinni verið slæmur í mjöðminni -- afleiðingar sjúkdóms sem ég var haldinn þegar ég var fimm ára gamall. -- aðgerðin tókst vel -- kominn heim og hökti á tveim hækjum -- Þetta gengur allt vel þar sem ég -- bý með sjálfri Florence Nightingale -- á erfitt með að sitja lengi nema þegar ég er í sambandi við skemmtilegt fólk, eins og þessa stundina. Ég geri mér vonir um að eftir hálf ár geti ég fylgt þér eftir á gönguferðum um einhverjar söguslóðir. --

Segi frá bókinni um Halldóru Briem Ek.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. Nóv. 1994.

Segir stjórnmálafréttir úr prófkjörum þar sem Salóme forseti Alþingis kolféll, vegna þess að hún var orðin 67 ára og Ólafur G. Einarsson fór illa enda óvinsæll út af vafasömum stöðuveitingum.

Þá segir hún frá sýningu á verkum Errós, sem hann hefur gefið borginni.

-- Guðrún Jónsdóttir er orðin form. Menningarmálanefndar borgarinnar og hafði mikið með þetta að gera. Hún hefur kynnt þá hugmynd að gera hluta Hafnarhússins að Listasafni Reykjavíkur. Það líst mörgum vel á og myndi lífga upp miðbæinn. -- Þá sagði Guðmundur Árni Stefánsson félagsmálaráðherra af sér með hroka og án þess að játa mistök. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barcelona. 17.11.1994.

Segir frá því að hún vilji mikið segja en þegar hún kveiki á tölvunni komi andleysi yfir hana, eyðimerkurtilfinning í sálinni. Þetta komi yfir sig þegar Axel sé í burtu eins og hann sé nú.

-- Ég veit að ég er á venjastþvíáðAxelséfarinn stiginu. Ég man líka eftir þessari tilfinningu frá Svíþjóð.

Ég talaði við Axel í gærkvöldi. Hann er á haus í vinnu og allt virðist vera á öðrum endanum. Þetta er nú meiri bransinn. Hann situr á skrifstofunni daginn út og fram til miðnættis -- Við erum að spekulera í hvort ég ætti að koma heim fyrr, fyrst ég hef viku frí frá skólanum. --

Veltir fyrir sér möguleika á að fá vinnu í bókabúðinni en Dísar er búin að ráða fólk, en ætlaði að athuga um það. Biðja þau Sirrí um að athuga hvað fargjald kostaði hjá Ferðaskr. stúdenta. Verðið hjá Flugleiðum er mjög dýrt.

Segir frá hvernig hún æfi sig í að tala spænsku, með því að lesa upphátt. Skoðar líka í búðir, sem hún reyndar þekki ekki neitt til.

Dísar hringdi og sagðist góðar líkur á að hún fengi vinnu um jólin. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík 18.11.1994.

Orðinn skárri eftir liðskiptin og fer út að ganga - get ekki setið lengi.

Segi rækilega frá þeirri ágætu bók um Halldóru Briem Ek arkitekt sem Steinunn Jóhannesdóttir hefur skrifað bók um - mikla sorgarsögu, ekki bara um Halldóru og hennar börn heldur einnig af móðurfólkinu hennar sem var sumt veilt á geðsmunum. Bókin er góð, ekkert dregið undan, en full nákvæm og með fjölda nafna þegar líður á ævi Halldóru. Segir frá ætt þessarar merku konu og erfðleikum þeim sem hún hefur átt í hjónabandi og með börn sín.

-- Maður horfir í bókinni stundum inn í hugarfylgsni. Bókin er best þegar fjallað er um fjarlæga tíma, en breytist þegar dregur nær nútímanum. Þá verður nákvæmnin of mikil, nöfn of mörg, sem voru mjög fá í fyrri partinum. *Namedropping* er almennt heldur

leiðinlegt í ævisögum. Þó bjargast þetta og er útkoman stórmerkilegt ritverk. Það hlýtur að vera einkennilegt fyrir Guðrúnu¹ systur hennar að lesa þetta, en þær virðast hafa verið mjög nánar, haldreipi hvorrar annarrar undir erlendum hlyni. Það er oft sárt til þess að vita að til að móta stórar persónur og mikil örlög þurfi óhamingjan að vera nærri. --

Auður Eggertsdóttir skrifar Friede P. Briem. Barselóna. 18.11.1994.

-- Þakka fyrir *Bókina um veginn* sem þú sendir mér og sem mér þykir gott að grípa til. Þetta er mikil speki sem gott er að fletta upp í, t.d. spakmæli dagsins.

En stærsta sendingin sem kom frá þér var hljóðband sem þú hafðir tekið upp ýmislegt skemmtilegt efni úr útvarpinu. -- Ég hafði ekki hugmynd um það sem var hinum megin á spólunni. Þegar ég heyrði það, þá varð ég að setjast niður, ég varð svo hissa, þegar þú byrjaðir að tala. Þetta var allt svo raunverulegt. Það var bara eins og þú sætir hérna í herberginu hjá mér á Spáni og talaðir við mig. Eins þegar þú spilaðir: Ó, blessuð vertu sumarsól, þá var eins og ég sæti niðri hjá þér. Það er nú meira, hvað þú kannt að notfæra tæknina, amma. Ekki hefði mér dottið þetta í hug; hvor okkar er nú aftur níutíu og fjögurra ára?

Annars er allt gott af mér að fréttu. Lífið snarþreyttist þegar Axel fór til Íslands og ég sit hérna ein. Ég er náttúrulega, sem betur fer, í skólanum daglega. Síðan er ég að lesa eða hlusta á sjónvarpið á kvöldin. Það er nefnilega svo gott, að þarna læri ég af því að allt er náttúrulega á spænsku. Ég vildi að maður hefði fleiri afsakanir í lífinu, að maður lærði af einhverju, sem venjulega er talin tímasóun. Og mér finnst ég alltaf skilja aðeins meira og meira, eftir því sem tíminn líður. Þó ekki sé ég farin að tala neitt að ráði.

Þau eru mikið góð við mig, fólkið sem ég bý hjá. Við borðum alltaf saman þegar þau koma heim úr vinnunni, það er, þegar ég er ekki í skólanum. Þau borða á svo undarlegum tímum hérna á Spáni, að ég er stundum í skólanum þegar þau borða. En þá eru geymdir afgangar handa mér, sem þjónustukonan hitar upp fyrir mig þegar ég kem heim. Því það er ekki eins og maður megi gera neitt sjálfur hérna. Síðan, þegar mér leiðist einveran hérna uppi í kofanum mínum, þá fer ég stundum niður í hús, til hennar Teresu þjónustukonu og spjalla við hana. Um daginn bað ég hana um hjálp við heimalærdóminn, og gat ég ekki séð annað en að hún hefði gaman af því að hjálpa mér.

Svo er ég nú heldur farin að hlakka til að koma heim um jólin, það er svo skrytið, þegar hlutirnir eru svona fljótir að breytast. Fyrst datt mér ekki í hug að við myndum vera á Íslandi um jólin, við sem vorum akkúrat að taka við íbúðinni á þeim tíma. Það var líka búíð að -- *Niðurlag vantar*.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 21.11.1994.

-- Við buðum Axel, Auði og Ásgeiri að borða og var skemmtilegt að fá þau öll. Ég var á fundi til kl. sjö og kom samhliða þeim í boðið. Það gerði ekkert til, því pabbi þinn var búinn að útbúa allt --

Pabbi þinn hringdi kvöldinu áður í Axel og bauð honum. Axel spurði þá hvort ekki væri allt gott að fréttu og sagði þá að það væri allt hábölvað að fréttu. Brá Axel þá og spurði hvort eitthvað hefði komið fyrir. Sagði pabbi þinn að það væri ekki nema það að hann hefði heyrt að hann vanrækti dóttur sína. Hann yrði að hafa samband við hana, því þetta væri viðkvæm sál.

Jæja þetta var mjög ánægjulegt og gaman að sjá framan í Axel sem okkur finnst vinna alveg óskaplega mikið, enda mikið í húfi. Pabbi þinn sagði um kvöldið að hann þyldi ekki að hlusta á svona tal um alla þessa áhættu í peningamálum sem Axel var að tala um. Ég sagði honum að ég væri búin að hrinda öllum áhyggjum frá mér, þegar hann væri að tala um þetta. Þetta væri bara svona atvinnugrein. Mikið að vinna og miklu að tapa. --

Pabbi þinn er að hressast. Laufabrauðsbaksturinn verður hjá okkur þetta árið. Ég hlakka til þess að þið Axel getið verið með -- Ég vona að þú farir til Madrid einhverja helgina. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík 28.11.1994.

-- Það er eins og ég sé fyrst að vakna nú undir kvöldið. Eitthvað það versta sem fyrir mig kemur er að sofa frameftir, það er eins og líkamsklukkan truflist. Ég fór í æfingar á spítalann í fyrsta sinn -- teygður og beygður, með góðum árangri við mikið hrós og vellíðan. Hins vegar varð ég svo þreyttur, fyrst af miklum svefni í morgun og æfingunum að ég svaf bara enn meira og náði mér ekki fyrir en Sirrí minnti mig á mánudagsbréfið. Það er heldur ekki til að bæta líðanina að norsku kosningarnar, sem mér er gjörsamlega á sama um, eða tek ekki neina afstöðu til Noregs í þessu hundleiðinlega máli, fyllir alla fréttatíma, prósentur, spár og tölur úr landshlutum Noregs að ég er að fá einhvers konar kosningaveiki - ef slíkur sjúkdómur er til!

Þið hljótið að vera illa haldin - nema Jóhannes sem verður ónæmur fyrir þessu næstu árin. Með því að loka sjónvarpinu og eyrunum, sit ég bara hér við minn einkaskjá og les bara mínar eigin sjúkdómslýsingar, blæbrigði, líðanarspá og líðanarskoðunarkönnun, þá fer mér bara að líða sæmilega - raunar bara mjög vel. En út úr þessu kemur eiginlega ekki bréf sem getur verið neinum til ánægju nema þeim sem skrifar - minnir reyndar að því leyti á stóran hluta heimsbókmenntanna.

Af öðrum er gott að fréttu. Mamma þín er að sjálfsögðu á kafi í *amalgam*-umræðum² og fundum -- Auður er þessa stundina sennilega nýkomin heim frá Madrid -- hitti Steinunni Halldórsdóttur³ -- Búíð er að senda farmiðann til Auður og sýnist mér Axel hlakka mikið til. Hann sefur hér nótt og nótt. Er gífurlega mikið að gera hjá honum. -- *Vandræði með eitthvert skip er að leysast* -- fisksalan gengur vel. Þessi fjölskylda er rosa-vinnuhestar, lítið lagt upp úr frí- eða svefntímum - sem sé bara gott --

¹ Guðrún Briem Hilt (1918-1996) systir hennar, var gift norskum myndhöggvara Odd Hilt. Hún var uppeldisfræðingur og brautryðjandi í barnauppeldismálum í Noregi.

² Amalgam var umdeilt fyllingarefni tanna, sem nú mun hætt að nota.

³ Steinunn Halldórsdóttir (1973), innanhúsarkitekt, þá við nám. Þær eru systradætur.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 29.11.1994.

Segir að sjálfsögðu frá liðan Eggerts og þjálfun. Líka frá vinnu bræðranna Axels og Frímanns, ásamt Dísu sem sagði miklar líkur á að Auður fengi vinnu hjá bókabúð Eymundson. Einnig fréttir af för Jójó með spilaklúbbinum til Dublin. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 29.11.1994.

-- Ég er þá komin heim frá Madrid. -- Ég var svo skítug og þreytt eftir ferðalagið að ég lét renna í baðkarið og fór í jólabað, sem ekki hefur gerst lengi.

En mikið var gaman og ég fegin að ég skyldi drífa mig þetta. Ekki var þetta langur tími sem ég hafði til að skoða borgina, en ekki verður annað sagt en að ég hafi nýtt tímann eins og hægt var. A.m.k. var ekki mikið sofið þennan tíma. Og mikið var kalt, miðað við Barselóna. Steini (Þorsteinn Stephensen) var búinn að skipuleggja tímann svoleiðis að ég átti í vandræðum með að hitta Steinunni. Hann ætlaði bæði að sýna mér Madrid *by night* og í dagsbirtu, það segir sig sjálf að ef maður ætlar að ná hvoru tveggja þá má ekki eyða tíma í svefn. Ég kunni vel við þetta, enda var ég ekki í hvíldarferð. Steinunni hitti ég - og við fórum í El Prado safnið og náði að skoða allt hið helsta sem ég er að læra um í skólanum. Steini býr með fjölda fólks og alltaf líf og fjör á heimilinu, þannig að það var alls staðar skemmtilegt, þar sem ég var. Gott *forsmakk* á borgina, en ég er hrædd um að ég verði að koma aftur til að skoða hana. --

Nú er allt komið í fyrra horf, skóli fram á kvöld og síðan kemur langt frí. Ég finn mér eitthvað að gera, maður er orðinn svo duglegur að dunda sér. -- Það fór um mig fiðringur þegar minnst var á laufabrauðsbakstur. Ég held að ég hafi ekki getað tekið þátt í honum í mörg ár. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 5.12.1994.

-- Þá er mútta þín farin út í snjóinn og vinnuna og ég get farið að gera sitthvað skemmtilegt, lesa mér til skemmtunar eitthvað sérlega leiðinlegt. Ég var að lesa grein um heimspeki leiðindanna, ákaflega skemmtilega grein sem ég þó treysti mér ekki til að segja frá nema með því að gera efnið leiðinlegt. Ég get þó nefnt eina hugmynd úr greininni: *Sjónvarp er ekki leiðinlegt nema maður opni fyrir það*. Reyndar er miklu fleira þar að finna, en mér finnst þetta eiginlega vera nóg og vel megi ég fylla sjálfur upp í. Þetta er ekki nefnt til þess að peppa þig upp -- heldur bara af því að mér finnst þetta svo skemmtilegt. Sjálfum finnst mér margir leiðinlegir hlutir ansi skemmtilegir og er ákaflega hræddur við að nefna þá við aðra af því að með því verði ég stimpladur leiðindadurgur - en það er einmitt það sem ég er hræddur um að ég sé. T.d. er ég alveg hissa á því hvað börn mín og eiginkona endast til að vera samvistum við mig þótt ég sé alveg hrútleiðinlegur, ef opnað er fyrir mig. Svona er þetta; hver hefur sinn djöful að draga, leiðindaseggurinn og sá skemmtilegi. Samt er gott að menn fái ekki miklu ráðið um í hvorum flokknum þeir eru. Það væri laglegt ef engin keppni væri milli flokka. Nú set ég bremsurnar á sjálfan mig og gerist normal bréfitari.

Heil og sæl! Ég vona að þetta bréf sæki vel að þér, þú að komast í jólaskap og farin að hlakka til að koma heim. Þú verður að flýta þér því snjóinn sem hleðst niður þessa stundina er ekki gefinn fyrir að láta bíða eftir sér. Hann fer í fýlu ef hann er ekki notaður strax og búnað til úr honum snjókerlingar; verður grár, grettinn, hleypur í felur eftir að vera búinn að brjóta mjaðmir og leggi. Það verður að vara sig á honum, fá sér brodda undir stígvél og velja gönguleiðir eftir bræðslulögnum.

Innanhúss er best að vera, sérstaklega hér á 69 -- allt orðið fínt, blómum skreytt, jólarósir sem aðdáendur hjónanna bera hingað á víxl. Brassólykt komin í húsið, borðstofulampinn orðinn skínandi, stendur og bíður eftir fingraförum Jóhannesar Arnar Dagssonar, sem er yfirvofandi skaðvaldur fyrir allt nifsið sem stendur grunlaust og hlakkar til jólanna.

Búið er að ákveða kaup á rúmdýnum og loks ákveðið líka af máttarvöldum heimilisins að fleygja (úff) ekki gömlu rúmunum, láta nægja að kaupa þykkar og góðar dýnur úr plasti og *latexi*, sem gúmmí heitir á nútímaíslensku, verndandi dýnu sem tekur við svita. Fólkið í búðinni þekkir það og segir að setja megi í þvottavél. Sem sé framtíðin blasir við björt og fögur og ég get flutt úr gamla rúminu þínu þar sem ég hef verið skorðaður og njörvaður um þriggja vikna skeið. Þetta er tími refsingar, illt skal með illu út drífa. Héðan í frá verður húsbóndinn auðsveipur, enda lætur hann svo lítið fyrir sér fara að eiginkonunni verður tíðrætt um Belsen og Buchenwald þegar hann gengur stoltur og spengilegur um. Svo mikið hef ég grennst að ég hef ekki lengi getað komið auga á skugga af sjálfum mér; staf þarf ég ekki í stigum, þar er ég sem loftpúði. --

Gott er þó að nota staf á almannafæri. Ólíklegasta fólk snýr sér að mér þar, vinnufélagar frá 1954 og mjólkurpósturinn í Tjarnargötu árið 1940. Allt þetta skemmtilega kemur í ljós í jólagjafaleiðangri á Laugavegi. Að ég ekki tali um Þjóðarþóklöðuna (*nýju*) á laugardaginn. Þangað var skemmtilegt að koma því þar voru margir vorkunnsamir. Svo voru þar bækur!

Allir voru ánægðir með bóklöðuna nema einn leiðindadurgur, sem sagði að loftræstingin væri þannig að allir myndu sofna með nefið niður í kjölinn, húsið væri allt of lítið og ekki hægt að byggja við það. Svo voru nokkrir sem fóru að segja sjúkrasögur - af sjálfum sér --

Jón úr Vör sagði mér að hann hefði verið sárveikur í 40 ár. Hann hefur sem sé veikst þegar hann var í heimsókn hjá mér á Döbelnsgatan í Stokkhólmi, kannski ekki þolað mig! -- Ég verð senn nauðugur að skila stafnum aftur inn í Hjálpartækjabanka. Þá hætta allir að vorkenna mér og ég hverf inn í hópinn aftur. --

Ömmu þinni hér niðri leiðist mjög og fer í smákerfi öðru hvoru. Nú er langt sjúkraliðaverkfall og þjónusta í Múlabæ takmörkuð og fólk illa sinnt og heimilishjálpin - Böðvína - fór norður -- Meira virðist ekki þurfa til að koma mömmu úr stuði. En við höfum fengið hana til okkar og peppað hana upp - því hún kann á mörgu skil og spyr um það sem hún ekki skilur, t.d.

Efnahagsbandalagið og umsókn Íslendinga og sitthvað sem við kunnum ekki heldur skil á en verðum að veita henni úrlausn. Svona er nú lífið merkilegt. En það er von að gamalt fólk verði þreytt á sjálfu sér.

Óli og Jójó gáfu mér bók um Jón Sigurðsson sem ég hef verið að lesa; merkilegt hvað svona húmorlaus maður getur náð miklu áhrifavaldi. Ætli það sé ekki rétta stefnan. DV sagði að Jóhanna Sigurðardóttir breytti öllu jafnvægi í stjórnámálum, kona sem kynni ekki að halda ræður, öskraði á innsoginu á viðmælendur sína. En samt eru snillingarnir í stórhættu fyrir henni.

Óli sagði mér að mamma hans hefði, vegna verkfallsins, verið flutt af heimili fyrir heilabílaða og á Skjól. Nú stæði hún í þeirri meiningu að hún hefði farið í lagningu og væri haldið fanginni þar, fengi ekki að fara heim aftur! Óli sat hjá Elísabetu einhvern tíma, fór með henni í göngutúr. Þær eru tvær í stofu og voru að fara þetta inn og út á víxl. Alltaf þegar þær komu inn gengu þær hvor að annarri og kynntu sig hátíðlega! Við Óli sögðum að vonandi myndu afkomendur okkar líka geta hlegið sig máttlausa að vitleysunni í okkur.

Mamma þín bætti við sögu af Elísabetu um þegar hún gekk út úr stofnuninni; fékk sér bíl um bæinn og niður í miðbæ. Þegar bílstjórinn vildi fá borgað sagðist hún vera hjúkrunarkona og þyrfti því ekki neitt að greiða.¹ --

Nú er ég kominn á þriðju síðu og eiginlega ekki enn farinn að segja neitt af viti - svei mér þá. Við lifum á alvörutímum með Norðmönnum í einhverjum Evrópusamningum með Lichtenstein. Jón Baldvin getur ekki talað við Norðmenn og þeir ekki við hann. Hnútkast á ráðstefnum. *Jón sagði eftir einhvern utanríkisráðherra fund um Bosnía og nágrenni að Sameinuðu þjóðirnar væru algjörlega óhæfar, ekki bara á þessu sviði, heldur mörgum öðrum. Blaðamaður spurði hvort hann hefði sagt það á fundinum. Ja, ég lét svona í það skína, sagði hetjan.* --

Nú styttest í að mamma þín komi, lesi og leiðrétti og krassi út úr bréfinu það sem er ósmekklegt og fráleitt --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 5.12.1994.

-- takk fyrir -- bréfið, pabbi. Ég held að þú ættir að hætta að hugsa um hversu leiðinlegur þú sért -- Ég skal persónulega taka það mál að mér og segja þér frá því ef þú ert leiðinlegur. Ég minnst þess ekki að málið hafi verið rætt á fjölskyldusamkomum, hvorki þegar þú hefur verið fjarri né annars staðar. -- Ef þetta er minnisleysi í mér verð ég að segja að bréfin þín eru langt í frá leiðinleg, jafnvel bráðskemmtileg. Ég stóla -- á að heiðarleikinn í þessu máli sé gagnkvæmur.

Ég hef haft það gott upp á síðkastið, en þó verð ég að viðurkenna að ég er í talsverðri tilvistarkreppu á sama tíma. Sú kreppa er nú að mestu leyti búin að leysast. Það er mjög skrítn tilfinning að líða afskaplega vel, en á sama tíma, ekki vel. Vont-gott-vont-gott allan daginn. Mér leið illa yfir því að Axel hafði aldrei samband við mig hérna, og það þoli ég mjög illa, hvaða ástæður sem eru fyrir því. Sú kreppa er liðin hjá, í bili a.m.k. En, sem sagt, á sama tíma hefur mér liðið sérlega vel og tíminn hefur flogið síðan ég kom frá Madrid. Ég er alltaf að kynna stelpunum í bekknum betur, allt sænskar stelpur, og saman höfum við verið duglegar að gera eitthvað skemmtilegt.

Pétur Leif² hef ég hitt -- og farið með honum út og kynnst fólki í gegnum hann. Og ég held líka að ég hafi gott af því að eignast mitt eigið umhverfi hérna, í stað þess að vera alltaf í umhverfinu hans Axels. Maður verður að vera sjálfstæður og geta staðið á eigin fótum. Og þetta hefur eiginlega verið mitt tækifæri til að fara út og uppgötva hluti sjálf. Ég held að ég hafi haft mjög gott af þessu. Þegar maður er síðan farinn að rekast á fólk sem maður þekkir á förunum vegi, þá held ég að tekist hafi sémilega til.

Og nú er ég komin í frí, búin að flækjast heilmikið um, alla helgina, með Pétri og fólki sem hann þekkir. Það hefur verið mjög skemmtilegt að sjá alltaf eitthvað nýtt, hann er óþreytandi að sýna manni og það er ekki lítið af fólki sem hann þekkir hérna. Stundum ef maður hittir einhvern, Pétur ekki með, og maður segist vera frá Íslandi, þá er sagt á móti: *Péturs-land*. Í morgun fór ég þokkalega snemma á fætur til að fara og skoða hvað væri á jólagjafamarkaðnum hérna. Þegar ég kvaddi, þá vildi Clara litla (dóttir Alberts og Irene), endilega koma með mér, því hún er líka í frí eins og ég. Það var auðsótt og þótti mér gaman að hafa hana með. Við fórum í risastóra verslunarmiðstöð, fremur kuldalegt og óinnspírandi, eins og gjarnan í svona risakringlum. Nema hvað, þegar við vorum búnar að skoða allt þar, þá brunuðum við oní bæ til að skoða. Við vorum ekki alveg á besta tíma, því allt er lokað milli tvö og fjögur. En á hinn bóginn var búíð að setja upp mjög stóran jólamarkað við dómkirkjuna. Og þar var gaman að ganga um og skoða margt skemmtilegt. Í flestum básum var bara jólaskraut, en aðrir með alls kyns smádót. Mér datt í hug að leita að möndlugjöf, keypti ekki, en fer aftur seinna og skoða betur. -- Nú er síðan búin og faxið getur ekki sent meira í einu. Eftir áramót verð ég með mitt eigið og get skrifað og sent fimmtíu síðna bréf.

P.s. Bið að heilsa, gott að vita að amma tekur líka krísur, ég er þá ekki sú eina! Ástarkveðjur

Eggert Ásg. skrifar Degi Eggertss. Rvík 12.12.1994.

Er enn í veikindafrú og fer fram.

-- Það er svo heppilegt að vel stendur á í vinnunni, ef svo má segja -- unnið að sameiningu rafveitu- og hitaveitusambandanna. Það starf gengur raunar allt á tréfótum og hefur neikvæð áhrif á starf sambandanna. Er þess vegna gott að ég er ekki á vinnustaðnum. Öllu heldur má segja að ég sé veikur á besta tíma. Þessu fylgir nokkur óvissa um framtíðina. Allir þeir höfðingjar sem að þessu vinna eru launþegar sjálfir, en hafa ekki minnstu tilfinningu fyrir öðrum slíkum. Þannig höfum við ekki fengið neitt að vita um hvað framundan sé gagnvart okkur starfsmönnum. Það hefur mér lærst í lífinu að áhyggjur séu ekki til neins og taka verður hverjum hlut eins og hann ber að. Allt bjargast ef maður hefur trú á sjálfum sér. Meðal þess sem lærst hefur líka er að sjá ekki eftir því sem gert hefur verið - og þó! --

Axel hefur mikið að gera og sefur hér heima öðru hvoru. Auður er ánægð með að vera ein í Barcelóna. Hún nær skjótar góðum tókum á spænsku, talar hana nú óhikað og stundar menningu óspart og hefur kynnst mörgum.

¹ Elísabet Ólafsd. Thors, mamma Óla Thors, var lengi ritari á mæðradeild Heilsuverndarstöðvarinnar.

² Pétur Leifur Pétursson (1961-2008), Guðfinnssonar bekkjarbróður míns. Þau Axel skrifuðu minningargrein í Mbl. 18.7.2008.

Segi frá laufabrauðsskurði og ýmsu skemmtilegu í sambandi við komu jólanna. Mamma er heima vegna verkfalls sjúkraliða, hlakkar til komu ykkar og segir: Mikið hlakka ég til.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselona. 9.1.1995.

-- Mikið líður mér vel eftir þetta jólafrí. Mér fannst það í alla staði svo gott, takk fyrir mig og okkur. Nú eru hlutirnir komnir í fyrra horf, ég sest við tölvuna í litla kofanum. Axel farinn í vinnuna en ég ekki í skólann fyrr en á morgun. Ferðin gekk vel, þrátt fyrir mikinn handfarangur. --

Svo var gott að eiga fríhelgi, þó það hafi gengið á ýmsu. -- Fyrst fór Axel að ræða um íbúðamálin og komst að því samkomulagi við fólkið að reyna að smala saman peningum í vikunni -- Nú er bara að vona að allt gangi upp. --

Fórum á vampírmynd -- eftir hálf tíma sagði Axel: „Ég verð að fara út“. -- á leiðinni út úr salnum dettur Axel á gólfið með látum -- fólk fór að hlæja, en hætti því þegar hann stóð ekki upp aftur. Ég var að reyna að koma honum til meðvitundar en gat ekki bifað honum þegar tveir menn komu til hjálpar. Tókst að mjaka honum nær útganginum, en þá steinleið aftur yfir hann og hann datt á andlitið og fékk skurð á hökuna. Þar lá hann nokkurn tíma sem steindauður væri, rankaði síðan við sér og hægt að bisa honum fram í anddyrið, fætur settir upp í loft, vatn og þurrkað blóð. Þetta var nú meira. Þegar hann var búinn að ná sér að mestu, gat staðið upp og gengið, þá keyrðum við heim og Albert fór með okkur á slysavarðstofuna, þar sem saumuð voru fimm spor í hökuna.

Eftir þetta var bara lesið, og lífinu tekið með ró. Það virðist bara hafa verið svo að honum leið svona illa af myndinni og hitanum í salnum, því ekkert mældist óeðlilegt við hann. Í gær fór hann í stífkrampasprautu og við fórum í göngutúr upp í fjöll. --

Þakkar fyrir síðast. Góðar óskir.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 15.1.1995.

-- Ég sagði pabba þínum söguna af peningaveskinu og hann sagði: *Já, hann er stundum ansi utan við sig strákurinn.* Svo fórum við í búðir -- og á einum stað gleymdi hann peningaveskinu á búðarborðinu og á öðrum var kallað á eftir honum hvort hann ætti ekki þessa hanska sem hann skildi eftir. --¹

Vonandi eruð þið Vibeke á flugi með verkefnið í Svíþjóð og búin að fá margar frábærar hugdettur. --

Amma þín hringdi í Auði -- Þar var allt gott að fréttu -- þau fá íbúðina afhenta um mánaðarmótin -- Henni gengur vel í skólanum og þykir gaman. --

Merkisdagur hjá pabba þínum. Þá eru liðnir tveir og hálfur mánuður frá því að hann var skorinn og er það talið mjög gott. -- Nú er bara að vona að allt gangi sinn eðlilega gang. --

Auður Eggertsdóttir skrifar Þórdísi Briem. Barselóna, 18.1.1995.

-- Mér finnst ég endilega þurfi að segja þér hversu þakklát ég er þér fyrir þessa hjálp sem þú bauðst mér núna um jólin - og ég hef það. Þetta er mikil hjálp fyrir okkur við þessi íbúðar kaup og erum þér þakklát fyrir hjálpina. Við erum ekki enn flutt í íbúðina, þetta tekur allt sinn tíma að ganga frá öllum hnútum. Ég er nú minnst að vasast í þessu sjálf, Axel hefur séð um þetta mál. Það þýðir lítið að vera ópolinmóður, enda höfum við það ekki slæmt þar sem við búum núna hjá vinnufélögum hans Axels sem eru afskaplega góð og hjálpleg við allt. --

Ég er byrjuð aftur í skólanum og er áfram ánægð með hann. Mér finnst gaman að læra þetta tungumál, og ánægð með hvert einasta orð sem ég bæti við mig. Við Axel tölum náttúrulega alltaf íslensku okkar á milli. Kannski tefur það fyrir, ég veit það ekki. Það verður þá að hafa það. --

Ég vona að allt sé gott heima og að þú hafir það gott. Ég á auðvelt með að sjá þig fyrir mér innan um bókastaflana á borðinu og öll blöðin. Sjálf hef ég líka góðan tíma til að lesa hérna --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík 23.1.1995.

Ræðir um það mikla áfall sem var þegar fjórtán manns fórust í snjóflóðinu á Súðavík.

-- hefur snjóflóðið sett skugga á lífið. Þó er eins og í því máli sé margt gott falið. Snjóflóðavarnir sýnast vera góðar en þó hafa ráðamenn - og almenningur kannski einnig - ekki tekið málið alvarlega og boðið náttúrunni byrginn. Geysilegar framfarir hafa orðið í björgun og varnaraðgerðum síðan ég hætti í RKÍ.

Allt sem þá var gert hefur sýnt sig vísa á rétta braut. En auðvitað er ýmislegt tilviljun eins og svo margt. Palli hafði tekið þátt í félagsstarfinu vegna Vestmannaeyja. Hann var á fundi í hádeginu, daginn sem snjóflóðið átti sér stað og þau sem þar voru fóru í Almannavarnir og síðan R.K. og allt fór vel og kom í ljós að margir hafa öðlast þekkingu í áfallahjálpi og hún gaf góða raun. Svo fór söfnun í gang og hafa safnast 200 millj. Auðvitað verður óeining um meðferð slíkra fjármuna og áreiðanlega fleira þegar fram líða stundir. En það er eðlilegt. --

Segir svo frá prófkjörum og stjórnmálum og einnig skemmtilegri veislu hjá Óla og Jójó þar sem einnig var Kristín Klara systir hennar, skrifstofustjóri í HI, Árni Indriðason, menntaskólakennari, maður hennar, Sigurjón Jóhannsson blaðamaður og Sif Aðils bókavörður, vinkona hans. Óli er einstakur fjórmaður, ekki síst þegar hann er heima hjá sér.

¹ Þá gleymdi hann myndavélinni sinni á Listasafni Íslands, en fékk hana aftur.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 23.1.1995.

-- Helgin var ágæt. -- Á föstudagskvöld fórum við að hitta Pétur Leif og kunningja hans, fórum á nokkra staði með honum og skemmtum okkur vel. Ég var þó nöldrangi því ég vildi mæta á fyrirlestur í gamla bænum næsta morgun með sögukennaranum mínum og helst vera nokkurn veginn með meðvitund. Og ég mætti -- ásamt fleir nemendum. Var þetta allt fróðlegt og gengum við um í þrjá tíma og fengum góða og skemmtilega frásögn af því merkilegasta sem fyrir augun bar. --

Í gær ætluðum við að fara á Kandinski-Mondriansýningu sem hér hefur fengið mikla umfjöllun. -- Við komum kortéri eftir opnun, þá var komin röð í kringum allt hverfið. Ég hef bara aldrei séð aðra eins röð. -- Við komum aftur hálf tíma síðar og þá var röðin helmingi lengri. Við fórum í staðinn í bíltúr, vantaði bara *ístilaðhaldaá!* --

Við vorum alveg miður okkar eftir að hafa lesið sorglegar féttirnar af snjóflóðinu. --

Við reiknum með að flytja í íbúðina eftir næstu helgi. -- Og þá verður kátt í höllinni. Um daginn kom hreingerningakonan hingað uppeftir til að taka til í kofanum. Hún fór að spyrja um flutningana -- hvort þetta yrði ekki voða erfitt að vera svona ein. „Ég meina, *kanntu nokkuð að búa til mat?*“ Svona lítur maður út þegar maður gerir ekki neitt, bara eins og *barby á bauninni*. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík 30.1.1995.

Óskar þeim Axel til hamingju með að hafa samið um kaup á íbúð, vonar að þeim búnist þar vel. Erum að hugsa til heimsóknar en þurfum að ljúka fundum vorsins og útlandaferðum.

Segir upphlaup vegna þess að komið hefði fram að Íslendingar hefðu orðið uppvísir að því að selja norskan saltfisk sem íslenskan.

Dagur Eggertss. skrifar fjölskyldunni. Osló. 30.1.1995.

-- Takk segi ég nú bara fyrir þessa stórkostlegu afmælisgjöf. Þið hittuð svo sannarlega beint í mark með þessu. Og ekki bara hjá mér, heldur öllum fjölskyldumeðlimunum, sem finnst systurnar tvær eiga vel heima hér -- það má segja að við séum orðin fimm á heimilinu enda eru þær búnar að finna sér góðan stað á hillu einni þar sem þær vaka yfir dagstofunni.¹

Það var líka gaman að heyra að allt væri komið á réttan kjöl eftir jólafríð. Bara minningarnar um þetta brjáláða fólk frá Noregi með barnið sem rústaði öllu og var sjálft á stöðugu fylliflandri. Ekki síst um þennan mannræfil sem var nærri búinn að glopra niður öllu sem hann átti.²

Við Vibeke erum sígeyspandi eftir vinnutarnir síðustu daga, Við skiluðum samkeppnistillögunni í gær og voru þá orðin ansi völt á fótunum en ánægð með unnið verk. Þeir mega eiga okkur á fæti ef þeir verðlauna okkur ekki fyrir þetta. Ég geri mér engar vonir núna, eftir að hafa heyrt hvað samkeppnin var vinsæl -- var spáð 150-200 tillögum. --

Segir frá barnaheimilis vist Jóhannesar og vinunum sem hann hefur eignast.

-- Vibeke er ánægð á stofunni sinni og farin að teikna á tölvu. Verkefnið sem þau hafa eru skemmtileg og reynir hún allt hvað hún getur að koma hugmyndum sínum á framfæri. --

Er að byrja á nýju verkefni: Vinnustofu fyrir listamann og öðru verkefni fyrir þá Kjartan vin hans Emilsson og Friðrik Þór kvikmyndagerðarmann.

Segir gott að ég sé búinn að ná mér eftir lækniáðgerðina og farinn að vinna.

Eggert Ásgeirss. skrifar Elísabetu Vestdal og Roger Abéla. Rvík 31.1.1995.

Elísabet, sem bjó í Frakklandi hafði beðið okkur Sirrí um að hafa auga með ef myndir Jóhanns Briem byðust. Sendi mynd af forsíðu MÁLVERKAUPPBOÐ Galleri BORG Á HÓTEL SÖGU 2. FEBRÚAR KL. 20.30.

-- Ég giska á að hún fari á 4-500 þús. Eigum við að bjóða í hana? Hvað má fara hátt. Myndin er sú fallegasta sem komið hefur á uppboð lengi. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Elísabetu Vestdal og Roger Abéla. Rvík. 3.2.1995.

Ásgeir fór á uppboðið í gærkvöldi. Hann bauð ekki hærra en 200 þús. Myndin seldist á 375 þús. Segist hafa rætt við aðdáanda málverka Jóhanns Briem. Verð mynda hans eru 600-800 þús. kr.

25.10.2013. Hér vil ég bæta við upplýsingum um myndlist. Seinna komu upp málverkafölsunarmál, sem einkum tengdust Gallerí Borg. Vaknaði snemma grunur hjá mér að ekki væri allt með felldu í starfsemi gallerisins og skrifaði ég eitthvað tvær greinar í blöðin um málið. Þrátt fyrir það gekk ég í gildru, þrátt fyrir að mamma (seinna ég) ætti mynd með líku móttívi eftir Jóhann Briem. Árið 2012 síðla eða í byrjun árs 2013 átti Axel Pétur Ásgeirsson, maður Auðar, erindi í Byggðastofnun ríkisins á Sauðárkróki. Sá þá mynd áþekka minni mynd, tók af henni ljósmynd. Kom þá í ljós að hér var komin gamla uppboðsmyndin (eða eins mynd), sem ég hafði mælt með, en sem er greinilega fölsuð. Axel spurði hvernig hún væri komin í Byggðastofnun og var sagt að hún væri í láni frá Listasafni Skagafjarðar.

¹ Myndarstytta er trélistaverk eftir Sæmund Valdimarsson (1918-2008) myndhöggvara.

² Hér er sjálfsagt verið að ýja að því að Dagur átti það til að týna hlutum á ferðalögum.

Ég vakti athygli listfræðinga, sem unnið höfðu við fölsunarmálið, sem rann út í sandinn þegar Hæstiréttur sýknaði Pétur, eiganda Borgar, að mestu leyti. En þeir gerðu ekkert frekar í málinu, sem var í besta lagi. Ég fór þá enn að kynna mér gömul greinarskrif um málið og gerði mér þá grein fyrir að fölsun, eins og hafði átt sér stað, hefði engin áhrif á listina, heldur væri brotið fólgið í fjársvikum og hneisu fyrir þá sem að því kæmu, þ.e. þá sem látið hefðu blekja sig til kaupa. Falsanir eru aldrei svo miklar að þær sverti minningu listamanna, sem allir eru dánir. Aldrei er neitt falsað eftir lifandi menn. Þetta snerti þá ekki eða listalíf í landinu.¹

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 6.2.1995.

Ræði breytingar á skipulagi veitusambandanna og gæti svo farið að ég þyrfti að fara á eftirlaun.

-- Ég veit ekki hve hitaveiturnar eru ánægðar með greinina mína um hverina og sem kom í Lesbók Mbl. og sem ég sendi þér. En gott er að hún kom núna, því þá vita þeir hverjar skoðanir mínar eru og hvar ég stend gagnvart þeim. Svo furðulega vill nefnilega til, eins og sjá má af greininni að ekki eru allir náttúruverndarmenn, þótt flestir segist vera það. Aldrei er að vita hvaða áhrif svona greinar hafa. Þau eru yfirleitt engin, nema ef annað kemur til sem heldur umræðum áfram, t.d. mótmæli við það sem skrifað var. --

Gíslí Sigurðsson ritstjóri Lesbókar sagði að ég myndi ekkert heyra frá veitumönnum, því þeir vildu ræða sem minnst, enda með allt niður um sig! Þetta reyndust orð að sönnu.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 6.2.1995.

-- Amma þín er bara hress og gengur allt vel í sambandi við hana. Pabbi þinn þarf þó stundum að segja henni til og gerir það af svo mikilli lagni að ég dáist að. Hún er svo ágæt að hún hlýðir honum og fer eftir ráðleggingum. Hún hugsar mikið til þín og er að spekulera hvað hún geti sent þér á spólum.²

Segir frá góðri málverkasýningu Kristjáns Jónssonar vinar Axels.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 6.2.1995.

-- Skólinn gengur hvorki vel eða illa, held ég. Mér finnst þetta allt vera á hægu nótunum og ég er langt í frá altalandi á spænskunni, engin hætta á því. Ég reyni helst að læra af Axel þegar hann talar í símann. Svo furða sig allir á því í skólanum hvað orðaforðinn er bundinn við gáma og saltfisk, ekki hægt að tala um annað. -- Mér þykir enn gaman að þessu öllu. --

Halldiði ekki að ég hafi drifið mig í fótboltann með Axel á laugardaginn var. -- Svárið hefur hingað til verið: Nei, nei og aftur nei.

En svo létu þeir Axel og Pétur Leifur mig skrifa undir samning, þar sem ég sór að mæta næst, ellega vera kölluð drusla það sem eftir væri. En ég vildi nú heldur bolta en að hljóta svoleiðis titil. Og það var bara svo gaman -- ég var náttúrulega kolómöguleg í sportinu. --

Ellý (*Vilhjálm*s) hringdi í mig um helgina. Það var nú meiri tilviljunin. Við vorum að fara í fótboltann, gengum að vellinum. Axel ákveður að hlaupa aftur í bílinn til að sækja vatn. Þá akkúrat byrjar síminn að hringja og hann kom hlaupandi til baka: *Auður það er síminn!* Og þá var Ellý veik heima og langaði til að gera eitthvað brjáladað, eins og að hringja til útlanda. Það var gaman að heyra í henni. Hún er líklega að fara að skipta um starf hjá RÚV og það fannst mér vera góðar fréttir. Hún hafði líka fengið *snert af bráðkveddunni*, eins og hún kallar það. Hún var lögð inn í nokkra daga, pumpað í hana morfíni, en ekkert fannst sem hægt var að útskýra.--

Flutningar í íbúðina ganga illa. -- Mér líst vel á að þið komið í maí. --

Auður Eggertsdóttir skrifar Friede P. Briem. Barselóna. 6.2. 1995.

-- Þá er ég búin að koma mér þægilega fyrir hérna uppi í rúmi, með penna og blað, tilbúin að setja mig í beint samband við þig hinum megin við hafið. Það er farið að líða á kvöldið og Axel er að vinna við tölvuna, alltaf nóg að gera hjá honum. Við vorum að velta því fyrir okkur áðan, hvort við myndum ekki týna okkur þegar við flyttum í stærra húsnæði. Við erum orðin því svo von að búa bara í einu herbergi -- Við erum enn ekki flutt. Það er margt í kringum þetta sem tekur langan tíma, alls kyns pappírar og þess háttar sem maður hafði ekki hugsað út í. En það þýðir ekki annað en að vera þolinmóður -- þá verður þetta líka enn skemmtilegra þegar að því kemur. Við erum samt farin að huga að ýmsu, panta okkur rúm, sem bíður, eins og við, eftir því að komast inn í íbúðina. -- Það verður eflaust dálítið tómlegt hjá okkur til að byrja með. En það tilheyrir.

Skólinn gengur bara ágætlega, held ég. -- Vildi helst hafa fleiri kennslustundir. En það er nú vegna þess hvað ég hef alltaf talað mikið og nú er ég orðin óþolinmóð við fara að hella mér yfir fólk á spænsku líka. Gallinn er sá að ég tala svo mikla íslensku og bara öll önnur tungumál en spænsku. -- Við skoðum okkur um, höldum okkur við hafið, Axel er líka svo hændur að sjónum að hann er varla rólegur nema hann horfi út í hafsauga. --

Síðan erum við -- að reyna að hreyfa okkur aðeins. -- Axel fer alltaf á laugardögum að spila fótbolta með vinum sínum. Ég hef aldrei verið gefin fyrir slíkt en lét mig nú samt hafa það að fara með honum á laugardaginn var. Og það var bara gaman að vera með -- þó ég væri lafmóð og uppgefin á eftir. -- En ég held áfram, til að stirðna ekki upp. -- Það ættir þú að vita sem alltaf hefur stundað æfingar -- núna í leikfimi í Múlabæ til þess líka að hitta fólk.

¹ 29.11.2017. Ég er að lesa handrit þessarar samantektar yfir og verð að bæta enn við. Allar þessar falsanir, sem mér sýnist að blómstri enn í dag, komi til með að rugla listaverkamarkaðinn í framtíðinni.

² Hún hlustaði mikið á útvarpið og tók upp efni sem hún sendi Auði.

Þakka þér aldeilis fyrir spólurnar sem þú hefur verið að senda okkur. Þetta er svo mikið að ég held að þú sitjir við það dag og nótt að taka þetta allt saman upp. Það verður gaman að hlusta á þetta allt þegar við förum að vinna í íbúðinni. -- Svo skrifaðirðu svo fallega með þessu að ég fór nú eiginlega að skæla við lesturinn. -- Ég hugsa svo mikið til ykkar heima á Bergstaðastrætinu -- og hvað þið eigið gott öll saman undir einu þaki. -- Ég sakna þín, amma mín --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 13.2.1995.

Ræði möguleika þeirra Vibeke að komast í framhaldsnám og að hún fái styrk til þess. Líka breytingar á starfi mínu og óvissu vegna þess. Er óþanginn.

Auður Eggertsdóttir skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Barcelona, 18.2.1995.

-- handskrifað bréf - á bókasafninu - er að lesa undir sögupróf. -- Við vorum í Madrid um helgina. -- Það var gaman að fara þangað, þó þetta hafi bara verið 24ra tíma stopp. -- Kúnninn, góður vinur Axels, og konan hans, fóru með okkur út um allt og þá erum við að tala um mat og drykk, enga menningu. Nema næturlífsmenningu, náttúrlega! Stórkostlegt *flamenco show*, og sáum við margt sem ekki fæst séð í þorpinu okkar Barcelona. Við hefðum staðið við lengur ef við hefðum ekki verið búin að kaupa miða á rokktonleika hér, þannig að við keyrðum dauðþreytt til baka og förum beint á tónleikana. Eftir þá hittum við nokkra Íslendinga og fengum okkur öl með þeim. --

Það er þetta með sumarfríð. Við erum að spá í hvort við förum eða verðum hér. Okkur finnst það leitt að vera rétt búin að fá íbúðina og fara heim og skilja hana eftir í marga mánuði. En allt er því háð að ég fái eitthvað að gera -- Ég var að láta mér detta í hug að hafa samband við einhverjar ferðaskrifstofur heima, úr því að flogið er beint í allt sumar, og láta vita af mér, ef það er hægt að fá eitthvað svoleiðis. En vandamálið er bara það að ég veit ekki hvert ég á að snúa mér, við hvern ég á að tala og hverjum að skrifa. Það eina sem mér datt í hug var að spyrja ykkur hvort þið hefðuð tekið eftir einhverjum auglýsingum eða öðru sem kemur manni á sporið. -- En mér finnst þetta þess virði að reyna, hvað sem kemur út úr því. En mig langar ekki til að fara að vinna hjá henni Pálfnu aftur.¹ --

Annars er bara gott að fréttu - fyrir utan að ég er orðin langþreytt á að bíða eftir þessari blessaðri íbúð. --

Stingur upp á að foreldrarnir komi í heimsókn, hvenær sem ykkur hentar.

-- Jæja, ég ætla að halda lestrinum áfram. -- Var að koma heim --og Axel er að renna í hlaðið á rauða sportbílnum sínum! -- Hafid það gott. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 20.2.1995.

-- Nú er verið að sameina SÍR og SÍH og eru líkur á að ég fái að halda áfram starfi hjá nýju sambandi - hef fengið meldingar þar um. Ég hef verið að reikna út eftirlaun, L-istyrki og hvað annað sem gera má til að bjarga sér í L-inni. Að því verki starfa að sjálfsögðu viðvaningar og klúðrarar. Eiríkur (*Þorbjörnsson, hjá rafveitusambandinu*) er allur í kerfi því hann vill ekki sætta sig við það sem býðst. Í Maríu Jónu (*Gunnarsdóttur, hjá Hitaveitusambandinu*) skilur maður ekki í frekar en venjulega, en bæði munu þau hafa verið að leita sér að annarri vinnu. Enginn hefur talað við þau um framtíðina. Eitthvað mun verða rætt við okkur í dag. Sem sé andinn í *orkubyráttinu* er svona og svona. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 27.2.1995.

-- Í gærkvöldi voru hér Palli, Lára, Ásgeir og Brynja. Var það skemmtilegt kvöld allir í besta skapi -- Amma þín kom í heimsókn, aldeilis í góðu skapi eftir að hafa talað við þig og Auði þá um daginn. Hún hafði verið heldur lítilsigld þangað til hún hringdi. Þetta er örugg leið til að bjarga henni upp úr öldudal. Enda var hún ánægð að gefa skýrslu um samtalið.

Á laugardag vorum við á árshátíð flugfreyjusamklúbbsins hjá Helgu Steffensen.² -- Borðað var í vinnustofunni hennar í kjallaranum. Þar eru brúður og grímur upp um alla veggi og hillur. Var spaugilegt þegar gestirnir sátu við borðið með múmínálfa og babarhöfuð. Reyndar datt mönnum í hug að koma þeim Herði á óvart og vorum við öll grímuklædd þegar við komum -- mikill fögnuður sem nærri má geta. --

Mesti viðburður dagsins var að tala við Auði. Hún er búin að fá síma í nýju íbúðina og voru þau ásamt Pétri Leifi (*Péturssyni*) og Petru, frænku Axels, önnur kafin við að mála íbúðina, sem reyndist illa farin og margt í ólagi. Þau létu það ekki á sig fá, þótt engin húsgögn væru og ekki neitt á heimilinu nema rúm, tveir skrifborðsstólar og ísskápur - allt nýtt. En ýmislegt bættist við t.d. skrufjárn -- að það var hamingjusöm Auður sem talaði við okkur úr sjöunda himni. -- Besta kveðja frá okkur mömmu þinni á 35 ára brúðkaupsdegi okkar. --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 8.3.1995.

-- Takk fyrir skemmtilegt símtal, mamma. Það var gott að heyra að menn væru farnir að búa sig undir ferðalag -- Við höfum verið að rýna í leikhúsauglýsingar og aðra dægurvöl við hæfi og til að tryggja að þið sitjið ekki auðum höndum -- Hvaða daga verðið þið á fundum? --

¹ Hjá RÚV.

² Helga Steffensen (1934) sjónvarpskona og rak brúðuleikhús, og gerir enn (2017).

Segir frá kjötkveðjuhátíðum á barnaheimilinu þar sem Jóhannes verður geithafurinn og neyðumst við því að vera tröll. Jóhannesi leist ekki vel á að þurfa að klæða sig í annarlegar múnderingar. Er að kaupa farseðil á ferjuna frá Khöfn til Osló.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 9.3.1995.

Faxið er bilað, sendingin illlæsileg. Þó kemur í ljós að þau eru heima að koma íbúðinni enn í lag og líka að kaupa eldhústæki, sem „foreldrarnir“ virðast hafa gefið þeim og sögð kraftmesta ryksuga í heimi og veitir ekki af.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 9.3.1995.

-- Morgunfréttin gladdi -- Vonum að Finnlandsnámið verði ykkur til gæfu og gengis. Gott er að með þessu verður væntanlega, ef vel gengur, endanlega strikað yfir þetta einstaka óhapp af völdum Margrétar¹ & co. Aldrei er að vita hvað er til góðs.

Páll langafi þinn fékk ekki nógu góða einkunn í lögum frá Hafnarháskóla. Hann var eitt ár til viðbótar þar og tók þá mjög gott próf. Það breytti honum líka, gerði hann að vísindamanni sem hann hefði kannski ekki orðið ef hann hefði farið beina embættisleið. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 13.3.1995.

Segir frá próflestri og vinnu við íbúðina.

-- Axel fór til San Sebastian fyrir allar aldir í morgun og þaðan til Bordeaux -- þannig að ég er ein heima í fyrsta sinn, sem er ekkert slæm tilfinning. Erum búin að gera allt heimilislegt -- þó ekki mikið af húsgögnum. Við erum dugleg að smala saman, fórum meira að segja niðrá höfn og fundum þar sitthvað skemmtilegt dót. Það er eiginlega skemmtilegast þegar maður kemur heim með ókeypiss eða hræódýrt dót, þá er maður ánægðastur með sig og ekkert að hugsa - æ! Var ég að gera rétt - Er þetta ekki of dýrt o.s.frv., bókahillur o.þ.h. Axel er nú samt ánægðastur með að fá keyptan kassa af bjór á 500 kr. ísl. -- Þetta er allt að koma, *poco a poco* eins og þeir segja hér. --

Síðan átti Petra, frænka Axels afmæli -- og við elduðum þennan fína mat og ég bakaði Dagsínu og setti á hana 21 kerti. -- Svo komu Albert og Irene að skoða hjá okkur, fengu afganginn af afmælistertunni og pönnukökur. Þannig að þetta var eiginlega fyrsta helgin, sem líka var róleg og góð. Petra gat gíst hér því við erum búin að fá þetta fína gestarúm og setja upp gestaherbergi, sem bara bíður eftir ykkur. -- stólar -fataskápur - sófi - Verður skrítíð þegar allt verður komið, ætli ég verði ekki bara hálf vandræðaleg og veit ekki hvað ég á að gera. En það er langt í það, -- eftir að mála glugga, hurðir, gardínur - endalaust - sem betur fer. -- Takk fyrir alla hjálpinu. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 13.3.1995.

-- Í kvöld förum við í kaffi til Ásgeirs og Brynju; á morgun er bændakvöld hjá Zonta. Á miðvikudag kemur Martin Bitch, sem giftur er frænku okkar Súsönnu í Danmörku. Fáum Palla og Láru, Sigga og Maríu til að vera hér með honum. Á fimmtudag er fundur í Oddfellow og TFI, á föstudag förum við til Akureyrar, ég á fund vegna SÍR en að öðru leyti verður Oddfellowhátíð þar -- Á þriðjudag fer ég til Vestm.eyja og á miðvikud. til Khafnar. Vel ásett. Er að skrifa Oddfellowblaðið. --

Nú er verið að breyta og sameina orkuveitusamböndin og útlit fyrir að ég fari á eftirlaun. -- er ekki áhyggjufullur.

-- Þessa dagana er rætt við okkur starfsmenn, og haldið einstaklega viðvaningslega á hlutunum, reyndar með þeim hætti sem varað er við í bókum um starfsmannahald. En hvað um það. --

Segir að best væri að stofna fyrirtæki; ráðgjafarþjónustu EÁ, gerast framkvæmdastjóri og vinna að skemmtilegum verkefnum. Kannski umboðsmaður hinna þekktu arkitektahjóna í Finnlandi, Vibeke og Dags! Klæjar í fingurgómana að láta finnska vini vita um komu þeirra.

Taldi einhvern tímamann að ég hefði komið tuttugu sinnum til Finnlands.

-- Amma þín, Fríða, gleðst yfir skólavistinni -- rakti dýrðlega heimsókn sína til Finnlands og öllu hinu frábæra og skemmtilega sem hún upplifði þar. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 13.3.1995.

Segir frá boðinu fyrir Martin Bitsch, sem gaf á ættarmótinu málverkið af Gunnlaugi Briem. Hann er kominn vegna samstarfs um lyfjarannsóknir. Þá erum við að fara í sextugsafmæli Guðrúnar Jónsdóttur. Þá segir frá því að Ásgeir og Brynja séu á Flúðum þar sem hann mun taka upp viðtöl fyrir útvarpið.

Var fegin að þau komust heil á húfi í bæinn en mikið illviðri var svo áttu þau í erfiðleikum með að komast upp Kambana vegna hriðar.

Segir að Dídí hafi fengið áfall og flutt á spítala og þaðan á Grensásdeild. --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Rvík. 16.3.1995.

-- Allt gott að fréttu hédan. Vorum að fá bréfið frá Finnlandi um að við værum komin inn. Við höfuð það því svart á hvítu.

¹ Margrét Haraðardóttir.

Jóhannes hefur það gott og er farinn að teikna eins og vitlaus maður (eða arkitekt). Þið eigið eftir að kynna þeirri ástríðu þegar þið komið. Hlökkum til að sjá ykkur. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 20.3.1995.

Segi frá undirbúningi ferðar okkar Sirrír til Danmerkur, þaðan með ferju til Noregs til fundar í Lillehammer.

-- Ég er upptekinn við að verja minn hlut í SÍR. Nú er verið að stofna ný samtök, Samorku, og er ekki beint skemmtilega staðið að því. Reynt er að sauma að öllum fyrri starfsmönnum með ýmsum hætti. Eiríkur (*Porbjörnsson*) segir upp; stytur - en þó lengdur vinnutími Oddnýjar. Á borðinu er að ég hætti 67 ár, án þess þó að beinlínis annað hafi komið fram en að ég starfi til sjötugs. -- Hvað meint er með þessu öllu er eiginlega ómögulegt að vita, sparnaður nefndur, en bara á vissum sviðum - þeim sem snerta starfmennina.¹ Ég er að berjast í þessu - þótt það í sjálfu sér skipti ekki sköpum fyrir mig, munar ekki miklu um þrjú ár. Ég verð bara að fá mér ný verkefni - sem áreiðanlega gengur vel. En ég ætla ekki að láta þessa skarfa sleppa nema að fullkeyptu. Í þessu starfa lítt reyndir - og *viktugir* strákar sem enga kunnáttu hafa á öðru en tæknikerfum - þeir halda að rekstur og tækni sé eitt. -- Þarf ég að vera vel á verði. Geng frá greinargerð í dag og skipti mér svo ekki frekar af málinu.² --

Hér var geysilega skemmtilegt um daginn þegar Martin Bitsch var hér í heimsókn ásamt konu, lækni sem með honum starfar, ásamt Palla og Láru og Sigga Líndal og Maríu. Að vanda fór Siggí á kostum, en hafði svo harða samkeppni frá hinum gestunum að hann náði ekki að komast upp með mikil ræðuhöld. --

Segi frá stórkostlegum ljóðatónleikum Håkan Hagegård sænska óperusöngvaranum sem hafði sungið Papagenó í upptöku Ingmars Bergman á Töfraflautunni. Hann klykkta út með Fígaróarúnni og ætlaði allt vitlaust að verða í Gamla bíói af hrifningu.

-- Á laugardaginn fór ég að beiðni oddfellowa í Vestmannaeyjum til að hafa viðtal við Halldór Guðjónsson fyrrum skólustjóra þar en hann er að verða 100 ára gamall. Mikið var skemmtilegt að hitta gamla manninn, fjörugan og skemmtilegan, vakandi og kvikan. Í ljós koma að hann hafði verið giftur og átt son³ með Svövu Jónsdóttur sem lengi vann hjá borgarlækni, mikill snillingur. Þau bjuggu ekki lengi saman og hafa sjálfsagt skilið um 1924. En gaman var að sjá svipinn á gamla manninum þegar hann heyrði að ég hefði unnið með Svövu. Hann gekk svo með mér fram á gang og sagðist þurfa að líta í pósthólið. -- *Konan hans kallaði og sagði að það kæmi enginn póstur á laugardögum.* -- Svo sagði hann og fór á bak við konuna sína: *Svona privat og persónulega; líkaði þér ekki vel við Svövu?* Svo töluðum við saman um hvílikur snillingur hún hefði verið. Já, lengi lifir í gömlu glæðunum! -- Á morgun koma svo Ásgeir og Brynja til samráðs um *die Alte*. Henni finnst óþarft að þau flytji hingað meðan við förum burt. Verður bara haft mikið samband við hana --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði og Axel. Osló. 26.3.1995.

Segi frá komunni til Osló eftir siglingu frá Höfn. Einnig af framtíðaráætlunum Dags og vali þeirra á Helsinki fram yfir Columbiaskólann. Líka frá nýræðningu minni til Samorku eftir leiðindaaðferðir við stofnun samtakanna.

-- Ég ritaði fyrir viku síðan stjórn Samorku og ræddi sambandið faglega og átaldi hvernig var staðið að stofnuninni. Sem sagt, nú get ég haldið áfram. --

Segi frá ástandinu heima eftir að Dídí var flutt á spítala þar sem henni líður bara vel. Einnig frá miklum hreingerningum Ásgeirs, Brynju, Palla og Láru í Bogahlíð þar sem sóðaskapurinn í íbúð Dídíar var mikill.

-- Í augnablikinu situr amman á gólfinu og teiknar fyrir sonarsoninn, blóm, telpur og kjóla. Sem sé mjög *ídyllískt* allt hér. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. og Brynju Jónsd. Osló. 27.3.1995.

Skrifa frá heimili Dags og Vibeke, en þá erum við Sirrír komin frá Höfn eftir fundi og veislur. Sérstaklega var ánægjulegt að heimsækja frænku mína Suzanne Bitsch og Martin mann hennar og sjá þeirra stórkostlega heimili, söguríkt og tigið.

Mikið talað um Finnland eftir að hjónin ákváðu að taka Helsinki fram yfir Columbia í New York sem þau áttu líka kost á. Þar munu þau búa í 1½ ár og stefna að mastersprófi. eru að ljúka ýmsum verkefnum og kaupa bíl til að geta flutt búslóðina með sér.

¹ Er ég hafði starfað um tíma í herbergi innar af Rafmagnsveitu Reykjavíkur í Hafnarhúsinu missti SÍR húsnæðið og fékk annað í húsinu hjá Hafnarskrifstofunni samkv. venjulegum leigumála og samningi við hafnarstjóra. Fáum árum síðar fáum við allt í einu boð og bréf frá hafnarstjóra Gunnari Guðmundssyni að við skyldum hypja okkur út með röksemdum. sem var steypa og lygi, við beðin um að hypja okkur út strax. Ekkert talað, engin ósk, bara ruðningur. Ástæðan var að Félagsmálaráðuneytið hafði augastað á húsnæðinu, en húsnæðið sem Hafskip hafði haft, áður en það fór á hausinn, var ekki nógu stórt. Ég var svo heppinn að útvega til kaups óinnréttað húsnæði neðst á Skólavörðustíg á góðum kjörum og fékk framúrskarandi trésmíðameistara, Jón Hannesson, til að innrétta það af hagsýni. Varð þetta allt til happs. Ólafur Steinar Valdimarsson ráðuneytisstjóri í Samgöngumálaráðuneytinu, sem var á sömu hæð og ég sagði mér að ég hefði gert góða hluti því innrétting ráðuneytis hans hefði kostað meiru en nýtt fullbúið húsnæði hefði kostað. En pólitískur vilji var þessi. Á Skólavörðustíg var starfsemin í besta umhverfi og aðstæðum. Nú átti að flytja við sameininguna og selja. Lysthafandi var Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. sem samkvæmt blaðaviðtölum sagðist þá hafa verið í brennivínsrugli. Fór allt í gang í stjórn SÍR og dans hófst kringum þennan pólitíska samherja og fína mann; barátta hafin svo hann gæti fengið það á góðum kjörum. Það varð, og skipti svo sem engu máli nema gengið var á snið við siðgæðishugmyndir mínar. Álit mitt á þeim sem stóðu að þessu breyttist svo sem ekki til hins verra.

² Eggert Ásgeirsson: Veitustarfsmaðurinn ég. Rvík 2005.

³ Sigurð Halldórsson verkfræðing.

Vinnur að efnisöflun fyrir Oddfellowblaðið meðan Sirrí er á fundum norrænu tannlæknafélaganna.

-- var hringt til mín og sagt að gengið hefði verið að öllum mínum skilyrðum hjá Samorku, orkuveitusambandinu, ég fengi það kaup sem ég hef haft með hlunnindum og gæti unnið ef ég vildi til sjötugs en þá verður eftirlaunarétturinn fulltrygður. -- Ég kallast verkefnastjóri og er ánægður með að fá afmörkuð verkefni, ekki almenn eins og ég hef haft. --

Það breytti svo sem engu! En það var veikleika mínum alveg eins um að kenna!!

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Osló. 27.3.1995.

Segi frá Degi og hans fjölskyldu og undirbúningi Helsingforsfararinnar. Þar er samstarfskona og vinkonan, Tua Kurtén, hjá Finniska rafveitusambandinu að undirbúa komuna með auglýsingum í blöðum eftir barnagæslu. Segi líka frá heimkomunni þar sem allt var í velstandi.

-- Við skiptum um föt og fórum í ferminguna hans Hjalta Stefáns. Þar var vel tekið á móti okkur af lukkulegri fjölskyldu og var þéttskipað í húsinu. Að vísu er Kristján ekki frekar en endranær við bærulega heilsu. Hjalti Stefán býr sig af kappi undir hljómleikaferð lúðrasveitarinnar til Lúxemborgar, Sviss, Þýskal. og Frakkl.

Á eftir var farið til Dídí. Henni leið vel en hefur átt í vandræðum með svimaköst, svo hún virðist ekki á heimleið. --

Sjálfur var ég að fara til Egilsstaða. Palli hefur verið að vinna í málum Dídíar, útvega henni aukna hjálp en honum blöskraði ástandið hjá frænku sinni.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Osló. 29.3.1995.

Erum stödd í Osló hjá Degi, Vibeke og Jóhannesi, sem reyndar er lasinn og getur ekki farið út.

-- Ég er að fara á fund í Norska tannlæknafélaginu til að setja upp dagskrá formannafundarins sem verður á Íslandi eftir mánuð. -- Þegar ég kem heim þarf ég að skipuleggja fundinn heima. --

Við fórum í leikhús í gær og sáum Heddu Gabler eftir Ibsen. Það var mjög skemmtilegt og vel leikið. Ég hafði séð það í Leikfélagi Reykjavíkur fyrir mörgum árum með Helgu Bachmann og ætla ég ekki að líkja leiknum saman. Meira á léttum nótum og frábær leikur hjá öllum.

Við fáum lánaðan bílinn og fórum í túr um nágrenni Oslóar og heimsækjum foreldra Vibeke í Hvalstad.

Á morgun fer Eggert á fund með rafveitumönnum í Lillehammer og verður þar nótt. --

Dagur bætir við:

Það hefur verið skemmtilegt að hafa pabba og mömmu hér hjá okkur. Þrátt fyrir lasleika Jóhannesar höfum við getað skemmt okkur svolítið. --

Það er mikið talað um Finnland þessa dagana, enda hafa pabbi og mamma verið þar svo oft. Það verður reynt að virkja eitthvað af þeim ágætu samböndum sem þau hafa þar í landi, til að koma Jóhannesi á gott barnaheimili, en það hefur komið í ljós að biðlistar eru langir. Allir eru þó bjartsýnir --

Þið getið sem sagt farið að undirbúa heimsókn til okkar í Finnlandi! --

Sigríður Dagbjartsdóttir. Til Tannlæknafélagsins, Annýar o.fl. Osló. 30.3.1995.

Segir frá starfi sínu í Osló.

-- Hitti Eyvind Karlsen framkvæmdastjóra norska tannlæknafélagsins og gengum frá dagsrá norræna formannafundarins. -- Svo það er frágengið.

Það var aldeilis vel tekið á móti mér í Norska tannlæknafélaginu, mér sýnt allt húsið frá kjallara til útsýnisins á svölum hússins. Þarna vinna 20 manns og var ég kynnt öllum með miklum virktum. Þarna hitti ég ritstjóra norska tannlæknablaðsins sem þótti afleitt að við skyldum ekki vera með í samstarfi norrænu tannlæknablaðanna. Ætlar hann að senda okkur fundargerðir þaðan. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Ásgeiri Eggertssyni. Osló. 31.3.1995.

-- Við erum mikið þakklát ykkur Brynju fyrir allt sem þið eruð búin að gera fyrir gömlu konurnar, og þar með okkur.

Þetta er merkileg sjúkrasaga af Dídí, að það sé blóð- og B-vítamínskortur sem hefur hrjáð hana, kannski lengi. Hún er aldeilis búin að fara á milli stofnana.

Hér lifum við í vellystingum pragtuglega. Ég er búin á mínum fundum, en pabbi þinn er í Lillehammer á sínum fundi og kemur í kvöld. --

Jóhannes hefur verið lasinn, en er hitalaus í dag og það þýðir að við getum farið með hann í bíltúrinn á morgun. Hann er ósköp ergilegur að geta ekki farið út --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 3.4.1995.

Komin heim úr góðri ferð frá Khöfn og Osló. Undirbúningur Finnlandsdvalar Dags og fjölskyldu í fullum gangi. Tua Kurtén vinkona fjölskyldunnar og samstarfskona í Rafveitusambandi Finnlands auglýsir eftir barnagæslu sænskumælandi. Allt í góðu lagi og skemmtilegt heima þar sem Brynja og mamma sátu og röbbuðu. Svo skiptum við um föt og fórum í ánægjulega fermingarveislu hjá dóttursyninum Hjalta Stefáni. Síðan fór ég næsta dag til Egilsstaða.

Palli hefur undirbúið aðstoð fyrir Dídí.

-- Hann hefur verið sérlega vel mótiverður eftir að þau gerðu hreint hjá Dídí, hann, Lára, Brynja og Ásgeir. Ástandið var ekki -- gott. -- Dídí sagðist hafa verið að lesa grein um hvað hreinlætisheimurinn sóttkveikjufrír gæti verið varasamur fyrir fólk -- þegar það kæmi út á meðal fólks! Hún heldur sínu striki. Haft var eftir læknum á spítalanum að aldrei hefðu þeir séð nírræða konu og einu ári betur svo vel á sig komna. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Sant Joan Despí. 4.4.1995.

Segir rækilega frá endurbótum á íbúðinni.

-- Síðan höfum við verið að elta hana Vigdísi á röndum. „*Eruð þið Íslendingar - ég þekki Íslendinga hvar sem ég kem*“, sagði hún við alla. Hún þarf nú ekki að vera mjög skörp til að sjá muninn í landi eins og Spáni. En það var mjög skemmtilegt að upplifa þetta allt saman, gaman að komast inn í veislusal ráðhússins -- og allt þetta fólk með íslenska fánann. Þetta var ótrúlegt. Svo var allt saman á forsíðum blaðanna næsta dag. Ég leyndi því ekki að þjóðarstoltið lét á sér kræla. --

Svo segir hún frá því að þau séu búin að skrá sig í tennisklúbb, skokkum og þykir gaman að. Segist vera orðin brún, enda mikill munur að vera með svalir.

Segir líka að Axel hafi verið að fara til Brasilíu og verði þar í rúma viku. Steina frænka hennar verður hjá henni fyrri partinn og Petra frænka Axels síðan.

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 1995.

-- Var að fá bréf frá Bohuslän Museum þar sem okkur Hönnu Pettersen er boðið í verðlaunaafhendinguna í samkeppninni um bergristuskýlin. Ástæðan er sú, að við höfum - eða öllu heldur verkefnið okkar, hefur fengið verðlaun eða innkaup!

Lokaniðurstöðunum verður haldið leyndum þangað til í sjálfri verðlaunaafhendingunni.

Að öllu jöfnu eru eins fyrstu, önnur og þriðju verðlaun og svo kannski tvö eða þrjú innkaup.

Ég er í sjöunda himni. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 3.4.1995.

Veikindi hjá okkur. Mömmu þykir heldur tilbreytingalaust heima og hún gleymdi því að öll fjölskyldan, sem enn býr hér á landi, flykkist á spítalann til að heimsækja systur hennar.

Eggert Ásgeirss. og Sigríður Dagbjartsd. skrifa Auði Eggertsd. Rvík. 9.4.1995.

E.Á. Segir rækilega frá alþingiskosningum sem voru daginn áður og voru nítján nýir þingmenn kosnir. Margir nýir þingmenn, Sív Friðleifsdóttir og Hjálmar Árnason hjá Framsókn; hlutur kvenna skárrí þó kvennalistinn hafi aðeins fengið þrjú þingmenn. Jóhanna komst inn með fjóra í nýju framboði.

S.D. segir frá flensuveikindum þeirra hjóna.

-- Amma þín kom með allskonar bætiefni til að láta okkur batna og var með miklar áhyggjur af okkur allan tímann. Dídí er á spítalanum og verður eitthvað áfram. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Vibeke og Degi Eggertss. Rvík. 18.4.1995.

Þakka fréttir frá Noregi af fjölskyldunni og páskahelginni með skíðaferðum og fjallaskálum sem hér þekkt ekki.

Svo vorum við að undirbúa komu norrænna tannlækna. Fórum í Selvog og á Þingvöll til að undirbúa ferðina og ákveða öll pönnuköku-, bjór- og koníaksstoppin.

Axel var að koma frá Brasilíu og gekk vel erindrekturinn, þrátt fyrir týndan farangur, matareitrun og rán.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Sant Joan Despí. 24.4.1995.

Axel þakkar sérstaklega fyrir krossgátublöð sem fylgdu með bréfunum.

-- Það er nú meira hvað fjölskyldan safnast fyrir í Barselóna., Stella¹ á sama tíma og þið. Síðan koma Sæunn og Ásgeir og með sömu vél og þau, Lára (mamma Petru) og hennar fjölskylda. Þau verða þó ekki hjá okkur, enda væri ekki hægt að koma því við. -- Það verður sjálfsagt hægt að gera eitthvað skemmtilegt með Stellu. Það eru aldeilis fréttir úr hennar fjölskyldu, trúlofanir og nýjar kærustur.

Axel fór til Bordeaux með Norðmanni sem er búinn að búa hjá okkur. -- allar svona ferðir eru vandamálaferðir og ég vona að leysist vel. --

Ég bauð stelpunum úr skólanum í heilmikið matarboð -- því nú er öllu að ljúka og ekki mörg tækifæri til að hittast allar. Þetta var mjög vel heppnað og við vissum ekki af okkur fyrr en klukkan var orðin fimm!! Þá stóð Axel upp og sagðist þurfa að vakna snemma og þá fóru allir heim. Hann þurfti að taka á móti Portúgala og vera með honum í einn dag. Ég fór með og bauð hann

¹ Ingveldur Dagbjartsdóttir starfaði hjá Flugmálastjórn og var þar á fundi.

okkur út að borða. -- svo hef ég verið að reyna að lesa fyrir próf á morgun. Ég er svona heldur að missa metnaðinn í prófunum í skólanum, mér finnst svo margt annað að gera.

Síðan þarf Axel að fara til Ítalíu, til Napólí -- að hitta þennan sérstaka ítalska vin minn sem var hjá okkur um daginn og finnst maturinn minn vondur. Það stóð til (stendur enn til) að ég fari með honum, því hann bauð okkur báðum að koma. Síðan kom það upp að hann þarf að fara til Brussel á matvælasýningu í þrjá-fjóra daga. Og þá varð ég að fara frekar þangað til að heilsa upp á Sirrý og Jóa, meðan hann væri á sýningunni. Ég hringdi strax til Sirrý og varð hún heldur en ekki glöð og sagði að við gætum auðvitað gist hjá þeim. Og þar sem við erum núna orðin ansi blönk - of blönk til að ferðast út um allan heim, þá vil ég heldur hitta Sirrý en Salvatore leiðindapúka. Ég ætla að athuga þetta betur.

Núna var bara Stella að hringja og spyrja út í þetta fína hótél -- Ég ætla að athuga annað eftir fundinn, því það er óneitanlega skemmtilegra að vera alveg oní bæ.

-- Það er góður andi í íbúðinni og mér finnst ekki á nokkurn hátt leiðinlegt að vera ein. Ég er með slæma samvisku yfir bréfa-frammistöðu minni eftir að við fluttum. Ég hef bara einu sinni kveikt á tölvunni. Þið verðið að sætta ykkur við handakrotið mitt. -- Mikið hlakka ég til að hitta ykkur.

Kærar kveðjur til ömmu með þakklæti fyrir langa símtalið -- sömuleiðis samtalið við Jónu ömmu á páskadag --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 24.4.1995.

Fer á Selfoss eftir hádegi á ráðstefnu og kemur Sirrý þangað á morgun seint því hún er á fundum. Ráðstefna tannlækna var velheppnuð. Nú koma senn norrænir rafveitumenn.

Gleðst yfir grein í Göteborgsposten með grein um þau Vibeke. Það var vegna 2. verðlauna sem þau fengu í samkeppni um byggingu yfir fornaldarminjar þar í Bohus-léni.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 24.4.1995.

Segir frá því að þau Eggert muni koma til þeirra í heimsókn. Stella systir hennar verður þar líka á fundi á vegum flugmálastjórnar. Kristín dóttir hennar, Haraldsdóttir (síðar lögfræðingur og háskólakennari) og Haukur Pálmason (síðar sálfræðingur) opinberuðu trúlofun í París í liðinni viku. Guðrún Haraldsdóttir var að ferma tvíburana og Magnús Haraldsson (síðar yfirlæknir) var að trúlofast Sigríði Gunnarsdóttur sem er að læra hjúkrunarfræði.¹

-- Sigríður er ansi geðug stúlka. -- Við vorum í fermingarveislunni hjá Guðrúnu og Bjössa² - ágæt, nóg pláss, hægt að ferðast milli borða. --

Segir frá stjórnarmyndun Davíðs Oddssonar og er spennt fyrir hvort heilbrigðisráðherrann, Ingibjörg Pálmadóttir, taki á tannlækningamálum.

-- Amma þín er mjög hress og var heldur en ekki ánægð með símtalið við þig.. Við erum að jafna okkur eftir allan gleðskapinn og fundarhöldin í sambandi við norræna fundinn, sem gekk alveg frábærlega vel. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 1.5.1995.

Nú er verið að taka íbúð Jórunnar mömmu Sirrjár í gegn, með hjálp Ásgeirs.

-- Brynja bauð í kvöldverð á eftir. Hún hafði verið á fuglanámskeiði hjá Kristjáni Hauki Skarphéðinssyni fuglafræðingi sem var mjög skemmtilegur og endursagði Brynja kjarnann úr því sem hann hafði sagt. Var gaman að sjá hana geislandi af áhuga og frásagnargleði. Þá varð hún hissa þegar hann endaði að sýna mynd úr þessu hverfi hér og bentu á nr. 69 og sagði að í þessu húsi væri hann fæddur. Brynja var heldur vantrúuð á það.³ --

Ég fór í 100 ára afmæli Halldórs Guðmundssonar skólustjóra, sem ég hef nefnt áður. Ekki síst var ræða afmælisbarnsins skemmtileg. Ég sat hjá manni sem hafði verið sessunautur Halldórs í Kennaraskólanum. Séra Magnús Helgason, sá frægi skólustjóri, kom eitt sinn að þeim fyrir utan skólann þar sem þeir hölluðu sér upp að grjótveggnum umhverfis skólann. Hann spurði: *Hvers vegna haldið þið að það vaxi svona mikill mosi á veggnum?* Þeir urðu hvumsa við. Gamli maðurinn sagði að þetta hefði orðið þeim báðum lexía sem entist allt lífið.

Á afmælinu kom út kvæðabók eftir afmælisbarnið.--

Fórum með Dídí í bæjarferð og heimsókn í íbúðina í Bogahlíð. Vildum sjá hvernig hún kæmist þar um. Hún reyndist völt á fótum eins og er og röddin óskýr eða drafsandi.

-- Hún vill vera þar - þá það! -- Þarf að tala við nokkra lækna --

¹ Síðar hjúkrunarfræðingur Landspítalans o.fl.

² Guðrún Haraldsdóttir tannlæknir og Björn Jónsson kennari (nú látinn).

³ Foreldrar hans Kristín Guðmundsdóttir innanhússarkitekt og Skarphéðinn Jóhannsson arkitekt leigðu íbúðina á miðhæðinni, eignuðust tvíbura og voru líka með teiknistofu þar og var bekkjarbróðir minn Manfréd Vilhjálmsson arkitekt í vinnu hjá þeim.

Eggert Ásgeirss. skrifar Jan Bergström. Rvík. 9.5.1995.

Móttakandi bréfsins er frændi minn í Stokkhólmi, tölvumaður o.fl. Hann hafði ég aldrei hitt, en líklega hefur hann verið að forvitnast um ætt sína. Ég segi honum frá ýmsu í sambandi við kynni mín af hans fjölskyldu. Hér kemur samantekt úr bréfinu.¹

Frændur mínir: Bergström á Skáni.

Bréf til Jan Bergström.

Þótt ég hafi margoft verið í Svíþjóð og Kaupmannahöfn frá því að amma þín dó hef ég aldrei heilsað upp á neinn úr fjölskyldunni, þar til að ég kynntist frænku þinni Anniku í Fredensborg í Danmörku. Ég hef heimsótt vin minn einn, sem bjó á Ingarö við Stokkhólmi. Þó ég vissi að foreldrar þínir byggju þar leitaði ég þau ekki uppi. Mömmu þína sá ég aldrei og þabba þinn aðeins einu sinni, 1949. Hann bjó í nýttískulegu háhýsi á Kungsklippan í Stokkhólmi.

Mamma hafði heimsótt íbúð hans einu sinnu með Guðrúnu mömmu hans sem stolt yfir þessari fínu íbúð sýndi hana þótt hann væri ekki heima. En henni varð ekki um sel þegar hún opnaði geymslur og skápa því þar voru svo margar víNFLöskur; skammaðist sín fyrir hans hönd. En mamma sagði: *Það er engin skömm að því að eiga fullar víNFLöskur; en tómar ...*

En indælan tíma áttum við saman, Guðrún amma þín og Karl afi þinn, í Stokkhólmi veturinn 1955-6. Ég heimsótti Ríkisdaginn oft með honum. Þau bjuggu á þingtímanum á St. Eriksgeitan. Sannarlega skemmtileg og elskuðust innilega og fengu vini sína í heimsókn. Þar voru margar gamansögur sagðar, ekki síst úr stjórnmálalífinu. Mér þótti sem þar gætu þau lifað saman og notið lífsins á þann hátt sem ekki annars var kostur.

Lífið á Norra-Stenbocksgatan hjá þeim í Helsingborg var ekki skemmtilegt. Allan daginn var rifist; allir komu og fóru og tóku öllu sem þar gerðist sem sjálfsgöðu, engir fastir matmálistímar - fólk bara kom og fór - leit á allt sem sjálfsgöðan hlut, mat og hvaðeina.

Mér þótti sorglegt að Gunna fengi ekki að þroska sinn mikilhæfa persónuleika og gáfur. Ég þekkti, þá eða síðar, ekki slíka afstöðu til húsmóður. Ég þekkti bara sjálfstæðar reisulegar konur í fjölskyldunni, á móður og föðurhlið. Þegar Gunna var hér í heimsókn var hún allt önnur, hamingjusöm, vel menntuð, vinamörg. Það var sorglegt að tengsl við Lóu systur hennar í Karlstad skyldu rofna. Hvers vegna það gerðist veit ég ekki. En ólíkar voru þær. Önnur dómínerandi. Það var einkennilegt að umgangast tvær föðursystur í Svíþjóð, báðar með stórar fjölskyldur sem þekktu ekkert hvor til annarrar.²

Ég hafði það á tilfinningunni í Helsingborg að þar liti fólk niður á Íslendinga og hefðu engan skilning á kostum Gunnu með sinn göfuga bakgrunn; heldur umgengust hana sem annars flokks sænskan borgara. Þarna var allt öðru máli farið með Lóu. Allir vissu hver og hvaðan hún var og fjölskyldan í Karlstad var stolt yfir ætterninu. En hún var sterkur persónuleiki, kannski um of. En þetta stolt og ættrækni varð til þess að við fáum stöðugan straum frænda til okkar og við til þeirra. Ívar var líka áhugasamur fyrir landinu og manna fróðastur um það og skrifaði um landið greinar.

Eitt sinn þegar ég heimsótti Gunnu á elliheimilinu kvaddi ég hana í anddyri borðsalarins. Hún fór og settist, leit stolt í kringum sig og sagði: *Ég hef verið með útlending í heimsókn!*

Ég varð fyrir léttu áfalli fyrir löngu þegar ég fékk af því ávæning að í Helsingborg væri álitid að við frændur kæmum þangað til að geta dvalið þar án þess að borga! Ásta föðursystir mín og maður hennar Karl voru mjög nísk. Þau voru oft og lengi í Helsingborg í flestum sumarleyfum. Fóru á ströndina, böðuðu sig í sólinni, nutu lífsins. En þau voru barnlaus, laus og liðug, kannski sjálfseisk, þess vegna.

Gunna hefur sjálfsagt hvatt þau til að koma og haft gleði af þeim. Hún bjó líka oft hjá þeim þegar hún var í heimsókn á Íslandi en vildi heldur búa hjá okkur í Tjarnargötu, sem íþyngdi mömmu mjög sem var með stórt heimili og fyrirtæki. Þá reyndi hún að drýgja tekjurnar með því að leigja herbergi á sumrin þegar við Palli vorum fjarverandi í vinnu. Grét Gunna oft yfir því stundum að hafa ekki fengið að búa hjá okkur.

Ég heyrði hjá tveim afkomendum Guðrúnar, sem hingað komu að líf foreldra ykkar hefði verið erfitt vegna drykkju.³ Þær komu hingað til að athuga m.a. hvort áfengissýki gæti verið í ættinni og sem héðan væri komin. Ekki veit ég til þess.

Afi, Guðmundur Einarsson, byrjaði að drekka, eftir því sem ég hef heyrt, þegar hann var fertugur, ekki löngu áður en hann drukknaði. Hann var þá að undirbúa stórútgerð. Fiskur á grunnsævi var horfinn vegna ofveiði erlendra togara uppi í landsteinum og gömlu útvegsbændurnir misstu fótanna. Kristín hafði ætíð annast landbúnaðinn á ættarjörð sinni. Þá var ekki mikið fyrir hann og hina útvegsbændurna að gera annað en að setjast inn á Hótel Ísland, ræða ástand og horfur, kaup mótorbáta, togara og fá sér í glas.

¹ Jan Bergström (1956) tölvufræðingur, uppfinningamaður á því sviði, snillingur og fræðasjór. Við höfum verið í sambandi síðar, hann komið hingað til lands og við til hans. Ævintýri líkast að ganga með hann um þjóðminjasöfn.

² Síðar, með tilkomu internetsins komst nokkurt samband á aftur.

³ Systkini fá í uppeldi sínu ólíka mynd af foreldrum sínum. Jan þvertur fyrir að drykkja hafi háð foreldrum hans, allra síst móður hans, sem ég hafði fengið hugmynd um að drykki. Hvað er rétt? Ómögulegt að segja.

Eitt sinn sátu þeir þar og heyrðu skarkala á götunni fyrir utan. Guðmundur spurði hvað væri á seiði. Þjónn kom og sagði að verið væri að selja Veltuna, Austurstræti 1, á móti. Guðmundur sagði þá við hann: *Farðu út og kauptu hana fyrir mig!*
Sem hann og gerði. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 13.5.1995.

-- Það er farið að stytta í að við hittumst. --

Við vorum á sýningu í Hafnarborg hjá Kjartani Guðjónssyni. Mjög góð sýning. Hittum við hann og sögðum að við værum að fara til Barcelona með málverk eftir hann. Vildi hann vita allt um þetta og fannst nokkur upphefð að vita af málverki eftir sig þar. --

Palli og Lára eru í París -- Hann er á námskeiði í áfallahjálp og líklega að hætta sem yfirlæknir á barnageðdeild Landspítalans. Verður stjórnandi hóps á Landspítalanum sem vinnur að áfallahjálp. -- Amma þing gladdist mjög yfir að þú gætir farið í ferðir með Axel. --

Segir frá heilsu Þórdísar ömmusystur hennar sem datt á spítalanum og er allt óvíst um hvað verður um hana.

Zontaklúbburinn bað mig um að verða fundarstjóri á aðalfundinum svo ég hef verið að rifja upp fundarsköp. Ég held að þetta verði bara skemmtilegt.

Brynja er að hætta hjá Smith og Norland. Hún ætlar að fara í leiðsögumennsku hjá Guðmundi Jónassyni.

-- Það varð úr að Kristín dóttir Katarínu kemur hingað og verður til 1. ágúst í vinnu hjá Rafmagnsveitunni. Við vonum það besta.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 14.5.1995.

Ræði fjármálahlíð Finnlandsdvalarinnar rækilega. Segi líka frá hörmulegri stjórn Davíðs þar sem engin kona er f.h. Sjálfstæðisflokksins; ein fyrir Framsókn.

-- Sem sé strákarnir (leikfélagarnir/badmintonhópurinn eða hvað annað það er) hafa traust ítök. Það er hálfgerður *locker-room*-andi í kringum Davíð. Framsókn valdi þó eina konu¹ og skákaði þar Davíð --

Segir okkur vera að fá til okkar Kristínu dóttur Katarínu frænku okkar Wennerström, sem verður í vinnu hjá rafveitunni. Þetta bindur okkur í sumar, nema Auður og Axel komi.

Einar Guðjohnsen,² maður Bergljótar Líndal dó í fyrradag, 74ra ára. Er hún þá ekkja öðru sinni. Hún var ósköp beygð þegar við heimsóttum hana.

Gömlu konurnar hafa það gott nema Dídí sem er á spítala, datt þar og meiddist.

Brynja er að hætta hjá Smith og Norland og ætlar sér í leiðsögustarf.v

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. San Jóna Despí. 17.5.1995.

Segir frá prófi sem hún heldur að hafi gengið vel. Einnig að hún sé að kveðja skólafélagana. Biður um uppskriftir af bollum og kökum. Ræðir væntanlega komu þeirra í heimsókn og líka komu tengdaforeldra hennar og biður um að þau verði fengin til að koma með saumavélina hennar.

Eggert og Sigríður skrifa Auði Eggertsd. Rvík. 22.5.1995.

Verið að undirbúa Barselónaferð, þakka niður miklu af dóti til Auðar og reyna að koma einhverju á aðra Spánarfara. Amma hennar gladdist yfir að Sæunn og Ásgeir hefðu hringt í hana; hún væri sem sé búin að eignast nýja vini. Hún hefur lengi sagt að allir vinir sínir séu dánir.

Gleðjast yfir árangri Auðar í prófum: Diplóma í spænsku; líka með hver ósköp voru af fólki hjá þeim í afmælisveislu: 70 manns, sem má telja dágóður vinahópur. Nú er léttara fyrir Sirri að komast frá þar sem hún hefur fengið aðstoð á skrifstofunni.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri Eggertss. Rvík. 29.5.1995.

Segi frá ferðinni og ólátunum í Amsterdam þar sem Hollendingar voru að fagna sigurhátíð Ajax í fótbolta.

-- Svo komum við hingað til Barselóna; tekið með kostum og kynjum -- keyrð um alla borgina -- í dag förum við í bæinn í strætó.

Heimilið er aldeilis dásamlegt. Hér er allt nýmálað og fínt, vel fyrir komið í alla staði. Íbúðin er á efstu hæð í fjögurra hæða húsi, sem stendur á hæð, þannig að borgin og fjöllin blasa við af svölunum miklu, ámóta að flatarmáli og íbúðin. Umhverfið er vingjarnlegt, virðist búa hér velmegandi fólk, mikið af börnum og hvers kyns fjölskylduhátíðum. Þótt bærinn sé utan við borgina eru samgöngur góðar og hraðar, bæði út úr borginni, milli hverfa og í miðborgina.

Íbúðin er einkennileg í laginu miðað við okkar venjur, en samt skemmtileg. Þótt hún sé ekki stór þá villtist ég í henni. Hér er sem sé ekki verið að spara útveggina eins og hjá okkur. Í miðju er stofa góð og gengið úr henni inn í gestaherbergi á annan veginn og eldhúsið á hinn. Í svefnherbergisgangi, sem við nefnum það á Íslandi, er svefnherbergi, klósett og baðherbergi með klósetti. Þaðan

¹ Mun hafa verið Ingibjörg Pálmadóttir, heilbrigðisráðherra.

² Einar Guðjohnsen (1922-95) ferðamálafrömuður og rithöfundur.

er líka gengið inn í skrifstofu Axels og út á svalir. Svalir eru einnig meðfram svefnherbergis- og stofuvegg hinum megin. Öllu er vel komið fyrir, fallegt og frumlegt, sum húsgögn gömul, annað sem fundist hefur á bryggjum og mörkuðum og er enn að finnast, bæði fallegt handverk eða hefur verið notað til einhvers sem maður gerir sér ekki grein fyrir.

Stella¹ var með okkur allan daginn í gær. Við fórum að skoða klaustrið Montserrat, á fjalli sem gnæfir 1200 m. yfir dalbotninum. Þar er hin fræga *svarta madonna* með barnið. Kemur fólk þangað í skörum til að skoða og heita á hana. Þangað hafa Barselónamenn áreiðanlega farið til að heita á sigur á Madrid í fótboltanum í fyrrakvöld.

Auður fékk þær sorgarfréttir að Elly Vilhjálms,² vinkona hennar væri alvarlega veik, enn á ný. Hún var slegin yfir því. Ásgeir, þú lætur hana fylgjast með ef þú fréttir af henni. --

Mamma þín er komin á ról, er að koma úr sturtu, heyrst mér, á leið inn í eldhús til að fá sér morgunklíðið, hita kaffi á gashellunni og pressa appelsínu, því hér eru allar körfur fullar af ávöxtum, freistingar alls staðar.

Það setti svip á íbúðina þegar hengdar voru upp myndirnar sem við komum með. Í stofunni er myndin eftir Kjartan (*Guðjónsson*), sem amma þín gaf Auði í skírnargjöf. Í borðstofunni er svifandi skrifstofuengillinn eftir Dag og Uppsalamyndin hans er á borðinu og bíður eftir innrömmun. Mynd Dags Sigurðarsonar bíður síns nagla og hugkvæms veggjarvals. --

Það væsir ekki um þau Auði og Axel, en skrýtið er að líf sem byrjaði í Ólafsfirði, og á Bergstaðastræti skuli sameinast hér í Katalóníu. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Barcelona. 14.5.1995.

Þakka bréf með fréttum að þau hafi komið sér fyrir í Helsingfors, þau ánægð með aðstæður og Jóhannes kominn í leikskóla. Ekki síst að þau séu ánægð með sinn skóla. Segi frá íbúð Auðar og umhverfinu, ferðum í bæinn og ýmsum skemmtiferðum.

Fórum í tveggja daga ferð upp í Pyreneafjöllin, til Nurya í nærri 2000 m. hæð; Figueras og sáum Dalisafnið fræga.

-- Stella var hér á flugmálafundi og mikið með okkur. Var sannarlega skemmtilegt að svo heppilega vildi til að við gætum verið saman. Hún fór í gær.

Samstarfsfólk Axels í *Irefish* bauð okkur heim eitt kvöldið til stórkostlegrar veislu. Þau eru gestrisin mjög og búa betur og glæsilegar en ég hef séð annars staðar, á fegursta stað í borginni, með húsdýrum, öndum, kanínum, hænsnum, geitum og fleiri alidýrum.

Ekki síst var gaman að sjá staðinn þar sem þau A+A bjuggu lengst.³

Við fórum heim næsta dag með fyrsta beina fluginu. Með sömu vél komu foreldrar Axels og bróðir og munu dveljast í þrjár vikur. Þetta verður sem sé erfitt sumar!

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 10.6.1995.

Þakka gestrisni. Skrítið var að kveðja þau á flugvellingum innan um alla landana, allt í einu nýr vinalópur, á þessum fjarlægum slóðum.

Brynja tók á móti okkur um miðja nótt, eftir að hafa skilað af sér ferðamannahópi um kvöldið. Ásgeir var við dagskrárgerð og upptökur í Skálholti og átti svo að fara til Vestmannaeyja. Þau Brynja höfðu farið á Tindfjallajökul og í Þórsmörk. Hefði hann nú fengið rétt til að stjórna fjallahópferðum. Tengist þetta ferð sem hann á að stjórna um ítölsku Alpna í sumar.

-- Þegar við komum hafði mamma opið inn til sín og var heldur en ekki glöð yfir heimkomu okkar. Allt hafði gengið vel og var hápunkturinn þegar Sæunn og Ásgeir komu í heimsókn. Átti hún ekki nægilega sterk orð til að lýsa ágætum þeirra og happi okkar allra að fá að tengjast slíku fólki. Dídi var komin heim af spítalanum og hefur fengið konu til hjálpar tvisvar í viku. --

Dídi á að nota neyðarhnapp og göngugrind en svíkst um það. Vitaskuld vissi hún að Helgi hefði búið á Avenida Victor Hugo, en nafninu var stöðugt breytt með nýjum valdhöfum. Mikið höfðum við velt fyrir okkur hvar hann hefði búið í Barsó.

Svo var fólki boðið í spænskan mat - Þá mundi mamma að húsnúmerið hjá Helga hefði verið quattro svo nú ætti að vera mögulegt að finna hús Helga.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 12.6.1995.

-- Eftir klst. hefst afmælisteiti með Ásgeiri, Brynju, Palla og Láru. Við keyptum -- smávægilegan mat á *Mercat de la Boqueria*, þurrkaða skinku, aspars, ost, pylsur og kirsuber. Þessa stundina erum við miklir spánarsinnar og hrifin af flestu þar og reynum að flytja með okkur hingað sem mest, nema spænskuna - hún kom okkur spánst fyrir sjónir.

Var gaman að fara um Raval-hverfið og hugsa til þess að þú hefðir verið þar með skólanum. Hverfið er ansi mikið að breytast eftir að söngleikahöllin brann og verið að *sanera* hverfið eða flytja eyndina til eins og einnig mætti segja. --

¹ Ingveldur Dagbjartsdóttir, systir Sírriar, var hér á sérfræðingafundi Flugmálastjórnar.

² Elly Vilhjálms (Henny Eldey Vilhjálmsdóttir) (1935-1995), söngkona. Starfaði með Auði á skrifstofu Sjónvarpsins þar sem þær kynntust náíð. Hún var gift Svavari Gests, náganna mínum úr Tjarnargötu. Hann bjó í Hvannbergshúsi, miklu steinhúsi á horni Bjarkargötu og Skothúsvegar. Húsið var brotið niður og sjást þess engin merki nú.

³ Þau bjuggu í gestahúsi þar á lóðinni.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi og fjölskyldu. Rvík. 19.6.1995.

-- Ég er ekki búin að venjast því að hafa ykkur í Finnlandi -- óralangt í burtu. -- Héðan er ágætt að fréttu. Við héldum upp á þjóðhátíðardaginn með því að bjóða ömmu þinni og Dídí að borða hangikjöt og tilheyrandi. Þær voru mjög ánægjulegar Dídí fer ekkert út nema henni sé hjálpað og hún sótt -- völt á fótum og pasturslítill -- þakklát fyrir allt sem gert er fyrir hana og glöð yfir að fá að vera heima hjá sér. Við plöntuðum sumarblómum í blómaker á svölunum hjá henni og gleðst hún yfir að horfa á "garðinn sinn".

Nú er hafin garðvinna líka hér á Bergstaðastrætinu. Vorið hefur verið kalt og ekki ástæða til að planta fyrr en nú. Garðurinn var í slæmu ástandi -- mikil vinna -- ánægjuleg. Kosturinn við að vinna í garðinum er að það koma svo margir nágrannar og rabba við mann. Pabbi þinn passar sig alltaf á að staðsetja sig einhvers staðar nálægt götunni, svo hann er á stanslausri kjaftatörn allan tímann meðan ég púla.

Kristin Corneliusson (Katarinudóttir) er búin að vera hjá okkur í viku, 17 ára, tveim árum eldri en þegar hún var hér síðast. Hún er ágæt en sést lítið heima fyrir þar sem áhugamál hennar virðast eingöngu vera að hitta kunningja, en hún er fljót að kynnast og vinsæl. Hún vinnur frá kl. sjö til hálf fimm, borðar með okkur og er flogin út. Því miður er hún mest með sænskum krökkum og lærir ekki íslensku þess vegna. --

Ásgeir og Brynja eru að fara á Hornstrandir -- hópur sem þau hafa náð saman og skipuleggja alla ferðina. Auður og Axel hafa áhuga að slást í hópinn, en koma seinna.

Auður og Axel héldu upp á 17. júní en hjá þeim eru foreldrar hans og 17 ára bróðir.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. San Jóan Despí. 23.6.1995.

Ræðir rækilega skólamál sín og segir frá heimsókn í fleiri skóla, einkum hvað varðar viðgerðir og endurbætur á húsgögnum og listmunum, mislangir, allt upp í fimm ára nám. Sumir viðurkenna nám hennar í París. Rekur líka kostnaðinn.

-- Ég er búin að kastast fram og aftur á leið minni um bæinn, hætta við eða finna leiðir -- það er ljóst að ég get þetta ekki hjálparlaust. -- Eina leiðin er auðvitað, þið. Ekki svo að skilja að mér finnst sjálfsagt að hlaupa í vasana á ykkur, langt í frá, ég veit að þið eruð að hjálpa Degi. Eina leiðin sem ég sá var að sækja um venjulegt framfærslulán hjá LÍN. -- Ég tek það fram að þetta er bara það sem ég hef verið að hugsa á leiðinni heim -- ekki einu sinni búin að hitta Axel -- Mér finnst óþægilegt að hugsa þrjú ár fram í tímann -- þegar ég hef einu sinni hætt í námi. --

Það gengur allt vel, þó ég geti orðið taugastrekt yfir allri vinnslunni á heimilinu. Ég fæ einhvern veginn algjört ógeð fyrir víni sjálf. En það er ekkert vesen svo sem, það eru bara ekki skemmtileg umræðuefni yfirleitt þegar vín er um hönd haft. --

P.s. Svo vinn ég mér vonandi líka aur inn í sumar.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 24.6.1995.

Ræði hugmyndir hennar um að leggja fyrir sig húsgagna- og listmuna viðgerðir og óskar eftir rökstuðningi fyrir þeirri stefnu. Segi okkur mömmu hennar þyki þetta námsval benda til að þau stefni að því að setjast að á Spáni.

-- Þótt okkur finnst það ekki neitt sérstaklega ánægjuleg tilhugsun er það samt þitt val og ykkar beggja að öllu leyti.

Eins og ég hef sagt þér finnst mér hæfileikar þínir og menntun vera orðna mjög góða. Ekkert vanti á nema sjálfstraustið. Byrja að skrifa - þýða - yrkja - hvað sem er - hvar sem er - þar eru hæfileikarnir - það eina sem þarf er sjálfstraust - markvissar hugmyndir. Ekki til að græða, heldur til að rækta hugann. Rannsóknir. Tengsl Spánverja við Ísland í aldanna rás - hvað sem er. Það eru svo frábærir möguleikar fólgnir í því að vera á Spáni - þar á meðal nám í húsbúnaði og innréttingum.

Við mamma þín minnumst alltaf orða eins kennarans þíns: *Frábær efnistösk - ofmetmastu ekki við þetta lof - haltu áfram á sömu braut.*

Með þessu er ég að skipta mér af, rétt einu sinni, hvað þú takir þér fyrir hendur. Mér brá við þegar Axel sagði að í sumar væri nóg að gera í fiskversluninni! Var hann þá líka að reyna að stýra þér inn á vissa braut! Hann er stjórnsamur og gerir kröfur til að eignast góða eiginkonu og húsmóður. Er hann tilbúinn að styðja þig í námi, að öllu leyti - alltaf - og fórna einhverju fyrir það?

Með þessu bréfi er ég -- alls ekki að stjórna, þótt svo geti virst. Ég er eingöngu að brýna þig til öruggra ákvarðana, Ég styð þig í öllu sem þú tekur þér fyrir hendur - hvar sem er. Ég er svo vemmilega góður að ég segi þér ekki að þinn staður sé Ísland - því þótt ég sé föðurlandsvinur fórna ég öllu fyrir velferð þína.

Ég veit ekki hvernig þú skilur þetta bréf. Þetta er stuðnings- og hvatningarbréf ástríks föður - sem sjálfur hefur margoft á lífsleiðinni staðið á erfiðum tímamótum - en alltaf - fyrir hreina tilviljun - rambað rétta leið - sem sést á því að hann er hamingjusamur við tölvuna að hvetja hæfileikaríka dóttur í útlöndum að trúá sjálfa sig - og góðan tengdason til að trúá sjálfan sig og Auði sína.

Niðurstaðan er: Gerðu það sem hjartað býður þér og stattu við það. Þá nærðu langt. --

*Menntaprjálíð mér er leitt
manns á ytri hlið,
þar anda og hjarta allt er sneytt
og ekkert hærra mið.*

*Mín er þetta meining full,
maður, vel það heyr:
Heldur leirugt gef mér gull
en gullinn leir.
Stgr. Th.*

*Tækifærið griptu greitt,
giftu mun það skapa,
járnið skaltu hamra heitt,
að hika er sam' og tapa.
Stgr. Th.*

*Ef byggir þú vinur og vogar þér hátt
og vilt að það skuli' ekki hrapa;
þá legðu þar dýrustu eign sem þú átt
og allt sem þú hefur að tapa.
Og fýsi þig yfir til framtíðarlands
og finnist þú vel geta staðið,
þá látt' ekki skelfa þig leiðsögu hans,
sem lagði á tæpasta vaðið.
P.E.*

*Trúðu á tvennt í heimi
tign sem æðsta ber,
guð í alheims geimi
guð í sjálfum þér.
Stgr. Th.*

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. San Joan Despí. 24.6.1995.

-- Takk fyrir bréfið -- ég er búin að lesa það oftar en einu sinni til að melta það. Ég þakka af öllu hjarta fyrir allt það góða sem í því stóð. Axel er búinn að lesa það líka og varð ögn órólegur yfir því hvað ykkur þætti hann of stjórnsamur og frekur við mig, en ég vildi meina að þið vilduð ekki að ég væri án hvatningar og uppörvunar. Hann hefur sagt mér að hann muni hvetja mig þegar ég væri búin að finna það sem ég vildi gera (allt annað en saltfisk) en ég verði náttúrlega að velja sjálf. Og ég veit það, að hann vill mér allt það besta, þó hann sé svolítið stjórnsamur.

Í gærkvöldi var jónsmessuhátíðin hérna á Spáni og hefði maður ekki vitað betur, hefði ég haldið að við værum í Sarajevo, aðrar eins sprengjur hef ég ekki vitað. Við vorum upphaflega boðin til Alberts og Irene, en því boði var aflýst. Þau sögðu að þátttakan væri engin, þannig að það yrði ekkert af þessu. Það var grunsamlegt, því þá var nýbúið að senda til þeirra spurningar varðandi rekstur fyrirtækisins, sem þau (*Sæunn og Ásgeir?*) hafa áhuga á að ræða við þau. Rétt á eftir kom afboðunin. Þau eru nefnilega ekki alveg róleg með hvernig þau reka IREFISH, mörg mál óljós. Skuldir við Sæunni Axels mjög háar og enginn áhugi á að borga þær niður. Og þar að auki ekki víst hvort einhverjir fyrirtækispeningar fara í húsið þeirra. En þetta á allt að ræða á fundi --

Við fórum oní bæ -- og datt í hug á leiðinni heim að athuga hvort þau hefðu fellt niður boðið eða hvort þau hefðu logið öllu saman. Við keyrðum framhjá, viti menn, þar var bíll við bíl, öll fjölskyldan saman að skemmta sér. Þetta er til að undirstrika að líklega er ekki allt hreint í pokahorninu hjá þeim -- Sérstaklega er þetta sjokk fyrir Axel.

En við fórum hingað á útiskemmtun í Sant Joan Despí og skemmtum okkur vel fram á nótt.

Annars er stefnan sett á La Paloma í kvöld, dansa pínulítið, þó ég hafi ekki dansherrann góða, hann þabba minn með mér. En ég ætla að athuga hvort vonbiðill mömmu sé þarna að bíða eftir henni. --

Auði hefur boðist vinna í Rvík í sumar - auðvitað í saltfiski.

-- ég hef ekki svarað, en von að þiggja vinnu. -- Hlakka til að koma heim.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 25.6.1995.

Segi frá því að Auður komi senn heim. Verði það léttir fyrir okkur, þar sem við séum með Kristínu, unga frænku okkar frá Karlstað. Hún bindur þau mjög, en sé nú komin í tengsl við Nordjobb-hóp ungs fólks, sem við höfum líka kynnst, en fer heim 4.8.

-- Auður stefnir að því að koma heim 8.7. -- Hún er búin að fá vinnu í saltfisksölu og er bara ánægð með það. Er upptekin núna við þælingar um hvernig eigi að skipuleggja námið. Það er erfitt fyrir konur að gera það sem þær vilja þegar karlarnir eru fasti punkturinn og hin sanna menning, þótt menn læri ekki til neins sérstaks annars en að vera forseti. Vigdís tindi upp fróðleikspunkta hér og þar í nágrenni spítala þar sem Ragnar, maður hennar, var við störf. Hvað er eiginlega betra, ef menn þá meta það og ætla sér eitthvað.--

Það var gaman að heyra fréttirnar af því þegar þið sváfuð í rúmi Alvars Alto. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 26.6.1995.

-- Mánudagsbréf verður það að vera þótt lítið sé í fréttum -- Stella er að fara til Khafnar um helgina. Hún er mjög upptekin af Barcelonaferðinni og naut hennar greinilega í ríkum mæli og ykkar frábæru leiðsagnar. --

Kristín og Haukur búa hjá henni, því Arnór Hannibalsson bað um að fá að vera svólítið lengur í íbúðinni.

Kristín fór til hans og fékk sjokk yfir umgengninni -- allt í skít og svínarí. --

-- Upphaflega stóð til að hann notaði íbúðina bara til fræðistarfa, en -- Þetta er leigjandasaga. --

Amma þín kom upp til mín í gær og hafði verið að kaupa sér litað dagkrem og vildi vita hvort það passaði henni. Húns sagði að hún vildi líta vel út¹ þegar þau koma! Þau eru náttúrlega þið Axel. Allt snýst um komu ykkar, ekki bara hjá henni, heldur líka hérna. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. San Joan Despí. 26.6.1995.

-- farið að hitna mikið --

Segir frá málningu, viðgerðum og endurbótum á íbúðinni.

-- nú er líka dvöl forelda (Axels) farin að stytast -- búið að ganga vel. En ég viðurkenni þó að ég verð fegin að fá að vera í rólegheitum nokkra daga, áður en við komum til Íslands. *Fer í bæinn með Sæunni.* -- meðan karlarnir verða á fundi með Irefish. Það er nefnilega allt vitlaust í þeim málum núna og kemur eflaust ekki annað til greina en að leggja félagið niður og hætta öllu samstarfi við þau Albert og Irene. Þetta er allt mikið áfall fyrir Axel, þar sem þetta hefur verið Axels vinna að koma þessu upp og hann hefur treyst þeim, en nú koma svik og prettir í ljós hjá þeim. En þetta leysist vonandi á besta veg -- en þetta leysist ekki friðsamlega og með áframhaldandi vinskap. Og skrítið að hugsa til þess þegar við förum öll saman til þeirra, líklega síðasta skiptið sem maður steig þar inn fyrir dyr. --

Svo ætla ég að sækja um skólann á morgun. Þessi skóli er ekki nokkur einasta vísbending um að við ætlum að setjast að hér á Spáni -- atvinnumöguleikar -- ef ég fæ inngöngu. Við vorum að tala um það áðan að við yrðum hér næstu þrjú árin, á meðan á skólanum stæði --

Jæja, hlakka til að koma heim, takast á við unglíngaveikina á Bergstaðastrætina, skúra, hjóla, synda, sitja og tala við ykkur öll, á öllum hæðum. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertss. Rvík. 1.7.1995.

Sendi afrit af bréfi til Björns Bjarnasonar menntamálaráðherra vegna umsóknar um námsstyrk. Hittum hann á Skálholtshátíð og sagðist hann hafa séð bréfið; ætlaði að athuga málið betur.²

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 3.7.1995.

Fréttir af Ásgeiri og Brynju sem eru í slæmu veðri á Hornströndum. Segi frá Vibeke og Degi sem líkar vel í skólanum og við Finna.

Fréttir af góðu veðri. Dídí hafi veikt, þurfti að skríða um íbúðina, þorði ekki að ýta á nýjan öryggishnapp, var svo hrædd við að lenda á spítala.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertss. Rvík. 3.7.1995.

-- Gaman að heyra hvað þið eruð ánægð með skólann og dvölinna í Finnlandi. Mér hefur alltaf fundist Finnland hrífandi land og fólkíð mjög elskulegt. Að ég nú ekki tali um hönnunina -- Listamenn eins og þið hljótið að hafa margt þangað að sækja. -- Það var gaman að heyra lýsinguna á Jóhannesi, hvað hann er orðinn stór og duglegur - - bráðum tveggja ára. --

Segir frá tónleikum í Skálholti þar sem frumflutt var *Requiem* eftir Jón Nordal sem sönghópurinn Hljómeiki flutti. Framkvæmdastjóri tónleikanna er Arngeir Heiðar Hauksson bróðir Guju Daggar. -- hann bað að heilsa ykkur Auði.

Auður og Axel koma í vikunni. Þá breytist heimilið heldur betur og færast fjör í hlutina. Auður ætlar að ræsta hér í TFÍ í mánuð og svo er búið að bjóða henni sölustarf hjá Valeik, fyrirtæki Axels og fjölskyldu. --

Við vorum að vinna í garðinum -- Tókum síðustu bergfléttuna niður -- hún ekki orðin falleg og erfitt að ráða við þennan mikla vöxt. --

¹ Var tæpra 95 ára!

² Sem hann, sennilega, gerði ekki.

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. Ódags.

Pakkar fyrir upplýsingarnar og ágætar fréttir af Auði.

-- Hjartans þakkir fyrir fjárhagsaðstoðina og allt umstangið sem henni hefur fylgt. Það er ekki tekið út með sældinni að vera svona góður - eða hvað? Sendum Dídí kveðjur --'

Áður en hann fór frá Osló sendi hann niðþungan svefnsófa til Íslands sem við höfðum keypt í heimsókninni þangað.

-- Það hefur verið mikið annríki hjá okkur síðustu daga. Seldum sendiferðabílinn sem var meiri drusla en virtist í upphafi. Keyptum svo pínulítinn *Autobianchi* frá Lancia núna um helgina og erum ánægð með þau skipti. Verður þægilegra að hafa hann í innanbæjarakstri í Helsinki. Og sparneytinn er hann í ofanálag. Sluppum með skrekkinn frá þessum fyrstu bílaviðskiptum fjölskyldunnar. Þetta gerði það að verkum að við urðum að senda hérumbil allt okkar hafurtask á undan okkur því bíllinn rúmaði fátt annað en okkur þrjú og ef til vill smá nestisþakka - heilhevitbrauð með geitarosti, ef allt á að fara eftir settum reglum. --

Höfum frestað brottför þangað til á laugardag og mun vinkona okkar, Kristjana Aðalgeirsdóttir frá Akureyri sækja lyklna fyrir okkur svo við komumst inn í íbúð okkar í Otnäs í Espo. --

Annað ár Jóhannesar er bráðum á enda og annað skaplyndi farið að gera vart við sig. Háreysti og handapat er það algengasta, en vinsælast að leggjast í gólfíð og baða út öllum örmum með tilheyrandi óhljóðum. Þess á milli er hann í besta skapi og skemmtir bæði sér og fjölskyldunni eins og besti gamanleikari. Hann hefur það fínt á barnaheimilinu enda er fóstran dugleg að fara með börnin í ferðir. Þau voru að skoða konungshöllina í síðustu viku þar sem Jóhannes stal senunni með því að skríða á milli fóta hermannanna --

Að lokum segi ég: Góða ferð til Spánar og skilið góðum kveðjum til Auðar og Axels. --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Helsingfors. 10.7.1995.

-- Vorum hjá Túu Kurtén í fyrrakvöld og nutum ljúffengra veitinga. Fengum reyktan *sík*¹ með nýjum kartöflum og finnsk jarðarber á eftir. Þetta var sannarlegasta, finnskasta og besta máltíðin sem við höfum fengið síðan við komum hingað. Hún býr fallega, í nágrenni kaplaverksmiðjunnar þar sem við höfum vinnustofur. Það var gaman að heyra hana segja frá eyjunni *Högsára* þar sem hún hefur eytt sumrunum frá því hún var þriggja ára.

Ég man ekki hvort ég sagði ykkur frá því, en við förum með skólanum í ferðalag í ágúst og það hittist svo skemmtilega á að Högsára er áfangastaðurinn. Við verðum þar í 10 daga og Túa verður þar allan tímann.

Jóhannes og Túa náðu góðu sambandi. Hann leyfði henni að hafa sig í fanginu, hossa sér og kítla. Í bílnum á leiðinni heim sagði hann með aðdáun í röddinni að Túa hefði spugað við sig. Það verður gaman að sjá hana aftur seinna í sumar.

Maríus (*bróðir Vibeke*) og Jóhannes eru hinir mestu mátar eftir fyrri viku hans hér. Eru þeir á ferð og flugi allan daginn, á listasöfnum, í dýragörðum og á leikvöllum, út um allar trissur.

Í gær förum við til Borgá. Skoðuðum fyrst þennan skemmtilega miðaldabæ, fullan af túristum, förum svo á baðströndina til að kæla okkur svolítið og snerum svo aftur til Borgá þegar túristarnir voru farnir. Það var gaman, því við höfðum þessi myndrænu stræti alveg útaf fyrir okkur í kvöldsolinni. Síðan kórónuðum við þennan Borgádag með því að fara út að borða. Jóhannes var alveg í essinu sínu allan daginn, naut þess að hossa í kerrunni um brústeinsgöturnar, busla í Finnlandsflóa og borða kartöflumús á veitingahúsi. Hann var heldur en ekki vonsvikinn þegar þjónustustúlkan kom með tóman disk handa honum. Þegar hún sneri sér við til að ná í matinn, þá fauk í hann og byrjaði að hrópa svo allir heyrði: *Sækja mat! Sækja mat!*

Það hefur verið gaman að hafa Maríus hérna hjá okkur. Hann hefur bjargað okkur algjörlega því að við hefðum ekki átt séns í að framleiða öll verkefni sem ætlast er til af manni, ef við hefðum þurft að skipta Jóhannesi á milli okkar þennan mánuð.


Vinnuálagið eykst stöðugt. Þessa stundina erum við að fást við fimm verkefni fyrir utan fyrirlestrana og skoðanaferðirnar sem við erum stöðugt í. Prógrammið er skipulagt ansi viðvaningslega, þannig að maður fær aldrei tíma til að setjast niður með öll þessi verkefni og leysa þau. Við erum ekki þau einu sem erum uppgefin á þessu, það eru margir farnir að tala um að þeir ætli sér að hætta.

En við ætlum ekki að hætta - ekki nema Lánasjóðurinn bindi enda á þetta eins og þeir létu skína í, í bréfinu frá ykkur í dag. Getið þið kannad það mál fyrir mig? --

Að lokum: Það verður haldið upp á afmæli Jóhannesar í Kaplaverksmiðjunni -- með pompi og prakt. Við keyptum afmælisgjöfina frá ykkur. Hún er að vísu kannski jafn mikið til okkar, því strákurinn er orðinn bæði stór

¹ Sik, sik, síkur, sennilega vatnafiskur.

og þungur. Þess vegna keyptum við svokallaða regnhlífarkerru sem hægt er að leggja saman og hafa í bílnum. Jóhannes mótmælti hástöfum þegar afgreiðslukonan sýndi okkur hvernig átti að leggja hana saman. Hann vildi ekki hafa það að fólk væri að eyðileggja hlutina sína. Svona lítur hún út:



Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 24.7.1995.

Segi frá húsinu Bergstaðastræti 66 sem hefur verið selt og sögu þess.

-- Við fórum í brullaup Bjarna Benediktssonar, eins og við sögðum frá. Þetta var íburðarmesta og nútímalegasta veisla sinnar tegundar sem ég hef orðið vitni að - enda er tengdafaðirinn fjölmiðlamaður - kannski öllu heldur auglýsingamaður sem stjórnaði fegurðarkeppni um árabíl. Gestirnir voru yfir tvö hundruð, þar af voru félagar þeirra flestir úr Stjórnunni í Garðabæ, þriðjungur gesta. Setti það aldeilis svip á veisluna og ræðurnar - ef ræður skyldi kalla. Skemmtiatriði voru mörg, bæði í Bessastaðakirkju og á Hótel Sögu. Veislan og athöfnin var skemmtileg - ef maður lætur ekki kæruleysi gagnvart hjónabandinu fara fyrir brjóstið á sér. Efni ræðuhaldanna voru gamanatriði úr skeggja- og gæsapartíum. Brúðarvalsinn var til þess eins settur á svið að hæðast að slíki manndómsraun.

Segja má að hefðbundið brúðkaup, með pompi, prakt og slóri (einkenni sakleysisins), þar sem fólk hefur búið saman meira og minna upp undir áratug, og á fjögurra ára dóttur, sé heldur betur út í hött. Að ég nú ekki tali um þegar bæði athöfnin í kirkjunni og veislan er sett upp með viðstöðulausum skemmtiatriðum (Ragga Bjarna og Magnúsi Kjartanssyni), poppsöngvurum (Bjarna Arasyni og Bjögga), fjöldasöng, fáránlegum, ósmekklefum gamansögum. Alveg út í hött, ef ekki háðung eða jafnvel árás á helgi hjónabands og heimilis, þessarar undirstöðustofnunar mannfélagsins, sem allir lofa, en er langt frá því að allir virði og byggi upp til ræktunar dyggða og uppeldis nýrri kynslóð.

Skemmtilegasta atriðið var þegar Benedikt Einarson (*Sveinssonar og Birnu*) sýndi ásamt dansfélaga sínum dans, en þau eru Evrópumeistarar í samkvæmisdönsum í sínum 14 ára aldursflokki. Það var einstakt, enda parið indælt og Benedikt alltaf jafn geðþekkur og skemmtilegur og hann var þegar hann fæddist og bjó hér við strætið. Reyndar datt hann niður hringstígann illræmda í húsinu þeirra og mun það hafa gert útslagið að þau fluttu héðan.

Ættu þau þá ekki að efna til brúðkaups? Jú, svo sannarlega! Þeirra sambúð má vígja og samgleðjast þeim með þeirri alvöru og virðingu sem getur verið fólgin í því að fólk ákveði að nú eigi óvígð sambúð ekki lengur við, þótt hún hafi gert það í upphafi. Á fólk að laumast til prests eða fógeta? Að sjálfsögðu getur það gert það. Hitt er sannarlega fagnaðarefni fyrir alla aðstandendur og raunverulega vini að taka þátt í að flytja óvígða sambúð á annað og æðra stig, samkvæmt þeim lögmálum sem við eiga. Auðvitað halda fjölmiðlagosar áfram að setja brullaupið, með prestum, kirkjum, guðs orði og fjölskyldunni, á svið fyrir fjölmiðla og viðskiptafélaga til þess að treysta viðskiptasambönd í framapot. Þá er milljónin sem fárið kostar góð og ódýr fjárfesting. En til að undirbúa litla fjölskyldu fyrir lífið - það er aldeilis vafamál.

Heildardómurinn um sjónarspilið er - stórkostleg og óaðfinnanleg sviðsetning og stjórn - Eiga brúðurin og pabbi hennar allan heiðurinn og ábyrgð! Einnig skipulagi í öllum smáatriðum, frábærri framkvæmd, - gaman að hitta veislugesti og fjölskyldu brúðarinnar - en er alveg á mörkunum að hægt sé að fella sig við það. Ingimundur Sveinsson gekk úr salnum þegar verið var að flytja ræðurnar. Ég mændi niður í dúkinn - varaðist að horfa á þetta fallega unga fólk bulla frá sér og okkur öllum allt vit. Við sátum með Inga og Siggú, Óla og Jójó, Rönku og Jóranni ömmu þinni og höfðum það skemmtilegt saman.

Það er nú það. Þetta er langt bréf um lítið - en samfélagslega mikilvægt efni.

Axel og Auður eru nú að tygja sig í vinnuna. Henni gengur saltfisksalan bara vel. Mamma þín þarf að sinna mikilvægum erindum fyrir TFÍ í dag.

-- Mamma þín var að koma niður og er að velta fyrir sér hvort hún eigi að þera ráðherra í bréfinu sem hún er að skrifa. Þannig geta hin minnstu atriði orðið mikilvæg þegar aðstæður eru þannig.

-- og ég þarf að klippa föstudaginn af mínu frí til að sækja fund um hættuvarnir í raforkukerfinu. Sem sé allt eins og á að vera --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 14.8.1995.

Ræðir mikið vinnuálag á þau Vibeke. Óskar velfarnaðar vegna væntanlegrar stækkunar fjölskyldunnar. Þýður þeim að koma hingað í frínu án þess að þau þurfi að hafa áhyggjur af fjármálahliðinni. Eins gæti verið skynsamlegt að taka það rólega í Finnlandi, hvílast með lautarfeðum, njóta Finnlands.

-- Engir tímar eru jafn eftirminnilegir, gefa manni jafn mikið í minningunni og þegar fjölskyldunni auðnast að, leita og finna þá sælu ró og einfaldleika sem kannski aldrei síðar er hægt að reyna.

-- Dídí veiktist á laugardagsmorgun. Hún svaraði ekki símanum svo ég fór til hennar. Þá lá hún á gólfinu í stofunni, reyndist með fullri rænu og leið að því er virtist, ágætlega. Virðist hún hafa fengið aðsvif, sennilega heilablæðingu; og gat sig ekki hreyft. Ég kom henni í rúmið og hún tók fljótt að jafna sig andlega en nær ekki jafnvægi. Hún var strax flutt á spítala og verður rannsökuð í dag. Er hún við andlega heilsu þótt aðeins slái út í fyrir henni. Hún blandar saman draumum og veruleika. Ekki virðist mér mögulegt að hún komist aftur heim. En hvernig hún kemst á stofnun veit ég ekki. Hún gerir sér grein fyrir hvernig komið er fyrir henni. --

Auður er á fjórða degi leiðsöguferðar sinnar með franska ferðalanga.

Má ekki trufla hana því það er erfitt að fara um ókunnug héruð Kannski rifjast eitt og annað upp sem gerðist í aftursætinu á ferðum okkar fyrir 25 árum! --

Axel kom úr tveggja daga hestaferð um Snæfellsnes, frá Mýrum eftir fjörunum að Skógarnesi. --

Mikið að gera í vinnunni hjá mér, verið að flytja skrifstofuna og nýi framkvæmdastjórinn ekki kominn til starfa. Ásgeir er einn heima því Brynja er í seinustu ferðinni. Hefur ráðið sig aftur til Smith & Norland. Allir í fjallaferðum í fjölskyldunni. Jafnvel Palli fór í ferð á vegum Útivistar og varð frá sér numinn.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 21.8.1995.

Fjölskyldan kemur frá Finnlandi og gladdist Auður einna mest, en hún var þá í Skaftafelli og gengur leiðsögnin aldeilis vel þótt hópurinn sé ekki beint meðfærulegur. Allir í fjölskyldunni eru á ferð og flugi í rigningu og ókyrrð sem gengið hefur yfir landið. Mikil breyting á lífsháttum. Ég er fluttur innst á Suðurlandsbraut með skrifstofunni, eftir að hafa unnið í miðbænum frá 1954. Gönguúrur breytast. Ekkert um að kvarta.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 28.8.1995.

-- Ásgeir hringdi frá Egilsstöðum og voru þau þá búin að vera í Öskju, Kverkfjöllum og Herðurbreiðarlindum og á leið í Snæfell. Svo hringdi Brynja í gær frá Skaftafelli. Sennilega koma þau í kvöld úr þessari vikuför. --

Mamma borðaði hin hressasta hjá okkur í gærkvöldi. Axel og Auður voru líka og fóru svo í bíó. Pabbi þinn fór með ömmu þína að heimsækja Dídí og var ánægð með hvað Dídí leið vel. Þetta var stutt heimsókn því amma þín getur svo lítið. Henni hefur hrakað í sumar --

Auður og Axel eru búin að panta far þann 21. sept. Hún vinnur hjá Eymundsson í skólabókaflóðinu og er í solumenskunni. Hún hefur líka lent í því að vera sálusorgari bestu vinkonu sinnar, Möggu Ragnars. Hún er komin jafn langt á leið og Vibeke og sambýlismaðurinn hleypur þá frá henni. Hún svaf hjá Möggu í fyrrinótt eftir að þetta skeði og sagði að hún ætti mikið bág.

Elísabet Vestdal er hér á landi. Við erum búnar að bjóða skólasystrunum til hennar að Breiðabólstöðum í kvöld. Sýnast mér heimtur vera góðar og allar kátar að hittast. --

Hér eru allir farnir að hlakka til að fá ykkur. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 25.9.1995.

-- Mikið söknuðum við ykkar -- hátíðin er liðin hjá. Samt hafði heimsóknin miklar breytingar í för með sér. Persóna Jóhannesar er hér í öllum hornum og köllin í afa og ömmu hljóma hér enn - ásamt öllu hinu. Við tímum varla að leggja brúðurnar, dúkkuvagninn, matardiskana hans og málið til hliðar svo skemmtilegt er að hafa það til minningar. Fingraförin á stofugluggunum hurfu í tiltektinni í gær -- Hastrigningarnar og rokið er komið og braut gullregnið í garðinum. --

Mamma þín talaði við Auði í gær. Gestirnir í íbúðinni eru komnir niður í fimm. Skólinn verður settur í dag og hlakkar hún mikið til að hefja starfið í húsgagnaforvörslu sinni - en kvíðir líka - var hún að velja rétt? Ösköp var hún ánægð að komast heim! --

Í stóru listaverkabókinni Íslensk myndlist¹ sagði Björn Th. Björnsson í texta, að mig minnir, að mynd mömmu eftir Nínu Tryggvadóttur sé í eigu Listasafns Íslands þótt mamma eigi hana. Hefur þetta fengið mjög á hana og henni hefur fundist að þetta gæti haft þýðingu og gæti leitt til að myndin yrði tekin af henni! Í gær tókst henni loksins að fá hann til að koma og skrifa miða á bakhliðina. Hafði hún mikið gaman af heimsókn Björns og Ásgerðar Esterar Búadóttur, konu hans.

Mamma sagði við hann að sér hefði ávallt fundist hann vera eldri en hún! Hann sagðist alltaf hafa haft það á tilfinningunni að hann væri átjándu aldar maður! --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Sant Joan Despí. 28.9.1995.

-- Ég er stanslaust að fást við heimilið, koma öllu á sinn stað, því það er margt sem er á flækingsi. Stundum, of oft, er ég að rekast á eitthvað brotið eða skemmt. Þá verður Auður súr, að hún skuli ekki hafa verið látin vita -- En það þýðir ekkert, á heildina litið var þetta gott -- Síðan erum við Magga Stína búna að flækjast aðeins um bæinn og búin að finna okkur „skólaför“. -- reyna að finna íbúð - en ekkert komið út úr því máli. --

-- ég fæ í magann þegar ég hugsa um þennan skóla. Við hittumst öll, kennararnir og skólastjórinn sem sagði að nú yrði brugðið út af vananum og kennt á *kastilónsku* og ekki á *katalónsku*, því í hópnunum væri eitt stk. íslensk stúlka og einn Andalúsíbúi. -- Ég skildi ekkert hvaða verkfæri átti að kaupa, en þá hjálpaði stelpa við hliðina á mér, að skrifa þetta niður. Nú þarf ég að finna þessi verkfæri. Ég er mjög spennt - en líka svolítið kvíðin.

Annars gengur sambúðin vel. Við Magga Stína hjálpumst að með matinn, stundum býr Stjáni² hann til. -- Salka, dóttir Möggu Stínu, er yfir sig skotin í Axel, situr alltaf í fanginu á honum, hvað sem hann er að gera og segir við hann: *Axel, ég á þig*. -- ég þakka bara fyrir að hún skuli ekki vera eldri. -- Nei, þetta gengur allt bara vel --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 29.9.1995.

-- bestu kveðjur frá pabba þínum. Hann á tíma hjá heimilislækninum -- hefur bólgnað á vinstra upphandlegg og ætlar að biðja um tilvísun til viðeigandi læknis. -- Hann finnur ekkert til -- höldum að þetta sé bjúgur. --

Það verður gaman og gott fyrir Axel að fá tölvuna. Þá verður þú tölvuekkja eins og ég. Það er margt til verra. Einhvern tíma langar mig til að setja mig betur inn í það líka.

Eggert Ásgeirss. skrifar Bo Almqvist. Rvík. 1.10.1995.

Þakka fyrir bréf, fréttir og ánægjulega grein.

-- Mér fannst niðurlagið gott. Ég fann mjög til mín og fann mig í sömu stöðu og Þorbergur á sinni tíð. Leikritið *Uppstigning* vakti mikla athygli fyrir frumleika þegar það var leikið hjá Leikfélaginu og menn veltu því mikið fyrir sér hver væri Meistari HH eða Háttvirtur Höfundur, eins og hann kallaði sig. Aðeins einn réð þrautina. Þorbergur sendi Signor Dal og sagðist stoltur, enginn annar en Sigurður Nordal hefði hugsanlega látið sér detta í hug að stela hugmyndum frá sér.

Ég hef kannski sagt þér að mamma gat lesið rithönd Sigurðar og skrifaði mikið fyrir hann. Einu sinni bar svo við að sérstaklega var mikið að gera og vandasamt. Eins og oft var Sigurður viðstaddur frágang verksins, enda var það á síðustu stundu fyrir sýninguna. Máttum við Palli ekki vera heima, eða vorum að minnsta kosti lokkaðir að heiman með því að senda okkur til ömmu í Nesi, til að tryggja að við kæmumst ekki að því hver höfundurinn væri. Svo var leikritið fært upp og við sáum það og dáðumst að því. Svo kom Sigurður sem oftast með Jón og Jóhannes með sér í heimsókn og allir sátu inni í stofu og töluðu saman. Ég var þá 15 ára, alinn upp við þá skyldu að *konversera*. Ég hóf máls á *Uppstigningu* og fór að velta fyrir mér og spyrja viðstadda um hvort þeir vissu hver höfundurinn væri. Aldrei var mamma stoltari en þá. Sigurði mátti vera ljóst að þetta væri vel geymt leyndarmál þar á heimilinu eins og nú hefði komið í ljós.

Í sambandi við samanburð á þjóðsögum á hinum Norðurlöndunum og hér virðist mér mikið bera þar á skemmtilegum sögum. Hvort er að þú dregur fram það skemmtilega í sögunum - eða er gamansemi einkenni á þjóðsögum við N-Atlantshaf, kannski sameiginlegt Írlandi og Íslandi?

Þetta átti nú ekki að vera þjóðsagnabréf, aðeins til að þakka bréfið og samgledjast þér að þú skulir nú fá frí í vinnunni og getir nú sinnt hugðarefnum þínum í ríkara mæli en áður. --

¹ Björn Th. Björnsson: Íslensk myndlist II, Rvík 1973.

² Kristján Jónsson vinur Axels og Auðar, listamaður og leiðgumaður.

Nú er mjöðmin komin í lag og ég að verða hinn mesti göngugarpur á ný. Það rifjast alltaf upp þegar hugsað er til ykkar hve illa ég var haldinn af verk þegar við vorum hjá ykkur --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 2.10.1995.

Ræðir nám hennar og starf; sendir henni bók frá 1955 eftir Guðmund Frímann um kennslu í bókbandi og smíðum. Vill gjarnan fá mynd af verkferum hennar svo hún fengi að vita hvað þau heita á íslensku.

Aðalleikrit vikunnar er í æfingu - 95 ára afmælið -- Amma þín kastar ellibelgnum og stjórnar öldruðum sonum sínum og tengdadætrum; ásamt þrem tugum annarra aðstandenda, sem aldrei fyrr. Ellibelgurinn er inni í skáp. Ef ekki er gengið inn á skoðanir hennar myndi hún sennilega falla saman. Þetta er spennandi leikur í hver gefi sig fyrr. Ekki er enn búið að bjóða Ingibjörgu Sólrúnu og Vigdísi. Gæti verið að Palli hefði gefið eftir og þori ekki að láta mig vita. Sem sé, þetta verður spennandi vika - upp á líf og (elli)dauða sonanna tveggja, sérfræðinganna í neyðarvörnum og áfallahjálp. -- Sem sé allt er hér rólegt og gott. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði og Degi. Rvík. 2.10.1995.

-- Það stendur mikið til á afmæli ömmu þinnar á laugardaginn. Hana langar til að halda upp á daginn og það okkur um að sjá um það. Vandinn er alltaf sá að hún er komin með svo mikinn fjölda áður en varir. Pabbi þinn sagði henni að hún yrði að stoppa þegar komið var í 32, en þá langar hana til að bjóða þessum og hinum og ekkert hægt að gera annað en að vona að það sé sá síðasti. Við vorum búin að skipuleggja með Palla og Láru hvernig best væri að hafa veitingarnar. En í gærkvöldi kollvarpaði hún öllu skipulagi í einu veffangi og vildi hafa kaffi og kökur. Okkur tókst að beita sannfæringarkraftinum. Var sæst á að kaffi og te skyldi vera fánlegt, en annars væri gengið um með litlar snittur og veitt hvítvín, fljótlegt og gott. Allir ánægðir þangað til þessu skipulagi verður kollvarpað.

Dídí er eins og blaktandi lauf, ósköp að sjá hana, skinin bein og máttvana. Bræðurnir ætla að fara að þrýsta á stofnun. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. San Joan Despí. 10.10.1995.

Þakkar fyrir bréf og bók um bókband og smíði.

-- Það fannst mér skemmtileg sending. Ekki bara það að bókin var skemmtileg -- heldur var ég líka hrifin af því að þið skulið hugsa svona vel til manns í nýja náminu. --

Axel er búinn að fá nýja tölvu svo ég er búin að endurheimta gamla jálkinn minn, sem ég myndi ekki skipta út fyrir þá nýjustu og fínust -- það segi ég a.m.k. í dag. Þannig að ég er komin í gang, farin að skrifa bréf, læra heima og allt sem því fylgir að eiga skrifborð. --

Segir skólann skemmtilegan þó hún sé enn klaufi við notkun á sporjárnri. Segir frá samnemendum sínum sem hún hefur ekki kynnst nema stúlku frá Kanarí. Biður þau, þar sem þau séu á leið til Englands að skyggjast eftir bók, sem hún nefnir, um stíl húsgagna.

Ræðir líka líðan Möggu Stínu sem dvelst hjá þeim. Virðist hafa verið illa farin og blönk eftir skilnað. Þær hittast á eftirmiðdögum, ganga saman um bæinn og fá sér kaffi saman. Hún virðist hafa styrkt. Nú dregur að lokum dvalar hennar (þeirra) hjá þeim.

-- Axel er kominn með Internetið en kann ekki á það ennþá.

Eggert Ásgeirss. skrifar Vibeke Jenssen og Degi Eggertss. Rvík. 9.11.1995.

Berast fréttir að Vibeke sé vanfær og af ýmsum vanda sem upp kemur í því sambandi. Fullvissa þau um að við munum gera það sem við getum til að styðja þau.

-- Það met ég sannarlega við þig, Vibeke, að þú skulir meta velferð þína og barnsins meira en námið, þótt mikilvægt sé. Framtíð og velferð fjölskyldunnar er nú einu sinni það mikilvægasta í þessu lífi. Það freistar að grípa tækifærin á kostnað barnanna -- Það virðist óréttlátt að það skuli koma í hlut móðurinnar, en eru það ekki sérréttindi, sem nýtast líka í starfi. Það er nú einu sinni svo, að ef við ætlum okkur að ná langt í sérgreinum þá verðum við að hafa heimatúnið í rækt.

Eins og við sögðum í símanum gekk afmæli mömmu aldeilis prýðilega. Hún var í stórkostlegu skapi og flutti sína bestu ræðu, afslappaða, óundirbúna frá hjartanu þótt gamansemmin væri mest áberandi. Ræðan fjallaði reyndar mest um ykkur, Auði og Axel. Hún lýsti símtölunum við ykkur, hvað þið væruð að gera og hve heimsóknir ykkar hefðu verið henni mikils virði. Væri hún önnur manneskja eftir. Siggí Líndal flutti líka tölu.

Annars var afmælið vel undirbúið og fyrirhafnarlítið, með besta mannvali, hæfilega mörgum. Það hefur áreiðanlega gert afmælið betra fyrir mömmu að Dídí var ekki, þær hafa ekki góð áhrif hvor á aðra núorðið. Eins

og alltaf hefur neikvæð afstaða einhvers viðstaddra ávallt slæm áhrif. Það þekkjum við úr lífinu að ef við ætlum að standa okkur, halda ræðu, gera okkar besta, þá er vinarþel og gæði það sem mikilvægast er. *Streber* kemst aldrei langt, því hann gleymir þessum mikilvæga þætti.

Það var einstaklega skemmtilegt að undirbúa boðið, þótt reyndar kæmi það niður á gærdeginum, því við vorum bæði ansi þreytt. Reyndar þurftum við bæði að fara á fundi á laugardagsmorgun. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 11.10.1995.

-- Í miklu að snúast. Tannlæknaþing byrjar á morgun.

Amma þín er á egóflippi eftir vel heppnað boð - vill bjóða helst öllum áður en við förum til London eftir 10 daga. Dídí alveg að gefast upp þannig að það eru hringingar og heimsóknir í sambandi við það. Svo eru saumaklúbbar, leikfimisæfingar, fundir, útgáfa blaða o.m.fl.

Þannig mætir elsku litla *Aúda* afgangi. Þangað til núna að ég er kominn í vinnuna. Þá er nógur tími til alls!! --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 15.10.1995.

-- vorum í frægri veislu hjá Sigga Líndal og Maríu í gærkvöldi með öllum systkinabörnunum nema Ragnheiði sem er við nám í Harvard. Maturinn var mjög góður, samræður skemmtilegar og allt vandamálalaust, rétt eins og í gamla daga. Allir nutu sín vel. Bergljót er að ná sér eftir dauða Einars. Alfa orðheppin eins og í gamla daga þótt dálítið slægi út í fyrir henni þegar Magnús sessunautur hennar var búinn að hella óspart í glasið hjá henni til að fá afsökun til að hella í hjá sér.

Heimilið er allt skemmtilegt og gamaldags.

Það var skemmtilegt að heyra Guðmund¹ lýsa fyrstu kynnum sínum af Ragnheiði. Hann hélt að hún væri gleðikona með furðulega hárgreiðslu og í sérkennilegum fötum. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Minjasafninu á Akureyri. Rvík. 15.10.1995.

Sendi ljósmynd, frummynd, af Valgerði Árnadóttur Briem (1779-1872), sem ég fékk frá Gretelotte Schütz í Bremen, mynd frábrugðin öðrum myndum af henni þar sem aðeins örlar á brosi. Myndin er tekin af Tryggva Gunnarssyni (1835-1917) dóttursyni hennar, sem lært hafði ljósmyndun. Hann heimsótti hina þýsku frændur í Þýskalandi, væntanlega gefið þeim myndina af formóður þeirra. Sendi þeim líka Briemsætt að gjöf.²

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 16.10.1995.

Segir ársþing TFÍ afstaðið og sé það mikill léttir.

Einnig sagði hún frá góðu Zontapíngi þar sem mættu 70 konur frá útlöndum og 30 íslenskar og var hún sjálf ritari þingsins.

-- Svo bauð Vigdís öllum á Bessastaði og gerði það á sinn ljúfa og gestrisna hátt, svo þær útlendu voru alveg að springa af hrifningu. --

Þá segir af vandræðum með Þórdísi, sem tókst þó að koma á spítala til rannsóknar.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 20.10.1995.

-- Það hefur verið mikil törn hjá Degi og Vibeke -- Þetta er samkeppni um byggingar við Bláa lónið. Við fengum að lesa yfir greinargerðina -- og gera athugasemdir -- og vorum stolt að fá að taka þátt í þessu. -- Dagur var hræddur við að vera að þyngja fólki, því hann sagði að þau hefðu þurft að leita til svo margra um ýmsa aðstoð. Okkur -- leist vel á greinargerðina og fáum teikningarnar sendar seinna. Lá vel á þeim og mikið að gera í skólanum, margir nemendur óánægðir og kæmi í ljós að þeir þola svona álag misvel. Það var hins vegar enginn bilbugur á Degi sem betur fer. --

¹ Guðmundur Elíasson, læknir, maður Ragnheiðar Briem.

² Ég hafði farið með myndina, og gjafabréf í Þjóðminjasafnið (í Kópavogi). Fékk svo neikvæðar móttökur hjá ljósmyndara þeirra að ég sneri við á leiðinni út í bíl og sagði manningum að ég væri hættur við gjöfina og bað um að fá bréfið og myndina aftur. Það gerði hann „*mærkelig nok*“. Sendi ég myndina í byggðasafnið á Akureyri. Reyndar var það síðasta gjöfin, að mig minnir, sem ég hef gefið á söfn, því ég er orðinn þreyttur á að kaupa afrit af myndum sem ég hef gefið, nema borga heilmikið fyrir, og fá neikvæð viðbrögð í ofanálag. Sama er með ljósmyndasafn Reykjavíkur. En ég hef góða reynslu af Árbæjarsafni og fólkinu sem þar starfar.

Segir frá stækkandi æxli á upphandlegg Eggerts, sem þyrfti að taka. Er þá ár síðan aðgerð var gerð á mjadmarlið og virðist hann laus við kvalir.

-- amma þín hefur verið heldur erfið undanfarið -- Ég er að minnsta kosti ansi orðin þreytt á henni. Hún er mjög tilætlunarsöm og lætur mann heyra ef maður er ekki stöðugt að sinna henni og tala við hana. Ég hef verið mikið upptekin -- en hún er skilningslaus á vinnu mína sem er mikil með öllum þeim fundum sem henni fylgja. Hún segist ekkert vita hvað við séum að gera og hvert við séum að fara -- en hlustar -- ekki. Aldrei hef ég orðið vör við slíkt hjá mömmu, sem er þakklát fyrir allt það litla sem maður gerir fyrir hana og það er raunar allt of lítið. -- (*Amma þín*) var svo þreytt eitt kvöldið af að vera búin að tala í símann allan daginn að hún bað þessa þinn að taka símann úr sambandi. Svo dróst það eitthvað að hann kannaði málið en þá vildi hún það alls ekki og var tilbúin að byrja að tala aftur. Hún var þá að hafa samband við alla sem voru í boðinu og ekki í boðinu, en sendu skeyti og blóm -- þakka fyrir sig og lendir í svo miklum samræðum sem hún ræður ekki við. Hún er búin að bjóða Evu, Þórhildi Línadal og Eiríki Tómassyni, manni hennar. Lára ætlar að sjá um það boð. Við erum fegin að vera farin í burtu og þurfa vonandi ekki að koma nálægt meiru í sambandi við afmælið.

Þetta er nú kvörtunarbréf orðið, sýnist mér, en ég er bara að segja þér þetta til að fá útrás. Svo er það búið.

Við erum fegin að fara í viku frí, og verður gaman að koma til London. --

-- erum búin að panta nýjan jeppa -- í janúar. -- gaman að þú skulir hafa hitt eitthvað af ferðafélögunum frá í sumar. Svo sagði Axel að þú værir búin að kaupa mikið af skrýtnum áhöldum fyrir skólann.¹ -- Fróðlegt verður að vita hvernig allt gengur. --

Ágeir var að hjálpa okkur með tölvurnar -- hann létti á þeim og það er allt annað líf hjá okkur á skrifstofunni. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 30.10.1995.

Við erum komin heim frá London og allt gott að fréttu af fjölskyldunni en skuggi yfir vegna mannskaða í snjóflóðinu á Flateyri og líka rútuslyss þar sem tveir fórust.

-- Palli hefur unnið heilmikið að skipulagningu viðbragða við hinum geðræna þætti og sagði að það hefði gengið bara vel. Rauði krossinn hefði staðið sig frábærlega vel og mun betur en í vetur. Ég er mjög ánægður með að málið skuli vera akkúrat í þeim farvegi sem ég kom því í og gerði samninga um fyrir Vestmannaeyjagosið - að neyðin fælist í fólki. --

Mamma hefur það bara gott -- virðist hafa farið aftur og er enn ekki komin út úr afmælisstuðinu, alltaf að hugsa um ræðuna sem hún hélt og allt það sem hún lét ósagt. Boðið sem hún hélt fyrir Þórhildi (*Línadal*), Eirík (*Tómasson*) og Evu, mömmu Þórhildar, var velheppnað en af því að það var ekki nákvæmlega eins og hún vildi er hún með alls konar agressjónir gagnvart Lára sem þó hjálpaði henni svo vel. Móttökuskilyrðin eru ekki eins góð og þau voru. Ég þarf að hringja og fá einhvers staðar inni fyrir hana. --

Segi frá ferðinni til London og viðburðum þar, leikhúsum, sýningum og tónleikum. Er að lesa grein í Tannlækna blaðinu eftir Sirri.

-- Eftir klst. fer ég upp á spítala og síðan í uppskurð á handlegg. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 13.11.1995.

-- Pabbi þinn var með mjög vel heppnað námskeið fyrir Oddfellowa. Hann gaf þeim sem áhuga höfðu á fjölmiðlamálum kost á námskeiðinu. Ásgeir og Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir settu námskeiðið saman fyrir hann og voru leiðbeinendur. -- Voru 16 á námskeiðinu og var hann í sjöunda himni yfir hvernig tekist hefði. Þetta kom til af því að hann á í miklum vandræðum með að fá Oddfellowfólk til að skrifa í blaðið. Átti þetta að hvetja fólk og veita því sjálfstraust.²

Það var annars annasöm sjúkra- og hvíldarvikan hans. Hann átti að vera heima að jafna sig eftir uppskurðinn. Aldrei hefur verið eins mikið að gera kringum gömlu konurnar og einmitt þá. Þar sem Palli er í útlöndum lenti allt á honum. Þetta gekk samt allt saman og Dídí er mjög ánægð að vera heima hjá sér og nýtur þess út í æsar. -- sjálfri sér nóg um lestur og fékk aðra konu til að hugsa um sig. Ég býst við að hún hafi hrakið hina frá sér -- þarf ekki á eins miklu samneyti við fólk eins og amma þín. Það er nú komið í ljós að það sem gerði ömmu þína svona misjafna voru smáblæðingar inn á heilann, sem líða hjá. Meðan á því stendur er hún með höfuðverk, slöpp og skjálfaði og þarf á mikilli hjálpi að halda. Hún er betri núna. -- hún fékk meðul á spítalanum sem eiga að slá á þetta. -- ekkert pláss er fyrir þær á vistunarstofnunum. --

¹ Hún var byrjuð í námi í húsmunaviðgerð.

² Árangur var enginn fyrir blaðið.

Við töluðum við Dag -- hann sagði að Jóhannes segði að maginn á Vibeke væri eins og blaðra. Þykir honum gaman að þuðra í hann lofti og skemmtir sér yfir hljóðunum sem af því koma. -- Þau fara keyrandi til Oslóar um jólin því flugfélög vilja ekki bera ábyrgð á ófrískum konum, þetta langt komnum. --

Pabbi þinn keyrði mig í vinnuna í morgun -- Allt virðist eðlilegt og á hann að koma til læknisins í dag. -- Agnar (*Biering*) -- engin von um bata -- ekkert lagt fyrir, hvorki í lífeyrissjóð eða annað. Búðin gengur illa -- ætla að selja --

Við fórum á góðar sýningar í Gerðarsafni. Önnur var sýning Gunnars Arnar Gunnarssonar og hin eftir ungan listamann, Pétur Gaut.

Við hittum Kjartan Guðjónsson listmálar á sýningunni. Pabbi þinn spurðu hvernig hann hefði það. Hann sagðist bara hafa það gott, en sagði á sinn gamansama hátt að hann þakkaði nú orðið fyrir hverja vikuna. -- sagði m.a. frá því að hann hefði verið í jarðarför séra Rögnvaldar Finnbogasonar í vikunni (þið fáið eina minningargrein senda). Rögnvaldur var þekktur gleðimaður á yngri árum og kom víða við í kvennamálum. Kjartan sagðist hafa verið að hugleiða, þar sem hann sat í kirkjunni, hvað margar frillur Rögnvaldar væru við útförina. Hann sagði engan úr fjölskyldu Sigurbjarnar biskups hafa verið við jarðarförina, því Rögnvaldur hefði ekki þolað Sigurbjörn og alltaf kallað hann *Sigurbangsa*. -- þá eru allar fréttir og ekkifréttir búnar.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. San Joan Despí. 20.11.1995.

Þetta er bréf sem fjallar um árekstur nemenda við kennara út af notkun hans á katalónsku, sem margir spænskutalandi, þar á meðal Auður, skildu ekki nógu vel. Jafnvel ekki heldur Katalanar. Þegar kvartanir hófust og viðbrögð skólustjórnenda við þeim, kom í ljós að kennarinn var ekki fær um að gera sig vel skiljanlegan á hvorugu málinu og er hrokagikkur að auki. Leiddi þetta til að hann baðst afsökunar og mun eitthvað hafa ræst úr. Kom svo líka í ljós að kvöldnemendur voru líka mjög óánægðir. Lofaði kennarinn að bæta úr og sýndi vingjarnlegra viðmót, en reynist enn illa skipulagður og mun verða látinn hætta ef hann bætir sig ekki enn.

Auður segist svo sem hafa lent á slæmum kennurum og enginn gert neitt í málinu. En þar sem þetta er nýr skóli er það metnaður nemendanna að leggja sitt til að þetta verði góður og metnaðarfullur skóli.

Segir frá Madridferð þar sem hún var stöðvuð og sektuð á 165 km. hraða og auk þess var ekið aftan á þau, en tókst ekki að draga bílstjórnann til ábyrgðar.

Í Madrid leiddi vinafólk þeirra, Emilio og Pilar, þau um borgina og á góða veitingastaði sem þau þekkjá sem lófa sinn.

Kom í ljós að Auður hefur liðkast mjög mikið í spænskunni, og hefur fyrri heimsókn þangað til samanburðar.

Þá er Axel mikið í burtu í söluferðum til m.a. Portúgal og Auður reynir að nota tímann til udírbúnings jólnunum.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 20.11.1995.

-- Pabbi þinn er alveg búinn að ná sér í handleggnum. Eftir er svolítið mar og 20 sm. langur skurður. --

Erum að fara á árhátíð Oddfellowstúkunnar hans. Skemmtinefndin bað mig um að halda smá tölu - á léttu nótunum, eins og þeir kalla það. Ekki var ég hrifin, en ekki er hægt að neita. -- Mér sýnist að mest muni ég gera grín að okkur hjónunum. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 27.11.1995.

-- Amma þín var svo ánægð þegar hún var búin að tala við þig. --

Ræðir um dauða Agnars Biering sem hafði verið mjög þjáður og fékk morfín annan hvern dag þar til hann dó. Fjölskyldan stendur sig vel.

-- Árhátíðin í Oddfellow var á laugardag. Miðað við það hrós sem ég fékk held ég að þetta hafi gengið vel. Gott að vera í selskapi sem maður er farinn að kannast við. -- Pabbi þinn sagði að ræðan hefði verið miklu skemmtilegri heldur en það sem ég setti á blað. Allt grínið um pabba þinn féll vel í kramið. Ég horfði alltaf á baksvipinn á honum og þótti gaman að fylgjast með hvað hann skemmti sér vel. --

Segist vera að fara í jólahlaðborðsboð með "kellingunum" í T.F.Í. og býð þeim heim í fordrykk.

Amma þín var lukkuleg þegar hún kom upp og sagði frá símtali ykkar og flutti fréttir af ykkur Axel.

-- Við fórum til Njarðvíkur í gær í ofboðslegu slagviðri til að skoða úrlausnir þeirra arkitekta sem tóku þátt í samkeppninni um kynningarhús og mötuneyti við Svartsengi. Ekki fengu þau Vibeke og Dagur verðlaun í þetta sinn, en þarna voru flest þekktustu nöfn arkitekta hér á landi og gaman að sjá margar frábærar úrlausnir. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Sant Joan Despí. 1.12.1995.

-- amma segir alltaf að þessi dagur sé miklu hátíðlegri en 17. júní, þannig að ég reyni að halda upp á hann samkvæmt því. -- Ég fór fyrst í eina blómabúð, en þar var ekki til greni eða neitt annað. -- Enginn skildi neitt -- *Ertu að meina þetta?* spurði stúlka og sýndi mér mosa! -- Gekk áfram og þá heyri ég kallað: *Auður - Auður!!* Og þá kom hlaupandi lafmóður einn úr ferðinni í sumar. Hann býr hérna í Sant Joan og urðu það náttúrulega fagnaðarfundir og ákváðum við að hittast fljótt og spjalla. Þá var ég orðin enn glaðari og hélt áfram ferð minni, þar til ég kom að þriðju blómabúðinni og þar var greni öllum til sýnis úti á stétt. Ég réði mér ekki fyrir ánægju, greip búnt og fór inn til að borga -- og þar var mér tekið opnum örmum og afgreiðslukonan sýndi mér í smáatriðum hvernig ég ætti að útbúa þetta! Þannig kom ég heim með fangið fullt af greni, slaufum, mosa, pinnum, nælum, basti og frauðplasti til að útbúa kransinn. Og viti menn, hann er bara tilbúinn, stendur hérna fyrir framan mig og bíður eftir að kveikt verði á fyrsta kertinu. --Þið ættuð að vita, hvað ég er stolt. --

Jæja, nú ætla ég að fara að vekja Axel, hann kom svo þreyttur heim úr ferðinni, en við erum að fara í 1. des. boð með Íslendingum. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Sant Joan Despí. 1.12.1995.

Ræðir jólin sem verða skritin fyrir þau með tengdforeldrunum hjá sér og einnig hjá foreldrunum í Rvík. Fóru á jólamarkaði til að finna eitthvað skraut, ljós og kúlur.

- Annars var fríð þeirra í Pyreneafjöllum alveg frábært. Við vorum sex saman í bæ, Vaqueira -- eiginlega bara skíðastöð -- völdum skíði og fórum í lyftuna upp á aðal skíðasvæðið. Í bænum var enginn snjór, en þegar úr lyftunni kom þá tók við snjór, svo langt sem augað eygði. Og þá drifum við okkur í lyftu upp í 2400 m, hæð og þaðan var skíðað af stað. Og ég, í mínum plóg! - alveg hræðileg á skíðum en hinir flestir nokkuð góðir. Og við fórum af stað, og ég datt og datt og datt. Arnar, Selma og Axel ruku öll af stað með sína kunnáttu, en Hildur og ég héldum saman, þó hún væri náttúrulega betri en ég. Eftir að ég hafði meira og minna dottið niður 1000 metra eða svo, þurfti Hildur að fara niður í þorpið --þannig að ég hélt áfram að detta ein, fram að hádegi. Þá hitti ég hina krakkana aftur og var ég fegin því, því ég var orðin þreytt á að detta svona ein. Og þá fór nú fjör að færast í leikinn. Arnar hefur verið skíðakennari í Kerlingafjöllum, þannig að hann var vel til þess fallinn að kenna mér grundvallaratriði skíðamennskunnar, og svo ég tali ekki um Axel skíðagarp sem fylgdi mér og sagði mér til. Og þau þrjú, Arnar, Axel og Selma höfðu mig með sér út um allt eftir þetta, og það var svo skemmtilegt að skíða með þeim. Það var hægt að fara upp með einni lyftu, skíða þaðan inn í annan dal og taka þaðan aðra lyftu o.s.frv. Ég veit ekki hvað við fórum í margar lyftur þennan daginn, en allt var ótrúleg upplifun. Að þurfa ekki að fara alltaf upp, og niður aftur -- gerði þetta mun skemmtilegra. Sumar brekkurnar sem þau fóru voru eiginlega of erfiðar fyrir mig, stundum var ég alveg að gefast upp. En alltaf var Axel á hælunum á mér og hvatti mig áfram, þar til ég komst niður brekkuna. Þar gátum við hresst okkur á heitu súkkulaði, áður en við héldum áfram. Og það var alveg uppgefin og sæl Auður sem staulaðist inn í hótélherbergið um kvöldið. Daginn eftir héldum við áfram, en þá vorum við Axel út af fyrir okkur -- Ég held mér hafi farið heilmikið fram, því Axel er svo metnaðargjarn fyrir manns hönd að hann hamast á manni, þangað til maður lærir -- með einkakennara allan tímann!!

Þetta var svo ótrúlega skemmtilegt, að nú viljum við helst fara sem fyrst aftur til að ég geti lært meira. Þá ætlum við að fara eitthvað styttra, kannski til Núría -- Það verður -- eftir áramótin -- vonandi. Ég þarf bara helst að fá mér hlífðarföt, því ég á engin slík.

-- Jólaglöggið nálgast og strax á eftir koma Sæunn og Ásgeir hingað -- og í mörg horn að líta áður en það brestur á allt saman. --

Við biðjum að heilsa ömmu á elliheimilinu í Grafarvogi. Það er undarlegt að hugsa til ykkar án hennar í húsinu -- -- Ég keypti vigt í dag í Eroskí, rafmagnsvikt, voða fína (alltof fína segir Axel) og þakka ég bara vel fyrir mig. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 4.12.1995.

Segir fréttir um að Elly Vilhjálms, samstarfs- og vinkona hennar, væri látin¹. Fer fram á við Auði að hún skrifi um Elly, þar sem sambandið þeirra milli var einstakt og skemmtilegt.

¹ Þegar ég var á spítalanum nokkrum dögum fyrr lá hún í einkastofu, á móti minni sjúkrahöfn. Ég hitti Svavar Gests, æskufélagi minn á ganginum en lagði ekki í að heilsa upp á Elly vegna skýlausra fyrirmæla hennar.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. 4.12.1995.

Er ánægður með að Ásgeir hafi komið tölvumálum heimilisins í lag. Er að ná sér eftir uppskurðinn, en svarrblár á handlegg. Var tekið fituæxli, en við uppskurðinn opnaðist æð þannig að heilmikið blóð komst inn á milli vöðva.

--Amma þín var með alversta móti, lá með lokuð augun og gat ekki rótað sér. Ég talaði yfir henni í morgun og sagði að annað hvort væri að fara á fætur eða á spítala. Hún mætti ekki vera með þjáningarsvip og lokuð augun, hreyfa höfðuðið ekki, þá væri allt á niðurleið. Ég hringdi til séra Sigurðar H. Guðmundssonar og spurði hann ráða. Hann benti á að hvíldarinnlögn á blindradeild Eirar væri hugsanleg. -- Þetta gladdi ömmu þína mjög og líður henni mjög vel þessa stundina.

Þá hringdi Dídí og á nú að senda hana heim -- Ég hélt að búið væri að tryggja aðra lausn. Svo er ég kominn á stím, líka þar. Ég hélt ég gæti jafnað mig í rólegheitum! --

Mér sýnist Dagur heppinn með hve gott samband hann hefur við kennarana. Ekki eru námsfélagarnir með jafn víðtæk áhugamál og þau Vibeke; bæta kennarnir það upp. Auk þess er mjög gott að eiga trúnað kennaranna, sem mér virðist hann eiga. --

Ég hef verið að skrifa um Agnar Biering. Heimsóttum við Rúrí og hún kom hingað vegna þess. Hún stendur sig alveg með eindæmum. Hann verður jarðaður í kyrreyp á morgun og greinin kemur væntanlega á miðvikudag. Mikið er gott að skrifa svona greinar um einhvern sem manni er kær. Það er svo gott að kafa í minningarnar, gera hlutina upp og koma því svo á blað. Það tekur á, veldur sálarverk, en er eins og sálfræði- og upprifjunaræfing. Eftir á sit ég með hálfgerðar harðsperrur í litla heilanum. Þetta er tækifæri sem enginn ætti að láta fara fram hjá sér, svo hollt er það fyrir þann sem skrifar og getur verið til heiðurs þeim framliðna - ef vel tekst til. Þó er það ekki aðalatriðið. Gott að skrifa jafnvel þótt það birtist ekki. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. 4.12.1995.

-- Takk fyrir bréfið sem Axel sagði að væri svo háfleygt að hann hefði ekkert skilið í því!! En mér fannst það skemmtilegt. -- Billeysið (*viðgerð*) varð til þess að Axel kom með mér í bæinn, í lestinni og held ég að honum hafi bara þótt mikið til koma. Við fórum á laugardaginn á jólamarkaðinn, röltum um í mannþrönginni, og mikið var gaman. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. 11.12.1995.

-- Miklar breytingar eru hér í húsinu þegar amma þín er farin á Eir í hvíldarinnlögn, eins og það er kallað. Það er tómlegt, myrkur þegar farið er í vinnuna og komið aftur. Hennar heimur verður allt í einu hjúkrunarheimilið og allt snýst um það. Þótt gott sé að vera þar er það ekkert andlega hvetjandi. Þannig að ef hún flyst þangað sem líklegt er að verði, ef hún fær sínu framgengt, er hún farin í annan heim, biðsalinn, sem manni finnst svo hræðilegt að hugsa til. En svona er lífið. Það sem af okkur er létt hér á heimilinu kemur bara sem nýtt álag. Best væri, held ég, að semja við Eir um að hún komi heim aftur upp á það að hún fengi að koma þangað aftur, þegar hún nauðsynlega þyrfti á því að halda. Þetta er engin venjuleg kona hún amma þín. Af henni stafar svo mikill kraftur og þróttur. Auðvitað er hún þreytandi á köflum, en gefur mikið, a.m.k. fyrir þá sem taka á móti. Aldeilis óskemmtilegt er að sjá fram á næstu árin að þurfa að heimsækja hana á heimili, innan um fólk sem er farið að tapa sér svo mikið að hvorki hún né við höfum neina gleði af samskiptum við það og missum smám saman af henni, sem gæti lifað góðu og andlega ríku lífi hér um langt skeið.

Svona er það. Kynslóðaskiptin eru ekki fljóttandi og sjálfsögð. Þau eru eins og allt annað með hæðir, dali, fjöll, eyðimerkur og grænar grundir.

Við fórum suður í Njarðvík í gær og skoðuðum sýninguna. Þið voruð aldeilis glæsileg í hópi hinna fremstu arkitekta. Verðlaunatillögurnar voru sannarlega glæsilegar. Mjög gaman var að sjá ykkur á þessari glæsilegu sýningu og sómdu tillagan ykkar sér vel. Það er greinilegt að verðlaunatillögurnar voru mjög vandlega úthugsaðar, sumar hugmyndir alveg frábærar, ýmist að hluta eða í einstökum atriðum. Það mátti sjá á ykkar tillögu að þið hafið ekki haft tíma til að vinna alla hluti hennar svo rækilega að allt gengi upp. Ekki mátti miklu muna að hún kæmist í fremsta flokk. Við vorum stolt og hlökkum til að sjá ykkur á annarri sýningu; ekki þýðir annað en að æfa sig. Logi¹ var þarna með góða tillögu. Var virkilega gaman að sjá allar þær ólíku hugmyndir sem ólguðu og gusu af þessu afmarkaða verkefni. Af þessu getum við séð hve fáránlegt er að samfélagið skuli þróast samkvæmt línu, þar sem ekkert frumlegt eða frábært kemst að, þar sem tillögur allra eru lagðar að jöfnu. Mér finnst að af þessu gætum við margt lært sem hefur almenna þýðingu.

¹ Logi Már Einarsson (1964) arkitekt á Akureyri, þingmaður Samfylkingarinnar og formaður flokksins. Þeir Dagur og hann eru vinir og voru skólabræður í Noregi.

Kristján Ragnar, yngsti bróðir Axels, skrifaði skemmtilegt bréf til Morgunblaðsins -- hæðist að hugmyndum lögreglu og fullorðins fólks sem hefur vit fyrir ungu fólki í áfengismálum. Guðmundur Andri Thorsson gerir nokkuð það sama í Alþýðublaðinu, fjallar reyndar um bandalag ofdrykkju- og bindindismanna, minnihlutahópa sem valta yfir meirihlutann í hatri sínu á áfengi og meinbægni gangvart öðrum. --

Sendir jólagjafir og peninga sem við vonuðum að þau gætu keypt eitthvað eigulegt fyrir sem ekki rynni inn í húshaldið og væri til minningar um Finnlandsdvölinu. Amma Dags og Dídí eru báðar að gefast upp á jólagjöfum. Gefa kannski eitthvað lítilræði, en ætlast ekki til gjafa fyrir sig.

Ég er hér kominn í dálítinn vanda. Ég lagði til við þær að hætt væri við allar gjafir, en sé nú að það er dálítið vitlaust að hætta alveg. Þær hafa svo gaman af þessu samt og hafa báðar vel ráð á því.

Ég hef þetta ekki lengra að sinni. Það er gott að skrifa svona. Það að setjast niður og skrifa hefur breytt skoðun minni á ýmsu --

Axel Pétur Ásgeirsson skrifar tengdaforeldrum. St. Joan Despí. 16.12.1995.

-- örlítil innsýn í hverslags fyrirtæki það er í rauninni að bjóða í jólaglöggi í landi þar sem fyrirbærið er óþekkt, af skiljanlegum ástæðum og mætt með litlum skilningi hjá verslunarfólki og öðrum sem þurfti að leita á náðir með í hráefnisöflun. --

Undibúningurinn byrjaði -- hringt og boðið. Við þekktum ekki svo marga, þannig að það tók tíma að grafa upp nöfn og síma þeirra sem við þekktum ekki, en vissum af. -- Sumir voru búnir að gera aðrar ráðstafanir -- en á endanum töldum við að reikna mætti með tuttugu manns. -- Fimmtudagskvöldið fór í að pakka jólagjöfum og koma á vin okkar, Bjarna Breiðfjörð sem flaug í morgunsárið. --

Föstudagurinn var andstyggilegur -- Auður fór í skólann klukkan hálfátta. -- ég setti í gang, jólapakka í póst kl. 10 til Noregs og Frakklands og fór að leita að kardimommum -- Ef ég hefði bara vitað að kardimommur skipta engu máli í glögg. En allir voru vingjarnlegir, vildu ólmir spjalla, en bara ekki um kardimommur - bentu þó á Boquería markaðinn, þar fengist ýmislegt skrytið. -- Auður kom svo heim úr skólanum -- tók þessu létt -- sagði að kardimommur skiptu engu máli, hún ætti aðra uppskrift þar sem ekkert væri minnst á kardimommur!

Við skiptum nú liði í undirbúningnum. -- Auður fór að sauma gardínur fyrir stofugluggann og ég fór í innkaupaferð í Eroskí: Tólf rauðvín (100. kr.), tveir bjórkassar (þúsund kr.) og einn lítri af vodka (400 kr.). Ég er alltaf jafn hissa þegar ég kaup áfengi hér - hugsaði að ekki væri miklu kostað til veislu fyrir 20 manns. Maður er alltaf að hugsa um peninga. -- Piparkökur fékk ég ekki.

Fólkið var boðið klukkan 10, allir myndu koma um hálf ellefu til ellefu, nema Tóti. Klukkan tvær mín. yfir 10 hringdi hann á bjölluna. Hann er alltaf svo stundvís. Fékk kaffi og koníak. -- Vorum rétt að byrja að hita glöggina. Næstu gestir komu kl. 11. -- þannig tündist fólk inn til kl. háf tvö, en þá kom Pétur Leifur en þá voru margir að fara, því þeir þurftu að vakna snemma. -- Af þeim tuttugu sem við bjuggumst við mættu 17 og var teitið ágætlega heppnað.

Þegar svo fólk var búið að drekka nóg, dansa nóg og vildi fara heim, þá var erfitt um leigubíla. Þegar seinasta fólkið fór var klukkan að nálgast fimm. Þá sat reyndar Pétur Leifur hér ásamt tveim spænsku vinum sínum og var svangur. Það var farið að reyna að bjarga því. Auður bjó til ostabrauð og borðuðum við morgunmat, bjór og brauð klukkan hálf sex í morgun. Klukkan sex fórum við að sofa og næstum búin að ganga frá öllu. -- Þannig gekk nú glögginn.

Kærar kveðjur. Lækjargötugengið.¹

Eggert Ásgeirss. skrifar Gretelotte Schütz. 19.12.1995.

Pakka henni fyrir myndina sem hún sendi af formóður okkar, Valgerði Árnadóttur Briem á Grund. Afhenti ég hana minjasafninu á Akureyri til eignar. Segi frá ferðalögum ársins og að Vibeke hafi þurft að hætta framhaldsnámi sínu í Helsingfors þar sem hún ætti von á barni. En hún hafi verkefni með höndum í arkitektúr svo ekki sé allt unnið fyrir gýg. Hún hefði í bréfi sínu nefnt tungumál og kunnáttu í þeim. --

-- Jóhannes var mjög þögnur í leikskólanum. Hin börnin töluðu að sjálfsögðu hvorki norsku né íslensku, mál foreldra hans. Kennari hans tók þetta upp á foreldrafundi. Má vera að hann hafi skilið það sem rætt var, en næsta dag byrjaði hann að tala Finnlandssænskuna sem töluð er í suður- og vestur Finnlandi. Við erum áreiðanlega sammála um að hann, 2½ árs standi sig vel að hafa náð tökum á einu máli fyrir hvert ár.

¹ Gatan heitir Passeig de Canal og liggur skurður á miðri götunni.

Mjödmin er nokkurn veginn orðin góð og get ég með gleði gengið mér til skemmtunar og þjálfunar, fyrsta sinn um margra ára skeið. Sirrí hefur mikið að gera og bæði höfum við mikla ánægju af störfum okkar. Auk þess hef ég unnið við skriftir, bæði í vinnu og frístundum. --

Dálítill frásögn af mynd Tryggva af Valgerði.

Myndin var tekin af dóttursyni hennar, Tryggva Gunnarssyni, sem hafði lært ljósmyndun í Khöfn. Eðlilegt var að hann notaði ömmu sína á Grund sem fyrirsætu, en hann hafði lært trésmíði hjá Ólafi timburmeistara á Grund, móðurbróður sínum og þá kynnst Valgerði sem þar bjó.

Önnur ljósmynd af Valgerði er vel þekkt. Þessi sýnir Valgerði betur, og auk þess var svipurinn hýrlegri en á öðrum myndum, sem ég hef séð. Ég fór nú með myndina í Þjóðminjasafnið, ljósmyndadeild, á Kársnesi í Kópavogi; það um að Gretelotte Schütz¹ yrði þökkun gjöfin. Maður sem tók við henni hálf-dæsti, sagði að það væru svo margar svona myndir. Sagði ég ekkert við því, heldur afhenti gjafabréf og mynd. Þegar ég var kominn *út á hlað*, hugsaði ég að svona viðtökur væru ekki við hæfi, snerist á hæli, rauk inn og sagði við manninn að ég væri hættur við þetta, vildi fá myndina aftur.

Þetta var spaugilegt, þar sem „*töluð orð verða ekki aftur tekin*“. En maðurinn brást vel (ókvæða) við og lét mig fá myndina. Skrifaði ég snarlega annað bréf og sendi myndina Minjasafninu á Akureyri, með sömu beiðni, að Gretelotte yrði þakkað, sem þeir gerðu og glöddu hana með. Tilgangurinn var m.a. sá að sýna Gretelotte jákvæða afstöðu, þar eð ég þóttist vita að hún ætti í sínum fótum bréf og gögn frá Jóhönnu (fögru) Briem, sem ég var hræddur um að myndu tynast.

Nú hefur komið í ljós að í eftirlátnum eigum hennar finnst sitthvað, bréf og rit á íslensku og dönsku, sem erfingjar hennar geta ekki nýtt sér og eru taka saman og hafa komið sumu til vörslu í handritadeild Landsbókasafns.

¹ Gretelotte Schütz (1908-2012).

1996

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. 8.1.1996.

-- Pabbi þinn fór með Dídí til ömmu þinnar á Eir og fór vel á með þeim og höfðu þær innilega gaman af að hittast. Dídí lifir frjórri lífi með miklum lestri og hefur frá ýmsu skemmtilegu að segja, en amma þín er komin í heim elliheimilisins og segir bara fréttir af því sem er í kringum hana. En báðar eru þær þægilegar og ánægjulegar.

Ásgeir og Brynja borðuðu hjá okkur „prímusmat“ -- Auðvitað kom svo Valdimar Tómasson.¹ Það er skrítið að hann kemur oftast þegar þau Ásgeir og Brynja eru hjá okkur. Ásgeir er nú farinn að sætta sig við hann, en þótti hann lítið skemmtilegur við fyrstu kynni. Valdimar hafði frá ýmsu að segja en hann hafði verið hjá fjölskyldunni sinni austur í Mýrdal um hátíðarnar.

Við vorum boðin í skemmtilegan hádegisverð á nýársdag til Guðjóns Magnússonar hjá Rafveitunni. Þau bjóða systkinum og mökum á þessum tíma, bættu okkur pabba þínum við og báðu hann um að ganga með gestina eftir matinn um Tjarnargötuna og segja frá húsum og fólki. Var það mjög skemmtilegt og hittum við Brynhildi dóttur þeirra Margrétar og Guðjóns, sem var heima í jólafrú. Hún er sérstaklega ánægð með leiklistarskólann í London, en segir það mikið puð. Þetta er sami skóli og Stefán Jónsson lærði við. -- Erum að fara í leikhúsið með Óla Thors og Jójó. --

Segir þær fréttir að þjóðleikhússtjóri hefði skrifað Dagsljósi bréf og farið fram á að Jón viðar yrði látinn hætta sem gagnrýnandi. RÚV tók því illa.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertss. 19.1.1996.

Segir frá vígsluför nýs bíls á Suðurnesin með Brynju og Ásgeiri til að skoða kirkjur, m.a. Rögnvaldar Ólafssonar og altarisöflur Sigurðar Guðmundssonar málara, gamla fjárborg og sýndu þau þekkingu sína og kunnáttu í leiðsögn.

Þá segir frá ferð Eggerts til Vestmannaeyja sem ekki var farin vegna veðurs og var fundurinn þess í stað haldinn í skrifstofu hans.

Þá er rætt um útvegum Dags á húsnæði í Helsingfors sem hófst þegar þau komu úr jólafrú til Osló.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. 19.1.1996.

Sendi upplýsingar um félagslegan stuðning og skattamál sem gerður hafði verið samningur um milli Norðurlanda. Eitthvað vantaði á að hann væri efndur gagnvart Degi og Vibeke í Finnlandi. Sendi upplýsingar um þá sem með málið hafa þar að gera.

Dagur átti 31 árs afmæli.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Sant Joan Despí. 21.1.1996.

Þakkar fyrir (óvarðveitt?) bréf frá föður hennar, sem virðist hafa fjallað um breytingar í húsinu vegna (yfirvofandi) brottflutnings mömmu hans úr húsinu. Virðist ég eitthvað fjalla um breytt eignarhald í húsinu og vilja þau Axel og hún fá eitthvað meira að fréttu um málið.

-- En það verður skrítið að hugsa til þess að þegar við komum heim í sumar, þá verður engin amma í húsinu, nú verður maður að gera sér göngutúr til að heimsækja hana. „Ég er að fara niður til ömmu“ - tímabilinu er lokið. -- langt síðan ég skrifaði -- svo langt að ég er eins og vangefin hér við tölvuna -- núna kann ég að halda á sporjárnmi en gleymi um leið fingrasetningunni og almenntri vélritun --

Segir frá verkefnum sem hún er að skila í húsgagnasögu og verkefnum sem hún er með, ásamt fleirum, í viðgerðum á húsgögnum frá 16. og 19. öld. sem þarf að leita uppi heimildir um í bókasöfnum listasafna.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 29.1. 1996.

Fórum á Droplaugarstaði til að líta á herbergið sem ömmu þinni stendur til boða.

-- Eins og við sögðum þér í símann erum við mikið að hugsa um breytingar sem hér verða á húsinu. Okkar ósk er að eiga húsið áfram og búa á neðstu hæð. -- hefur okkur dottið í hug að setja stiga niður í kjallara og bæta við tveim herbergjum þar. Við höfum rætt við Brynju og Ásgeir um hvort þau hefðu áhuga á einhverri íbúðinni. Þau

¹ Valdimar Tómasson fornbókasali og ljóðskáld frá Litlu-Heiði í Mýrdal.

hafa það ekki. Reyndar hefur Ásgeir áhuga en Brynja ekki, svo það gengur ekki. Þetta er líka á tímamótum hjá Brynju sem er búin að ákveða framhaldsnám og fara í safnafræði. Verður hún þá komin með masterspróf. Þetta er bara hægt að læra erlendis. -- Hann er sjálfur ekki óánægður með að breyta, finnst hann staðna þarna í sömu stöðu hjá útvarpinu. Það held ég sé rétt og þar að auki lágt kaup, sem er ekki til að halda í menn --

Sendum teikningar af hæð og kjallara við tækifæri. Okkur þætti líka gott að geta tekið á móti gestum og holað þeim einhvers staðar niður.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. 31.1.1996.

-- Amma þín er búin að fá pláss á Droplaugarstöðum, fer þangað um eða eftir næstu helgi - er í senn kvíðin og hlakkar til. Eftir að hún er farin þangað er ekki aftur snúið. Þá þarf að taka upp heimilið og skipta. Þá er ekki lítil vandi hvernig fara á með íbúðina niðri, reyndar húsið allt. Tveir leigjendur eru ansi mikið og erfitt að leigja um þessar mundir, nema fyrir smánarverð og fullur skattur greiddur.

Við höfum hug á að flytja niður og gera einhverjar breytingar á húsinu, m.a. til að geta hýst gesti - njótum þar leiðsagnar góðra arkitekta af ólíku þjóðerni. Þá þarf miklu að kosta til og það getur maður ekki gert nema eignarhald sé á þeim stað. En að kaupa er líka erfitt nema einhver erfingi okkar kaupi sig inn í húsið með okkur. En hver vill búa með foreldrum sínum, skapstygnum og ráðríkum föður með járngreipar í silkihönskum. Þetta er það sem flýgur í gegnum hugann þessa dagana. --

Ég þarf að ljúka grein sem ég er að skrifa og er því með samviskubit yfir að vera að sóa tímanum í að gera eitthvað svona skemmtilegt eins og að skrifa þér. -- Á eftir er að skola af nýja fína bílnum, fara með Dídí á Kjarvalsstaði, kenna Sirrí að búa til námskeiðsauglýsingu - nú er hún ákveðin að læra það. Erfitt að vera vandabundinn kennurum. Það er eins og með píanónámið mitt hjá mömmu. Ég slapp - og hún slapp. Annars var það ágætt, ég hefði orðið ómögulegur konsertpíanisti! Suss! Ekki bulla Eggert!--

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. 5.2.1996.

-- allt með besta móti. Góð líðan hjá öllum - amma þín er í besta skapi og skemmtileg. Sennilega er hún búin að setta sig að fullu við tilhugsunina um að fara á Droplaugarstaði. Að vísu er hún mikið að hugsa um tilgangsleysi þess að lifa svo lengi. Vildi hún helst að gerður verið einhverskonar samningur milli sín og hins opinbera um hvað hún ætti að lifa lengi. Ég sagði ekkert mark á henni að taka. Fyrst og fremst væri hún á hápunkti í lífinu núna, bæði skemmtileg og fjörug. Svo væri hún eingöngu að hugsa um að gott væri að deyja þar sem hún væri svo mikið fyrir tilbreytingar. Hún þyrfti að hafa í huga að þegar hún kæmi yfir um yrði ekki aftur snúið. Ég þekkti hana þó svo vel að ég vissi að hún myndi óðara en hún væri komin þangað vilja snúa við. Þá myndi hún byrja að gera vart við sig á miðilsfundum. Þangað nennti ég alls ekki og yrði hún því, ef hún vildi hafa samband við okkur, að vera hérna megin grafar. Hún þyrfti að leita sér tilbreytingar og skemmtunar í einhverju öðru en dauðanum.

Haldið þið að það séu umræður hér á heimilinu og hlátrar út af venjulegum hlutum sem við tölum um. --

Segi frá 90 ára afmæli Dagbjartar tengdaföður míns heitins Lýðssonar og Jórunnar. Var það skemmtilegt og flutti Halldór Jónatansson góða og innilega ræðu.

-- Ég skýrði frá því í veislunni að fyrir nákvæmlega 40 árum hefðu þau Dagbjartur og Jórunn verið í Þjóðleikhúsinu á frumsýningu á Jónsmessunæturdraumi Shakespeare. Ég hafði sem sé verið að skoða smókingfötin hans og fann í vasanum miða úr Þjóðleikhúsinu. Fletti ég því upp hvað þau hefðu verið að sjá og fann leikritið. Auk þess var í vasanum heilmikið búnt af gömlum tíu og fimm króna seðlum sem þar höfðu gleymst. Vakti þetta nokkra kátínu og þótti unga fólkinu skrytið að handleika fornfálega seðla, svo gjörólíka þeim sem nú eru notaðir. --

Segi frá heimsókn Martin Bitsch sem giftur er Suzanne Ebbesen Bitsch, frænku minni danskri. Hann kom oft hingað til lands og þau urðu bæði nátengd okkur. Hann var að hætta hjá svissnesku lyfjafyrirtæki og ætlaði sér að vinna hjá öðru amerísku, ef það vildi borga. Að öðrum kosti flyttu þau til S-Frakklands, settust í helgan stein, sem þau og gerðu.

Þá er ég að safna upplýsingum um rafmagnsordasafn Jónasar Hallgrímssonar og fleiri slík orð vegna tímaritaútgáfu Samorku.

-- Guðrún Pétursdóttir líffræðingur í Háskólanum, sú sem elt hefur Davíð Oddsson uppi með mótmælum vegna ráðhússins í Tjörninni og hinu og þessu - kölluð *Davíðsskelfir* - ætlar að bjóða sig fram til forseta, fyrsti frambjóðandinn. Hún bindur alveg endi á framboðsvonir Dabba sjálfs sem hefur verið að slá úr og í með það mál - segir að það hljóti að vera verk stjórnmálamanna að stunda þá vinnu (eins og allt annað merkilegt). Hann legði allt of mikið undir í slag við Guðrúnu - sem hefur engu að tapa og auk þess nýtur hún þess að terrorísera Davíð. Guðrún er dóttir þess magnaða manns Péturs Benediktssonar - bróður Bjarna og Sveins - og Mörту Thors, dóttur Ólafs. Svo hún er eðalmálmur, vel ættuð og auk þess gift Ólafi Hannibalssyni, sem auk ættartengsla við

Alþýðuflokkinn, er varapingmaður Sjálfstæðismanna. Sem sé indælt stríð í uppsiglingu: *Much ado about nothing!*

Biður um kveðju til vina í Helsingfors, einkum Túu Kurtén fornvinkonu minnar og velgerðarkonu Dags og fjölskyldu.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 5.2.1996.

Segir einkum frá heimsókn Martin Bitsch, sem giftur er Suzanne frænku þinni og var hér í viku.

-- Hann bauð okkur í veitingahúsið Café Ópera --og var það mjög skemmtilegt, fullt hús og mikil stemmning. -- Ég fékk þann besta líkjör sem ég hef smakkað; ítalskur *sambuca* og á að vera með kaffibaunum út í.

Til að rifja upp ætternið er Susanne kona hans afkomandi séra Jóhanns Briem, sem var prestur og ílentist í Danmörku Það voru þau sem gáfu Gunnlaugs Briemsmálverkið á ættarmótinu til Þjóðminjasafnsins. Martin og Suzanne eiga hús nálægt Montpellier í litlum bæ og ætla að búa þar í ellinni Hann ferðast mjög á vegum lyfjafyrirtækis sem hann vinnur hjá, stjórnar lyfjarannsóknum, m.a. á Íslandi. Þau koma saman til Íslands og ætla þá að gista hjá okkur. --

Afmælisveisla fyrir mömmu og pabba heitinn, var hjá Siddu og Halldóri. Halldór hélt ágæta ræðu. Pabbi þinn afhenti mömmu 40 ára gamla peningaseðla sem hann hafði fundið í gömlum smókingjakka, sem pabbi átti. Þar voru líka tveir miðar í Þjóðleikhúsið á annan í júlum 1955. Fór hann í Landsbókasafnið og fann út að þau hefðu verið á Jónsmessunæturdraumi eftir Shakespeare. Þótti unga fólkinu merkilegt að handfjalla og sjá svo gamla seðla. --

Kári Pálsson og Gudda eru að flytja á Þórshöfn á Langanesi þar sem hann verður meðeigandi í vélsmiðju staðarins -- með þeim þekktu Smugumanni Jóhanni Jónssyni. Gudda fær vinnu í banka í sumar og verður kennari í vetur.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Sant Joan Despí. 6.2.1896.

-- Hérna situr maður karlamannslaus og aurlaus, móðurlaus og föðurlaus, allslaus. Þetta er búinn að vera svona eins og „*einn dagur í hjólastól*“ fyrir mig, að finna hvernig það er að eiga ekki grænan, ekkert töfra-kort sem þú stingur í rifu og færð peninga í staðinn. Mér brá bara að eiga ekki pening í lest eða metró, komast ekki einu sinni heim til mín, nema með góðra manna hjálp. Og þó að ég kvarti oft á tíðum mikið yfir Katalönum, þá var ég a.m.k. þakklát þeim í dag fyrir að lána mér fyrir ferðinni heim. Axel hringdi síðan í mig, hafði fundið budduna mína, þegar hann var í Toulouse og vildi meina að nú væri komin ástæða til að nota pengingaskápin góða, inni í svefnherbergi, eiga alltaf nokkra seðla til vara. En þetta var nú slys og ég reikna ekki með að þetta komi oft fyrir.

Prófið gekk því miður ekki eins vel og ég hafði vonast eftir. Ég hafði bara alveg misreiknað mig í þeim efnum sem gætu komið upp, var bara eins og vitleysingur þarna, sem ég sat. Og því meira sem ég hugsu um alla vitleysuna sem ég skrifaði, því verr líður mér. En fyrri hluti prófsins gekk bara vel, held ég. Þó voru okkur sýndar fimm *slædsmyndir* af mismunandi húsgögnum. Við áttum að segja frá hvaða landi, hvaða stíl, hvaða tímabili, húsgögnin væru -- Þetta gekk bara nokkuð vel. Síðan skilaði ég inn heilmiklu verkefni sem er helmingurinn af einkunninni á móti prófinu. Þannig að ég vona að þetta verði nú allt í lagi samt. Svona er lífið.

Nú er ég sem sagt ein í kotinu. Það er nú svolítið skrítið vegna þess að hann Axel er alltaf heima, þannig að ég er bara alls ekki vön því. Ég er fyrir hans hönd fegin að hann hafi drifið sig út að hitta þessa kúnna sína, sem eru dreifðir út um allan norðurhluta Spánar. Þetta er búið að standa lengi til. Nauðsynlegt fyrir hann að þekkja þessa menn persónulega. Svo verður hann líka að fara út og þekkja annað fólk, annað slagið. En við vorum að spá í að hittast um helgina í Madrid. Við höfum alltaf verið þar með Emilio og konunni hans, og þá verið bundin. Núna langar mig til að vera aðeins frjálssari. --

Ræðir um væntanlega komu foreldranna og heimsókn til Sevilla milli fundu.

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Helsingfors. 9.2.1996.

Sendir greinar um orkumál í Noregi og Finnlandi o.fl.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 12.2.1996.

-- Tókum Dídí í bíltúr á Álftanesið í góða veðrinu í gær. -- Kirkjan á Bessastöðum var opin og við skoðuðum hana vel og vandlega, ein og út af fyrir okkur. Dídí er orðin veikbyggð og völt en blíðari með nýrri meðalagjöf, höldum við. Við fórum svo á Bergstaðastrætið með hana í kaffi til ömmu þinnar. Var ánægjulegt að sjá þær saman, hvað þær voru glaðar að hittast og þótti vænt um hvor aðra, þrátt fyrir allt.

Þetta er e.t.v. síðasta heimsókn hennar á heimili ömmu þinnar, því líklega flytur hún á Droplaugarstaði um næstu helgi. Forstöðukonan ætlar að koma til hennar á morgun og upplýsa okkur um ýmislegt -- Hún getur tekið með sér húsgögnin úr innri stofunni, nema náttúrlega píanóið. --

Mamma kom til okkar á laugardag ásamt Ásgeiri og Brynju. Við vorum að minnast pabba, sem hefði orðið níraður þá. Þetta var skemmtilegt kvöld og gaman að sjá hvað mamma var þakklát fyrir að við skyldum bjóða henni og minnast pabba. --

Þú sérð að heimurinn hjá okkur er ekki stór, snýst um nánustu fjölskyldu sem ekki er stór á Íslandi. Oft er hugurinn hjá Vibeke, því nú fer að stytast að hún verði léttari. Góðar óskir streyma héðan.

-- Auður er ein heima, en fer til móts við Axel í Madrid á föstudag -- ætluðu að hafa samband við Steinunni Halldórsdóttur sem er þar í sínu innanhúsarkitektanámi. Auður er mjög ánægð með skólann. --

Getur verið að Auður fái vinnu í sumar hjá Ferðaskrifstofu Austurlands en hana langar til að spreyta sig á fleiri ferðum og er að lesa sér til.

Ásgeir og Brynja voru að taka á móti vini þeirra Tómasi Hubert (og kærustu hans), listmálaranum sem týndist - og fannst tvisvar - hér á fjöllum. Hann heldur sýningu í Gerðarsafni á málverkunum sem hann málaði á ferð sinni um landið á sínum tíma. --

Líklega fer ég ein til Kaupmannahafnar á danska ársþingið. Við ætlum heldur saman til Oslóar í apríl á formannafund tannlækna og svo á Evrópufund tannlækna á Spáni, sem ég þarf að fara á, því sams konar fundur verður á Íslandi 1998, svo ég þarf að sjá hvernig svona fundir ganga fyrir sig.

Hér gengur pabbi þinn inn til að sækja mig í mat. Hann biður um kveðju. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Sant Joan Despí. 12.2.1996.

-- Ég kom heim úr skólanum eins og venjulega -- Þá hafði ég góðan tíma til að ganga frá öllu -- áður en ég legði af stað út á flugvöll. En það var náttúrlega illa reiknað hjá mér, því þegar Axel er ekki heima, þá stoppar síminn ekki, og ég lendi í því að hugga hina og þessa kalla, sem eru í hinum og þessum vandræðum með saltfiskinn sinn. Þeir eru svo hjálparlausir margir -- Ég mátti hlusta á langar sögur um -- gáma, sem þeir áttu von á, og ég veit ekki hvað. Ég hlusta yfirleitt þolinmóð á vandræðin, þar til ég kemst að til að segja þeim að ég geti nú lítið hjálpað í þessu máli. „Nú, ertu ekki konan hans!“ spurðu þeir hissa. Ég veit ekki hvers konar töfrakonur þeir eigi sjálfir. --

Madrid var jafn ágæt og fyrri daginn. Við gistum að þessu sinni hjá Arnari og Selmu, en ekki hjá Emilio og Pilar. -- vildum breyta aðeins til og vera aðeins frjálssari. Svona ykkur að segja -- Hefðum við betur verið hvar sem er annars staðar -- bara til að halda í það álit sem við höfðum á þeim áður. Það kom nefnilega í ljós, að þau eru illilega nísk. Einhvern veginn hefur þeim fundist að við ættum að bjóða þeim allt meðan við værum hjá þeim. Til að byrja með var það líka allt í lagi, en -- þegar við áttuðum okkur á því að svona ætluðu þau að hafa þetta, þá hætti okkur að standa á sama. Þó að peningar skipti raunverulega ekki máli, þá var það ekki það sem gerði okkur ergileg, heldur viðhorfið og tilætlunarsemin sem fór í okkur. Það byrjaði á því að Emilio kom með okkur heim til þeirra af flugvellinum. Þegar við vorum búin að sitja þarna í dálitla stund, þá spyr Axel, hvort það sé í lagi að hann borði með okkur, en við ætluðum að borða heima hjá þeim um kvöldið. Nei, það vildu þau ekki, og sögðu bara beint út, þar sem það var kannski of gróft að biðja hann bara beint út, að fara, þá biðu þau til klukkan eitt um nóttina að fara að elda matinn. Við Axel urðum dálítið hissa, kannski vegna þess að manni hefði ekki þótt það mikið mál að bæta við einum disk, líklega orðið fyrri til að bjóða það, maður hefur nú fengið þannig uppeldi. En við sögðum ekkert, hvorki við þau, né við hvort annað. Daginn eftir buðum við þeim út í hádeginu og röltum saman umbæinn. Þá fórum við að ræða hvert við eigum að fara út að borða um kvöldið og Axel stingur upp á veitingastað sem Emilio hafði mælt með og vildi gjarnan koma með okkur. Nei, ekki tóku þau vel í það þegar þau vissu hvað hann kostaði -- Það fannst þeim of dýrt. Axel fór eitthvað að þræta við þau, og þetta var orðið hið mesta mál.

Ég fór eins og asni að blanda mér í þetta, sem kom þannig út að ég stæði á móti Axel í öllu og hann horfði særður á mig. Og ég ákvað á þeirri stundu að blanda mér aldrei aftur í svona þrætumál, því mitt diplómatí kemur alveg öfug út og ég fann það líka meðan ég var að finna flöt á málinu. Maður á náttúrlega að standa með sínum, ekki síst þegar maður er sammála. En það varð úr að þau vildu ekki fara á þennan stað út af verðinu, en gátu ómögulega ákveðið neinn stað sjálf. Þá varð það úr að Emilio pantaði á öðrum stað og Axel bað hann sérstaklega að hafa það ódýran stað.

Þannig varð það úr að við lögðum af stað með 500 kr. matseðil þar sem við áttum jafnframt stefnumóti með Steinunni. Það var gaman að hitta hana og við fórum mikið að tala um fjölskylduna, sem er mikið áhugamál hjá henni. Og mér finnst gaman að hvað hún er áhugasömu, fyrir utan að það er gaman að hitta hana yfirleitt. -- Hún talaði heilmikið um Jórinni, en um það mál vissi ég lítið og þótti átakanlegt að heyra -- hún sagði að Jórunn vildi

ekki tala um sjúkdóminn við neinn, því á meðan hún væri þetta hraust vildi hún lifa eðlilegu lífi, ekki neina vorkunnsemi.

Svo fórum við að þvælast öll sömul um Madrid, skoða næturlífið. A. og S. fannst þau ekki þurfa að borga fyrir matinn, fyrst Emilio væri búinn að rétta fram seðil fyrir reikningnum. Þegar það var farið að segja við mann: *Nennirðu að panta fyrir mig einn gin og tóník* og aldrei réttur fram seðill, þá er bara komið gott. -- Það eru ekki peningarnir sem skipta máli, þetta er bara eins og þetta sé ekki alið upp, þetta fólk. En nóttin var skemmtileg, við dönsuðum og skemmtum okkur og Steinunn var líka í miklu dansstuði.

Emilio var með tvo Spánverja, vini sína. Annar hafði búið í átta ár á Íslandi og talaði fullkomna íslensku. Saman leiddu þeir okkur um staði þar sem þau, Íslendingarnir í Madrid, höfðu aldrei farið á. Þannig að þau sem höfðu nöldrað yfir því að það væri ömurlegt að fara svona út „með einhverjum Spánverjum“, og leiðinlegt að þurfa að tala spænsku, voru í sjöunda himni yfir öllu því nýja sem þau sáu, fyrir utan hvað þeim þótti gaman að æfa sig að tala spænsku.

Við Axel vöknudum, -- klæddum okkur og læddumst út til að fara á flóamarkaðinn, sem er svo frægur í Madrid. Og mikið var gaman að ganga um hann í fólksfjöldanum, skoða fólk, sem margt er eins skrytið og í Kolaportinu. -- Við fórum á bar og fengum okkur samloku, sem reyndist vera einhver sá ódýrasti sem við höfðum farið á. Við ákváðum að grínast í þeim og sögðum þeim frá þessum stað sem væri svona ódýr, en þá höfðu þau auðvitað þefað hann uppi. Á eftir vildu þau endilega fara á stað sem sérhæfir sig í kjúklingum og þangað fórum við og borðuðum.

Ég veit að þið trúið því ekki, en þegar við fengum reikninginn, þá sögðust þau ekki vera með pening, hvort við gætum lánað þeim! En þá var þetta farið að vera fyndið, þannig að við fórum eiginlega bara að flissa -- Ég veit að þetta verður framvegis brandari ársins hérna á heimilinu. -- maðurinn er framkvæmdastjóri á foklaunum. -- Ég vona að þau séu ánægð með heimsókn okkar og finnist þau hafa komið út í plús. --

Ég ætla ekki að tala um þetta við neinn -- en ég get ekki orða bundist við ykkur. -- Þrátt fyrir allt var ferðin mjög skemmtileg, þó það hafi ekki verið þeim að þakka. -- Ástarkveðjur

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 18.2.1996.

- Var í námi á internetið. Ég segi eins og hún amma þín: *Þetta eru galdrar.*

Við vorum annars að koma úr skemmtiferð með Dídí. Fórum með hana í Gerðarsafn og skoðuðum sýningu Tómasar Huber, vinar Ásgeirs. Vorum reyndar við opnunina í gær en fannst þetta hæfilegt ferðalag fyrir Dídí.

Svo fengum við okkur auðvitað kaffi og rjómaþellur í kaffistofunni. --

Ræðir áætlanir um Spánarferð.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. 19.2.1996.

Erum að hugsa um að fara til Helsingfors. Vegna væntanlegrar fæðingar hugsa ég mikið um þroska barna og hæfileika sem svo koma síðar í ljós. Þetta var svið sem ég kynnti mér þegar ég vann í Heilsuverndarstöðinni fyrir þrem áratugum.

Þá hugsum við til Spánar en þangað ætlum við eftir fund tannlækna í Osló. í Sevilla verður Evrópufundur tannlækna. Síðan er ætlunin að fara til Auðar og Axels í Barselóna.

-- Ég hef verið úti hvert kvöld í síðustu viku að flytja erindi í Oddfellowstúkum út um hvippinn og hvappinn og að sjálfsögðu skemmt mér konunglega við að prakka hugmyndum mínum upp á aðra. Ég held þessu áfram og endar þetta allt með ósköpum! Oddfellowblaðið var líka að koma út og setur það alltaf mikinn svip á tilveruna þegar maður sér árangur erfiðis síns.

Segir frá listsýningu Peter Huber vinar Ásgeirs í Gerðarsafni. Það er sá hinn sami og týndist tvisvar á hálendinu í vetrarveðri. Þar var líka skemmtileg og góð sýning Steinunnar Þórarinsdóttur myndhöggvara. Sú sýning var betur sótt enda auðskildari. Við fórum aftur á sýninguna með Dídí sem skemmti sér konunglega.

-- Ég fékk harða áminningu mömmu þinnar eftir að við höfðum skilið við Dídí. Hún sagði það sem ég reyndar vissi að ég hefði dottið út meðan þær voru að tala og alveg út á þekju þegar að mér kom að taka þátt í samtalinu. Svona er það - fyrstu einkenninn að maður sé að tapa þræðinum. Það sem verra er, þótt ég reyni að einbeita mér að samtölum framvegis eru öldrunareinkennin til staðar, þótt ég láti ekki á þeim bera!

Það heldur mér gangandi að eftir afmælið mitt verður ókeypiss inn á sýningar. Að græða peninga eru mínar ær og kýr. Ég veit að ég verð alltaf á sýningum til að græða sem mest, eins og Laxness sem var með hinum hestastrákuunum allan daginn að stökkva yfir girðingar, sem þeir höfðu heyrt að sekt lægi við og voru orðnir auðkýfingar að kvöldi.

Mamma er upptekin af hugsuninni að fara á Droplaugarstaði en það dregst vegna endurbóta á gólfdukinum í herberginu!

-- Hún er svartsýn og heldur að hún verði dauð þegar hún loks kemst þangað! --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 19.2.1996.

-- alltaf dregst það dag frá degi að hún komist á Droplaugarstaði -- verið er að leggja síðustu hönd á herbergið. -- Það var ákveðið að við tækjum okkur frí eftir hádegi til flytja dótið hennar, koma því fyrir og sækja hana síðan. Svo verðum við eitthvað hjá henni til að hjálpa henni við að átta sig á hlutunum -- Alveg eins og þegar verið er að aðlaga börn að leikskólum, fyrstu dagana! Vonandi á henni eftir að líða vel þarna. -- Hefur símann hjá sér, vill ekki hafa sjónvarp, segist aldrei nota það. --

Þú sérð að lífið snýst um þetta hjá okkur, mikil breyting, eftir öll þessi ár. --

Mikið er fín myndin af þér á forsíðu blaðsins UPP - HÁTT. Pabbi þinn er búinn að fara tvisvar út á flugvöll og biðja um blöð. Hvernig stóð á að þessi mynd var tekin. -- Amma þín lætur blaðið áreiðanlega liggja á áberandi stað hjá sér á Droplaugarstöðum. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Sant Joan Despí. 21.2.1996.

-- Jæja, þá eruð þið orðin ein í kotinu! Það er skrytið að hugsa heim núna, það er jafn tómleg tilfinning hjá mér og ykkur. Ég var að segja við Axel að ég hef erfitt svona *tómleikatilfinningar* frá mömmu, ég sé það oft að við ýmis tækifæri þá líður okkur eins. Þess vegna skildi ég nákvæmlega hvernig er að vera í húsinu og hlusta á ömmu spila á píano. Ég hefði bara viljað vera á landinu, til að taka þátt.

-- Hér er kuldakast, 3°C í morgun. Axel er að fletta fram og til baka í dagbókinni að reyna að staðsetja Brasilíuferð og Íslandsferð án þess að það rekist á páskafríð mitt og heimsóknir. --Við erum líka að athuga hvort við komumst með ykkur til Sevilla. --

Sigríður Dagbjartsdótti skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 26.2.1996.

Segir fréttir af vinum og kunningjum, Óla og Jójó, og afmælisboði hjá Rúrí þar sem margar konur voru sem töluðu aðallega um Ólaf Skúlason biskup, hneykslismál í kringum hann og deilur í Langholtskirkju milli prestsins og organistans.

-- Það var blindbylur þegar við leiddum ömmu þína út úr húsi og áttum við erfitt með að hemja okkur. -- Hún var ánægð með að komast þangað, svo það eru engir örðugleikar með það. Það er líka ljómandi huggulegt hjá henni - - Hún er fljót að átta sig á öllu og strax komin í samband við fólk.--

Við erum alltaf að spekulera hvað við eigum að gera við allar íbúðirnar. Við viljum gjarna búa niðri til að hafa samband við garðinn. --

Pabbi þinn er mikið á fundum í Oddfellow og hefur gaman af að grúska í fræðunum og er áreiðanlega orðinn fróðasti maður í fræðunum, að minnsta kosti hér á landi. Sem betur fer eru aðrir móttækilegir og fróðleiksúsir, svo hann hefur fengið mikið hrós fyrir fyrirlestrana. --

Ásgeir og Brynja eru búin að ákveða að heimsækja Auði og Axel í apríl/maí. Axel verður á faraldsfæti fer til Brasilíu, kemur til Íslands í mars og eitthvað fleira.-- Hugurinn er hjá ykkur. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. 4.3.1996.

-- Mér sýnist mamma njóta sérhvers augnabliks á Droplaugarstöðum. Hún er bæði rólegri og vellíðanin leynir sér ekki. --

Segi rækilega frá ásökunum þriggja kvenna á séra Ólaf Skúlason biskup, sem ekki er ólíklegt að þær tapi gagnvart dómstólum þar sem málið er gamalt og þær eiga erfitt um sannanir fyrir dómstólum.

-- Hins vegar er og verður mannorð Ólafs vafasamt og kirkjan í upplausn svo lengi sem hann verður starfandi hjá henni. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 4.3.1996.

-- Pabbi þinn þurfti að skreppa til Akureyrar á vegum Samorku og gekk það vel. Svo var hann allan laugardaginn að stjórna námskeiði í Oddfellow. Hann var hugmyndasmiðurinn og var þar krufið ýmislegt í skipulagi og starfi reglunnar. Þetta tókst vel og sagðist hann aldrei hafa fengið svona mikið hrós --

Ég, aftur á móti, var náttúrulega í því að búa manninum mínum fallett og notaleg heimili. -- Stella var í Amsterdam¹ en mamma óróleg að vera ein í húsinu. Pabbi þinn sótti mig og var feginn að fá volgt heimabakað brauðið hennar. --

Palli og pabbi þinn þurfa nú að láta lögfræðing útbúa erfðaskrá og svo byrjar ballið að láta meta íbúðina og komast að samkomulagi um kaupverð. --

Við hringdum í Dag og sagði hann að barnið væri að skorðast og sögðu læknar að þetta gæti farið að koma hvenær sem er. --

Það er kominn ferðahugur í mig. Formaðurinn, Helgi Magnússon, og ég, förum miðvikud. 20. mars til Khafnar og komum aftur sunnudag 24. Það fara 17 á þetta ársþing. Það verður áreiðanlega slett úr klaufunum. Við Helgi verðum hins vegar með fína fólkinu! --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. 11.3.1996.

Þakka bréf og gleðst yfir hvað þau geta notið lífsins, ekki síst vegna hjálpar Túu Kurtén vinkonu fjölskyldunnar sem passar Jóhannes litla þegar nauðsyn ber til.

-- ég sé að það er nauðsynlegt fyrir mömmu þína að fara sem fyrst til ykkar til að verjast ásókn Túu í ömmuhlutverkið -- Það er alltaf að nálgast að við þurfum að taka við íbúðinni niðri, svara út með fé fyrir Palla hlut og hefja endurbætur. --

Fengum við ömmurnar í gærkvöldi og fór mamma alveg á kostum, vel upplögð, skemmti sér alveg konunglega og óð á henni sem aldrei fyrr. Henni líður stórvel.

Hún var sérstaklega upplýft yfir því að Þórður borðfélagi hennar, skemmtilegur og fróður maður á sama aldri og hún, sagði henni þá sögu að hann gleymdi ekki viðburði þegar hann var í KFUM hjá séra Friðriki Friðrikssyni² ungun. Dag einn hefði sr. Friðrik sagt að nú væru slæmar fréttir. Eggert Briem, bróðir hennar, þessi mikli efnispiltur, væri alvarlega veikur og hefði þurft að fresta fermingu hans. Bað hann nú alla um að fara heim og minnst þessa góða og efnilega manns í fyrirbænum um að hann megi komast til heilsu. Allt þetta var svo áhrifamikið að það líður honum ekki úr minni. --

Ragnheiður Briem hringdi og er komin til sæmilegrar heilsu eftir uppskurði og getur skrifað með krít á töflu. Gladdist hún yfir sögunni um pabba sinn. Hún sagði að myndin af Nesi eftir Brynjólf Þórðarson væri enn komin á uppboð og nú væri tækifæri fyrir mig.

-- en svo er maður dauður úr öllum æðum að ég fór ekki einu sinni til að skoða hana. Eymingi! Eymingi! --

Segi frá rannsóknun, skrifum og fyrirlesturum um Oddfellowregluna, einkum hugmyndirnar um ædstu veru.

Held áfram framhaldssögunni um biskups málið sem er alltaf jafn spennandi, óvæntir leikir. Víst er að kirkjan tapar. Hún þarf líka að tapa til að koma sjálfri sér á rétta braut.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 11.3.1996.

-- Mér finnst ég bara hafi verið í því að dúka upp veisluborð um helgina. Við vorum búin að lofa Ásgeiri að bjóða Tómasi Huber og Petru, kærustu hans, í lunda áður en þau færu. -- Var mjög gaman að fá þau.

Ásgeir og Brynja eru orðin þreytt á að hafa þau svo lengi í þröngu húsnæðinu. En þau kvarta svo sem ekki. Við gáfum þeim hákarl og brennivín á undan, og héldum að þau myndu bara smakka einn bita, en þeim þótti hákarlinn svo góður að allt kláraðist. Svo það var nú vel heppnað. -- Svo fór unga fólkið á kráarrölt en gamla fólkið rorraði heima á sínum stað. --

Svo náðum við í mömmu og Fríðu í afgangana í gærkvöldi. Amma þín, Fríða var strax til í að koma, hress og reif af sér brandarana. Hún hefur bara hressst við að fara á Droplaugarstaði, held ég. Þegar mamma vildi fara heim um túleytið vildu hún ekki verða samferða, sagði að fólkið á Droplaugarstöðum héldi þá að það hefði verið svo leiðinlegt í boðinu. En þetta var skemmtilegt kvöld. Maður sér þegar maður ber gömlu konurnar saman að amma þín, Fríða, hefur elst miklu betur en mamma. --

Umræðan um forsetaframbjóðendur hefur næstum horfið í skugga biskupsdeilunnar. Það er nú meira málið, sem hefur klúðrast alveg ótrúlega í höndum biskups. Það er greinilega talað um málið meðal gamla fólksins á Droplaugarstöðum, því amma þín vissi allt um málið og hafði þá skoðun að hann væri sekur maður. Hann er búinn að lýsa því yfir að hann ætli ekki að víkja. --

¹ Ingveldur Dagbjartsdóttir var fulltrúi Flugmálastjórnar í ýmsu alþjóðastarfi um reglur, kennslu og réttind flugfólks.

² Séra Friðrik Friðriksson (1866-1961), stofnandi KFUM.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 15.3.1996.

-- Þú ert búin að eignast litla frænku í Finnlandi. Til hamingju. Dagur var að hringja og það fæddist dóttir í morgun kl. 8.25 á íslenskum tíma og gekk fæðingin vel. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 18.3.1996.

Góðar óskir. Hlakkar til að koma í heimsókn.

-- Ég er að fara í þessa árlegu Kaupmannahafnarferð -- á ársþing danska tannlæknafélagsins og fund framkvæmdastjóra tannlæknafélaganna til skrafs og ráðagerða. -- Er alltaf nokkur hópur tannlækna sem fer þangað og sækir fyrirlestra. Megintilgangurinn er held ég að skemmta sér saman og sletta úr klaufunum. Formaðurinn og ég erum hins vegar boðin í veislur með öðrum slíkum frá hinum Norðurlöndunum -- sem betur fer. -- skrýtið að fara svona án þabba þíns sem alltaf hefur farið með mér -- ekki er það nú eins skemmtilegt, en við verðum á svo miklum ferðalögum núna -- að grípa varð til þessa ráðs. --

Segir frá komu Axels, sem hér vinnur fram á nótt, enda mikið að gerast í fyrirtækinu, peningar í húfi þegar verið er að kaupa og selja. Mikill línufiskur sem ekki er hægt að selja fyrr en í haust. Svo fer hann, Frímenn og þabbi þeirra til Brasilíu og svo á sýningu í Brüssel --

Auður verður mikið einsömul. Hún er hins vegar mikið upptekin af skólanum og gengur vel. -- Næstu árin tvö, fer kennslan fram á katalónsku. Axel segir Auði hins vegar farna að skilja ótrúlega mikið í því máli. --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Helsingfors. 18.3.1996.

-- Takk fyrir faksið. Það var gaman að lesa allar ferðafréttirnar. Með ólíkindum hvað þessi familia er mikið á ferð og flugi -- og brátt munum við eiga von á þessum farfuglum í heimsókn.

Í dag komu svo stelpurnar heim af fæðingardeildinni. Það var skrýtið að sjá hvernig heimilislífið breyttist í sjónhendingu þegar fjórða mannveran bættist í hópinn. Það sem var mest áberandi voru viðbrögð Jóhannesar, en hann fór strax að vekja athygli á sér, syngja, hrópa og leika alls konar listir. Hann verður að kanna sitt *lebensraum* eins og vera ber. Litla þæjan virðist bara una nýju vistarverunum ágætlega, enda var allt klappað og klárt þega þangað kom. Nýtt skiptiborð á hjólum, uppfullt af snuðum og pelum, tuskum og bleyjum og þess háttar. Gömlu fötin hans Jóhannesar eru komin upp úr kössum og eiga eftir að koma að góðum notum. Já það er skrýtið hvernig lífið getur breyst í einni hendingu. -- Vibeke biður að heilsa.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. 20.3.1996.

Skrifa af því tilefni að hann er grasekkill, Sirrí er á fundi í Khöfn og Auður grasekkja því Axel er á ferðalagi. Tók mér tveggja daga frí til að klára ýmislegt sem ólokið er, taka til á skrifborðinu og æfa mig undir eftirlaunaaldurinn. Mamma hringdi til mín og var þá með máttleysiskast, en stuttu síðar hringdi hún og bað um símanúmer Dags sem hún vildi endilega tala við!

Læt fylgja nokkrar Biskupsvísur eftir vin minn Hákon Aðalsteinsson, bróður Jóns Hnefils.

Sama dag:

-- Mikið gleðjumst við að vel skyldi fara þegar ráðist var að þér. Ég var að sleppa tólinu eftir að hafa talað við mömmu þína. Við glöddumst mjög. --

Ömmu hennar líður vel þótt hún eigi til að fá máttleysisköst.

Eggert Ásgeirss. skrifar Vibeke Jenssen. 20.3.1996.

Þau Dagur höfðu orðið dóttur, Sólveigu, ríkari í Helsingfors 15. mars og er ég nú fyrst að skrifa þeim þar sem tölvan hafði verið í ólagi. Óskar til hamingju með rúmbetri íbúð þannig að við Sirrí getum búið hjá þeim þegar við komum. Heillaóskir sendar þeim og góðar fréttir.

Auður Eggertsdóttir skrifar Eggert Ásgeirss. Sant Joan Despí. 20.3.1996.

-- Ég hef einmitt verið að hugsa til þín -- aleinn í öllu þessu húsi. Ef þig vantar einhver góð ráð í einverunni þá er þér velkomið að leita til mín, því eflaust er ég vanari en þú - svona í seinni tíð. -- En mér heyrir á bréfinu að þú eigir ekki í neinum vandræðum með tímann.

Ekki ég heldur svo sem. Það var árhátíð í skólanum í gær. Ákveðið að gera 19. mars að degi skólans, því það er heilagur Jósep, yfirmiður, þann daginn -- samskotapartí. -- ég bakaði pizzur (sem slógu náttúrulega alveg í gegn) og síðan var þetta ánægjulegasta samkvæmi, mikið borðað og drukkið. Ég skildi við stelpurnar -- og keyrði aftur í skólann, því ég hafði gleymt pizzu-afganginum.

Þegar ég fór svo áleiðis heim lenti ég í leiðinda-veseni á rauðu ljósi, þegar tveir menn reyndu að ræna mig. Þeir læddust meðfram bílnum, svo að ég sá þá ekki og opnuðu dynnar báðum megin til að ræna mig. Til allrar lukku flautaði bílstjórinn fyrir aftan mig ákaft, til að gefa mér merki, að ég náði að hendast af stað að þeir misstu táknið og náðu engu.

En það sem mér brá, pabbi minn, bara tilhugsunin um að missa húslyklana (og heimilisfangið náttúrulega líka í töskunni, verandi ein heima. En maður lærir af reynslunni, aldrei að keyra um með ólæstar hurðir, og nú er ég líka búin að láta nágrannakonuna hafa varalykla. Ég jafnaði mig strax, eftir að ég var búin að tala við Axel og finnst ég hafa verið ótrúlega heppin að sleppa, bara eins og vernduð. Alltaf er það eitthvað!!

Ég sagði frá þessu í skólanum í morgun og allir vilja alltaf allt fyrir mig gera þar. Þannig að maður er ekki aldeilis einn. --


Ég er eins og ný manneskja með hækkandi sól -- nú líka tilhugsunin um að fara heim eftir viku. --¹

Vonandi líður þér vel, og mikið er ég farin að hlakka til endurfundanna. Þín elskandi --

Vibeke Jensen og Dagur Eggertsson skrifa tengda/foreldrum. Ódags.

Þakka kveðjur og gjafir og lýsa breytingum á heimilinu við fjölgunina. Bréf Vibeke er bæði langt og skemmtilegt og lýsir vel umhverfinu í Helsingfors og samskiptunum við vinkonu okkar Túu Kurten sem er þeim mjög hjálpleg.

Hugmynd hafði komið upp um að breyta íbúðinni og tengja neðstu hæðina hjá okkur við kjallarann. Ekkert varð af þessu sem betur fer, en hér eru hugmyndirnar tvær.



Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. 25.3.1996.

Sagan var sú, að þegar Auður var á leið úr skólanum komu tveir menn og reyndu að þrengja sér inn í bílinn þar sem hann stóð kyrr á rauðu ljósi. Maður í næsta bíl á eftir tók eftir þessu og þeytti bílflautuna sem vakti Auði til harðra viðbragða. Hún var líka svo heppin að græna ljósið kviknaði, hún í fremstu röð og gaf nú vel í. Árásarmennirnir voru ekki komnir inn í bílinn, héngu á honum, uns þeir misstu tókin og Auður komst undan. Henni varð mikið um þetta en róaðist þegar hún náði sambandi við Axel. Hún gat varla hugsað til enda að missa öll skilríki, bíl, lykla, ef ekki þaðan af verra. Í förum hennar var að sjálfsögðu heimilisfang svo bæði hefðu Rúmenarnir getað látið þar greipar sópa. Sjálf hefði hún ekki komist inn.

¹ Þegar ég skrái þetta kraftaverk vorið 2018, koma upp í hugann fleiri atvik af mörgum í lífinu, og sem ég hef skráð hér og þar. Tvö atvik til viðbótar held ég að ekki hafi verið skráð, kannski vegna þess að maður getur ekki alltaf verið að velta sér upp úr *Hvað ef sögum!* En ég vil ekki sleppa tveim, þó ekki væri nema vegna þess að ekki má það gleymast sem vel fer. Fyrri sagan er sú að ég var einn hjá Auði, að hjálpa til við framkvæmdir vegna óværu í gömlu lofthitunarkerfi í íbúðinni í *Lækjargötu*. Sigríður Alma var kannski um eins árs, og var hjá mér í svefnherberginu að skríða um þar sem ég var eitthvað að bjástra. Sennilega hef ég þurft að hreyfa til mjög þunga, antik kommóðu með níðþungri marmaraplötu, og enn er til á heimili Auðar (og ég lít ávallt hornauga) hér uppi á lofti á Bergstaðastræti 69. Þá vill hvorki betur né verr til en svo að framlöpp brotnar undan kommóðunni, þannig að hún dettur (*síðar kom í ljós að kommóðufóturinn var maðkétinn, frá gamalli tíð*), fram yfir sig þar sem Sirr Alma var að skríða. En svo vel vildi til að stutt var í hjónarúmið. Sjaldan hef ég verið hræddari. En rúmið gaf sig ekki og Sirr skreið brosandir framundan. Hitt atvikið var að verið var að baksa niður stigann af fimmtu hæð. Verið var að ferja barnahópin niður, sleppt andartak höndinni af Katli. Honum tókst að stinga sér milli handriðsrima, og féll milli hæða. Ekkert okkar átti von á að hitta hann lifandi. En -- já en -- við komum að honum brosandir á næstu hæð. *Kraftaverkin gerast enn*, hugsuðum við, og þökknuðum guði. En minnið er ekki sem best þannig að við eigum það til að gleyma guði, en muna forsjónina.

-- Dagurinn í gær var alveg sérstakur. Jón Nordal bauð okkur mömmu¹ á tónleika í Hallgrímskirkju þar sem flytja átti verk eftir hann: *Óttusöngvar á vori* fyrir kór, tvo einsöngvara, selló, orgel og slagverk. Meginuppistaða voru Sólarljóð og Sólhjartarljóð eftir Matthías Jóhannessen. Þetta var frábær listviðburður. Við sátum vel, hjá Jóni og Sólveigu Nordal. Ég hef sjaldan heyrt eins mikið fagnað í fullri kirkju. -- Á eftir fórum við í Hótel Holt og sátum þar í góðu yfirlæti þar til ég þurfti að fara --

-- Langholtsmálin² eru komin í nýjan fasa. Vígslubiskup skipaði mönnum fyrir og sagði að allir ættu að vera vinir og ef þeir væru ekki vinir yrðu þeir reknir. Þetta þótti Spaugstofumönnum skemmtilegt og sögðu þetta væri sama réttarfar og í Hálsaskógi og kölluðu Lilla klifurmús til að votta það. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. 9.4.1996.

Óska til hamingju með íbúð og ýmislegt fleira um leið og ég hlakka til að gista í henni. Þá var haldið upp á áttæðisafmæli Jónu, fóstursystur mömmu sem komin er í nýja íbúð hjá Hrafnistu. Við bæði, mamma og ég héldum ræðu fyrir henni og rifjuðum upp allt gott.

Þá segi ég frá grein Sigurðar Líndal, frænda okkar, um allar yfirlýsingar alþjóðastofnana og Íslendinga, t.d. á 1100 ára afmælinu, um mannréttindi, sem snúist strax í andhverfu sína.

Strax og samþykktin hefur verið gerð hefst vinna sem tekur mið, mest af hagsmunahópum, - enginn túlki hagsmuni almennings. Réttaröryggi snýst upp í rétt brotamanna, réttur til heilbrigði snýst upp í réttinn til að vera veikur, réttur til að mynda samtök snýst upp í skyldu til að vera í samtökum, réttur til að gera verkfall neyðir fólk með og beinist að öðrum stéttum og veikburða rétti, t.d. sjúklinga. Því miður hefur þessi gagnmerka grein ekki náð eyrum almennings.

Ólafur Ragnar Grímsson var að bjóða sig fram til forseta. Ég tók strax eftir því að hann hafði lesið grein Sigurðar um forsetaembættið sem var að hluta til um að vald hans væri lítið. Hins vegar væri hægt að auka það ef frambjóðendur lýstu því yfir hvað þeir ætluðu sér. -- Guðrún Pétursdóttir (sem einnig er frambjóðandi) hafði einhverju sinni hringt í Sigurð og rætt við hann um lögfræði forsetaembættisins. Hann spurði hvort hún hefði ekki lesið greinina í Skírni. Hún kom af fjöllum. Þá spurði hann hvort hún hefði ekki lesið bók Bjarna Ben. föðurbróður hennar eða bók Ólafs Jóhannessonar. Nei! *Ferð þú ólesin í framboð?* spurði Sigurður og *hefur þú ekki unnið þína heimavinnu?* Auðvitað sagt í galsa --

Auður og Axel eru að fara heim aftur; Axel með viðkomu í Brasilíu, en hann fer ásamt bróður sínum og pabba í söluferð.

Auður er ánægð með lífið, þykir skemmtilegt í skólanum og gleðst yfir öllu nýju sem hún nær tökum á, dag hvern. --

Nú fer að stytast í að við heimsækjum ykkur. Reyndar gerum við áður stutta ferð til Barselóna og Sevilla. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. 15.4.1996.

Erum að undirbúa Spánarferðina og auk þess er ég í ferðum til Akureyrar, vegna útgáfu Oddfellowblaðsins.

Allt gott að fréttu af ömmu hennar, sem fær æ betri þjónustu eftir því sem hún kynnist starfsliðinu á Droplaugarstöðum betur. Þá er verið að vinna í kjallaranum við breytingar og tiltekt eftir brottflutning mömmu.

Fréttir af framboði Péturs Hafsteín til forseta, sem er ágætur, vel skrifandi og frumlegur í hugsun. Þó er grunur um að eitthvert pólitískt plott sé í framboði hans miðað við orð Davíðs Oddssonar í Morgunblaðinu.

Dagur hefur hug á að Sólveig Ylva verði skírð meðan við Sirrí verðum í heimsókn hjá þeim. Við hringdum til þeirra og svaraði Jóhannes í símann og talaði íslensku við okkur. Tæpra þriggja ára.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Sant Joan Despí. 16.4.1996.

Nú er Auður ein meðan karlarnir, faðirinn og tveir synir eru í Brasilíu og eiginkonurnar einar.

-- Mér finnst ég reyndar vera búin að vera svo lengi ein að ég finn engan mun, hvort Axel er í Brasilíu eða annars staðar. En það er fínt að tala við Sæunni (*tengdamóður hennar og aðaleiganda fyrirtækis þeirra*) og sagði hún mér hvað mikið hún væri á móti því að Helgi Már (*einn stjórnandi fyrirtækisins*) og Inga yrðu hérna í íbúðinni okkar í sumar „*helvítis frekjan í þessu fólki endalaust*“ eins og hún sagði. Ég var eiginlega fegin að hún skyldi segja þetta, því ég kærí mig ekki -- um að þau verði hérna aftur. Sérstaklega ekki vegna þess hvernig þau fara að

¹ Eins og kannski hefur áður komið fram, var mamma fyrsti píanókenndari Jóns Nordal.

² Séra Ólafur Skúlason var ættaður frá Syðra Langholti.

því að fá íbúðina: „við ætlum að vera í íbúðinni ykkar“, ekki neitt „megum við“ eða „er ykkur sama“. -- En Sæunn var sem sagt alveg á móti því að heimili okkar Axels væri notað eins og hvert annað hótél. Og þegar Sæunn æsir sig upp út af svona hlutum, þá æsir hún sig upp! -- ég er alveg sammála henni, hvað svo sem verður.

Annars var ég að kaupa miða á tónleika á meðan þið verðið hérna. -- Þetta er á tónleika *Scottish Chamber Orchestra* og flytur verk Mozarts. -- Þetta var það eina sem ég gat fengið. Hvernig líst ykkur á? Ég skoðaði líka tímabilið sem Ásgeir og Brynja verða hér, en sýndist ekki neitt vera spennandi.

Annars var ótrúlegt sem kom fyrir -- kom bréf frá einhverju próduksjónfyrirtæki í borginni þar sem mér var tjáð að þeir hafi fengið eitthvað sent frá flugvellinum sem ég ætti. -- Ég hringdi og hringdi. Um kvöldið er síðan hringt, sá sem sendi bréfið var með saumavél í sínum fórum, sem væri merkt mér! Ég sagðist geta komið daginn eftir, sem ég og gerði -- Þar hringdi ég á bjöllu, fer upp með lyftu og það er opnað fyrir mér inn í risastóra og flotta íbúð, sem var full af hommum á nærbuxunum. Ég skildi ekki neitt í neinu, ungir strákar að striplast þetta. Einn þeirra náði í manninn sem hafði sent mér bréfið. Kemur þá fram eldri maður, greinilega líka hommi, nývaknaður. Hann fer með mig út og inn í annað hús hinum megin við götuna, þar sem hann nær í saumavélina, sömu saumavélina sem ég var gjörsamlega búin að gefa upp á bátinn! Þessa frá ömmu. Hann sagðist vera með danskompaní hérna og hefði verið að koma heim úr sýningarferðalagi, allur farangurinn hefði týnst, búningar og allt saman.

Síðan þegar hann fannst og var sendur til þeirra, þá var saumavélin með, og hún merkt mér! Hugsuð ykkur, hér um bil ár síðan hún týndist, og nú á ég tvær vélar. En það sem mér fannst stórkostlegast við þessa hommanýlendu sem ég gekk inn í, er það að maðurinn sagðist hafa verið að opna nýjan skemmtistað um nóttina, þess vegna væri hann svona þreyttur -- og staðurinn heitir: „Sódóma og Gómorra“. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. 22.4.1996.

Mikið að gera við undirbúning ráðstefnu Samorku, hinnar fyrstu sem samtökin gangast fyrir. Síðan verður haldið til Osló og Spánar.

-- Mamma er í góðu skapi - þótt það sé eins og heiladauði að flytjast inn á svona stofnanir fyrir þá sem eiga andlegt líf. Kannski var ekki annað mögulegt. --

Segi frá skemmtilegri sýningu Barböru Árnason og hvernig hún hefur þróast smám saman úr smáu formati verka upp í stærri. Það væri eins og hún hefði umbreyst þegar hún fór að gera myndir úr ull með aladdínnálinni, sem bókstaflega allir landsmenn voru að spreyta sig á, en enginn náði listrænum tókum á eins og hún.

-- Hún var mikil menningarkona -- Helgi og Doris voru miklir vinir Barböru og Magnúsar Á. Árnasonar, manns hennar. Hjá þeim hittum við hana oft, yndisleg hjón sem bjuggu við mikla fátækt framan af. Þegar ég vann með henni var það þegar hún bjó til myndir og nánast gaf þær RKÍ en þær voru vinningar í happdrætti. Þá var hún að ná tókum á grafík með vatnslitum. Tók hún fagnandi að geta fengið kostnað greiddan við tilraunir sínar. Útkoman var mjög velheppnuð. Litlu síðar dó hún og skrifaði ég minningargrein um hana í Fréttablað RKÍ. Allt þetta kemur nú upp í hugann.

Á eftir fórum við á videósýningu Steinunnar Bjarnadóttur Vasulka, tvífrænku okkar,¹ en nú stendur ný innsetning hennar yfir á Kjarvalsstöðum. Stundum hefur maður efast um það sem sést hefur af videólist - sem gjarnan er afkáraleg - tilbreytingalaus, leiðinleg og langdregin. En hér var á ferð áhrifamikil sýning sem orkar á ímyndunarafl og skilningarvitin. Hún sýnir á fimm-sex tjöldum. Á bak við eru speglar. Ef maður stendur þar má sjá bakhliðina á tjöldunum og spegilmyndirnar allt í kring. Það er víst að hún nýtur þess að vera tónlistarkona. Hún lagði fiðluleikinn á hilluna. Henni fannst leiðinlegt að æfa sig í því skyni að standa einu sinni uppi á senu, fá klapp og hneygja sig - allt búið. Nú er framhald á málinu. Í gær var það sérstaklega sá þáttur sem snerist kringum fimm nótnastrengi - lóðréttu og lárétta - ekki með nótum, fremur sveiflumyndum og táknum sem liðu yfir þessa stóru skerma frá vinstri til hægri - engin viðmiðun. Stundum virtust myndirnar vera af einhverju stóru - stundum örsmáu, svo kom allt í einu akandi bíll í furðulit - negatívvur eða eitthvað, þannig að hann var með í listinni - rétt til að minna á að við værum á Jörðinni. --

¹ Steinunn Bjarnadóttir Vasulka (1940) er dóttir Bjarna Guðmundssonar blaðafulltrúa í utanríkisráðuneytinu (frænda okkar úr Bollagarðaætt) og Gunnlaugar Briem forstöðumanns Söfnunarsjóðsins (úr Briemsætt). Hún var alin upp í húsi afa síns við Suðurgötu. Ég kynntist Steinunni þegar hún var skorin upp á Sjúkrahúsi Hvítabandsins og fékk ég það glæfrahlutverk að svæfa hana, sem gekk merkilega vel, miðað við læknishæfileika! Árangurinn sýnir sig!

Eggert Ásgeirss. skrifar Gretelotte Schütz. 23.4.1996.

Ýmsar fréttir af fjölskyldu og ferðalögum. Leiðsögn Auðar með spænska og franska ferðalanga og heimsókn okkar til Ólafsfjarðar.

Þá er sagt frá því að Ásgeir hafi hætt störfum hjá Ríkisútvarpinu og tekið til starfa við tölvukennslu. Þau Brynja fóru til Auðar og Axels í heimsókn í Barcelona. Dagur hefur fengið boð um kennarastöðu við Arkitektaskólann í Osló, en ekki víst hvort honum séu starfskjörin að skapi.

Þá segi ég frá því að mér hafi áskotnast bréf frá Páli Briem, afa mínum, til foreldra hans og sé ég að undirbúa gjöf þeirra til Landsbókasafnsins. Þá fórum við Sirrí til Akureyrar til að afhenda Minjasafninu sverð sem Dídí frænka mín vildi að færi þangað eins og ýmislegt fleira úr eigu Páls afa míns.

Einnig sé mikið umstang við að flytja inn í íbúð mömmu sem við höfum keypt. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 23.4.1996.

-- Byrjuðum á heimsókn á Droplaugarstaði -- Tókum svo hina systurina á sýningu í Gerðarsafni í Kópavogi og sáum þar sýningu Barböru Árnason. Alveg frábæra sýningu á hennar list, sem var ótrúlega fjölbreytt.

Bókaskreytingar, mest barnabækur, kort, frímerki, veggteppi og falleg málverk. Hún lést um 1970, aðeins tæplega sextug og hefur látið eftir sig mikinn fjölda listaverka. Þetta voru allt listmunir úr einkaeign.¹ Hennar maður var Magnús Á. Árnason, sem líka var listmálarí og þeirra sonur er Vífill Magnússon arkitekt, sem lærði sitt fag í Mexíkó og bera hans verk merki um það. --

Ég sagði þér frá brúðkaupi Hilmars Thors og Diddu. Hlíf Arnlaugsdóttir heitir hún. -- Verður í dómkirkjunni --

Ég hitti Ragnheiði Briem fyrir utan Heimilistæki í gær. Hún var að fara með eina af mörgum saumavélum móður sinnar í viðgerð. Hún er alltaf eins með hárið og málninguna, en alltaf jafn skemmtileg að hitta og tala við. Hún sagði að Guðmundur hefði ekki getað stjórnað heimilinu í fjarveru sinni. Hann hefði að vísu getað lært á þvottavélina og steikt svínakótilettur, en annað ekki. Þess vegna fór hún ekki aftur til Harvard en er í Kennaraskólanum og þykir það skemmtilegt. -- Sagði að skipulagið á heimilinu væri gerbreytt. Nú væri hún búin að taka upp aðra umgengnishætti þar sem allir þyrftu að leggja sitt af mörkum. Mér skilst að hún hafi gert allt sjálf áður og enginn kunnað neitt á heimilinu. Nú sagðist hún vera verkstjórin. Bað að heilsa þér. --

Segir frá því að hún hafi verið að ganga frá handbók tannlækna, sem hefur verið mikil vinna en með henni ætti að vera létt mikilli vinnu af skrifstofunni. Hægt að setja inn breytingar og skipta út þannig að ekki verði eins margar fyrirsprungir tannlækna og áður ef þeir kunna að fletta upp í henni.

-- Annars er ég ekkert mjög bjartsýn á það því tannlæknar virðast ekki lesa það sem við sendum þeim. Fréttabréfið sem ég sendi mánaðarlega er með mjög góðum upplýsingum, en þeir hringja samt og spyrja, eru búnir að fleygja fréttabréfinu - ólesnu.

-- Við leggjum af stað í fyrramálið, förum krók til Stokkhólms áður en við lendum í Osló. -- Svo boðin í sextíu ára afmæli sem norska tannlæknafélagið heldur fyrir framkvæmdastjórnann. Svo taka við fundir á fimmtudag og föstudag og svo brunum við til Barselóna.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Barcelona. 29.4.1996.

Fréttir af heimili Auðar, heimsókn okkar í skólann hennar. Skoðuðum ýmislegt sem þar er í framleiðslu eða skólinn hefur til sýnis.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 13.5.1996.

-- Nú fer Finnlandsferðin að nálgast -- og verður enginn fjölskyldumeðlimur á landinu og enginn til að líta eftir húsinu. -- Ég er búin að -- þvo skírnarkjólinn, stífa og strauja, svo hann er tilbúinn í ferðalagið. Saga hans er sú að systir langömmu þinnar, Álfheiðar, Þórdís, sem dó ung prestsfrú að Hofi í Vopnafirði, saumaði hann og gaf systur sinni þegar Hilda var nýfædd. Hilda hefði orðið 98 ára á þessu ári, svo kjóllinn er að verða 100 ára. -- Í gærkvöldi fórum við í Þjóðleikhúsið og buðum Ásgeiri og Brynju. Brynja var upptekin svo við buðum Rúrí Biering í stað hennar. Leikritið heitir *Hamingjuránið*, eftir finnlandssænskan höfund, Bengt Ahlfors, sem samið hefur mikið af leikritum fyrir *Lilla teatern* í Helsingfors. Þetta er söngleikur með Steinunni Ólínu og Hilmi Snæ í aðalhlutverkum. Leikararnir voru framúrskarandi, svo þetta var besta skemmtun. --

¹ Þetta var merkileg sýning. Önnur sýning hafði verið áætluð, en rann út í sandinn. Þá var auglýst eftir verkum Barböru og barst þessi ósköp, frá fólki sem var hrifið af henni, sennilega frekar ódýr verk, en sem eigendurnir dáðu og aðrir aðdáendur hópuðust að til að skoða. Ekki margir sem hefðu gert það þegar hinir frægustu hafa átt í hlut.

Við sjáum stundum dóttur Löllu (*Ragnheiði Láru Hanson*), sem er byrjuð að leika sér úti í garði, vinkum henni og tölum við hana. Í gær hittum við þær mæðgur og sagði Lalla að sú litla væri svo hrifin af okkur að hún talaði um að hún vildi eiga heima hjá okkur.. Ég sagði að hún væri alltaf velkomin í heimsókn. Nei, hún vill það ekki, heldur flytja til okkar. --

Það var gott að vera fjarri öllu tali um forsetaframboð. Ólafur Ragnar mælist alltaf langhæstur -- en nú er kominn annar póll í hæðina. Það er svo til víst að Jón Baldvin bjóði sig fram. --

Amma þín er farin að nota göngugrind -- en þarf að gæta sín þar sem hún sér illa. -- veikbygð, svo stafur gagnast henni ekki --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Degi og fjölsk. Rvík. 27.5.1996.

-- Þetta er ekki letibréf heldur hagnýt margmiðlun! -- Við fórum strax til mömmu. Hún var heldur léleg og líður ekki vel á heimilinu sem virðist ekki sinna neinum persónulega eða af natni. Hún gladdist yfir fréttum frá Finnlandi og yfir að Auður hafði hringt til hennar þegar illa stóð á. Hún hafði hringt sjálf en alltaf var á tali enda skammvalið ruglað og ég kom því í lag og prufuhringdi til Auðar þar sem allt var í sólar og grillstemningu á svölunum. O - hvað gaman var að heyra það. Ég reikna með að mamma hafi hringt til Auðar þegar við vorum farin. Það er alltaf gaman að rifja upp Finnland við mömmu, en þar átti hún svo skemmtilega daga þegar hún var ung. Þá þótti henni gaman að fréttu af gjöfinni til Sólveigar Ylva, frábærlega fallegru grafíkmynd.

Mamma er leið á lífinu og hafði talað við lækni á heimilinu, góðan mann, um að eitthvað yrði að gera, svona kyrrstaða væri alveg ómöguleg, ófært að lifa sjálfan sig. Hún hafði tekið frumkvæði að því að fara til Stefáns Skaftasonar vegna nefrennslis. Henni var tekið með kostum og kynjum á klínikkinni hjá honum, fékk nálarstungur og sýndur mikill heiður; mátti ekki borga, slíkt kæmi ekki til greina fyrir velgerðarkonu hans og svo töluðu þau margt saman. Þetta var kærkomið tækifæri til að sýna henni fram á að hún lifði ekki sín vegna heldur vegna okkar allra hinna og við fyrir hana.

Á eftir fórum við til Dídí og hún gladdist yfir gjöfinni frá sér til Sólveigar, sem var barnastóll frá *Fiskars* galleríinu eftir samstarfsmann Vibeke og Dags hjá *Fiskars*. Dídí leið ágætlega og var í besta skapi. Hún nýtur þess að sitja í sólinni --

Vibeke og Dagur: Hjartans þakkir fyrir síðast og alla gestrisnina. Þetta var indæll tími -- Hápunkturinn var náttúrlega skírnin og tilstandið í kringum hana.

Skemmtileg var ferðin til *Fiskars* og dásamlegt að hitta gamla kunningja í Finnlandi, ekki síst þá sem hafa tekið ykkur svo vel og gert margt fyrir ykkur. Skilið kveðju til --

Fyrst og fremst var skemmtilegt að finna hvað þið hafið búið vel um ykkur í fallegru íbúð og hverfi með heilbrigðu og skemmtilegu netverki allt um kring. *Sýndu mér vini þína og ég þekki þig!* Hver sagði þessi sannleiksorð.

Það eru ekki góðar fréttir af Ásgeiri pabba Axels! Hann er enn alvarlega veikur eftir slysið. Því miður.¹

Auður og Axel: Eins og þú sérð vorum við ánægð með ferðina til Finnlands. Að sjálfsögðu best af öllu að kynnast Sólveigu --

--

Þau búa í Otnäs sem er tæknivísinda- og háskólahverfi við sjóinn vestan við Helsingfors. Hverfið er mótað af frægustu arkitektum Finna, umkringt skógi -- Svo einkennilega vildi til að Oddfellowarnir sem ég þurfti að hitta búa í Grankulla sem er næsta hverfi, og fundur okkar yfirmanns reglunnar var í Iðntæknistofnun í 200 m. fjarlægð. Kirkjan sem skírt var í er í skógarjórði í 100 m. fjarlægð, teiknuð af Sirén.²

Skírnin fór mjög vel fram á sænsku samkvæmt síðum sem eru nokkuð framandi, reyndar líka Finnum. Kannast maður við tilburði okkar presta að láta fólk taka þátt -- Það breytir líka ýmsu þegar nöfn eru gefin við fæðingu og því er nafngjöfin ekki lengur spennandi. Presturinn, sem er kona, var hlýleg og þægileg. Sólveig og amma hennar stóðu sig svo vel að svo leit út fyrir að þær hefðu aldrei gert annað en að láta skíra sig og halda barni undir skírn. Var dáðst að þeim. Nutu þær athyglinnar ríkulega. Fyrir og eftir spilaði ungur tónlistarnemi á flautu.

Þá voru opnaðar freyðivínsflöskurnar sem við komum með og keyptum á Arlanda og fengum samferðamann til að gangast við með okkur í tollinum. -- Mamma þín nefndi að þegar farið var með *fadirvorið* við skírnina hefði verið tekið undir á mörgum málum, enda sammemendur Dags margra þjóða, kannski sumir hundheiðnir, en við látum það ekki á okkur fá.

¹ Ásgeir Ásgeirsson var að hjálpa syni sínum við húsviðgerð og féll í stiga.

² Heikki Sirén (1918-2013) arkitekt, ekki síst frægur fyrir þessa kirkju.

Skálað var af innileik og forstöðumaður arkitektanámsins hélt ræðu ungu fjölskyldunni til heiðurs. --

Ég fór eins og fyrr sagði á fund með oddfellowum. Líka var ég einn dag á fundi vegna raforkumála og við sátum eina kvöldveislu - en vegna raforkumála var ferðin gerð þótt svo skemmtilega vildi til að Sólveig setti mark sitt á gang mála. --

Eins og þið vitið vann Vibeke samkeppni um útsýnisturn fyrir börn sem Fiskars fyrirtækið gaf arkitektanemum kost á að reisa í Fiskarsþorpinu þar sem verksmiðjurnar hafa verið til skamms tíma. Fiskars er 350 ára gamalt fyrirtæki, sérhæft í hnífum, en hefur farið út í að smíða sköft á þá og þaðan farið út í margvíslegan trúnað, sem byggir á miklum rannsóknum, ræktun svokallaðra gæðaskóga og listiðnaði. -- Reyndar eru þeir að kaupa fyrirtæki í grannlöndum á svipuðu sviði, t.d. Wilkinsons í Bretlandi. Það var skemmtilegt að fara saman þangað og taka þátt í hátíðlegri opnun sýninga. Hvílik hönnun og hvílikur viður og hugkvæmni. Allt er þetta meira og minna í gömlum húsum og verksmiðjum. Þar keyptum við stólinn frá Dídí.¹

Bíllinn þeirra er sérstakur kafli: Autobianchi, annar tveggja í Finnlandi, áreiðanlega minnsti bíllinn þar, keyptur á 10 þús. NOK til niðurrifs í Noregi, eða á 100 þús. ísl. kr. Búinn að fara tvisvar til Finnlands, keyrður 160 þús. km. Í þessu ferðudumst við sex saman, stundum með tvær kerrur á þakinu eða ferðatöskur þungar, skottið fullt af slípirokkum, snúrum, sögum og hömrum, nauðsynlegum útbúnaði til að koma smiðshöggi á útsýnisturninn. Fyrir þennan bíl fá þau 6 þús. NOK til niðurrifs í Noregi, en geta kannski selt hann á meira. Kannski endist hann (ekki) alla leið aftur þangað. -- *Jú, jú, það gerði hann og miklu lengur.*

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Sant Joan Despí. 29.5.1996.

-- hitinn er orðinn svo mikill -- mikið hlakka ég til að koma heim í sumar. Það var frábært að hafa Ásgeir og Brynju hérna hjá okkur. Við nutum þess að hafa þau og mér sýndist þau njóta þess að vera í fríi. Þau voru líka með auðveldustu gestum sem um getur. Þau tóku lestina sjálf í bæinn á hverjum degi og komu svo heim aftur þegar þau voru búin að fá nóg af rápi. Ég var svo róleg að vera í skólanum, en nú þarf ég einmitt að vera dálítið lengur á hverjum degi til að ná að klára allt sem við þufum að skila af okkur. --

Svo var gaman að sitja saman og spjalla á kvöldin. Við fórum ekkert út úr bænum, að vísu einu sinni til Sitges. Lágum smá stund á ströndinni. Ásgeir sagði að hann hefði ekki legið á sólarströnd síðan við vorum í Ameríku, þannig að mér fannst kominn tími til -- Við fórum nokkrum sinnum út að borða, þau buðu okkur á Los Caracoles (þangað sem við fórum með Stellu) og kíktum við á bar á eftir. -- Þau eru svo þægileg í umgengni og gott að hafa þau og ná að kynnast þeim aðeins nánar. Og gaman að sjá hvað þeirra samband er gott og hvernig þau eru hvort við annað. --

Nú er Ásgeir búinn að koma öllum internet og tölvumálum á heimilinu í lag og getum við Axel setið límd við skjáinn tímum saman, vandræðalaust. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 3.6.1996.

-- Ég fór með bréfið norður til Akureyrar til pabba þíns til að gleðja hann. Þetta hefur verið með viðburðameiri vikum okkar. Hæst ber væntanleg fjölgun hjá Ásgeiri og Brynju. Það var sannarlega hamingjusamt fólk sem kom til okkar í heimsókn, kvöldið eftir að þau komu frá ykkur og tilkynntu atburðinn. -- Þau buðu okkur í Spánarmat með fjölskyldu Brynju -- hafa sannarlega drukkið í sig Spánarmeninguna og kunnu frá mörgu að segja. Ásgeir er ánægður í nýju vinnunni, upplyftur að vera byrjaður á nýjum áhugaverðum verkefnum sem virðast eiga vel við hann.

Samorkuþingið á Akureyri var vel heppnað -- Ég fór ekki fyrr en dagur var liðinn af því og náði að fara ú í útskrift Bjössa, til Inga og Siggú² sem minnstist þess hvað þú hefðir verið natin við að passa Bjössa. -- Anna Þorbjörg Jónsdóttir var líka að útskrifast og buðu Guðrún Sveinsdóttir og Jón líka í hennar boð -- alltaf fjör í kringum Guðrúnu. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 3.6.1996.

-- Vonandi sækir þetta fallega fax vel að ykkur. Nú er hægt að segja: Ó hvað hann hefur fallett fax og að hann sé fallettur á hár og fax! --

Gleðilegu fréttirnar eru að Brynja og Ásgeir eiga von á barni í byrjun desember og eignast Sólveig Ylva þá féлага á sama aldri - ef allt gengur vel. -- Ásgeir er ánægður í vinnunni, verður allur ferskari við breytinguna. Þó er ekki neitt fullreynt - en lítur ágætlega út. Öllum er nauðsynlegt að breyta til öðru hverju. Brynja er búin að

¹ Líka keyptum við okkur bláan þrískiptan vasa, aðalvasann á heimilinu síðan.

² Ingimundur Sveinsson (1942), arkitekt. Sigríður Arnbjarnardóttir (1943), kennari. Börn: Sveinn (1974) auglýsingahönnuður í BNA, Arnbjörn ((1976) fjármálaráðgjafi. og Anna Hrefna (1983) hagfræðingur.

segja upp sinni vinnu, orðin þreytt á fyrirtækinu - skilst mér - fjölskyldufyrirtæki með gamlan, úreltan eiganda.¹ -

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 10.6.1996.

Segir frá mikilli afmælisveislu sinni, listahátíð þar sem sýnd var frábær ópera Jóns Ásgeirssonar um Galdra-Loft sem vakti mikinn fögnuð. Einnig sýning á verkum Austurríkismannsins Egon Schiele.

Auði hefur gengið vel í prófunum og það þó þau færu fram á katalónsku. En mikið hefur hún haft að gera. Þau komust í frí á Costa Brava þar sem þau fengu sumarhús leigt.

Svo verður móttaka hjá okkur fyrir stjórn TFÍ og fyrrv. framkvstj. sænska tannlæknafél. Lars Sandberg og hans fjölskyldu sem verður hér í sumarleyfi. Ólafur Karlsson tannlæknir ætlar að koma með harmóníkuna sína.

Eggert Ásgeirss. skrifar Jóni Ásgeirss.² Rvík. 6.6.1996.

--Þetta bréf mun vera hið annað í röðinni sem ég skrifa þér. Tilefni beggja er hið sama: Hrifning yfir óperum þínum. Eru virkilega 22 ár síðan.

Hjartanlegar þakkir fyrir skemmtun á þriðju sýningu Galdra-Lofts í fyrrakvöld. Sýningin var svo áhrifarík - frá fyrsta tóni til hins síðasta - að ég var meðtekinn allan tímann. Tónlistin og textar þínir (og Jóhanns)³ voru svo frábærir að þeir kölluðu allt hið besta fram í öllum listamönnum - og tónleikagestumum - þannig að úr varð ein heild -- hrifningin bylgaði um tónleikahöllina - en það var Gamla bíó sannarlega þetta kvöld.

Gaman var að sjá hvernig þér tókst að laða fram nýja þætti í hæfileikum Þorgeirs Andréssonar, þessa frábæra tónlistarmanns og verkfræðings. Nú var það ótvírætt tónlistarmaðurinn sem hafði yfirhöndina hjá honum.

Ég var búinn að bíða óþreyjufullir eftir þessari sýningu frá því að ég heyrði Þorgeir syngja lag úr óperunni í útvarpinu fyrir rúmu ári. Líka þá sat ég bergnuminn í bílnum mínum fyrir utan stjórnstöð Landsvirkjunar, en þar átti ég að mæta, gat ekki slitið mig frá útvarpinu. -- Loksins þegar síðustu tónarnir þögnuðu gat ég rífið mig upp - of seinn - eins og reyndar Þorgeir líka sem var á sama fundi. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 15.7.1996.

Segi frá Galdra Lofti Jóns Ásgeirssonar og bréfinu sem hann sendi honum. Einnig hvað þau sakni fjölskyldu hans eftir að þau eru farin.

Spænskir vinir Auðar og Axels eru hjá okkur, einstaklega skemmtilegir. Þau A-A eru að búa sig undir leiðsögn um landið með sitt hvorn frönskumælandi hópinn sem er býsna erfitt því lítið er um efni á frönsku um landið og náttúruna.

-- Ekkert er að gerast með neðri hæðina, við ræðum ekkert um hana bræðurnir, enda liggur ekkert á. Ég vil ekki vera að ýta á neitt, þótt ekki sé það skynsamlegt að láta íbúðina standa auða. -- Vorum að panta vikuféð til Prag í sept. --

Ég er svo boðinn á alþjóðlegt seminar um rafsegulsvið í Khöfn í okt. Þarf ég mikið að undirbúa mig ef ég á ekki að verða landinu til skammar. Sérstaklega þarf ég að rifja upp heilbrigðisþekkingu mína, eða dusta rykið af henni, jafnvel læra hana upp á nýtt. En það verður skemmtilegt að fara þangað og hitta fremstu sérfræðinga á því sviði, frá Ástralíu, Ameríku og Evrópu.

Ég hamast þessa dagana í allskyns þjálfun og læknisrannsóknnum. Ég hef verið slæmur í hnjúnum og taldi það vera afleiðingu mjaðmarskurðarins, álagspunktur hefðu færst til. --

Og verð senn 67 ára -- fæ bréfabunka til að tilkynna mér þetta með þeim formerkjum að ég fái engin eftirlaun af því að ég vinni fyrir kaup. Skerðingarákvæði eru fjölmörg. Ríkið lætur sér ekki nægja að jafna kjörin í skattakerfinu, heldur eru að byggjast upp gjörsamlega óskiljanlegar formúlur fyrir öllu. Það er ekki nema von þótt leikið sé á kerfið og það kosti mikið starfslið til að koma í veg fyrir það; með öllum þessum flóknu reglum. Það er svo gott að þurfa ekki að eiga allt sitt undir góðvild stofnana. --

Segi frá því að ég hafi verið skipaður í alþjóðlega nefnd um notkun internetsins í starfi Oddfellowreglunnar. Búinn að fá um 150 skeyti og senda sjálfur þrjátíu bréf án þess að vita hvernig nefndarmennirnir, nema einn,

¹ Eigendur voru þá Sverrir Norland verkfræðingur og Margrét Vilhjálmsson bekkjarsystir mín og þau bæði ágætir vinir okkar. Hún ólst upp hér á Bergstaðastræti nr. 75, m.a. systir Thors.

² Jón Ásgeirsson (1928) tónskáld.

³ Jóhanns Sigurjónssonar (1880-1919).

líti út. Þó nær maður alveg sérstöku sambandi við nefndarmennina, ótruflaður af öllu öðru en þeim skoðunum og viðbrögðum sem koma fram í skeytum þeirra. Betra væri ef fleiri störfuðu svona saman. Ber þetta saman við Norðulandasamvinnuna.

Segi líka frá merkilegri sýningu Sigurðar Örlygssonar listmálara fimmtugs þar sem í myndlistinni endurspeglast sambúðarvandamál, drykkjuskapur og fjölskylduvandamál.

-- Já það er erfitt að vera listamaður og geta ekki farið alfaraleið, þurfa alltaf að finna nýtt og ef menn finna það ekki grær það út í persónuleikanum, oftast en ekki vegna hnúta og misvaxtar.

Jórunn, amma þín, var með okkur á sýningunni og hafði gaman af. -- Þá vorum við með mömmu og Dídí í eftirmiðdagskaffi og var það vel heppnað. Mamma slaknar mjög en Dídí heldur vel sínum andlega þrótti. Fórum á eftir með þær um bæinn og sýndum þeim m.a. (*nýtt hús*) hæstarétt. -- Gaman hefði verið að sjá það hús annars staðar. --

Við Palli komum okkur saman um kaup mín á hans hluta af íbúðinni í gær -- Vona ég að ekkert alvarlegt komi upp á síðustu stundu. Við höfum þá haustið til að laga íbúðina og flytjum í janúar. Hér er ekki unnið hratt!--

Ólafur verður settur inn í forsetaembættið í ágúst og er verið að hamast á Fjólugötu 1 við að koma forsetaskrifstofunni í lag, en húsið var keypt til að losna við Ólaf út úr stjórnarráðshúsinu! Nei, það er búið að standa lengi til. En ekki er Davíð glaður og það gleður hálf þjóðina eða meira.

-- Svanur Kristjánsson segir: *1. Davíð lét líklega sjálfur um að fara í framboð mjög lengi. 2. Með því kom hann í veg fyrir að menn til hægri gætu fundið góðan framhjódanda 3. Með því að láta líklega og með ýmsu því sem hann sagði kom hann því inn hjá þjóðinni að edlilegt væri að stjórnmalamaður sæti á forsetastóli. 4. Þar með var hann búinn að tryggja Ólafi sigur.* --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 22.7.1996.

-- Vorum að koma úr þriggja daga ferðalagi -- Við eigum að bera þér kveðju frá Hreystimannafélaginu. Við rákumst á þá á Öldufallsleið, við fagran foss í undurfögru umhverfi. Við hittum Sigga hrelli, sem var þar við fjórða mann -- Ekki þekktum við hina Hreystimennina, Siggí sagði miklar breytingar orðnar á hópnum. Sjálfur fer hann í haust til Oslóar -- hlakkar til að hitta þig.¹ --

Fórum við svo Fjallabaksveg syðri, mjög fallega leið sem við höfðum ekki farið fyrir.

Við hvíldum okkur lengi við undurfagran Öldufallsfoss. Svo komum við upp á Fjallabak og héldum að Markarfljóti, tókum þar vitlausu leið, ef leið mætti kalla. Hún var falleg mjög, en varla fær, upp brattar hlíðar og niður aðrar, varla færar, örugglega ekki í blautu og alls ekki nema á góðum drifabíl, en nýi bíllinn er með betri drifum en sá gamli. Við höfðum hitt hestamenn sem sögðu ekkert illt um veginn, þeirra trússbílsstjóri var öllu vanur sjálfsagt. Á einum stað komum við þar sem vegurinn var alveg lokaður í djúpu gili. Ég fór út og kannaði. Jú, þá var glufa á milli kletta í miðri á, nákvæmlega nægilegt til að jeppinn kæmist í gegn. Litlu síðar komum við þar sem klettur var fallinn á veginn, sennilega alveg nýlega og var erfitt að krækja fyrir hann.

Á einum stað vissum við ekki hvar við vorum eiginlega en komum þá að leitarmannakofa. Í honum var gestabók þar sem sagði að hann hétí Krókskofi. Þá sáum við hvert við vorum komin og gátum haldið ótraud áfram um Hungursfít, þó ekki væri framhaldið sérlega gott.

Við fórum svo niður hjá Reynifelli. Þar er allt í eyði, búið að rífa gamla húsið og um allt að rísa sumarhús. Þaðan fórum við í Fljótshlíð, fundum ekki tjaldstæði og héldum áfram og tjölduðum við Gljúfrabúa, á dásamlegu tjaldstæði. Reyndar spilltu nokkur ungmenni fyrir, en þau voru með öskur og læti framundir morgun.

Veslingarnir sem virtust af góðu fólki, vel útbúin með tjöld og fína bíla. Verst fyrir þau.² --

Á heimleið komum við í bústaðinn hjá Steina bróður Sirrjar að Hlíð í Gnúpverjahreppi.

Þaðan fórum við upp í Laugardal og leið sem við þekktum ekki fyrr, þaðan upp fjallið og á Hlöðuvelli -- þaðan út á Kaldadal og í besta veðri heim. - Þetta var mikil og flókin ævintýraferð og er mamma þín ákveðin að sneiða hjá slíkum torleiðum í framtíðinni! Og ég líka! -- ég er heldur slæmur til gangs en góður til torfæruaksturs --

¹ Dagur hafði verið í hreystimannafélaginu, bekkjarbróðir Sigurðar Hr. Sigurðssonar, kallaður hrellir. Hann vann sér frægð með því að beygja ríkisvaldið í meðferð á skuldamálum íbúðalántaka með því að vinna mál fyrir hæstarétti ásamt spænskri konu sinni sem er prófessor í lögum við H.Í. Í hópnum var líka Haraldur Flosi Tryggvason, verkfræðingur, um skeið stjórnarformaður Orkuveitu Rvíkur og Ragnar Ómarsson Ragnarssonar. Ragnar var verktaki við endurbætur á húsi Sonju Diego hér á móti við Bergstaðastræti og var Haraldur Flosi starfsmaður hans! Sennilega hafa þeir verið þarna.

² Þegar ég skrifa þetta þá rifjast upp að þegar við klifruðum upp hjá fossinum var ég með staf, því á þessum tíma var ég illa haldinn vegna bilunar hnjúliðs. Klifrið gekk því ekki vel og unga fólkið horfði á og spurði hvort annað: *Hvað er gamla fólkið eiginlega að flækjast? Getur það ekki verið heima hjá sér?*

Eggert Ásgeirss. skrifar Þorsteini Þorsteinss. Rvík. 28.7.1996.

-- Ég var að lesa letursögu. Hafðu bestu þakkir fyrir. Þetta var stórfróðlegt, skemmtilegt, vel skrifað.

Þegar ég var búinn að lesa fór ég að hugsa um að slæmt væri að ekki væru veitt verðlaun fyrir vel skrifaðan og listrænan texta þótt á fræðibókum væri. Ef svo væri myndi ég stinga upp á þessari bók til verðlauna. Ég fann ekkert sem fetta mætti fingur út í (kannski að segja *að eitt letur sé forveri annars*; *að eitthvað sé giska gott*).

Mikið væri gaman að fréttu að þú ætlir þér að halda þessum rannsóknum áfram. Það sem þyrfti að rannsaka sérstaklega er sú staðreynd að letur var eina listræna formið sem flestir Íslendingar höfðu fyrir augunum um aldir. Hvaða áhrif hafði það á listrænan smekk, sem ýmsir halda fram að hafi verið allnokkur. Er bókstafurinn vanmetinn í því sambandi? -- Besta kveðja til Bríetar.² --

Dagur skrifar foreldrunum, Auði og Axel. Helsingfors. 1.8.1996.

Þakkar fót, bréf, lesefni og aðrar gjafir til Jóhannesar og Sólveigar.

-- Jóhannes var afar ánægður þegar hann kom heim þrátt fyrir stanslaus hátíðahöld í 14 daga. Þau höfðu haft það skemmtilegt í Noregi, hitt fjölskyldu og vini og fengið gott veður upp á hvern einasta dag. Svólítill sárabót eftir „haustveðrið“ á Álandseyjum.

Á meðan sat ég með sveittan skallann og reyndi að komast áfram í verkefninu. Allt gengur vel, þó svo að maður vildi gjarna komast hraðar yfir í verkinu. Ég gat samt farið út með bekkjarfélögunum og kynnst þeim svolítið betur.

Sólveig hefur stækkað mikið á síðust vikum og var mikill munur að sjá hana þegar þau komu aftur frá Noregi. Hún er farin að þreifa á öllu sem kemur nærri henni. Líkamshreyfingarnar eru líka orðnar markvissari og minnir meira á gamla konu en lítið barn. Hún er farin að skjóta undir sig hnjúnum og lyfta sér upp að aftan og á öðrum stundum lyftir hún sér upp að framan, en aldrei samtímis. Það lítur þó út fyrir að hún fari brátt að skríða, hún er farin að ýta sér afturábak og átta sig á möguleikunum sem það hefur í för með sér. --

Segir frá leikskólavist Jóhannesar. Sendir heimilisföng nokkurra vina okkar mömmu hans í Finnlandi: Tapio Kunnas og Berit Hanson.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 6.8.1996.

Þakkar fyrir farsíma sem hann var að fá í afmæligjöf frá fjölskyldunni sem enginn hringir í enda sit ég á Landsbókasafninu. Kemur síminn að góðum notum þó sá galli sé á að þau Sirrí séu svo samrýnd að þau skilji sjaldan að.

-- Í gær gengum við frá kaupum á Pallahluta af 1. hæðinni. Til hamingju með það öll við! Hann vildi endilega koma því að að við ættum að byggja sólskála úr stálgrindum utan við svefnherbergisdýrnar, sem gæti verið svalir fyrir 2. hæðina, ef ekki grundvöllur að öðrum sólskála fyrir þriðju hæðina o.s.frv. Þá vild hann að við söguðum úr veggnum á stofunni fram á ganginn og gerðum hann að holi. Við vorum voða jákvæð, en erum ekkert sérlega hrifin af því að hafa allt opið, horfa inn um bæði salernis- og eldhúsdýr. En allt má athuga. --

Ferðalagið gekk ágætlega. Var sérstaklega gaman að koma á Ólafsfjörð. Fólkið hans Axels er gestrisið, skemmtilegt og duglegt. Saltfiskvinnslan er aldeilis glæsileg og vel um gengið þar, greinilegt að þar er þrífri kona við stjórn.

--

Amma Axels er hátt á níræðisaldri og kann aldeilis að koma fyrir sig orði! Við hittum svo Auði í hennar (*leiðsögu*)ferð og sátum í tjaldinu okkar með henni í rigningunni og höfðum það skemmtilegt. Hópurinn hennar er ágætur, það rættist úr honum -- Hér er hin mesta blíða. --

Auður fer svo aftur í tjaldferð og verður sennilega í Skaftafelli á afmælinu sínu. --

Við fórum að skoða gólfefni og rákumst á gegnheila, rauða, ameríska eik, mjög fallega og ódýra. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 12.8.1996.

-- Mikið var gaman að heyra í ykkur og hlátrasköllin á heimilinu. Þegar litid er til baka er það hápunkturinn í lífi hvorrar fjölskyldu þegar börnin eru í nánustum tengslum við foreldrana og trúnaðartraustið fullkomið. Að vísu

¹ Þorsteinn Þorsteinsson (1938) rithöf.: *Þættir úr letursögu*. Hið ísl. bókmenntafél., 1995. Eiginmaður Bríetar Héðinsd. (1936-96) leikkonu og rithöfundar.

² Bríet Héðinsdóttir (1935-1996), leikkona og leikstjóri.

eru margir hápunktar í lífinu, en þetta skeið, sem þið eruð á, er það sem mest ríður á að festa sér í minni og meta --

Er að vinna í bréfasöfnum og ráðgast við handritadeild Landsbókasafns um hvað gera skuli við þau.

-- Í morgun fór ég niður og var að skoða gögn frá mömmu og las bréf sem fóru milli hennar og pabba. Þá sér maður ljóslega hve þessi tími með börnunum er skemmtilegur, þangað til kemur að vandamálum skólagöngu og vinnuálagi. Þetta tók skjótan endi hjá þeim, en þó endist hann lengi ef menn halda fast í minningar og kunna að meta að verðleikum.

Mikið er gaman að fá að upplifa þetta sama með ykkur, þótt aðeins sé í stuttum símtölum og heimsóknum, Ég vona að Ásgeir og Brynja fái notið sinnar tilveru með barninu sínu þegar þar að kemur og gefi okkur mömmu þinni ámóta tækifæri til að gleðjast með sér eins og þið gerið. Ég held ég gleymi aldrei hljóðunum sem bárust skynfærunum um símann í gær; fagnaðarlæti af öllu tagi. Þetta er hægt að upplifa þótt jarðkúlu beri á milli. Gaman að finna hvað þið njótið þessa tíma sjálf. --

Nú snýst allt um innréttingu íbúðarinnar niðri og allar ráðstafanirnar í sambandi við innréttingu og flutning. --

Auður er í leiðsöguferð sinni stödd á Hellu á afmælisdegi sínum og er mikill fögnuður í hópnum og meðal starfslíðsins. Axel notar tímann og fer í fjallgöngur með Kristjáni listmálara vini sínum.

-- Auði þykir Axel óduglegur til slíkra hluta þegar hún er með og ekki koma slíku í verk, en sjálf hefur hún mikla gleði af gönguferðum. En svona er það. Brynja er í sinni síðustu ferð og Ásgeir er í vinnunni við greinaskrif. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 26.8.1996.

Nú fer að nálgast gifting Auðar og Axels og þá kemur Dagur og hans fjölskylda til Íslands. Þá var búið að tæma húsnæði mömmu, endurbætur í undirbúningi. Við gerum okkur vonir um að geta leigt tvær efri hæðirnar saman. Mamma hefur það ágætt og hlakkar mikið til að fjölskyldan komi til landsins og hún fái tækifæri að vera í brúðkaupinu.

-- Axel er sívinnandi og er mikill lífróður að selja fisk fyrir hálfan milljarð á nokkrum vikum. En hann er alveg sérstaklega þægilegur að hafa hér á heimilinu og er hættur að vera eins og gestur. Fellur hann furðu vel inn í síði og hætti miðbæjar og aldamóta. Auður er að nálgast, líklega komin að Skaftafelli og verður á Hellu á morgun. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 2.9.1996.

Hlökkum til að fá þau til landsins. Auður var lasin þegar hún kom úr ferðalaginu og allir hræddir um að ekki geti orðið af brúðkaupinu á ætluðum tíma.

-- Við dönsuðum línudans vegna þess að ekkert má berast út um brúðkaupið. Ágæt aðferð en erfið í framkvæmd, ekki síst þegar gamlar konur eiga í hlut og ýmsir hinir nánustu lenda fyrir utan boðið. Þetta er ágæt aðferð líka sem ég styð fullkomlega --

Við höfum verið að vinna í íbúð ömmu þinnar og gera í stand fyrir brúðkaupið. Matarveislan verður í stofunum og búið að hengja þar upp myndir. Þá erum við búnir bræðurnir að skipta bókum og eignum. Það er sannarlega skrytið að standa í þessu öllu - fara í gegnum trúnaðarmál og allt sem búið er að geyma, fyrst hjá ömmu og síðan hjá mömmu í mikið yfir 100 ár. Mest áhrif hafði það á mig að lesa og þurfa að fleygja öllum samúðarskeytum og blómaspjöldum sem mamma fékk þegar pabbi dó fyrir 61 ári.¹ En það er óhjákvæmilegt að setja þetta í plastpoka og Sorpu. En að horfa á eftir því niður í gáminn - veltast inn um allskyns drasl og úrgang. Það er eins og að sjá á eftir hluta af sjálfum sér. --

Svo er ég búinn að taka að mér mörg verkefni fyrir Oddfellowa -- Erum farin að hlakka til að hitta ykkur á föstudaginn --

Friede Briem talaði inn á spólu. Ódagsett.

Í Morgunblaðinu birtist mynd af börnum sem höfðu verið í Barnaskóla Reykjavíkur 1913-14. Var spurt hvort einhver mannvera þekkti þetta fólk. Þar sem ég, sem heiti Fríða Briem, er sú eina sem lifir af þessum hópi svaraði ég skilmerkilega og lýsti hvaða fólk þetta væri. Út af þessu verður það allt í einu mitt hlutverk að segja eitthvað fróðlegt og skemmtilegt um lífið í skólanum á þessum árum. Yfirmaður Ljósmyndasafns Reykjavíkur talaði við mig um að hann mætti bregða upp fyrir mig myndum og ég gæti eitthvað frætt hann. Svo hugsaði ég ekki nokkurn skapaðan hlut um þetta. Þá kemur hann í heimsókn til mín þessi maður sem

¹ Já það er ekki gott að missa. En það vildi svo til að um árið 2010 fann ég á annað hundrag samúðarkort sem mamma hafði fengið og var furðulegt að sjá hve vinahópur pabba var stór. Ég fargaði þeim ekki!

hafði svo mikla trú á mér og segir mér hvernig hann ætli að haga þessu, hann bregðir upp myndum og ég segði frá.

Síðar er hringt og spurt hvort hann megji koma. Jú-jú þeir væru hjartanlega velkomnir. Þá birtast þeir með allskyns tæki og tól, ung stúlka og tveir ungir menn.¹ Það er dregið fyrir glugga, hreyfðir til stólar, kveikt og allt athugað. Því meira sem kveikt var á ljósum og færð til húsgögn, þeim mun hræddari varð ég og svo tómt að ég mundi ekki neitt. Svo er mér fundið sæti og unga stúlkan þurrkar mér í framan. Þar með var sá litli varalitur sem ég var með alveg horfinn. En af þessu hafði ég engar áhyggjur, bara ef ég myndi nú eitthvað. Jæja.

Svo sit ég þarna og veit ekki hvort ég á að byrja eða hvað. Svo spyr maðurinn mig að því hvaða kennarar hefðu verið í skólanum þennan vetur. Fyrst nefni ég **Morten Hansen**² skólastjóra sem var alveg framúrskarandi maður. Maður bar svo mikla virðingu fyrir honum. Þó maður væri með einhver ólæti, eins og er með krakka, þá var maður stilltur þegar hann var nærri. Svona var allt sem Morten Hansen kom nálægt. Mjög mikil virðing borin fyrir honum.

Eitthvað var ég svo spurð um hvaða kennarar hefðu verið. Jú, ég hafði skrifað eitthvað hjá mér, en ég sé svo illa að ég get ekkert lesið sem stendur á blaðinu. Ég segi nú frá **séra Bjarna Hjaltested**³ sem kenndi kristin fræði og dönsku og öllum þótti vænt um. **Hallgrímur Jónsson** var frábær kennari og kenndi íslensku. **Jörundur Brynjólfsson** kenndi reikning. Kennararnir voru líka sprenglærðir menn, nýkomnir frá prófborði erlendis. **Ásgeir Torfason** var fyrsti Íslendingurinn sem hafði lært efnafræði. Tímarnir hjá honum voru framúrskarandi skemmtilegir. Við vorum þá flutt í stofu þar sem náttúrufræði var kennd og gerðum þar allskonar tilraunir og skygndumst inn í framtíðina þar sem ýmislegt ótrúlegt ætti eftir að gerast. Í þessari sömu stofu var líka kennd grasfræði af **dr. Helga Jónssyni**, bróður Bjarna frá Vogu. Þar var allt nýtt fyrir okkur. Hann var með sýnishorn og það var eins og við værum komin út til að skoða grösín í kringum okkur og gera okkur grein fyrir öllum verðmætunum sem við eigum í öllum þessum grösunum sem sofna á veturna og spretta upp á vorin. Skrift var kennd af **Guðlaugu Arason**⁴ sem var sérkennilegur persónuleiki. Um leið og hún gerði sér grein fyrir að einhver væri örvhentur í bekknum var sá settur á fremsta borð og hún kraup fyrir framan hann til að sjá um að hann notaði hægri höndina. Það yrði aldrei nein skrift ef hann ætlaði að skrifa með vinstri hendinni. Það var notað blek og *klassikal* pennar sem við keyptum í ritfangaversluninni hans **Mortens Hansen**. Þá yrði allt ein klessa. Jæja. Ekki veit ég hvað maður lærði mikið í þessari skriftarkennslu, en það var um að gera að nota dráttarskrift. Þegar við fórum í ritfangaverslunina var **Pétur Ottesen** alþingismaður afgreiðslumaður þar. Hann hjálpaði okkur mikið við að velja pennana því hann vissi nákvæmlega hvernig Guðlaug Arason var og vildi að við næðum þessari fögru skrift. Það voru náttúrulega margir fleiri kennarar. **Sigurður Jónsson**⁵ var kennari í sögu.

Ensku kenndi **Sigurbjörn Sveinsson**⁶. Það voru merkilegir tímar þegar Sigurbjörn var að kenna okkur að búa til setningar á ensku. Þá átti maður að spyrja hann. Sumir voru ansi nærgöngulir við hann. Hann var sakleysingi og áfram um að við lærðum eitthvað hjá honum og kunni ekki við einhverja gárunga. Sumir bjuggu til einhverja setningu um hvað konan hans væri gömul en hún var sjö árum eldri en hann, að mig minnir. Þetta líkaði honum ekki. Svo var ýmislegt kennt og maður fékk dálitla hugmynd um hvernig ætti að bera fram því við lærðum Geirsbók eftir Geir Zoëga. Mikið var lagt upp úr því ef farið væri á veitingahús hvernig maður ætti að panta sér mat, bæði hvort ætti að vera vel steikt eða hálfhrátt og ég veit ekki hvað. Þetta voru mjög góðar leiðbeiningar fyrir mann ef maður færi einhvern tíma til útlanda, sem var ansi fjarlægur draumur.

Hann var svolítið sérstakur hann **Hallgrímur Jónsson**.⁷ Bæði var hann frábær íslenskukennari. Þú ert enn að því sem ég lærði hjá honum í þessum bekk. Hann las fyrir okkur kvæði og lagði áherslu á að við legðum mikla tilfinningu í lesturinn. Ekki að þylja þetta eins og maður skildi ekkert í efninu. Þetta vakti kátinu

¹ Um svipað leyti og mamma skrifaði þetta var Auður stödd á veitingahúsi í París. Þar var Friðrik Þór Friðriksson (1954) kvikmyndaleikstjóri. Sagði hann skemmtisögur, eins og hann á til, m.a. af tilraun til kvikmyndaupptöku, sem rann út í sandinn. Lýsti hann aðstæðum öllum þannig að Auður var ekki lengi að sjá að hér átti amma hennar hlut að máli. Þótti þetta furðuleg tilviljun. Sjálfur man ég þegar ég kom heim úr vinnu að öll fyrsta hæðin var ljómuð af sterkum upptökuljósum. Þóttist vita hvað væri á seyði og hélt mér í hæfilegri fjarlægð. Seinna hitti ég *ungu stúlkuna* sem var Sigrún Pálsdóttir. Sigrún er sagnfræðingur, ritstjóri Tímarits bókmenntafélagsins; hefur skrifað mörg sagnfræðirit og greinar. Hún sagði mér frá því að þó mamma væri rugluð af þessari innrás kvikmyndahóps á heimilið, var hún ekki lengi að ná stjórninni, spurði deili á öllum viðstöddum. Kom auðvitað í ljós að hún þekkti til allra. Friðrik Þór var af Hjaltestedsfólkinu nágrönnum hennar í Suðurgötu og hafði hún verið þar heimagangur. Sigrún var skyld henni í báðar ættir. Lengra rek ég ekki. Hvað út úr þessu kom veit ég ekki, sennilega mest lítið.

² Morten Hansen (1855-1923) skólastjóri Miðbæjarskólans. Hann var kyttur. Þegar hann kom eitt sinn í heimsókn spurði Jóna Einarsdóttir, hin unga uppeldissystir mömmu: *Hvar er hálsinn á þér!*

³ Bjarni Hjaltested

⁴ Guðlaug Arason (1855-1935) kennari, frá Flugumýri í Skagafirði. Dó í Khöfn.

⁵ Sigurður Jónsson var skólastjóri barnaskólans, m.a. faðir Steinþórs Sigurðssonar jarðfræðings og Konráðs Sigurðssonar læknis í Laugarási.

⁶ Sigurbjörn Sveinsson (1878-1950) helsti barnabókahöfundur okkar, síðast kennari í Vestmannaeyjum.

⁷ Hallgrímur Jónsson (1875-1966). Hann var líka skólastjóri þegar ég var í Miðbæjarskólanum.

sérstaklega á öftustu bekkjunum. Allt mögulegt var gert til að sem mest yrði úr þessum frábæra upplestri. Við hliðina á mér sat stúlka sem hét **Lára Sigurðardóttir**.¹ Þetta var fyrsti veturinn hennar í barnaskólanum. Hún var komin frá Sauðárkróki þar sem pabbi hennar var læknir, Sigurður Pálsson, sem druknaði í læknisvitjun. Var mikil sorg að missa hann og mikil breyting fyrir ekkjuna og börnin. Nú var hún þarna komin, sérstaklega skemmtileg og gamansöm. Þegar Hallgrímur var búinn að segja okkur að lesa af tilfinningu þá gerðum við miklu meira úr því í upplestri en hann. Eitt erindið í *Ekkjan við ána* eftir Guðmund Friðjónsson sem lýsir þeim miklu flutningum sem voru á Íslandi þegar fólk fór til Kanada. Hann lýsir hér konu sem ekki fór.

Hún elskaði ekki landið, en aðeins þennan blett.

Af ánni nokkra faðma og hraunið svart og grett.

Er grannarnir sig fluttu á hnöttinn hinumegin,

hún hristi bara kollinn og starði fram á veginn.

Lára sem hafði mikla hæfileika sem leikari las þetta og gerði nú ekki minna úr, horfði á blett á borðinu sem konan elskaði og lék allt mjög vel og höfðum við gaman af. Þegar þar kom að grannarnir sig fluttu, þá var mér ýtt út af bekknum og datt niður á gólf. Og við hlógum og skemmtum okkur yfir þessu. En Hallgrímur Jónsson var ekki á sama máli, ekki á sömu skoðun og við. Honum féll þetta svo illa að hann rak mig út úr bekknum. Það var líka alveg rétt að sýna manni í tvo heimana. Þegar ég kom út dreif ég mig í kápu. Ég átti heima í Tjarnargötu 24 og fór strax heim yfir frosna Tjörnina, fór til mömmu og bað hana um pening fyrir blýanti. *Blýanti?* svaraði hún. *Gastu ekki fengið blýant hjá Morten Hansen.* Það var ekki rétti blýanturinn sem ég gat fengið þar. Jæja, svo fékk ég nú aurana og fór af stað til að kaupa blýantinn. Þegar ég kom aftur var ég svo heppin að það voru frímínútur og ég hitti Lára aftur. Hún var framúrskarandi leikari og svo gaman að henni og hún svo skemmtileg að það hljóta að hafa blundað leikarahæfileikar með henni. Enda á hún dóttur, Þóru Friðriksdóttur, ágæta leikkonu. Það væri ekki hægt að telja það allt upp sem Lára gat gert manni til gamans. Það flókraði ekki að mér að strákarnir í bekknum yrðu einhverjir framámenn í þjóðfélaginu. En það urðu þeir. Á þessum kvenréttindatímum verð ég að snúa mér fyrst að stúlkunum og byrja á fremsta borði sem maður kallaði reyndar alltaf stelpur.

Á fremsta bekk sátu þær saman **Kara Briem** og **Steinunn Sívertsen**. Þær þekkti ég því þær voru frænkur mínar, önnur í móðurætt og hin í föðurætt. Fyrir aftan þær sátu tvær **Bryndísar**, önnur **Einarsdóttir Birnir**² og hin **Ólafs** frá Nýjabæ, sérstaklega skemmtileg stúlka. Hún kom ríðandi í skólann utan af Seltjarnarnesi en þangað var langur gangur og misjafnt veður, skildi hestinn eftir hjá íshúsinu við Tjarnarendann, þar sem við hittumst. Ég hélt mikið upp á Bryndís sem var mjög sérstök að öllu leyti og sjálfstæð þar sem hún fór á bak með bækurnar sínar og sló í.³ Næst var *Elín Sigurðardóttir*, sem síðar hét **Storr**.⁴ Við hliðina á henni var **Áslaug Jónsdóttir** Þórarinssonar fræðslumálastjóra sem giftist dönskum manni sem var **Ormslev**.⁵ Fyrir aftan þær sat **Jóhanna Guðmundsdóttir**, glæsileg stúlka, sem kom úr Landakotsskólanum.

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 23.9.1996.

-- Tómt var að koma hingað heim og þið farin á braut! -- Gaman að samtaliðnu frá þér og fá að vita að heimferðin og samkeppnin hefði gengið vel. Sjálfsagt líka allt sem tengist lokaverkefninu? --

Daginn í gær notuðum við til að hreinsa, því eftir framkvæmdirnar var ryk yfir öllu. Að taka til var sérstaklega skemmtilegt, því í hverju horni rifjuðust upp minningarnar um ykkur, leikföng á ólíklegustu stöðum, fingraför á rúðum þar sem Jóhannes hafð verið að fylgjast með mannaferðum -- og talsvert sem þið höfðuð gleymt --

Segir frá ferðinni til Prag og batnandi ástandi þar. Ferðafélagar góðir. Stórkostleg tónlist, söngleikir, Boris Goudonof, Tosca og filharmónían og Laterna magica, verður ekki með orðum lýst.

-- Og nú er það hversdagurinn, vinnan og endurbætur hússins. -- Þú nefndir rakapróf! Jón Stefánsson kom hingað, leit á rakamerkin, sem eru víða meðfram veggjum og gætu verið 60 ára. Húsið hefur oft lekið, einkum frá gluggum og þaki. Jón hélt að þetta væri þéttivatn frá veggjum. Ekkert bendir til raka annað en frá pallhurðarkarminum og engin fúkkalykt, að því er ég finn. Þannig að við ákváðum að halda áfram eins og ekkert hefði í skorist.⁶ --

¹ Lára Sigurðardóttir átti Friðrik Ólafsson skólastjóra Stýrimannaskóla.

² Bryndís Einarsdóttir Birnir varð húsfreyja í Grafarholti v. Grafarvog í Rvík.

³ Bryndís Ólafs var frá Nýjabæ á Seltjarnarnesi.

⁴ Elín var dóttir Sigurðar brunamálastjóra, síðar fyrri kona Ludvig Storr, glersala og konsúls Dana.

⁵ Áslaug, var móðir Gunnars Ormslev hljómlistarmanns. Frænka Friede, af Stephensenum í Viðey.

⁶ Mikið var þá rætt um fúkka og áróður hafður uppi um að dæla plastkúlum í bilið milli út- og innvegja. En Jón St. taldi óvarlegt að vera að hrófla við útveggjum sem virtust í góðu lagi og hafa verið í yfir 60 ár.

Auður og Axel Pétur gengu í hjónaband í Reykjavík. 7.9.1996.

Hér vantar bréf með aðdraganda og lýsingu á stórskemmtilegu og því vel heppnaða brúðkaupi. Allir fjölskyldumeðlimir voru heima og því engum skrifað til að lýsa viðburðinum.

Af þessu geta menn séð að bréfasöfn byggjast á því að einhver sé að heiman, skrifa og taka á móti. Brúðkaupið tókst ljómandi vel. Brúðkaupið fór fram í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði og var prestur séra Sigurður Helgi Guðmundsson.

Síðan var haldið á Bergstaðastr. og veislan haldin á neðstu hæðinni sem þá var að mestu leyti tóm. Var veisluborð milli tveggja herbergja sem rúmaði tvær litlar fjölskyldur, en stórvaxið var fólkið sumt, að norðan og sunnan, ásamt vinkonum Auðar.

Svo dreifðist brúðkaupið milli hæða. Og gestirnir síðan milli landa og landsfjórðunga.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði og Degi Eggertsbörnum. Rvík. 7.10.1996?

-- Þá er komið að mánudagsbréfi. Þar sem Eggert fór til Köben er ég sjálfskipaður fréttaritari Bergstaðastrætis. --

Í gærkvöldi byrjaði ofsaveður á SV-landi og fauk allt lauf af trjámum í nótt. Birkigreinar frá brúðkaupsveislunni sem voru í hrúgu úti í garði voru bara horfnar eitthvað út í buskann -- Það hvein og hrikti í húsinu -- Í Breiðholti var hitinn við frostmark - hálsa - árekstrar og umferðartafir í morgun. --

Morgunútvarpið sagði ekkert nýtt frá gosstöðvunum í Grímsvötnum. --

Það er undarlegt að vera hér ein í húsinu. Árni smiður var að vinna smávegis. -- Ég hef ekkert farið nema til að heimsækja ömmu þína. Til hamingju með hana (96 ára). -- Hún var með áhyggjur út af öllu mögulegu og ómögulegu. Ásgeir og Brynja fóru til hennar í gær og sögðu hana hafa verið með höfuðverk, auðsjánlega stressuð vegna afmælisins og engu tauti við hana komandi. -- Svo hringdi hún og sagði Palla hafa komið með drykki og smákökur sem hún gæti boðið upp á. Var sýnilega orðin betri. -- Palli býður þeim systurum í kvöld ásamt Jónu og mér. --

Brynja og Ásgeir komu -- og litu á vögguna gömlu uppi á háalofti. Þau settu hana saman og voru yfir sig hrifin. Það þarf að gera við hana og sauma áklæði og þá verður þetta skemmtilegur gripur. Hún var á sínum tíma keypt handa pabba þínum og svo lánuð til hinna og þessara í fjölskyldunni. Ásgeir var í henni en við þorðum ekki að láta Dag vera í henni, því hún er völt ef annað, stærra barn færir að kíkja ofan í hana. --

Ég bauð Brynju að halda upp á þrítugsafmælið á Bergstaðastrætinu. Þau afþökkuðu það en sögðust þiggja að fá að halda skírnarveisluna þar. Þau ætla að halda upp á afmælið á laugardag svolítið frumlega. Eru búin að fá lánaðan bústað Íslandsbanka í Heiðmörk. Láta gestina hittast á ákveðnum stað, byrja gönguferð þar sem endar í bústaðnum. Þar bjóða þau upp á saltfiskréttinn góða. -- Ég þarf að sækja Eggert um kvöldið -- um átta leytid. --

Eggert hefur hringt -- var hann að koma úr kvöldmat hjá þeim Suzanne og Martin Bitch og hafði það verið mjög skemmtilegt. -- Gott var að allt var í góðu lagi þegar þið komuð heim. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 14.10.1996?

-- Gaman var að heyra í ykkur í gær. Að vísu hugsa ég heilmikið um það sem Axel var að segja okkur frá um dularfulla sjúkdóminn sem talað er um á netinu.

Ef mér leyfist að gefa ráð, þá væri það gagnrýni á efni sem er á netinu. Þar eru mjög margir með undarlegustu hugmyndir, oft bornar fram undir hinum einkennilegustu vísindalegu formerkjum. Það sem ég myndi leita að og lesa væri efni frá viðurkenndum háskólum og læknum. Við Sirrí þekkjum þetta bæði því í kringum *amalgam* og *rafsegulsvið* úir og grúir af vitleysu á netinu. Ætli ekki að um 10% af því efni sem um þessi efni fjalla sé í lagi. Hitt er allt frá atvinnulekkjendum til geðveikra! En að finna hvað er rétt og hvað ekki er erfitt. --

Ferðin mín var mjög ánægjuleg, gaman að hitta menn sem fjalla um rafsegulsvið víða um lönd --

Skrýtið að búa á subbulegu gistiheimili í Istergade í Höfn og fara svo út í veislu hjá Suzanne og Martin Bitch í þeirra dýrðlega húsi. Þóttist samt góður að búa út af fyrir mig því ég var frjálst til að fara á listasöfn, Glyptotekið og Arken og naut þar tilverunnar.

-- Þegar leið á vikuna fannst mér að ég þyrfti að hafa upp á Kristínu frænku þinni og Hauki¹ og ætlaði að fara að hringja til þeirra, gekk út á ganginn í íbúðinni. Þá stóð Haukur þar, bjó á móti mér. Hann sagði mér að Kristín kæmi á laugardag frá Lundi. Bauð ég þeim út að borða og fór með þau á laugardag á mjög skemmtilega sýningu

¹ Kristín dóttir Haraldar Guðjónssonar læknis og Ingveldar Dagbjartsdóttur. Forstöðumaður auðlindastofnunar við Háskólann í Reykjavík. Haukur Örvar Pálmason sálfræðingur.

á Louisiana. -- Kvöldverðurinn var skemmtilegur á einhverjum besta fiskveitingastað borgarinnar, sem kom sér reyndar ekki vel þar sem bæði reyndust matvönd og forðuðust fisk. Fluttum við okkur þaðan og á annan stað skammt frá. Kristín fékk sér villiönd fyrir mín orð. Ég veit ekki hvort það féll henni í geð. Haukur lagði ekki í öndina og fékk sé nautasteik. Laugardagskvöldið var menningarnótt og allt fullt af fólki. Fór ég með þau inn á bjórstofuna gömlu: Hvít. Ég hafði mjög gaman að vera með þeim, þau eru elskuleg í alla staði. Þau þekkjá lítið til Hafnar, Lundar og Málmejar; ég geri mér von um að hafa vakið athygli þeirra á einhverju menningarlegu! Þau sögðu mér frá því að leigusalarnir væru frægt hommapar, sem voru gefnir saman fyrstir karlmanna. -- Sem sé, þarna var ágætt að búa og voru dópistarnir og sölumennirnir óáleitnir. Þægilegt að búa í miðbænum. --

Eggert og Sigríður skrifa Auði Eggertsdóttur. Rvík. 14.10.1996.

-- Ég verð að viðurkenna að það voru mistök að hringja til ykkar í gær. Gaman var það, fróðlegt og skemmtilegt. Nú sest ég tómur, rétt eitt sinn við skrifborðið á mánudagmorgni. -- Nú er farið að kæla, frost og vetrardekk --

Helgin var skemmtileg og gaman að fara með oddfellowana kringum Tjörnina. Mér finnst fátt skemmtilegra en að hafa svona sjálfvalin verkefni til að glíma við og hugsa um. Svo þegar þeim er lokið, er eins og tómarúm í þessum parti sálarinnar - þar til ég finn nýtt verkefni. En það er sérstaklega gaman að fá af 100 manna stúku. 20, með mökum, sem raunverulega kjósa að skoða þennan ákveðna hlut. Næst verður farið með Jóni Böðvarssyni um sögusvið Kjalnesingasögu og þar næst um sögusvið Einars Kárasonar á Grímstaðaholtinu en það þekkjá tveir félagar í stúkunni mjög vel. --

Ásgeir og Brynja voru hér í gær - auðvitað ásamt Valdimar. Var það ágætt í alla staði. Búið er að finna þrjár verðmætar bækur sem stolið var frá Valdimar. Strákar komu með þær inn í fornverslun. Konan sem á búðina vissi hvað um var að ræða, fór til að ráðgast við manninn sinn. Þegar hún kom aftur voru þeir roknir, skildu bækurnar eftir án vísbindingar. Valdimar fær þessar bækur. En það tekur tímann sinn að ná 50 bókum með þessu lagi. --

Ólafur Ragnar er stöðugt að opna hitt og þetta - og að ýmsu leyti er hann þægilegur, eðlilegur í framgöngu og slepjulaus. Það verður ekki lengi. Það væri mjög gott að fara burt um áramótin og losna við að hlusta á þá Davíð, ÓRG, Heimi og Óla Skúla Hann er búinn að galoppera á kirkjuþingi eins og allir prestarnir. Það er ljóti kórinn -- Nú er ég aldeilis orðinn neikvæður - hef ekkert sagt jákvætt í bréfinu nema hvað ég sé sjálfur frábær. --

Pabbi

Hér er ég komin til að bæta við nokkrum línnum. Það eru allir ánægðir með bréf og myndir frá ykkur. -- eina aukamynd handa Liisu! Og Katarinu --

Mamma

Það var þægileg tilfinning að hafa ársþingið að baki. Það var í svo mörg horn að líta að maður verður svolítið ruglaður. Allir biðja um að redda einhverju. Aðalfundurinn var átakafundur. Það er að færast meiri harka og óbilgirni í stéttina með meiri samkeppni þeirra á milli um sjúklinga. Margir hafa farið í þessa starfsgrein til að græða peninga, ekki af hugsjón. Nú er tekinn við nýr formaður -- hann er þægilegur maður og við eigum eftir að vinna vel saman, held ég.

Við tókum törn á neðri hæðinni og hreinsuðum rusl úr íbúðinni. Málararnir fara að byrja -- svo kemur parkettið. Árni er að smíða innréttinguna. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 14.10.1996.

-- Ferðin var ánægjuleg, gaman að hitta hina fremstu menn fjalla um rafsegulsvið.¹

Ég hafði ekki fengið hótél í Khöfn og fór í gistiheimili í Istergade -- Enginn heima. -- Þegar í herbergið kom var sá sem á undan mér var ekki farinn -- allt í drasli -- Undarlegur Stykkishólmari með skrítnu dönsku nafni ryksugaði -- Svo fór ég til Suzanne og Martin Bitsch og sat veislu í þeirra dýrðlega húsi -- þóttist góður - þegar þau voru að bjóða mér að búa hjá sér. Morguninn eftir leit þetta skár út -- morgunverður á Hovedbanegården . -- Fór á listasafnið nýja, Arken, svo á Glyptotekið, kom mér fyrir út í horni, las og naut lífsins. --

Ráðstefnan byrjaði með kvöldverði -- gaman að kynna Bandaríkjamönnum, Bretunum og Ástralíubúunum, sem ég þekkti gegnum bréfaskipti. Allt fór fram á ensku og vorum við ýmist hindraðir í samskiptunum, ekki síst vegna þess að Nýsjálendingar og Ástralir tala undarlegt mál og meginlandsmennirnir líka, erfitt að tjá sig í svo sundurleitu málhópi. En allt fór vel.

¹ Rafsegulsvið var taugaveiklunarmál þessara ára, allt vitlaust og ómögulegt að berjast gegn því sem óskiljanlegt upphlaup var, sem allskyns furðufólk gerði út á með undarlegum mælingaaðferðum, m.a. í fjósum, en kýr þöldu rafsegulbylgjur illa! Og þurfa að mæta víða til kappæðna!!

Ráðstefnunni lauk vel og ég sneri mér að bóka- og skjalasöfnum borgarinnar, hafði það gott og gekk vel leitin. --
Segi frá að hann bauð Kristínu Haraldsdóttur og Hauki út að borða og á ýmsa skemmtilega staði í Kaupmannahöfn.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 16.10.1996.

Hefur verið að hjálpa Árna, smiðnum okkar við að skrifa húsgagnasölum bréf til að gerast umboðssali.

-- ekkert nema gott að fréttu. Axel er að vísu í Frakklandi og verður þar í viku -- hafði gengið brösulega -- fegin að fá hann heim. -- Vandræði hér vegna flóða og mikilla rigninga -- flóð á svölunum -- og í skrifstofunni. -- Veturinn er smám saman að koma. --

Það er gott að vera byrjaður aftur í skólanum, þó eins og maður hafi ekki eytt fjórum mánuðum á Íslandi í millitíðinni, allt nákvæmlega eins og fyrir sumarfríð. Ég þarf oft að líta á baugfingur vinstri handa til að vera viss um að ég hafi örugglega gift mig! -- byrjuð í mörgum nýjum fögum í skólanum -- að gera upp gamlar mublur. Ég er virkilega spennt fyrir öllum þessum fögum. Í húsgagnasögu er ég byrjuð á spennandi ritgerð, sem ég hlakka til að byrja á. Sem sagt, ég er ánægð með skólann. -- Ég var að fá útborgað frá Flugleiðum og það hlýtur að nægja fyrir þessum kúrs. --

Talandi um Flugleiðir, þá lenda stelpurnar þar í vandræðum með fjölda farþega -- ætla ég að hjálpa þeim og taka eina rútu með þeim. --

Ég skammast mín eiginlega fyrir að segja það, en ég hlakka mest til að sofa út um helgina. Er bara orðin eins og unglingur aftur, svefnsljúk! --

Ég er búin að lesa minningargreinina um Helga frænda og hafa mikið gaman af henni. Svo heilluð er ég, að ég er farin að tala um það við Axel hvort við getum ekki flutt til einhvers annars lands, þegar ég klára skólann, lært nýtt tungumál og fleira um heiminn. Honum líst ekkert á að ég haldi áfram þessum lestri.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 18.10.1996.

Pakkar fyrir spænsku þýðinguna fyrir Árna smið.¹

-- Ég hef sjaldan séð glaðari mann - hann álitur þig bjargvætt sinn -- verkefni í innflutningi á húsgögnum.

Ekki bara til Íslands.

-- leiðindi í sambandi við parkettið. Árni sá þegar hann fór að leggja fjalirnar að það varð mikill úrgangur af efninu, bognar spýtur, maðkétnar og kvistóttar. Þegar þeir voru hálfnaðir var efnið búið. Maður kom frá Bykó og sagði Árna vera of vandlátan -- sagði okkur hafa keypt þriðja flokk, sem kom flatt upp á mig. Út af þessu varð þóf og seinkun. Árni vann fullnaðarsigur og fékk meira efni en nægir í það sem eftir er. -- Verður þetta fínt. -- Vinur minn er Gulli málari. Allt gengur vel og við heppin með fólk. Ekki er hægt að slípa parkettið strax. --

Í sambandi við vögguna gömlu er hægt að setja járnskrúfu og rær inn í gamla tréverkið og ætlar gamall myndskeri að taka það að sér.

Pabbi þinn skoðaði mikið af bókum í Khöfn í þínu fagi en fann ekkert sem hann hélt að hentaði þér og kom því tómhentur heim. --

Fengum fax frá Vibeke sem sagði að Sólveig væri farin að skríða á fullu og standa upp og ógnar leikföngum Jóhannesar, en hann er stoltur af henni.

-- Dagur talaði við mig í gær. Honum miðar vel áfram á lokasprettinum og útskrifast um miðjan desember. Hann sagði mikið mæða á Vibeke sem er alltaf ein með börnin. Hann sagðist hlakka til að flytja aftur til Osló, vinanna, foreldra hennar og þar væri tiltölulega gott að fá vinnu núna. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 21.10.1996.

Segir margar fréttir. Eggert þurfi að fara til að skoða fundaraðstöðu í Skíðaskálanum í Hveradölum og fór mamma hennar með okkur þangað. Var gaman að sjá staðinn eftir brunann og endurbætur á honum.

Mamma hennar er búin að vera ein í húsinu í viku og hefur þurft að sinna henni meira.

-- Hún er orðin gleymin og utangátta.² -- Gleymir stundum að slökkva á eldavélinni. Í nóv. verður Stella burtu í ½ mán. og bauð ég henni að búa hjá okkur á meðan. --

¹ Árni var að hefja innflutning á spænskum húsgögnum,

² Jörunn Ingimundardóttir var þá 85 ára gömul.

Við litum inn til ömmu Fríðu og er hún að jafna sig í andlitinu eftir byltuna. Hún hafði gaman af að heyra fréttirnar frá þér en á í erfiðleikum með að hringja til þín. --

Segir frá undirbúningi ársþings tannlækna, sem er orðin nokkur rútína fyrir hana en erfitt að fá tannlækna til að lesa ráðstefnugöng, muna fresti og skrá sig og greiða, svo sem stendur í ráðstefnugögnum. Helmingurinn skráir sig of seint þannig að mest er vinnan undir lokin. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 21.10.1996.

-- Við fórum og lásum bréf Vibeke fyrir mömmu og var hún glöð að heyra það og skemmti sér mikið við upplesturinn. Í vikunni hafði hún dottið út úr rúminu, slapp furðu vel, brotnaði ekki en fékk skurð á höfuðið og mikið glóðarauga þannig að hún er öll blá og gul hægra megin. Henni hefur farið aftur og ræður ekki við að velja símanúmer þótt skammval sé.

Við heimsóttum Einar¹ ömmubróður þinn með Jórunni. Hann liggur á Borgarspítalanum, illa farinn vegna næringarskorts; horaður mjög en hafði mjög gaman af heimsókninni, lék við hvern sinn fingur eins og við öll. Hann á dálítið bágt vegna þess að Inga² er við framhaldsnám í Uppsölum ásamt fjölskyldu sinni. Þau feðgin eru nátengd og sakna hvors annars. Hún vinnur í umhverfislöggjöf og lærir umhverfisrétt --

Þau Brynja og Ásgeir eru með allan hugann við móttöku barnsins í desember --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 21.10.1996.

Segir frá vinkonum sínum Auði Gná og Siggu Völu sem voru saman m.a. að skemmta sér.

-- Ég er búin að taka tvær rútur með stelpunum, -- af flugvellinum og á hótelin -- og frá hótelnunum og út á flugvöll. Og mikið er ég fegin að þetta sé búíð og ekki fleiri ferðir, því nú eru flugin að hætta. Ég fékk alveg nóg í kvöld. Það sem fólk getur kvartað endalaust og verið með stæla við mann, ég á bara ekki stundum til eitt einasta orð. Alveg var gengið fram af mér í kvöld, fólkið var svo óánægt með „þjónustu Flugleiða“. Ein veifaði framan í mig vísifingrinum og sagðist ætlað að kvarta yfir okkur, því allt var ómögulegt. Og á meðan ég var að reyna að aðstoða þessa óánægðu konu með því að hringja eitt símtal, kemur ekki askvaðandi einhver maður, slær símann úr hendinni á mér og spyr mig hvað ég haldi eiginlega að ég sé, hvort ég eigi ekki að heita fararstjóri og svo skilji ég bara fólkið eftir án þess að aðstoða neinn, standi bara og hringi í kærastann. Og svona eru allir. Mikið hlýtur þetta fólk að vera óánægt með ferðirnar sínar og allt, ég er bara mest hissa á að það nenni að ferðast, ef þetta er ferðaskafið. Ég horfði bara á hinar stelpurnar í kvöld, þakkaði þeim fyrir að þetta væri síðasta ferðin mín. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 28.10.1996.

-- tek ég lífinu með ró eftir ársþingið -- allt gekk vel -- nýr formaður og varaformaður. Líst mér vel á báða. --

Segir frá gönguferð Eggerts með oddfellowa um Tjarnargötuna og sem endaði á Bergstaðastrætinu þar sem boðið var upp á kaffi og Gammel dansk.

Lýsir endurbótunum á húsinu, eldhúsinnréttingu. Sigurður Helgason (Steinsmiðja S.H.) var í Oddfellowgöngunni. Ég sagði honum að við værum búin að velja olíuslípáðan grástein hjá honum í eldhúsinnréttinguna. Honum leist vel á það ef hann væri vel valinn, sem við ætlum að biðja hann um. --

Brynja títmar út og er vellíðunarleg. Það er verið að gera við gömlu vögguna. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 1.11.1996.

-- Pabbi þinn varð veikur í gærmorgun og var fluttur á spítala, þar sem hann er í rannsókn. Það gerðist þannig að í gærmorgun mældi hann sig, því honum fannst hann eitthvað einkennilegur. Var hann þá með 39,5 stiga hita, með mikinn skjálfta. Sama hvað ég dúðaði hann. -- Heimilislæknirinn vildi aðeins hinkra við og vildi vera í sambandi við okkur í síma. Ég fór í vinnuna þegar skjálftinn leið hjá og pabbi þinn sofnaður. Þegar ég kom heim í hádeginu var hann með óráði og vissi ekki hvað læknirinn hafði sagt í símann. Þá var hringt á dyrabjöllunni og sjúkrahúsið kominn. Hann var fluttur á Borgarspítalanum þar sem hann hefur verið í rannsókn. Niðurstaðan er líklega sú að þetta sé svona mikil þvagfærasýking og hitinn hafi valdið óráðinu. Í gærkvöldi þegar ég kom til hans var búíð að gefa honum sýklalyf og hitinn minnkað, en hann var enn ansi ruglaður og máttfarinn. Þvagfærasýking tengist nýrunum og var hann settur í ómskoðun til að skoða þau. Þar kom í ljós lítill hnútur í nýrunum og var hann sendur í sneiðmyndatöku í morgun. -- Ég var að hringja í spítalanum til að fréttast af honum

¹ Einar Ingimundarson.

² Ingveldur Einarsdóttir, lengi settur hæstaréttardómari og síðar í Landsrétti.

og var hægt að flytja símann til hans. Hann var öllu hressari en í gær og sagði að búið væri að setja sig í myndatökuna, en ekkert að fréttu af útkomunni fyrr en seinna í dag.

Manni bregður óneitanlega þegar svona kemur fyrir, en maður vonar það besta. Pabbi þinn hefur alltaf verið svo hraustur að ég held að hann eigi eftir að lækna af þessu. Við vorum að þakka fyrir að þetta skyldi ekki hafa gerst þegar hann var einn úti í Kaupmannahöfn um daginn. Amma þín er ósköp áhyggjufull. Þeim bregður við gömlu konunum að missa aðalhjálparhelluna. -- Ég hringi í kvöld og læt ykkur vita hvernig hann hefur það og ef eitthvað hefur komið út úr sneiðmyndinni.

Ég var að tala við Auði og er hún að fara til Axels í Bilbao -- Hann er að selja fisk í Baskahéruðunum og þekkja þau eitthvað fólk þar. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 6.11.1996.

-- Við vorum að koma úr tennis. -- Axel situr inni í stofu með einhverjum saltfiskmanni. -- Ég sé aldeilis ekki eftir því að hafa skrópað í skólanum, þetta var svo skemmtilegt ferðalag hjá okkur hjónunum. Axel var búinn að vera talsvert lengi í burtu þegar ég fór af stað. Ég hafði mætt á árhátíð Flugleiða og fékk svo ódýrt far næsta dag.

-- Við hittumst stelpurnar, Jóhanna, Auður Gná og ég, og svo kom Edda Jóns¹ með okkur líka. við borðuðum á mjög skemmtilegum stað í gamla bænum og sátum þar til kl. 3 um nóttina og þá flýtti ég mér heim til að vera ekki of þreytt í ferðinni - vaknaði dauðþreytt kl. níu og dreif mig út á völlum. Axel og Augustin tóku á móti mér í Bilbao og við keyrðum út í þorpið hans Augustin, pínulítinn bæ í 30 km. fjarlægð og fórum strax út að borða ásamt börnunum sem eru tæplega tvítug. Þetta var frábært fólk sem allt vildi vita um okkur, tóku okkur inn á sig og sýndi okkur allt. Með okkur úti að borða var móðir Augustin sem er með Alzheimer, var alltaf að spyrja og svaraði skemmtilega út í hött. Þannig urðu mörg hlátrasköll í kringum þá gömlu. Allir tóku henni létt og þegar hún spurði allt í einu: *Hvar er maðurinn minn?* þá var henni kannski sagt að hann væri úti í skógi að tína sveppi, og sætti hún sig við það og var mikið hlegið við borðið. Á eftir vildu þau öll sýna okkur eitthvað fleira og við fórum í mörg nágrannaþorp, stoppuðum alls staðar og fengum okkur kaffi og bjór. -- skemmtilegur veitingastaður sem lokar um miðjan daginn og er þá safn með allskonar gömlum munum og verkfærum til sýnis. Þau kepptust við að sýna og útskýra allt fyrir manni og spekulera í öllu þessu. Húsið sjálft var fallett, ekta basknesk steinhleðsla. Ég varð a.m.k. yfir mig hrifin.

Og vinur hans Augustin var alltaf að segja okkur sögur af því þegar hann var í andspyrnuhreyfingunni á Franco-tímanum, tekinn þrettán sinnum fastur og pýndur til sagna. Allt var þetta mjög ævintýrlegt. Svo er landslagið líka svo fallett, ólíkt Miðjarðarhafinu, áhrifameira.

Næsta morgunn lögðum við af staða til að skoða Rioja-vínheraðið með Augustin og Tere. Við héldum fyrst að við færum til að keyra um og skoða, en það er greinilega ekki baska-aðferðin. Baskarnir fara til að hitta vini sína, slást í för með fleirum, drekka og borða eins mikið og mögulegt er. Og sem betur fer fyrir okkur, því það er ekki til betri aðferð til að kynna héraðin og fólk en svona. Ef við hefðum verið tvö á ferð hefðum við séð margt fallett, en ekki kynnst fólkinu sem býr á stöðunum. Við fórum sem sagt til Rioja til að heimsækja frænku Augustin og borða með henni og saman ætluðu þau að sýna okkur vínframleiðsluna, en uppskeran er nýbúin. Og það var stoppað þarna hjá frænku hans og fjölskyldu hennar, annarri frænku og fjölskyldu o.s.frv. Og allir tóku okkur opnum örðum og vildu allt fyrir okkur gera. Með þessu fólk fórum við og hittum vínbónda, fengum að smakka á splunkunýju víni og líka eldra, ofan í endalausum rangölum og neðanjarðargöngum.

Á eftir fórum við og tókum þátt í mikilvægum þætti í lífi fólksins, sem þau kalla „*tomer vinos*“ eða drekka vín. Þetta þýðir það að fara ofan í þorp, pínulítill, þar sem allir þekkja alla og allir fá sér vínglas og einhverja snittu (tapas). Og maður er rétt hálfnaður með glasið (sem er nú sem betur fer ekki stórt) þegar farið er út af staðnum og inn á næsta bar við hliðina á. Þar er keypt annað glas, meira tapas, og spjallað við alla. Allir þorpsbúar hittast á þennan hátt. Og svona koll af kolli. Þegar ég áttaði mig á því að þetta myndi halda lengi áfram, hætti ég allri kurteisi með að klára úr glasinu, drakk bara hálf, til að halda höfði það sem eftir væri dags. Ætli við höfum ekki farið inn á svona 12-15 bari, alltaf til að drekka meira og hitta fleiri þorpsbúa. Klukkan þrjú tæmdust allir barirnir á augabragði, allir fóru heim að borða, og við líka. Og þá er borðuð þrjú máltíð (eftir allt þetta tapas) og drukkið annað eins magn af rauðvíni. Húsið þeirra var bókstaflega inni í miðri vínekru og eftir matinn fórum við Axel í göngutúr um vínekrunar. Það var nú skemmtilegt. Vínberin sem eftir eru á trjánum eru svo sæt og bragðmikil -- ævintýrlegt að ganga um.

Síðan skildu leiðir; ég fór með köllunum til að skoða „alvöru“ vínframleiðslu, en konurnar fóru eitthvað annað (svoleiðis er það alltaf karla og konur sér) Og það var sko „alvöru“ vínbýli sem við skoðuðum þar. Fleiri

¹ Edda Jónsdóttir (Haraldssonar arkitekts) æskuvinkona af Bergstaðastræti.

hundruð þúsund geymar fyrir vín, eikartunnum raðað upp í þráðbeinar raðir og síðan vínkjallarinn undir öllu saman eins og vólundarhús. Þetta var bara eins og *intensif* kúrs í vínframleiðslu fyrir okkur Axel, því umsjónarmaðurinn leiddi okkur um allt, það okkur um að spyrja og það gerðum við. Síðan tók hann upp að lokum þrjá mismunandi flokka af víni, fínt, fínna og ennþá fínna, og fengum við að smakka og finna muninn. Maður fann náttúrlega mun. En hefðum við ekki verið búin að drekka rauðvín allan guðslangann daginn, hugsa ég að við hefðum fundið ennþá meiri mun! Á eftir fórum við svo oní þorpið til að hitta konurnar og „*tomar vinos*“ því ég hugsa að allir hafi verið orðnir þyrstir!! Eftir nokkur vínglös tóku eitthvað tuttug manns sig saman og ákváðu að borða á einu vínbýlinu (en þetta eru ekkert nema vínbýli í öllu þorpinu). Þar var slegið upp langborði, fiskur og kjöt grillað, hlaupið niður í kjallara annað slagið með tóma plastbrúsa og þeir bornir upp fullir af víni. Um kl. tvö um nóttina keyrðum við heim, en það var tveggja tíma keyrsla. En það undarlega var að ég var ekki vitund undir áhrifum véns eftir allt þetta, og margir sögðu að þeir hefðu haldið um hádegis að það þyrfti að bera mig heim og voru hissa um kvöldið að þá sá ekki einu sinni á mér vín. Ég held að það hafi verið vegna þess að ég kláraði ekki úr glösunum. Og Axel var ekki vitund ölvaður heldur. Þetta var ótrúlegt allt. --

Næsta dag skoðuðum við Guernica, rétt hjá þorpinu þeirra. Og eftir krókaleiðir aftur til Barselóna.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 11.11.1996.

-- Stella lagði af stað áleiðis til ykkar í morgun með farm af saltfiski og öðru góðgæti. Hún var mjög spennt að fá að hitta ykkur og spurði hvort þið gætuð fengið barnapössun. Langaði til að bjóða ykkur út eitthvert kvöldið sem passar. --

-- Pabbi þinn er ótrúlega hress eftir spítaladvölinu. Hann fór í vinnuna og ætlar að verða til hádegis og eitthvað næstu daga fram að ráðstef Samorku á Nesjavöllum 21. og 22. nóv., en hann hefur haft veg og vanda af undirbúningi hennar. --

Mamma vill heldur vera heima þennan tíma sem Stella verður í burtu. – Framkvæmdir hjá okkur í húsinu ganga samkvæmt áætlun. --

Brynja og Ásgeir borðuðu hjá okkur um daginn. Brynja sagði að það hefði verið stórkostlegt að tala við Jóhannes í símann, hún hefði ekki trúað því að hann væri svona duglegur að tala íslensku. -- Hún er hress og mikil tilhlökkun hjá þeim. --

Segir frá undirbúningi útleigu, þjóðgarðsvörð á Þingvöllum, útvarpsstjórstöðu og hrókeringar þar á milli.

Segir líka frá ferð Auðar og Axels til Baskalands og Madrid og "tomar vinos" vínsmökkun eftir uppskeru haustsins. Voru búin að finna út að ekki mátti klára úr glösunum.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 16.11.1996.

Þakkar fyrir skemmtilegt bréf með ferðasögu Auðar frá Bilbao og Madrid. Einnig fyrir afmælisbréf til Ásgeirs.

-- Það er búið að tilkynna pabba þínum að hann eigi að koma á spítalann á morgun og skera hann á miðvikudag og taka æxlið og annað nýrað. Hann segir sjálfur að þetta sé ekki mikill uppskurður, það sé mikill munur að það þurfi ekki að krukka í nýrað, heldur er það tekið allt. Svo hefur hann tröllatru á þessum lækni, sem er víst sá besti á þessu sviði, í þvægaraskurðlækningum. Það er mjög gott að hafa þetta ekki yfirvofandi í langan tím og finnst okkur gott að drífa í þessu úr því að það þarf að skera. Annars er pabbi þinn hinn hressasti og er alltaf að verða betri og betri í blöðruhálsinum. Hann er að vísu áfram á meðulum, að fara til læknisins á stofu í dag og skoðaður vel og vandlega. --

Þá segir frá endurbótum á fyrstu hæðinni á Bergstaðastræti, eldhúsi, skápum, flísalögn. Efni í borðplötu sem Vibeke ráðlagði verður útvegað af oddfellowbróður Eggerts, Sigurði Helgasyni steinsmið, sem ætlar að sækja nógu stóran stein í námuna sína og saga niður fyrir okkur.

Segir líka frá áætlunum um húsnæðið uppi sem á að skipta aftur í tvær íbúðir.

Segir frá boði hjá Rúrí ásamt Bieringssystkinunum sem er búin að kaupa sér íbúð í Hafnarfirði eftir dauða Agnars Biering. Gunnar bróðir hans er búinn að missa konuna sína, Hendrik bróðir þeirra orðinn ekill. Nú ætlar Rúrí að selja snyrtivörubúðina. En kvöldið var ánægjulegt.

Svo var veisla hjá Ásgeiri og Brynju og var helsta skemmtiatriðið upplestur úr bréfi Auðar.

-- svo tekur við tími sem ég verð að játa að ég kvíði fyrir. Við erum bjartsýn og pabbi þinn ekkert kvíðinn --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 18.11.1996.

-- Það er búið að tilkynna pabba þínum að hann eigi að koma á spítalann á morgun og á að skera hann -- og taka æxlið og annað nýrað. Hann segir sjálfur að þetta sé ekki mikill uppskurður, það sé mikill munur að það þurfi

ekki að krukka í nýrað, heldur það tekið allt. Svo hefur hann tröllatru á þessum lækni, sem er víst sá besti á þessu sviði, þvagfæraskurðlækningum. --

Segir frá framkvæmdum við íbúðina.

-- Borðplötunar úr íslenskum grásteini, sem Dagur og Vibeke völdu, ásamt fleiru, eru ekki til hjá steinsmiðju Sigurðar Helgasonar. -- Pabbi þinn talaði við oddfellowbróður sinn, Sigurð Helgason. Sagðist hann myndu sækja stóran stein, sem hann vissi af, láta saga hann fyrir okkur, svo þá þyrfti ekki að skeyta saman. Heldurðu að það sé fín þjónusta. --

Segir frá hugsanlegri leigu á efri hæðunum, sem varla muni ganga í einu lagi. Þá þurfi að setja upp eldhús á efstu hæðinni.

-- í gærkvöldi fengum við til okkar mömmu og systur hennar Helgu og Rönku, ásamt Ásgeiri og Brynju. Þær eru svo skemmtilegar saman systurnar og ánægðar með að koma til okkar.

Við fórum svo í göngutúr í dag og komum við hjá Ásgeiri og Brynju og skoðuðum vögguna sem Brynja hefur verið að sauma utan um. Aldeilis fínt að sjá þennan gamla grip vera kominn aftur á kreik. -- Ásgeir las upp bréfið frá þér -- það var kalt í veðri, 8 stiga frost, þegar við gengum heim. Svona var nú helgin og svo tekur við annatími, sem ég verð að játa að ég kvíði fyrir. Við erum bjartsýn og pabbi þinn ekkert kvíðinn. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 25.11.1996.

-- Spítaladvölin var sannarlega ánægjuleg, þrátt fyrir allt. Starfsfólkið allt, hjúkrunarfólkið og lækarnir, alveg frábært. Mamma þín hefur sagt þér frá sjúkdómsgreiningunni, sem er sönn og rétt, eða eins og Eiríkur Jónsson, yfirlæknirinn og líflæknir minn sagði: *Nú er ég búinn að segja þér allt sem ég veit.* Og hvað var það?

Meinsemdin sem fannst á sínum tíma, var alveg afmörkuð innan nýrans, reyndar tvær, ein stærri og eitt mjög lítið krabbamein. Hvað það er búið að vera lengi þarna, eða hve hratt það vex, veit enginn. Meðferð á svona meini er aðeins ein, sem notuð var, að nema nýrað brott, ekkert frekar, engin geislameðferð eða lyf. Rétt eins og þegar ber finnst í brjósti. Og ekkert að óttast frekar. Allir eru í hættu að fá eitthvað, og margir þegar búnir að fá eitthvað, sem ekki finnst fyrr en einkenni gera vart við sig.

Þannig er ég, og vonandi þið öll, sem mér standa næst, fullkomlega róleg og þökkum fyrir það lán í óláni að ég skyldi fá sýkinguna um daginn. Ef hún hefði ekki fundist hefði hugsamlega verr farið, kannski ekki, hver veit.¹ --

Í gær talaði ég við fjölskyldu Guido Bernhöft, bekkjarbróður mömmu, sem varð fyrir slysblytu og lagður inn í næstu stofu við mig, eldklár, en með þvagfærasykingu. Fjölskyldan var hin ergilegasta, vildi kenna spítalanum um, eins og það væri eitthvað furðulegt að slíkt blossaði upp í 96 ár karli þegar hann beinbrotnaði. Þannig varð ég varnaraðili spítalans míns og held að vel hafi tekist.

Annars var skemmtilegt að hitta vin Guidós, Ólaf Guðmundsson,² sem sagði strax glaður í bragði: *Sonur Geira í Nesi.* Sennilega síðasti maður sem segir svona við mig, Hann er sonur Guðmundar Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, sem rak stofu með Sveini Björnssyni forseta og amma þín vann hjá, þar til hún giftist. Þar að auki dó Guðm. fyrri hluta árs 1935, var þá formaður Lögmannafélagsins og tók þá varaformaðurinn, pabbi, við, en dó líka frá formennskunni síðar sama árið.

Eftir dvölin á spítalanum hef ég verið að horfa yfir svefnherbergið og inn í stofuna og dást að hve allt er fínt og fallet eftir að hafa verið í kuldalegum spítalanum. Næst þegar ég fer á spítala tek ég með mér skrifjárn, til að gera við lampa og sithvað. Sjúklingarnir koma og fara en starfsfólkið eyðir æfi sinni í þessu umhverfi. Eins og ég sagði var það alveg frábært. Það er alltaf að taka á móti nýju fólki, tekur það að hjarta sínu og gerir allt fyrir það, hvetur og gleður. Mér er hreint óskiljanlegt hvernig sálin getur geislað svo mjög, þar sem mér sýnist ekki svo mikið gert fyrir það. Það hlýtur að vera erfitt að annast fjölskyldur sínar annars vegar og sjúklinga hins vegar og á vöktum að auki. En það er spurningin um að gera vel eða illa. Það fer eftir persónunum, ekki eftir kaupum.

Það var eftirminnileg grein í Mogga um kennara í Hafnarfirði sem framleiðir flestalla bestu nemendur landsins í eðlis- og stærðfræði. Greinin vakti athygli, þótt í raun sé það eina merkilega við hana sá gamli sannleikur að ekkert gangi í kennslu nema með hvatningu og jákvæðri afstöðu. Það er svo skrytið að því hefur verið komið inn í fólk að það að gera vel sé tengt kaupum. Alltaf þegar talað eru um að bæta íslenskukennslu rís stéttin upp og segir að það þurfi að hækka kaupum. Sem er rétt. En á að hækka kaup eðlisfræðinga af því að Hafnfirðingurinn á það skilið? Hvernig væri að finna jákvæðan mælikvarða og greiða kaup í samræmi við það? Það hlýtur að vera erfitt

¹ Þessi meinsemd kom til almennrar umræðu eftir að Davíð Oddsson varð fyrir sams konar meini. Þá var rætt um að sjaldgæft væri að finna það þar sem það gerði ekki boð á undan sér. Uppgötvaðist það yfirleitt ekki fyrr en það er komið á alvarlegt stig. Í mínu tilviki var það sýking í þvagrás sem leiddi til rannsókna og greiningar.

² Ólafur Guðmundsson (1916-2010), lengi sveitarstjóri í Stykkishólmi.

Því það er löngu vitað að þeir sem virðast góðir, t.d. sem sölumenn eru það alls ekki alltaf, þeir eru að afla skemmtilegra viðskiptavina, lækna ekki að lækna, heldur að stunda lækningar.

Ég hef verið að hringja í gamlar konur í dag og gleðja þær með góðum fréttum. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 27.11.1996.

-- Takk fyrir langt og skemmtilegt bréf -- um sjúkrahúsdvölina, og svo talaðirðu líka svo fallega til mín, að ég fór náttúrulega að skæla, því ég fer alltaf að skæla þegar eitthvað fallet og alúðlegt er sagt við mig. Ég meina þetta í jákvæðri merkingu. -- Var að koma heim af bókasafninu til að hafa upp á heimildum um vin minn hann Machael Thomet, sem ég er að skrifa ritgerð um, en fann ekkert. -- Hálf tómlagt þegar Axel er ekki heima, því nú er maður vanur því að vel sé tekið á móti manni þegar maður kemur heim. Ég verð bara að launa gott með góðu þegar hann kemur --

Sevilla var frábær. Mér fannst ég hálfpartinn vera eins og í draumi að vera komin þangað. -- búin að heyra hryllingssögur --

Eggert Ásgeirss. skrifar Túu Kurtén. Rvík. 27.11.1996.

Þakka finnskar fréttir um breytingar á rafveitusambandinu, segi líka frá sjúkdóminum.

-- Men nu är det över, lyckligtvis hittades tumören i tid. Alla, också läkarna, är överens att en ledande hand styrde mig in på sjukhuset, precis i rätt tid. Så nu sitter jag, reconvalescenten, mår bra, njuter livet utan bekymring, utan kanske inte att ha skrivit ellar svarat brev från vänner, bekantar och fränder här och där på jordklotet.

-- I kväll samlas nordiska elverksdirektörer till middag här ute på Hótel Holt till det möte som jag hade förberett för Eiríkur, den andre. Och jag är så nöjd med att sitta här hemma och småprata med dig i stället. --

I morse fick jag tack och lyckönskningar för väl förberett katastrofberedskapsmöte - som visade sig att vara roligt och nyttigt, inte bara från beredskapssynpunkt, men också för att detta var första gången i Samorka's existens som de olika energi- och vattenverken fick förståelse för hur ofantligt mycket de har gemensamt, bl.a. problem som man klarar bättre i gemenskap. Ja, det är otroligt att måste vara sjukskriven när man får beröm - för första gången från arbetsgivaren. Det är inte surt sagt eller menat. --

Þakka henni fyrir allt það sem hún hefur gott gert Degi og fjölskyldu nú þegar þau eru á leið aftur til Noregs.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 9.12.1996.

-- hugurinn hefur verið hjá ykkur undanfarið með óskum og vonum um að húsbóndanum gangi vel á síðasta sprettinum. --

Héðan er allt gott að fréttu. Pabbi þinn hressist með hverjum deginum og byrjar í dag að vinna hálfan daginn. Honum finnst hann vera orðinn það hress -- þrjár vikur frá uppskurðinum.

-- Við vorum um helgina í kjallaranum og tókum hann í gegn, undirlagðan af ryki og múrbrotum eftir allar framkvæmdirnar. -- nú er hann kominn í lag, í bili, þangað til næsta hrina byrjar eftir áramót. Árni smiður misreiknaði sig aldeilis með verklok, ætlaði að skila af sér um miðjan nóvember. Gott ef hann klárar fyrir jól. En við erum sem betur fer ekki í tímaþröng. Eldhúsinnréttingin er komin upp og verður falleg. Skáparnir í svefnherberginu eru að komast upp. En mörg handtök eru eftir.

Amma þín og Dídí verða hjá okkur á jólnunum, en allt í óvissu með Ásgeir og Brynju. Við erum búin að fá loforð fyrir jólarjúpum hjá Hemma á Hvarfi. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 9.12.1996.

Segir frá bilunum og endurbótum á húsinu ásamt góðri líðan - ásamt vandræðum vegna bilana í kjallara og bíl. Segir frá heimsóknum, skemmtilegum sumum, þegar Palli og Lára komu í heimsókn.

-- að vísu kom í ljós að margir frændur okkar í Briemsætt höfðu *Asbergereinkenni* - smáskrýtnir - lærðu utan að - kunnu ótrúlega hluti - þrifu sig ekki - voru afkáralegir - kuðluðu fötin utan á sér. Sem sé allir helstu hæfileikamennirnir voru með þessi einkenni sem á vægu stigi framkalla snillinga, en á háu - algjöra apa. Niðurstaða mín er að þekking á sjúkdómum sé góð ef henni er haldið utan fjölskyldu - hárskerinn klippir sig ekki sjálfur og tannlæknirinn gerir ekki við eigin tennur. En skemmtilegt var þetta kvöld. --

Nú er það meiningin að fara að drattast í vinnuna aftur og ná heilsunni, sem ekki tekst nema maður fari að gegna hlutverki á nýjan leik. --

*Var í sambandi við kollega minn í Svíþjóð. Tók bréf til Dags, þóttist hafa endurritað það vandlega. Þegar ég las það seinna þá var undirskriftin **pabbi!***

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 16.12.1996.

Gleðst yfir að Þau Axel komi heim um jólin og allt í góðu lagi nema hvað Einar frændi Ingimundarson er alvarlega veikur, Inga dóttir hans kvödd heim frá Uppsölum en læknamir byrjaðir á að bjarga lífi hans, en geta ekki hætt nema fjölskyldan samþykki, eitt af vandamálum opinberrar lækniþjónustu!

Segir frá umstangi Ásgeirs og Brynju vegna væntanlegrar barnskomu.

-- Rosalega er ég feginn að þið komið og getið stjórnað flutningnum á neðri hæðina undir yfirstjórn mömmu þinnar. --

Dagur fer í ferjuna í kvöld og er að setja dótið sitt í gáminn í dag. Það er vonandi að ferðin gangi vel í þessum mínibíl þeirra -- Nýr kafli í lífinu hefst. --

Mikið stúss í kringum Dídí og mömmu - afsaka mig frá vinnunni um þrjúleytið. --

Sigfús Daðason, sem ég lá fyrir skemmstu með í sjúkrastofu var að deyja. Ég hef ekki verið sáttur við Illuga Jökulsson síðan hann flutti ruglþáttinn um pabba - en er búinn að sættast við hann eftir framúrskarandi þátt um Sigfús.

-- Enginn getur fjallað um annarra list nema vera jákvæður, þykja vænt um hana og sjá eitthvað gott í henni. Hann virðist ungur hafa orðið hrifinn af Sigfúsi og tókst ásamt Erlingi Gíslasyni að koma hrifningu sinni og þeirra beggja, fullkomlega til skila. eru skemmtilegir hlutir ekki annars skemmtilegir? Það finnst mér. Er einhver annarrar skoðunar? --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 23.12.1996.

-- fengum indælt og skemmtilegt bréf frá Túu Kurtén. Það var skrifað rétt áður en þið kvödduð, þannig að hún var ekki komin í gegnum söknudönn. Hún sendi dásamlega mynd af Sólveigu, sem kemur mér ævinlega til að hlæja framan í hana. Þetta er regluleg *seterjente*. --

Af okkur er gott að fréttu, þótt ekki liti allt út þegar við vöknudum í gær. Allt fór þó eins og best varð á kosið þannig að engar áhyggjur þarf að hafa núna. Lánið lék við okkur og afstýrði óláni svo sem áður gerðist með mig. --

Iðnaðarmenn höfðu verið að vinna niðri og voru að lokapússa parkettið. Við Sirrí fórum að sofa um kl. 11 og Auður gekk um stigaganginn rétt fyrir kl. 1.

Um nóttina var hringt þrisvar sinnum í símann og var einhver að plata, spurði eftir Auði og þóttist vera Axel Er ekki komið fram hver það geti verið. Ég held því fram að það hafi verið forsjónin eða æðri máttarvöld. Síðustu hringingu svöruðum við ekki og létum hringja út. Sirrí vaknaði við hringingar kl. 3.30, gat ekki sofnað aftur og fór niður til að fá sér vatn að drekka kl. 4.30. Þegar hún kom niður í stigann fann hún brunalykt og sá að reykur braust milli stafs og hurðar í skilríminu. Hún kom upp og vakti okkur Auði. Axel var fyrir norðan.

Svo var hringt í slökkviliðið. Gatan fylltist af babúbílum, sjúkrabílum og lögreglubílum. Við ýttum á dyrasímann og þegar slökkviliðsmennirnir opnuðu blossaði upp eldur sem kraumað hafði í plastpoka sem var þar við ofninn. Var eldurinn slökktur snarlega og komið með tæki til að soga út reyk. Komst reykur í kjallarann og upp á loft.

Var húsið um skeið fullt af fólki, rannsóknarlögreglumönnum og slökkviliðsmönnum sem voru alveg frábærlega þægilegir í viðmóti, gengu reyndar um á stígvélum þannig að parkettið var útvaðið og lítilsháttar óþrif um allt hús. En það gerði nú ekki til.

Orsök þessa var sú að parkettmennirnir höfðu skilið eftir olíuvotar tuskur í pokanum, sem þeir höfðu að auki sett við heitan ofninn í ganginum við útidyrnar. Það má aldrei gera, því sjálfsíkveikja getur orðið, eins og gjarna er varað við, á tekk- og fernisólubrísum. Það gerist við sérstakar aðstæður, m.a. þær eins og nú átti sér stað. Fyrr í vetur brann ein elsta kirkja landsins til kaldra kola, einmitt vegna þessa, þegar verið var að ganga frá nýbyggingu hennar.

Þetta leit ekki aldeilis vel út að hafa eld í stigagangi þar sem útgönguleiðir eru engar nema brjóta glugga og fara út á útbygginguna af efstu hæð.

Við sluppum sem sé naumlega og hefði illa farið ef símagabbið hefði ekki átt sér stað.

-- Brynja varð vör við það á Fæðingaræildinni að brunabílar fóru inn Bergstaðastræti. --

Árni smiður hlustaði á morgunfréttirnar og lagði saman tvo og tvo, hringdi í parkettmennina og voru þeir komnir fljótlega. Svo komu tryggingarmenn og allt fór í gang. -- lauk öllu um sjö um kvöldið og nú er reyklarlykt að mestu horfin. -- Við getum þakkað guði fyrir handleiðsluna.

Þá er komið að því sem er skemmtilegt. Það hefur gengið aldeilis vel með litlu dökkhærðu prinsessuna þeirra Ásgeirs og Brynju. Hún kom heim í gærkvöldi, er eins og blóm; breytir heiminum í kringum sig eins og ekkert væri. Allt gengur vel -- Svona getur lítil þriggja kílógramma þung stúlka breytt umheiminum -- stelur senunni þannig að við munum varla eftir Sólveigu og Jóhannesi. -- Svo fellur allt í fyrra farveg og við dáumst að þeim meira en nokkru sinni --

1997

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 2.1.1997.

Óskar gleðilegs ár og lýsir velheppnaðri áramótaveislu fjölskyldunnar og tiltektinni eftir hana og einhverju sem minnir á timburmenn. Maturinn góður, kjúklingaposteik og sérrífrómasía eins og Sirrí gerir best.

Hrósar Ólafi Ragnari fyrir ræðu hans þar sem mátti heyra nýjan tón um unga fólkið í útlöndum, hvað mætti gera til að beina því heim.

-- Gamlárskvöldsboðið var fjörugra en nokkru sinni fyrr og skemmtilegt eftir því. Mælikvarði er m.a. hve fólkið sat lengi -- krakkarnir indælir, nema hálfklickaðir tvíburar Guðrúnar.¹ Þegar verið var að gefa þeim að borða voru mamma þín og Finnur² alveg hissa og hann sagði að þeim þyrfti aldeilis að taka takið. Ég heyrði bara mömmu þína segja byrsta: *Ef þú borðar þetta ekki getur þú bara pillað þig burt!*³

Auður bauð öllum í áramótaveislu í Barcelóna! Það er gaman að ljúka okkar þætti svona vel. Við byrjuðum þessar veislur, líklega fyrir 34 árum, vorum með þær hér í fjögur ár, en þá fóru þær að flytjast á milli. --

Auður og Axel fara norður, koma svo suður og hjálpa okkur við flutninginn og hlaupa undir bagga með geymslu í verksmiðjuhúsnæði fjölskyldunnar úti á Granda.

Einar Ingimundarson dó 30. des. Var beðinn um að bera hann.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 6.1.1997.

Í dag er heimilið flutt milli hæða og koma margir til að hjálpa sem einkum er erfitt þegar um erfðadót er að ræða. Einnig er ég að fá mér nýja tölvu.

Auður og Axel voru við afmælishátíð Ásgeirs föður hans á Ólafsfirði en fara svo burt til mikils saknaðar okkur.

Ég kominn í hálf starf.

Þá erum við búin að leigja miðhæðina Salvöru Nordal dóttur Jóhannesar og manni hennar Eggert Pálssyni pákuleikara. Efstu hæðina leigir Valtýr Pálsson málarameistari.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 13.1.1997.

Verið að koma sér fyrir í íbúðinni, en samt haldin veisla.

-- Veislan var sú að við fengum ömmu þína, Ásgeir og fjölskyldu -- Það var virkilega skemmtilegt -- Amma þín hringdi upp úr 11 í gærkvöldi og sagðist aldrei hafa skemmt sér svona vel á ævi sinni. Hún var sæl með sig að sitja hér í gömlu stofunni sinni. Að ég ekki tali um að hafa litlu stúlkuna, *Hrefnu*, við hliðina á sér í sófanum -- tók góðan þátt í samtölum enda var talað hátt og vel við hana -- Mamma er - sem vonlegt er - þakklát fyrir að einhver skuli meta húsið sem hún hefur haldið svo fast í og dótið sem við höfum tekið við. --

Það var heldur en ekki átak og hlaup að flytja. Ég þakka forsýningu fyrir að vera kominn til góðrar heilsu. Við erum búin að hlaupa upp og niður í marga daga, aldrei tómhent, hvorki á upp eða niðurleið. Kjallaraberbergið er fullt af stólum og dótið ykkar komið í kassa á háaloftinu. --

Vonandi verður hægt að koma dótinu til Dags áður en langt um liður -- Hann hringdi í gær og eru þau að fara til Finnlands í dag. Á morgun verður hann að standa frammi fyrir dómnefnd og verja verkefni sitt. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 19.1.1997.

Málningarfréttir.

-- Skritið að koma upp á miðhæðina. Þar er komin hurð inn í íbúðina -- nýmálaða -- enginn svikinn af þessari íbúð. --Við erum rugluð stundum -- munum ekki að við erum flutt á neðstu hæðina. --

Svo erum við búin að semja við Árna um framhaldið. Eldhúsinnréttingu á efstu hæð. og ýmislegt sem þarf til að koma öllu í íbúðarhæft stand. -- Þú segir að þér finnst við dugleg við þetta. Mér finnst það líka, maður verður stundum þreyttur á öllum iðnaðarmönnum og öllu veseninu -- Ég reyni bara að hugsa til þess þegar allt verður

¹ Guðrún Haraldsdóttir (1959) tannlæknir, g. Birni Árnasyni (1956-2010) kennara.

² Finnur Sveinbjörnsson (1958), hagfræðingur.

³ Þeir eru Arnar og Brynjar Björnssynir (1987) hafa aldeilis spjarað sig, lokið háskólanámi og skara fram úr í tónlist. Báðir fyrir tilviljun í góðum stöðum á Ísafirði, þó hvor á sínu sviði.

komið í ró og við farin að njóta lífsins. Við erum reyndar þegar farin að gera það, búin að hengja upp málverkin, gardínur er ég búin að kaupa --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 20.1.1997.

-- Hjartanlega til hamingju með að vera búinn að ljúka prófinu og taka við skírteini upp á það, með sóma. -- Þá er nú heldur forvitni að vita hvernig gengur að fá vinnu í norska samfélaginu. --

Segi frá endurbótum á efstu og miðhæðinni. Gleðst ég yfir að hafa fengið nýja tölvu. Einnig frá 55 ára afmælisboði Álfheiðar Sylvíu, glæsilegri veislu þar sem frændsystkinin voru mætt og ræður haldnar. Sirrí minntist skemmtilega upphafs kynna þeirra Sylvíu. Fjölskylda hennar er mjög myndarleg og Helgi „Briem“ farinn að vinna í nýja fyrirtækinu sem Kári Stefánsson er að setja á fót. Helgi hækkaði mjög í kaupum við skiptin. Palli er í lögreglunni og ánægður með allt nema kaupum. Þú er að ljúka sálfræðiprófi. Sæunn er snyrtifræðingur.

-- Dídí rak heimilishjálpinu í vikunni, ímyndaði sér að hún hnuplaði smáhlutum og ruglaði sig markvisst (minnir á gamla horrormynd). En það tókst að fá nýja konu til að hjálpa henni. Dídí tekur henni kuldalega og setur sig á háan hest; hún hefur breyst mikið og fékk nýtt meðal í vikunni. Heldurðu ekki að hún eigi alfræðabók, fletti upp að meðalið sé notað gegn stelsýki og ofsóknaráráttu! --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 21.1.1997.

-- Takk fyrir skilaboðin -- Ég var að tala um að mig langað til að hringja í ykkur -- þá fór Axel að skamma mig, segja að ég notaði ekki þessa nýju tækni – fyrir framan nefið á mér -- ég varð að játa að ég væri alveg glötuð *typa*. Sérstaklega leið mér illa að játa að ég kann ekki einu sinni að senda skilaboð á netinu! -- Nú er átak í málinu. --

Ég játa að hugurinn er mikið hjá ykkur, ég alltaf að spekulera hvernig ykkur gangi að koma ykkur fyrir og ganga frá íbúðunum uppi. -- Ég veit að þið hljótið að vera orðin þreytt. -- Mér finnst gott að hugsa til ykkar niðri, íhúðin er passleg fyrir ykkur.

Segir frá flensu hjá þeim og meðalagjöf o.fl. Einnig af yfirvofandi prófum. Vonar að þau komist á skíði þó Axel sé að tala um að hann þurfi að fara til Portúgal.

Segir frá prófverkefninu og lýst ekki meira en svo á að flytja fyrirlestur á bjagaðri spænsku með stelpu sem talar katalónsku.

-- Þetta verður hálfgerð naglasúpa. --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 21.1.1997.

Þá er Finnlandsdvölinni formlega lokið og nýtt tímabil að taka við.

Við komum heim á fimmtudag eftir tvo og hálfan viðburðaríkan dag í Helsinki. Ferðalagið byrjaði nú á svartapöku á Fornebu og allt var óvíst um hvort við kæmumst til Finnlands í tæka tíð. En þokunni létti klukkutíma seinna og við komust á leiðarenda glöð og ánægð. Við settum farangurinn í geymslu á lestarstöðinni og fórum strax út í Kaplasmíðju til að ganga frá mínu dóti þar og spásæruðum yfir til Túu sem hafði boðið okkur í snarl. Það var gaman að hitta hana aftur. Þarna sátum við þrjú, aðframbomin af söknuði til Jóhannesar og Sólveigar og rifjuðum upp atburði liðins árs. Hún hafði geymt ýmislegt smádót fyrir okkur, sem við höfðum ekki tók á að fara með heim fyrir jólin. Það var því farið að safnast ansi mikið saman af pinklum þegar við kvöddum Túu um kvöldið.

Daginn eftir var bara eitt á dagskrá, það mikilvægasta af öllu, að koma mér klakklaust í gegnum gagnrýnina á lokaverkefninu. Við voru mætt út í Otaniemi um það bil þegar fundurinn var að byrja og náðum að ganga úr skugga um hvort ég væri kominn með fullt hús stiga til að geta útskrifast. Það kom nefnilega í ljós skömmu áður en ég kláraði lokaverkefnið, að mig skortu eitt stig. Og þá voru góð ráð dýr. Niðurstaðan var sú að ég var fenginn til að skrifa ritgerð um norskan tréarkitektúr (efni sem þeir töldu mér ekki ofviða) og fékk ég frest til yfirferðarinnar í janúar til að klára hana. Það mátti ekki á tæpara standa því að það fór þannig að ég náði ekki að klára hana fyrir en á sunnudeginum og vissi ég því ekkert um niðurstöðurnar. En þeir höfðu fengið faxið frá mér og voru búnir að skrásetja þetta eina stig, þannig að ekkert var því til fyrirstöðu að geta útskrifast.

Yfirferðin gekk vel eins og þið þegar vitið. Deildarstjórinn á arkitektadeildinni fór yfir verkefnið og leysti það þökkalega af hendi. Hann var svolítið ónákvæmur með staðreyndir, en það var auðvelt að leiðrétta allan misskilning þegar röðin kom að mér og mínum viðbrögðum. Peter, stjórnandi prógrammsins (sem þið hittuð í skírinni hennar Sólveigar) var næstur í röðinni og útskýrði hann fyrir dómnefndinni forsendur verkefnisins og kom svo með sína gagnrýni.

Ég hef sjaldan heyrt aðra eins lofræðu haldna yfir mér og mínum gjörðum. Það var gott að fá svona ótvíræð viðbrögð, sérstaklega frá honum sem þekkir verkefnið frá upphafi til enda, enda ekki sjálfsagt í þessu landi. Pallasama lauk yfirferðinni með mjög jákvæðum orðum og þar með var ég orðinn „Master of Architecture“.

Þetta var allt svo ógurlega formlegt að það lá við að ég fengi hláturskast þegar dómnefndin stillti sér upp í lokin og gekk svo í einni halarófu á mig, tók í höndina á mér og óskaði mér til hamingju. Þar með var þeim áfanga lokið.

Peter dreif okkur upp í leigubíl, niður í bæ og inn á veitingastað þar sem við eyddum eftirmiðdeginum í að halda upp á þetta. Það var gaman að fá að vera með honum smá tíma svona í lokin, enda aldrei gefist tími til að spjalla almennilega saman frá því í byrjun námsins.

Létthífuð af freyðivínsdrykkju röltum við svo yfir í *mjölskúffubúðina*¹ og fengum þær fréttir að skúffurnar væru komnar til landsins. Við máttum koma daginn eftir til að ganga frá kaupunum. Tæpara mátti það ekki vera. Um kvöldið fórum við svo út á lífið og hittum vini og kunningja

Síðasta daginn ákváðum við að njóta borgarinnar eins og við hefðum aldrei til hennar komið, bara skoða og skemmta okkur á kaffihúsum, sýningum og í verslunum. Það var skrýtið að þurfa ekki að æða áfram og aldrei hafa haft tíma til að skoða mannlífið eins og alltaf var þegar við bjuggum þarna. Núna gátum við virkilega tekið lífinu með ró og safnað orku fyrir tarnir á öðrum slóðum.

Eftir að hafa sótt mjölskúffurnar, pakkað þeim og stungið í póst, fórum við til Túu sem hafði hóað í Britu, Jörgen og Berit, í eins konar útskriftar- og kveðjuboð fyrir okkur Vibeke. Það var einstaklega gaman að hitta þau öllsömul aftur, án þess að vera útkeyrður, annaðhvort af svefnleysi eða vinnuálagi eins og í haust. Þau eru öll svo skemmtileg og létt í skapi að þetta var eitthvert fjörugasta boð sem við höfum lent í meðan á námsdvölinni stóð. Gaman að endahnúti með þessum hætti. Það mun eflaust ekki líða á löngu þar til Túa kemur í heimsókn hingað til Oslóar. Þau báðu öll fyrir kveðjur til ykkar og líka til *jólasveinanna* á Íslandi sem voru svo hjálpsamir að finna þakkargjafir frá Sólveigu fyrir jólin.

Þar með var dvölinni lokið. Flugferðin til Oslóar gekk vel og endurfundirnir voru ánægjulegir hér á Ugluveginum. Allt hafði gengið vel og virtust engir hafa kippt sér upp við fjarveru okkar.

Læt ég staðar numið í þessari *króníku* í bili, en segi frá lífinu og tilverunni á Ugluveginum í næsta bréfi. Allt gengur vel, við ætlum út í kvöld til að halda upp á daginn. Takk fyrir afmæliskveðjur og skemmtilegt fax. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 23.1.1997.

-- þá er ég búin að flytja verkefnið og gekk það ljómandi vel. Ég var ekkert stressuð -- Ég er enn með í höfðinu myndina af öllum horfandi á mig, brosandir til mín hvatningarbrosi, svona til að hjálpa mér, útlendingnum -- og ef mig vantaðir orð, þá fóru öll þessi brosandir andlit af stað til að hjálpa mér að finna orð, Mér fannst þetta hálf kómískt. En gott að þetta er búíð. --

Við vorum að spá í að far á skíði -- en svo var spáð svo mikilli rigningu og snjóflóðahættu á skíðasvæðunum --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 27.1.1997.

-- Vona að vel gangi í atvinnuleitinni núna. -- Ég var að sauma gardínur -- Pabbi þinn að rífa niður fataskápana uppi og koma fyrir kössum með bókum og myndum -- uppi á háalofti. Það var ekki slegið við slöku -- Þetta eru ótrúlega mörg handtök og margar ferðir upp og niður og í Sorpu. Háaloftið geymir nú ansi mikið -- Við fáum að geyma afgangshúsgögn í Valeik, fyrirtæki Axels og hugsum okkur að senda fljótlega til þín það sem þú vilt. (*Telur upp það helsta.*) --

Lífið snýst um breytingar og flutninga -- þó ekki alveg. Í gærkvöld héldum við fyrsta boðið -- Fengum Palla og Láru, Dídí og mömmu og svo Ásgeir og fjölskyldu. Það var mjög gaman að sýna íbúðina og allir hrifnir. Mikilvægast er að við kunnum alveg sérstaklega vel við okkur í plássinu. --

Ásgeir og Brynja láta skíra 9.2. og við höfum heiðurinn að hafa skírningna hér. Sú litla er fínleg og nett, heldur enn dökka hárinu sína mikla. --

¹ Mjölskúffur hafa í fjölskyldunni verið notaðar um áratugi. Er þær hafðar í seilingarfjarlægð frá eldavél. Erfitt var að fá þær uns við fréttum af þeim í Helsingfors. Dagur tók að sér, eins og hér kemur fram að kaupa þær og fá senda. Ekki tókst þó betur til en svo að þær brotnuðu í póstinum. Þá tók Túa Kurtén vinkona okkar að sér kaupin og Liselotte, leigjandi okkar á efstu hæðinni, kom með þær skúffur sem vantaði, þegar hún átti leið á fund í Helsingfors. Eigum við varaskúffur, ef einhver skyldi brotna, en það hefur ekki gerst.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 27.1.1997.

-- í gær voru hjá okkur Palli og Lára, Ásgeir og fjölskylda, Jórunn amma þín og Dídí. Það var mjög skemmtilegt að sýna að allt sé komið í lag. -- Dídí var að vísu eins og hún er, en við því er ekkert að gera. Gott að hafa mömmu ekki með. Dídí, veslingurinn, var næstum *sjalú* út í litlu stúlkuna! Það er ekki hægt að hafa hana með í fjölda - segjum við - erum þátttakendur í undirbúningi skírnarveislu - þar sem hún verður með. Hefur henni farið mjög aftur. --

Segi frá framkvæmdum og hjálp Ásgeirs við að koma tölvunni í gang. Í ljós kom að hún þoldi ekki segulsvið frá flúrlampa. Nú er allt í lagi. -- Er að fara til Malmö og verð þar í fjóra daga og kem heim í skírnina.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 3.2.1997.

Gleðst yfir að hann skuli vera búinn að fá vinnu á góðri arkitektastofu og vonar að það gangi fyrir Vibeke líka.

Segi frá vandræðum á Droplaugarstöðum vegna þess að konan við hlið mömmu kvartaði yfir að hún hlustaði of mikið á útvarp. Þar var gripið til þess undarlega ráðs að flytja mömmu í annað herbergi. Þetta er allt hálf fáránlegt og erfitt að geta ekki gert neitt annað en að biðja hana um að standa sig.

-- Svo eru Ásgeir og Brynja að undirbúa skírnina hér heima á sunnudag. Séra Karl Sigurbjörnsson skírir. Gestir verða líklega um 27, mikið af gömlu fólki. Það verður aldeilis gaman að fá fólkið til okkar. Við höfum ekki séð nema fátt af fólki Brynju. Við ætlum að leggja á borð í svefnherberginu. Ef gott er veður setjum við húsgögnin út á pall að öðrum kosti í kjallarann. Síðasta tækifærið áður en nýju svefnherbergishúsgögnin koma, en þau verða erfiðari viðfangs, tvöfalt rúm. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 10.2.1997.

-- Það var merkilegt að taka við fyrstu húsaleigunni í gær, en þau komu og skrifuðu undir Salvör Nordal og Eggert Pálsson¹ og röðuðu inn í skápa. Þau er mjög geðug og mjög ánægð með íbúðina. -- Salvör hafði verið veðurteppt á Akureyri þar sem hún sá Mörtu systur sína *debutera* þar, en hún er að byrja sinn feril eftir nám í leiklist í Bristol. --

Pabbi þinn fór til Malmö og kemur aftur á laugardag og má ekki á tæpara standa. --

Við fórum til ömmu þinnar og var hún upptekin af því að talað er um að flytja hana í annað herbergi vegna þess hve mikið heyrir í útvarpinu hennar í næsta herbergi. Við brýndum fyrir henni að samþykkja það ekki -- Hún á erfitt með að standa í svona málum -- Verða bræðurnir að beita sér ef með þarf. --

Gaman að heyra í þér -- það versta er að maður saknar þín svo mikið þegar samtalinu lýkur. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 10.2.1997.

-- Ásgeir mætti snemma um morguninn og bar niður svefnherbergishúsgögn o.fl. Við settum upp stóra uppsláttarborðið. -- Mikil leynd hvíldi yfir nafninu og voru allir spennir -- Systurdóttir Brynju, Lilja Lind, 11, ára, hélt undir skírn og sagði nafnið hátt og skírt: **Hrefna**.

Séra Karl Sigurbjörnsson gerði þetta vel. Konan hans kom með og er sérlega geðug. Þeim þótti saga skírnarkjólans hreint ótrúleg. Það eru akkúrat 100 ár síðan fyrsta barnið var skírt í honum, en það var Þórhildur Líndal, sem hefði orðið 100 ára í desember. Hrefna litla var eins og engill -- Boðið var sérstaklega ánægjulegt og gaman að sjá margt af fólkinu hennar Brynju sem við höfum aldrei hitt fyrr. Blandaðist allt vel og varð þetta hið besta boð. --

Ánægjulegri helgi er lokið. -- Við hringdum í Auði sem hafði verið að taka á móti Axel frá Portúgal. Þau eru búin að ákveða brúðkaupsferð til New York. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 10.2.1997.

-- Þetta var mikill og skemmtilegur hátíðisdagur og allir ánægðir með fallegt og myndarlegt nafn á okkar dökku sonardóttur. Hrefna Ásgeirsdóttir var kona Kjartans Ólafssonar, dóttir Ásgeirs æðikolls, sem var sonur Auðunar skökuls. Þetta átti allt vel við, gott að tengjast Dölunum þaðan sem móðurætt Brynju er og dökka yfirbragðið. Eina sem ekki passar að ekki er hægt að kalla Ásgeir Eggertsson æðikoll! Annars heitir Hrefna í höfuðið á langömmu sinni, móður Jóns.

¹ Salvör Jóhannesdóttir Nordal, háskólakennari og umboðsmaður barna og Eggert Pálsson pákuleikari í Sinfóníunni. Þau skildu síðar. Marta er leikkona.

Hrefna stóð sig með afbrigðum vel, enda kom þeim vel saman Lilju Lind frænku hennar sem hélt henni undir skírn -- Það var dásamlegt að horfa á Brynju og Ásgeir meðan á athöfninni stóð, reyndar í allri veislunni. Þau voru sannarlega hamingjusamir foreldrar. -- Það var gaman hve fjölskyldurnar hristust vel saman -- Ég hittí þarna Ebba, móðurafa Brynju, farinn að heilsu. Ákaflega skemmtilegur maður og margfróður með reisu og glæsilegri framgöngu bóndans eins og best getur orðið. Hann er að vísu með grásprengrt hár, en hrafnsvart hárið áberandi og dökkar augabrýr. -- Dagurinn var eins fallegur og gat verið -- Það eina sem vantaði í þessa hátíð voru tvær fjölskyldur - önnur í Barsó og hin í Osló! --

Þetta var sem sé mikill hátíðisdagur. Ánægðust voru amman og afinn. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 17.2.1997.

Segir enn af framkvæmdum í húsinu og leigjendum.

-- Ég sagði við pabba þinn, þegar við vorum að hamast í málningunni um helgina, að það væri nú meira hvað maður þekkti orðið hvern blett í þessu húsi, hverja sprungu og misfelli, allt höfum við farið höndum um í árána rás frá kjallara til háalofts. Þetta er orðinn langur tími. Er líka fjárfesting þegar vinna og tekjur minnka eða hætta.

Pabbi þinn er kominn í hálf dags starf hjá Samorku, en hefur aldrei haft meira að gera. Það eru ráðstefnur sem hann skipuleggur og ótal margt annað. --

Skúffurnar eru mjög fallegar og setja svip á eldhúsið, svo ég vildi gjarnan halda áfram og gefast ekki upp við að fá restina. Parkettgólfið og flísarnar sem þið völduð á eldhúsið er alveg sérstaklega fallegt. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 24.2.1997.

Segi frá breytingum á efstu hæðinni sem er orðin mjög fín með nýjum teppum, nýmáluð þó ekki séum við hrifin af handverki Árna smíðs sem var miklu betra á íbúðinni okkar. Svo fluttum við ýmislegt dót úr kjallaranum upp á háloft þar sem þið getið fundið sitthvað nýtsamlegt eftir okkar dag.

Segi frá útför Cecilíu Helgason frænku minni. Hún átti líf svo merkilegt að nauðsynlegt væri að skrifa um hana þó ég treysti mér ekki til þess. Of seint.

-- Ég hef það fyrirkomulag á vinnunni um þessar mundir að ég fer þangað á mánudags, miðvikudags og föstudagsmorgnum. Þá fer ég þangað eftir hádegið á þriðjudögum og fimmtudögum -- Ég afkasta miklu meira að vera svona laustengdur. Það er þægileg tilfinninga að geta gengið út og inn og að vera laus við ævilanga ofurskyldutilfinningu. Ég var að hugsa um það að sennilega hef ég varla farið oft en 10 sinnum til rakarans í vinnutímanum. Alltaf látið vita hvar ég væri og hve lengi ég yrði í burtu. Ekki hefði ég svo sem viljað hafa það öðruvísi. Ég hef samt öfundað fólk sem gengur út og inn af fullkomnu kæruleysi. Aðrir fara í einkaerindi og skrökva upp ástæðum, þykjast fara þangað sem ekki er hægt að sannreyna t.d. í stórar stofnanir: *Ég skrepp í Stjórnarráðið / Orkustofnun / Rafmagnsveituna*, eða eitthvað slíkt. En eins og önnur blekking fer það illa með menn, borgar sig ekki. Nema mönnum sé það eðlislægt að vera kærulausir. Þá eru þeir líka slæmir starfsmenn, sérstaklega samstarfsmenn. En það er hægt að vera of skyldurækinn og er það jafn slæmt og að vera of kærulaus. Allt of er hættulegt, en erfitt að mæla. Ef menn eru of skylduræknir eru þeir byrði á öðrum, ef þeir eru of kærulausir eru þeir byrði á sjálfum sér.¹ --

Í Lesbók Mogga eru margir menn látnir tilnefna bestu arkitektaverkin, skemmtileg og fróðleg lesning. -- Svo virðist sem Gísli Sigurðsson sé albesti vinur arkitektúrsins sem til er - alltaf að sinna honum og ávallt, að mig minnir, á jákvæðum nótum. Annað gengur ekki. --

Hrósar bók eftir Gerði Kristnýju, sendi hana til Auðar og biður hana um að senda hana áfram til Dags. Frábær lýsing á útlindakynslóðinni.

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 27.2.1997.

-- gaman að koma til Málmeyjar. Reyndar skrytið að hugsa til þess að eftir nokkur ár verði Khöfn og Málmey vaxin saman eftir brúargerðina. En borgin byggir á gamalli danskri- eða Kalmarsambandsögu. --

Annars sat ég mest á fundum og naut lífsins. Í gær fór ég á flakk, varaðist draslsöfnun í búðum -- En í gærkvöldi fór ég á frumsýningu á Luzia de Lammemor eftir Donnizetti, frábæra sýningu, ekki síst vegna þess að gestirnir voru í konunglegu skapi - og ég líka. -- Þegar ég kom að óperuhúsinu hafði verið raðað kertum á torgið, fyrir

¹ Þegar ég skrifa þetta upp sextán árum síðar rifjast upp að ég heimsótti Ástu móðursystur mína í Ólafsdal stundum fyrir hádegi meðan ég var í afsþyrnutilgangslausu heilbrigðisefurliti með nýlenduvörubúðum. Ásta var einstaklega vingjarnleg mér og skemmtileg. Sennilega var þetta þegar ég var að byrja; ekki farinn að taka að mér viðbótarverkefni innan borgarlæknisembættisins.

framan. Þegar maður kom svo gangandi í rigningunni virtist sem ljósin kæmu að neðan og gekk fólk á þeim og sparkaði og skvetti vaxi yfir sig. Kvörtuðu menn -- Þegar ég kom á hótelið voru buxurnar mínar og skórnir útatað í vaxi. Sem betur fer var ég í gallabuxum, því ég reiknaði ekki með galasýningu, heldur leikriti sem var aflýst. Ég fékk eina miðann sem var eftir og þótti gott. --

Sigríður: -- Allt vel skipulagt, búið að biðja mig um að vera skírnavott ásamt mömmu Brynju. Gestirnir verða 26 og hlakka ég til að taka á móti þeim. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 10.3.1997.

-- Dídí datt og lærbrotnaði -- Við heimsóttum hana -- og brá -- Hún er bara skinn og bein þar sem hún liggur í stóru sjúkrahúsi, tennur lausar og hugsun brengluð. -- nú held ég að hún geti ekki meir. En hvað verður, veit ég ekki. Hún náttúrlega segir að sjónvarpið hafi dottið á hana, til þess að láta í það skína að hún sé ekki völt á fótunum --

Við stelpurnar fjórar í Tannlæknafélaginu fórum að borða á Argentínu. -- Á eftir dreif Kristín okkur í Naustkjallarann. Þar var hljómsveit og mikið fjör á dansgólfinu. Það dreif náttúrlega að karlpening þegar við birtumst og vildu ólmir dansa við þessar fjörugu og glæsilegu konur. Við vorum tregar en svo lifnaði yfir okkur smám saman og endaði með miklu fjöri.

-- vorum boðin til Palla og Láru, með Steinu og Fróða á Dalsgarði, Steina er farin að vinna hjá ÁTVR og þykir öllum það dálítið skondið miðað við það sem hún er búin að innbyrða af áfengi um dagana, en er nú víst orðið minna núna. --

Útlandaferðin mín nálgast, en ég fer í vikunni til Khafnar í þessa árlegu ferð á fund með framkvæmdastjórum hinna félaganna á Norðurlöndum. Vorum að setja saman dagskrá fyrir formannafundinn í apríl. Þá verður farið aftur til Hafnar og fær þá pabbi þinn að koma með og við ætlum að heimsækja Dag. --

Svo er loksins búið að ákveða hverjir verða fulltrúar á Evrópuþingi tannlækna. Það verða formaðurinn og framkvæmdastjórinn og ætlum við pabbi þinn að gera úr þessu vikufærð. Hann hefur komið til Istanbul áður og hefur alltaf langað til að við færum þangað saman. Á næsta ári verður þessi fundur haldinn í Reykjavík og verðum við að vera dugleg að kynna land og þjóð og lokka sem flesta til okkar. --

Vona að þú hafir það gott í einsemdinni. Ameríkuferð ykkar nálgast.

Auður Eggertsd. skrifar foreldrunum. New York. 21.3.1997.

-- þá erum við Axel loksins komin í svokallaða brúðkaupsferð, svona löngu eftir brúðkaupið. Við spókum okkur um New Yorkborg -- alveg ótrúleg borg og margt að sjá. Ég er hrædd um að vikan endist okkur ekki til að sjá allt. Á fimmtudag förum við í óperuna og það verður eflaust mikil upplifun. --

-- Takk fyrir skemmtilegt símtal í gær, pabbi. Það er svo sjaldan sem maður heyrir röddina þína --

Ég fór svo á eftir og lét rífa hárin af fótunum mínum, til að verða fín og pen fyrir ameríkuferðina. Hún Gurra, sem býr hérna, var að segja mér sögu af frænku sinni sem fór sem skiptinemi til Ameríku. Eftir að hafa verið í skólanum sínum um tíma, þá var hún, ásamt öðrum skiptinema, kölluð inn til skólastjórans. Hann bað þær að vera svo vænar að raka sig bæði á fótum og undir höndum, því það viðgengist ekki í þessum skóla að vera svona loðinn! Þannig að ég þorði ekki annað en að brenna af stað og láta fjarlægja öll ósýsamleg hár. -- Mér varð hugsað til mömmu minnar sem segir mér alltaf að ég sé svo mikil óhemja í svona „sársaukamálum“, eins og segir í sænska málshættinum: *Vill man vara fin, får man lida pin.* -- ég ætla að halda mér við þetta ameríska kerfi, a.m.k. fyrir hverja ameríkuferð.¹

Segir frá nýju og skemmtilegu bókinni hennar Gerðar Kristnýjar sem hún tekur með sér yfir hafði ásamt Blóðakri Ólafs Gunnarssonar.

-- Ég þrælaði mér í gegnum Hallgrím Helgason og ákvað að þetta væri algjörlega í síðasta skiptið sem ég legði mér hann til lesturs. Hann er náttúrlega ekki rithöfundur ferkar en ... og ég skil bara ekki að hann fái bækurnar sínar gefnar út -- Það voru líka mistök að lesa hana beint á eftir *Brotahöfði* Þórarins Eldjárns sem er algjört konfekt --

Athugaði sýningar í Metrópólitan, en það var eiginlega uppselt á allar sýningar --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 1.4.1997.

Segir frá heilsufari Þórdísar sem nú er farin að sætta sig við tilhugsunina um að fara á elliheimili.

¹ Gaman að lesa um hvernig þessi síður hélt innreið í það saklausa íslenska samfélag úr því spillta ameríska!

-- Við vorum með skemmtilegt páskaboð í gær -- vegna Kristínar Gústafsdóttur frænku þinnar sem er stödd hér á landi til að halda námskeið í félagsráðgjöf. -- Þetta voru 17 manns, auk hennar var Þórdís systir hennar og Jóhann Nielsson, Ragnheiður Briem (sem það voða vel að heilsa þér og sagðist oft hugsa til þín) og hennar maður, Guðmundur Elíasson, systkinin Bergljót, Alfa og Siggi (*Líndal*) og María (*Jóhannsdóttir*), Guðrún Jónsdóttir, Palli og Lára og ekki síst Hrefna Ásgeirsdóttir og hennar foreldrar. Amma þín kom aðeins og borðaði með okkur. Höfðu allir gaman af að hitta hana, enda stóð hún sig vel og var mikið búin að hlakka til.

Við vorum ekki síst upplýft eftir boðið vegna hrifningar gestanna yfir húsnæðinu og hvað breytingarnar höfði tekist vel. -- Mér heyrir á Palla að hann sé jafnvel farinn að hugsa um að minnka við sig, selja húsið og flytja í blokk. -- Þau eru búin að kosta miklu til breytinga á húsinu og út úr því finnst mér þau ekki fá mikið. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 1.4.1997.

-- Þið eruð svo montin af íbúðinni ykkar að þið eruð endalaust að bjóða nýju og nýju fólki heim, til að fá meira og meira hrós. Svona vítahringur eiginlega. --

Var að hringja til Dídí, en þar svaraði ekki. Hringdi líka til Möggu Ragnars vegna eins árs afmælis Ragnars.

Axel er úti á flugvelli að sækja Frímann bróður sinn en þeir eru að fara til Brasilú á morgun.

Ætla að segja ferðasöguna þegar ég er orðin ein. Dagur hringdi í gær. Verður gaman fyrir ykkur að hittast.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 2.4.1997.

Segir rækilega ferðasöguna frá New York um East Village, Soho, Grennwitch o.fl. Þá var farið á söngleik: Miss Saigon og Evgin Onegin í Metropolitan, o.m.fl.

Þá fóru þau og hittu Ástu frænku hennar og Jón Birgi og litla Einar Örn. Og dýrt er þarna. Þau borga 200 þús. kr. á mánuði í húsaleigu.

-- Ég held ég sé að lesa skemmtilegustu bók sem ég hef á ævi minni lesið. Það er bókin: *Að breyta fjalli* eftir Stefán Jónsson.¹ Þetta er algjört konfekt -- Hann er nú meiri frábæri penninn þessi maður. -- Það verður skrítið þegar allir sem ég þekki verða á Ísland. Þið sendið mér póst. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 7.4.1997.

Segir frá því að þau Eggert séu á leið til Hafnar og til þeirra í Osló á eftir.

-- Vorum að hugsa um hvort þið gætuð ekki fengið ykkur miða í leikhús eða gert eitthvað annað skemmtilegt meðan við værum í Osló og gætum passað.

Einnig að Palli hafði fengið hjartatilfelli og fluttur á spítala -- færi í hjartaþræðingu o.fl.²

-- Fórum á listsýningu Magnúsar Tómassonar sem spurði um þig, hvar þú værir og hvað að gera og minnst þess tíma þegar þú hafðir verið að hjálpa honum á Kjarvalsstöðum.--

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 7.4.1997.

-- Ég var einmitt að tala við Eddu Jónsdóttur sem hafði verið að tala við mömmu sína, sem sagðist hafa hitt ykkur í leikhúsinu. -- Þið hefðuð rétt kallast á og pabbi hefði sagt að hún væri aldeilis að gera það gott, dóttir hennar á Spáni. „Eða þín“ hafði hún svarað, og þegar Edda spurði, hvað hann hefði verið að meina með að gera það gott, þá hafði hún ekki hugmynd um það! Við hlógum einhver ósköp að þessu. --

Segir frá vatnsleka, baráttu við tryggingar en sem sonur grannkonu leysti á ódýran hátt, öllum til ánægju. Þá lenti hún einnig í óheppni á bílnum, brotinn spegill.

-- Ég ætla ekki að barma mér. --

Þá var heilmikið uppnám hjá Auði og í fjölskyldu hans á Ólafsfirði vegna Axels því ekki hafði verið samband við hann lengi. Þá voru einhver vandræði með símann í Brasilú, þannig að ekki náðist samband þaðan til útlanda.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 21.4.1997.

Er búin að fá bréf frá Ferðamiðstöð Austurlands. Hún hefði verið bókuð sem leiðsögumaður í fjórar ferðir.

¹ „Fréttamaður“.

² Komst vel frá því. Enn sprellifandi í árbyrjun 2018.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Degi Eggertssyni og fjölsk. Rvík. 22.4.1997.

Var í saumaklúbbi og sýndi myndir úr ferðinni til Osló. -- Vibeke eins og Liv Ullman og Dagur vera gullfallegur maður. -- Palli er kominn af sjúkrahúsinu eftir "blástur" á tveim æðum -- er reyndar 66 ára í dag.

Þá segir líka frá endurbótum á kjallara, uppsetningu á sturtu, klósetti og gufubaði ásamt nýjum hurðum o.m.fl.

Auður verður hér í sept., búin að fá vinnu við fjórar ferðir á vegum Ferðamiðstöðvar Austurlands. Líka tekur Ásgeir að sér ferð með Þjóðverja.

-- Í fyrramálið höldum við til Istanbul. --

Spyr um mjölskúffurnar!

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 1.5.1997.

Bréfið er skrifað eftir heimkomu úr ráðstefnuferð Sirrjár til Istanbul og var allt í góðu standi. Ásgeiri gengur vel gagnasöfnun í Þýskalandi (sennilega vegna þess fræga útvarpsþáttar um útvarp á íslensku frá Þýskalandi í stríðinu). Gekk þar allt vel nema að ekki hafa framkvæmdir í húsinu gengið á meðan.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 1.5.1997.

Segir frá skemmtilegri ferð til Istanbul, fundir tóku þrjá daga og notuðum aðra þrjá til að skoða okkur um í yfirþyrmandi mannfjölda og mengun. Ræðir um hvernig hún ætli að halda upp á stórafmælið sitt, sem sé erfitt því bæði verði Ásgeir og Auður þá í leiðsögn um landið. Er þetta ekki auðvelt en verður að gerast því framkvæmdastjórar norrænna tannlæknafélaga ætla að koma til landsins í þessu tilefni.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 3.5.1997.

Sendir upplýsingar um skyldleika Dags, séra Árna Þórarinssonar og sonarsona hans listamannanna Sigurðar og Kristjáns Guðmundssonar.

-- Ég var alinn upp við þá hugsun að ég væri náskyldur séra Árna. Hann kom á heimili mitt í Tjarnargötu alla tíð. Nú þegar ég lít á þetta er það ekki nema von, því pabbi hans var uppeldisbróðir Þórhildar Tómasdóttur sem bjó í Tjarnargötunni hjá Álfheiði langömmu þinni þar til Þórhildur dó árið 1923. Svo missti séra Árni föður sinn ungar og var þá mikið hjá Þórhildi og séra Helga í Reykjavík. Þá mynduðust tengslin sem entust þeim alla tíð. En með þessu myndaðist skekkja í skyldleikarakningu sem svaraði einum til tveim ættliðum. Sem sé þið Sigurður og Kristján eru skyldir að 5/6. Það er ekki mikið nema þegar skýringar koma. Ég hef alltaf litið á Gvend þabba þeirra sem frænda minn án frekari umþenkingar.--

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 9.5.1997.

-- virðist augljóst að Dagur kemur tæpast. Það er verið að tala um að hann kenni hér, en engir peningar eru til námskeiðsins og jafnvel ætlast til að fátækur og blankur maður eins og hann borgi fargjaldið sjálfur. Ætli kaupið verði svo neitt?! Svo er líka verið að tala um hálf t. Síðan þyrfti hann að fá aðra hálf dagsvinnu. --

Mamma, Palli og Lára voru hér í gær í mat. Það var vel lukkað þó mömmu fari aftur, veikburða og gleymin, tekur ekki eftir því sem sagt er við hana, getur ekki notað síma og ræður ekki við útvarpstæki. -- Eins er með Dídí sem er í raunalegu umhverfi Landakotsspítala.¹ --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 12.5.1997.

-- Palli er vellíðunarlegur - virðist dálítið ætla að breyta um lífsstíl. Þegar þau Lára koma hingað kemur gjarna upp á yfirborðið að þau langar til að breyta um húsnæði, minnka við sig eins og við. Breytingin á kjallaranum og inngangurinn á húsinu sýnist okkur hafa verið misráðin, allt of dýr og lítið út úr henni að hafa. -- Rúmt húsnæði kallar ýmislegt erfiði á sig, sérstaklega hlýtur að vera lýjandi að hafa alltaf margt í heimili. -- Þumalfingursreglan er að gera ekki breytingar á húsnæði eða viðbætur, flytja heldur.

Ekki man ég hvort ég var búinn að segja frá norrænu orkuveitumönnunum sem hér voru á fundi. Það var mjög skemmtileg heimsókn. Ég fór með þá um Suðurland, við borðuðum í Húmarhúsinu um kvöldið, funduðum á

¹ Þar sem hún lá með þeirri frægu dóttur Þorbergs Þórðarsonar (Sólu), alveg út úr heiminum. Dídí hafði vegna plássleysis verið sett á deild heilablaðra þó bráðhress væri andlega. Það með þeirri röksemd að hún væri farin að venjast fólkinu.

mánudag og buðum þeim heim um kvöldið. Það var sérstaklega hátíðlegt að verið var að kveðja einn úr hópnum sem er að hætta og fara á eftirlaun.

Það eru örlög flestra samstarfsmanna minna á Norðurlöndum að alls staðar er verið að fækka og bjóða upp á eftirlaunasamninga - jafnvel niður í 55 ára aldur. Samkeppnin og breytt afstaða og stjórnun veldur fækkun fólks í orkugeiranum. Mörgum eru boðin önnur störf en þurfa þá að flytja milli landshluta o.s.frv. Menn eru bundnir í báða skó þegar makar eru í vinnu samkvæmt öðrum samningum og standa menn þá uppi sem *faqidjotar*, án fags!

Við vorum hjá Jórinni --. Halldór Jónatansson er einn af þessum sem veit varla hvenær hann á að hætta. Fyrst hafði hann rétt á að vinna til sjötugs, svo voru samþykkt 65 ár, það framlengt um ár. Hann vill gjarna vinna lengur og heldur í vonina. Óvissan er erfið, breytingar erfiðar fyrir þá sem engin áhugamál hafa og umgangast fáa. Þetta er sérstaklega einkennilegt þar sem hann lýtur pólitískri stjórn. Nú eru stjórnámálmennt að seilast eftir embættum sem *feit* eru og er því enginn sem ræðir við Halldór, þar sem þeir eru meira og minna í spilltum bitlingaleik sjálfir - hafa sjálfsagt augastað á embættinu - **allir**.¹

Við erum að vinna að undirbúningi afmælis mömmu þinnar, Nú er það orðið úr að móttakan verður í skemmtilegum sal, Sunnusal Hótel Sögu. Hún sendir í dag boð til útendinganna sem hugsanlega koma hingað. Því er mikilsvert að salur og þjónusta sé í lagi - enda þurfum við svolítið að sinna erlendu gestunum og sýna landið.

Ég hlakka til og vona að mamma þín geri það einnig. Það er gaman að bjóða öllum þeim mörgu sem við umgöngumst - ekki síst tannlæknunum - sem við höfum notið svo mjög en ekki gert neitt fyrir til þessa. Útlendu kollegarnir réðu úrslitum um að tekið væri á móti þeim af myndarskap.

Það eina sem setur skugga á er að þið systkinin getið ekki verið hér. En afmæli verða naumlega flutt nema í *Delerium búbonis*, þar sem reynt var að flytja jólin. --

Sólin skín og vermir á mér bakið. Ég er heima í dag, þarf að undirbúa fyrirlestur sem ég flyt eftir tvær vikur á Evrópufundi oddfellowa um internetið og hvernig má notfæra sér það. Ásgeir hjálpar mér við að undirbúa sýninguna. Annars hefur hann svo mikið að gera að hann sér vart út úr því. En það er bara gott. -- Brynja er á vistvænni ferðakynningu -- þau hugsa um að fá sér betra húsnæðið og fara í greiðslumat --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auðir Eggertsdóttur. Rvík. 13.5.1997.

-- skrifaði framkvæmdastjórum tannlæknafélaganna á Norðurlandanna boðsbréf vegna afmælisins. -- Ég vildi hafa það formlegt, þó þeir hefðu sagst ætla að koma. -- búin að ákveða að halda boðið á Hótel Sögu. -- höfum fengið gott tilboð í mat og drykk -- mikill léttir að vera búin að ákveða þetta. -- boðsgestir -- líklega ekki færri en 160. Þetta er fljótt að koma -- með fjölskyldum, vinkonum, Zontakonum, tannlæknum o.fl. -- er farin að hlakka til. Til að allt sé fullkomið vantar bara ykkur og fjölskyldu Dags.

-- ekki einungis er það afmælið mitt, heldur líka verður T.F.Í. 70 ára í október -- sögusýning í Ráðhúsinu. Ólafur Björgúlfsson var fenginn til að vera form. afmælisnefndar og gengst upp í því. Hann er svo flott að hann er búinn að tala við sviðs listamann um að setja sýninguna upp. Svona haga menn sér þegar þeir þurfa ekki sjálfir að borga.--

Segir frá framkvæmdum í kjallara og eftir að mála gestaherbergið.² Garðurinn orðinn fallegur, með vorblómum og páskafljóm.

Segir frá vinnu Brynju við leiðsögn. -- Ásgeir var glerfínn þegar hann kom. -- Átti hann að vera staðgengill Arthurs Björgvins Bollasonar vegna dagskrár í Hveragerði fyrir þýska ferðamenn. -- dásamlegt hvað Hrefna dafnar vel, ljúf og falleg. -- Gaman að sjá hvað foreldrarnir hafa breyst og eru hamingjusöm með tilveruna.

Pabbi þinn er að undirbúa fyrirlestur á Evrópuþingi oddfellowa um internetið og er búinn að biðja Ásgeir að aðstoða sig við sýningu á möguleikunum sem það opnar. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 25.5.1997.

-- Við erum á fartinni -- þrem sjúkraheimsóknum - og í Sorpu. Á síðari staðnum hittum við Helgu Einarsdóttur og Óla Guðna³ og ræddum vandamálið Marit, sem sækir okkur heim með stuttu millibili og meldar sig með

¹ Halldór Jónatansson, svili minn, forstjóri Landsvirkjunar. Harður í horn að taka sjálfur, gagnvart öðrum.

² Þar sem þetta skjalasafn er ritað og öll gögn geymd, líka strauborð!

³ Helga Einarsdóttir (1929) bekkjarsystir mín, dóttir Einars Magg, menntaskólarektors, sjá fyrr. Ólafur Guðnason varð ríkur á innflutningi á tyggjói, mikið ágætisfólk.

látum. Jónas Kristjánsson í Árnastofnum notaði þá aðferð til að hrista þau af sér að kannast ekkert við þau þegar þau heimsóttu hann. Sögðu þau okkur frá því að Jónas hlyti að vera orðinn kalkaður.¹ --

Segi frá Oddfellowfyrirlestri og að ég þurfi að taka viðtöl við marga v. Oddfellowblaðsins. Erum við að senda út afmælisboðsbréf.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 25.5.1997.

Segir frá undirbúningi afmælisins og ýmsum vandamálum í því sambandi. 180 manns er boðið og vona ég að fjöruget verði. Þýður ekki Friðu og Dídí, geri eitthvað fyrir þær seinna.

Kerstin Wennerström hringdi og sagðist koma til okkar í júlí. Hún var hress og sagði fréttir af mömmu sinni og Tomasi Schartau í Väse og fleira af fjölskyldunni.

Dagur hringdi og er verið að ganga frá ráðningu hans í 20% starf í Arkitektaskólanum og minnka vinnuna á stofunni um sama. Eru menn ánægðir með að hafa háskólakennara í hópnum. Hann kemur væntanlega til kennslu hingað við sumarskóla að sumri.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 26.5.1997.

-- Ásgeir hefur alveg óskaplega mikið að gera. Þátturinn um *Áróðursútvarpið frá Berlín* og London er kominn á dagskrá útvarpsins í júní. Það gekk vel hjá honum að safna efni í Þýskalandi. Bætist þessi vinna ofan á aðra vinnu hans við tölvukennslu. --

Ömmu þinni fer aftur. -- Þær systur voru í afmæli Láru í gær og voru ánægðar með það - sælar að hittast. Þótt þeim komi illa saman - geta þær illa án hvor annarrar verið. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 26.5.1997.

-- Dídí er komin heim til sín eftir þriðju banaleguna. Við sóttum hana -- og var hún brosandí út að eyrum þegar hún kom inn til sín. Hún er náttúrulega varla fær um að vera ein, en þetta verður að drasla þangað til hún fær herbergi á Grund í haust. -- Sjónvarpið sem við hjálpuðum henni með að velja vill hún ekki sjá. Hún heldur fram að það hafi dottið á sig og sé orsök allra hennar ófara. Sannleikurinn er sá að hún hafði alltaf andúð á þessu sjónvarpi því hún hvorki réð við fjarstýringuna eða tækið yfirleitt. Ásgeir keypt tækin af henni. Þannig björguðust málin Nú er hún komin með gamla tækið á traust borð -- og virðist allt í góðu lagi.

Amma þín er rugluð stundum en meðfærileg. Henni líður vel en er orðin þreytt á þessu langa lífi. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 2.6.1997.

-- Ásgeir hefur geysimikið að gera. Þessar vikurnar er hann að ljúka dagskránni sem fer í útsendingu í lok mánaðarins. Hann var allan daginn á Landsbókasafninu og meira og minna öll kvöld í útvarpinu. Hann hefur gott af þessu og segir að það sé skemmtilegt að halda við æfingu sinni í dagskrárgerð. --

Dídí er mjög sæl að vera heima hjá sér. Það er þó ekki nema tímaspursmál þangað til hún dettur. Hún heldur illa jafnvægi, sérstaklega þegar hún rís upp. En hún les og nýtur lífsins og hlakkar til afmælis mömmu þinnar. Amma þín treystir sér ekki til að koma ekki núna a.m.k. Henni líður vel --

Við pössuðum Hrefnu á laugardagskvöld og gekk vel. Ásgeir og Brynja voru boðin til Tomma, sem reyndar sagði þeim að fara snemma heim þar sem hann þyrfti að vakna snemma til að horfa á boltann.

Það tókst ágætlega fyrirlesturinn sem ég flutti á Evrópuþinginu (*oddfellowa*). Sennilega hef ég ekki tekið tillit til þess hve lítið áheyrendurnir vissu um internetið, en ég lét þá fá bækling sem ég samdi og þeir tóku með sér.² --

Segir frá undirbúningi afmælisins og komu kollega Sirríar til landsins af því tilefni.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði og Degi Eggertsbörnum. Rvík. 12.6.1997.

-- Þetta er letibréf. Ég fæ svo mikið verk að vinna á netinu eftir fyrirlesturinn á Evrópuþingi oddfellowa að ég er orðinn þreyttur á kvabbinu. Ég gerði ágætan bækling sem ég afhenti. Nú vilja menn gefa hann formlega út og er það meinlaust af minni hálfu - reyndar er ég alveg rígmontinn. Var að senda öll skjölin og fylgiskjölin til Kaliforníu, þar sem einn nefndarmannanna ætlar að sjá um útgáfuna og gera eins og ég. En hann veit ekki að ég

¹ Jónas Kristjánsson (1924-2014). Óli og Helga voru ekki góð í sænsku. Við höfðum langlundargeð og vorum fyrir skemmstu (2013) í heimsókn hjá þeim Marit Åhlén í Uppsöllum og manni hennar Lennart Elmevik prófessor, okkur til skemmtunar. Könnuðust þau vel við okkur!! Þá kom líka í ljós að Jónas Kristjánsson er farinn að þekkja þau aftur.

² Skrítið að kynnast því hve forysta Oddfellow á Íslandi var óburðug miðað við forystuna í ördum Evrópulöndum.

á allar græjur m.a. til skurðar og heftingar í kjallaranum, ljósritavél á skrifstofunni, er bókbindari og alinn upp á fjölritunarstofu. Það hressir mann að heyra - einu sinni á ævinni - frá öðrum en börnunum sínum: *Eggert is a greit gæ!* Nú er sjálfshóli lokið - þangað til í næsta bréfi.

Það er heldur ekki leiðinlegt að sitja hér umlukinn ilmi, blómum. Það var sannarlega stoltur eiginmaður sem var í Sunnusal á sunnudaginn, svo stoltur að hann gleymdi að drekka, borða og tala! En búinn að jafna sig.

Við sendum í pósti myndir úr veislunni, spólu með ræðum sem haldnar voru. Auk mömmu ykkar talaði Óli Thors, Kristín Jónasar, Þuríður Kristjánsdóttir, Kolbrún Sæmundsdóttir, söngur,¹ Sigurður Þórðarson,² Eivind Carlsen³ og Ásgeir. Ég hef verið að taka þetta upp og spila fyrir gamlar konur, búinn að hlusta ca. 10 sinnum. Og fæ ekki nóg - rek mig upp undir af stolti - í kjallaranum.⁴ Mamma var í sæluvímu yfir upptökunni - hún er svo dugleg að hlusta og skilja, þegar ekkert truflar.

Veislan var sem sé alveg fullkomin. Kannski gerði það mest að fólkið þekktist margt og urðu samræður því miklar í þrjá tíma. Aldeilis setti Hrefna svip á veisluna - gimsteinn og persónuleiki sem allir hrifust af.

Það skyggði á að Palli fékk á ný hjartaaðkenningu um hádegið og var lagður á spítala. Hann er kominn út og fer í hjartapræðingu --

Ég fékk hringingu frá Jóhanni Líndal rafveitustjóra í Njarðvíkum, fornvini mínum (við voru saman í Sogslínunni árið 1953; guð almáttugur - 44 ár) og höfum mikið unnið saman í 15 ár. Hann sagði að ferðin til Barselóna hefði verið stórkostleg og allt Auði að þakka. Menn hefðu verið ánægðir í ferðinni að fá rétta Auði!⁵ --

Bráðum þyrftum við að fara að nota *lautakörfuna* frá TFÍ. Það verður stórkostlegt að sjá okkur í Landmannalaugum um frostmark, með lautakörfu - fulla af osti og vínnum með rauðköflotta pentu- og borðdúka, ásamt grænum postulínsdiskum með fagurlega máluðum veiðihundum á.⁶ --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði, Axel, Degi og Vibeke. Rvík. 16.6.1997.

-- Þá kemur enn eitt letibréfið. Pabbi ykkar var svo latur í morgun að hann nennti ekki einu sinni að skrifa letibréf. --

Segir frá boði sem hún hélt fyrir samstarfskonurnar. Einnig fyrir móðursystur sínar sem voru mjög ánægðar og sátu lengi frameftir kvöldi.

Segir frá hjartapræðingu Palla og stórkostlegum tónleikum Kristins Sigmundssonar í Parísaróperunni.

Ásgeir notar allar frístundir sínar frá starfi í vinnu við tvo útvarpsþætti um áróðursútvarpið á íslensku frá Berlín á stríðsárunum. Segir Dag vera búinn að ráða sig í hálfstarf við arkitektaskólann og hálfstarf á stofu. Síminn hringdi og var spurt hvort Auður gæti tekið að sér leiðsögn á Austurlandi 25.6.! - O.fl. o.fl.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 23.6.1997.

Segir frá lífinu í húsinu, heppni með leigjendur, tiltekt í kjallara og flutning á dóti þaðan og upp á háaloft.

Þá segir frá ánægjulegri heimsókn saumaklúbbsins í sumarbústað Helgu Steffensen og Harðar við Elliðavatn. Ásgeir og fjölskylda litu inn og að sjálfsögðu líka Valdimar sem var mjög sleginn yfir því að ekki tókst að koma í framkvæmd vilja Sveins Skorra Höskuldssonar prófessors um að Valdimar fengi að setjast í íslenskudeild H.Í. Málfræðingarnir í deildinni sögðu að hann kynni ekki nóg í málfræði.

Hrefna er farin að lyfta sér á fjóra fætur og skríða. Fyrsti þáttur Ásgeirs verður fluttur í útvarpið um helgina. Nú eru miklar breytingar gerðar á mannahaldi í útvarpinu, einkum séu „topparnir“ orðnir of margir.

Jórunni, mömmu hennar, fer mjög aftur og hún heyrir illa.

¹ Valgerður Guðnadóttir söng einsöng með undirleik Kolbrúnar. Hún var þá að útskrifast frá Söngskólanum í Reykjavík og varð síðar þekkt söngkona, sló m.a. í gegn í Söngvaseiði árið 2012.

² Sigurður Þórðarson (1935-2008) tannlæknir.

³ Ólafur B. Thors vinur okkar, Kristín Jónasdóttir fyrir Flugfreyjuklúbbinn, Þuríður Kristjánsdóttir og Kolbrún Sæmundsdóttir fyrir Zontaklúbb Rvíkur, Sigurður Þórðarson fyrir Tannlæknafélag Reykjavíkur og Eivind Carlsen frkvvstj. Tannlæknafél. Noregs sem talaði fyrir hönd norræna félaganna. Hann söng líka glæsilega.

⁴ Þegar ég er útfinn. Þar er lofthæð um tveir metrar.

⁵ Þær voru tvær við leiðsögn í Barselóna, Auður Egg og Auður Gná.

⁶ Þarna er skírskotun til ferðar í Landmannalaugar sem við fórum í seinni hluta júní með Auði og var þá frost, sem við reyndar vissum ekki af fyrr en við komum upp úr Laugunum!

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 26.6.1997.

-- Það er ekki laust við - nú þegar sólin er að hækka á lofti - sumarfrí að ganga í garð - og ekki eins mikið að gera í vinnunni - að hugurinn hvarfli oftar til ykkar, fullur saknaðar yfir að sjá ykkur ekki eins og við vildum og geta ekki fylgst með daglegum viðburðum í lífi ykkar. Ekki síst finn ég það þegar við sjáum Hrefnu og viðburðir eiga sér stað í þroska hennar nærfellt dagleg. Það er svo sem ekki mikið sem við gerum fyrir hana eða þau Ásgeir og Brynju. Kannski kemur að því - en kostirnir eru enn einkum hjá okkur. En allt er þetta samt indælt og mikill munur samt frá því sem áður var þegar börnin fluttu landa milli.

Þetta rifjaðist upp í gær þegar við vorum í heimsókn í sumarbústað Helgu Steffensen hér uppi við Elliðavatn í gær og hittum hina klúbbsfélaga mömmu þinnar og þeirra eiginmenn, sem líka eiga börn í útlöndum. Samt var það ekki söknuður þegar við ræddum við þau, öllu heldur gleði yfir því að hafa góðar fréttir að segja. Fjarlægð er líka góð, stundum betri en nálægð. Því ekki er samband alltaf gott þótt fólk sé nærri - af nálægð getur misklið spunnist.

Niðurstaðan er því sú, til bráðabirgða, að allt sé gott og að alltaf þurfi að gera hið besta úr hlutunum eins og þeir eru. Ef menn gera mikið úr því sem lakara er hættir við að það skyggi á hitt sem gott er. Og það má ekki gerast.

Við göngum til starfa eins og vant er - ég skrepp í vinnuna þegar hentar, vinn þar af lítilli ábyrgðartilfinningu, geri nánast það sem mér þykir skemmtilegt. Ég er núna að fara í vinnuna með greinargerð um markaðsmál vatns- og hitaveitna sem ég mun leggja fyrir fund. Þetta er eitt af þeim furðumálum sem ég er að velta fyrir mér en sennilega fáir aðrir sem nenna að velta því fyrir sér. En það hefur ekki áhrif á mig. Ég missi fremur áhuga á svona málum þegar aðrir fá áhuga á þeim og byrja að sinna þeim, velta þeim fyrir sér og skipta sér af þeim. Sem sé - ég er kenningasmiður en ekki framkvæmdamaður!! --

Þessa dagana er Jón Hannesson að leggja síðustu hönd á bað- og sánuherbergi í kjallaranum. Það er unun að sjá hann vinna og fylgjast með handbragðinu. Það er svo þægilegt að koma við verkin hans, viðurinn silkimjúkur og hvergi misfelli að sjá. Hann leggur svo mikla áherslu á að allt líti vel út að það gengur næstum of langt hvað hann vill byggja listilega utan um leiðslur. Þannig er loftið orðið full lágt á köflum, t.d. yfir handlaug þar sem ljós er fellt inn þannig að það lítur jafnvel út fyrir að vera ætlað fyrir ljós. Einnig inni í sturtuklefanum. Ég snerti lækkinna með hárinu. En allt er þetta svo gott og fallett og gert af svo miklum elskulegheitum að við unum því vel, enda miðað við núverandi fjölskylduhæð. Getur orðið erfitt fyrir körfuboltamanninn og hástökkshetjuna Jóhannes Örn Dagsson þegar hann kemur hingað til að gleðja afa sinn og ömmu. Við erum að vona að þetta verði langt komið á sunnudaginn, en þá koma Auður og Axel.

Ekki komum við til með að sjá mikið til Auðar þar sem hún verður í allt sumar í fararstjórn um landið. -- Sennilega heldur ekki til Axels. Það eru svo mikil umsvif í fyrirtækinu á Ólafsfirði. --

30.6. -- Mikið gaman og léttir fyrir Ásgeir að vera búinn að ljúka fyrri útvarpsþættinum sem heppnaðist mjög vel. Hann er kominn á spólu og verður sendur fljótlega. Mikil vinna að koma svona efni saman - þegar aðföngin eru kannski ekki allt of mikil. --

Það er aldeilis annar blær á húsinu eftir að Auður og Axel komu. Síminn er farinn að hringja og heimsóknir. Við sitjum (ég má það reyndar ekki) og röbbum um lífið og tilveruna og notum tímann þangað til Auður fer. Henni líður sýnilega mjög vel og hlakkar til túrismans. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 7.7.1997.

Allt í einu hrökk bakið í lag eftir að ég fékk bólgueyðandi lyf og nú er stefnt að útilegu. Allt gott að fréttu nema hvað mömmu fer aftur. En hún gladdist innilega þegar Dagur hringdi í hana. Auður er ánægð í ferð sinni með túristana, var í Öskju og Kverkfjöllum en veðurspá ekki góð fyrir Austfirði.

-- Ég hef ekki eins mikið að gera og áður. Ég er hættur að ritstýra Oddfellowblaðinu eftir fjögur ár og er mjög ánægður með það. Það var engin hemja hvað mikill tími fór í blaðið. En ég held mig hafa verið til gagns að hafa skrifað svo mikið, en ekki var yfirstjórnin hrifin af því hvað ég, ungur oddfellowi (!) var athafnasamur og talaði mikið um framfarir og hugmyndakerfi --¹ Ekki veit ég hvort margir lásu eitthvað af þessu öllu.

¹ Þá gerðist dálítið spaugilegt. Við, ritstjórn blaðsins, gengum fyrir stjórn Oddf. til að gefa árlega skýrslu og segja frá áformum. Var þetta ofurhátíðlegt að venju. Er Geir Zoëga, stórsir, var að tala, þá skynjaði ég eitthvað í svip hans, spurði á þessa leið: *Er það rétt sem ég hef á tilfinningunni að þú sért óánægður með okkar starf, og viljir að við hættum? Já, svaraði hann! Gott að vita það, þá verður þetta ekki lengra!* svaraði ég, þakkaði fyrir okkur, við stóðum upp, kvóddum og gengum út. Ekki löngu síðar gaf ég oddfellowbókasafnið mitt til afnota í Oddfellowhúsinu, og sem enn mun vera þar. Þá gaf ég innbundið blaðið, frá upphafi, líka til afnota þar og einnig til oddfellowhúsanna í Hafnarfirði og á Akureyri. Sagði mig svo úr reglunni. Allt í sátt og samlyndi. Ég tók eftir því að Geir Zoëga fór að forðast mig, jafnvel flýja, þegar við rákumst á. Svo hætti hann í embættinu og dó. Fyrir ekki löngu var hringt til mín af fulltrúa stjórnar Oddfellowreglunnar og ég spurður

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 17.7.1997.

Dagur og Vibeke fara til Helsingfors í brúðkaup til vinafólks og í heimsókn til vina. Allt gott að fréttu, verið að mála gluggana á íbúð Auðar og Axels á efstu hæð --

--svo þau taki við öllu í góðu standi, þótt það kosti lífið. Ég treysti mér ekki í þakið. --

Í gær fórum við í gönguferð um Gufunes, rétt aðeins til þess að skoða það fagra landssvæði áður en skipulagsaldan færir náttúruna þar í kaf. Það er einkennilegt að koma þangað. Nesið er alveg komið í miðju Reykjavíkur. Hið umdeilda grjótnám er hafið. Brúin og vegurinn meðfram ströndinni yfir Elliðaárvog, neðan við gamla Gufunesbæinn, skáhalt yfir Gufunesið, yfir í Álfsnes og yfir Kollafjörð, er komin á teikniborðið. Samt er nesið alveg ósnert með sínum mýrarsundum, kargaþýfi og klettaholtum. Grasið og sinan er svo mikil að ég kútveltist þar um, því sums staðar var illt að sjá hvar fast væri undir fæti. Við sáum aftan á Viðeyjarstofu og norðurhluta Viðeyjar. Þerney og Saltvík á Kjalarnesi blöstu við. Á grandanum út í Gufunes var aðvörunarskilti sem varaði við flóði, svo við vildum ekki standa lengi við. Sennilega er átt við stórstraumsflóð, ekki daglegt háflæði. --

Svo var farið í veislu til Palla og Láru til að halda upp á íbúðina þeirra á Kárástíg 1. Gaman var að hitta fólkið og gleðjast yfir íbúðinni þeirra fallegu. -- Tilfinningin fyrir að vera í miðbænum er skemmtileg, vinnustaðir og íbúðir allt um kring. Veislan hefði svo sem ekkert verið ef Hrefna hefði ekki verið þar og sett gleðisvip á samkonuna. Hún er mikill persónuleiki, laus við að vera félagsskítur.

Dídi var þarna, mikil hetja við klifur upp og niður stígann. Hún er orðin veikburða og á erfitt með að kyngja. En stendur sig alveg stórvel og aðlagar sig furðu vel sínum kringumstæðum.

-- fórum upp að Grjóteyri til Guðrúnar Jónsdóttur. Hún tók þar á móti Zontaklúbbnum á skemmtiferð um Snæfellsnes -- orðið aðeins tæp klukkustund að aka þangað -- Guðrún og Páll Jakob hafa komið sér vel fyrir á frábærum stað. Að vísu er þetta hálfgerð veðravíti stundum, neðan Hafnarfjalls. En fegurðin var ólýsanleg -- Örn farinn að gera sér hreiður í Borgarfirði. Einn verpti á kletti í ánni, skammt frá. En með brúnni og fyrirhleðslum hafa myndast grynningar þannig að á fjöru má ganga út í eyna og hefur örninn sennilega hrakist burt vegna mannaferða. Zontaklúbburinn var aldeilis ánægður með sitt ferðalag. Að vísu voru þær svolítið hissa á því efni sem Gulli Bergmann bar fyrir þær á Hellnum, en sögðu að súpan hefði verið góð.

Við borðuðum kvöldmat hjá Guðrúnu ásamt Bergljótu Líndal, Leifi, uppeldisbróður Guðrúnar, sem á sumarbústað skammt frá, og Bobba,¹ sem er aldeilis ágætur piltur og duglegur. Hann vinnur á Keldum í sumar, lýkur námi í líffræði næsta ár og heldur svo til framhaldsnáms -- hefur áhuga á sveitalífi, er með hesta á Grjóteyri og hefur reist hesthús ásamt Stefáni (*Jeppesen*)² hálfbróður sínum. --

Dagur Eggertss. skrifar Friede P. Briem. Stavern. 20.7.1997.

Elsku amma. Þá er sumarfríinu brátt að ljúka eftir tvær dásamlegar vikur í sumarbústað fjölskyldu Vibeke við sunnanverðan Oslófjörðinn. Veðrið hefur verið eins og í Suðurlöndum og Jóhannes stjórnar sundæfingum af hörku, milli þess sem hann sýnir listir sínar á nýja reiðhjólínu sínu.

Við söknum Íslands en höfum því miður ekki tækifæri til að koma fyrr en um jólin. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 21.7.1997.

-- Mömmu hrakar talsvert. Minnið ekki það sama og fyrir mánuði. Hún ruglar fólki saman, sem reyndar er ekki furða þegar allir eru á fleygiferð um lönd og álfur. En henni líður vel og er ánægð með lífið. Sama má segja um Dídi þótt skapið sé ekki sem best. Ég kom til hennar í gær og var Fjöla vinkona hennar hjá henni. Dídi hafði allt á hornum sér og fór nokkrum sinnum í fýlu þegar við vorum að ræða hin skemmtilegustu mál. --

Segi frá Þórhildi frænku okkar Líndal, umboðsmanni barna, sem óskað hefur bætrrar meðferðar á börnum á Tindum á Kjalarnesi og segir óheimilt að beita ósakhæf börn agaviðurlögum, s.s. einangrun og að binda þau.

hvort ég væri fánlegur til að skrifa sögu reglunnar. Ég þakkaði pent fyrir, sagði að ég væri hættur í reglunni. Að auki, hátt á níraðis aldri. Ég hefði þegar ég var ritstjóri gluggað í söguplög hjá þeim og væri þar margt skemmtilegt rannsóknarefni, t.d. þegar Eggert Claessen, frændi minn, og Knud Zimsen, sem giftur var frænku minni, sögðu sig úr reglunni á sínum tíma. Fleira hef ég ekki heyrt þaðan. Oddfellowfingurgullið lét ég smíða úr hring handa Sirri.

¹ Páll Jakob Líndal, doktor í umhverfissálfræði og aðjúnkt við Sálfræðideild Háskóla Íslands.

² Stefán Jeppesen (1967) nú blómakaupmaður á Akureyri.

-- Í báðum þessum málum kemur hin versta hlið samfélagsins fram og er hún sannarlega þannig að við þurfum að taka okkur tak. Mér þykir Þórhildur djörf í þessu máli enda er það hennar hlutverk að gæta hagsmuna barna og hefur staðið sig vel.

Fjölskyldan hittist á Akureyri.

-- Mjög gaman var að sjá Auði í hópi sinna ferðalanga. Þar var mikið fjör og hún í besta skapi. Hún er væntanleg í kvöld og fer svo aftur í mestu ævintýraferð, siglir niður Hvítá í gúmmíbáti, fer á Hvannadalshnúk og í Grímsvötn til að skoða gosstöðvarnar. --

Jón Hannesson er að klára kjallarann. Svo förum við í hálandisferð með Jójó og Óla Thors. Auður fer fyrr aftur til Spánar en ætlað var, en það gerir ekkert til því við fylgjumst svo vel með henni daglega.

-- Gömlu konurnar hafa það bærulegt. Amma þín skemmti sér stórvel þegar hún heimsótti okkur um helgina, naut þess að vera hér -- okkur fannst sem þetta væri hennar síðasta heimsókn -- naut þess að skoða kjallarann og hvað allt væri þar fínt og góð aðstaða, listasmíð. -- Ekki þykir mér rekstur Droplaugarstaða vera góður eða uppfylla þær kröfur sem ég vildi gera. -- Amma þín á 70 ára brúðkaupsafmæli. -- langur tími að vera ekkja í 62 ár. -- Þann 20.

-- Ég er hættur með ritstjórn Oddfellowblaðsins - til allrar hamingju. Það var ekki skemmtilegt að vinna fyrir stjórn reglunnar, engin viðbrögð þessi fjögur ár að heitið getur. Sennilega eru þeir lítið hrifnir af öldugangi. Eins og allir vita er ég gefinn fyrir að reyna útlínur þess sem leyfilegt er og hvað menn þola. Ég held að þetta séu ættareinkenni, sem ég losna ekki við. Veit ekki hvort þetta gengur til ykkar. Sjálfur vildi ég ekki hafa þetta öðru vísi - en hef ekki spurt mína nánustu um þeirra afstöðu -, mun ekki gera og ekki hlusta. Ég hef eytt í þetta alltof miklum tíma og feginn að snúa mér að öðru. Skemmtilegt hefur þetta samt verið. --¹

Segi frá nýjum nágrönnum í nr. 71 sem voru að tala við okkur um nábylið. Í ljós koma að höfundurinn er sagnfræðingurinn Helgi Kristjánsson, aðstoðarskólameistari í Kópavogi. Hann er að skrifa um RARIK og hafði rekist á sögu, frá mér komna í einhverju rafveituriti, og sem honum þótti skemmtilegt, að þegar reist var rafveita á Hvanneyri hefðu verið notuð þverbönd úr Pourquois pas, skipi dr. Charcot, sem týndist á Mýrum 1937. Þótti honum eins og mér að forvitnilegt væri að fá myndir af rafmagnsstaurinum, sem sjálfsagt hefðu allir verið hvor með sínu lagi. En þrátt fyrir ítrekaða leit mína, hefur engin mynd af línunni fundist.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 25.8.1997.

-- Auður fór norður á Ólafsfjörð í gær. Eftir það verður hún stutt hjá okkur, enda búin að ráða sig til Flugleiða í Barselóna í haust -- Nú er að hefjast síðasta árið hjá henni og starf við lokaverkefnið.

Ásgeir og fjölskylda voru hjá okkur í gær, sátum við úti í garði -- Hrefnu finnst mikið gaman í garðinum, margt að sjá og margt sem ekki má. Ég er búinn að taka að mér að passa hana tvo morgna í vikunni. Hlakka til og feginn að fá tækifærið.

Valdimar Tómasson, heimilisvinurinn okkar, kom meðan Ásgeir var hér hjá okkur, eins og venjulega. Þau Brynja eru ekki beint hrifin af honum, finnst kannski að við tökum hann of mikið að okkur. En það er nú öðru

¹ 11.5.2013. Í þau fjögur ár sem Oddfellowblaðið kom út undir minni ritstjórn var gott samstarf í óbreyttri ritnefnd. Víða var sótt efni. Í ferðum mínum erlendis heimsótti ég oddfellowstúkur og forystumenn, skrifaði um þá og hafði viðtöl. Þá aflaði ég mér þekkingar á leyndarreglum reglunnar. Eitt sinn skrifaði ég lýsingu á einkennum sem notuð eru á embættismenn. Þá gerðist það að Hilmar Gardars, yfirmaður reglunnar, sendi bréf til stúkna þar sem þetta athæfi var átalíð, án þess að tala við mig. Er þetta bar á góma við yfirmann í reglunni (2013) var mér sagt að þessi grein mín væri einmitt nú undirstaða fræðslu innan reglunnar. Þannig bar uppsögn mín sem ritstjóra að. Er fjórða kjörtímabili lauk það ég um fund ritnefndar með stjórn reglunnar og Geir Zoëga, sem þá var stórsír. Bar ég undir stjórn hugmyndir og sagði frá væntanlegu efni. Þótti mér Geir taka dræmt undir; svo ég spurði hvort hann vildi kannski losna við okkur. Kom spurningin honum sýnilega á óvart, en hann svaraði: Já. Þá sagði ég að ekkert væri frekar um að tala, stóð upp ásamt ritnefnd og við kvöddum. Síðar tók ég saman kennslubók í oddfellowstarfi fyrir helstu stofnun reglunnar (*búdir*). Ritið var gefið út og virðist hafa komið að gagni. Ég hafði safnað að mér efni um regluna og skyld félög, t.d. frímúarara, og átti orðið mikið bókasafn sem ég gaf reglunni og sem var þegið orðalaust. Mun liggja frammi í Oddfellowhúsinu og virðast einhverjir hafa gengið í það eftir því sem mér er sagt. Ákvað ég að segja mig úr reglunni og gaf Oddfellowblaðið innbundið frá upphafi ásamt fræðsluriti búðanna til varðveislu í Þjóðarþóklöðu: *Fræðsla um Oddfellowmál. Oddfellowbúdir/Rebbkubúdir. Ritstjóri: EÁ. / Oddfellowblaðið. Útgefandi Oddfellowreglan á Íslandi. 1952- . Ritstjóri EÁ o.fl.* Þannig lauk starfi mínu. Hefði getað orðið framhald á þessu. Forysta reglunnar hafði samband við mig 2013 og bað mig um að rita sögu reglunnar! Ég sagði að þegar ég var ritstjóri hefði ég skoðað ýmislegt mjög skemmtilegt efni um atburði sem komið hefðu fyrir í sögu Oddfellow, t.d. þegar Knud Zimsen og Eggert Claessen sögðu sig úr reglunni. En leiðinlegt væri að eiga hlut að ritun sögu sem væri slétt og fellt yfirborð. Slíkt rit væru mörg og hundleiðinleg. Skrítið, sagði ég, að biðja mann, utan leyndarreglu, um að taka að sér slíkt verk! Svarið var að í henni væru ýmsir sem margt vissu en enginn sem gæti skrifað. Ég tók þetta ekki að mér enda upptekinn við að taka saman þetta bréfasafn!

nær. Mér finnst ég gæti hjálpað honum meira en ég geri því hann á, blessaður, ósköp bág og er alltaf eitthvað að koma fyrir hann. Á menningarnótt um daginn var hann laminn í bænum; eitthvað stúlkutetur sagði við hann: *Þú sagðir að ég væri mella*. Þá komu vinir hennar og vildu refsa honum fyrir það enda þótt hann hefði aldrei séð neitt þeirra. Hann fékk högg á höfuðið og var tíma að ná sér eftir flogaveikisköst sem hann fékk í kjölfarið. Hann kemst ekki inn í Háskólann þrátt fyrir ýmsar ábendingar og virðast allar bjargir bannaða, m.a. vegna þess að hann fær örorkubætur, en missir þær ef hann skráir sig í skóla! --

Brúðkaup Magnúsar Haraldssonar og Siggú¹ á Stóra Núpi var velheppnað. Fólkið hennar býr þar, hætt búskap en vinnur á Búrfelli.

-- Því miður mun ósamkomulag vera milli þess og Katrínar Briem, dóttur Jóhanns. Býr hún að meira eða minna leyti í gamla bæjarhúsinu, mjög fallegru byggingu, en úr sér genginni. Þannig stendur á að afi Siggú, Jóhann bóndi, var giftur Ólöfu Briem, systur Jóhanns á föðurleifð hennar Þau áttu engin börn og þegar hún dó giftist hann aftur ömmu Siggú. Þannig eru engin blóðbönd á milli, en eitthvert eignarhald dætra Jóhanns. Kannski er ósamkomulagið úr sögunni, ekki hef ég heyrt um það lengi og vek ekki máls á því.

Eftir brúðkaupið var gengið um garð var farið að félagsheimilinu í Árnosi. Á annað hundrað gesta var boðið í mat, fjölskyldur á báða bóga og vinir. Veislan var einstaklega skemmtileg, vel stjórnað, margar frábærar ræður og söngur. Hreppamenn eru miklir söngmenn, ekki síst frændur þínir frá Hæli. -- Þótt margt væri á dagskrá var borðhaldið rólegt og gott að spjalla saman þar sem ekki var ásett dagskrá. Vinir brúðhjónanna héldu aldeilis frábærar ræður, miklir listamenn orðsins, gáfað og háttvíst fólk. Engin vitleysa og fiflagangur eins og stundum er í brúðkaupum. --

Ásgeir og Brynja voru í sumarbústað hjá foreldrum Brynju í Grímsnesi þar sem Hrefna var í pössun og stutt þangað að fara. Ekki tókst vel til þegar þangað kom því rosapartí var í nágrenninu og síðan tók við mikill jarðskjálfti, ekki sá stóri Suðurlandsskjálfti, heldur aðeins minni og lék allt á reiðiskjálfi í bústaðnum og heyrðist mikið í timbrinu.--

Við buðum ömmu þinni heim vegna 70 ára brúðkaupsafmælisins. -- Henni líður vel, hefur enga líkamlega vanlíðan, en sjónþöpur og bjargarlaus, gleymin og ruglar öllu saman. Hún lifir og hrærist fyrir fréttir af Sólveigu, Jóhannesi og Hrefnu. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 1.9.1997.

-- Af mömmu er nú ekki alveg það besta að fréttu. Henni hefur skyndilega farið aftur. Í fyrstu héldum við að það væri lyfjum að kenna en erum nú sammála um að það er vegna breytinga á heila- og taugastarfsemi, t.d. vegna heilablæðinga. Hún er orðin gjörsamlega rugluð, en er ánægð og segir í sífellu að allt sé dásamlegt og skemmtilegt. Hægt er að komast í samband við hana þegar maður nefnir eitthvað gamalt, hvernig var í barnaskólanum, að Dagur biðji að heilsa, nefnum Sólveigu, Jóhannes eða Hrefnu. Þetta er harla líkt því hvernig dauða Álfheiðar ömmu minnar bar að. Hún var 94 ára og rugluð á spítala í þrjá mánuði áður en hún dó.

Ég talaði við Jónu í gær og sagði henni frá þessu. Sagðist hún alltaf muna þegar amma var veik að ég hefði alltaf getað brotið upp á umræðuefnum sem komu henni aftur á spor. Það var gaman að heyra. --

Nú fer að stytast í að Auður og Axel fari heim aftur til Barselóna. Þau voru í viku á Ólafsfirði til að treysta ræturnar og fjölskyldutengslin. Þar hafa umsvifin aukist gífurlega að það var nauðsynlegt fyrir þau að fara þangað til að fylgjast með eignum sínum og fjölskyldu. Auður var mikið að sinna hótélgestum og athuga hvað megi gera til að þrýða herbergin. Fólk Axels þráir að hún komi og leggi þeim lið. --

Didí er farin að óska þess að komast á elliheimilið Grund þar sem hún hefur von um pláss. Henni líður samt bærilega, þótt lífið sé ekki skemmtilegt -- furðu ánægð og gerir engar kröfur.--

Friede Ingibjörg Pálsdóttir Briem andaðist 12.9.1997.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 14.9.1997.

-- Lífið hér er mótað af yndislegum pælingum og upprifjunum um mömmu. Öllum góðum. Auðvitað fer ég langt aftur í öldina þar sem ég hugsa til lífsins í Tjarnargötu og samskipta milli fólks í æsku minni sem voru skemmtileg, fjölbreytt, menningarleg og innleg. Þar eru ræturnar því ég man ekki mikið af Bergstaðastrætinu. Þó var það sjálfsgagt þar sem lífið mótaðist. Hér er allt fullt af blómum. Hingað hafa komið gestir sem setið hafa hjá okkur og rætt um gagn og nauðsynjar. --

¹ Magnús Haraldsson (1968) geðlæknisfræðidósent. Sigríður Gunnarsdóttir (1969), hjúkrunarforstjóri Landspítalans.

Það er eins og svona átök, tár á hvarmi og söknuður geri heilanum gott. Eftir sorgarviðbrögð koma minningarnar og það er eins og andleg *sána* að ganga í gegn um. Tilfinningar og taugaboð sem aldrei hafa fengið að njóta sín hreinsa hugann og reyna á hann þannig að finna má fyrir andlegum harðsperrum. Af þessum ástæðum er slæmt að hafa þig ekki líka, en það er líka nauðsynlegt fyrir þig að upplifa þessar tilfinningar með sjálfri þér og Axel. Leyndir afkimar opnast og tilfinningasjóðurinn þroskast.

Valdimar Briem, sonur hans Haraldar sem dó í sama herbergi og mamma viku fyrr, sat hjá okkur góða stund, en pabbi hans verður jarðaður á morgun. Við vorum að tala um minningarnar. Hann sagði mér frá frægri upprifjun minninga: Marcel Proust borðaði einu sinni smáköku. Þá komu upp í hugann minningar hans um köku sem hann hafði fengið hjá ömmu sinni, þá rifjaðist upp fyrir honum það sem hann var alveg búinn að gleyma og sem hann hélt ekki að hann hefði nokkru sinni vitað, heimili hennar, síðan garðinn, húsið á móti og smám saman sveitin. Einmitt svona kemur alltaf aftur og aftur til mín þegar við ræðum saman.

Palli sagði að hann hefði alltaf haldið að hann hefði verið mömmu og ég pabbastrákur. Enn og aftur kemur það fram að minningar eins eru gjörólíkar minningum annars af sömu atburðum -- Um slíkt má deila, eins og þær gerðu Gunna og Lóa á sínum tíma. Kannski þess vegna mótmælti ég ekki því sem Palli sagði. En einmitt af þessum ástæðum fórum við mamma þín að tala um minningar hennar um pabba sinn. Allt streymir þetta fram sem lyngt fljót. Það heldur áfram að streyma þótt maður horfi ekki á það. --

Séra Karl var alveg ágætur þegar við fórum að tala við hann. Hann var ánægður með óskir ömmu þinnar um stutta athöfn, að forðast mæð og vaðal prestanna, þátttöku kirkjugesta í söngnum, einródduðum söng kirkjukórsins. Sálmavalið er nánast allt frá frændum og forfeðrum --

Kistulagning verður á fimmtudag, eins einföld og fámenn og mögulegt er. Ég heyrði að þér þótti miður að geta ekki verið þar. Kistulagningar eru nauðsynlegar, en hafa þróast einkennilega, eins og þær væru fyrsta jarðarförin. Sjálfum þykir mér afleitt að vera viðstaddur slíkt.

Ég vil segja þér hvernig amma þín dó. Ég fór á fætur kl. 6 og fór til hennar kl. 6.30. Hjá henni var sjúkraliði. Hún andaði þungt og hafði andardrátturinn styst. Viðbrögð voru engin þegar ég talaði við hana. Friður var yfir henni. Ég sá að styttist mjög í endalokin en reiknaði ekki með þeim alveg strax og skrapp heim. Skömmu síðar hringdi Palli. Hafði verið hringt til hans og sennilega hefur mamma dáið rétt eftir að ég fór frá henni.

Við fórum svo mamma þín, Ásgeir, Palli og Fríða og vorum hjá henni um 8.30. Hún var dásamleg, grönn, eins og í gamla daga, þyngdarlaus. Það var eins og rúmötin héldu henni niðri, annars hefði hún svifið burt eins og öndin. Líkaminn er eftir eins og tímabundin tákmynd. --

Dagur kemur og verður í viku, með Sólveigu með sér. Það verður gott og skemmtilegt. Hann var svo ánægður með velheppnaðar samkeppnistillögur og ekki síst að Vibeke hafði fengið góða stöðu og eftirsóttu í háborg menningarmála: *Kulturrádet*. --

Dídí er á Landspítalanum og á ósköp bágt og erfitt að gera henni neitt til hugarhægðar. -- Það er slæmt að hún skuli ekki eiga neinn samastað. Spítalalífið er hræðilegt, ópersónulegt og ljótt. Þótt ég sé ekki ánægður almennt með Droplaugarstaði sem sjúkrahöfnun, þá er ekki betri staður til að deyja á.

Mér fannst þú ættir þetta bréf inni hjá mér. -- við erum að búa okkur undir nýjan dag og sama verkefni og í gær: Þurfum að fara heim til Dídífar til að ná í smáhluti fyrir hana og heimsækja hana svo. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 15.9.1997.

-- Þakkir fyrir bréfið þitt. Ég skil vel hvernig þér líður. En við erum svo mikið að gera í málum mömmu og ég búinn að tala við svo marga um hana að maður hættir að vera innhverfur. --

Ráð öldungsins: Skrifðu hvort um sig - endurtekingar eru mjög ólíklegar - gera raunar ekkert til. Hugsið um lesendurna - frændsystkinin sem ekki þekktu ömmu þína vel - ekki hvort annað. Ég geng svo langt að segja: Látið hvort annað ekki einu sinni sjá hvað þið eruð að gera. Axel er góður gagnrýnandi fyrir þig. Brynja fyrir Ásgeir. -- Gott að heyra að þú fékkst far til Íslands. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 16.9.1997.

-- Takk fyrir bréfið frá í gær. Það var gott að lesa það. Ég hef eiginlega ekki vitað hvernig ég á að vera þessa síðustu daga. einhver einmanaleikatilfinning í mér sem ég á erfitt með að losna við. Ég finn fyrir söknuði, en á þó svo erfitt með að skilja að hún amma sé farin, þó að ég gleðjist yfir að hún hafi nú loks fengið að fara, sérstaklega eins og hún var orðin þegar ég fór og að þetta hafi gerst fljótt og sársaukalaust, þá er einhver óbærilegur söknuður inni í mér sem ég á svo erfitt með að hafa stjórn á. Og ég segi, eins og þú sagðir, endalausar minningar streyma upp í kollinn á mér, góðar minningar um allt það góða og fallega, sem hún gaf manni. Og hvað maður er heppinn með að hafa fengið að kynnast henni svona vel og hafa verið henni svona náinn. En svo þegar ég skoða myndir af henni, sem eru kannski ekki eldri en frá í fyrra. Þá finnst mér svo erfið tilhugsun að hún sé þarna ekki lengur, Ég veit ekki hvert ég á að beina hugsunum mínum núna. Áður gat ég alltaf séð hana

fyrir mér þar sem hún sat. Það var svo góð tilfinning að hugsa til hennar. Nú veit ég ekki ennþá hvar ég á að sjá hana fyrir mér, nema þá bara eins og hún var. Þetta er skrytið.

Ég er að reyna að koma saman minningargrein um hana, á móti Ásgeiri. Við töluðum saman og hann ætlar að skrifa fyrri part og ég seinni part. Minn partur á að fjalla um minningar okkar. Og mikið finnst mér þetta erfitt. Fyrst, vegna þess að mér finnst ekki gott að koma hundruðum minninga niður á blað, svo að eitthvað skiljanlegt megi lesa úr því, líka vegna þess að mér finnst ekki auðvelt að skrifa minningar sem eiga að vera sameiginlegar okkur öllum. Ég veit ekki hvort við munum það sama, eða hvort við munum það eins. En ég sendi þetta til bræðranna bráðum, ef einhvern botn er hægt að fá í þetta. Ég hef aldrei skrifað svona áður. --

Annars hef ég bara haft svo mikið að gera í vinnunni, því ég verð að vinna sem mest af mér áður en ég fer --

Eggert Ásgeirss. skrifar Bo Almqvist. Rvík. 21.9.1997.

-- Ég drakk þegar í stað í mig þýðingar þínar og þótti góðar. Greinarnar sem þú sendir mér hef ég drukkið í mig af áfergju. Ég met, eins og þú veist, ritstíl þeirra kumpána Bo og Signor Dal. Mér þykir greinin um tímarnar fyrir Kólumbus mjög skemmtileg. Meira en það, ég var alveg bergnuminn af hvernig þú vefur þétt kenningar þínar með gífurlegri þekkingu og léttlyndi sem uppistöðu. Ég verð senn sérfræðingur í Bo, eins og heimspekingar í Hume. Kannski vind ég mér í doktorinn! Allt skildi ég í Kólumbusargreininni nema *blind motif*. *Þjóðsögu - flökkusögu - sagnaminni*, það skil ég en *blind motif* ekki.¹

Er ánægður með að Vésteinn fékk ekki hálf vonlausu rektorsstöðuna. Ekki að sama skapi ánægður með tökuorðabók Helga Guðmundssonar prófessors enda Bo aðeins getið á einum stað ásamt Einari Ól. Sveinssyni.

-- Ekki þurfti ég meira til þó ég viti að orðhengilsháttur er ekki sérgrein þín eða eðli. Ég dáist að því að Helgi skuli vera svo þrautseigur dútlari. Ég vona að bókin sé góð og tek orð þín gild ef þér sýnist svo. Þú ert rausnarlegri við hann en hann við þig.

Segi frá dauða, jarðarför og lífi mömmu. Dagur hafði fengið kennarastöðu við Arkitektaháskólann í Osló.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 26.9.1997.

-- Ég er komin heim í heilu lagi. --

Fór í góðu bókabúðina í London sem foreldramir bentu henni á og fékk einmitt það sem hana vantaði. Axel var búinn að vera á haus við að þrifa og gera allt fínt áður en hún kæmi heim.

-- Annars var gott að sitja í flugvélinni og hugsa um Íslandsdvölina. Þetta var góður tími, fannst mér, fljótur að líða. Það er léttir að þetta skuli vera afstaðið, og góð tilhugsun að amma skuli komin á þann stað sem hún þráði. Og þó að enginn komi í hennar stað, eins og Ragnheiður Briem sagði, þá lifir maður lengi á ófáum minningunum um hana.

Svo var líka annað sem ég er mikið að hugsa um -- Ég veit að það er erfitt þegar verið er að standa í svona málum, að vera sammála um ýmsa hluti, og þá er ég að meina milli ykkar, Palla og Láru. Mér fannst ég heyra frá ykkur að Palli kæmi með hugmyndir sem ykkur þóttu ekki góðar, og hann væri svona og svona. Mér fannst mjög leiðinlegt að heyra þetta. Ég veit að þið leggið mikið upp úr því að við systkinin séum samrýmd og höldum góðum vinskapi. Auðvitað er það mikilvægt, en mér finnst ekki síður mikilvægt að hugsa til þess að vinskapurinn við Palla og fjölskyldu sé góður. Nú er amma fallin frá og hún var sameiningartákn fjölskyldunnar. Ég veit að þið hafið þurft að bíta í vörina til að segja ekki ykkar meiningu við Palla, til að halda friðinn. Mér finnst það mjög virðingarvert af ykkur, því hann er eins og hann er. En þó að það sé þreytandi að vera alltaf sá sem bítur í vörina, þá er það kannski þess virði, þegar öllu er á botninn hvolft.

Ég veit að við systkinin erum ólík að mörgu leyti, en ég vona að viljinn verði alltaf fyrir hendi að halda sem mestu sambandi og sem bestum vinskapi. Ég, til dæmis, er mun frekari og eflaust erfiðari í umgengni en bræður mínir, en ég vona að þeir taki því aldrei illa. Á sama hátt er í mínum huga mikilvægt að halda tengslin við Palla og Láru, þau hafa aldrei reynt okkur krökkunum annað en vel. Eins og amma hefði sagt, þá er mikilvægt að vera jákvæður og muna eftir því góða, en ekki því slæma. Ég vona að þið skiljið mig og hvað ég er að fara. --

Axel þurfti að fara í bæinn að hitta mann, þannig að ég sit hérna við tölvuna hans og notfæri mér fjarvist hans. --

Þakka fyrir tímarnar sem við áttum saman, hann var góður. --

¹ Um hvaða greinar og þýðingar ég ræddi, man ég ekki, enda gaf ég rit Bo til Landsbókasafns.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 10.10.1997.

Axel er að sækja mömmu sína og Ástu systur hennar sem munu búa í viku hjá þeim.

-- Samstarfskonur hennar í leiðsögninni, Auður og Jóhanna og svo Pétur Leifur voru í mat hjá þeim -- var voða gaman, indverskur matur á borðum, ýsa, og allir hrifnir af matnum. -- Vikan er búin að vera skráttin hjá mér og mikið að gerast í höfðinu á mér. Ég er búin að komast að niðurstöðu, sem er sú að ég ætla ekki að halda áfram í skólanum í ár. Ég fór þess í stað og talaði við virtasta „forvörð“ húsgagna hér í Barselóna (ég hljóma eins og í viðtali í blaði á Íslandi, þar sem allir eru í virtustu skólum í heimi). Hann er belgískur, heitir Jaques, og er líka með búið sem selur allskyns vörur til að gera við húsgögn. Ég talaði við hann og sagði honum mína sólar sögu alla, að ég væri í þessum skóla og vildi gjarnan breyta til og læra það sem mig vantar að læra. Hann tók mér vel og sagði að hann tæki ekki marga nemendur til sín, en ég gæti komið í hóp þar sem væru tveir fyrir. Hann er mjög sérstakur, greinilega mikill sérvitringur, en hann skildi mig mjög vel að vilja frekar læra að smíða og gera þannig við heldur en að sitja á söfnum og hreinsa ryk úr hornum með eyrnápinna. Þannig að ég mætti strax daginn eftir til hans, dóttir hans er þarna líka að hjálpa honum og hann vildi bara byrja á byrjuninni. Var ég að saga og heflla allan daginn og stendur hann yfir manni og segir til. Mér fannst gott að hafa þetta svona, ákvað á þeirri stundu að ég myndi frekar vera í læri hjá honum, en hinu. Ég get fengið að vera hérna tvo daga í viku og notað hina dagana að vinna heima og er líka að hugsa um að fara á námskeið í bólstrun, ef ég finn svoleiðis. Þannig að ég held ég geti notað þennan vetur vel og eins og ég vil sjálf. Mér létti svo mikið við þessa ákvörðun að mér fannst eins og ég svifi, bara við það að hafa ákveðið mig. Ég veit að ég er að gera rétt, því það eina sem ég vil gera er að læra og læra og ég veit að þetta er skref í áttina. --

Í gær fór ég og kenndi konunni hans Óla Adolfs íslensku -- er hún búin að semja um að ég kenni henni hálfsmánaðarlega. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði og Degi. Rvík. Okt. 1997.

Segir frá því að fjölskyldan hafi verið að senda yfir 200 þakkarbréf vegna mömmu hans. Stóðum við Sírri að því ásamt Palla, Láru, Ásgeiri, Brynju og - Hrefnu!

-- Nú er Sírri í vinnunni og þyrmir yfir hana allt sem hún þarf að gera. Á fimmtudag var stjórnarfundur sem stóð lengi.

Á föstudag fór stjórnin út að borða á Hótel Holti og var það hin besta skemmtun, með fordrykk heima hjá Sigurði formanni. Þá bar langi stjórnarfundurinn á góma.

Ég sagðist hafa komið seint heim um kvöldið og hefði Sírri þá verið gjörsamlega útkeyrð uppi í rúmi. Ég hefði gert allt fyrir hana sem ég gat, m.a. keypt að rafknúid heilsurúm?

Þetta var aldeilis sjokk fyrir stjórnina og góð lexía. Nú virtist það ekki duga lengur, þar sem hún hefði spurt mig, þegar ég gekk inn í herbergið: *Hver eru lífeyrisréttindi* Að hún léti sér detta í hug að hætta hjá þeim.

Annað kom einnig í ljós. Verið var að tala um sýningu sem halda á í Ráðhúsinu og hverjum ætti að bjóða. Þá bað Óli Björgúlfs um að Sírri gerði lista yfir þá, og sendi sér í fyrramálið! Þá barði hún í borðið og hrópaði: *Nei - nei! Ég get ekki tekið meira á mig!*

Stjórnarmenn höfðu aldrei heyrt hana segja neitt slíkt, en sáu að þeir gengju fulllangt í kröfum sínum til hennar.

Af þessu má læra: Að segja skoðun sína og bæla ekki niður skoðanir sínar og skap.

Annars höfum við verið að vinna í garðinum, bera á fúavörn, setja lauka niður - auk þess sem Sírri þurfti að fara upp á skrifstofu!

Tannlæknatalið var að koma út. Þegar Gunnar Þormar, formaður ritnefndar, opnaði sitt eintak byrjaði stafrófsröðin á **B**. Urðu menn sjokkeraðir og fóru að leita að villum í fleiri bókum.

Sírri hringdi í Pál Braga Kristjánsson, útgefandann, til að spyrja hvort einhver tæknileg skýring gæti verið á þessu. Svo var ekki, en mönnum þótti *astrónómísk* tilviljun hafa ráðið því að Gunnar fengi sjáfur þetta eintak. Páll spurði hvað Sírri ætlaði að gera við þetta eintak. Hún sagðist mundu setja það á minjasafnið. Þá sagði hann henni sögu: Þegar Hadda Padda eftir Kamban kom út í ísl. þýðingu. Þá hringdi kona Einars bæjarfógeta í Hafnarfirði og sagði það skrítið að ein blaðsíðan í bókinn væri á dönsku. Þegar að var gáð var sami galli á öllu upplaginu og varð að fleygja því öllu. Hann sagðist alltaf sjá eftir að hafa ekki geymt eitt eintak af bókinni.

Sírri sagði þá að Erla (*Axelsdóttir*) hefði verið gift (*Einari Ingimundarsyni*) móðurbróður sínum. Er það ekki ein tilviljunin að Páll skyldi segja henni þessa sögu! --

Ásgeir er þessa stundina að líta á tölvukerfið í TFÍ, sem ekki tekur við pósti - af einhverjum ástæðum. Það kom vel á vandan að það var Halldór Kristjánsson¹ sjálfur sem var að senda póst með fundargerð konu sinnar - stjórnarritarans í T.F.Í., sem kom boðunum ekki til skila.

Dídí er með besta móti á Landakoti, en viðurkennir að hún treystir sér ekki að fara heim. Annars er alveg óbærilegt fyrir hana að vera á deild með eintómu heilabliðu fólki, með læstum gangdyrum. Hún finnur aldeilis fyrir því. --

13.10.1997. -- Erum búin að fá leigjanda - Liselotte Widing frá Karlstad -- sagði að hún hefði getað líka fengið íbúð á Tómasarhaga, sagði að það væri góður andi í húsinu og gat næstum ákveðið sig á staðnum. Kunni líka að meta útsýnið. Hún er lögfræðingur hjá Norrænu ráðherranefndinni og ferðast 15 sinnum á árinu til hinna Norðurlandanna.²--

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 20.10.1997.

-- Þátttökutilkynningar á ársþingið streyma inn. -- Verðum við Anný með skemmtiatriði -- Sigurður Þórðarson formaður er ákveðinn í að við Anný hermum eftir lagi Bob Marleys: *Could you be loved - and in love.* --

Segir frá sýningu T.F.Í. í ráðhúsinu með annars vegar fullkominni tannlæknastofu --

-- og hins vegar gamla stofan hans Halls Hallssonar í Austurstræti með fótstigna bornum. Þarna var líka heilt sykurfjall, sem er hlaði af pokum með meðalneyslu Íslendinga (4.8 tonn, að mig minnir) Ég neita því að ég sé bráðum búin að borða svona mikinn sykur. -- Ólafur Björgúlfsson fékk verkefnið að sjá um þennan part í tilefni af 70 ára afmæli félagsins og gerði það mjög vel. Sagði hann m.a. að deyfingaraðferðin í gamla daga hefði verið fólgin í því að halda sjúklingunum nógu mikið upp á snakki. Svo hefðu plúmburnar gjarna losnað úr á leiðinni frá tannlækninum við hristinginn í mjólkurbílum. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Skúla Sigurðss.³ Rvík. 25.10.1997.

Skúli skrifaði mér mikið og minnst hér á nokkur atriði eins og það þegar ég skrifaði grein í Morgunblaðið um þá aðgerð þeirra að minnka stöðugt dagskrárletrið á síðum blaðsins þannig að ég þurfti alltaf að stækka hana til að mamma gæti fylgst með dagskránni. Hann kvartar yfir að hafa ekki fylgst með skrifum mínum, enda sé ég í sjálfu sér ekki mikið fyrir að kynna mig. Skúli minnst á umfjöllun á Orkuþingi um jarðhita.

-- Það var skrytið að sitja þarna og hlusta, hafandi skrifað greinina í Lesbókina um hverri á sínum tíma án allra viðbragða, annarra en þeirra að ég gæti misst vinnuna, og raunar allir á Orkustofnun sem hjálpuðu mér - sem ekki var mikið. -- Hrefna Kristmannsdóttir⁴ þvældi eitthvað um að það vantaði að hverir væru friðaðir og að fyrir nokkrum árum hefði komið út bók um þá sem sýndi að ástand þeirra væri skelfilegt! Ekki nefndi hún einu sinni höfundana með nafni. -- Guðmundur Pálmason⁵ bekkjarbróðir minn sagði að goshverir væru ekkert merkilegt fyrirbrigði og væri vel hægt að búa slíka til. Mér skilst að Hitaveitan ætli að búa einn til í Öskjuhlíðinni að tillögu Helga Hjörvars.⁶ Eitthvað skrifaði ég í Moggann um nauðsyn rannsóknarstofu samgöngumála, eins og menn láta sér detta í hug, í stað þess að finna lausn á vandamálinu. --

-- Ég hef verið í sambandi við Björn Bjarnason⁷ ráðherra og umhverfisráðuneytið um að koma heitum laugum á heimsminjaskrá - hvað sem úr því verður. -- Eitthvað skrifaði ég líka um nauðsyn rannsóknarstofu samgöngumála til að ekki þurfi að grafa Miklubrautina í túnnel, eins og menn láta sér detta í hug, án þess þó að finna lausn á vandamálinu. --

Nú er ég ekki sár, eins og þú gætir haldið. Það er af einskonar ráðstefnutimburmönnum sem ég er haldinn í dag. Ég er að sinna öðru í mínum daglegu störfum --

¹ Halldór Kristjánsson verkfræðingur, eigandi tölvuskólans og þjónustunnar, þar sem Ásgeir Eggertsson vinnur.

² Liselotte giftist svo íslenskum sjómanni og eiga þau barn. Vinnur nú í sænska sendiráðinu.

³ Skúli Sigurðsson (1958) vísindasagnfræðingur. Lengst háskólakennari í Berlín. Vann að ritun sögu íslenskra orkumála og fékk aðstöðu í skrifstofu minni. Ég var góður vinur foreldra hans, Stefaníu Guðnadóttur, sem lengi var ritari rektors MR og Sigurðar Jóhannssonar vegamálastjóra.

⁴ Hrefna Kristmannsdóttir (1944), jarðfræðiprófessor, þá á Orkustofnun. Dóttir Kristmanns Guðmundssonar rithöf.

⁵ Guðmundur Pálmason (1928-2004) var jarðeðlisfræðingur og yfirmaður jarðhitamála hjá Orkustofnun. Eftir að hann komst á eftirlaun ritaði hann Jarðhitabók, framúrskarandi rit og þá komu aðrar skoðanir fram en hér var ýjað að. En sár var hann út í viðbrögð fyrrum samstarfsmanna sinna.

⁶ Helgi Hjörvar (1967), alþingismaður.

⁷ Björn Bjarnason (1944) alþingismaður og ráðherra. Hann sagðist almennt á móti friðun! Gerði heldur ekkert í málinu!

Skúli Sigurðss. skrifar Eggert Ásgeirss. Berlín. 25.10.1997.

-- Það sem þú segir um Orkuþingið var athyglisvert, svo ekki sé talað um viðbrögð við hveragreininni sem birtist í Lesbók Moggans og var svo þryðileg.

Gallinn við þessa orkuumræðu er að þeir sem tala hæst vita oft svo lítið um viðfangsefnið, sem ekki er ólíkt því hverjir höfðu hæst um vegamál á sjöunda áratugnum þegar heimatökin voru einkar hæg hjá mér þ.e. þegar ég uppgötvaði heiminn sitjandi í aftursætinu á R-150. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 25.10.1997.

Segir frá því að þau Axel séu farin að hjóla og séu aum í rassinum eftir en það sé dásamlegt að hjóla um í bænum og nágrennabæjunum.

Þá segist hún hafa tekið á móti síðustu Flugleiðafarþegunum og hefði fært sig til Samvinnuferða-Landsýnar.

Þá ræðir hún um námið hjá Jaques en skólastýran í fyrri skóla hennar kaupir ýmis efni hjá heilðsölu hans, og skuldar líka, en hefði frétt að Auður hefði flutt sig og varð hamslaus út af að hann stæli fyrimyndarnemendum frá sér. Myndi hún ekki flýta sér með greiðsluna.

-- En þau voru bara róleg og sögðu að ég væri bara góð afsökun að borga ekki, og sagði að ég skyldi engar áhyggjur hafa -- þetta eru Katalanar!

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 12.11.1997.

Segi frá ferð okkar Sirríar til Puerta Vallarta í Mexíkó og merkilegum ævintýrum, siglingum, fjórhjólaakstri um fjöll, þorp og dali.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 24.11.1997.

Vorum með þá skemmtilegu gesti, Bieringssystkinin, afbragðs skemmtileg og gott samræðufólk. Gunnar Biering¹ barnalæknir hefur snúið sér að leiðsögn og stendur sig aldeilis vel. Var að koma frá Florida þar sem honum var boðið til að tala um Ísland fyrir einhverja sem höfðu hitt hann í ferðum. Agnar Biering bróðir þeirra var besti vinur minn, en þá látinn.

-- Við fórum á Ólafsstefnu á Selfossi haldin inni á sýningu á verkum Jóhanns Briem, bróður Ólafs. Þar eru svo margir munir frá Ólafi, að segja má að fyrir alla vini hans og nemendur sem sýninguna sóttu hafi þetta alveg eins verið Ólafssýning. Þess vegna kviknaði hugmynd um að menn hittust og minnstust hans. Og viti menn - húsið fylltist.

Þegar inn var komið var ekkert fyrir. Þar voru mætt Þór Vigfússon, sem var skólastjóri Menntaskólans á Laugarvatni og Selfossi, nemandi Ólafs og maður Hildar Hákonardóttur² veflistarkonu, sem stendur fyrir listrænni hlið safnsins. Þau tóku að bera inn borð. Ég fór að hjálpa þeim og síðan fleiri og fyrr en varir var komið upp hið ágætasta kaffihús. Allar veitingar of litlar, fáir bollar en stemning ágæt. Svo byrjuðu menn að halda ræður og segja frá eins og dreifbýlismönnum er lagið, en vefst fyrir okkur Reykvíkingum, að vera óformlegir.

Úr þessu varð hin ágætasta skemmtun. Virðingin fyrir þessum einkennilega og góða manni var ósvikin og sögurnar um hann sumar óborganlegar. Hann var lítt framfærinn, en furða að hann, sem dreifbýliskennari, skyldi hafa getað skilað svo miklu og góðu lífsstarfi þannig að á sínu svið, sérstaklega norrænni goðafræði, hefur enginn tekið honum fram og bækurnar enn fullgildar og kenndar í skólum. Flestar meira að segja komið út í fleiri útgáfum. Hann forðaðist metorð og lærdómstíla og sagðist vilja þá sem hann gæti staðið undir. Betri eftirmæli og minningarathöfn en þessa getur enginn fengið. -- sem sé, þetta var gott kvöld.

Í gær fór ég með Dídí heim til hennar og í bíltúr. Hún skemmti sér hið besta.

Við vorum að tala við hana um daginn, segja henni frá innrásinni um jólin og bjóða henni. Hún, blíð og góð, sem aldrei fyrr, sagði slæmt að geta ekkert fyrir ykkur gert og stakk upp á að þið notuð íbúðina hennar. Þetta hafði okkur aldrei dottið í hug, en hún, sem lokuð er inni á deild með heilabíluðum, lét sér detta þetta í hug. Við þáðum það með þökkum. Og í gær var hún að velta fyrir sér hvernig mætti undirbúa komu ykkar - hvort ekki væri hægt að kaupa nýjar dýnur o.fl. Haldið að það sé!

Ég sagði reyndar við hana að hafa engar áhyggjur - nógur tími væri til að ganga frá þessu þegar þið kæmuð - ef þið kærið ykkur um eða hvernig það nú annars gerist. En mikið er hún ánægð með að hafa látið sér detta þetta í hug. --

¹ Gunnar Biering (1926-2007) barnalæknir.

² Þór Vigfússon (1936-2013) skólameistari. Hildur Hákonardóttir (1938) veflistarkona í Ölvusi.

Ég er á námskeiði í lestri gamallar skriftar og bréfa, fékk heimaverkefni og þarf að skila þeim frá mér á hádegi á netinu. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 2.12.1997.

Þau Axel voru farin að undirbúa 1. des. hátíð en sem virtist hafa breyst í einhvers konar aðventuhátíð í skandinavíska klúbbnum með jólaglög, piparkökum o.fl. Þá gerði Axel símaskrá. Íslendingarnir reyndust mun fleiri en búist var við eða um 100 manns með mökum og börnum. Þá var Óli Adolfs vinur þeirra til í að spila á harmonikku og við það jókst hrifningin og bætist við ósk um að halda líka þorrablot. Óli er líka að hjálpa þeim við smíðar á svölunum.

Þá er líka verið að undirbúa Íslandsferð og skipuleggja gistingu því Dagur kemur líka með fjölskyldu sína í jólafrí.

1998

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 11.1.1998?

Jákvætt svar við fyrirspurn þeirra Axels um hvort þau gætu fest kaup á íbúðinni á efstu hæð. Það var svo úr að þau keyptu.

Eggert skrifar Auði og Axel. Rvík. 12.1.1998.

-- Stutt kveðja til að segja ykkur hvað hugmyndin um að kaupa efstu hæðina gladdi okkur.

Auður spurði hvað íbúðin myndi kosta. Við keyptum íbúðina niðri á matsverði 8 millj. Hún er 104 ferm., en íbúðin uppi 81.7. Út frá því getið þið sjálf áætlað verðið, að teknu tilliti til ástands hennar. Geri ráð fyrir að verðmætið sé einhers staðar á mill 6.4 og 7.0. Að sjálfsögðu þarf að meta íbúðina. -- Þið getið fundið einhverja og við saman fundið verð sem er sanngjarnt --

*Kæpir selur, kastar mer,
konan fæðir, ærin ber.
Fuglar verpa, flugan skítur.
Fiskar hryggna, tíkin gýtur.*

Þetta fann ég á gulnuðum miða. Sírri hefur það gott og kemur heim á morgun. -- Hafði það sem allra best.--

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. 12.1.1998.

-- Við fórum um helgina og skoðuðum okkur um á útsöllum. Það var aðallega í búð sem selur föt fyrir ófrískar konur sem við létum greipar sópa. Þó svo að ekki sé komið að því enn - svona lítil og pen - fannst okkur það óvitlaust -- og fá þetta á hálfvirði á útsölu. Svona hugsar maður fram í tímann, einstaka sinnum!

Segir frá húsviðgerðum.

-- opnuðum kampavínsflösku, tókum góða pásu, spjölluðum um heima og geima, risíbúðir og hitt og þetta. --Svo lágum við í jólabókum, Axel *Fótspor á himnum*, og ég er núna að lesa *Einar Benediktsson*. Ég er stórhreifin þó að þetta form að blanda saman sagnfræðinni og skáldsögunni fari í taugarnar á sumum, þá kann ég ágætlega við það. Minnir mig stundum á Eyfirðingabók, sem á líka til að blanda þessu tvennu saman. En -- hálf miður mín og reið út í pabba Einars Ben fyrir drykkjuskap og óreiðu, sem leysti síðan að lokum upp heimilið. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi og Auði Eggertsbörnum. Rvík. 12.1.1998?

Segir fréttir af Sírri sem gekk undir skurðaðgerð og er að ná sér.

Enn er verið að vinna að standsetningu kjallarans. Þá er framhald sögu um postulínsskúffur fyrir mjöl og korn sem keyptar voru í nýju eldhúsinnréttunguna en komu brotnar til landsins. Dagur hafði keypt þær í Finnlandi og fyrirtækið annaðist sendingu þeirra.

-- Túa Kurtén er búin að kaupa mjölskúffurnar og eru þær komnar heim til hennar. Tveim vinkonum hennar sem fóru í skúffubúðina þótti erindið mjög skemmtilegt. Þeim var tekið með kostum og kynjum, sýnd búðin og allt skýrt. Það sem sameinaði var að samtalið um Dag: *Vilken trevlig arkitekt!* og tók Túa undir það aldeilis.

Nú er sem sé unnið að því að fá samstarfskonu Liselotte (*leigjandans á efstu hæð*) til að taka skúffurnar með sér á fund Nordisk Ministerråd í Stokkhólmi, afhenda henni þær. Svo flytur hún þær heim til Íslands með sérstakri varúð og umhyggju. Gott að geta hagnýtt sér *stofnanaþáttinn* eins og stjórnámálameinn kalla það svo spaklega!

Mér heyrir á öllu að Sírri sé komin í besta skap liggjandi í vélrúminu nýja, talandi í síman og berast sköllin til mín og trufla bréfaskrifitir! --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 19.1.1998.

Þau Axel hafa unnið við endurbætur á íbúðinni.

-- Og líka gafst mikill tími til að hugsa á meðan maður horfði á pensilinn fram og til baka. -- Á endanum sagði ég við Axel, upp úr eins manns hljóði, að líklega væri rökréttast að við myndum eignast barnið hérna úti. --

Þrátt fyrir mjög góðan tíma heima um jólin og vellíðan, þá fann ég þó hvað það verður æ mikilvægara fyrir mann að vera „*heima hjá sér*“ og ekki á langtíma flækingi fram og til baka. Ég fann þetta núna og þó hef ég enn ekki meiri byrði en ferðatösku og við Axel hvort annað. Þannig að ég get rétt gert mér í hugarlund að þegar við verðum orðin þrjú, þá verði heimilið æ mikilvægara fyrir mann -- Og eftir því sem ég hugsa málið betur, þá finnst mér fráleitt að vera einhvers staðar til bráðabirgða á meðan við eigum okkar heimili hérna úti, þar sem okkur líður að auki svo prýðilega. -- komum svo heim þegar vinnan hans Axels segir til um. Og þá ættum við að

geta gengið inn í okkar heimili, heima líka. Hingað til hefur mér verið sama í hverslags ferðatösku ég bý, en nú er þessi hugmynd að breytast -- hvort sem það eru hormónabreytingar sem valda þessu eða annað. -- Ég -- er ekki á neinn hátt að pressa ykkur að íbúðin losni fyrr --

Við erum búin að ræða þetta fram og til baka og bæði komin á þá skoðun að þetta sé besta niðurstaðan. Svo væri líka tilvalið fyrir „fólk“ að koma í smá sumarfrí hingað til okkar. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 21.1.1998.

Er ánægð með samskipti þeirra mæðgna sem virðast vera að færast alveg á netið.

-- Það gladdi okkur að heyra hversu sammála þið eruð okkur með þessa niðurstöðu að vera hér úti í sumar. -- Eftir þetta vorum við alveg í rónni með þessa ákvörðum. Axel hringdi líka í mömmu sína og sagði henni þetta (pabbi hans er í Brasilíu með Frímanni) og var hún líka innilega sammála. Þar með fannst okkur allt vera fallið í ljúfa löð. --

Skýrir líka út eitthvert þras við konu í Tryggingastofnun. En segist vera í fullum rétti sem námsmaður. Allt sýnist fara eftir skapferli dömunnar í Trygg.

-- Ég hef það ágætt í einverunni. Finnst ég hafa góðan tíma til að vasast í tölvunni hans Axels, því annars situr hann við hana. -- Í nótt fór hitastigið niður í 13 gráður, það kaldasta sem mælst hefur í þrjú ár. Samt ekkert kalt hér inni hjá mér. --

Eggert Ásgeirson skrifar Auði, og Degi. Rvík. 26.1.1998.

Segir frá arkitektasýningunni í Ráðhúsinu.

-- Teikningar Dags tóku sig mjög vel út, en eru smækkaðar og ekki eins fyrirferðarmiklar og hinar. Við settum skýringar hjá þeim á sterkgrænan pappír sem vekur athygli á þeim. Fóru menn strax að skoða betur þegar skýring var komin upp á vegginn. --

Segir af heimsókn með Ásgeiri og Hrefnu til mömmu hennar, svo til Dídí, sem er bara ánægð á Litlu-Grund.

-- Það er nóturlegt fyrir fólk að þurfa allt í einu og búa með annarri persónu í herbergi. En gott fyrir suma. -- Gleðin fyrir Dídí er að hún hefur góða sjón og feykilegan lestraráhuga og eftirtekt í lagi. Ég segi ekki að þetta sé besta stofnun landsins, en þær verða ekki dæmdar af húsakynnum einum og fínirfi. --

-- Ekki voru góðar fréttir af Lind, mömmu Brynju. Hún greindist með krabbamein í brjósti og var það tekið af. Nú á hún að fara í lyfjameðferð og er kvíðin.¹ -- Krabbamein hetjar mjög á þær systur. --

Segir fréttir af Palla sem greindist með hjartaöng sem hann fékk þegar hann var í heimsókn hjá Kára að ganga úti í skógi. Kári er við nám og störf ásamt fjölskyldu í Álasundi, en býr í köldu húsi. Palli benti á að gott gæti verið að hafa teppi og vatt Kári sér strax í það og keypti þrjú.

Segir frá lokastigi endurbótanna í kjallaranum á Bergststr. þar sem verða ýmis áhöld. Voru sameinuð áhöld hússins þar og voru þar þá 17 skrífjárn, fjöldi borasetta o.fl. Þá er allt komið í lag niðri.

-- Þegar við vorum búin að setja sérleiðslur fyrir þvottavélar hverrar hæðar, þá sagði Eggert Pálsson, að við værum eins og Þjóðverjar! Nú erum við búin að setja upp allskonar upphengi fyrir kústa og moppur (ábending til leigjenda að taka til hendinni). Nú býst ég við að leigjendurnir kalli okkur Prússa, Gestapó eða S.S.

Nú fer að líða að því að ég skreppi í vinnuna til að sýna að ég sé áhugasamur og eitthvað að sýsla. Ég er að safna upplýsingum og fæ þær á netinu. En veitumenn landsins eru svo dæmalaust óvanir nútímatækni að þeir eru alltaf að hringja, segjast búnir að senda og spyrja hvort ég hafi fengið viðhengi. Mér sýnist menn vanþróaðri í netmálum - miðað við mig. Súperman. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 27.1.1998.

-- Við áttum aldeilis skemmtilega helgi með Emilio og Pilar í Madrid og þar um kring. -- Ég hringdi strax í Steinunni þegar ég kom og spurði hvort við gætum hittst um kvöldið, en hún var að fara að borða með vinkonum. -- Við flæktumst um og fengum okkur tapas rétti hér og þar. -- ófrískar kellingar eru snemma syfjaðar -- ég hringdi til hennar og sagði að við værum að fara snemma í fyrramálið. -- lögðum snemma áleiðis til Toledo, fyrrum höfuðborgar Spánar, með viðkomu í verksmiðju sem Emilio er að reisa ekki langt frá Madrid. -- Toledo hefur einhvern best varðveitta miðaldabæ á Spáni. Er sagt að Girona (sem við skoðuðum saman) og Toledo séu mikilvægastir. Toledo hefur það framyfir Girona að þar hafa varðveist gömlu gyðingakirkjurnar í gyðingahverfinu, en þær voru allar rifnar niður í gyðingaofsóknum í Girona. Við fórum inn í tvær af þessum

¹ Lind Ebbadóttir lifir enn ágætu lífi 2017, nærri tveim áratugum síðar.

synagogum og held ég að það sé í fyrsta sinn sem ég skoða slíka. Að vísu ekki upprunalegar, eins og þær voru byggðar á 12.-14. öld, því síðar var þeim breytt í kaþólskar kirkjur, en þó eru skreytingarnar með gyðingastíl.¹

Axel fór hamförum í hnífabúðunum, en Toledo er þekkt fyrir stál- og hnífagerð. Við erum hætt að hafa tölu á hve marga vasahnífa hann á. Ég vissi ekki alveg hvernig ég átti að taka þessu, því hér á Spáni er ekki talað um annað þessa dagana en ofbeldi á heimilum og hversu margar konur eru drepnar árlega af mönnum sínum. Hann hefur nú ekkert verið að ota þessum vopnum að mér, síðan hann keypti þau, en það er víst öruggara fyrir mig að halda mig á mottunni.

Frá Toledo héldum við til borgarinnar Cuenca -- merkilegur bær, byggður upp á efstu klettabrúnnir -- þar sem við borðuðum - en kalt var, um frostmark. Ég var svo heppin að hafa af rælni keypt mér dúnúlpu á útsölu daginn fyrir ferðina og bjargaði hún mér --

Þá lenti ég í ótrúlegu -- þegar við komum út úr húsi í Madrid var þar slydda og þegar við keyrðum frá Madrid var snjókomma og slydda. -- Fólk er óvant og þorir ekki að keyra og var vinstri akrein auð, og eftir henni ókum við, enda ekki slæmt á okkar mælikvarða. --ég var hálf slöpp -- en nú er maður stálsleginn, og fer í tíma eftir hádegi.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði og Degi Eggertsbörnum. Rvík. 2.2.1998.

Fréttir af fjölskyldu Ásgeirs, þroska Hrefnu og háskólanámi Brynju. Þau eru búin að selja íbúðina sína í Eskihlíð og leita að betra húsnæði.

Dídi er komin í einbýli á Nýju Grund og er ánægð þar. Segir frá skemmtilegu þorrablóti hjá Palla og Láru með Árna Waag og konu hans, tengdforeldrum Árna Geirs, þar sem ég skemmti mér sérstaklega vel.

Kom sánan nýja að góðum notum. Segi líka frá leikhúsförðum.

-- Í leikhúsinu hittum við Halldóru Thoroddsen sem var framkvæmdastjóri Krabbameinsfélagsins. Hún er hætt að vinna og rifjaði upp samstarfið. Það þótti mér gaman að heyra og mikið gladdi það mig er hún sagði að hápunkturinn í ævistarfi hennar hefði verið þegar við unnum saman að landsöfnuninni og stofnun Landsráðs gegn krabbameini.

Reyndar sagði Árne Waag líka að besti tími ævi hans hefði verið þegar við unnum saman í Heilsuverndarstöðinni 1961-65. Ég hafði kynnst honum í nýstofnaðri Osta- og smjöröslunni. Þar átti hann mjög harðan og leiðinlegan yfirmann, sem leit á öll mistök fyrirtækisins sem væru þau á ábyrgð undirmannanna, ekki hans sjálfs. Árni stamaði mikið. Ég hvatti hann til að sækja um vinnu hjá borgarlækni sem hann fékk. Fljótlega dró úr stami og hvarf svo alveg. En hann var ekki ánægður, sótti í kennslu og störf að áhugamálum sínum, fuglafræði og umhverfismálum. Var það mjög gott fyrir hann. En ég held það hafi verið rétt hjá honum að þessi ár í Heilsuverndarstöðinni hafi verið bestu árin í starfsævi okkar beggja, vegna persónulegra tengsla, þroskamöguleika - og af því að við höttum þar á réttum tíma.

Eggert og Sirrí spyrja Vibeke: *Jeg håber att du liker arbejdet på det nye arkitektkontoret og att du har nogen fremtid der.*

Eggert og Sirrí segja við Auði og Axel! Það verður gaman að sjá endurbæturnar hjá ykkur og smíðahúsið í Lækjargötu (*í Barselóna*) - jafnvel þótt þið verðið að niðurlotum komin.

Bæta við: Í dag fáum við fasteignasala til að líta á íbúðina á efstu hæð og meta hana. Þið Vibeke og Dagur vitið sennilega að til stendur að Axel og Auður kaup hæðina -- Ætla þau að leitast við að fá fótfestu á gamla landinu með landvinningum --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsd. og Axel. Rvík. 4.2.1998.

-- Það markverðasta héðan er að það kom fasteignasali til að meta 3. hæðina. Hann tók sér tíma og hringdi fyrst til okkar í dag til að segja að hann mat íbúðina á 7,8 milljónir, eftir að hafa tekið tillit til margra atriða, svo sem góðs ástands hússins að utan sem innan, góðrar staðsetningar í bænum, mjög góðrar sameignar, gróins og fallegs garðs og góðs ástands íbúðar, sem hann sagði að vísu væri ekki með neinum lúxus, en í fínu lagi. Svona góðar íbúðir kæmu ekki á markaðinn í þessu hverfi, sagði hann. Við pabbi þinn vorum sammála eftir þetta að bjóða ykkur íbúðina á 7 milljónir. Um greiðslumáta getum við áreiðanlega komið okkur saman um. Og nú þurfið þið að hugsa málið og láta okkur svo vita hvað ykkur finnst.

Af okkur er annars allt gott að fréttu. Ég á vísu að heita sjúklingur enn, en er orðin frísk. Ég veit að ég þarf að gæta mín í svo sem hálfan mánuð og ætla þá að stökkva fullsköpuð út í atvinnulífið. -- Og á útsölnurnar. --

Veikindi sem ég veit/man ekki hver voru.

¹ Við Sirrí áttum eftir að heimsækja Toledo.

-- Við heimsóttum Dídí (*á elliheimilið*) í fyrsta sinn á því heimili hennar. Það fer vel um hana og kemur hún öllu því sem hún þarf af húsgögnum inn til sín. Hún er líka hæstánægð og var mjög stolt að bjóða okkur upp á vermt, eins og í gamla daga.¹

Í dag hef ég verið í bænum með mömmu. Fór í Kringluna til að útrétta ýmislegt með henni og fengum okkur svo kaffisopa heima hjá henni. Hún er hress, þótt heldur fari henni aftur. --

Guðbergur Bergsson og Guðjón Friðriksson fengu íslensku bókmenntaverðlaunin. Ég er hæstánægð með valið. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 5.2.1998.

-- Við erum búin að ræða þetta síðan pósturinn kom í gærkvöldi. Okkur finnst báðum 7.8 millj. sem settar voru á íbúðina talsvert háar og á almennum markaði færi þessi íbúð mjög líklega að 7 milljónir miðað við allt sem þið tölduð upp og er það rétt og sanngjarnt verð þegar á allt er litið. Engu að síður þá er það hærra en það sem við vorum búin að gera okkur í hugarlund og það sem við getum fjárhagslega sett í íbúðarkaup. -- 7 milljónir eru fyrir ofan okkar mörk og getum við ekki lagt í þetta. Bæði er íbúðin ekki það stór í fermetrum talið og þar að auki eru þetta miklir peningar með tilliti til þess að þeir eru festir endanlega, en ekki spurning um íbúð sem hægt væri að selja aftur. Við viljum ekki prúttu við ykkur, því það verð sem þið talið um er sanngjarnt verð fyrir allt það sem matsmaðurinn taldi upp og ekki ástæða að fara fram hjá því mati. Hins vegar getum við ekki sameinast í því verði og því er best að láta málið falla niður að svo stöddu. Við erum búin að ræða það, að fyrst þetta gekk ekki, þá getum við athugað húsnæðis kaupamál þar til við komum heim næst og getum þá athugað markaðinn. Ég vona bara að allir verði sáttir, þótt að í huganum hafi maður verið kominn nokkrum skrefum á undan líkamanum (ekki síst ég, því ég er svo mikið svoleiðis, því allt þetta hlýtur að stjórna á endanum af kaupgetu.) --

Ég vona að þið hafið það gott í veikindafrí og biðjum að heilsa í bæinn. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 5.2.1998.

-- Maður kastast alveg á milli, frá tilhlökkun, yfir í vonbrigði, þegar maður sér leiðirnar lokast, og síðan aftur yfir í ánægjulega tilhlökkun. Þetta var gott tilboð frá ykkur og við erum sammála um að ekki sé hægt að slá hendinni á móti svona góðu boði um að hefja sambúð. Við tókum því fúslega þessu boði ykkar um 6.1 milljón og setjum okkur aftur í stellingar fyrir að fara á Bergstaðastrætið. Það er ekki svo slæm tilfinning að finna að áhuginn er gagnkvæmur. Nú er bara að sjá hvernig sambúðin tekst.

Varðandi greiðslu á íbúðinni. Við vorum að ræða að við gætum greitt ykkur nú þegar 1.5 og síðan aðra 1.5 fyrir árslok. Síðan þurfum við að ákveða í sameiningu með eftirstöðvar, hvort við tókum húsbref (sem við vildum fegin sleppa við) eða þá að við borgum samkvæmt samkomulagi og reynum að borga eftirstöðvarnar á einu ári ef við getum. Ef þið kjósið fremur húsbrefin, þá gerum við það. -- Þið látið okkur vita hvernig þið kjósið að hafa borgunina --

Enn og aftur þakka ég ykkur boðið og vona að þetta verði farsæl ákvörðun, sem vari nokkra ættliði í viðbót. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði og Degi Eggertsbörnum. Rvík. 16.2.1998.

Dídí hefur verið hálfgerður ræfill og að mestu í rúminu og þarf að flytja á sjúkradeild Grundar.

-- Við höfum verið að fara í gegnum eigur Dídí og bera saman við erfðaskrána þannig að hægt sé að koma dótinu í réttar hendur. Erfðaskráin er gömul að stofni til og er nú sumt brotið eða týnt sem þar er nefnt og ósköp verða hlutirnir tilkomulitlir og lítils virði þegar þeir eru teknir af sínum stað og missa sjálfstæði sitt. --

Dídí hafði ákveðið að leggja eina milljón kr. til útgáfu á ævisögu og sígildum verkum Páls Briem. Uppistaðan á að vera vísindaleg ævisaga sem Sigurður Línadal getur ritað einn manna. Hann er svo önnur kafinn og hefur ekki komist að því verki.² Ég byrjaði að slá ritgerðir inn á tölvu og sá fljótt að það yrði geysilegt verk fyrir óvanan mann. Nú var ég að tala við Sigurð og sagði að við gætum brunnið inni með þessa milljón ef ekkert færi að gerast og lofaði hann að setja verkið í gang hjá Bókmenntafélaginu en hann er forseti þess -- ætlunin er að semja við fagmann um innslátt --

Gunnar Karlsson prófessor er hvatamaður þessa verks og stöðugt að reka á eftir Maríu (samstarfskonu hans) og Sígga, með það. Um þessar mundir er mikill áhugi á persónusögu og hver bókin á fætur annarri á því sviði er metsölubók. Að vísu geri ég ekki ráð fyrir að Siggri skrifi metsölubók um afa okkar. --³

¹ Er komin á elliheimilið Grund.

² Og gerir sennilega aldrei. Skrifað 2013!

³ Þessi útgáfuhugmynd er nú orðin 15 ára, loforð tíð af hálfu Sigurðar, og engar efndir, innsláttur verksins komst langt eftir að Dídí dó og gaf fé til verksins. Ég var fjárhaldsmaður og formaður útgáfufundar. Sagði loks öll nefndin af sér nema Siggri,

-- Ég hef verið að semja við Þorstein Jónsson ættfræðing og meðhöfund Briemsættar. Hann vill gefa út bók um Reykjavík, húsin og ættir þeirra sem þar bjuggu um 1930. Þetta gæti verið spennandi verkefni og mikið. Þorsteinn hefur verið í fjárhagskröggum. Þá hefur hann fengið til liðs við sig Kjartan Helgason, sem var með ferðaskrifstofu og stofnaði Samvinnuferðir á sínum tíma. Hann er skemmtilegur maður og margfróður, gamall kosningasmali komma í Reykjavík og hafði talsverð ítök í pólitík á bak við tjöldin. Við Þorsteinn ræddum málið allan laugardaginn. Eftir að hafa sofið á málinu og rætt við Sirrí ákvað ég að draga mig út úr verkinu og snúa mér að einhverju sem ekki væri svona flókið eins og mér sýnist þetta geta orðið með Kjartan um borð (ykkur að segja). Það er gaman að vinna með Þorsteini, hann er skipuleggjandi góður, hugmyndaþrikur og skemmtilegur. Minnir á Pétur Pétursson þul, með óskaplegt minni, þekkir alla og getur sagt sögur um alla - en það dugir ekki þegar á jafnvel að skrifa um 20 þús. manns. Sem sé teningunum er kastað.¹ Þarf að þjóta í vinnuna. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði og Degi Eggertsbörnum. Rvík. 16.2.1998.

-- Þurfum að þjóta heim, setja kjúkling á tein og sækja mömmu, en hún kemur í mat. Hún nýtur þess að fá tilbreytingu. Minnið er orðið lélegt en hún er ern miðað við að vera orðin 87 ára gömul. --

Það lítur út fyrir að þabba ykkar hafi tekist að skipuleggja tvo fundi í Khöfn á sama tíma og minn fundur verður.

-- Fundunum lýkur 28. og þess vegna getum við tekið flug þá til Barselóna frá Khöfn. -- Svo er formannafundur tannlæknafélaga á Norðurlöndum í Helsingfors í apríl og langar okkur þá að heimsækja fjölskylduna í Osló. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 20.2.1998.

Segir frá upplestrarkvöldi á bók sem er að koma út á spænsku eftir konur frá Norðurlöndum og voru þýðendurnir komnir saman og lásu upp og fluttu pistla um bókmenntir á Norðurlöndum, helst kvennabókmenntir. Kristinn Ólafsson var þarna sem þýðandi íslensku sagnanna. Var líka lesið upp úr sögunum á frummálinu.

-- Ég verð að segja að upplesturinn úr íslensku sögunni var langsamalega skemmtilegastur, en það var smásaga eftir Kristínu Ómarsdóttur. -- ég held að best hafi þátttaka íslendinga verið. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði og Degi Eggertsbörnum. Rvík. 22.2.1998.

-- Mikið var gaman að fá fréttirnar af Auði -- Skemmtilegastar eru fréttir þar sem heilsa og þroski eru á góðri leið.²

-- Palli er helst að hugsa um húsnæði við Kárástíg -- eru þau hrifin af íbúðinni, ekki líst mér á málið þegar lýst er eignarskiptingu hússins og ýmsum öðrum vanda. En Palli ætlar víst að koma vandamálum í lag, líka þar. --

Í eftirmiðdag vorum við í bollukaffi hjá Stellu með krökkunum hennar. Það var mikið skemmtilegt að sitja þar saman kringum glerborðið og ræða landsins gagn og nauðsynjar. Kristín er á kafi í lagasmíð í Sjávarútvegsráðuneytinu og mátti varla vera að því að koma. Magnús var á vakt með tvö bíb-tæki í beltisstað. Guðrún nýkomin frá Ameríku af námskeiði í N.Y. í lasermeðferð tannholdssjúkdóma -- og að fara á annað námskeið og jafnvel hið þriðja. -- Það var skemmtileg samræða við borðið og Stella allt öðruvísi en þegar hún er annars staðar - jákvæð. --

Er að vinna að neyðarvarnarkerfni sem nær til allra orkufyrirtækja á landinu -- Vona að hægt verði innan árs að efna til allsherjaræfingar og reyna á kerfið. Dóra Hjálmarsdóttir³ verkfræðingur hjá VSÓ hjálpar okkur við verkið. Hún er frænka okkar, dótturdóttir Svönu Einarsdóttur frá Reykholti. Einnig er ég með ráðstefnu um rafsegulsvið og síðan norræna ráðstefnu um málið.

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 7.3.1998.

-- Ég læt mér ekki fyrir brjósti brenna þótt mánudagsbréf hafi hlotið áfellingisdóm eins móttakanda fyrir að koma á sunnudegi og hafi ég svo kórónað vitleysuna þegar það barst á þriðjudegi. Ég spyr: Hver segir að mánudagsbréf

sem fékk taumana í sínar hendur og fjármunina. Eftir það hefur ekkert gerst og ég horfi á fjórar þykkar möppur með gögnumum í efstu bókahillunni hér fyrir ofan mig þar sem ég sit í mínum kjallara og skrifa þessi orð. Ósigur framkvæmdamanns, sem ég hélt mig vera. Gögnin hafa þó komið að haldi í ritun tveggja doktorsritgerða um upphaf nútíma heilbrigðisrannsókna og um upphaf félagsmála á Íslandi.

¹ Þorsteinn Jónsson stendur sig vel og er búinn að koma út fjórum bindum af Reykvíkingum (14.5.2013) sem er sama verk og hann ræddi við mig nema hvað hann miðar við manntalið 1910. Afbragðs bækur. Innskot í jan. 2014. Nú hefur nokkuð lengi verið töf á útkomu bókanna!!

² Fréttin var um að Auður ætti von á Sigríði Ölmú.

³ Dóra Hjálmarsdóttir (1957), verkfræðingur, dóttir Kristínar Eyfells og Hjálmars Ólafssonar.

þurfi alltaf að koma á mánudögum. Mánudagar eru til mæðu og betra að senda þau til lukku á laugardögum eða til sælu á sunnudögum. Ég skal sleppa þriðjudeginum sem er eins og allir vita til þrautar. Mæðu vil ég ekki hafa, ekki stefni ég á frægð og þaðan af síður til foldar. --

Við höfum verið að sinna Dídí. Fyrst upp í Bogahlíð með hana og fengum hana til að ákveða hvert eigur ættu að ganga. Það tókst, þótt hægt fari. En hún var mjög stolt yfir því og æst að halda áfram. Palli ætlar með henni á morgun og halda áfram. Það er svo margt sem hún á, flest reyndar smátt, en allt gott, gamalt og verðmætt ef uppruninn er þekktur.

Í gær var ég hálfan daginn með hana í tannlæknaleiðangri, akandi fram og aftur til tannsmíða. Heppinn var ég að geta skroppið á skrifstofuna þegar hlé var, en tannlæknastofan er í næsta húsi. -- Við keyptum snyrtivörur í leiðinni og ég sagði henni að þær kostuðu helminginn af verðinu, hún hefði bæði fengið staðgreiðslu- og öldrunarafslátt, en samt var hún hissa á verðlaginu. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 23.3.1998.

Í gær var Hrefna hjá okkur mestan part dagsins. Það var skemmtilegur dagur, Fórum við víða um nágrennið, sem er ævintýraríkt og skemmtilegt. Greinar af sumarblómum eru skemmtilegar að halda á. Hliðið á 71 er komið í lag og gaman að ganga um það, loka og opna. Eftir veturinn eru margir steinar á götunni. En best og skemmtilegast var að finna þaknagla frá grönnum. Um hann hélt daman fast og vel. Henni þykir skemmtilegt að ganga um í grasinu og fer gætilega þar sem eru tröppur. Þá heimsóttum við Dídí með henni og fór hún hrópanði um alla Litlu Grund og vakti góða athygli. Ekki spillti í lokin að fá pabba og mömmu hennar um kvöldið og borða veislumat. Þar báru Orabaunir hærra en steikur. Ásgeir og Brynja voru að vinna og læra, enda nóg að gera milli þess sem hús eru skoðuð, enn þá með ósýnilegum árangri, þ.e. kaup hafa enn ekki átt sér stað. Húsaskoðun er nauðsynlegur undirbúningur draumaþúðarinnar.

Við vorum í kvöldboði hjá Jójó og Óla á laugardag. Þar var skemmtilegt fólk, en furða hve margir (allir?) eru héðan úr hverfinu. Af Bergstaðastræti, austan Bragagötu eru Björn Björnsson (Bússi prófessor), Einar Sveinsson og Birna Hrólfss bjuggu hér á ská á móti um skeið. Svo við Sirrí, Hjalti Geir og Sigga Erlends, Dundur, Margrét Vilhjálmsson, systir Thors, fædd og alin upp í *biskupshúsinu*, Birgir Ísl. Gunnarsson hefur alla tíð búið við Fjölnisveginn. Sværrir Norland maður Margrétar bjó þar ungur. Fyrir neðan Dund í rauða húsinu hefur alltaf búið Tryggvi Ásmundsson. Svo náttúrlega Óli og Bossí systir hans á Fjólugötunni, líka Ingileif Hallgrímsson sem bjó í næstnæsta húsinu frá þeim. Og fjölskylda Einars, Bensa Sveins og Sirríar á Smáragötunni. Þá eru flestir í boðinu taldir. --

Margar ræður voru haldnar. Sem betur fer var ég fyrstur og notaði síðan vísuna hans Þórarins mosaskálds Eldjárns sem lokálinu. Þið munið sjálfsagt:

*Það er svo vont að liggja á köldum klaka.
Kalinn í gegn og skjálfa allur og braka.
Hugsa bara þetta: Svaka - svaka.
Svakalega er vont að liggja á klaka.*

*Það er svo gott að liggja á mjúkum mosa.
Mæna upp í himininn og brosa.
Hugsa bara þetta: Rosa - rosa.
Rosalega er gott að liggja á mosa.*

Það sem mest var um vert var að þau Jójó og Óli voru alveg óskaplega ánægð með veisluna. Þau höfðu verið í klemmu, sem oftast, með afmælið hans á gamlársdag. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 8.2.1998.

-- fórum í sónarinn -- og kynntumst aðeins verðandi dóttur okkar, sem okkur kom ekkert á óvart hvers kyns væri. Alltaf ef við veltum fyrir okkur nöfnum, þá hefur okkur aldrei dottið annað í hug en kvenmannsnöfn og svo var Axel búinn að dreyma þetta líka. Þannig að þegar lækinn sagði okkur þetta, þá sögðumst við vita þetta, hafa fengið skilaboð úr öðrum heimi um það. Hann horfði á okkur eins og við væru svona ungt fólk á kafi í dulspeki og vitleysu og ákvað að spyrja okkur ekki meira út í það. En, sem sagt, allt virðist vera í góðu lagi, maður vonar að svo sé. --

Þá voru hjá þeim gestir, fengu ísl. lambalæri, Hjörleifur hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og hans kona, Úa og maður hennar og Auður Gná, sem bjó hjá þeim. Rætt var um þorrablót og hvort þau ættu að láta verða af því að skipuleggja það.

Þá segir frá vinnu Óla vinar þeirra við nauðsynlega hluti á svölunum. Einnig er frásögn af íslenskum hjónum á þeirra aldri sem búa í úthverfi og buðu þeim. Eiginmaðurinn talaði mikið sagði langar sögur og alltaf þegar kona hans, mikil listakona, hafði eitthvað að segja, þá tók hann af henni orðið og virtist ekkert meta hennar góðu listaverk.

Þá hefur Axel verið að hjálpa Óla við kaup á rútu, sem er hans vinna á sumrin. Axel er hvatamaðurinn og þarf að sannfæra Elenu um hagkvæmnina, því þau skildu (þá) ekki hvort annað nógu vel. Niðurstaðan var sú að henni leist vel á. Fjármál og pappírar eru Óla fjarri.

-- Þegar ég var að lesa í gærkvöldi fann ég loksins fyrstu hreyfinguna. Svona, eins og þú hafðir lýst, mamma, fjörfiskur í maganum á mér. Það var svo gott að finna þetta. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Axel Pétri Ásgeirss. Rvík. 23.3.1998.

Segir frá ferðaáætluninni til Barselóna.

-- Ásgeir pabbi þinn kom til okkar í vikunni. Hann hafði komið þá um daginn með saltfisk. Ég var með fund og þurfti að biðja hann um að koma síðar, hræddur um að hann tæki því sem höfnun. En sem betur fer gerði hann það ekki og sat hjá okkur lengi um kvöldið. Það var skemmtileg heimsókn. Hann lítur vel út, hefur lést og allur unglegri. Hann var skemmtilegur að tala við, *ballanseraður* ekkert *show-off* eins og hann átti til þegar hann var með víni. Sem sé skemmtileg og góð heimsókn það. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 27.2.1998.

Segir frá margvíslegum framkvæmdum, m.a. brottnáam og uppsetningu Óla á eldhúsviftu, skápa á svölum þannig að allt fær nýjan svip.

Svo var hún með Elenu konu Óla í íslenskukennslu og var hún hrifin af verkum Óla. Og spurði:

„Óli, af hverju þú ekki gera svona há okkur“ og spyr endalaust svo hann geti farið að hjálpa til heima hjá þeim. Hún virðist hafa lítinn skilning á að maður, eins og Óli, hefur þörf fyrir að fara út og gera eitthvað, hitta fólk og tala „þetta tungumál sem hægt er að skilja“ eins og hann segir um íslenskuna. Nú fær hún hann sem sagt heim, loksins. --

Annars vorum við nokkrar stelpur að taka á leigu ódýrt vinnuhúsnæði og ég er að fara að skoða það, ég kem til með að borga rúml. þúsund á mán. -- Kannski ég fái Óla til að hjálpa mér að setja upp ljós, en ég þori ekki að segja Elenu frá því! --

-- Við kíktum á jarðarför Halldórs Laxness í gær. Skrýtið að sjá veðrið og hvað öllum var kalt. -- erfitt fyrir fréttakonuna sem sá um þetta, að tala um Halldór, -- það er svo erfitt að tala um hann án þess að það hljómi eins og klisja. -- hefði mátt undirbúa sig betur. -- Sendi þetta áfram til Dags. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 4.3.1998.

Óli er búinn að ljúka þriggja vikna vinnu sinni svo nú fær Axel meiri vinnufrið. Næsta verkefni Óla er að setja upp ljós um allan salinn í vinnustofunni hennar (þeirra) sem bíúð er að taka á leigu. Hann er feginn að fá fleiri verkefni þó konan hans virðist ekki sama sinnis. En Óli nennir ekki að vera heima og dytta að heimilinu.

Þá er hún að kveðja kennarann sinn gamla og langar til að gefa honum bjór/barmmerki sem hann safnar.

-- Ef hægt væri að fá slíkt frá Íslandi. -- Jæja nú vill Axel komast í tölvuna sína og ætla ég að halda áfram að mála þaðherbergið á meðan. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 8.3.1998.

-- Sunnudagur til sælu! Takk fyrir bréf, fullt af spakmælum og visku. Ég sá að *Eggertína* á eftir að eignast afa sem romsar út úr sér visku, alveg eins og afar eiga að gera, a.m.k. í bókum. Ég var að velta því fyrir mér, pabbi, hvort þú gætir ekki farið að taka í nefið. Þá er ímyndin fullkomin. En ég skildi skotið varðandi þorrablót á *miðgou*, þannig að ég held ég skipti mér ekki frekar af því hvenær mánudagsbréfin berast. Ég skal sitja á mér næst. --

Segir frá matvælasýningu sem tók tíma Axels. Sjálf verið að stússa í nýja vinnuhúsnæðinu ásamt því að sækja tíma. Líka farið út að borða eins og fina fólk, með konu sem selur Alaskafisk. Líka með Bjarna vini þeirra Breiðfjörð, en þá var hún búin að fá nóg af veitingastöðum.

Sagði að þau Sirri fráenka hennar og Jói í Brüssel hefðu verið að kaupa hús í Arnarnesi og flytja heim í sumar.

Er að fara út að hjóla. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 10.3.1998.

Ræðir undirbúning komu foreldranna til Barsó og hugsanlega ferð til Baskalands og hvernig megi samræma heimsókn foreldranna vinnu Axels.

-- Svo fer allt að snúast í kringum þorrablótið. -- Við erum að reyna að hafa uppi á rófum, en það er nokkuð sem erfitt er að finna, þær eru helst ræktaðar sem dýrafóður. --

Skortur á Íslendingum sem geti sagt skemmtisögur og hrist upp í fólki. Okkur datt helst í hug að fá Axel Blöndal til að vera veislustjóra -- en hann gæti orðið of skemmtilegur og fyndinn þannig að enginn vildi fara heim. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 17.3.1998.

-- Þorrablótið gekk vel, það komu 35 manns, en kom út með tapi því fjórir gestir borguðu ekki -- Fólk tók hraustlega til matar síns en þó var mikill afgangur. -- kjammar komu ekki, ekki hægt að senda þá í kæli og talið að þeir myndu skemmast á leiðinni. -- afgangar gefnir gestum eða fóru í ruslið. Þetta var ansi mikil vinna, ég stóð allan laugardaginn við og sauð hangikjöt, gerði uppstúf, sauð kartöflur og bakaði pönnukökur. Óli spilaði á nikkuna og við vorum búin að undirbúa söngtexta og sungu allir með. Svo hélt hann áfram að spila eftir matinn, því honum þótti svo fjarskalega skemmtilegt og var í fínni stemmningu. Axel hélt ræðu, fjallaði um hvaðan þorrablót væru komin (Saga daganna) og var þetta ansi gott hjá honum. En við þurftum að hætta klukkan tvö -- Ég var ánægð með það, því ég var orðin dauðuppgefin og vildi fara að komast heim í rúmið mitt. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 22.3.1998.

Segir frá því að hún hafi skilað fyrsta verkefni á vinnustofunni sem hún fái borgað fyrir!

-- Ekki miklir peningar satt, en góð byrjun. --

Biður mömmu sína um að koma með nafnabók með sér.

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri og Degi Eggertss. Barselóna. 29.3.1998.

Segi frá skemmtilegum degi í Barsó eftir að hafa komið hingað í gær.

-- Ætluðum á sýningu á verkum Egon Schiele í Picassósafrinu, hurfum frá vegna biðraða, fluttum menningaráhugann yfir á veitingahús við höfnina hjá *Barselóneta* og skoðuðum *Sagrada Familia* og nágrenni. -- Dagarnir í Höfn voru ánægjulegir, Við Sirrí hittumst öðru hverju. Kaupmannahöfn var góð heim að sækja. --

Ég sat á skjalasafninu.

Hér í Lækjargötu er indælt að vera. Skemmtilegt að sjá hvernig þau A+A búa stöðugt betur um sig og hafa gert íbúðina betri og fallegri með umhyggju, málningu og margvíslegum smekklefum töfrabroðum. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 8.4.1998.

Þakkar þeim fyrir komuna, því tómlengt var eftir för þeirra heim þar til Stjáni ((Kristján Jónsson listmálari) kom til þeirra. Reynir að stunda skólann og starfa á vinnustofunni sinni.

-- Annars er allt gott að fréttu. -- Ég fór og hitti Óla og Elenu og tók hana í þriðjudags-íslenskutíma og var gaman að hitta þau aftur.

Svo fór ég til Enrique „gamla“ á eftir og var rifjuð upp heimsókn ykkar í vinnustofuna í síðustu viku. Hafði hann mikið gaman af henni og skoðaði bókina vel sem við færðum honum. --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 10.4.1998.

-- Það var gaman að heyra að þið hefðuð getað notið lífsins með Auði og Axel. Þúrumáltíðin hljómaði spennandi og er ég viss um að sullukerlingin okkar hún Sólveig hefði viljað taka þátt í henni með ykkur.

Þið eruð kannski alveg útkeyrð eftir veruna hjá þeim, en ætli þið náðið ykkur ekki á strik áður en þið komið til okkar. Ég er farinn að þekkja ykkur.

Við vorum í Telemark í nokkra daga meðan Vibeke var að vinna sem mest. Það var stórskemmtilegt fyrir krakkana að koma upp í sveit, vera innan um dýrin á milli þess að leika sér í snjónum og lenda í ævintýrum í hlöðunni. Þau reka tímburvinnslu þarna og ekki var það minna ævintýri að skoða sig um í þeim heimi. Við fórum á næsta bæ þar sem kýrnar voru að kasta eða bera, eða hvað það nú heitir. Krakkarnir voru ansi smeykir við skepnurnar, nema Sólveig sem reyndi að koma á samræðum og skildi ekkert í því hvers vegna dýrin voru svona þögul þegar hún var búin að brjóta ísinn og spyrja þau um hitt og þetta.

Þegar við komum heim fengum við heimsókn Sigga Hrellis,¹ en hann er í heimsókn, ásamt mömmu sinni, hjá systur sinni sem er búin að vera búsett hérna í mörg ár og er arkitekt í ofanálag. Ég hef ekki kynnst henni en það verður kannski einhver bót á því, vegna þess að Siggi gat frætt mig um það að við værum fjórmenningar (í *móðurætt*). Þau höfðu að sjálfsögðu sest niður með arkitektatalið og gat mamma Sigga, sem er ættfróð, sagt þeim sögur af Dagbjarti afa, sem hún þekkti þegar hún var lítil. Við getum farið að kalla hann Sigga *Hjallnesing*, í staðinn fyrir Hrelli. Það var gaman að hitta hann og spjalla um heima og geima. --

Eggert og Sirrí skrifa Degi og Auði. Rvík. 11.4.1998.

EÁ. -- Kýr og ær bera - hross kasta! -- Á skírdag gengum við Sirrí í það að koma dótinu hennar Dídí í kassa og poka; tína frá það sem örugglega mætti fleygja. Í gær fórum við Ásgeir og sóttum teppið sem Auður fær í „arf“ og komum því fyrir á háalofinu.² -- Á morgun förum við í síðasta páskamorgunverðinn á Lindarbrautinni til Palla og Láru. Palli tekur, eins og Ásgeir, við íbúðunum eftir helgi, sem svo vill til að eru jafn stórar og íbúðin hennar Dídíar. --

S.D. -- Lærdómsríkt var að fara í gegnum eigurnar hennar Dídíar. Hún hefur ekki hent snifsi í öll þessi ár. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 14.4.1998.

Við Palli erum búnir að koma búslóð Dídíar fyrir á viðeigandi staði.

-- Svo fórum við Sirrí og hreinsuðum íbúðina lauslega og skiluðum lyklum til Sigga og Maríu. Var mikið gaman að koma til þeirra og merkilegt að heyra enn einu sinni hvað margt hann man um hlutina úr búi ömmu. Elsti munurinn sem þekktur er mun vera kommóða sem Ólafur sekreteri Stephensen í Viðey gaf Þórhildi Tómasdóttur, stjúpdóttur sinni, í fermingargjöf, eitthvað um 1850.³ --

Nú tekur alvaran við. Það mátti sjá þegar Ásgeir gekk út úr húsinu með kassa, límpappírstrúllur og plastpoka undir hendinni. Hann tekur væntanlega við íbúðinni (*í Drápuhlíð*) þessa dagana. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 14.4.1998.

-- fegin að vera komin úr þessu langa fríi mínu, en það stendur ekki lengi. Það kom upp að Axel þarf að fara til Portúgal á morgun og ætla ég að drífa mig með honum -- það kemur ódýrar út fyrir hann að ferðast með mér á stúdentaskírteininu mínu heldur en að kaupa sér venjulegt fargjald einn. -- Það verður gaman að skoða Lissabon. Ég hef tíma til þess meðan hann er að skoða fiskinn sem verið var að kvarta undan. Verður líklega bið eftir þetta að ég geti stokkið með honum í ferðir, svona sí svona. Ég tala nú ekki um með því að spara pening. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 20.4.1998.

-- Það var aldeilis skemmtilegt í Portúgal. Að vísu rigndi en ekki eins mikið og síðast þegar við vorum þar. Það fór allur dagurinn hjá Axel að skoða fiskinn, sem kvartað var yfir. Ég var með honum og hafði gaman af að þefa af hinu og þessu -- Síðan höfðum við einn og hálfan dag til að skoða borgina. -- Við gengum um allt og skoðuðum, því á stuttum tíma gefst ekki tími til annars en að skoða hverfi -- var verið að vinna út um allt fyrir heimssýninguna sem verður þarna í sumar -- en borgin er falleg. --

Um helgina fórum við síðan að mála heima hjá Óla og Elenu. Hún hefur verið að tala um það síðan Óli fór að hjálpa okkur, að þar væri ýmislegt sem þyrfti að gera heima hjá þeim, en það væri náttúrlega aldrei gert, t.d. að mála. Þegar ég spurði hana hvers vegna hún drifi ekki málningavinnuna af stað, þá kom í ljós að hún hefur aldrei haldið á málningarpensli og þurfti á Óla að halda til að koma þessu í gang, en því nennir Óli ekki, því hann veit ekkert leiðinlegra en að mála. Og svona hefur þetta verið allan tímann, sem hann hefur verið að gera eitthvað uppi í vinnustofu, eða hvað sem er, alltaf er minnst á þessa blessaða málningavinnu og ég komin með samviskubit yfir því að Óli væri alltaf að gera eitthvað til að hjálpa mér, en gerði aldrei neitt fyrir konuna sína. Þannig að ég bara bauð þeim að við myndum koma og hjálpa þeim einhverja helgi, svo að þetta mál væri úr sögunni. -- Óli er eins og stórt barn, búinn að bíta það fast í sig að honum þætti leiðinlegt að mála og neitar algjörlega að snerta pensil. Þannig að hann var bara að pússa eitthvað með nýju púss-vélinni sinni og hún á eftir honum með ryksuguna að hreinsa eftir hann, og við máluðum. Þetta var nú ekki mikið, eitt herbergi og loft í

¹ Sigurður Hreinn Sigurðsson (*Siggi Hrellir*) einn ágætasti og þekktasti mótmælandi landsins eftir hrunið mikla og ekki bara mótmælandi heldur líka skribent.

² Þar er það enn! Æ!

³ Reyndar ekki! Elsti munurinn mun vera kista úr búi Tómasar Sæmundssonar og Sigríðar Þórðardóttur með ártali 1826. Eggert Ásgeirsson: Tómas Sæmundss. og Sigríður Þórðard. Rvík, 2007, bls. 60. Eigandi: Páll Ásgeirsson. Kommóðan mun nú vera í eigu Þórhildar Pálsdóttur Líndal.

baðherbergi og eldhúsi. Ég held bara að Óla hafi þótt svo skemmtilegt, var á hlaupum að vita hvort við vildum eitthvað eða hvort við vildum ekki hvíla okkur. -- Ég var alveg hissa á honum, því venjulega fellur honum aldrei verk úr hendi. En það var fínt að gera eitthvað í staðinn fyrir allt sem hann hefur gert fyrir okkur. Ég ætla svo að fara í vikunni og sýna Elenu hvernig maður lakkar, því það er ýmislegt eftir.

Á eftir pöntuðum við pizzu og horfðum á fótbolta í sjónvarpi. Úrslitin settu Barselóna á annan endann, því þar með urðu Barsar deildarmeistarar á Spáni og bærinn fylltist af snarvitlausu fólki. Við horfðum gáttuð á bílaumferðina þegar við fórum heim, allir með fána, flautandi, hálfir út úr bílunum sínum. --

Jæja. Það kom upp annað mál í Portúgal og þarf Axel að fara þangað á morgun, en verður ekki lengi. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Ásgeiri, Degi og Auði. Rvík. 20.4.1998.

-- Sirri er farin í sjúkrahjálfun -- og svo beint í vinnuna. Ég verð heima að vinna í allan dag og svo á fyrirlestur hjá Skúla Sigurðssyni í verkfræðisagnfræði. Hann var að koma frá Ameríku og er að taka upp heimilið sitt og selja húsið eftir Stefaníu Guðnadóttur, móður sína. Gengur hann frá málum sínum í sumar. Hann kemur gjarna hingað í húsið í heimsókn þegar hann sér ljós í glugga, enda Salvör Nordal æskuvinkona hans.¹ --

Um daginn kom hingað í heimsókn skólafélagi minn frá Svíþjóð -- Sture Hammarin, framkvæmdastjóri *Svenska bostäder*, en það er fyrirtæki með 28 þús. leiguíbúðir. Var gaman að hitta hann eftir öll þessi ár, þótt ég þekkti hann alls ekki aftur. Hann vann, eins og ég, fremur stutt í heilbrigðiseftirliti, en lærði tæknifræði og hefur unnið að margvíslegum ráðgjafarstörfum fyrir hið opinbera. Hann er kominn á eftirlaun og hefur keypt sér jörð -- á Stallarholmen, stærstu eyjunni í stöðuvatni í Svíþjóð, Vättern. Þar er hann með hesta, norska fjarðarhesta og fornt norskt fjárkyn. Þannig stóð á ferðum hans að hann hefur nuddað í ýmsum fyrirtækjum að þau reyndu að spara í upphitun. *Svenska bostäder* tók þessu og sögðu að þeim starfsmönnum sem spöruðu 3% yrði boðið til Íslands. Reyndist sparnaðurinn vera 7% og þeir því komnir í hina mestu lúxusreisu. Reyndar er Sture nú að ljúka við að endurgera hitunarkerfið í kóngshöllinni í Stokkhólmi. Sagði hann að mikið af hitunarkerfinu hefði farið á safn. Sjálfum áskotnuðust honum flísar úr hitunarklefunum og hefur lagt þær á hjá sér í bænnum.

Þeir voru að fara í útreiðatúr hjá Þóra í Laxnesi. Hammarin hefur komið hér áður og hefur áhuga á Íslandshestum, stundar útreiðar í Stokkhólmi og hittir mikið af Íslendingum í kringum það, þykir andinn, fjörið og framkoma -- *niðurlag vantar*.

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi, Auði og Ásgeiri. Osló. 29.4.1998.

-- gaman að koma hingað á Ugluvegin --

Fórum með Jóhannes víða, m.a. á Vísindasafnið þar sem hann naut þess að skoða flugvélar og hvernig börn vaxa inni í móðurinni og margt fleira. Svo fórum við í heimsókn til vinnufélagsvinkunnar, Magnúsar og Ásne, en börn þeirra eru með Jóhannes í leikskólanum. Svo erum við Sirri boðin til Snorre Lamark, vinar úr rafmagnsbransanum.

Lýsir fyrirganginum þegar allir eru að fara í vinnuna og á leikskólann.

Þá erum við að taka á leigu bíl og fara í heimsókn til frændfólksins í Vermland.

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertss. Rvík. 4.5.1998.

-- Ósköp er langt síðan við höfum heyrst eins og nú er sagt. Ég er grasekkjumaður og hamast við að gera ekki neitt, á milli þess sem ég hvíla mig.

Það sem setti mig í gang var frétt í Mogga um verðlaun til Loga (*Einarssonar, félagi hans*) fyrir einbýlishús. --

Mamma þín er eins og blóm í eggi í Lækjargötunni (*Barsó*). Það styttist í að ég fari. Ásgeir passar Gretti (*hundinn*).

Segir frá veikindum Þórdísar Ásgeirsdóttur en Brynja er búin í prófum og getur hugsað um hana.

-- Ég sæk í staðinn Hrefnu. Við komum við í matvörubúð og keyptum sitt af hvoru tagi á nútímavísu. Ók Hrefna kerrunni og valdi í hana líka. Þegar heim kom borðaði hún þrjár jógúrt og tvær kleinur og féll þá grunur á hana að hún hefði ekki borðað í hádeginu, Hún hélt nú ekki, borðaði bæði pylsur og kartöflusalat í skólanum. Hún var mjög skemmtileg.

¹ Stefanía Guðnadóttir, mamma hans og Jóhannes, pabbi Salvarar, voru bekkjarsystkin í M.R., eins og Páll Líndal sem bjó hér í húsinu um tíma og var mikill fagnaður þegar þau, og fleiri bekkjarsystkin komu í heimsóknir - margar.

Ég sýndi henni netmyndirnar sem ég hafði fengið úr Lækjargötu. Þá vildi hún fara upp á loft. Þar tók hún fötu, setti 3-3 hluti í hana og sagði að nú skyldum við fara. Ég skildi ekki alveg hve mikill áhugi væri á að fara svona snemma.

Þegar við ókum frá húsinu sagðist hún hlakka til að koma til Barselóna og hitta Sirrí litlu og ömmu Sirrí. Hún var alveg til í að fljúga þetta en tímafaktorinn var ekki á hreinu.

Ég sannfærði hana um að ferðin væri ekki möguleg þar sem ég ætti ekki fyrir henni. --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 8.5.1998.

-- Við Jóhannes vorum að koma úr fótboltanum og gekk allt vel. Núna situr hann berrassaður við borðstofuborðið og er að gera heimavinnuna fyrir skólann á morgun.

Núna erum við búin að fá útborgunina frá tryggingafélaginu þannig að það er kominn tím til að fara í skoðunarferð á bílasölnurnar. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 5.5.1998.

-- Mikið var gaman að lesa um ferðina til Karlstad, ég hugsaði mikið til ykkar, þegar þið voruð þar, og ég vona að ég komist einhvern tíma í svipað ferðalag á þessar æskustöðvar mínar. Ég fékk hálfgerð samviskubit yfir því að fara ekki heim í sumar, og hafa þannig Íslandsferð af Katarinu, í annað sinn, ferð sem hún hefur alltaf verið að plana. --

Svo er gaman að lesa hvað allir eru að stússa mikið í húsakaupum -- Er það Ingólfur sem er búinn að kaupa sér íbúð í Vesturbænum?

Talandi um flutninga -- fengum við um það óljósar fréttir að ekki væri sérlega vel búið um dótið hennar Dídí, þarna niðri í fiskvinnslunni -- miðað við fiskinn sem umlykur allt þarna -- yrði þetta ekki lengi að draga í sig fiskinn og skemmtast. --

En nú erum við komin heim -- ég er búin að vera á hlaupum í dag, en það finnst mér einmitt svo skemmtilegt. Ég var hjá Enrique -- og hann var að spyrja mig hversu lengi ég hefði hugsað mér að halda áfram, svona miðað við ástand mitt. -- Ég var ekki á því að hætta nærri strax -- Nei, nei, hann gaf alveg grænt ljós -- sagði að ég skyldi ráða því. -- Þær sögðu stelpurnar að hann hefði haft orð á því að ef ég myndi kannski fara strax af stað einn daginn sem ég væri að vinna hjá honum, þá myndi hann ekkert vita hvað hann ætti að gera. Ég hafði ekki hugsað út í þetta -- Ég þarf -- að róa hann, því hann vill ekki nefna þetta við mig til að gera mig órólega. --

Segir líka frá ljósmóður- og spítalaferð -- leikfimitímum, pabbatímum o.fl.

-- trúði varla mínum eigin augum þegar ég las allar spurningarnar, þunglynd - barnið óvelkomið - sjálfsmorðshugleiðingar og þar fram eftir götunum. Mér leið eins og Pollíönnu þegar ég fyllti út svörin, allt í svo allra besta lagi. -- eiturlyf og kynsjúkdóma -- Eitt misskildi ég hrikalega og ljósmóðirin horfði vandræðalega á mig -- þá hafði ég merkt við að ég hefði verið með öðrum mönnum -- sl. sex mán. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 7.5.1998.

-- Þakka fyrir lýsinguna á Mallorkaferðinni. Gaman að þið skylduð geta farið þetta núna og skoðað þessa Paradís. -- Það er mikið að gera í sambandi við Evrópuþing tannlæknafélaga sem skellur á í næstu viku á Hótel Sögu. --

Segir frá viðburðum þingsins og ferðum.

-- ég hef frétt að þú sért hin hressasta -- og vona ég að það haldi áfram. --

Það var gaman að vera hjá Degi og fjölskyldu. Börnin eru alveg dásamleg, hvort á sinn hátt. Við vorum mikið með Jóhannes einan að flækjast og var hann alveg eins og hugur manns og talar ágæta íslensku, en vantar oft orð og notar þá norskuna. Þá segjum við íslenska orðið og er hann stöðugt að bæta við sig. -- Sólveig er mjög hlægileg á margan hátt - sjálfstæð - verður allt vitlaust ef hún fær ekki að gera það sem hún ætlar sér. -- talar barnamál sem erfitt er að skilja. Hún sagði t.d. oft *assemæja*. -- Það þýðir *ullabjakk*. Þetta notaði hún um mat sem henni líkaði ekki við. Svo notar hún íslensk orð í leikskólanum og eru krakkarnir farnir að nota þau líka og fósttran skilur ekkert. Hvað þýðir *líka*, spurði fósttran Dag einu sinni.

Ferðin til Svíþjóðar var dásamleg. Það var svo vel tekið á móti okkur að einstakt var. Katarina framreiddi þann besta lax sem við höfum smakkað og þá var borðhaldið skemmtilegt. Á skenknum í borðstofunni stendur svo mynd af ykkur Axel í veglegum myndaramma. Það er áreiðanlegt að vel yrði tekið á móti ykkur ef tækifæri býðst fyrir ykkur að koma þangað Það var líka tilgangur ferðarinnar að koma Degi í samband við fjölskylduna. - Sagði hann að það yrði áreiðanlegt að þau myndu nota sér það. --

Ásgeir er að vinna í íbúðinni á kvöldin. Brynja er í prófum og fer í fimm daga ferðalag með hópnum í næstu viku. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 15.5.1998.

Gleðst yfir að þau Axel hafi getað farið til Mallorca, sem hljóti að vera skemmtilegt. Segir líka frá Evrópuþingi tannlækna sem hefst í næstu viku á Hótel Sögu með rúmlega 100 þátttakendum. Mikil veisluhöld í Viðey, Skíðaskálanum. Bláa lóninu, Vatnsveitu Rvíkur, ásamt móttöku í ráðhúsinu.

Stendur á góða veðrinu og var hitinn í morgun 5 gráður. Eggert er að vinna í garðinum sem hann getur vegna líkamsræktarinnar. Þá segir hún frá heimsókninni til Osló og af krökkunum.

Fjallar um húsgögnin hennar Þórdísar sem þyrfti að koma í betri geymslu eða ráðstafa á annan hátt, t.d. með því að leigja geymslu fyrir þau.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 18.5.1998.

Margir gestir væntanlegir í kjallarann. Ásgeir og Hrefna komin, Brynja væntanleg úr rannsóknarferð, svo kemur Axel og loks Túa Kurtén.

-- Evrópuþing tannlækna er nú yfirstaðið og virtist mér það ganga sérstaklega vel - bæði sem gestur og svo af fréttum að dæma. Það hlýtur að vera mikill léttir fyrir Sirrí að vera laus við þetta, og sem hangið hefur yfir henni um árabíl. Veðrið var alveg skelfilegt á köflum. Rok og rigning mestallan tímann. En mér sýndist fólk taka því vel, þótt einhverjir kvörtuðu! Þingið var á Sögu og fékk ég að vera með í móttöku í Ráðhúsinu, í kvöldverðum í Viðey og Skíðaskálanum ásamt heimsókn í vatnsveituna í Gvendarbrunnnum. --

Auðvitað hefur það verið mikilvægt fyrir Sirrí að standa í þessu. Hún hefur smám saman komist inn í alþjóðamálin og kynnst merku fólk. Hápunkturinn verður alþjóðþingið í Barselóna í haust.

Ásgeir er á kafi í að endurbæta íbúðina og mála. Nú fer það virkilega að ganga þegar Brynja kemur heim og er búin að ljúka skólanum. --

Þá er rætt um bankamál og ýmiskonar svindl/ásakanir og hefur Sverrir Hermannss. haldið áfram að skrifa og draga eitt og annað fram og er mesta hneisa. Ekki stórmannlegt.

-- Síðasta ásökunin var frá Sverri um ermahnappa upp á 1,2 millj. Þetta mátt skilja sem eitt par af hnöppum. Björn Líndal¹ sem er frkvstj. í Landsb. Ísl. og sem við hittum á sýningu í gær sagðist halda að hér væri um það að ræða að Jón Sólnes, sá frægi Kröfluævintýrismaður, þingmaður og útibússtjóri á Akureyri, mun einhvern tímann hafa verið í London og pantaði ermahnappa marga, sem bankinn hefur síðan verið í vandræðum með, verið að gefa í tíma og ótíma, verðlauna gamla starfsmenn með. Sjálfsagt sé eitthvað eftir. Dæmigert um hvernig rekstur getur verið þegar ekki er vel um hnúta búið, að staðið sé í svona vitleysu í staðinn fyrir að láta Jón blæða.

Þetta er eins og Pierpont, vinur okkar, sagði að neyðarviðbúnaður sé m.a. fólgin í að komið sé í veg fyrir að *village idiot* geti tekið mál í sínar hendur og gert einhverja bölvæða vitleysu, t.d. pantað flugvél! Þar sem ekki er vel um hnútana búið þurfa aðrir að standa við og efna delluna. Svona dæmi eru bæði í opinberu líf og einkalífi, samstarfi og samskiptum, í mismunandi skala. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri, Degi og Vibeke. Rvík. 25.5.1998.

Vibeke: Takk for ditt dejlige og morsomme brev og som gir oss andre så gott innblikk i deres liv. Jeg ser att jeg begynte over 30 år for sent. Hvis man begynner tidligt att skrive så får man mere og bedre mikroskopinnsyn - de små detaljer som er så viktige. --

Segi frá vinnu í garðinum sem mótast af nærveru Hrefnu stólpakvenmanns meðan verið er að koma nýju íbúðinni í parketlagningarhæft ástand.

-- Hrefna hefur mótað heimilislífið. Hún sér um vatnsslönguna og hjólbörurnar og ber moldarköggla til og frá. Mér sýnist hún vera efni í sulludrottningu, en Palli var á sínum tíma kallaður sullukóngur, alltaf að hella vatni milli íláta á uppsláttarborðinu sem er hér í kjallarannum. --

Auður Eggertsdóttur skrifar Sigríði Dagbjartsd. Barselóna. 28.5.1998.

-- Takk fyrir bréfið -- Við höfum það alveg prýðilegt. Axel er að fara annað kvöld og er nú ljóst að Virginie kemur til mín -- og verður í eina viku. Það verður -- eflaust gaman hjá okkur, en þó er skrytið að horfa á eftir Axel heim og ekki frá því að það blundi í manni þínulítill öfund.

¹ Björn Pálsson Líndal (1955), áður aðstoðarbankastjóri Landsbankans, nú lögmaður, framkvæmdastj. Virtus lögmannsstofu.

Ég fór til lækisins og virðist allt líta vel út. Þó er eitt, að daman er ekki enn búin að snúa sér og setja sig í stellingar, heldur virðist henni líða best svona sitjandi. -- á að mæta aftur til lækis í næstu viku. og þá verður reynt að snúa henni með handaflí og vonast til að hún setjist ekki aftur upp.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 1.6.1998.

-- Héðan er allt gott -- margt að gerast. Við erum upptekin við að passa börnin, Hrefnu og Axel! Hann er þægur og hún eftirlát. Það er skrytið að hugsa til Auðar Axelslausrar í Barsó - *eins og hún er á sig komin*. --

Í gær voru hérna Sæunn og Ásgeir ásamt Ásgeiri - Brynju og Hrefnu. Dídí var hérna líka og stóð sig vel. Henni fer aftur og fylgist illa með samtölum - en góð og jákvæð - þakklát. Þetta var skemmtilegt kvöld. Fólkið fór upp og skoðaði íbúðina þeirra Auðar og leist stórvel á - sögðu reyndar að íbúðin væri svo fín að líkast væri sem enginn byggi þar.

Það var gaman að sjá hvað Sæunn og Ásgeir eru róleg og yfirveguð, Hún var ánægð yfir vellukkuðu erindi sem hún hafði flutt í Borgarleikhúsinu á ráðstefnu um konur í atvinnulífínu. Erindið flutti hún blaðalaust „*eins og ég væri heima í stofu*.“ Virðist erindið hafa fengið góðar móttökur, klappað og hlegið. Það var gott og skemmtilegt fyrir hana að takast á við þetta.

Hrefna setur sinn svip á lífið okkar. Þau Ásgeir hafa verið að stússast í íbúðinni, en hún er að taka á sig æ betri mynd. Parketið er komið á og bíður slípunar. Þannig að þau geta flutt eftir viku. Hrefna breytist með hverjum degi. Hún fékk *regnhlífarkerru* og nýtur þess að sitja í henni og virða fyrir sé útsýnið - *standa uppi í stafni!* Að vísu fórum við í ferðalag um miðbæinn í útvegum á efni til veislunnar - Hrefna og ég. Hún var þá komin á það stig að vilja keyra sjálf og var ferðin tímaflek. En þannig lauk að hún kaus heldur að sitja þegar hún var orðin þreytt. Þroski hennar er fólgin í því að ná tókum á ömmu og afa - sem láta auðveldlega í minni pokann - foreldrunum til skapraunar --

Á morgun kemur skriða af gestum. Túa Kurtén kemur fljúgandi og Brita og Jörgen komu með fyrstu ferð ferjunnar og hafa verið á ferðalagi um Suðurland. Við ætlum að fá þau til okkar ásamt Helgu Ingólfssdóttur bekkjarsystur minni, vinkonu Britu, sem þau búa hjá. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 8.6.1998.

Axel var að fara og var gaman að hafa hann þótt stutt væri.

-- Túa fór héðan eftir stutta en skemmtilega dvöl. Var gaman að hitta hana, Brittu og Jörgen. Britta er brosleit og geðþekkt. Túu hittum við meira því hún bjó hjá okkur. -- Skemmtilegt var að sjá Jörgen, sem ekki er framhlepinn, má kalla hann einstaklega háttvísan, hvað hann breyttist þegar hann sá kortabækurnar stóru eftir Harald Sigurðsson. Þá kom í ljós að hann vissi allt um það efni, safnar kortum, fór í fornverslanir að leita að nýjum. -- Við Helga erum bekkjarsystkin. Var hún mikill námsmaður og fékk stóra styrki. Eftir að Dagur fór frá Finnlandi tóku þau Britta að sér systursonarson Helgu, Kristján Þórarinsson Eldjárn¹ sem þar var við tónlistarnám. --

Á föstudagskvöldið fórum við með Túu að skoða glerloftvogina í forstofunni. Um leið og Sirrí þaut fram hjá sagði hún að því miður væri hún sprungin. Þá sagði ég henni merkilegt mál. Þannig var að af einhverjum ástæðum komu brestir í loftvogina og hún tók að leka. Ég hafði geymt upplýsingablað um vogina með heimilisfangi framleiðandans í Svíþjóð. Ég hringdi til hans og spurði hvort hann framleiddi þetta enn. Jú - það gerði hann. Þá bað ég hann um að senda mér hana í póstkrofu. Konan sem talaði við mig sagði að það væri einfaldara að kaupa hana í Reykjavík, hún fengist á Suðurlandsbraut 48, í Tékkkristal. Var mikið hlegið í símanum þegar ég sagði henni að það væri einmitt í sama húsi og ég væri í. Fór ég niður og keypti nýja vog. Þótti fólkinu í búðinni sagan líka skemmtileg. Ég fór svo heim með vogina og fleygði hinni, en allt með *leyndó*. Nú beið ég eitthvað hálf ár, og skemmti mér við að það væri þó eitt sem Sirrí vissi ekki um. Við höfum öðru hvoru rætt lofþyngd en hún ekki veitt neinu athygli, þótt sú nýja sé bæði hrein og falleg en hin hafði nokkuð látið á sjá. Mikið var hlegið hér þegar allt uppgötvaðist.

Palli flutti á Kárástíg þann 5. og vantar nokkuð upp á að allt sé tilbúið. Dídí sagði okkur að það hefði verið ansi erfitt að koma píanóinu upp þröngan stigann. --

Jæja nú er afmælisbarnið komið á fætur - formleg afhending afmælisgjafa farið fram - íþróttaskór - íþróttaföt - íþróttasokkar - mikið úrval - allt keypt á stórútsölu á Reebock vörum. (Nú er Axel hneykslaður yfir að leyndarhjúpnnum hefur verið svipt af - en svona er að eiga stjórnsama konu og vera sjálfur veikgeðja!) -- Í kvöld verður boð!

¹ Kristján Þórarinsson Eldjárn (1977-2002) tónlistarmaður. Það var mikil sorg bæði á Íslandi og í Finnlandi þegar þessi indæli efnismaður féll frá.

Það var gaman að fréttu frá Degi að Ásgeir, Brynja og Hrefna færu í heimsókn til Oslóar og öll færu í sumarbústað í Stavern í tvær vikur. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 15.6.1998.

Nú er allt að komast í lag í Drápuhlíðinni og líka á Kárastíg. Ingólfur Pálsson býr hjá okkur í nokkra daga meðan hans vistarvera er að komast í lag. Eitthvað gengur það hægt. Hann er að kenna golf í Eyjum.

-- Helgin fór í garðvinnu en á sunnudag fórum við í ferð minna bekkjarsystkina og gaman að sjá þau eftir nokkurt hlé og hvernig þau breytast og líf og kjör setja mark á þau.

Sigga Erlends og Ragnhildur dóttir hennar voru hjá okkur í gær og orðaði Sigga það svo að breytingin sæist ekki þegar litið væri í spegil. En það er svo margt sem kemur fyrir. Erfiðleikar vegna starfa, heilsan bilaði, drykkjuskapur, fátækt, kvartsýki, þunglyndi, hjónabandserfiðleikar, gjarna margt af þessu sem leggst á sömu manneskjuna. Aðrir eru öðru vísi, endast betur og halda reisin sinni - þeir sem skoða í spegil? --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 17.6.1998.

Bekkurinn hennar var að fagna skólalokum og fór bekkurinn hennar með kennurum út að borða.

Þá hefur hún verið að baka pönnukökur fyrir 17. júní hátíð í Skandinaviska klúbbnum, þó ekki sé búist við mikilli þátttöku.

-- Ég ætla að fara svolítið að vinna, þar sem ég á nokkrum verkefnum ólokið og sem ég þarf að klára áður en allt brestur á og ætla mér þessa og næstu viku til þess. Svo er ég örugglega hætt bæði hjá Enrique -- og Jaques. Eftir þetta ætla ég að halda mér í nálægð við heimilið mitt. En ég er samt viss um að þetta var rétt ákvörðun að vera hér úti, þó við séum meira ein. Það hefur sína kosti og galla. --

Kannski fáði þið ykkur göngutúr í bæinn! --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 18.6.1998.

Þakkar bréfið og dáist að foreldrunum fyrir athafnasemina. Oft er erfðara að fara í styttri ferðir en lengri.

-- við erum búin að fara í dagsferðir hingað og þangað, ekki til að skoða gljúfur eða *spennerí*, heldur til að finna huggulegar strendur. Þar líður mér nefnilega best, með sjávargölu og sjóinn til að svamla í -- lesa báðar bækurnar sem þið senduð Axel.

-- er búin að finna upp þetta þjóðráð til að liggja á maganum. Ég er farin að grafa holu í sandinn, sem passar akkúrat fyrir bumbuna mína. Svo ligg ég á maganum þannig að engan grunar að ég sé ófrísk, ekki fyrir en ég rís upp. Þetta er fínasta fyrirkomulag fyrir alla, ekki síst fyrir þá ófæddu, því ég hef það á tilfinningunni að henni líði vel í þessu myrkri og svala.

-- Þjóðhátíðardagurinn hér á þriðjudag, fólk farið að hita upp og sprengja kínverja. -- Ein móðirin spurði ljósmóðurina áhyggjufull, hvort ekki væri rétt að fara út úr bænum til að hlífa barninu! Þá hló ljósmóðirin --

Við fögnuðum þjóðhátíð með öðrum Íslendingum, þó fáir hafi mætt, Skandinavíski kórinn var þarna og söng einhver lög, og hópur Íslendinga, sem alltaf mætir. Mér finnst bara gaman að vera þarna, en Axel var hundóánægður með skipulagið. Ég er sammála honum að það hefði mátt vera öðruvísi. Kórinn var svo stór að hann kæfði samkomuna einhvern veginn - allt fullt af heimavönum Svíum, Dönnum og Norðmönnum, sem sáu um að selja veitingarnar. Voru eitthvað svo frekir að manni fannst maður vera fyrir þeim. Það vita allir að þetta eru frekar þjóðir, en mér var svo sem alveg sama þó þau væru þarna.

Við fórum á eftir með Pétri Leifi og fengum kvöldkaffi áður en við fórum heim, til að spjalla við hann í rólegheitum. Hann er nú milli tveggja vinnustaða, hættur á þeim gamla og byrjar á nýjum ekki fyrir en í haust. Hann fer með krakkana til Íslands í júlí, en þykist ekki vera spenntur fyrir því, frekar en venjulega. Hann segir að hann hafði ekkert sérstakt heim að sækja. Við sögðum honum að Ásgeir og Brynja væru flutt og ætlaði hann að heimsækja þau í nýju íbúðna. En kannski verða þau í Noregi, einmitt á þeim tíma. --

-- ég held mínu striki og verð áfram í næstu viku að reyna að klára tvo stóla sem ég þarf að gera við. Eftir það er ég hætt enda farið að stytast í stóra daginn. Þá vil ég halda mig nær heimilinu mínu. --

Segir frá ýmsum undirbúningi. M.a. hreingerningu.

-- Ljósmóðirin biður okkur í guðanna bænum að vera ekki ofstækifullar í þeim málum -- sagði að á spítalanum væri helsta áhyggjuefni sumra mæðrar að óhreinatauskarfan væri ekki tóm og það í miðjum hríðum! -- Hún gerir mikið grín að hinum og þessum sitúásjónum -- Ég skemmti mér konunglega í þessum tímum. Næst á Axel að mæta með mér. --

Segir frá einni konu sem kæmi með félagarsáðgjafa, því hún sækir um aðstoð fyrir fæðinguna.

-- hún sagði að hún fengi hjálp, mjólk, hrísgrjón og bleyjur -- Ekki nóg með það, heldur var félagsráðgjafi líka að hjálpa henni að flýta fyrir kerfinu svo maðurinn hennar kæmi fyrir úr fangelsi. --

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði Eggertsdóttur. 18.6.1998.

-- Við höldum upp á okkar privat þjóðhátíð við Brúarárskörð. Þú tekur eftir: ekki í Brúarárskörðum. Þannig var að við höfum verið að gæla við að fara í Brúarárskörð, þ.e.a.s. upptök Brúarár, skoða gljúfrin o.fl. Vorum við með ágæta lýsingu í Ferðafélagsbók sem Gísli Sigurðsson ritstjóri skrifaði. -- Lýsir nákvæmlega leiðinni --

Ævintýrið byrjaði þegar við vorum að finna þennan vegarslóða út frá aðalveginum -- spurðum til vegar, en enginn kannaðist við leiðina. Þarna er sumarbústaðabyggð, Skyggnesskógur, en enginn kannaðist við neitt; enginn við á bænum þar sem vegurinn átti að vera. --

Svo fengum við leiðbeiningu á Miðey og lögðum í veginn sem var alveg hræðilegur. Svo kom alveg hellidamba og við á moldarvegi svo við forðuðum okkur áður en vegurinn yrði að súpu. Og við komumst til baka. Síðan höfum við fundið út að betri vegur liggur norðanmeginn.

Segir frá útskrift Fríðu Pálsdóttur. Kári og Gudda eru í Álasundi en búin að kaupa íbúð og gera upp á Ásvallagötu. Palli og Lára eru að verða tilbúin með íbúðina og flytja eftir hálfan mánuð og verður íbúðin fín.

-- Við komum við í Drápuhlíðinni -- Þar var fjölskyldan á náttloppum, hafði það gott, alsæl með að vera flutt inn. Hrefna hleypur um allt og nær í dót til að sýna manni. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 22.6.1998.

-- Heil og sæl og bestu þakkir fyrir mörg bréf og samtöl - Auður, og Dagur, samtöl en engin bréf vegna bilaðrar tölvu. Um Ásgeir er ekki að tala. Við skiptumst á flestu öðru en bréfum - hann fær lánað kúbein og pensla.

Til hamingju - Dagur og Vibeke - fyrir að hafa lokið samkeppnisteikningum. -- Gaman að fá allar fréttirnar úr Lækjargötu og fylgjast með hvernig lífið snýst æ meir um stórviðburði framtíðarinnar.

Héðan er allt gott að fréttu - nema hvað Dídí var að hringja, alveg rugluð vegna einhverrar skemmtunar sem hún væri að fara á. Í gær hefði hún verið að búa til *soufflé* - en í morgun var það horfið úr ísskápnum. Í fyrradag mun hún hafa farið út að ganga og lent á Landakoti og flutt aftur heim í leigubíl sem kostaði fjórar krónur; sæl og ánægð með vel heppnaða ferð. En það var ekki hægt að segja um fangaverðina - heilbrigðisstarfsliðið á Grund. Svona er nú það. -- Annars er ég alltaf í fríu. Mamma ykkar segir að ég byrji að vinna þegar hún kemur heim. Hvernig hún fann það út veit ég ekki, en sennilega er það rétt. Það er hvetjandi þegar hún er hér. Þetta er opinber játning - ætluð henni, því hún les þetta bréf eins og allt annað. Annars er sumarið erfitt fyrir hana því hún þarf að fara á tölvunámskeið. Það hvílir á henni eins og mara. Þegar ég spurði hana hvenær hún ætli að byrja, þá hafði hún gleymt að panta! Þetta minnir á píanónámið mitt hjá mömmu!

Ég heyrði einhvern hræðilega sorglegan þátt um franska fiskimenn í næsta herbergi og þakka guði fyrir að skilja ekki frönsku þannig að það er ekkert sem dregur mig gegnum dyraopið. Ég heyri þó sjávar og brimhljóð; og nú frísaði hestur! Sem sé, strax og myndin er búin get ég hætt að skrifa og sent bréf sem telst mánuðagsbréf þótt það sé bara Ásgeir sem fær það á réttum tíma. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 29.6.1998.

-- Sólin skín á húsin á móti, himinninn heiður og tær og við komin inn frá því að grilla okkur pylsur, sitja lengi úti og vökva garðinn --

Við fórum gangandi í Drápuhlíðina. Þótt ekki hefði verið annað á þessum degi hefði verið nóg að heyra fagnaðarsköll Hrefnu þegar við komum. Við vorum að færa henni dótatösku til að hafa með sér í Noregsferðina - - Virtist henni vel líka og foreldrunum sem nú eru búin að koma sér enn betur fyrir - gatan komin í stand og búíð að höggva nokkrar aspir úr nágrannagarðinum -- fórum til Jórunnar¹ sem tók dót til Auðar - leist okkur vel á íbúðina hennar, í fallettu húsi með fátæklegum húsmunum, virtist henni líða vel -- Fórum svo gangandi til Jórunnar mömmu Sirrjár -- og fórum svo til Dídí -- ansi mikið farið að slá út í fyrir henni. Þegar við komum hittum við hana á ganginum á Grund, Hún var þá á leið út með tösku sem hún ætlaði að skila aftur í Tösku- og hanskabúðina. En við snerum henni við.

Það var einkennilegt fyrir mig að ganga þetta. Mér hefur aldrei í lífinu þótt gott að ganga mikið, hef orðið þreyttur, þegar ég hef gengið mikið, sérstaklega á yngri árum. Nú flýg ég áfram án þess að finna fyrir neinu og er

¹ Jórunn Halldórsdóttir, (1962) verkfræðingur, systurdóttir Sirrjár hafði greinst með vöðvasjúkdóm, sem allir höfðu áhyggjur af og hafa enn.

jafn óþreyttur þegar heim kemur og er lagt var af stað. Ég hélt áður að mér þætti vont að ganga en samanburðurinn sýnir annað. --

-- frábær viðburður var brúðkaupsveisla Kristínar og Elvars.¹ -- Mér þótti dásamlegt að sjá þau, glöð og hrifin hvort af öðru. Feimin í brúðkaupsfötum sínum, tilbúin að ganga út í lífið. Þetta var eitthvert skemmtilegasta brúðkaup sem ég man, það hafði svo mikil og góð áhrif á mig. Þá var ekki síður gaman að sjá Steina fylgja Kristínu að altarinu. Þetta var viðburður lífs hans. Hann var feiminn, ekki síður en brúðguminn, sagðist hafa kviðið atburðinum mjög. Hann hefur elst mikið og látið á sjá vegna veikinda sinna, en þetta var atburður sem hann og Steina gengu heils hugar í gegnum. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 6.7.1998.

Segir frá því að hún hafi fengið vinnutíma sínum breytt, svo hún gæti hætt á hádegi á föstud. Samt hefur verið svo mikið að gera að hún gat ekki leyst mál og þurfti líka að kalla út aðstoðarfólk til að senda gjaldskrá út og Fréttabréfið ásamt tilkynningum til félagsmanna.

Segir frá því að Dídí hafi verið flutt á lokaða deild fyrir heilabílaða, þar sem hún átti það til að strjúka og þekkir ekki mun á degi og nótt. Þótti okkur ekki gott að hún fengi ekki aðlögunartíma og hafa samband við okkur en starfsfólkið sagði að ekki hefði náðst til okkar. Finnst henni hún illa svikin.

Segir frá brúðkaupi frænku hennar Önnu Þorbjargar dóttur Guðrúnar Sveins og Jóns. Brúðguminn er Páll Óskar Gíslason og eru bæði í verkfræði. Gaman að hitta frændfólkið.

Segir frá stórglæsilegri íbúð Palla og Láru á Kárastíg 1 og að þau séu á leið í frí á Skagen. Ásgeir og fjölskylda er hjá Degi, m.a. í sumarhúsinu þeirra og líkar stórvel.

Vorum að byrja hjónin saman í Gáska.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 13.7.1998.

Rætt um heimsókn Elvars, Kristínar, Jórunnar og fleiri, sem styttir biðina hjá Auði og Axel. Þá er von á Ásgeiri, Brynju og Hrefnu heim frá Noregi.

-- hlökkum til að fá þau þó foreldrarnir rjúki beint í leiðsögn um landið þá fáum við heiðurinn að hafa Hrefnu hjá okkur -- Það verður hátíð og gott sumarleyfi. --

Vorum að koma af Snæfellsnesi, Stykkishólmi og Hnappadal.. Mikil umferð því allir voru að reyna Hvalfjarðargöngin nýju. Á leiðinni fórum við gangandi og akandi á snjósleða á Snæfellsjökul.

-- fengum okkur tjaldstæði á Hellnum. Sem í ljós kom að var nýaldarbæli. Gulli Bergmann,² sem kenndur er við Karnabæ, tók okkur sem glötuðum sálum, sýndi okkur allt, fór með stjörnuspeki -- Hann og forystumenn safnaðarins hafa byggt sér stórfallegt hús þaðan sem sér yfir ströndina og klettana. Fallegra útsýn getur ekki úr neinu íbúðarhúsi. Við tjaldstæði voru táknrænir hringir og kristallar, fólkið allt alveg hræðilega gott og lítur á allt sem heilagt, jökullinn svæðið. Meira að segja brýst sólin alltaf fram þegar mikið liggur við. Sæbjörn Valdimarsson³ blaðamaður (sem býr hér á nr. 71) er frá Hellnum og ekki jafn hrifinn og ég (?) í grein sem hann skrifar um byggðina í Lesbókina um helgina.

Svo var farið á Malarrif, Lóndröngum, Þúfubjargi og þessar ótrúlegu, frumstæðu, fornu verstöðvar skoðaðar. Einkennilegt að setja sig í spor gömlu vermannanna sem gengu hér um á kúskinnsskóm, þar sem nú er hvalaskoðun í hverri vík. Komum þreytt heim og fórum ekki í líkamsæfingar í morgun!

Dagur Eggertss skrifar foreldrunum. Osló. 17.7.1998.

-- munum við renna úr hlaði og hefja seinni hluta sumarfrísins okkar. Haldið verður sem leið liggur upp Ártúns-, nei fyrirgefið, Lillehammer verður fyrsta stopp -- finna tjaldstæði í Sogni -- til Ísafjarðar -- þar sem ættingjar Vibeke búa. Við erum búin að festa kaup á forláta tjaldi -- rennum til Álasunds -- heimsækjum Kára⁴ og fjölskyldu. --

Þá fer að líða að því að ég fari að byrja í nýrri vinnu. Það gerðist snögglega að ég missti hina vinnuna, en þeir urðu að segja fólki upp vegna verkefnaskorts. Það kom í ljós að fólk var á mjög undarlegum ráðningarsamningum við fyrirtækið sem gerði kleyft að losa sig við okkur með mjög skömmum fyrirvara. Eftir

¹ Kristín Steingrimsdóttir (1973) hjúkrunarfræðingur og ráðgjafi og Elvar Eiríksson (1972) viðskiptafræðingur og fjármálaráðgjafi.

² Guðlaugur Bergmann (1938-2004). Kaupmaður o.fl.

³ Sæbjörn Valdimarsson (1944-2011) blaðamaður, einkum kvikmyndagagnrýnandi síðustu árin.

⁴ Kári Pálsson, frændi hans var við nám og störf þar ásamt fjölsk.

nánari eftirgrennslan fundum við út að þetta var alveg kolólöglegt hjá þeim, en það þarf mikið til að fara með þetta til lögfræðings og þar að auki myndi enginn okkar fá vinnuna aftur.

Ég var ekki með neinar áhyggjur af þessu, enda vissi ég að það yrði auðvelt fyrir mig að fá vinnu aftur, en ég bjóst samt ekki við að vera kominn með nýja vinnu strax daginn eftir að hinni lauk. Stofan heitir *Longva Arkitekter* og er rekin af kunningja okkar Knut Longva, en hann er að hefja samvinnu við mjög skemmtilega stúlku sem heitir Gro Eiler Aas og verð ég þar með fyrsti stafsmáður þeirra. Það var mjög skemmtilegt viðtal sem ég fór í til þeirra og var mér boðin vinna á staðnum. Það verður gaman að fara yfir í nýtt umhverfi og annan hugsunarhátt.

Afmæli Jóhannesar var skemmtilegt. Það var haldið upp á það heima hjá foreldrum Vibeke í Asker og voru þar heiðursgestir bæði frá Íslandi og Finnlandi. Hrefna (Ásgeirsdóttir) setti sinn svip á boðið með sínu góða skapi og áhuga á öllu sem fyrir bar. Bræðrum Vibeke þótti mjög gaman að kynnast fjölskyldunni úr Drápuhlíðinni. --

Ekki var beint skortur á afmælisgjöfum. Sólveig og Hrefna fengu sinn skerf líka, en Jóhannes var í algjörum gleðitransi allan daginn og langt fram á kvöld þegar hann fór að sofa í svefnpokanum góða. -- Þá höldum við að stað í ferðalagið --

19.7.1998

Fædd: Sigríður Alma Axelsdóttir.

Sigríður og Eggert skrifa Auði og Axel. Rvík. 21.7.1998.

-- Það er eins og ný öld sé gengin í garð. Lítil fjölskylda, ein og yfirgefin í úthverfi Barselónu, er í einu vetfangi orðin stór fjölskylda, hvorki einmana né í fábrotinni vist í Lækjargötu. Allt í einu hefur myndast hópur, kjarnafjölskylda, með eigin innviði, margbreytilegri og flóknari en þeir sem fyrir voru, en samt einfaldari og stoðir allar styrkari.

Aldrei minnst ég gleðilegra símtals en þessa sem við áttum á sunnudagsmorguninn góða. Við vorum að koma með Hrefnu í nýju regnhlífarkerrunni hennar, upp Spítalastíg. Sirrí fór inn í Bernhöftsbakarí, en það okkur um að ganga áleiðis heim, hún myndi koma á eftir. Ég vildi það síður og beið hinum megin á horninu þegar síminn hringdi í brjóstvasanum á mér. Við Hrefna þutum yfir götuna og gáfum Sirrí merki um að koma. Hún hljóp frá vörunum og kaupunum í miðjum klíðum, skildi allt eftir í uppnámi. Og stóð fyrir framan búðina með ekka og táraflóði. Hvílikur viðburður! Við höfðum reynt að hringja um morguninn, þegar ekkert svar fékkst, reiknuðum við með því að þið væruð komin á fæðingardeildina.

Auður og Sigríður Alma!

Innilega velkomnar heim til hans Axels, þar getið þið aldeilis notið Lækjargötunnar, allra þægindanna og heimilisins nýbónaða og snurfusaða. Það verður gott að koma heim í rólegheitin, þar sem ekkert truflar friðinn nema eitt og eitt tölvuskeyti.

Axel - pápi sæll.

Hjartanlega til hamingju með að fá þær mæðgurnar heim til þín. Það hlýtur að vera gott að auka við skrifstofuliðið! --

Héðan er allt gott að fréttu. Við höfum verið að skemmta okkur af fullum krafti. Fórum með Hrefnu í verslunarferð og í kaffi til Jórunnar. Svo fórum við með hana í húsið hans Bensa uppi í Mosfellssveit, þar sem húsfrágangurinn gengur af krafti, eftir að tókst að selja uppítökuþúðina á Nesinu. Hundurinn Bangsi vakti mikinn fögnuð Hrefnu, sem hljóp á eftir honum og sagði: *Koddu - koddu!* alls óhrædd - hrifin.

Svo fórum við í skoðunarferð þangað sem sumarbústaður fjölskyldunnar var við Hamrahlíðina í Úlfarsfelli. Þar er verið að undirbúa skipulag og byggingar. Var skritið fyrir Jórinni að standa þar á húslausri lóðinni, eftir öll þessi ár síðan það var selt og Dagbjartur dó.

Á heimleiðinni var farið í hestagirðingu og klappað af miklum áhuga: *ettunum!* Hafið það gott.

Hrefna - Sirrí og pabbi - tengdó.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 23.7.1998.

-- Já fæðingin var löng, eins og við var að búast, svona í fyrsta sinn. -- Og allur sársauki og þess háttar hvarf eins og dögg fyrir sólu þegar ég fékk litlu dömuna í fangið, því augnabliki gleymi ég aldrei. Auminginn litli var nú ekkert sérstaklega falleg á litinn, því hún hafði kúkað á sig af hræðslu þegar hríðirnar fóru af stað, en ljósmóðirin þurrkaði af henni -- nú til dags eru börn ekki böðuð eftir fæðinguna. Þrátt fyrir kúk og annað. Og það ótrúlega, eins og hún öskraði mikið eftir þetta mikla sjökk að koma í heiminn. Þá þagnaði hún eins og skot þegar við

fórum að tala við hana og hún heyrði röddina okkar. -- Svo vorum við færð á fæðingarstofu og eftir það var Sigríður Alma alveg hjá mér, nema þegar hún fór í lækni skoðun. -- Við erum búin að horfa á hana og dást að henni þessa daga síðan hún kom í heiminn. -- Þið ættuð að sjá hve rígmontin við erum. -- Fórum með hana út í Eroski -- aldrei verið aktívari. --

Enn er ég svolítið ringluð -- en ósköp afslöppuð og líður vel -- ég ætla að njóta þess fyrstu dagana og kynnast dóttur minni sem mér finnst það fallegasta sem til er í heiminum. -- Hún sefur vel -- ég alltaf með andvara, hlusta hvort hún andi eða hvort henni sé of heitt eða kalt --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 24.7.1998.

Erum að passa Hrefnu fyrir Ásgeir og Brynju og fórum í heimsókn með hana að Breiðabólssstöðum þar sem Elísabet Vestal Abéla er með tvö barnabörn. Elísabet og Signý Sen eru bróðurdætur.

-- Í gær tók mamma Brynju Hrefnu og passaði meðan ég var í 70 ára afmæli Signýjar Sen, Zontakonu. Það var skemmtilegt og hitti ég þar Siggju Erlends og allar skemmtilegu bekkjarsystur hennar og Eggerts, en Signý er ein af þeim. Sigga sagði mér að Jóhanna Vigdís (*Hjaltadóttir*) ætti von á barninu í október -- Kannski kemur enn ein Sigríður í götuna þar. Dóttir Jóhönnu er orðin 15 ára, svo það er langt á milli barnanna. Vigdís, fyrrv. forseti, er ein af bekkjarsystkinunum og hélt mjög góða og vel undirbúna, upplesna ræðu. Þær Signý hafa þekkt frá því í barnaskóla þegar Signý var nýkomin frá Kína, og miklar vinkonur. Þær stofnuðu saumaklúbb í menntaskóla. Af því að latína var mikið kennd þá og skyldufag gáfu þær náttúrulega þessum merkilega klúbbi nafn á latínu. Hún sagði þær hafa farið í orðabók og leitað að nafninu *klúbbur*. Þær fundu í enskri orðabók orðið *club* og þýðingu á latínu. Svo báru þær það undir latínukennarann, Jón Júlíusson, seinna mann Signýjar. Hann skellihló því að klúbbur var ekki til á latínu, heldur þýddi þetta kylfa, svo þetta voru *hinar saumandi kylfur*. --

Við fórum til Dídíar, sem fer mikið aftur -- skilur ekki mikið af því sem maður er að segja en -- er sem betur fer með kímigáfuna í lagi. -- Svo voru þarna þurrkuð blóm í vasa og eru tvær konur alltaf að draga vasann til sín, finna ilminn af blómunum og dást að þeim. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 27.7.1998.

Frá fyrra bréfi hafði Sigríður Alma Axelsdóttir komið í heiminn 19. júlí enda er gleðiblær í þessu bréfi að þeim líður vel öllum.

Við vorum að koma úr miklu tjaldferðalagi um Suðurland og höfðum skoðað legstein Tómasar Helgasonar læknis, ömmubróður míns að Rein og Sveins Pálssonar, læknis og jarðvísindamanns, í aflögðum kirkjugarði þar. Þá höfðum við farið í 8 tíma gönguferð að Skaftafelli, um Bæjarsker, í Morsárdal og í Bæjarstaðaskóg.

-- Þegar gengið var niður brekkuna hjá Skaftafelli voru fæturnir hættir að hlýða. --

Innskot eða eftirmáli tveim áratugum síðar.

Ég fékkst við yfirferð og skráningu þessara bréfaskepta, **13.3.2018**, er þau Auður og Axel bjuggu í Barselóna 1998, einmitt þegar Sigríður Alma kom í heiminn, eftir langa bið foreldranna eftir barni. Stundum blönduð svartsýni, eins og bréfasafnið ber með sér, jafnvel um hvort þeim yrði nokkurn tíma barna auðið. En úr því rættist og börnin urðu fjögur: **Sigríður Alma, 1998. Eggert Geir, 1999. Sæunn, 2002. Ketill, 2006.** Gglæsilegur hópur skemmtilegra efnisbarna, sem býr hér með okkur að Bergsaðastræti 69, þrýðir tilveru okkar alla daga, gerir líf okkar Sigríðar viðburðaríkt og skemmtilegt. Sérhver dagur er spennandi og tilveran ánægjuleg.

Atburðurinn sem nú átti sér stað gerðist eftir að ég hafði gefið GÁRUR út, í ársbyrjun 2018. Hafði ákveðið að gefa ekki fleiri hefti út. Í heftinu því eru sagðar allmargar sögur um hættur, sem ég og fleiri höfðum ratað í, en þótti samt rétt að rekja, þó ekki væri nema til þess að þakka forsjóninni fyrir að betur fór en á horfðist. Það er mín trú, að maður eigi ekki að vera hræddur við sannleikann en gleðjast þegar vel fer. Gleymaska er mögulega hjálp til að verjast skömm eða sektarkennd.

Þá gerðist það **12. mars 2018**, sem hefði getað farið illa, já mjög illa. Enn einu sinni get ég sagt með sanni að forsjónin hafi komið blessunarlega til bjargar.

Við Sirri vorum og erum á næsu grösum, búandi hér á Bergsaðastræti 69, 1. hæð og fjölskylda Auðar á 2. og 3. hæð. Fór ekki hjá því að við fylgdumst með gangi mála, en ábyrgðin hafði að nokkru leyti færst yfir á okkar herðar, því Auður og Axel Pétur Ásgeirsson, eiginmaður hennar átti erindi vinnu hans vegna til Boston og ákvað Auður að fara með honum, þeim til ánægju.

Að sjálfsgöðu kom fiðringur í börnin, horfandi á heimilisjeppann albúinn á götunni fyrir utan stofugluggana, þó að vísu væri hann ekki nema á *heilsárdekkjum*. Það varð úr að þau Sigríður Alma, sem var bílstjórinn og systkinin Sæunn og Ketill fengu leyfi til að fara í heimsókn til ömmu sinnar og kunningja á Ólafsfirði, þar sem þau höfðu líka lengi búið.

Ferðin norður gekk tíðindalaust ágætlega og dvölin hjá ömmu systkinanna líka. Eggert Geir var hér fyrir sunnan þar sem hann stundar nám.

--
Er kom að því á sunnudag að halda heim hafði veðrið heldur en ekki breyst, svo heimferðinni þurfti að fresta um dag. Við fylgdumst ekki með ráðagerðum, þar sem þau voru hjá ömmu sinni, útvegskonunni þekktu, Sæunni Axelsdóttur. Þar búa líka föðurbræðurnir tveir og fjölskyldur þeirra, Kristján Ragnar og Ásgeir Logi Ásgeirsson og kona hans Kristín Davíðsdóttir leiðsögumaður. Þannig má segja að börnin hafi verið í vana og frænda höndum.

--
Næsta morgun, mánudaginn 12. mars, komum við Sirrí um kl. 7.45 heim úr morgunþjálfun. Sirrí áti þá viðtal hjá lækni og kvaddi. Ég settist við tölvuna og skoðaði færð á vegum, sem var **mjög** slæm, kortið sýndi **gljá** á öllum Tröllaskaga og vestur í Skagafjörð.

Hringdi ég hið skjótasta í síma Sigríðar Ölmú, sem svaraði mjög ógreinilega, því símasambandið var mjög slitrótt. Sagði hún að þau systkinin þrjú, hún, Sæunn og Ketill, sætu föst í skafli í bílnum (sennilega einhvers staðar norðan Strákaganga). Hefði fólk komið að þeim þar, reynt að hjálpa, en tókst ekki. Ók það í burtu við svo búíð. Við ákváðum að ég setti mig í samband við Ásgeir Loga. Sirrí kvaddi og fór til læknisins. Við skiptumst á orðum við Eggert Geir, sem var að fara í skólann og þótti þetta glæfraferð á „heilsársdekkjum“ eins og hann orðaði það, og fór svo í skólann.

Ég hringdi nú í Ásgeir Loga. Eins og ávallt var hann vel upplagður. Við horfðum báðir á veðurkortinu á netinu sem mér leist ekki á. Því gljá var á Tröllaskaga öllum frá Eyjafirði og í Skagafjörð. Sem sé, vegurinn ófær, illa búnum bílum.

Ásgeir Logi var fljótur að ákveða sig. Hann sagðist ætla að fara með Stínu til krakkanna, en bæði eru þaulvön vetrarferðum á Tröllaskaga. Hann bætti því við að í þessu færi gæti vant fólk farið á jeppanum þeirra inn Eyjafjörð og væntanlega á jeppa krakkanna líka. Vestan Varmahlíðar í Skagafirði virtist færið það svo gott að Sirrí gæti tekið við og keyrt það sem eftir væri leiðarinnar til Reykjavíkur. Sem og gekk eftir.

--
Með því lauk samtalinu og mál systkinanna komið í styrkar hendur Ásgeirs og Stínu.

Ég fór og sinnti minni vinnu hér í kjallaranum, og endaði daginn með því að ég skrifaði þetta innlegg um málið, sem lauk með lukkulegri heimkomu barnanna. Eiga þau Ásgeir og Stína þakkir skildar fyrir hvernig til tókst. Og systkinin svo sannarlega líka fyrir að fallast ekki hendur, eða gera neitt rangt.

En -- ekki eru allir sammála í öllum málum.

Nú fór að nálgast að foreldrarinnir, Auður og Axel kæmu heim og símasamband kæmist á milli allra aðila. Þegar ég kom upp úr kjallaranum undir hádegi og talaði við Sigríði, konu mína, var komið nýtt hljóð í strokkinn.

Í ljós hafði komið að Sigríður Alma var sár yfir hvernig tekið var á málinu, stjórn jeppans hennar (þeirra) hafði verið tekin af henni og hún sett í farþegasætið hvort sem það var í jeppa Ásgeirs (á heilsársdekkjunum) eða Stínu á jeppa krakkanna. Kom þetta við hennar ungu og viðkvæmu taugar. Mér er ókunnugt um hver ók hvorum jeppa.

Svo var annað. Heyrðist sagt að þetta hefði ekki verið eingöngu hjálp, því Ásgeir hefði átt erindi til Sauðárkróks, hvort sem var.

Ásgeir hafði brugðist fljótt við, þegar ég ræddi við hann og nefndi ekki nein erindi, sem hefði verið stjarnfræðileg tilviljun, en sem dregur ekki úr hjálpsemi þeirra hjóna. Mér sýnist ef fótur er fyrir því, að þau hafi gert sér erindi til Sauðárkróks að þau hafi sem greiðasömu fólki er gjarnt, segja, að það væri ekkert mál að gera smá lykkju á leið sína.

Líklega hafa þau Ásgeir og Stína talið rétt að stytta sér leið með því að fara heim um Mánáskriður.

E.Á. 15.3.2018.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despi. 30.7.1998.

Ræðir um komu þeirra í heimsókn í sept. Segir frá litlu dótturinni sem allt gengur vel með. Sjálf er hún með vott af fæðingarþunglyndi, enda hormónabreytingarnar miklar.

Þá er mikið að gera hjá Axel því starfsmenn Valeikur eru flestir í sumarleyfi, nema hann.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 2.8.1998.

Fréttir af Ingólfi frænda mínum Pálssyni sem er búinn að kaupa sér íbúð og fékk heilmikið dót frá Dídí, auk vínflösku sem vakti fögnuð í innflutningsselskapinu.

-- Í þessu var síminn að hringja. Það var Hrefna sem hafði lyft tólinu og ýtt á endurvalstakkann. Brá henni að heyra karl afa sinn. Við komum til þeirra til að sýna myndir frá Barselóna og skoða myndir þeirra frá Osló. Var mikill fagnaðarfundur við Hrefnu og var hún stöðugt *týnd* með lófann eða með Sjóvá-Almennra húfu fyrir andlitinu. Nú fer Brynja í leiðsögn, dagstúra, og Ásgeir passar. --

Jórunn kemur á eftir í kvöldverð og verður þar sjálfsgagt mikið rætt um afmæli Bensa Sveins í gær. Var mikil veisla í Súlnasal og margar stofnana- og félagaræður fluttar og fjölluðu allar um ræðumennina sjálfa og hvað þeir hefðu afrekað í íþróttum, sveitarstjórnarmálum og rekstri fjölda fyrirtækja. En sem vænta mátti var fjölskylda Bensa öll hin látlausasta og létu þetta lítt stíga sér til höfuðs. Niðurstaðan af boðinu var samt að Bensi hefði verið

einstaklega farsæll í störfum, félagslega sinnaður, hjálpsamur og aldrei bendlaður við undirhyggju eða harðdrægni. -- Bestu ræðuna (helst niðurlagið) hélt Halldór Blöndal¹ samgönguráðherra, frændi Bensa. Hann missti móður sína ungar og var mikið í Háteigi hjá ömmu sinni og afa og á Miklubrautinni hjá Helgu, ömmusystur ykkar og Sveini. Hann endaði ræðu sína með því að ávarpa Helgu og sagði að án hennar hefði tæpast mikið orðið úr fjölskyldunni og væri hlutur mæðra algjörlega vanmetinn.

Stefán Snævarr² heimspekingur skrifar ágæta grein í Lesbókina þar sem hann ræðir um húllumhæið í kringum jarðarför Laxness og sagði að alvörufólk hefði skrifað um Laxness en tildurrófnar um sjálfar sig. Þetta á oft við. Sendi Degi afrit; því Auður er í Lesbókareltunni, þótt henni þyki rabbið komið á lágt stig. Er á sama máli -- Mikið er gaman að vera í sambandi við Auði og Axel. Júníóra Sirrí er enn ekki farin að leggja margt til málanna - og þó. Hún er persónuleiki mikill og vaxandi. --

Skúli Sigurðsson og Elvíra konan hans voru hjá okkur í vikunni og var gott að fá þau (reyndar var Elvíra lítt hrifin af lunda og treg að stinga honum upp í sig).

-- Jórunn var hér í kvöld, sat lengi og var mikið talað um fjölskyldu og ætt. Við röktum ættir í allar áttir. Sigríður Thorarensen,³ amma Skúla, er frænka hennar og ykkar. Sigríður var að auki gift Guðna Árnasyni⁴ í Matardeildinni, samstarfsmanni Dagbjartar lengi, einnig sveitunga og vini. Þegar við Sirrí stofnuðum bú var Sigríður með þeim fyrstu sem boðið var til okkar. Þegar þurfti og Sirrí lítil, var hún stundum tekin í fóstur og upplifði allt í einu að hún var miðpunkturinn í veröldinni. Kenndu Stefanía, mamma Skúla, og Þórunn⁵ systir hennar henni margt merkilegt og nýtt. -- Það merkilega er að Tóta á dóttur sem heitir Sigríður Axelsdóttir.⁶ --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 3.8.1998.

-- Já, við Sirrí stóra fórum í gönguferð upp í Reykjadal í Henglinum. Við voru heldur góð með okkur þar sem við þrómuðum í ausandi rigningu í þrjá tíma. Það var alveg dásamlegt, veðrið hlýtt en við vorum gjörsamlega holdvot (þrátt fyrir hina bestu regngalla) þegar við komum aftur að bílnum. Það var ekki sjón að sjá okkur þegar við komum í Listaskálann í Hveragerði og fengum okkur brauðbita. Það er ekkert sérstaklega gott að sitja í blautum buxum. En ánægjan og skapið var slíkt að við veittum því litla athygli.

Við hittum Einar Hákonarson⁷ málara sem sagði okkur frá baráttu sinni við kerfið, kerfiskarla, klíkur og afskiptaleysi. Það var skemmtilegt að heyrna en þó sárt. Það er slæmt þegar menn komast í þá stöðu að þeim finnist kerfið vera að mala þá. Hann er gefinn fyrir að ragast í sögunni - sem er nú heldur en ekki tapað stríð. En listamenn eiga þetta til, kannski vegna þess að listamál eru flókin og þróunin byggð á smekk og skoðunum margra, ekkert fast. Auðvitað er það óskynsamlegt að byggja upp styrkjakerfi á vegum margra opinberra aðila. Ég held að til séu listamenn sem geri lítið annað en sækja um styrki.

Sýningin var skemmtileg, ekki síst voru gömlu myndirnar þeirra Kjartans Guðjónssonar,⁸ Jóhannesar Jóhannessonar og Kristjáns Davíðssonar⁹ skemmtilegar. Sá síðast nefndi heldur sér best. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 3.8.1998.

-- hvað ég er fegin að Sirrí litla sé farin að sofa vært. -- gaman að fá fréttir af afrekum hennar. Það voru margir sem óskuðu okkur til hamingju með Sirrí í afmælisveislu Bensa því fregnin hafði flogið út um alla fjölskylduna. Báðu margir um kveðjur til þín -- Guðrún, Jón, Helga Jóns og Birna. --

Gönguferðin í gær var eiginlega dálítill svaðilför, því það var svo mikið syndandi svað á göngustígnum og mýri, þar fyrir utan, svo erfitt var að fóta sig. Ég er hissa þar sem ég sit hér núna að við skyldum ekki detta ofan í einhvern lækinn, sem við vorum að vaða, eða mýri. Stafirnir eru þarfapung í svona gönguferðum. En það var hlýtt og í raun og veru var þetta besta skemmtun. Það var skrytinn útgangurinn á okkur þegar við komum í Listaskálann í Hveragerði. Munch-bolurinn, afmælisgjöfin frá Degi, var í bílnum og bjargaði mér og heiðri fjölskyldunnar. -- Við erum að fá Dídí í heimsókn, það þarf að drífa hana út -- um mikla afturför er að ræða hjá henni. --

¹ Halldór Blöndal (1938), alþingism. og ráðherra.

² Stefán Snævarr (1953), háskólakennari í Noregi og afkastamikill bloggari.

³ Sigríður Thorarensen (1894-1982) ljósmóðir.

⁴ Guðni Árnason (1890-1958), verslunarstjóri.

⁵ Þórunn Guðnadóttir (1928-2017), átti Axel Kristjánsson lögfræðing.

⁶ Sigríður Axelsdóttir (1964) tannlæknir.

⁷ Einar Hákonarson (1945) listmálari.

⁸ Kjartan Guðjónsson (1921-2010) listmálari.

⁹ Kristján Davíðsson (1917-2013) listmálari.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 10.8.1998.

-- Til hamingju með daginn. Þess óskum við sérlega Auði og fjölskyldu. Það er gaman að fá þær fréttir í morgun að -- Sirrí litlu verði tryggð lágmarks borgararéttindi. --

Ég skal játa eftir æfingar morgunsins og ævintýri undanfarinna daga að ég er dasaður. En hressist fljótt því ég þarf að undirbúa fund kl. 3 Það er erfitt að koma hlutunum í gang eftir öll fríin, allir burtu á mismunandi tíma, skipta sumarleyfum alla vega. En hvað um það. Ég fæ vinnufrið og get undirbúið mig betur.--

Já við komum í bæinn í gær, -- rukum inn með dótið -- síðan fór ég á þvottastöð og reyndi að sjúga vatn af gólfinu á bílnum. Þannig er að þegar við vorum að koma frá Landmannalaugum á austurleið (*Fjallabaksveg nyrðri*) festi ég bílinn í malar-iðu á saklausasta vaði á allri leiðinni. Bíllinn sökk og þegar ég opnaði hurðina til að komast út þá rann vatn inn. Sem betur fer voru Óli og Jójó með í för, því öll umferð var dottin niður, farið að dimma. Hann kippti mér upp og ég fór upp á barð með hægri hjólin og hellti úr bílnum. En það var heilmikil bleyta enn í bílnum. -- þetta er í annað skiptið sem við festum okkur (hitt var í Loðmundarfirði, þar sem bíllinn settist á lyngbarð). En þetta segir manni hvað lítið má út af bera. (Mundu það Eggert!).

Annars gekk ferðin ágætlega og var sérstaklega skemmtilegt að ferðast með Óla og Jójó. Þau eru alltaf í góðu skapi, skemmtileg og ræðin (*þarf svo sem ekki að lýsa því fyrir ykkur*). Þau eru óvön að ferðast á þann hátt sem við gerum; eru samt mjög spennit og þakklát fyrir það sem þeim er sýnt og láta sér ekkert fyrir brjósti brenna, nema lofthæð. Við vorum í alveg snarvitlausu veðri undir Reynisfjalli og í Dyrhólaey í gær. Þeim þótti það ekki síður skemmtilegt en hitt. Þá var þægilegt að við vorum með talstöð milli bílanna. Reyndar þurftum við ekki að nota hana í Laka, því þá vorum við í þeirra jeppa.

Svo er góð tilbreyting að vera í gistiþlássi. Fólkið á Flögu var þægilegt, góð rúm og allir sváfu vel. Máltíðir voru hátíð -- Sturtuklefinn á Flögu var sá minnsti í heimi! Leiðin sem við fórum var Fljótshlíð - Emstrur - Álftavatn - Landmannalaugar - Flaga - Laki - Rvík.

Veðrið var alltaf snarvitlaust en þar sem við ókum á 90 km. hraða var alltaf logn hjá okkur, meira að segja undir Gljúfrabúa þar sem við snæddum hádegisverð á 0 km. hraða (nema kjálkar og málbein, sem hélt hraðanum). Toppurinn var að koma heim og tala við ykkur --

Mikið rætt og í löngu máli um öflun vegabréfs fyrir Sirrí litlu í tæka tíð fyrir heimferðina. Var það mjög flókið, ekki sist þar eð hún er skráð á Ólafsfirði.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 14.8.1998.

-- fórum út að borða á veitingastaðnum hérna fyrir framan okkur og fengum okkur *tapas*. --Við settum Sirrí í kjól í kvöldsvalanum og hún var svo fín og sæt þar sem hún var hrókur alls fagnaðar því allir í hverfinu voru að dást að henni -- Hún var vakandi, eiginlega allan tímann og horfði stórum augum í kringum sig og virtist ánægð með að fara aðeins út á lífið. Og okkur þótti það líka gott, þó ekki væri það langt. --við erum farin að klæða hana í létt föt á kvöldin og nóttinni. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 21.8.1998.

Þau eiga von á Sæunni og Ásgeiri, tengdforeldrunum, á hverri stundu.

Þá berast að fjöldi pakka til Sigríðar litlu Ölmú og líka hennar sjálfar, m.a. frá Ástralíubúunum sem Axel var hjá sem skiptinemi.

Svo kom veitingamaðurinn á móti við götuna að bjóða þeim að koma í heimsókn með þeim starfsmönnum og fengu þeir dýrindis paella, og þar var biðröð til að fá að halda á Sirrí litlu.

Þá er líka verið að biðja hana um að koma í vinnu hjá Flugleiðum, t.d. í hópferð til Montserrat. Það þarf að leysa, ef Axel treystir sér til að annast Sirrí.

Eggert Ásgeirss skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 24.8.1998.

Segi frá brúðkaupi Árna Geirs Pálssonar og Soffíu Waag í Gjövík í Noregi, sama dag og stað og foreldrar Soffíu, Árni og Ragnheiður giftu sig fyrir 50 árum, en þau bjuggu þar er hann var þar við nám.

-- Eftir húsvígsluna hjá Palla og Láru um daginn sátu gestirnir hjá þeim frameftir. Þá upphófst læti og skruðningar í leiguþúðinni sem Sólvi Blöndal,¹ bróðir Möggu Stínu, hefur á leigu. Biðu menn um skeið til að athuga hvort ekki drægi úr. Fór Palli og talaði við Sólva. Ekkert gekk. Þá fór Lára. Ekkert breyttist. Loks fór Palli aftur um tólf leytið. Þá voru í íbúðinni um eða yfir 100 manns. Palli skipaði fólkinu út og sagðist ekki fara

¹ Sólvi Haraldsson Blöndal (1975) frægur poppari, nú orðinn hagfræðingur, held ég.

fyrir en hún væri tæmd. Tók það kortér. Þegar það var búið kom Sölvi til hans innilega þakklátur, því hann hafði ekki ráðið við neitt, þekkti ekki einu sinni allt fólkið. Svo sagðist hann vera að fara í tónleikaferðalag til Argentínu --

Sirrí er á kafi í undibúningi norræns fundar um tölvur og fjarkennslu -- þá tekur við fundur hjá mér um rafsegulsviðsmál. Eftir það nálgast ferðin til Barselóna til að hitta Sirrí litlu í fyrsta sinn. Allt í einu eru foreldrarnir komnir í skuggann af þessari litlu manneskju. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 25.8.1998.

-- Við Sirrí erum einar heima, Axel og tengdó fóru ofan í bæ saman. Hann ætlaði að sýna þeim aðstöðuna sem hann hefur til að geyma fiskinn og kannski eitthvað fleira. -- við erum einar heima mæðgurnar að hjala. Ég er náttúrulega svo stolt af henni dóttur minni að ég er alveg að springa. Hún er farin að brosa svo mikið að hún næstum hlær. Það er svo gaman að koma nærri henni þar sem hún liggur og spekúlerar, koma nálægt svo hún sjái mann, segja eitthvað við hana, þá fer hún að brosa út að eyrum, spennist öll upp og fer að sprikla af gleði svo hún ræður sér varla. Þá verður maður svo glaður sjálfur að maður ræður sér ekki heldur. Hún er búin að vera svo góð upp á síðkastið -- meðan afi hennar og amma eru búin að vera hér, enda segjast þau varla hafa heyrt hana gráta! Það er búin að vera eitthvað svo mikil ró yfir henni -- Það er svo gaman að fylgjast með daglegum breytingum og þroska. -- Fórum til Sitges - Axel dauðlangaði til að baða hana í sjónum, sagði með hótun í röddinni, að það yrði ekki langt þangað til hún færi í sjóinn -- en við erum sammála um að hún sé of lítil til að svamla í sjónum innan um alla hommana --

Annars þakka ég ykkur alla þakka og bið ykkur um að skila þakklæti til Jójóar og Óla frá okkur. --

Fór með ferðafólk gönguferð um gamla gotiska hverfið skemmtilega ferð - sem Auður Gná hafði skipulagt -- flýtti mér heim, búin að vera burtu í fjóra tíma og hafði verið góð allan tímann. Þegar hún heyrði rödd mína fór hún að gráta! -- Skrítið að fara ein út í fyrsta skiptið. Þegar ég sat á kaffihúsinu á eftir þá var ég farin að vera dálítið nervös --

Þau Ásgeir og Sæunn eru vön að fara á stjá snemma. Í morgun þegar ég kom fram kl. 8.30 voru þau búin að vera í gönguferð klukkutíma og kortér -- í svartamyrkri -- Þau eru líka í heilsuprógrammi, ætla ekki að bæta á sig --

Eggert Ásgeirss. skrifar Tryggva Páli Friðrikssyni / Gallerí Fold. Rvík. 28.8.1998.

Þetta bréf birti ég í heftinu Gárum, 2018, bls. 89-92.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 30.8.1998.

-- þakka fyrir sérstaklega skemmtilega ferðasögu, Dagur. Sumarleyfið hefur verið einstaklega vel heppnað -- Ég dáðist að því hve fallett og gott mál þú skrifar, Dagur, litríkt og stafar af því þokki. --

Segir frá ráðstefnunni í Viðey sem Sirrí hafði undirbúið og lauk í gær.

Lokaræðan var falleg ræða, henni þakkað sérstaklega og afhent gjöf fyrir vinnu og undirbúning. Hún átti það líka skilið þar sem undirbúningur allur hafði hvílt á henni. Það er erfitt að vinna í svona félagi, þurfa að gera allt og vera í þeirri stöðu að þurfa alltaf að láta líta svo út að félagarnir, stjórnin og ýmsir fleiri hafi gert eitthvað. Það gerir það jafnvel að verkum að skipulag verður flókið og miklu meiri vinna. Þetta var glæsileg veisla í kvöldværunni, rigningarlaust eftir blautan dag. Maturinn var góður nema hvað betra hefði verið ef Sirrí hefði líka steikt lundann. --

Ég hef sem sé verið að dunda mér einn og bíllaus meðan ráðstefnan var. Hrefna stytta mér stundir einn dag og var það góður dagur og skemmtilegur. Við vorum þann daginn mikið í vélsmiðjum og verkfærabúðum og naut hún þess mjög. Hún er stöðugt að verða sjálfstæðari, ákveðnari og skapmeiri, sem vera ber. Hún er enn að tala um Noregsferðina, sérstaklega um svínið sem kúkaði.

Í vikunni fór ég með vini mínum Ingólfi Aðalsteinssyni í Hveragerði til að sjá sýningu í salnum hans Einars Hákonarsonar -- Heimsóknin varð óbeint til þess að ég skrifaði bréfið til Gallerís Foldar. --

Auður Eggertsdóttir skrifar Sigríði Dagbjartsdóttur. Despí. 2.9.1998.

Foreldrar hennar eru væntanlegir og áhyggjur yfir að þau muni ekki hafa það nógu skemmtilegt. Biður um að pabbi hennar hafi með sér lesefni.

Enn eru Sæunn og Ásgeir hjá þeim og við lokainnkaup vegna innréttingar á neðri hæðinni í húsinu þeirra á Ólafsfirði sem þau svo „drösluðu“ með sér úr verslunarmiðstöðinni.

-- það var fyrsti vinnudagurinn hjá mér í gær, réttara sagt vinnunóttin, því flugvélin lenti seint. Sirrí litla vaknaði á réttum tíma, þannig að ég gat „fyllt á tankinn“ áður en ég fór svefndrukkin út á flugvöll. -- Mér fannst ekki óþægilegt að fara frá krílinu mínu, -- en þegar ég hugsa um hana, hvar sem ég er, þá fer mjólkinn að sprautast úr brjóstunum á mér. Svona eru þetta nú sterk bönd. -- Ekkert vesen á neinum -- kom heim kl. sex. -- fór á sex hótél -- ekki í miðbænum -- því hefur Flugleiðum gengið illa að selja í þessar ferðir -- Svo er það bæjarferð. --

Í gær kom pósturinn með voða falleg föt til Sirríar frá Eddu Jónsdóttur og afmælisgjöf til mín. Pósturinn hringdi á bjöllumni, ég hljóp niður -- Þá sagði hún: *Rosalega fáid þið alltaf mikið af þökkum!* Hún er ný og hissa á þessu vinsæla fólki. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 6.9.1998.

Segi frá ferðum með Hrefnu á gæsluvelli og Klambatún. Þar var enginn svo við gátum sungið hástöfum. Heimkominn fékk ég mikið hrós: Afí kann að róla!

Segi frá því að Jóhanna Vigdís¹ og Guðmundur² hafi eignast dreng, sem er með skarð í vör.³

Rafsegulsviðsráðstefnan er um garð gengin. Sirrí búin að ljúka undirbúningi ársþings TFÍ í haust, svo nú er hægt að fara til Barselóna.

Sirrí bætir við bréfið; segir frá átökum í Tannlæknafélaginu, sem þó snýr ekki að henni en segir að búast megi við mótframboði til stjórnar í haust.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 10.9.1998.

Segir að Axel sé „að saltfiskast“ og sé mikið að gera eftir frekar rólegt sumar.

-- við vorum heilmikið á ferðinni í gær, við Sirrí. Við fórum fyrst keyrandi á vinnustofa Enrique. Hann vildi -- gefa okkur miða á -- skartgripasýningu. Hann var voða hrifinn að fá svona litla manneskju í heimsókn -- sýndi hana öllum nágrönnunum -- sagði þetta aldeilis ekki vera síðustu heimsóknina og hann ætlaði að kenna henni að gera stóla. Svo vildi hann endilega gefa henni brauð -- en mér tókst að afstýra því á síðustu stundu. Síðan fórum við á vinnustofuna mína -- þurfti að borga leiguna og að bæsa hilluna sem Sæunn kom með til að hengja í eldhúsið. Sirrí lét sér vel líka -- lá í sófanum og beið eftir að ég myndi klára. -- Heimsóttum Elenu, konuna hans Óla, áður en hún fer til Íslands -- fórum heim -- ánægðar með okkur eftir skemmtilegan dag. -- Ég er að bíða eftir Axel svo ég komist út að skokka. --

Síðan fórum við ofan í bæ og sækjum Hönnu Brynju, móðusystur Axel sem er hér á ferð með ljósmæðrum og ætlar að borða hjá okkur. --

Eggert og Sigríður skrifa Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 20.9.1998.

Segir frá ólgu í TFÍ, leiðinda þvargi sem gerir starf Sirríar leit. En þetta líður hjá, enda edlilegt að einhverjir séu með samblástur þegar fjallað er um kjör.

-- Við vorum -- í Grillinu á Hótel Sögu þar sem fráfarandi stjórnarmenn Tannlæknafélagsins voru kvaddir. Var það skemmtilegt *selskab*, matur góður, kannski of fínn. Þannig fengum við Sirrí okkur hreindýr --. Maður er ekki beint vanur því að hakka í sig fjóra skammta af fínu kjöti á móti kannski einum af meðlæti þegar öflug hlutföll eru vaninn hér. -- En þetta var samt gott og veislan skemmtileg. Salurinn alltaf jafn fallegur, en einkennilegt að sitja og horfa til hússins okkar, horfa innum gluggana hjá *framandi* fólki. Ég man það í gamla daga hvað það var gaman að líta til hússins og hugsa til krakkanna og sjá ljósin kveikt og slökkt, allt í góðu lagi alltaf - ekki man ég betur.

Ræði harða baráttu gegn gagnagrunnsfrumvarpinu og Kára Stefánssyni, sem verður æ harðari, ekki síst nú þegar geðklofi bróður hans er dreginn inn í umræðuna.

Hér er Sirrí stóra:

Góðan sunnudagsmorgun. Húsbóndinn á heimilinu er orðinn syfjaður og farinn að kúra (eða lúllabía, eins og það heitir á Hrefnumáli). Það eru einu stundirnar sem ég kemst að hér í horninu, á hans yfirráðasvæði. Annars er ekki nema von að hann sé þreyttur eftir allar byggingaframkvæmdirnar, meðan ég sat í vöfflum og fínirí hjá mömmu. Hann er búinn að fella tré, grafa kofagrunn, ná í sand og koma á sinn stað. Nú er bara að bíða og vona eftir Jóni Hannessyni.

¹ Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir (1962) grannkona/sjónvarpsmaður.

² Guðmundur Magnússon (20.12.1958), tryggingamaður.

³ Hjalti Geir Guðmundsson, náði ekki fullkomnum þroska. Er í uppáhaldi okkar hér í húsinu, ekki síst barna Auðar og Axels þar sem hann er þar auðsugestur, að ljúka gagnfræðaprófi og senn að snúa sér að einhverju handverksnámi.

Eggert:

Ekki má maður standa augnablik upp frá tölvunni þá er farið að kjafta frá. Ekki nóg með það. Sirrí stóra uppgötvar rykagnir á gardínum og kennir tölvunni um og lætur ekki hafa áhrif á sig þótt í ljós komi að svo er á öllum gardínum. -- Ég sá að hún dái mig helst fyrir að vera úti í garði og hugsar gott til glóðarinnar til nýs garðhúss. Þið látið mig vita ef þið finnið á henni að ég eigi að flytja þangað! Þá er ég sko farinn! Og ekki bara út í garð -- Manni getur nú sárnað. Ég verð að anda - lítið og varlega! --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 23.9.1998.

-- farin að hlakka til að fá afann og ömmuna í heimsókn. -- ég var að vinna í gærkvöldi, hitti Pétur Leif og systur hans úti á flugvelli, en þau voru að taka á móti foreldrum sínum. Ég hitti Pétur Guðf. og sagðist hann vita að þið væruð að koma. Ég spurði hvort við ættum ekki að halda *bekkjarpartí* fyrir ykkur, en hann virtist ekki haf húnur fyrir því. --

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 6.10.1998.

-- Takk fyrir skemmtilega lýsingu á ferðalaginu til Bilbáo. --

Við höfum verið að stússast í kirkjuverkefninu. Allt gengur vel og vonum við að allir aðrir komi til með að falla fyrir þessum guðdómlegu hugmyndum okkar. --

Jóhannes var svo stoltur yfir að hafa fengið bréf frá skólanum sem hann á að byrja í næsta haust. Hann á nefnilega að fara þangað í innritun í næstu viku.

Aðalafrek Sólveigar um helgina var að klippa í sundur símasnúruna. Ég vona að þetta séu ekki sálræn viðbrögð við símablaðri foreldranna, en ánægð var hún með athyglina -- Hún kann þá kúnst að skila athyglinni og vera hrókur fagnaðar á heimilinu -- Jóhannes var heldur en ekki hneykslaður --

Annars er hann afskaplega upptekinn af frænku sinni Sigríði Ölmú. Hann hefur teiknað margar myndir handa henni sem eiga eftir að koma yfir netið --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 14.10.1998.

Óskar þau velkomin heim og spyr hvernig aðkoman hafi verið, hvort skúrinn sé kominn bakvið húsið og hvort Liselotte sé flutt af efstu hæðinni. Segir hvað heimsóknin hafi verið skemmtileg, afslöppuð og þau rausnarleg að vanda.

Ferðin var ævintýrarík, farið í mörg ferðalög, m.a. norður til Baskalands; Bilbao, San Sebastian og ýmsir viðskiptamenn Axels heimsóttir og það fræga Guggenheimsafn sem arkititektinn Frank Ghery hannaði.

Eggert Ásgeirss skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 19.10.1998.

--Við pössuðum Hrefnu, ég fyrir hádegi, og við bæði eftir. Það var skemmtilegur dagur. Við vorum mest að stússa í garðinum og fylgjast með byggingu kofans góða. Það gerði Hrefna líka með athygli og rétti smiðunum kubba og lista sem hún sá að þá vantaði. Hún er orðin mikið sjálfstæð -- við fórum saman í pósthúsið og þar vakti hún mikla athygli, eiginlega stjórnaði hún þjónustunni um tíma þar sem hún spásseraði um húsið með stóru skinnvettlingana mína á höndunum - kurteis - kann vel við sig í margmenni. --

Segi frá miklu og skemmtilegu sextugsafmæli Dunds - Guðmundar Kristins.

-- Hann var alltaf að segja öllum að hann hefði átt afmæli fyrir einu og hálfu ári. Enginn skildi brandarann minn þegar ég sagði óvenjulegt að hitta mann sem ætti afmæli annað hvert ár. Við hittum margt skemmtilegt fólk og héðan úr hverfinu. Þarna var Ragnar systursonur hans, sveppabóndinn mikli á Flúðum. Það var mikið gaman að hitta hann eldhressan, hann er giftur norskri konu frá Kristianssand og eiga tvær dætur. Hann mundi vel eftir okkur og flestöllum í hverfinu og gat sagt nákvæmlega frá frægum bíltúrum inn í Blesugróf á Moskwitsbíl, fullum af krökkum af Bergstaðastrætinni. Hann bauð okkur heim -- Ekki er fjölskyldan hans stór, ekki aðeins vegna fámennis, hann kynntist aldrei föður sínum, mikil sundurþykkja í fjölskyldu Dunds, sem talar ekki við Kristínu systur sína og var þar enginn úr hennar fjölskyldu nema Kristinn Haukur¹ (*Skarphéðinsson*) og kona hans. Já það var gaman að fara í vel heppnað boð, þar sem þröngt er um svo menn troðast undir nema menn reyni að berjast um. Maturinn var snarl, sitt úr hverri áttinni og hefði sennilega mátt fara í landaleik yfir borðinu. Ég borðaði karrigratin úr káli, sem ég frétti í dag að hefði verið kjúklingur. En gott var þetta og skemmtilegt,

¹ Kristinn Haukur Skarphéðinsson (1956), fugla/vistfræðingur. Fæddist hér í húsinu þegar foreldrar hans bjuggu hér á nr. 69. Kona hans er Unnur Steina dóttir dr. Björns Sigurbjörnssonar sem fæddist á Fjölnisvegi 2.

enda fundum við Sirrí stóra fljótlega hvar barinn var og stóðum þar í dyrunum og losnuðum við alla bindindismenn, nema einn, sem reyndist betri þannig en fullur. -- bráðum búinn að tala frá mér allt vit.

Svo tókum við á móti Bo frá London á þriðjudag og stóru *börsungaffjölskyldunni* um nóttina. Verður spennandi að fylgjast með fólkinu koma sér fyrir á þakhæðinni.

-- Var hjá Dídí með Fjólu vinkonu hennar -- getur varla liðið langur tími þar til hún kveður þennan heim. --

Þórdís Pálsdóttir Briem andaðist 22. okt. 1998.¹

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 25.10.1998.

-- Auður og Axel hafa verið að koma sér ágætlega fyrir. Reyndar þykir þeim um og ó hve heimilið ber keim af Bogahlíðinni, mikið af húsgögnum frá Dídí eru hjá þeim. -- Sigríður Alma er ekki til trafala. Henni líður vel, því betur sem meiri hamarshögg heyrast.

Við höfum verið að skipta hlutum Dídíar og kannski kemur eitthvað til ykkar áður en langt um líður. Kannski bíð ég með það, því ég þarf að fara á fund í Osló. -- Meðal annarra orða! Þú fékkst *Forna dansa*, myndskreytta af Jóhanni Briem? Hér er forlata fallega innbundin bókin, þér ánöfnuð.

Annars hefur lífið snúist um útför Dídíar og undirbúning jarðarfararinnar. Við reiknum með að hafa hana nokkuð í sama stíl og hjá ömmu þinni --

Það er skrytið að standa í þessu bara rúmu ári eftir mömmu, en gerir allt einfaldara og léttara fyrir mig. Palli nýtur þess að ég er rútíneraður, svo hann sleppur nokkuð billega, sem gerir það líka léttara og umstangsminna fyrir mig. Mér er mikils virði að fá að gera þetta litla fyrir Dídí svona *eftir* lokin. Hún hafði ánafnað flestu sem hún átti til afkomenda Palla og mín, og okkur Palla líka. Það sem eftir er gengur líka til ykkar, er raunar ekki frá henni því hún sat í búi mömmu sinnar, hafði fengið allt frá henni. Fjármunir ganga til einhverra góðgerðarverkefna sem við Palli þurfum að ákveða -- Hún hafði ákveðið að gefa 1 millj. kr. til útgáfu á ritum pabba síns. Það stendur upp á Sigga að koma útgáfunni á laggirnar og alls ekki víst að það haldi í erfðaskránni.²

Bo situr hér í stofunni og er að kynna sér ritgerð sem kom í gær í Lesbókinni um fund Grænlands, alveg sérstaklega skemmtileg eftir Gunnar Karlsson prófessor. Á Gunnar hefur verið ráðist þar sem hann taldi vafa leika á hvaða rétt við hefðum til að eigna okkur fund Ameríku. Þessu svarar hann stórskemmtilega og leggur til að við deilum honum með norrænum þjóðum. Ef við höfum talið að landnemar Íslands hefðu orðið Íslendingar þegar þeir fóru frá Noregi, þá ættum við að viðurkenna að Eiríkur rauði og Leifur hefðu orðið Grænlandingar þegar þeir fóru frá Íslandi og vestur. Á þeim árum var ekki þjóðernisvitund, menn töldu sig Þrændur, svo dæmi sé tekið, ekki Norðmenn. Og í Jónsbók voru menn jafnir, t.d. þegar leitað var arfs, þeir sem bjuggu í Noregi, Svíþjóð, Danmörku, Hjaltlandi, Færeyjum og Grænlandi. Jafnvel voru Bretar okkur nátengdir eins og Þjóðverjar. Gunnar telur okkur væri sæmst að tengjast öðrum norrænum þjóðum, þ.á.m. Grænlandingum, sem reyndar eru þeir sem tóku við umboðinu frá Eiríki. Þykir Gunnari bera vott um þjóðernishyggju og rembing þegar við þykjumst meiri fyrir afrek Eiríks. Hann telur gott að meta það sem vel var gert, en ekki séum við neitt meiri þótt okkar lið nái langt í handbolta eða íslensk stúlka stökkvi hátt á stöng. Svona rökræða er skemmtileg. --

Við Sirrí erum að lesa um Guggenheimsafnið í Bilbao. Gaman að fræðast um tæk Frank Gehry á verkefninu sem metur mikils þátt forstjóra safnsins í N.Y. og borgarstjórans í Bilbao. Þetta er mikil list.

-- Þetta staðfestir það sem ég hef einhvern tímann sagt þér að ég teldi engar hugmyndir frumlegar. Allar komnar frá öðrum eða stofninn að þeim. --

Nú er mikið breytt. Við hætt að sækja elliheimili, förum upp á loft eða út í garðskúrinn.

-- nýtt líf -- senn verðum við ein á jólnum, ekkert slæmt um það að segja --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 10.11.1998.

-- Skírnin tókst aldeilis vel, en myndir ekki. -- Veislan ánægjuleg -- gestir færri en boðið var -- Séra Sigurður H. Guðmundsson skírði og sat veisluna með Valborgu konu sinni. Stóð tæpt að hann gæti verið hér, þar sem hann hafði dottið fyrir skemmstu og brotnað -- gengur enn með staf og magabelti vegna baksins. Það var leiðinlegt að sjá hvað heilsan bagar, en hann er vinnuþjarkur og fer illa með sig. Athöfnin var falleg og vel tekið undir í sálmasöng.

¹ Engin bréf eru af þeim atburði, þar sem síminn var farinn að leysa bré af.

² Áætlaður útgáfutími er voríð 2018. Áætlunin trúverðug, í höndum sagnfræðiprófessora H.Í.

-- hrífandi að sjá Sirrí stóru halda á Sirrí litlu undir skírn. Veislan var skemmtileg -- Fyrir mig verð ég að segja að veislan var einhver sú ánægjulegasta sem ég hef setið. Það eina sem skyggði á var að þið voruð fjarstödd. --

Þriðja hæðin er með fínirís drasl af háaloftinu orðin óskaplega falleg og hlýleg. Auður fékk mikið af gömlu dóti úr búi Dídíar. Sumir búshlutir býsna fornlegir -- er allt þetta samsafn orðið falleg heild. --

-- Jarðarförin (*Þórdísar Briem*) tókst mjög vel -- að vísu var presturinn ekki af sömu hlaupvídd og séra Karl, sem nú er orðinn biskup, en góður og þægilegur maður sem gerði sitt besta. Þau báru: Ásgeir, Auður, Imma, Fríða, Ingólfur, Þórhildur Pálsdóttir Líndal, Helga dóttir Ölfu og Þórdís dóttir Jónu. --

Erfidrykkja var í Oddfellowhúsinu, og á eftir samvera hjá Palla og Láru. Erfðaskráin er flókin og þarf að fara í opinber skipti og því óvíst hvað verður um peningana sem áttu að fara í útgáfu á ritum Páls Briem. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 23.11.1998.

-- Sirrí var á fundi í morgun í stjórn TFÍ. Á meðan tók ég soldið til, setti niður lauka --

Mamma þín er óróleg út af hallarbyltingunni eins og hún var kölluð. En það er allt á góðu róli, nýja stjórnin er að fóta sig með ný verkefni -- Það fer allt vel - vonandi.--

Segi frá þroska litlu Sirríar og Hrefnu. Einnig af Hjálta Geiri syni Jóhönnu Vigdísar sem var að koma heim úr aðgerð vegna skarðs í vör, sami galli og Guðmundur pabbi hans fæddist með. Jóhanna tekur þessu vel enda einstök kona.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 30.11.1998.

-- Sirrí hefur haft mikið að gera og á mörgum fundum. --

Þá vorum við í hádegisverði hjá Péttri Guðfinnssyni og Stellu sem var mikið skemmtilegt og gaman að koma þangað eftir langt hlé. Rataði ekki einu sinni til þeirra. En allt var eins og áður, þau hjón vel heima í mörgu og heimilið ber merki Parísaráranna, vináttu þeirra við Valtý Pétursson, minnir á Hafnarárin með húsgögnum eftir Finn Juhl og Hans Wegener.

-- Það var skrytið að sitja í nákvæmlega samskonar stólum og við áttum, þeim sem ekki var lengur hægt að gera við og við neyddumst til að fleygja.¹

Segi frá hljótleikum Sólrúnar Bragadóttur og sýningu í Gerðarsafni á verkum Sæmundar Valdimarssonar. Gaman að hitta Sæmund og dóttur hans sem býr í Grundarfirði og ég kynntist í RKÍ.

Einnig segi ég frá æfistögu Hjörleifs Sigurðssonar sem er einlæg eins og hann er og verk hans öll.

-- Palli hefði viljað að hann segði meira frá átökum sem hann varð vitni að. En það þykir mér einmitt gott að sleppt var. Við höfum svo mikið af *opinberunum* að fólk verður vantrúað og lokast þegar slíkt er haft í frammi. Þetta er sem sé að mínu skapi. --

Af Ásgeiri og Brynju eru þær fréttir að þau ætla að verða í Vínarborg í hálf t. ári, frá febrúar, en Brynja er búin að fá styrk og getur unnið að verkefninu sem eru hluti af námi hennar. --

Auður Eggertsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 30.11.1998.

-- Ég er alltaf að sniglast hér á neðstu hæðinni, þó sem gestur, enda mitt heimili uppi, undir súðinni góðu. Við erum búin að koma okkur nokkuð vel fyrir, þökk sé Dídí, því eiginlega öll húsgögnin inni hjá okkur eru frá henni. Palli og Lára komu til okkar um daginn, voru að skila lykklunum eftir að hafa verið viku í íbúðinni okkar á Spáni. Þá spurði ég hvort þau yrðu nokkuð jafn syfjuð í stofunni hjá mér, í húsgögnunum hennar Dídíar, eins og maður varð alltaf hjá henni. „*Manstu, maður var ekki fyrr kominn inn, hversu hress sem maður var, þá var maður alltaf byrjaður strax að fela geispana.*“ Sem sagt, þetta er allt að koma hjá okkur, og verður gaman að sýna ykkur þetta þegar þið komið heim.

Annars er maður lítillaga byrjaður að undirbúa jólin -- buðum pabba og mómmu í mat upp til okkar. Núna verða þær hvorugar gömlu konurnar og tilvalið að brjóta þetta pínulítið upp og bjóða þeim, í stað þess að vera gestir þeirra. Þannig að nú fæ ég að spreyta mig á að matreiða til rjúpur í fyrsta sinn -- Það er skemmtilegt að búa saman, stutt fyrir Sirrí að fara til afa og ömmu, enda er stöðugt verið að þramma upp og niður. --Það er lúxus að geta skroppið út og haft svona góða pössun. --

¹ Meginóhappið gerðist er bekkjarsystkini mín voru í heimsókn fyrir löngu. Þórir Bergsson, tryggingafræðingur, settist fullur með öllum sínum þunga á arm annars Juhl stólsins og braut hann þannig að hann komst aldrei aftur í lag.

Nú verður breyting á bréfaskiptum við Auði og Axel í Despí. Einhver vandræði urðu í saltfiskframleiðslu fyrirtækisins og sneri þau til Ólafsfjarðar til að hlaupa undir bagga. Dvölin þar var á annað ár. Þar með breyttist fréttáflutningur innan fjölskyldunnar og var orðinn nokkuð brotakenndari en áður. En hvernig til tókst kemur smám saman í ljós.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 6.12.1998.

Hef verið að ganga frá skýrslu um neyðarvarnir veitufyrirtækja, skemmtilegt verkefni sem heldur áfram á næsta ári. Einnig skilaði ég tillögum um norrænt samstarf sem lagt var fram í Osló. Veit ekki hvaða útreið fékk. Sumir tóku það óstínt upp, en það gerir ekki neitt til og er ekki seinna vænna.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 13.12.1998.

Óska honum til hamingju með myndverk hans sem sett var upp í Finnlandi.

-- Ég var að ljúka skýrslu fyrir Samorku um neyðarvarnamál veitufyrirtækja. Mjög skemmtilegt að koma því í gegn eftir margra ára japl. Ég var viss um að það myndi detta niður. Því fann ég upp á leið til aðhalds að gera samning við ríkið um neyðarvarnir. Dusta rykið af Hagvarnaráði, úreltu fyrirbrigði sem fundið var upp í einhverri olíukrísu og ísaári. Ráðuneyttisstjórnarnir, sem skipa það ráð, eru voða glaðir að fá hér tækifæri á silfurfati til að koma því í gagnið. Fyrir mig er mikilvægt að gera samning um gagnkvæmt aðhald. Kosturinn við þetta er óskapleg átoritestrú veitumanna. Þeir slefa alveg þegar þeir sjá fyrir sér samstarf við höfðingja ríkisins. Loksins kemur fyrri reynsla að einhverju haldi í veitumálum. Það skrýtna við þetta mál að veitumenn hafa verið að baksa við það, en líta alltaf á það sem einhverja tækni. Nú verður fróðlegt að vita hvernig þeim tekst að líta á málið sem hugvísindi. Það verður erfitt fyrir þá að taka til við að koma í veg fyrir það sem ekki getur gerst eða að bjarga því sem ekki getur komið fyrir. Þeir hafa alltaf hugsað að þeir þyrftu að bjarga vélum og tækjum - jafnvel sjálfum sér - en hafa gleymt notendunum - fyrirtækjum sem eru háð rafmagni, hita og hreinu vatni.

Þegar við Eiríkur Bogason vorum niðri í ráðuneyti var allt vitlaust þar út af kvótamálum - fullt hús af blaðamönnum - að fréttu hvaða bölvada vitleysu forsætisráðherra væri búinn að gera eða ríkisstjórnin. Þeir gerðu ráð fyrir að enginn kæmi þar í hús nema einhverjir kvótabarónar eða hagsmunasamtök. Því kom í sjónvarpinu - sem ég reyndar sá ekki - mjög nákvæm mynd af því þegar við gengum í sal. Út frá forsætisráðherra kom ráðuneyttisstjórnin í sjávarútvegsráðuneytinu, Árni Kolbeinsson. Við heilsuðumst innilega - þar fengu þeir sannanir blaðamennirnir - en vissu ekki að Árni er frændi okkar úr Briemsætt! Ég vissi reyndar ekki að þarna væri neinn sjónvarpsmaður. Þegar við gengum út var allt fullt af fjölmiðlamönnum - bíðandi eins og hungraðir úlfar eftir einhverju bitastæðu. Þegar við komum niður stígann sneru þeir sér allir við og mændu vonglaðir á okkur. Ég sagði við þá: *Þið megið gjarna taka mynd af okkur.* Þegar við gengum út sagði Kristján fréttaritari ríkissjónvarpsins: *Ekki fara strax!* Urðu af þessu mikil hlátrasköll, sem bjargaði deginum fyrir þessum vesalingum, sem eru eins og endurnar á Tjörninni, alltaf að bíða eftir brauði. Hefði ég átt að móðgast við hláturinn: Hvað var svo undarlegt við boð mitt. En ef þú fréttir að þú sért kominn af kvótabraskara - þá hefurðu skýringuna núna.¹

Eftir þetta fórum við mamma þín með Hrefnu niður að Tjörn til að gefa öndunum. Þær voru allar þakklátar og hlógu ekki neitt að okkur - held ég. Brynja er í prófum.

Þá kemur aðalfréttin, reyndar ekki formleg enn eða opinber - held ég. Ásgeir og Brynja eiga von á barni -- Eiginlega hefði þessi frétt átt að vera fyrst - en maður á alltaf að geyma það besta þar til síðast.

¹ Þetta mál var skemmtilegt fyrir mig, en held að ekkert hafi verið gert í því eftir að ég hætti hjá Samorku.

1999

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 17.1.1999.

-- Axel var að koma frá Spáni, hafði verið þar í viku -- Hann var aldeilis hissa þegar hann sá Sirrí litlu og hvað hún hefði þroskast á þessari viku. Hún er smám saman að læra ýmsar kúnstir og tekin að herma eftir ýmsu sem fyrir henni er haft. Hún situr og nýtur þess að leika sér að *köllunum* þínum, sem eru á sínum stað í tréstockkinum. Hún er farin að klappa saman lófunum, tók upp á því í gær þegar ég var að leika við hana. Það er mikil gleði fyrir okkur að vera með hana og hafa Auði og Axel hjá okkur, því ekki getur sambýlið gengið betur.

En nú verða kaflaskil. Þau fara strax og veður lægir norður á Ólafsfjörð. Ætli við reynum ekki að skreppa stundum norður, enda góð aðstaða fyrir okkur að gista. Svo þurfa þau að koma stundum suður -- Auður er hvergi bangin. -- Hún er búin að ráða sig um tíma til Flugleiða í Barselóna og við okkur sennilega sem (*au-pair!*) hjá henni, -- en Axel kemst ekki. --

Vinnan gengur vel hjá mömmu þinni -- samstarfið við hina nýju stjórn virðist ganga ágætlega --

Ég er að undirbúa lokasprettinn í vinnunni -- undirbý aðalfund, norræna fundi, eina tvo (geri mér veikar vonir um að koma við hjá ykkur) --

Svo hefur Norðurlandasamstarf orkuveitusambandanna gengið hálf brösluglega, það vaxið út yfir öll skynsemistakmörk -- Það er verkefni sem ég hef komið í gang og mun snúa að mér í næstu viku og reyna að koma skikki á með sannfærandi tillögum, sem teknar verða fyrir á norrænum fundi hér á landi. Þetta árið erum við (*ég - þangað til ég hætti störfum í ágúst*) ábyrgir fyrir samvinnunni og verðum að sýna hvað í okkur býr. --

Segi frá Hellisbúanum sem sýndur er í Gamla bíó og Axel og Auður sáu.

-- Hallgrímur Helgason listmálari og rithöfundur staðfærði leikritið fyrir lítið, taldi ekki að hér væri um svo merkilegt stykki að ræða. En viti menn; þetta hefur verið sýnt fyrir fullu húsi í fleiri mánuði. Hallgrímur hefur fengið gefins miða sem uppbót. Hann er eitthvað farinn að skjóta sér í Möggu Ragnars, vinkonu Auðar, hefur verið boðin til Axels og Auðar. Hann bauð þeim öllum í gærkvöldi ásamt Möggu Stínu. Magga Stína og hennar grúppa gerir það gott í tónlistarheiminum, gefur út plötur og ferðast með Björk sem upphitunarhljómsveit.

Björk var með tónleika um daginn og vakti hrifningu. Hún er frábær, þótt ég skilji tónlistina hennar ekki vel. Hún hefur fjarlægst rokkið og er nú á mörkum rokks og klassíkur - jafnvel balletts. Framkoman er óaðfinnanleg og hún ræður stemningunni í húsinu. Ég sá bara eitt lag hjá henni, en var hrifinn af stílnum. Eitthvað segir mér að hér sé um merkilega hluti að ræða - sem kunnir að lifa lengur en sumt annað. --

Auður Eggertsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 17.1.1999.

-- ég sótti Axel til Keflavíkur í ofsaroki, Ég var alla leiðina ánægð með að veðrið væri bara alveg gengið niður, varla gola. Svo steig ég út úr bílnum við flugstöðina og fauk um koll. Þannig að það getur verið ágætt að vera á góðum bíl!

Það var gaman í leikhúsinu í gær, leikrit sem fjallar um samskipti kynjanna og þá sérstaklega innan sambúðar. Því er ekki að neita að þetta ýtti við manni annað slagið, minnti mann á hitt og þetta í eigin fari. Magga Stína sagði á eftir að hún héldi að stjórnumerkið sitt útskýrði margt í hennar karakter, en þarna sæi hún að hún væri bara eins og aðrar konur. Annars held ég ekki að ég eigi neitt sérstaklega týpískar vinkonur að þessu leyti, þær eru eitthvað svo miklar strákastelpur. Enda sagði Magga Stína að hún hefði frekar þekkt sig sem karlinn!

En við erum búin að vera dugleg við að fara í leikhús upp á síðkastið og verið mjög heppin með sýningar. Það er svo gaman að fara í leikhús. Ekkert af þessu gætum við náttúrulega gert nema vegna þess hvað við höfum fína og góða pössun í húsinu. Þetta er algjör lúxus.

En síðan er það nú bara Ólafsfjörður sem tekur okkur opnum örmum. Það verður mest breyting fyrir mig sem hef notið þeirra forréttinda sem heimavinnandi móðir, að búa oní miðbæ, stutt að fara allt og síðan er fólk svo duglegt að líta til manns í kaffisopa. En það tekur eitthvað annað við í staðinn og verður eflaust nóg að gera þar líka. Axel kom heim með eitthvað tíu tennisspaða fyrir börn frá Spáni og ætla að stofna tennisdeild, síðan er líka búið að auglýsa spænskukennslu, svo eitthvað sé nefnt. -- Jæja, léttur hádegisverður bíður eftir mér. Það er fleira en pössun sem við höfum í húsinu, líka hádegisverður um helgar! --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 17.1.1999.

-- Því er ekki að neita að það er söknuður við tilhugsunina um að Auður og fjölskylda séu að fara norður. Slíka gleði hefur Sirrí veitt manni og sambýlið í alla staði. En þetta er lífið sjálft og líta verður á þetta sem tækifæri fyrir fjölskylduna því þau koma til með að hafa það bæði gott og skemmtilegt. --

Það hefur verið mikið að gera hjá mér í vinnunni upp á síðkastið. Nýr formaður hefur aldrei komið á félagsfund TFÍ og aldrei verið í stjórn, svo hann veit ekkert um félagið. Hann komst að vegna þess að hann taldi mönnum trú um að hann gæti sótt meiri peninga til ríkisins til handa tannlæknum. Það á eftir að koma í ljós hvort þeim tekst þetta, en ekki er ég bjartsýn. Það eru viðbrigði fyrir mig því hann situr yfir mér heilu dagana við að rifja upp mál undanfarinna ára. Hann veitt ekki neitt um það sem félagið hefur verið að gera; tannlæknir á Egilsstöðum¹ og þegar hann kemur í bæinn er hann nokkuð lengi og situr mest inni í sínu stjórnarherbergi og talar í símann - en þetta venst. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 23.1.1999.

-- Það er tómlegt hér í húsinu -- Það næstum setur að manni angist þegar Ásgeir og Brynja eru að ganga frá leigu á íbúðinni sinni. Auður er farin að stunda skíðagöngur og var á þorablóti. Þau gera ráð fyrir að koma suður eftir viku, m.a. með Sirrí litlu í barnaefirlit. Þau leggja ekki í héraðslækninn eftir að hafa haft Óla landlækni² hjá sér í viku eftir að hann hætti sem landlæknir vegna aldurs. Hann ætlaði að taka blóð úr fólki vegna blóðþynningareftirlits, en náði ekki dropa úr neinum. Hann bólusetti litla frænku Axels þannig að hún varð draghólt á eftir. Læknar halda að þeir geti allt, þótt þeir hafi tekið próf fyrir nærri hálfri öld og verið embættismenn meginhluta tímans síðan. Það er *óþíum fyrir fólkið* að fá svona þjónustu, heyrir kannski frekar undir kröfur og þekkingarleysi en raunverulega þörf. Og Ólafur er ekki einn um að standa í vegi fyrir þróun og skipulagi, með gervipjónustu. --

Já, ég var að passa Hrefnu í gær. Það er heilmikið puð en skemmtilegt. Krefst æfingar, kunnáttu, andlegs og líkamlegs styrks. Hún er skemmtileg, skýr og dugleg, talar mikið, er fljót að átta sig, farin að telja, þekkir staði og leysir auðveldlega smáþrautir sem við leggjum fyrir hana og aðrar sem hún finnur, en sem við vildum vera laus við. T.d. tók hún eftir snjódrifunni í gær, dró fram stól og fór í gluggann í stofunni. Ég kom þar að sem hún var að ýta stóra blá þrískipta vasanum frá Fiskars til hliðar. Ég fékk fyrir hjartað. Við vorum lengi út í glugga og ræddum mál. Svo varð hún leið og við snerum okkur að öðru. Næst tek ég eftir að hún er komin aftur upp á stólinn og er að renna vasanum aftur á sinn stað. Þetta þekkið þið, en ég er búinn að gleyma að fagrir hlutir geta farið fyrir lítið annað en pínulítinn þroskauka, sem er þó miklu meira virði en hluturinn. Kemur að vísu ekki öðrum framur að gagni. En ég held að Hrefnu þyki við skemmtileg, amman og afinn. Er gott meðan varir. --

Svo höfum við verið dugleg að lesa nýju bækurnar. Þær eru gjarna fengnar á skammtímalánum þannig að við verðum að lesa þær eins og lífið væri að leysa. En það er aðferðin. -- Sem sé, hér er ýmsu menningarlegu sinnt í fámenninu. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 23.1.1999.

-- Af mér er það að segja að vinnan mín hefur tekið breytingum með nýju, ungu fólki, sem ekki hefur innsýn eða skilning á mínum störfum. Vill móta þau öðruvísi og veit sjálf meira en ég um hlutina þótt ég reyni að útskýra málin. Þetta er fólk sem ég á ekki mikla samleið með og eru aðstæður mikið breyttar frá því að hafa vitað nákvæmlega hvar fólk stóð.

En þetta er allt í mótun og best að örvænta ekki strax. Þetta eru töffarar sem þjónust áfram í samningamálum á þeim forsendum að þeir séu að hugsa um velferð fólks, ekki í launabaráttu fyrir sjálfa sig, sem þeir eru þó að gera; auðvitað sér almenningur í gegnum þetta og gerir gys að þeim. --

Segir frétt af jarðarför Sigríðar Skúladóttur ekkju Eggerts P. Briem.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Ólafsfirði. 24.1.1999.

-- Þá er maður kominn í netsamband aftur, rétt eins og maður væri á Spáni. Ég sit hér við tölvuna hans Axels, þannig að þið getið sent póst til okkar í þetta netfang. Við erum hér niðrá skrifstofu að tæma ruslafötur og þrifa, Axel er að ryksuga. Ég var að enda við að ráða mig sem skúringakonu hingað á skrifstofuna, ætla að kaupa skúringagræjur á morgun og byrja eftir það. Maður er jú vanur í skúringabíssnessnum. Sirrí situr á gólfinu, borðar jólakort og rífur kjaft, hún er farin að verða ansi kjaftfor upp á síðkastið. Maður verður að passa orðbragðið nálægt henni!

Við erum búin að vera á gönguskíðum í dag. Það er satt að segja helv. púl, en þetta er annað skiptið sem ég stíg á þetta fyrirbæri. Ég vildi nú bara vera á jafnsléttu, því mér gekk ekki nógu vel í brekkunum um daginn, þannig að ég fór bara á brautina sem búíð var að troða á vatninu. Axel fór í æfingabrautina. Þetta er roslega fín aðstaða. Eftir þetta púl fórum við svo heim í heitt nuddbað og erum ansi hress núna. --

¹ Þórir Schiöth (1963)

² Ólafur Ólafsson (1928) fyrr landlæknir frá Brautarholti á Kjalarnesi.

Hugurinn er hjá ykkur -- það verður gaman að fá ykkur hingað og sýna allt sem Ólafsfjörður hefur upp á að bjóða. -- Ástarkveðjur.

Eggert Ásgeirss. skrifar Bo Almquist. Rvík. 27.1.1999.

Pakka fyrir sérprentunina úr afmælishátíðarriti Jóns Hnefils Aðalsteinssonar en bókin er vel heppnuð.

-- Þú staðfestir með grein þinni það sem ég hef áður sagt um rithöfundinn Bo. Ætla ég ekki að tyggja það aftur, enda sýnist mér þú roðna við slík orð sem feimin telja. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 15.2.1999.

Ásgeir og fjölskylda dveljast í Vínarborg.

-- Gott að þið séuð komin í áfangastað og húsnæði. Reyndar leist okkur ekki alveg á blikuna þegar við fréttum hjá Lind (tengdamóður hans) af lélegu ástandi íbúðarinnar. Gott var að fréttu frá honum að einhverjir kostir væru þó fylgjandi. Svona stúdentaíbúðir eru venjulega í þessum dúr. Við Auður vorum að tala um að á flóamörkuðum mætti áreiðanlega finna á prúttverði það sem þau vanti. Kosturinn við miðbæinn er mikill vegna ferðakostnaðar. Miðborgin í Vín er svo stórkostleg að fáar eða engar borgir í Evrópu taka henni fram um stemningu, sögu, þjónustu, a.m.k. var það svo þegar við Sirrí vorum þar. --

Við komum heim um níuleytið í gær frá Ólafsfirði. Það var nú skemmtileg heimsókn og gaman að hitta Sirrí litlu aftur. Líka foreldrana, en þeir standast tæplega samkeppni við hana hvað fjör og samskiptatækni snerti!! Gestrisni þeirra var þó í besta lagi og samtaltæknin snöggt um betri en hjá Sirrí. Með norður fór Edda Jóns,¹ mikill spéfugl og góður ferðafélagi.

Við kynntumst Ólafsfirði vel, skoðuðum okkur um í vetrarblíðunni, litum inn í fiskhús og kynntum okkur rekstur fiskibáta og skoðuðum flökunarlinur. Af öllu stafar góður andi. -- Fjölskyldan unga býr í neðri „kjallara“ sem er fjórum metrum hærrí en gatan) með stórkostlegu útsýni -- yfir bæinn, höfnina - nýkeypti báturinn þeirra, við bryggjuna - beint neðan undir. Íbúðin er rúmgóð, nýinnréttuð, tveggja herbergja. Í stofu er stórt pláss fyrir borðstofurborð og sófasett. Stórt og fínt baðherbergi og ágætt eldhús. Sá hængur er á að allt er svo nýtt og sleipt að Sirrí nær ekki að skriða, grípur bara sundtökin - sem hún kann - en getur ekki kafað! -- Dvölin enduðum við með því að fara á snjósleda á svaka kani yfir Ólafsfjarðarvatn og um fjöll og firnindi. Ótrúlegt hvað er hægt að komast hratt yfir á þessu tryllitæki. -- Heimferðin fyrir okkur var aldeilis dýfótt og skrýtið að dingla í loftinu yfir Tjörninni, en landingin dúnmjúk eins og logn væri. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 15.2.1999.

-- við, foreldrnir, höfum lengi reynt að sannfæra okkur um: Engar fréttir eru góðar fréttir. Raunin hefur jafn oft verið sú að miklar fréttir séu góðar fréttir, svo hér er ekki um margt að velja. Þar við bættist sú lífsskoðun sumra hér á heimilinu að vont sé gott og gott sé vont; að öllu gamni fylgi nokkur alvara; að oft komi grátur eftir skellihlátur; að oft komi hlátur eftir (skelli)grát! Því er hér um ýmsa kosti að velja í okkar stóru *elkó-kjörbúð* lífsins. --

Síðasta aðalfundinum mínum hjá Samorku var að ljúka með hinni skemmtilegustu matarveislu. Við sátum við skemmtilegt borð með samstarfsfólkinu og heiðursgestinum Gunnari hitaveitustjóra, Auðbjörgu, konu hans, bekkjarsystur minni úr barnaskóla, og Aðalsteini Guðjohnsen og Rögnu konu hans. Gunnar og Aðalsteinn eru komir á eftirlaun, þótt Aðalsteinn sé eitthvað að dútla -- Gunnar er gjörsamlega niðurbrotinn og hefur ekkert að gera nema láta sér leiðast.

Aðalsteinn heldur sér við ráðgjöfina. Svo bar við að hann, hrokagikkurinn og merkikertið, var hinn skemmtilegasti. Reyndar, að einhverju leyti fyrir það að við Sirrí peppuðum hann upp. Þannig að Sirrí, eftir allar hremmingarnar og yfirlætið, að ég nú ekki tali um fyllirín o.fl. var stórhriðin, svo mér stendur ekki á sama. Þegar ég sagðist líta inn til hans á vinnustaðnum sagði Aðalsteinn: *Vertu hjartanlega velkominn, hvenær sem er!* Svona getum við leiðindakarlar orðið þegar við fáum þá ráðningu sem fólgin er í að leggja niður störf í heiðurs skyni fyrir langt og gott starf. --

Við vorum á skemmtilegum makafundi hjá Zonta. Sagði Ingibjörg Magnúsdóttir þessa sögu.

Hún var með frænku sinni lítilli og var að segja henni sögu. Þá svaraði hún: Þessar gömlu sögur, þjóðsögur, Íslendingasögur eru alveg hundleiðinlegar.

Ingibjörg: Ef þér finnst þær svona leiðinlegar, segðu mér sögu sjálf.

¹ Edda Jónsdóttir, æskuvinkona af Bergstaðastræti og bekkjarsystir Auðar .

Frænkan: Það var maður sem fenginn var til að byggja hús úr múrsteinum. Hann byrjaði og kláraði húsið. Þegar hann var búinn var einn steinn eftir. Hvað gerði hann: Fleygði steininum.

Ingibjörg: Er sagan búin? Ekki þótti mér þetta neitt skemmtilegt.

Litla frænkan: Æi - var það. Ansans. Þá skal ég segja þér aðra sögu. Hún gerðist í járnbrautarlest. Þar sátu karl og kona. Maðurinn kveikti í vindli. Þá sagði konan: Hér má ekki reykja. Fleygðu vindlinum út um gluggann. Hún opnaði gluggann og maðurinn fleygði vindlinum út um gluggann. Konan var með hund sem litlu seinna fór að gelta og var ekki hægt að stoppa hann. Maðurinn sagði: Hér má ekki vera með hund. Fleygðu honum út um gluggann. Og konan fleygði hundinum út um gluggann. Svo var stoppað á næstu brautarstöð. Hver kemur þá hlaupandi? Hundurinn konunnar! Hvað heldur þú að hann hafi verið með í munninum?

Ingibjörg: Vindilinn!

Frænkan: Nei - með múrsteininn úr fyrri sögunni!

Segi margar sögur úr menningarlífinu, málþing um H.C. Andersen, tónleika og leiksýningar. Einnig að Salvör Nordal sé að flytja út af miðhæðinni og Liselotte, vinkona okkar, hefði hug á að flytja inn. Og við á förum til Danmerkur og Noregs.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 18.2.1999.

-- má til með að skrifa til að gleðjast með ykkur yfir að Hrefna skuli vera á batavegi. --

Dagur hefur ekki heyrt um að Hrefna fékk lungnabólgu eftir komuna til Vínarborgar og var lögð inn á spítala. Þau eru ekki fyllilega ánægð með íbúðina sem þeim var séð fyrir og ætla í kvöld að skoða íbúð sem þeim býðst í mánuð.

-- Af Auði og fjölskyldu er allt gott að fréttu - nema hvað Axel liggur í flensu. Auður var á leið á skíði þegar ég talaði við hana -- Þá tók Auður spænskukennsluna að sér þegar Axel veiktist. Svo er hún með kennslu fyrir nýbúa á Ólafsfirði og allt gengur þar vel.

Sirrí stóra er með fimmtudaginn langa, verður sjálfsgaft á fundi fram á nótt - ef að líkum lætur. --

Þá var ég að ljúka við skemmtilega afmælisbók Jóns Hnefils Aðalsteinssonar. Yfirleitt eru svona bækur heldur lítils virði. Menn setja í þær fremur ómerkilegt efni sem þeir eiga í förum sér. Þessi bók er samstæð og skemmtileg. Ég skrifaði hjá mér inntakið í nokkrum greinum og læt það fylgja ef þið hafið gaman að. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 27.2.1999.

Mikið er rætt um þá hugmynd Axels að koma upp saltfiskminjasafni á Ólafsfirði og er í því sambandi leitað ráða hjá Degi um hönnunarhugmyndir. Sjálfur safnaði ég rituðu efni um málið og tók sitthvað saman. Ekkert varð úr hugmyndinni og gögnin öll með ummerkjum hér í neðstu hillunni hjá mér í kjallaranum.¹

Eggert Ásgeirss skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 27.2.1999.

-- Í dag er 39. brúðkaupsdagur okkar Sirrír og við veltum fyrir okkur hvaða dagamun eigi að gera. Enn er ekki komin niðurstaða - en alltaf er þessi dagur skemmtilegur og viðburðaríkur - margs að minnast frá liðinni tíð. Aldrei hefur hann gleymst - en komið hefur fyrir að komið væri fram að hádegi að við myndum hvaða dagur væri - stundum var það Auður sem minnti okkur á. Það gerðist ekki núna, nema ég verði búinn að gleyma deginum þegar Sirrí stóra vaknar.

Auður og fjölskylda komu í gærkvöldi. Hún er búin að vera lengi á kafi í snjó. Seinni part vikunnar hefur verið hláka um land allt og snjór sigið saman og horfið. -- Mikið var gaman að hitta þetta bráðhressa fólk, sérstaklega Sirrí litlu, sem alltaf er að bæta einhverju við. Hún er orðin sannarlegur kraftajötunn, stinn og stór og farin að vagga sér á höndum og hnjám, rísa upp. Hér getur hún æft sig í skriðkúnstinni þar sem teppi eru. Auður verður hér fram á fimmtudag en þá er kennslutími fyrir útlendingana -- Axel fer annað kvöld. --

Hrósar nýju tölvunni sem Sirrí ákvað að yrði gjöfin í ár, hröð, sama tegund og hún hefur í vinnunni. Vandræði með týnd gögn, myndasendingu o.fl.

-- Góðar fréttir streyma frá Vínarborg -- Enn er menningarlífið ókannað en Ikea og Vínarkringlan (ekki brauðtegund) hefur verið könnuð. Hrefna er að mestu búin að ná sér og Brynja að -- hefja sitt nám. Höfum fengið tilskrif -- Við, fulltrúar fjölskyldunnar, staddir á Bergstaðastræti, vorum sammála um skemmtilegan stíl Brynju. Sirrí tók undir með klappi, sem hún er byrjuð aftur á eftir hlé.

¹ Ekkert varð úr þessum fyrirætlunum. En metralangt safn er hér hjá mér af heimildum og öðrum gögnum.

Sirrí stóra fór á tannlæknafundum í vikunni. - Ég notaði tækifærið og fór einn á leiksýninguna: *Maður á mislitum sokkum*, eftir Arnmund Bachmann,¹ sem nú er látinn. Það er víst ekki oft sem ég hef farið einn í leikhús á Íslandi. Hríðarveður, ég klæddi mig í útivistarföt og arkaði á Smíðaverkstæði Þjóðleikhússins. Þar varð ég fyrir áfalli. Ég sat innan um eintóma *ellilífeyrisþega* af Seltjarnarnesi. Marga þeirra kannaðist ég við frá því í gamla daga, því þetta voru jafnaldrar mínir. En mikið ósköp skil ég mömmu og Dídí vel, sem ekki féll við félagsskap gamals fólks í hópum!!

En það var hræðilegt að vera minntur á stöðu sína í samfélaginu. Ekki nóg með það. Á senunni voru afganglir leikarar, Bessi, Árni Tryggva, Gunnar Eyjólfsson, Guðrún Stephensen, Þóra Friðriksdóttir. Stjórnandinn, Sigurður Sigurjónsson, gerði það heldur illa. Persónurnar voru frá höfundarins hendi stereótypur, eins og heyrir til í farsa, og síðan bætt við í leik, kjánalegar. Þannig jók það á sjokk mitt að vera allt í einu innan um aldraða jafnaldra, að sjá þessar hræðilegu manneskjur á sviðinu. Meira að segja unga fólkið var líka þessi venjulega manngerð - vill sitja á foreldrum sínum, hafa af þeim fé, koma þeim á elliheimili til að geta skipt eiginum á milli sín. Er von að maður verði niðurdreginn af að gruna ykkur allt í einu um græsku. Þetta var sem sé farsa sem Arnmundur samdi fyrir leikflokk aldraðra, og er sennilega góður í þeirra höndum. Arnmundur dó rétt um það leyti sem verið var að setja leikritið á svið, svo kannski hefur verið erfðara en ella að umbreyta leikritinu þannig að hæfði þjóðleikhúsi. Arnmundur var orðheppinn og skemmtilegur þótt hann væri haldinn alvarlegum taugasjúkdómi og bundinn við hjólastól og m.a.s. baslaði allt fram að því síðasta að stunda sín lögfræðistörf, en hann sérhæfði sig í vinnurétti. Konan hans er Valgerður Bergsdóttir,² frænka okkar.

Ég kom svo út úr leikhúsinu í kuldaskóm og úlpu, enn niðurdreginn. Kafaði snjóinn kófsveittur, því komin var asahláka. Sirrí var komin heim, frávita af hræðslu yfir að ég væri týndur - sem segir að eftir 40 ár þyrfti maður aðeins að fara að experimentera.

Annars hefur lítið verið að gera. Ég hef dálítið verið að skoða gömul RKÍ skjöl þar sem sagnfræðingur³ er að skrifa sögu félagsins og þurfti að fá eitthvað að vita. Meginspurningin hjá henni var hvers vegna menn hefðu alla tíð deilt svo mjög í félaginu, gerðu jafnvel enn, að mér skildist, og væri stöðugt stríð milli stjórna og starfsmanna. Svo það er ekki beint skemmtilegt fyrir aumingja konuna að skrifa, þurfa að fara kringum heitan graut!

Undanfarið hefur verið þáttaröð um sögu kalda stríðsins. Þar var einn aðalheimildarmaður George Elsey,⁴ sem var í heimstýrjöldinni og eftir hana, sem ungur maður aðalráðgjafi Trumans bandaríkjaforseta í utanríkismálum. Varð síðar formaður RK í Bandaríkjunum, þægilegur og skemmtilegur samstarfsmaður, sem ég hitti á alþjóðafundum, reyndar líka í Ameríkuferðinni og áttum við margt saman að sælda og vorum góðir vinir. --

Mér sýnist starf Sirríar ganga vel og að skilningur formanns á starfi framkvæmdastjóra sé vaxandi. Léttir þetta starf hennar mjög og sviftir burt áhyggjum hennar (og mínum).

Við vorum í skemmtilegu boði hjá Jóhönnu Vigdísu og Guðmundi. Einar og Birna voru forvitin að sjá gamla húsið, því þeim var boðið ásamt Hjalta Geir og Sigu, Jójó og Óla, og okkur. Þau eru búin að koma sér vel fyrir og skemmtilega í þessu merkilega og góða húsi (ekki þó vegna hringstiganna - segir Sirrí). Útsýnið er hreint frábært. auðvitað hlýtur að vera erfitt að búa á fjórum hæðum, en samt. Guðrún⁵ dóttir þeirra er að ljúka samræmdum prófum og enn í skóla í Hafnarfirði. Sérstaklega falleg og skemmtileg stúlka sem gaman er að hafa hér í götunni (og húsinu) - því hún hefur passað hjá Salvöru og Eggert.⁶ Litli Hjalti Geir er elskulegt barn og hafa aðgerðirnar á skarðinu í vör tekist vel. Hann þroskast þrýðilega. Þetta er indælt fólk heim að sækja. Trakteringar voru aðallega svissneskir ostar, keyptir í ágætri ostabúð í Hafnarfirði. --

Smá saga. Salvör og Eggert voru flutt inn og við Sirrí fórum á sinfóníutónleika. Litlu síðar vorum við spurð um leigjendurna. Ég sagði að ekki hefði það nú byrjað rétt vel. Komið hefði í ljós að leigjandinn væri pákuleikari og þar á ofan hefði hann verið svínfullur á hljótleikum. Áheyrendur báðu fyrir sér. Sem betur fer æfði Eggert sig á hljóðlausar trommur og hafði verið að troða upp í hlutverki fyllibyttu á nýárstónleikum. Gott fólk.

¹ Arnmundur Bachmann (1943-1998) lögfræðingur.

² Valgerður Bergsdóttir listmálari dóttir Valgerðar Þorsteinsdóttur Briem og Bergs Pálssonar.

³ Margrét Guðmundsdóttir: Saga Rauða kross Íslands 1924-1999. Rvík 2001. Þetta er afleit saga. Við Davíð Sch.

Thorsteinsson lögðum til við útgáfufundina: Önnu Prúði Þorkeldsdóttur og Guðjón Magnússon, að hætt yrði við útgáfuna. Í bókinni eru aukaatriði gerð að aðalatriðum og ekki minnst á aðalatriðin. Ég á einhvers staðar bréfin frá okkur. Margrét þessi talaði við mig þegar hún var, að mér sýndist, búin að skrifa bókina. Þegar ég benti á heimildir sagðist hún vera komin með svo mikið að hún þyrfti ekki fleira.

⁴ George Elsey (1918), varaformaður Rauða kross Bandaríkjanna 1958-60 og formaður 1970-82.

⁵ Guðrún Edda Magnúsdóttir er lögfræðingur.

⁶ Salvör Nordal (1962), heimspekingur, og Eggert Pálsson (1960) pákuleikari. Skildu.

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík. 6.3.1999.

-- leiðinlegt þegar bréfaskriftir nálgast að vera kækur! Ég læt það þó ekki á mig fá, sennilega eru einhver *Asberger-heilkenni!* í mér, eins og þið hafið væntanlega tekið eftir. Byrjar með að vita allt um allt, síðan allt um fátt, þá lítið um fátt og loks allt um ekkert. Á þetta að verða gleiðgosabréf? - ég hætti og tek mig á. --

Dagur er spenntur, farinn að undirbúa norræna arkitektanámskeiðið hér sumarið 2000. Hann hefur lokið miklum verkefnum og hefur það nokkuð léttara eftir annirnar. Þá eru þau Vibeke að undirbúa kaup á húsnæðinu sem þau búa í --

Ásgeir og Brynja eru ánægð í Vinarborg og líkar henni vel við skólann. Hrefna komin til góðrar heilsu. --

Segi frá smellnu leikriti Kristjáns Hrafnssonar: Leitum að ungri stúlku, sem fékk verðlaun fyrir stuttleikrit. Þær Sírri, Auður og Jójó ætluðu að sjá það en þá féll það niður vegna töku Sjónvarps á því sem gerð var í spaugsskyni með leikkonuna.

-- Var leikritinu breytt án þess að hún vissi, vatn látið leka á senuna, mótleikarinn breytti texta sínum, stöðumælavörður kom í gættina og skipaði henni að flytja bílinn sinn. Þetta var spaugilegt en furðulegt að fólk skuli taka því vel að það sé platað með samanteknum ráðum margra. Mótleikarinn sem var með í plottinu sagðist hafa fengið á tilfinninguna að kannski væri það hann sem verið væri að spauga með. Sem betur fer var ég ekki með.

Segi frá mjög góðum píanótónleikum Þorsteins Gauta Sigurðssonar í Salnum í Kópavogi. Stórkostleg skemmtun og við sátum á aftasta bekk.

-- Jón Ásgeirsson¹ tónskáld settist hjá mér, *bróður sínum*, eins og við köllum okkur í spaugi, Hann er sannfærður um að við séum báðir að vestan ættaðir, heldur því fram að Ásgeirsnafnið sé vestfirskt. Ég sagði honum enn einu sinni að svo væri ekki og hefði þabbi verið skírður í höfuðið á Ásgeiri Sigurðssyni² konsúl og kaupmanni í Edinborgarverslun, sem hafði verið mikill vinur afa í Nesi --

Þegar ég nú fletti Ásgeiri Sigurðssyni upp þá kemur í ljós að hann var einmitt í móðurætt frá Hrafnseyri. Það var margt spjallað við Jón. Hann var mjög hissa þegar ég sagði honum að ég hefði verið viðstaddur nemendatónleika í Trípólíabíó, sem var í eigu Tónlistarfélagsins. Þar var hann undirleikari á píanó þar sem Leifur Þórarinnsson spilaði á fiðlu. Það kom fyrir að fiðlustrengur slitnaði hjá Leifi þegar hann var að stilla fiðluna. Þurfti hann að fara fram og ná í nýjan streng, kom aftur og byrjaði að stilla. Vill þá ekki betur en svo til að strengurinn slitnaði aftur. Var þetta bæði spaugilegt og vandræðalegt. Því bætti Jón við að Jón Sigurðsson bassaleikari átti að fletta nótonum fyrir þá báða Jón og Leif. Var miði settur fyrir framan hann sem á stóð: *Líka Leifur*. Hann gleymdi því og var því ekki flett fyrir Leif. Leifur var bæði stórlýndur og uppstökkur, þá eins og alltaf. Þegar ekki var flett fyrir hann þá stoppaði hann í miðju lagi og beið þangað til að Jón bassi fletti fyrir hann líka. --

Ég spurði hann hvernig hann ynni dómana eftir tónleika og um tölvunotkun hans.

--Það var gaman að sitja þarna við hlið hans og finna bekkinn taka dýfur þegar hann lifði sig sem best inn í tónlistina. Stundum raulaði hann líka undir. Hann sagðist fyrir tónleikana hafa þælt sig í gegnum Tunglskinssónötu Beethovens. Ekki hefði það nú verið merkilegur leikur. *Tókstu eftir að þetta voru bara tveir tónar*, sagði hann um *Gnossú* Eric Satie. Það var stórkostlegt að heyra hvernig Þorsteinn gat látið syngja fallega í strengjunum í sönötu nr. 26 eftir Barber.

Við sátum og klöppuðum í takt og hann sagði: *Við höfðum það*, þegar húsið fór að klappa í takt. Svo dofnaði það dálítið en byrjaði aftur uppi: *Er annað klapplið uppi?* spurði Jón aldeilis hissa. *Nú er ég farinn*, sagði hann og rauk burt þegar einhverjir stóðu upp og ætluðu að ná fram *standing ovation*, hvað sem það nú heitir: Hyllingu! sem er það væmnast sem til er, alveg ómögulegt að komast undan þótt manni jafnvel mislíki hljómleikarnir. -- Ég ákvað að hætta galgopaskap í byrjun bréfs, sé nú að ég missti taumhaldið á mér í lokin. Þið fyrirgefðið - Sírri stóra - líka þú! --

Einu sinni kom ég í ritstjórn Moggans í Aðalstræti. Hitti ég í stigaganginum Elínu Pálmadóttur, blaðamann, sem að vanda hafði margt að segja. Getur verið erfitt að slíta samtölum við hana. Þá gekk Jón Ásgeirsson fram hjá. Ég kallaði til hans og sagðist þurfa að segja nokkuð við hann, sem ég man ekki hvað var. Slitnaði þá samtalið við Elínu. Eftir þetta sagðist Jón alltaf dást að mér!

¹ Jón Ásgeirsson (1928), tónskáld.

² Ásgeir Sigurðsson (1864-1935) konsúll. Ásgeirsnafnið í fjölskyldunni er mjög algengt og margir kunnir menn af ættinni sem borið hafa þetta nafn.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí, 10.3.1999.

-- Það er aldeilis fínt veðrið hjá okkur -- Við fórum í göngutúr eins og venjulega -- Sírri bara á peysunni og í kjól og sokkabuxum. -- Það er merkilegt í þessu hversdagslega húsmóðurstarfi mínu, hvað mér finnst ég hafa mikið að gera -- fer af stað með langan lista sem ég ætla að gera og yfirleitt næg ekki að klára allt -- fann litla skranbúð og bíl á 150 kr. sem Sírri getur ýtt sér áfram á alla leiðina heim. Það er aldeilis plús að búa við göngugötu.

Annars er ég daglegur gestur í málningarbúðinni -- pantaði málningu á veggina í barnaherberginu og skrifstofunni -- vonandi getum við gert eitthvað um helgina -- það er bara verst hvað þessar helgar eru fljótar að fljúga -- sérstaklega þegar það er svo margt sem maður ætlar sér að gera. Ég ein hef lítinn tíma til að gera neitt, því það er eins og það er með litlar hendur sem vilja helst koma við allt. Annars byrjar Sírri í leikskólanum á mánudaginn --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí, 10.3.1999.

Segir frá framkvæmdum á heimilinu, gestagangi og lausn á pláss/gestavandamáli en Emilio, gesturinn, stakk upp á lausnina; svefnsófa í skrifstofuna.

Þá fór hún með ferðaskrifstofumanni til að skoða hótél þangað sem Terranova verður með ferðir í sumar.

Svo var mikið drama í kringum fyrsta daginn sem Sírri litla fór í leikskólanum. Bætur ekki úr skák að hún skilur engan þar.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 21.3.1999.

Sagt frá því að þau, ásamt Árna Geir Pálssyni, hafi hitt Dag og þau öll á hafnarbakkanum við Nýhöfnina.

-- fagnaðarfundur þegar krakkarnir komu hlaupandi í fangið á okkur, eins og við hefðum skilið fyrir stuttu. Árni Geir var með okkur, glaður, kátur og skemmtilegur. -- Hann tók Vibeke og Dag til að skoða listasafnið nýja, Arken, sem ekkert þeirra hafði séð; glæsilegt hús en umdeilt, utan við Höfn. Svo fóru þau á sýninguna í Kunstforeningin þar sem var sýning á verkum Arne Jakobsen, þess fræga arkitekts og húsgagnahönnuðar, sem breytt hefur heiminum. -- Við höfðum komið í heimsókn til Árna og Soffíu -- Þar var stór bók um Arne Jakobsen á borðinu. Þegar við komum hingað var sama bók á borðinu. --

Við Sírri fórum hinsvegar með Sólveigu og Jóhannes í *Zoologisk have*, flæktumst mikið um í strætisvögnum -- öllum til skemmtunar. Krakkarnir eru sannarlega myndarleg og skemmtileg. Bæði hafa þroskast og eru glöð og kát. Sólveig er þétt á velli og glöð í lund -- leikkona, nýtur þess að dansa og *brilljera* fyrir framan hópa, syngur mikið, kann marga texta, stórhreifin af bróður sínum og hermir allt eftir honum.

Við tókum vagn, þegar við komum í dýragarðinn og ókum þar um í mestu glaðvæð milli dýranna og pylsubúðanna. Var fullkomið vafamál hvort þeim þætti dýr skemmtilegri lifandi eða dauð. Þau voru afa og ömmu eftirlát. --

Svo var farið í Statens Museum for Kunst, skoðuð nýja viðbyggingin og m.a. fræg Matisse sýning. Þá var farið í veitingasalinn og kom þangað Soffía með Hólmsfríði alltaf sama fallega barnið.

-- vorum hrifin af sýningum og verkum, nema Sírri sem var nokkuð hneyksluð á listaverki sem voru ræmur af persneskum teppum. Við hin vorum skilningsrík við hennar skoðanir og héldum út í Hafnarvorið, fengum okkur bíl út í Oslóarferjuna --

Segi frá dvölinni í Höfn, fyrr í ferðinni, vorum á fundum, móttökum og stórri veislu í d'Angleterre.

-- Við Íslendingarnir höfðum það rosa-rosa skemmtilegt ásamt útvöldum vinum, helstum frkvstj. norska tannlæknafélagsins. --

Sírri var á framkvæmdastjórafundi og voru þeir dolfallnir að hún myndi ekki koma á norrænan fund í Stokkhólmi - nokkuð sem hún er fullkomlega sátt við. Það þarf að spara í félaginu, segir nýja fólkið. --

Í dag eftir komuna til Oslóar höfum við tekið það rólega, verið í sleðaferðum -- kastað snjóboltum og lent í margskonar *lífshættu!* Ekki komu allir grátandi heim, en sumir. -- Það er gott að vera hjá þeim, gestrisni; manni líður vel á heimilinu --

Auður Eggertsdóttir skrifar pabba, mömmu og Degi. Ólafsfirði, 22.3.1999.

Af okkur er allt gott að fréttu en samt eiginlega bara ekki neitt, þannig að ég gæti þannig séð bara lokið þessu hér og nú. Og þó, eru ekki alltaf einhverjar fréttir af manni þegar maður er að láta hugann flakka Við áttum ágætis helgi hérna, það var ansi kalt, en gott veður -- Það var nú ekki úr að við færum á skíði, eins og við kannski ætluðum okkur, a.m.k. fór ég ekki á skíði. Á laugardaginn lenti ég í því að bíða eftir Axel, en hann á það til að hverfa svo skemmtilega hérna á Ólafsfirði. Þá fer hann út og segist vera kominn eftir hálf tíma og síðan geta þess

vegna liðið fimm tímar þar til ég sé hann næst. Þannig að ég var eiginlega alltaf að bíða eftir kallinum mínum en þá hafði hann farið til að ná í gröfu og vildi endilega fara að moka götur bæjarins!! Svona er hann óútreiknanlegur. Þannig að þegar hann loksins birtist var ég orðin grjótfúl út í hann. En við drifum okkur samt út á meðan Sirrí svaf og fórum smá bunu á vélsleðanum. Það var þó ekki lengi því það var fullmikið frost fyrir svona ferð, það bitur mann svo ægilega að mér fannst ég vera frosin inn að beini og vildi fara aftur heim að hlýja mér. Þar fór ég í heitt bað, setti Sirrí á mitt baðherbergisgólfið og tannkremstúpu hjá henni að leika með. Svo þegar ég hef það sem best í baðinu, gægist allt í einu lítill kollur upp fyrir baðkarsbrúnina og kíkir á mig í baðinu. Svona er hún farin að vera dugleg að standa upp. Síðan fíkrar hún sig eftir brúninni og reynir að komast svona á milli og bjarga sér.

Á sunnudag fórum við í leikhúsið á Akureyri, sáum *Systur í syndinni* eftir þær systur Iðunni og Kristínu Steinsdætur, vægast sagt hundleiðinlegt leikrit. Leikararnir stóðu sig ágætlega en það er erfitt að dást að leik þegar hlutverkin eru ekki skemmtileg og maður hefur enga samúð með persónunum. Það sem var skemmtilegt var Tjarnarkvartettinn sem sá um tónlistina og sungu án undirleiks. Það var engu að síður gaman að fara þetta, ég hafði aldrei komið í þetta leikhús áður og það var gaman að fara aðeins út að borða áður. Það verður eitthvað svo mikil stemning að koma frá Ólafsfirði þar sem er nákvæmlega ekki neitt!! Við fórum með Ásgeir og Stínu og þegar við komum heim þá voru barnapíurnar, afinn og amman, nokkuð glöð að sjá okkur Þau höfðu verið með yngstu dóttur þeirra og svo Sirrí, Báðar höfðu verið með einhverjar óspektir, en þó ekkert bálvondar eins og stundum. Þær voru vakandi þegar við komum og glaðar að sjá foreldrana - hafði gengið betur en oft áður. Axel fór síðan á sunnudag og keppti á gönguskíðum, en það er varla hægt að segja að hann hafi stigið á gönguskíði í fimmtán ár og ekki verið borið á skíðin hans jafnlengi. Hann fór þetta bara vegna þess að þetta var minningarmót um askuvini hans, tvíburana sem kepptu með honum í gamla daga en fórust í bíslýsi þegar þeir voru unglingar. Við Sirrí fórum náttúrlega og hvöttum okkar mann til dáða, en það dugði ekki til. Hann hætti keppni eftir fimm kílómetra, í stað tíu, en hafði reyndar ekki ætlað sér að fara meira. Ég hafði gaman af því þegar keppendur fóru framhjá rásmarkinu eftir einn hring og voru kynntir og tíminn sem þeir voru á, þá var sagt: „*hér kemur enginn annar en Axel Ásgeirsson*“ eins og Ingmar Stenmark væri þarna kominn eftir langt hlé! Ég var búin að pakka Sirrí vel inn í gærur og ull og var með hana á þotu, en frostið var svo mikið að þegar hún var hætt að geta hreyft andlitsöðvana, þá fórum við heim. --

Ég er farin að hlakka til að fara suður. Ég hef verið að viðra þá hugmynd við Axel að ég myndi fara á undan og hann kæmi um páskana. Hann hefur oft verið hrifnari af hugmyndum sem ég hef fengið, sagði mér að skilja þá Sirrí eftir og hann kæmi með hana. En ég var ekki alveg til í það. Þannig að við erum strax komin í forræðisdeilur; þó ekki skilin enn. --

Eggert og Sigríður skrifa Auði og Ásgeiri. Osló. 24.3.1999.

Eggert: -- Hér höfum við haft það alveg stórgott í fögru verðri, björtu og allt á kafi í snjó -- rétt fyrir neðan frostmark. Um miðjan daginn slabb á götum, svo segja má að skósólarnir kannist við sig. Skórnir að gefa sig --

Nú erum við að búa okkur undir ferð í bæinn með Jóhannesi og ætlum út í lítillsháttar innkaup og skoða okkur um á *Bygdöj allé*, þar sem Palli bjó um árið. Jóhannes er afa og ömmu eftirlátur og hefur gaman af að vera með okkur, duglegur að ganga og áhugasamur um sýningar. Við vorum á nútímalistasafninu í gær, hann í annað skiptið og hafði mikið um listaverkin að segja.

Sólveig á svo góðar vinkonur í leikskólanum að hún vill enga stund missa þar. Hún er hin stóra leikkona fjölskyldunnar og söngkona, nýtur þess að sýna listir sínar.

Dagur og Vibeke hafa mjög mikið að gera. Vibeke fór að vinna eftir að við komum á sunnudaginn og var heila nótt að ljúka verki; kom samt ekki heim fyrr en á venjulegum tíma. Í staðinn var hún í *frí* í gær, var að sinna verkum fyrir einkastofu sína og Dags. Luku þau verki þar um miðnætti og sendu það frá sér á netinu.

Mikill spenningur er hér í loftinu. Eins og þið vitið eru þau að leggja drög að því að kaupa íbúðina hér. Kom matsmaður í gær. Verðið er ekki komið, en hann talaði um *total renovering* sem þau glöddust yfir. Það leynir sér ekki, en getur lækkað verðið ef af kaupum verður.

Í gærkvöldi vorum við boðin til foreldra Vibeke. Er húsið þeirra á fegurri stað en hægt er að ímynda sér. Þegar við stóðum við gluggana komu fjögur dádýr og voru að dunda fyrir utan, seilast eftir einhverju ætilegu í trjánum og athuga hvort einhver hefði skilið eftir epli á syllu. Dagur fleygði einu til þeirra, en þá kom styggð að þeim og þau fóru. Það er mikil fegurð yfir þessum dýrum þar sem þau eru úti í náttúrunni.

Í kvöld verðum við boðin til Eyvind Karlsen, kollega Sirríar stóru, og konu hans. -- Annað er svo sem ekki að fréttu. Við fengum skemmtilegt bréf frá Auði þar sem hún lýsir þroska Sigríðar Ölmú. --

Sirrí: -- Þá er fríð á enda, síðasti dagurinn í dag sem notaður verður vel. Það er skrýtið að koma frá Kaupmannahöfn þar sem veðrið var milt og snjólaust. Þegar við sigldum inn Oslófjörðinn snjóaði og landið allt hvítt. Þá var ég fegin að hafa tekið með mér hlýju fötin.

Það er gaman að tala við Jóhannes og Sólveigu um Hrefnu sem þau muna svo vel eftir frá því í heimsókninni þeirra í fyrrasumar -- hlakka til að koma heim í sumar og hitta hana aftur.

Og svo er mikill spenningur hjá þeim að sjá Sirrí litlu. Mér sýnist Sólveig hafa það á hreinu að hún muni passa hana vel og mikið. Hún leikur sér mikið með dúkkuna sína og sussar á okkur þegar hún segir hana sofandi -- syngur fyrir hana og bíar. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi Eggertssyni. Rvík. 29.3.1999.

Að einhverju tilefni gefnu sendi ég yfirlit og mat á flestöllum byggðasöfnum og sérsöfnum á landinu.¹

-- Er þetta eitthvað í áttina? Niðurstaðan er ákveðið að Vestufarasafnið sé best, en nota megi hugmyndir frá Njálusafninu, þ.e. að húsið þurfi ekki að vera gamalt og innrétt megi það fjölbreytilega. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri (í Vín). Rvík. 4.4.1999.

Sennilega eru páskar eftir umræðum og veislulýsingu. Auður og fjölskylda er í borginni, og farin í sund með Sigríði Ölmum sem er orðin sunddrottning. Þau eru að fara til Ásgeirs Loga sem er orðinn bæjarstjóri á Ólafsfirði og hættir senn í fyrirtækinu. Er okkur boðið í hamborgarhrygg hjá Auði og Axel á efstu hæðinni.

Þá byrjum við að undirbúa hádegisverð fyrir frændfólkið á morgun: Ragnheiði Briem og Guðmund, Guðrúnu Jónsdóttur og Pál Jakob Línadal, son hennar. Bergljótu Línadal, Palla og Láru, Álfheiði Sylvíu og Magnús, Auði, Sigríði Ölmum og Axel.

Þá er mikið rætt um ættarmót fólksins frá Hæli sem verður þar og í Árnesi 3. júlí.

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 13.4.1999.

Segir frá dvöl Auðar, Axels og Sigríðar Ölmum og ferð þeirra norður.

-- Veisluhöldum í húsinu lokið. -- Það er sem sé fátt að fréttu úr þessu húsi - og verður ekki fyrr en annað kvöld. Meira um það seinna. Ég hef verið að skemmta mér yfir lestri á ritgerðum Helga Hálfðanarsonar² (frænda okkar af ætt Hálfðana), sem margt speki og skemmtiyrðið hefur látið sér um munn fara. Sumt hefur maður lesið áður, minnst af gleði og rifjar upp af ánægju. Þarna eru líka ádeilubréfin á sjálfan hann, sem Helgi skrifaði undir nafni Hrólfs Sveinssonar *frænda síns*. Ekki vissi ég fyr en nú að hann hafði einnig skrifað ádeilu á sjálfan sig undir nafni Guðjóns Sigurðssonar *vinar síns*. Ég hef lengi velt fyrir mér hver Guðjón væri. Þarna er aldeilis lífandi og skemmtilegur öldungur sem ekki lætur deigan síga þótt orðinn sé 88 ára gamall.

Ég sé það nú að það væri bráðgott af mér að gera hið sama og hefja bréfaskriftir við sjálfan mig. Gæti það létt af ykkur óbærilegri tilætlunarsemi um svör við bréfum í tíma og ótíma, smjæðri og ósk um hrós og uppörvun. Kannski gæti ég með því orðið 100 eða meira og þið orðið það líka þar sem þið hafið hér með höndlað lykilinn að: *senectutem*.³ Kannski getum við öll tekið upp þann sið að skrifa okkur sjálfum og hætt að ónáða hvort annað með eilífum skrifum um það sem ekkert er!? Þá væru tölur óþarfar og póstur líka.

Ég hóf *Front Page* tölvunámskeið hjá Tölvu og verkfræðipjónustunni á mánudag. Vakti mikla athygli þegar FAÐIR ÁSGEIRSS gekk í salinn. Fékk ég hina bestu meðferð og umhyggju. Ég reikna með að Ásgeir, þegar hann lét vita af mér hjá samstarfsfólki sínu og bað um mesta mögulega afslátt, hafi undirstrikað óskina og jafnframt varað fólkið við með því að segja að ég væri naumur á fé, skilningssljór, gefinn fyrir að dotta, sjóndapur og heyrnardaufur. Þetta sá ég á öllum viðbrögðum og hvernig stjánað var við mig, hella í mig kaffi í tíma og ótíma. Sem sé hið besta námskeið og gott fólk.

Orðspor mitt hefur borist víðar því nú hefur verið ákveðið að setja mynd af mér í heimssýningarsalinn í Þýskalandi. Ef þið farið þangað skuluð þið gefa mér gætur þar sem ég prýði veggina ásamt 700 þús. öðrum Íslendingum frá upphafi byggðar. Ég er ákveðinn í að fara, til að sjá mig. Sérstaklega er ég spenntur að sjá þá Ingólf, Hjörleif, Árna Oddsson, Snorra og þeirra fjölskyldur allar. Að vísu er sagt að vatn eigi að renna niður eftir veggjunum, þykir mér það hvað erfiðast að þurfa að vera í mjög löngu baði. En eins og segir í auglýsingunni: *Hugsaðu lengra!* Þá fæ ég það reynt að baða mig lengra.

Ég sá sem sé engin vonbrigði í svip samstarfsmanna Ásgeirs þegar ég gekk í salinn. enda var þetta allt á röngu byggt og ég reyndist bestur í heimasíðugerð í fyrsta tíma. Heimasíður eru akkúrat það sem ég nefndi áðan. Þar er skrifað: *ég, um mig, frá mér, til mín, við, um okkur, frá okkur, til okkar.*

¹ Sennilega er þessi úttekt tilkomin vegna þælinga okkar um hugsanlegt saltfisksafn á Ólafsfirði.

² Helgi Hálfðanarson (1911-2009), lyfsali, þýðandi, kennari, skáld o.fl. Mamma og hann voru þremmingar.

³ Elli.

Við fórum í gær í bíó og sáum þá frábæru ítölsku óskarsverðlaunamynd: *La eithvað*, heitir hún, eins og allar aðrar ítalskar myndir. Ég er algjörlega yfir mig kominn af hrifningu af leikaranum og stjórnandanum, sem ég man ekki hvað heita. Bíllinn var í láni, svo við gengum heim, og bara á leiðinni féll hitinn niður í 10 gráða frost. Þannig að mamma ykkar hljóp sem fætur toguðu og sagði að sér væri svo kalt á tánum. En ég sá við því og lét hana ekki sleppa, þó hún færi um alla krákustíga Austurbæjarins. Og vel var tekið á móti okkur með *lasagna* og sterkum bjór.

Í miðju kafi var ég kallaður út í garð til að hitta trjásögunarmanninn Eyjólf, frænda ykkar. Var þar á stuttum fundi, vegna roks og frosts, ákveðið að saga flestöll trén á nr. 71 til að ekki kæmi skuggi á mömmu ykkar þegar hún dýrkaði sólina sem ákafast, liggjandi marflöt á pallinum. Ég miskunnaði mig yfir þau og leyfði að halda eftir einu tré. Þau ætla að fara að byggja við austurhlíð hússins og voru við grenndarkynningu og báðu um undirskrift okkar, sem mamma ykkar gerði náðarsamlegast fyrir þau með einu litlu skilyrði: ÖLL TRÉN BURT OG EKKI BIÐJA UM LEYFI, ÞVÍ ÞAÐ MYNDUÐ ÞIÐ EKKI FÁ ÞVÍ TRÉN ERU SVO STÓR OG GÖMUL. Tortúrinn stóð stutt og endaði vel fyrir annan aðilann. Nú er spennandi að vita hvort nokkru sinni verði byggt við, því Sigríður Þórðardóttir á 73, er á móti. Þegar hún kemur vilja sínum fram verða öll trén löngu horfin.

Nú er eiginlega ekki neitt eftir að skrifa um. Enda er ég orðinn svo rosalega glaður og vel vakandi að ég held að ég muni ekki geta sofnað og ætla þá að reyna að skrifa svo lengi að við sofnum öll.

Mamma ykkar talaði við Ásgeir í dag. Þau höfðu verið í bíltúrum alla helgina og voru að fara í óperuna í kvöld til að sjá eithvað ógurlega merkilegt sem ég man ekki hvað heitir og ætla að reyna að fara aftur seinna á eithvað sem ég man ekki heldur hvað er. Ég treysti því að þau viti það. Mömmu ykkar heyrðist að allt væri gott og skemmtilegt í Vín. Mamma Brynju er í heimsókn og þess vegna geta þau farið í óperuna. Ég veit ekkert um þau, því við Ásgeir ræðum bara á tölvumáli þegar við höfum samband. Það er líka skemmtilegt. En ekki ætla ég að tala við sjálfan mig um tölvur, hvað þá að deila við mig um efnið.

Læt bulli lokið. Hér er ekkert haft frammi á Íslandi nema bull, enda kosningabaráttan að komast í hámark og ekkert í fréttum nema um prósentustig sem Helga Hálfðanarsyni er hvað verst við, kannski álíka og hitastig. --

Verið góð hvert við annað. Kveðja frá Sirrí stóru, sem er löngu sofnuð. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 18.4.1999.

-- Meginfréttirnar eru náttúrlega í kringum uppsögn Sigríðar stóru. Hún stendur sig eins og hetja og lætur hvergi bilbug á sér finna. Eins og þið vitið snýst ég eins og snarkringla kringum hana og geri henni lífið létt og skemmtilegt - eins og endranær! Þegar hún sendi uppsagnarbréfið var það, og er, óbreytanlegt. Og er enn. Auðvitað saknar hún starfsins eins og það var - og ætti að vera. Það hvílir náttúrlega alltaf, og þarf ekki um það að spyrja, veik von og vonlítil, að stjórnin vilji að öllu leyti koma til móts við hana og bjóða henni sættir. Hún veit að það gerist ekki og er gjörsamlega ómögulegt að takist að breyta svo miklu að starf framkvæmdastjóra sé mögulegt henni. Það er áreiðanlega eins og í *skilnaðarmálum*.

Hún var í gær að skrifa kollegum sínum og samstarfsmönnum á Norðurlöndum og kveðja þá. Þetta er heilmikið átak, sem ég þekki vel þegar ég var í sömu stöðu hjá R.K.Í. Versta hindrun manna á veginum er sú að finna til umhyggju og ábyrgðar á fyrirtæki sem menn eru hættir að starfa hjá. En er mjög almenn bilun.

Meðan þessi staða er, meðan hún veit að stjórnin er í sjokki yfir bréfinu, sem sýnir hve hún er blind sem vinnuveitandi og stjórnandi, er erfiðara fyrir Sirrí að líta fram á við og byrja áætlanir um nýtt líf með sjálfri sér, ykkur fjölskyldu sinni, vinum og mér. Hér er kannski aðeins um viku eða svo að tefla. Hjá þessari kreppu, sem er þó engin kreppa, verður ekki gengið. Það er svo margt sem framundan getur verið og sem við höfum rætt um. M.a. verkefni sem fullnægja vinnuþjarki eins og henni.

Sjálfur hlakka ég mjög til að fá hana heim að fullu. Ég býst við að hætta hjá Samorku endanlega viku á eftir henni eða 8. júlí, ef ég verð ekki beðinn um að halda áfram!!! (óskhyggjuklukkun).

Segi frá ferðum okkar til Barselóna 26.5. og ferðum barnanna. Einnig um komu Bo Almqvist í haust og frændfólks frá Svíþjóð í júní. Svo eru áætlanir um ferðir um landið. Er varasvæðisfulltrúi innan Zonta og fer þess vegna til Stavanger í sept. og tekur svo við aðalembættinu. Gott að vera búin að fá Palla og Láru hingað í nágrennið.

-- Efnalega á þetta allt að ganga vel. Við hljótum með skynsemi að geta lifað á eftirlaunum mínum, því sem við höfum sparað ásamt húsaleigunni. Að vísu fer Sirrí ekki á eftirlaun, sem ekki eru há, fyrir en 65 ára. Á móti koma lægri skattar, svo um munar.

Auk þess er það náttúrlega eðlileg stefna að menn vinni til að lifa, en ekki að lifa til að vinna.

Þetta eru nú ýmsar hliðar á máli sem ágætt er að velta fyrir sér þegar breytingar eru yfirvofandi - vangaveltur sem þið eigið rétt á að heyra. Venjulega ræða menn þetta sín á milli. En þegar börnin eru á þrem heimshornum, þá þarf að taka til tölvupóstsins. Og er hann ekki einmitt til þess fundinn upp? Ég hélt það! --

Segir frá sinfóníutónleikum, leikhúsfærð með samstarfsfólkinu í Samorku og samningum um leigu á miðhæðinni. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 18.4.1999.

-- Þetta bréf þabba ykkar er orðið svo langt og ítarlegt að það er varla á það bætandi. --

Eins og þabbi ykkar segir þá hefur uppsögn mín tekið allan okkar tíma undanfarið. Verður léttir þegar umræðum um þetta mál lýkur, en á miðvikudag er næsti stjórnarfundur og er þar meðal mála á dagskrá. Ég hef verið að bræða það með mér hvort ég myndi vilja vinna áfram ef komið yrði til móts við óskir mínar.

Ég hef bara enga trú á þessum mönnum sem eru komnir til valda í félaginu og langar ekki til að vinna með þeim. Þeir eru búnir að misþjóa mér og ég á erfitt með að trúa á gott samstarf í framtíðinni.

Við Anný höfum unnið vel saman í sex ár og hún er alveg frábær starfskraftur. Hún er sterklega að hugsa um að hætta líka, því hún er óánægð á sama hátt og ég - getur ekki hugsað sér að vinna undir stjórn þessara ruðningsmanna.¹

Annars líður mér mjög vel, er í góðu jafnvægi og ég verð að viðurkenna að það hlakkar svolítið í mér vegna þess að ég veit að þessir sjálfánægðu ruðningsmenn eiga eftir að reka sig á marga veggi þegar þeir fara að reka félagið án okkar Annýar. Þeir halda að aðalmálið sé að vera nógu mikið með æsing í blöðunum út af samningamálum og hvað Tryggingastofnun sé að svindla á börnum og gamalmönnum. Þeir gleyma faglegri stefnu og þjónustu við félagsmenn.

Nú segir þabbi ykkar: *Gjörðu svo vel*. Eru þá væntanlega á boðstólum ostar og flatkökur úr Kolaportinu. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 18.4.1999.

-- Ég bæti við það sem Sirrí ræðir um ruðningsmenn. Mér sýnist hér vera um dæmigerðan rembuhugsunarhátt að ræða. Það er talað um karlrembur, en það eru líka til kvenrembur. Einnig í Tannlæknafélaginu. Kannski er betra að nefna þetta hroka. Hrokagikkir eru þeir sem líta á sig yfir aðra hafna vegna auðs, valda, þekkingar. Kannski ekki vegna hæfileika eða neins. Aðeins meðfæddis eða áunnins hroka sem getur stafað af slæmu uppeldi, vanmetakennd. Þetta er tilbrigði af eineltisáráttu, sem eingöngu stafar af vöntun - ekki öðrum styrk en vöðva og því að geta náð sambandi við aðra ámóta til að geta náð sér niðri á öðrum: *Sækjast sér um líkir - saman þinga niðingar*.

Þetta er andstæða þess að vera *drengur - drenglyndur - drengur góður* - sem Sigurður Nordal skilgreindi: *Góður maður og vaxandi*.

Ef maður ætti að óska einhverjum góðs þá væri það að hann ástundaði drengskap - kæmi við alla, háa jafnt sem lága - sem jafningja. Það er erfitt en þess virði að reyna. En fyrir þá sem eru *drengir* getur verið erfitt að átta sig á eða sjá við ódrengskap. --

Fréttabréf Tannlæknafélags Íslands. 26.4.1999.

Sigríður Dagbjartsdóttir framkvæmdastjórinn TFÍ hefur sagt upp með þriggja mánaða uppsagnarfresti og mun ljúka störfum hjá félaginu 1. júlí.

Það skarð sem nú verður höggvið í starfsemi félagins verður vandfyllt, því Sigríður hefur verið góður starfskraftur, sem ætíð hefur unnið dyggilega að þeim verkefnum sem stjórnin hefur falið henni.²

Sigríður hefur starfað hjá félaginu í rúm 20 ár og hefur starf hennar falist í því að reka skrifstofu félagins, sjá um almennan rekstur, halda utan um fréttabréfið og undirbúa ársþing. Starf hennar hefur skilað miklu til félagsmanna, eftt samheldni innan félagsins og stuðlað að viðhaldsmenntum og almenningsheillum.

Nú verða félagsmenn að standa saman og virða ákvörðun Sigríðar, sem ekki hefur fengist til að endurskoða uppsögn sína. Stjórnin þakkar henni vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar í framtíðinni.

Stjórn Tannlæknafélags Íslands.

¹ Svo fór að Anný Antonisdóttir var ráðin aftur, og seinna frkvstj. og gegnir því enn (2013), að mér skilst, með öðru starfssviði en Sirrí. Reyndar gerðist það eftir að einhver mislukkaður *gæi* var ráðinn í millitíðinni.

² „Sem stjórnin hefur falið henni“. Þarnar er alveg misskilningur. Yfirleitt er það framkvæmdastjórinn sem leiðir starfið!

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 26.4.1999.

-- Vestursólin skín inn um gluggana svo erfitt er að sjá á tölvuskjáinn. Sirrí er hér í stofunni að leika við nöfnu sína litlu. Verður vart séð hvor þeirra skemmtir sér betur. Sú litla ætlar að sofa hjá okkur í nótt og er rúmið hennar komið niður. Sagan endurtekur sig.

Auður er sem sé að undirbúa stórveislu fyrir vini og kunningja þeirra Axels frá París.

Í heimilisfréttum er þetta helst. Sirrí liður ágætlega, heppin með að stjórn TFÍ er, leyfist mér að segja, dálítið vitlaus, er reyndar sjálfri ljóst að hún hafi verið að gera margvísleg mistök. Skal ekki farið nánar út í það. --

Nú er að brynja sig, byrja nýtt líf. Það hljóta að koma fráhrarfseinkenni þegar ekki þarf að fara í vinnu lengur. En það er betra að þau komi núna, fremur en eftir þrjú ár eða átta. --

Í kvöld fórum við með blóm í húsið hér fyrir suðaustan. Það ágæta fólk, sem þar býr, lét í dag saga niður reyniviðinn sem hér var milli húsanna og skyggt hefur á pallinn hjá okkur -- Það er reyndar skrítið að sjá húsið, sem ekki er sérlega fallett. En trén gleymast fljótt og fólk venst því. Það er líka ágætt fólk, sem þarna býr, og við heilsumst þegar við hittumst úti á sólardögum.

Kosningabaráttan er í fullum gangi og þjóðin farin að geispa -- Það virðist helst að allir flokkar séu að berjast fyrir því sama, allir bugta sig til hægri og vinstri í hringdansi sem ekki gefur til kynna hver er til hægri og hver til vinstri.

Það vakti mikla athygli um daginn þegar Davíð reiddist vegna smásögu sem fræðslufulltrúi kirkjunnar, Örn Bárður Jónsson,¹ skrifaði í Lesbókina. Sagan er um sölu á Esjunni. Myndskreyting sýndi Davíð vera að afhenda Kára Stefánsyni hjá Erfðagreiningu gjafabréf. Davíð skrifaði biskupi og mótmælti, vildi láta biskup gera eitthvað í málinu, en starfsheiti fræðslufulltrúa kirkjunnar var með greininni sem venja er. Biskup sagði að hann skipti sér ekki af tómsundagarni starfsmanna sinna. Annað skipti á stuttum tíma sem Davíð rýkur upp. Hið fyrra var eftir bæjarstjórnakosningarnar þegar hann hélt því fram að fréttastofan styddi meirihlutann í borgarstjórn, og var sár. Þetta vekur athygli á bræði Davíðs sem sýnist ekki falla mönnum allskostar í geð. En svona gleymist ef ekki verða frekari brögð að því. --

Auður Eggertsd. skrifar foreldrunum. Ólafsfirði. 29.4.1999.

-- hélt að ég ætti að fara niður á hótél að hjálpa Sæunni að búa til snittur í dag, dreif þess vegna Sirrí í sturtu og þrælaði í hana morgunmatnum einn tveir og þrír, stóðum tilbúnar og *reddi* í slaginn um átta. Þá sagði Axel: Þetta er ekki fyrr en á morgun! Þannig að við vorum svo glimrandi tilbúnar í slaginn og þurftum að gera eitthvað annað. Sirrí fór að lesa Nýtt líf og er enn að því, það er svo ótrúlega mikið efni í þessu blaði að hún getur tætt það endalaust. Nei! Nú stóð hún upp í þessum töluðum orðum og ætlar að gera eitthvað annað. En ég í tölvuna - auðvitað. --

Jæja -- Ég talaði við Möggu í gær og hún er búin að kaupa sér íbúðina á Freyjugötu sem hún var svo hrifin af. Á nú millur, búin að skrifa undir -- ánægð - dálítið kvíðin --

Axel fór á kosningafund hjá Halldóri Blöndal og Tómasi Inga Olrich í gær, var búinn að undirbúa fullt af fyrirspurnum, ég held flestar um kvótann. Þeir rifust víst eitthvað í gær, Halldór og Axel, þegar Halldór kom við á skrifstofunni. Það endaði á því að Axel neitaði að taka í höndina á Dóra. Ég veit ekki um hvað rifrildið snerist, það var áreiðanlega kvóti í spilinu. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 29.4.1999.

-- Ég var að hreinsa skrifborðið af skjölum um norræna rafveitusamstarfið. -- Þá er að undirbúa fund sem margir sækja með mökum og var ákveðinn sömu helgina og Norðurlandaráð verður hér. Ég fór að *redda* og lagði til að tækifærið væri notað og fara með fundinn út á land þar sem er nóg pláss. En allir voru á móti því sem ég stakk upp á. Í morgun var Eiríkur Bogason byrjaður að hringja út um allt og skipuleggja. Þá sá ég það sem ég vissi að hann getur ekki látið vinna fyrir sig, hefur ekki hæfileikann og missir þráðinn. Sem sé nú er hann að basla og ég þarf ekki annað en að mæta með ferðatösku, eiginkonu og penna og skrifa fundargerð. Sem sé allt á góðri leið. --

Héðan er allt gott. Mamma þín er dálítið strengd út af öllu vesninu. Anný sagði upp í gær þannig að stjórnin fær bréf hennar í dag. Það fer illa með mömmu þína að hún skuli heyra rangt með mál sín farið. Þeir sem gera svo, gera það kannski af góðum hug. En í raun og veru ætti fólk ekki að gera svo. Milliburður er slæmur og aldrei öruggt að rétt sé með farið. Ég sagði mömmu þinni einu sinni að hún yrði að sætta sig við hið versta. Eftir að hún hætti er hún berskjölduð. Stjórnendur eru útsettir fyrir slíkt. --

¹ Séra Örn Bárður Jónsson (1949), síðar sóknarprestur í Neskirkju, þar hittumst við er við bekkjarsystkin komum saman. Hann fæddist árið sem við útskrifuðumst.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 1.5.1999.

Segir frá önnum Auðar fyrir hótél fjölskyldunnar á Ólafsfirði, erfidrykkjur, fundi bæjarstjóra. Einnig að Ásgeir Logi, bróðir Axels hafði tekið við bæjarstjórnarfinu. Alþingiskosningar nálgast.

-- gott að fréttu. Sirrí stóra er aðalatriðið eins og fyrri daginn.

Anný er búin að segja upp og hafa einhverjir stjórnarmenn verið að fá hana til að vera áfram, en komu um leið upp um sig að þeir höfðu rætt um að reka hana. Þeir eru ekki samhljóma heldur um hvort þeir vilja ráða í þjónustu sína lögfræðing eða fjölmiðlamann. -- Annars stendur Sirrí sig mjög vel og lætur ekkert á sig fá. Hlýtur að vera erfitt að ganga út eftir tvo áratugi. Hins vegar er hún stálheppin með að hingað til hefur engu höggi verið reynt að koma á hana. --

Við erum að fara í fimmtugsafmæli Tomma.¹ fallkandídatsins í TFÍ. Það verður skemmtilegt að hitta gamla gengið! Ég býst ekki við að hinir verði viðstaddir. --

Fer á eftir í móttöku borgarstjóra fyrir borgarþúa sem verða 70 ára á árinu. Þá hittast fermingarsystkinin sem aldrei hafa sést í tæp 60 ár! Ég er alveg hissa á mér, félagsskítinum. að fara!

Auður Eggertsd. skrifar pabba og mömmu. Ólafsfirði 2.5.1999.

-- Við voru lúin öll eftir langan og strangan dag á hótelinu, snjósleðamót og fleira. Sirrí var alveg rugluð þegar klukkan var að verða níu, hún ekki farin að fá matinn, bara hangandi í sjoppu eins og unglíngur. Í hvert skipti sem hún maldaði í móinn var henni bara rétt frönsk kartafla að japla á. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 5.5.1999.

Ræðir rækilega um leikhús og framsögn leikara og ýmisleg vandræði heyrnaraufra og ýmsar hremmingar þeirra í nútíma leikhúsi.

-- Sem ung brostum við og drápum tittlinga hvert framan í annað þegar amma kvartaði yfir smækkandi letri og daufri prentun -- Þar kom að ég hóf grimmilega baráttu við Moggann, vegna mömmu, sem lauk með sigri sjónskertra og dagskrá rásar 1 var stækkuð. Seinna lagði ég Póst og síma í einelti vegna símaskrárinnar. Ætlaðist ég til að síminn hlustaði á Gunnlaug leturgerðarmann, frænda okkar og veldi gott og læsilegt letur. Ekki voru undirtektir fyrirtækisins aldeilis góðar. Var ég eini maðurinn í heiminum sem skrifaði eða flutti ritdóma um símaskrá á eftir ár. Það endaði með fullum sigri. Nú mun símaskrá senn koma út með letrinu sem Gunnlaugur Skúli valdi. Ekki seinna vænna áður en allt fer á netið. --

En baráttan er ekki á enda -- unga fólkið tafsar og talar svo varirnar bærast varla. Menn ber svo ótt á að allt fer í hrærigraut. Frú Sigríður, vinkona mín, lét Jóhannes Kristjánsson leikhermi heyra það: *Talaðu hægar!* Hann svaraði: *Hlustaðu hraðar!* Sigríði var lítt skemmt. Síðan hef ég verið óframfærinn á skemmtunum og hlusta hægt.

Til allrar hamingju eiga allir skeggjaðir nú *trimmer*. Nú er skeggið því ekki til að trufla svo mjög að við *sjáum* ekki hvað sagt er. Menn eru með skegg til að taka sig vel út, ekki í sparnaðarskyni. Stöku maður er með lamaða eftir vör, eins og ég er hjá ljósmyndara. En sjónvarpið hefur tekið upp aðferð, áþekka alskegginu. Þegar eitthvað merkilegt er í fréttum eru sýndar sprengingar, myndir af fólki sem skakklappast með lærin í skónum, þannig að þráðurinn fer á tvist og bast, blandast í frásögn um hrun á heimsmarkaðinum hugsun um að karl í slitnum strigaskóm detti í poll í Austurstræti. --

Nú, svo er ein aðferð, sem ekkert þarf að borga fyrir í Stef. Spila Eróíku meðan verið er að segja frá draugum á Drangnesi. Táknrænt er að sýna Lækjargötu húsið falla saman. Um hvað er fréttin? Allir þjóðlegir þættir í sjónvarpinu eru með Jón Leifs í *background*. Hvernig væri að texta íslenska þætti. Óþarfi með enska, þá skilja allir.

Eina björgunin framundan í skynmiðlamálum er að krakkarnir eru að verða heyrnarlausir eins og ég! Ég af loftpressu. Þeir af vasadiskói. Þá verður loks saminn friður milli kynslóðanna. --

Dagur Eggertsson skrifar foreldrunum. Osló. 5.5.1999.

-- Það hefur verið spennandi að fylgjast með þróun mála hjá þér mamma og gott að heyra að þú hafir komist skakkafallalaust í gengum verstu hrinurnar.

¹ Tómas Á. Einarsson (1949), tannlæknir. Ágætis náungi og þau hjónin bæði.

Hér hefur verið mikið að gera í tengslum við öll verkefni sem við erum með í gangi. --
Menningaborgaverkefnið hefur tekið mikinn tíma og ætlar hópurinn að hittast hér í Osló í byrjun næsta mánaðar --

Ég tók mig nú til fyrir helgi og keyrði til Gautaborgar með Jóni (*Ákasyni*) og Sigga Hrelli sem skaut hér upp kollinum. Við höfðum nefnilega fregnað að Maggi (*Magnús Sigurðarson, myndlistarmaður*) ætlaði að hafa sýningu þar og eftir að hafa haft upp á farsímanúmeri hans gátum við farið til fundar við hann. Þegar við komum þangað voru Gautaborgarbúar bæði að halda upp á Valborgarmessu og afmæli kóngsins. Bærinn var í algjöru umsátursástandi. Unglingar og lögregla í slagsmálum út um allan miðbæinn. Okkur tókst einhvern veginn að keyra framhjá öllum vegatálmum og lentum inni á aðalgötunni þar sem við komumst hvorki aftur á bak né áfram. Okkur var farið að líða eins og smákænu úti á rúmsjó, enda veltingurinn í þá áttina. Við gátum nú samt komist í skjól og að lokum haft upp á Magga. Það var gaman að hitta hann aftur. Við höfðum ekki hist í ein þrjú- fjögur ár þannig að við höfðum um margt að spjalla. Við fórum auðvitað á bar og sátum þar langt fram eftir nóttu.

Sýningin sem hann tók þátt í var samstarfsverkefni Nýlistasafnsins og Galleri 54 í Gautaborg. Þetta var samsýning fimm íslenskra listamanna. Svo verða fimm Svíar með sýningu á Nýlistasafninu seinna í vor. Maggi var með lykila að sýningarsalnum og gátum við séð sýninguna þarna um nóttina.

Hvernig á ég nú að lýsa sýningunni? Það má segja að hún hafi verið fremur samhengislaus. Það á kannski við flestar samsýningar á nútímalist, eða var það kannski vegna áfengisdrykkju undirritaðs? Maggi var með myndir af sjálfum sér við ýmsar aðstæður. Þær voru kannski svolítið *klissjukennar* að mínu mati, en þetta er þema sem hann á vafalaust eftir að þróa lengra. Hann hafði líka búið til litla turna úr þessum litlu bréfasnífum sem hann er alltaf að handfjalla. Þeir fannst mér bara ansi skemmtilegir. Hann er greinilega fæddur til að sérhæfa sig í *snífsalist* og á eftir að leggja heiminn að fótum sér ef hann þróar sína *snífsatjáningu*.¹

Daginn eftir keyrðum við Jón, Magga og kunningja hans Erling Þ.V. Klingenberg (*myndlistarmaður*) út á flugvöll og kvöddum þá. Að því búnu kvöddum við Sigga Hrelli sem var á leið til Kaupmannahafnar og héldum svo heim á leið. Með öðrum orðum; ánægjulegir endurfundir.

Á leiðinni stoppuðum við í Bohuslän og skoðuðum bergristurnar. Við fengum þá að heyra að það væri búið að byggja og rífa skýlið sem vann fyrstu verðlaun í samkeppninni sem við Hanne Pettersen tókum þátt í hér um árið.² Það er kannski enn von um að tillagan okkar verði byggð.

Þegar ég kom aftur til Oslóar sótti ég familíuna til Ölmú og Bennis, en þau höfðu kennt svo mikið í brjósti um þessa föðurlausu vesalinga á Ugluveginum að þau buðu þeim heim. -- Jóhannes er svo góður vinur sonar þeirra, Byrge, og svo er systir hans afskaplega mikil vinkona Sólveigar. --

Svo segir frá undirbúningi barnaskólavistar Jóhannesar og undirbúningi leikskóla Sólveigar. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 11.5.1999.

Segi að Auður, Sirrí stóra og litla höfum verið að koma inn úr grillpartíu. Sú litla sé mjög að komast upp á lagið. Segi líka frá því að Auður hafi verið að koma úr skoðun og sé fæðing sett á 1.11. Eggert Geir fæddist 18.11. Við höfðum verið á Ólafsfirði og margt að gera í góðu veðri. Ræðir um kosningarúrslitin. Sirrí hættir störfum eftir sautján daga. Bo kemur til landsins og verður hér á afmælinu mínu.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 15.5.1999.

Ásgeir og Brynja eru að flýta komu sinni til landsins þar eð hún er ekki ánægð með hvernig meðgangin þróast og vill ekki bíða lengi í Vín. Sama dag og þau koma fara Auður og Sigríður Alma til Barselóna.

Svo eru frændur okkar af Bollagaðaætt frá Svíþjóð að koma og stendur til að fræða þá.

Búið er að ráða nýjan framkvæmdastjóra TFÍ og verið að reyna að fá Anný til að vera áfram.

Þá er rætt um verðbólgu á húsnæðismarkaði og glæðst yfir að allir í fjölskyldunni eigi sitt, nema Dagur í Osló, þar eru ekki komin úrslit í málinu.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 24.5.1999.

Stórkostlegt að hitta Hrefnu eftir þrjú mánuði og skynja hvað þroskinn hefur verið hraður. Hún mótar umhverfið með nærveru sinni og áhrifum. Hjá okkur fer að stytast í ferðina til Barselóna. Ásgeir og Brynja

¹ Neikvæðir geta bestu menn verið. Maggi er vel metinn listamaður og var m.a. með glæsilega sýningu í Hafnarhúsi 2017.

² Þau fengu önnur verðlaun.

búa hér þar til íbúðin þeirra losnar í júní en þá kemur líka allt frændfólkið sænska og búið að útvega bíl sem Bensi Eiríks, frændi Sirríar lánar. Fórum í heimsókn til hans.

-- Mikið hafði Hrefna gaman af heimsókninni þangað og að hitta hundinn Bangsa. Hún elti hann út um allt og klappaði honum. Skrýtið að sjá þau saman, hann stóran og hana litla. -- Þegar við keyrðum yfir Elliðaárnar í Efra Breiðholti spurði Hrefna: *Er þetta Dóná!*

Það verður gott að fara til Barselóna - ekki síst fyrir Sirrí Stóru. Hún á nú eftir 10 daga í vinnunni, mjög leiðinlega daga. Það eru átök í félaginu og leiðinlegt fyrir hana að verða vitni að því og blandast ósjálfrátt inn í þau, þó hún eigi þar engan hlut að og enga hagsmuni. Mjög er hætt við að átökin verði hörð fyrst í stað, en fjara svo smám saman út. Mistök nýju manna (*ruðningsliðsins/karlrembuhópsins*) virðist vera að mæta öllu með illsku, bregðast öndvert við. Það er að sjálfsögðu þeirra veikleiki. En mikið verður gott og gaman þegar hún kemst úr þessari ljónagryfju. Fjöldi tannlækna hefur óskað fundar um málefni félagsins en lög þess kveða á um að fundi skuli halda þegar slíkt er borið fram. Stjórn á skv. þessu ekkert val annað en að efna til fundar, enda eru hér grundvallarreglur félagaréttar. Þeir brugðust við þessu á stjórnarfundi með að fresta umræðu um málið þar sem einhverjir stjórnarmenn voru fjarstaddir. Þetta getur tekist, því menn þreytast og gefast upp. En það gerir ekkert til Sirríar vegna, hún tekur engan þátt og er ekki og verður ekki á neinum fundi í félaginu framar. Ég er sannfærður um að hún verður fegin að sleppa. --

-- grein Ragnheiðar Briem um rithömlur eða lesblindu kom í Mogga á mánudag. Þar lýsir hún starfi sínu og rannsóknum á málinu bæði í Mennto og í öðrum löndum. Stórmerkilegt hvað vandamálið er orðið algengt víða um lönd og hve óskaplega mikið reynir á þá sem fyrir verða. Þá er mikið undir skólunum komið og kennurum en starf þeirra er vanmetið. Eiga sjálfir kennararnir sjálfsagt mikla sök á því og ekki síst samtök þeirra og sem nota ruðningstækni við að bæta kjörin. Sannfæringu þjóðarinnar á gildi kennarastéttarinnar skortir, enda veit almenningur að kennarar og skólar eru mjög misjafnir. Hvers vegna ætti að bæta kjör vandra kennara, spyr fólk. Þannig held ég að fátt hafi gerst jafn jákvætt lengi fyrir kennarana en greinar Ragnheiðar. Árangur af kennslu rithamlaðra dyslexíunemenda er geysilegur, en til þess verður að gefa þeim tækifæri og taka þeim vel. Ragnheiður skýrði frá því að í samanburði við bandaríska nemendur væri íslenskan auðveldari þar sem almennt er ljós uppruni orða, en aðeins um 30% enskra orða. --

Auður Eggertsd. skrifar foreldrunum. Barcelona 25.5.1999.

-- Er ekki kominn ferðahugur í ykkur. -- Ég get sagt a.m.k. að við Sirrí erum farnar að hlakka til að fá ykkur til okkar í sólina og góða verðrið. Sirrí er öll að koma til hérna úti, enda farin að verða vön því að vera hent í hina og þessa pössun á meðan mamma hennar er að gera eitthvað voða merkilegt. Í dag fórum við á fætur kl. sex til að keyra upp á strönd til Jóhönnu, en þar þurfti ég að fara í ferð með henni inn til Barselóna og var í heilan dag í burtu, kom ekki aftur fyrr en kl. sex. Á meðan var fróken Sigríður í pössun hjá aðstoðarmanneskju hennar Jóhönnu og gekk víst bara vel. Hún grét eitthvað fyrst, en síðan var allt í lagi. Mér fannst fínt að fara svona að vinna aftur, þó þetta væri langur dagur, svona fyrsta kastið.

Þannig að við voru bara að koma heim til okkar núna og ég þarf að fara að baða Sirrí. Hérna úti eru alltaf kvöldböð í staðinn fyrir morgunböð heima, því hún er skítug eins og sígaunastelpa eftir að hafa skríði um hér. Það eru jafnvel tvö böð á dag.

En við hlökkum til að sjá ykkur og bíðum spenntar út á velli. -- Viljið þið taka tvær til þrjár bækur með handa Sirrí, ég er ekki með neitt til að lesa fyrir hana. En hún er búin að sjá marga hunda og stundum kisur; þetta er allt mjög spennandi. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Ásgeiri og Degi. Barcelona. 31.5.1999.

-- Við erum fjögur hér í Lækjargötu. -- Sirrí litla er aldeilis frábær, skapgóð og mannelsk. Henni fer fram með hverjum degi -- skrýtið að sjá slíkan dagamun, aðeins farin að sleppa sér, gengur óvart 3-4 skref, eða sleppir höndunum til að sýna íþróttir sínar -- unír sér æ lengur við dótið sitt, lítur svo upp og siglir þráðbeint á næsta mann og biður hann um að syngja. --

Auður fer í vinnunni lengri eða skemmri ferðir, kemur stundum heim á milli, sest við tölvuna, sendir bréf eða leggst yfir sögubækur eða jarðfræði til að standa ekki á gati. -- margir hafa tapað góðum hótelum vegna Formúlu 1 kappaksturs -- fólkið sættir sig við -- þetta hefur ekki komið niður á Auði, eða hvort kvartsjúkír læknast þegar hún er við stjórnvöllinn.

Við vorum heima í gær að því undanteknu að við Sirrí fórum í hjólatúr um hverfið, enda hjóladagur borgarinnar. Svo fórum við og skoðuðum bæinn skv. nýrri bók um gamlar byggingar. Sumar þeirra sjást hér út um gluggann, aðrar í miðbænum, fagurlega skreyttar í *Gaudistíl*.

-- Auður kom aðeins heim og fór svo í viðtöl á hótelum. --

Auður Eggertsd. skrifar foreldrunum. Barcelona. 17.6.1999.

Vonar að heimkoman hafi verið góð og óskar gleðilegs þjóðhátíðardags. Þau Villi og Rósa Halldórsdóttir frænka hennar komu til hennar í viðtalstíma á hótelinu og höfðu komið frá Íslandi með sömu vél og Axel.

--Það var gaman að fylgjast með Sirrí og hvernig hún brást við. Hún þekkti hann alveg aftur, það fór ekki milli mála, en hún var feimin við hann þegar hann tók hana í fangið og kyssti hana. En svo varð hún spennt að hafa hann nálægt sér og skríkti alla leiðina heim af vellinum. Hún sat bara brosandí í stólnum sínum og beið eftir að hann myndi *gjugga* framan í hana; og þá sprakk hún úr hlátri. -- Ósköp er hún búin að skima eftir ykkur, fara margar ferðir inn í herbergið ykkar -- nú er hún farin að átta sig á þessu --

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 19.6.1999.

-- Til hamingju með daginn -- Ég mætti til vinnu í gærmorgun eftir sumarfríð og hitti þar fyrir væntanlegan framkvæmdastjóra, sem er að byrja að setja sig inn í starfið. Hann heitir Bolli Valgarðsson,¹ tæplega fertugur, bara geðugur piltur. Hann var búinn að snúa öllu við í skrifstofunni minni. Anný var að vísu búin að segja mér frá því, svo ég var viðbúin. Ég lét hann heyra að ég væri óánægð með þessa ráðsmennsku hans á minni skrifstofu, þar sem ég væri í þessari stöðu til mánaðamóta og hann að setja sig inn í mál þangað til. Hann viðurkendi að um misskilning væri að ræða, tók saman dótið sitt og flutti sig fram. Síðan gekk samstarfið bara vel, en verður erfitt fyrir hann að taka við þar sem hann þekkir hvorki haus né sporð á félaginu. Hann hefur hugsað sér að vinna frá átta til fjögur og heldur að hann geti farið heim þá á slaginu. Hann á aldeilis eftir að reka sig á þar sem allir fundir í nefndum eru settir á kl. fimm og þaðan af seinna. --

Segi frá undirbúningi ættarmóts Hælsættar, ánægð með hvað Kaldárholtspólkið er áhugasamt og kemur jafnvel frá útlöndum. Segir frá fyrirkomulagi ferða og gistingar.

Segist oft velta fyrir sér hvernig lífið sé hjá þeim á Spáni og hvað Sirrí litla sé að gera. Hlakkar til að fá þau heim fyrir ættarmótið.

Auður Eggertsd. skrifar foreldrunum. Barcelona, 20.6.1999.

Pakkar bréf og er ánægð með að mamma hennar skyldi láta nýja framkvæmdastjórann heyra skoðanir sínar á hegðun hans. Segir að nú sé vinnu hennar lokið við móttöku ferðamanna og er fegin að það skuli hafa gengið vel. Nú er hún farin að undirbúa komu Villa og Rósu frænku sinnar og Helga Más samstarfsmanns Axels á Íslandi.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík, 27.6.1999.

Segir frá daglegu sýsli, undirbúningi ættarmóts, garðvinnu og tiltekt á leiðum fjölskyldunnar.

-- Ég sat úti og las handrit af bréfum frá ömmu Ingvaldi² og systkinum hennar sem þau skrifuðu heim að Hæli þegar þau voru ung. Þetta hefur Páll Lýðsson,³ frændi okkar, sagnfræðingur og bóndi í Litlu-Sandvík tekið saman og ætlar að stjórna leiklestri frændfólksins undir borðum. --

Það verður léttir að verða bráðum laus úr Tannlæknafélaginu. Ég þarf að fara á morgun og upplýsa um ársþing og Tannlæknablaðið. Svo er móttaka seinna og þá er ég laus og get vonandi hætt að hugsa um félagið. Ég neita því ekki að það sækja á mig ýmsar hugsanir tengdar vinnunni og vona ég að ég geti látið þær fjara út smám saman. --

Mér þótti vænt um að Dagný⁴ skyldi hringja og spyrja hvort ég myndi e.t.v. íhuga starf fyrir félagsskap sem nýlega er stofnaður og hún á aðild að. Þetta eru konur í atvinnurekstri -- Ég sagðist áhugasöm, sérstaklega ef þetta væri hálf dags starf. Sjálfstraustið óx um mörg prósent. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Ásgeiri og Degi. Rvík, 27.6.1999.

Segir frá því að frændfólkið frá Svíþjóð sé á ferð á Norðurlandi eftir að hafa farið um Snæfellsnes.

-- Viveka Bergström⁵ kom með ostabakka og gæsalifur ásamt *sauterne*-víni sem sérstakleg fer vel með lifur. Við fengum Palla og Láru og varð úr sérlega skemmtilegur fagnaður. Öll eru þau einstakt fólk, skemmtileg,

¹ Bolli Valgarðsson (1961). Mun hafa starfað hjá félaginu allt að þrem árum. Seinna hjá Toyota-umboðinu.

² Ingvaldur Einarsdóttir (1874-1953) f. á Hæli í Gnúpverjahreppi, húsfreyja í Kaldárholti í Holtum.

³ Páll Lýðsson (1936-2008), bóndi í Litlu-Sandvík í Sandvíkurhreppi.

⁴ Dagný Halldórsdóttir (1958), verkfræðingur, systurdóttir Sirríar.

⁵ Viveka Bergström (1956) skartgripahönnuður og -framleiðandi í París. Hún er sonardóttir Guðrúnar Guðmundsdóttur frá Nesi, föðursystur minnar í Helsingborg.

gláðsinna, vel upplögð. Annika er 52ja ára sjúkrapjálfi, eina barn Arne Bergström, sonar Guðrúnar -- gift Preben Dessau¹ bankamanni í Fredensborg í Danmörku, Jan Bergström² er bróðir Viveku, tölvumaður í Stokkhólmi.

Viveka er sú eina sem hingað hefur komið áður og bjó hjá okkur fyrir eitthvað 8-10 árum. Hún er grönn, sennilega 190 cm. á hæð. Var við listnám þegar hún kom hingað, en fluttist til Parísar þar sem hún hóf störf við fatahönnun. Nú hannar hún og framleiðir skartgripi og selur víða um heim undir sínu skírnarnafni, einstaklega skemmtilega muni, sem við höfum séð. Hún hannar, býður út og selur. Hún segir fyrirtækið ganga vel en hún fékk þá hugmynd að kynna vöruna á kaupstefnum. Þannig komst hún inn á franska markaðinn sem var lokaður þegar hún reyndi beina sölu. Dagur bjó um tíma í íbúð hennar í Stokkhólmi og hitti þá Jan. Bæði dauðlangar að hitta hann aftur.³

Var mikið hlegið, gantast og margt rifjað upp úr fjölskyldusögunni. Aðalspenningurinn er að komast á Esjuna -- Ég fór með þau um Nesið og tók ýmislegt saman fyrir þau um það. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 24.8.1999.

-- Nú er hljóðnað hér í húsinu, haustblær að leggjast yfir, fyrstu laufblöð að falla, rifsber bíða rauð eftir að vera sett í krukkur og flöskur - tími kominn til að taka upp fyrri bréfaskriftarvenjur. Venjur! Guð sé oss næstur, ekki má það gerast. Er einhver þörf á þeim? Er eitthvað sem liggur á hjarta? Auðvitað getur það verið - þótt fréttum fækki þegar við Sirrí erum hætt að vera á *spennandi og skemmtilegum* vinnustöðum!

Hvaða máli skipta fréttirnar. Eru þær ekki alltaf þær sömu sem berast utan úr heimi og allir fá sig fullsadda af, hvar sem þeir eru í heimi hér. Lítil drengur fannst í rústum í Tyrklandi. Þjóðarmorð hér og þar; gleymist - og kúgun minnihluta. En það sem kemur innan að - er það ekki ómerkileg endurtekning? Hvernig líður okkur - segjum við það - eða nenum að hlusta? Samskipti byggjast samt á því hvernig við tökum á þeim hlutum, hvort þörf er fyrir *err*-póst.

Á þessum morgni er sitthvað sem berst að, auk rigningarinnar og ljóssins. Verkefni dagsins eru þessi: Undirbúa veisluna á laugardaginn.

Útlit er fyrir að hér verði tuttugu og einn við borð. Auðveldara en ella að skipuleggja þar sem allt verður eins og í fyrra boði, nema gestirnir. Mikið lagt á Ásgeir og Brynju. Aftur lund! Axel og Auður flýðu norður! Burðast inn með tréplöturnar úr kjallaranum. Boðnir auk systkinanna Kristín Blöndal⁴ og Pétur Björn,⁵ Guðrún Sveins og Jón,⁶ Ingi Einars og Guðrún, Inga Einars og Ársæll.⁷ Búið að kaupa lunda á þvottastöðinni og draga allar birgðir að. --

Þessi veisla var sú seinni af tveim vegna sjötugsafmælis míns. Í fyrra boðinu voru nánir vinir og venslamenn. Í þessu síðara voru einkum frændsystkini Sirríar. Tréplöturnar eru tvær hurðir sem leysti vanda svo hægt var að halda fjölmenn matarboð. Hurðirnar eru lagðar ofan á hjónarúmið, sem hægt er að breyta stöðu á, hækka, og læsa þær saman, þannig að hafa má matinn á því, ásamt diskum og mataráhöldum o.fl. Hefur þessi hugmynd komið sér vel í mörgum stórveislum, afmælisboðum, fermingarveislum, Zontaveislum o.fl. Lundans var aflað á þvottastöð í Vogahverfi sem ágætur Vestmannaeyingur rak. Eftir að veiði lauk í Eyjum hefur tekist að fá lunda og svartfugl úr Grímsey.

Þá er undirbúningur ferðar til London ræddur.

-- Svo er að halda áfram að ganga frá bréfum Páls Briem⁸ og ljúka verkinu sem fyrst, a.m.k. til bráðabirgða. Við erum að undirbúa útgáfu á vísindalegum ritverkum hans. Það má ekki bíða þar sem tímapressa er á að ráðstafa dánargjöf Dídíar -- Stefnit er að því að bókin komi út á 145 ára afmæli afa, 18. okt. 2001⁹ og um sama leyti verði ættarmót. Munið daginn!

¹ Annika Bergström (1947), sjúkrapjálfi. Preben Dessau (1946) bankamaður. Búa á Fredensborgvej 1.

² Jan Bergström (1956) tölvumaður. Býr í Stokkhólmi.

³ Það tókst seinna. Hafa bæði Auður, Dagur, Ásgeir og Jóhannes Örm Dagsson heimsótt Viveku í París, var það eina sambandið hennar við ættfólk sitt. Þannig lítur hún á sig öllu framur sem Íslending.

⁴ Kristín Blöndal ((1954) hjúkrunarforstjóri, dóttir Ragnheiðar Ingimundardóttur, móðursystur Sirríar og Hjálmars Blöndal.

⁵ Pétur Björn Pétursson (1946), hagfræðingur, framhaldsskólakennari.

⁶ Guðrún Sveinsdóttir (1944) Benediktssonar; lögfræðingur, sjá fyrr. Jón Stefánsson (1942) verkfræðingur. Nú ferðapjónustubændur o.fl.

⁷ Ingvaldur Einarsdóttir (1959) hæstaréttarlögmaður og landsdómsdómari og Ársæll Friðriksson (1953) kennari.

⁸ Hér er minnst á margra áratuga (óendanlega) vinnu í sambandi við bréf Páls Briem. Fyrst var raðað bréfum afa míns, þau afrituð, þeim raðað og komið til geymslu í handritadeild Landsbókasafns. Þessu verki verður aldrei lokið að fullu, en hefur verið gefið út með ýmsum hætti, sjá *leitir.is*.

⁹ Horfur á að bókin um Pál komi út seinni hluta árs 2018, enn merkilegri en í upphafi var stefnt að.

Hugmyndin rann út í sandinn. En þráðurinn var tekinn upp í samvinnu við Háskóla Ísl. Kannski koma frekari upplýsingar um málið 2018.

- -- Eftir viku 30. eða 31. ágúst er 100 ára afmæli Ásgeirs afa ykkar. -- Það hefur aldrei verið gerður dagamunur á afmælinu hans annar en sá að ég held ég hafi aldrei gleymt deginum. Við amma ykkar minntumst hans saman. Bara það að segja ykkur frá þessu yljár mér um hjartarætur. Ég vil halda minningu þessa mæta manns ofarlega í huga ykkar á þessum tímamótum og senda ykkur minningargreinar og fréttina um dauða hans. Eins og þið munið kannski sagði amma ykkar frá því í blaðaviðtali einu sinni að hann hefði dáið eftir að hann datt í stiga þar sem hann var að skemmta sér með kunningjum sínum. Fram að því höfðum við mamma aldrei talað um það. Um atvik slyssins veit ég ekkert, ætla að leita það uppi við tækifæri, ef ég vil vera að þæla í fortíðinni.¹ --

Auður Eggertsd. skrifar foreldrunum. Barcelona. 29.6.1999.

-- Ég sit hérna með Sirri í fanginu og hún er alveg sjúk í að ná í lykaborðið og segir *bababba*. -- Annars er farið að stytast í að Axel fari heim - og þá ég líka. Þetta er skrítið hvað þetta er búið að líða fljótt, sem þýðir að þetta hlýtur að hafa verið góður tími, og það er hann svo sannarlega búinn að vera. -- hann þarf að klára svo margt í vinnunni --

Auður Eggertsd. skrifar foreldrunum. Ólafsfirði. 24.8.1999.

-- það eru ýmsir kostir sem fylgja því að vera komin hingað norður í land. Einn er sá að fá aftur bréf á tölvunni, en þið voruð helst til löt að senda mér bréf upp í ris! -- Veðrið er gott og við mæðgurnar röltum saman í sundið eftir drekkutímann. Hún er að lesa gamla Viku, segir bara amma og afi, ekki pabbi og mamma. --

Auður Eggertsd. skrifar foreldrunum. Ólafsfirði. 7.9.1999.

Óskar okkur velkomin heim og segir það hafa verið skrítið að skella á eftir sér á Bergstaðastræti og húsið tómt eftir góða dvöl í Reykjavík þar sem mörgu var komið í verk, rífsberjauppskeru og vinna við að sulta, jafnvel að reita arfa. Þar var líka með Brynja Hrefna og óskírð dóttir hennar. Svo var unnið að standsetningu risibúðarinnar áður en hún verður leigð út.

Segir rækilega frá ferðinni norður yfir Lágheiði og hve íbúðin sem þau hafa, sem móðurbróðir Axels á, er orðin góð eftir parkettlögn.

-- Við komum náttúrlaga suður um næstu helgi þegar skírt verður í Drápuhlíðinni. Svo hlýt ég nú að fara að fækka þessum ferðum suður, fram að fæðingu, því þetta er ansi þreytandi að fara oft á milli. --

Ásgeir hringdi í mig og spurði hvort ég myndi vilja vera skírnavottur. Ég trúði honum fyrir því að ég væri nú ekkert sérlega vel að mér í biblíusögunum, en ef hann treysti mér til að sjá um kristlegt uppeldi stúlkunnar, þá væri mér það mikill heiður. Ég ætti kannski að nota tækifærið til að lesa mér duglega til. En það var fallett af þeim --

Segir frá áhyggjum Axels út af rekstri fyrirtækisins og uppsögnum og virtist lítið vera að létta til. Enginn hafði áhuga á fyrirtæki sem ekki sé með kvóta. Gæti eitthvað lent á honum.

-- Þannig að þar er áhyggjufullur maður, maðurinn minn, og ég get bara ekki lýst því hvað það tekur mig sárt að sjá hann svona. Hann reynir að láta þetta ekki bitna á fjölskyldulífínu, en það þarf ekki nema að horfa á hann til að sjá hvað þetta mál hvílir þungt á honum. Spurningar eins og hvað taki síðan við hjá honum, hvað hann geti farið að gera eftir þetta, þetta er hann að hugsa um. Ég hef heyrt og lesið um það að fólk geti dottið niður í mikið þunglyndi þegar gjaldþrot verður í eigin fyrirtæki. En ég vona bara að honum takist að koma vel út úr þessu öllu saman ef illa fer. Annars eigum við hjónakornin þriggja ára brúðkaupsafmæli í dag! --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 10.9.1999.

Við keppumst við að mála íbúðina á miðhæðinni til að geta skilað henni til nýrra leigjenda. Segi líka frá ferð okkar til London þar sem við bjuggum vel í heimagistingu í Battersby hverfinu sunnan Tempsár. Fórum

¹ Þessir tveir fæðingardagar eru þannig tilkomnir að kirkjubækur segja 31. Amma sagði að hann hefði fæðst 30. ágúst. Ég fór á Þjóðskjalasafnið til að afla mér upplýsinga um dánarorsökina. Svör safnsins voru að upplýsingarnar væru ekki aðgengilegar þá. Ég gæti komið seinna. Það gerði ég nokkrum sinnum og alltaf voru svörin út í hött, sem þýðir lygi. Þetta spannaði nokkur ár, því ekki var þetta alltaf efst á listanum hjá mér. Fleiri atriði stuðluðu að því að ég komst á þá skoðun að Þjóðskjalasafnið væri illa rekið. Sú skoðun er óbreytt, ekki síst eftir að ég var á fundum með þjóðskjalaverði, þar sem hann gekk mjög langt í að fiska eftir aukastörfum. Einnig er hann braut gegn reglugerð safnsins og bannaði myndatöku af læknisvottorði Tómasar Sæmundssonar frá París, heimtaði að safnið tæki sjálft mynd og greitt væri fyrir myndatökuna skv. gjaldskrá sem safnið ákvað, en umboðsmaður Alþingis sagði öldungis óheimilt.

mikið í leikhús og á tónleika BBC Proms og á Fílharmóníuna í Vínarborg undir stjórn Simon Rattle. Unaðslega tónleika. Einnig sáum við danssýningu frá Taiwan og fórum tvívegis í National Gallery. Fórum heim og héldum áfram að mála.

Sigríður Dagbjartsdóttir skrifar Auði. Rvík. 16.9.1999.

Pakkar fyrir bréf með ferðasögunni frá Bilbao og Madrid. Svo fengum við að heyra afmælisbréfið til Ásgeirs, sem ekki var síðra.

-- Það er búið að tilkynna þabba þínum að hann eigi að koma á spítalann á morgun, skera hann næsta dag, taka æxlið og annað nýrað Hann segir sjálfur að þetta sé ekki mikill uppskurður, mikill munur sé að það þurfi ekki að krukka í nýrað, heldur er það tekið allt. Svo hefur hann tröllatrú á þessum lækni, sem er víst sá besti í þvagfæraskurðlækningum.¹ Það er mjög gott að þurfa ekki að hafa þetta yfirvofandi í langan tíma og finnst okkur það báðum gott að drífa í þessu, úr því það þarf að skera. --

Segir frá framkvæmdum við íbúðina á Bergstaðastæti.

-- Málararnir eru langt komnir í sínu verki -- gólfflísar komnar á -- steinplötur á eldhúsborð. Sá sem var að hjálpa Árna í flísalögninni sagði að sér hefði ekkert litist á þær -- svo þegar þær voru komnar á, þá sá hann hvað þetta var fallett. Ég var stolt að segja að sonur minn og tengdadóttir, bæði arkitektar, hefðu valið þetta og líka borðplöturnar úr ísl. grásteini sem Sigurður Helgason (Steinsmiðja S. Helgasonar) hefði valið stóra steina svo ekki þurfti að saga þá niður. --

Segir líka frá vandræðum með leigu á íbúðunum uppi. Einnig leikhúsferðum og veislum. Endaði með heimsókn til Ásgeirs og Brynju, með upplestri á bréfi frá Auði, sem Ásgeir hafði fengið.

-- nú tekur við tími, sem ég verð að játa að ég kvíði fyrir. Við erum bjartsýn og þabbi þinn ekkert kvíðinn. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 19.9.1999.

Fórum með Pétri Guðfinnssyni og Stellu austur í Náttúrlækningahæli og fengum okkur að borða. Þau eru alltaf sama náttúrulekningafólkið og drógu okkur þangað, sem er dálítið skrítið þar sem allir eru nú farnir að borða slíkan mat. Segi frá því hvernig við Pétur aðhylltumst slíkan mat og borðuðum í matstofu Náttúrulekningafólks í Næpunni ásamt ýmsu af furðulegasta fólki bæjarins.

Svo er að segja af hávaða frá leigjendum Auðar á efstu hæð. Vonuðum að fólkið væri að horfa á íþróttakapleik. Annað átti eftir að koma í ljós!

-- Sjálfur var ég að lesa yfir einhverskonar sögu Rauða krossins sem illviljað fólk bað mig um að líta á. Var þetta stíft tveggja daga vinna við lestur á mjög slæmri bók. Vinna mín var sem sagt fólgin í að leiðrétta; en jafnframt þurfti ég að gagnrýna án þess að vera leiðinlegur og án þess að skrifa undir bókina. Góður er viljinn og góðar tilraunir gerðar til að gera málinu skil, en veslings sagnfræðingurinn ræður ekki við penna. En það er allt í lagi og ég slapp billega frá því sem ég var beðinn um. Ég vona að ég sé ekki neikvæður. (*Mér var hrósað í ritinu - en hefði viljað láta orða það skiljanlega og á réttum forsendum.*) --

-- Segi frá leigjendunum, Bryndísi Bjarnadóttur², sem er að ljúka námi í heimspeki og Skúla Malmqvist³ kvikmyndaframleiðanda.

-- Það var ágætt að hitta hann, því hann var með kveðju frá Svönu Friðriksdóttur móður sinni, sem starfaði að Flóttamannasöfnuninni '71, valin úr hópi sjálfboðaliða til að taka við Nansensverðlaunum Flóttamannastofunar SP í Genf. Gat ég bætt því í athugasemdirnar við R.K. bókina. --

Á morgun byrjar Sirri að skrifa greinar Páls Briem. -- Spennandi hvernig tekst.⁴

Í vikunni verður Norðurlandafundur raforkuforstjóra og verður mitt síðasta verk hjá Samorku að vera fundarritari. Reyndar er ég alltaf að fá einhver verkefni, en því miður, mín niðurstaða er alltaf sú sama að ástæðulaust sé að gera eitthvað í málunum. -- Ég er efins um að það taki því að vinna mikið áfram þar - OG ÞÓ?
--

¹ Sjá grein mína: *Spítalasögur*. Í ritinu Sprek (2015).

² Bryndís Bjarnadóttir (1960) mannréttindafræðingur; almannatengill.

³ Skúli Malmqvist (1973), kvikmyndaframleiðandi.

⁴ Loks árið 2015 tókum við Sirri okkur til, bjuggum flestar ritgerðirnar til prentunar: *Páll Briem. Fyrirlestrar og ritgerðir*, og gáfum út á okkar kostnað. Settum bókina jafnframt á nokkur söfn og á Rafhlöðu Landsbókasafnsins.

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 19.10.1999.

-- Í góða veðrinu sitjum við Sirrí inni og lesum saman og vinnum að útgáfu ritverka Páls Briem. Þetta er heilmikið verk og tekur langan tíma. Búið er að slá inn þrem greinum eða fjórðungi heildarverksins. Þetta er erfitt fyrir Sirrí, samt skemmtilegt að komast inn í vísindaheim aldamótalögfræðinnar. Hvort hún á erindi til nútímans er spurning. En við höldum ótrauð áfram á kostnað Dídíar sem lagði eina millj. kr. til verksins.

Búskiptum hennar lauk í gær og fær svokallaður Þórdísarsjóður, sem verður í vörslu Geðlæknafélagsins eitthvað á þriðju millj. kr. Mér líst vel á hugmyndina sem á að stuðla að þróun geðlæknisfræði. Auk þess verður safnað í sjóðinn framlögum úr ýmsum áttum og er vonandi að vel takist.¹ --

Nú eru Jane Almqvist og Tomas² dóttursonur hennar hér og verður haldin veisla gamalla vina hennar.

Haldin er veisla þar sem verður Barbro Þórðarson, sem er finnsk, sem eins og ég var svaramaður þeirra Bo og Jane og skírnavottur Marju, mömmu Tómasar.

Svo eru líka í heimsókn hjá okkur ungir arkitektar frá Noregi sem Dagur bað okkur fyrir.

Þá á ég að fara til Noregs á allra-allra-allra- seinasta fund minn á vegum Samorku.

-- vorum við í skemmtilegu tannlæknaboði -- þar sem þrír þeir helstu³ hittu okkur ásamt mökum í allra allra allra síðasta kveðjuboðinu. Var það skemmtilegt, mikið gantast og rætt um allra-allra-allrastærsta fíkniefnamálið sem tannlæknir er blandaður óþrymlega í. Honum var reyndar hleypt úr gæsluvarðhaldi í dag, grunaður um peningaþvætti. Ljótt er!

En við höfum það ágætt, stundum heilbriggt líf, æfingar, gufuböð, ljósböð og sturtuböð, auk þess sem við böðum okkur í birtunni hvort af öðru og góðum fréttum af börnum, tengdabörnum og barnabörnum --

Auður Eggertsd. skrifar Ásgeiri, Degi og foreldrum. Ólafsfirði. 19.10.1999.

-- Þetta er einskonar keðjubréf til að reyna að lífga upp á samskiptin, eða öllu heldur samskiptaleysið á milli okkar bræðra og systur sérstaklega. Ekki síst milli Íslands og Noregs, því þar á milli má kannski segja að samskiptin séu í núlli, þ.e. milli heimsókna til Íslands. -- Eins og maður er alltaf að blessa þetta net -- svo notar maður það ekki nema takmarkað.

Nóg um það. Af mér og mínum er allt bærilegt að fréttu. Veðrið er búið að vara dásamlegt síðan við komum aftur hingað til Ólafsfjarðar, haustveður eins og það gerist fallegast. Þannig að við erum búna, við mæðgurnar, að nýta okkur blíðuna sem best við getum, förum í göngutúra, þvolum bílinn; maður finnur alltaf eitthvað. Við erum búin að vera það lengi í burtu að fólk var greinilega farið að undrast um okkur. Og ein manneskja hérna í bænum var búin að sakna okkar, það var greinilegt. Það var Petrea, amma hans Axels. Hún tók okkur opnum örmum, bar fyrir okkur kleinur, kaffi og djús, og sagði að við værum búin að vera allt of lengi í burtu. Það er nú ekki verra að finna það að einhver saknar manns.

Annars er ekki svo margt sem er í fréttum af okkur hérna. Það er sama streðið á Axel í vinnunni og hann er ekki bjartýsinn á framhaldið. Þetta er allt saman tekið frá degi til dags hérna hjá okkur.

Sirrí braggast vel. Hún var ekki lengi að detta inn í rulluna hérna. Merkilegt hvað hún kippir sér lítið upp við að vera hent svona milli staða. Um leið og við gengum inn í íbúðina okkar hérna þá fór hún bara að leika sér með dótið sitt aftur, eins og við hefðum ekkert farið. Hún er alltaf sami bókaormurinn og skoðar bækurnar sínar fram og aftur. Ég held að Guttu litli komi til með að kunna öll dýrahljóðin þegar hann kemur í heiminn, það er farið svo rækilega í gegnum hvað dýrin segja, mörgum sinnum á dag. *Bæðvegi*, getur einhver sagt mér hvað gíraffinn segir?

Jæja, ég hef þetta ekki lengra að sinni. Ég vona að einhver takið þessum skrifum mínum vel og jafnvel sendi línu út í loftið, sem framhald á þessari kveðju. Við sjáum hvað setur. --

Eggert Geir Auðar og Axelsson fæddist 17. 11. 1999 í Reykjavík.

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 30.11.1999.

-- Gaman er að heyra af framvindu lífsins á Bergstaðastrætinu. Það er auðvelt að sjá fyrir sér þessa miðstöð fjölskyldunnar með afann og ömmuna eins og kóng og drottningu í ríki sínu. Ég talaði við Auði í gær og fékk síðustu fréttir af Eggert litla. Það var líka gaman að fá myndirnar af piltinum í faðmi hamingjusamrar fjölskyldu. Að eiga afa með *skanner* er nú ekki ónýtt! Af myndunum að dæma fannst mér Eggert Geir vera afskaplega líkur

¹ Efa ég að neitt merkilegt hafi komið frá sjóðinum. A.m.k. hef ég ekkert heyrð.

² Nú orðinn verkfræðingur.

³ Þetta voru þeir fyrrverandi öndvegisformenn T.F.Í.: Helgi Magnússon, Jón Ásgeir Eyjólfsson og Sigurður Þórðarson (1935-2008) ásamt eiginkonum.

systur sinni, kannski svolítið líkari föðurættinni en Sigríður Alma. Myndin af honum uppi í rúmi, umvafinn hvítum sængurfötum var glæsileg, komin upp á vegg hér í Uglugötu.

Við höfum það fínt. Eftir erilsamt haust liggur við að maður sé strax farinn að hlakka til jóla. --

Við sáum m.a. um haustferð fyrir bekkinn hans Jóhannesar -- Þá völdum við mjög fallegan stað inni í skóginum þar sem krakkarnir fengu að spreyta sig á alls konar þrautum. Sólveig tók þátt í þessu og sá um að leiðbeina í einni þrautinni -- Hvort við vorum sólbrún, sótug eða drullug þegar við komum heim er ég ekki viss um, en það var að minnsta kosti gott að komast í sturtu eftir þetta ævintýri.

Jóhannesi líkar vel í skólanum. Það var dálítið erfitt í byrjun að aðlagast nýjum aðstæðum, reglum og hugmyndum og ekki síst bekkjarfélögunum sem eru, eins og í öllum bekkjum, af öllum stærðum og gerðum. -- hann dró sig ekki í hlé, fremur hið gagnstæða, finnst okkur -- búinn að eignast marga vini og greinilega ekki banginn við að láta að sér kveða.

Sólveig er alltaf sama *livsnyteren* hvað sem það nú heitir á íslensku. Lífið er bara skemmtilegt og ekkert vandamál of stórt -- Stundum stangast hugmyndir okkar um hlutina á hennar. Þá er ekki gott að verða á vegi hennar, því röddin er sterk og egóíð stórt í henni. --

Fer á morgun að tala við þá kumpána sem eiga íbúðina hérna. Þá verður skrifað undir samning --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 18.12.1999.

Eftir heimkomu þökkum við fyrir gestrisni Dags og Vibeke í Osló.

-- Ferðin gekk aldeilis vel til Hafnar. -- Heimsóknin til Anniku, frænku okkar var ævintýri. Ævintýri þegar maður hittir fólk sem er eins og við hefðum þekkt þau alla tíð. Preben er stórsjarmerandi og skemmtilegur. Sýnilega meta þau mikils sambandið við Ísland. Þau búa í Fredensborg, sem er rétt við konungshöllina frægu og er Fredensborg og Hillerød eitt sveitarfélag. Þau sóttu okkur á hótelið og var þá farið að snjóa og sóttist ferðin seint norður eftir. Þegar við komum á leiðarenda var Arne Bergström,¹ pabbi Anniku, kominn frá Helsingborg. Hann er stórskemmtilegur, margfróður og áhugasamur og hefur margt að segja. Hans aðaláhugamál er flug, en hann flaug um alla Evrópu (og Annika oft með honum) og Afríku þegar hann var ungur. Nú er hann 81 árs, trimmar, hjólar og rannsakar náttúruna kringum Helsingborg. Hann er líkur mömmu sinni og reyndar mörgum í Nesættinni, ákveðinn, með glampa í augunum. Hann hefur ekki komið til Íslands síðan 1930, hefur ekki áhuga á heimsókn, en hefur áhuga á öllu íslensku og ættinni. Hann fór heim undir miðnætti, vill ekki sofa nema í eigin rúmi.

Jan Bergström var á leið til Kassel í tölvu- og viðskiptaerindum og kom við. Svo var sonur heima og annar kom um kvöldið með konunni sinni. Sem sé, þetta var mikill viðburður og skemmtilegur. Um morguninn fórum við svo með Anniku á Louisiana á sýninguna: *De glade giveve*, þetta var sýning helguð helstu gefendum listaverka í landinu en þau eru uppistaðan í öllum söfnum Danmerkur, í nær hverri borg, erlend og dönsk, listaverk og forngripir.

Þarna var líka mjög skemmtileg sýning á verkum Henning Larsen arkitekts sem aldeilis hefur staðið fyrir stórkostlegum byggingum. Við sáum á H.C. Andersens Boulevard nýtt *Design Center* og í fjarska á Amager sáum við Unibank -- Ég las á heimleiðinni bók um arkitektinn og varð mikið hrifinn.²

Svo héldum við til Hafnar -- skoðuðum viðbygginguna við Konunglega bókasafnið, (*Diamanten*) Gaman að hjá hvernig bókasafnstæknin og arkitektúrinn sameinast. --

Fyrst fórum við reyndar í sendiráðið með jólagjafir frá Fríðu og Helga Gunnari. Pabbi hans Helgi (*Ágústsson sendiherra*) tók vel á móti okkur og buðu þau Heba okkur heim á miðvikudagskvöld. Hann sótti okkur og skilaði og auðsýndu þau okkur mikla gestrisni -

Sírrí fór í Tannlæknafélagið sem bauð henni út að borða og hafði mikið gaman af því, eftir að við höfðum um morguninn farið í listasafnið *Arken*. --

Þá vorum við boðin út af samstarfsmönnum í rafveitusamböndunum. Var það skemmtilegt kvöld og var mér gefin rennd tréskál úr sjaldgæfum víði, blöndu af aski og víði, óvenjulegur gripur og fallegur gerður af *Markku Kosonen*.³ Fylgdi bók um hann og með formála Pallasma, arkitektúrprófessors, læriföður Dags. Fundurinn fór eins og til stóð. Ég lagði fram á sænsku greinargerð um neyðarvarnir. Var ég reyndar búinn að senda þetta viku fyrr til að gera umræður styttri og markvissari. En sem vænta mátti hafði enginn lesið plaggið. Reyndar höfðu menn slett í góm þegar þeir sáu það, en daginn eftir kom óveður sem olli miklum vandræðum, ekki síst á raforkukerfinu í Danmörku og Svíþjóð. --

¹ Arne Bergström (1917-d.), frændi minn, sonur Guðrúnar Guðmundsdóttur Bergström. Ævistarf hans var stjórn sjúkrahúsa. Hann var þá ekkil og er Annika eina barn hans.

² Henning Larsen(1925) er einna frægastur fyrir dönsku óperuna í Khöfn og hjá okkur fyrir tónlistarhúsið Hörpu.

³ Markku Kosonen (1945-2010) fæddur á Djúpuvík í Finnlandi.

Auður Eggertsd. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Despí, 2.3.2000.

-- það var gott að fá svona mömmubréf. -- Mig langaði bara rétt aðeins að senda línur áður en maður hlammar sér niður með handavinnu eftir barnaeril dagsins. Sirrí grátbað um að fá að fara að sofa kl. níu. Pabbi hennar var að reyna að fá hana til að bursta í sér tennurnar áður en hann lagði hana, en þá bara brjálaðist hún, vildi bara komast í rúmið og engar refjar. *Lalla*, segir hún og vill fara að lúlla. Hún er svo mikið, mikið þreyttari eftir daginn hérna úti, enda reynir hún mun meira á sig. Við erum úti á róló á daginn og hún fær að ganga sjálf í göngugötunni, þannig að hún er bara úrvinda á kvöldin. Svo sefur hún líka lengur á daginn. Hún virðist bara vera býsna sátt við þetta allt saman. Það stækkar íbúðina mikið að hafa þessar svalir, hún er á rölti út og inn allan daginn. Hún verður svo skítug á leikjum sínum hérna að það þarf að skipta um föt á henni tvisvar á dag.

Við erum búin að hitta svo marga úr hverfinu eftir að við komum og fólk virðist bara vera ánægt að sjá okkur eftir svona langan tíma í burtu. Það er nú munur, þegar maður er svona mikið einn, að geta þó bara farið út að ganga og þá er maður strax lentur á spjalli við eitthvert fólk úr hverfinu. Ég hef enn ekki farið inn í Barselónu.

Eggert Geir blæs út. Mér finnst bara vera mikill munur á honum síðan við komum. Hann passar núna í gallasmekkbuxur og er eitthvað svo fullorðinslegur í þeim. Hann fylgist líka svo vel með öllu í kringum sig, en alltaf jafn rólegur og góður. Hann náttúrlega sefur þessar göngur meira og minna af sér, en fólk er mjög hrifið af Sirrí og hennar ljósa kalli. Hún er bara svo feimin þegar fólk er að tala við hana að hún hleypur alltaf milli fóta minna um leið. En þetta lagast. Ég er ekki farin að athuga með barnaheimilisláss.

Og nú eru þau farin frá okkur, þau *tengdó*. Sirrí er eflaust rugluð á þessu öllu, hvað allir gufa upp í kringum sig. Hún spyr mikið um afa sinn sem var duglegur að fara út að ganga með hana. -- Það er mikið að bætast við orðaforðann, en ég skil hana líklega best. Við ætlum í Ikea að vita hvort við fáum eitthvað í barnaherbergið, sem verður nú ráðist í að gera þar sem gestaherbergið er.--

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 6.3.2000.

Segir frá því að Dagur hafi orðið fyrir því óláni að Fiatbílum hans var stolið og fannst aldrei.

Einnig segir hún frá veislu sem Sigurður Þórðarson, fv. form. TFÍ og Kristín Karlsdóttir,¹ frænka hennar buðu þeim í og var margt að segja því báðar höfðu lent í því að segja upp vegna óánægju en Kristín hafði unnið hjá ÚU-ferðaskrifstofu. Hún fór í nám og fékk vinnu sem ritari ráðherra.

Svo er oft minnst á hundinn Gretti, gönguferðir með hann og margskonar vandræði sem enduðu með því að hann slapp út úr húsinu og hljóp burt og fyrir bíl á Hringbrautinni. Var það talsverður léttir.

Eggert Ásgeirss. skrifar Bo og Éilís. Rvík. 6.3.2000.

*Éilís Diubhne² hafði sent okkur skáldsöguna *Dancers in the dark*, mjög góða og skemmtilega skáldsögu. Skrifu ég um hana rækilegan dóm og lýsi hrifningu minni.*

-- Éilís skrifar mjög skemmtilega um kvenkynið. Það er ráðandi í bókinni án þess að um það sé fjallað frábrugðið karlkyninu. Mér þótti spennandi að kynnast konunum frá sjónarmiði sem ég hef ekki áður gert. Einstaklega góð, skemmtileg og eftirminnleg bók.

Þakka þér, Éilís, fyrir hana. Ég ætla að fylgjast með skrifum þínum betur en ég hef gert hingað til. --

Auður Eggertsd. skrifar foreldrunum. Barcelona. 7.3.2000.

-- Ég þurfti nú virkilega að halda aftur af mér til að hringja ekki í ykkur. Ég veit að þið viljið heldur fá póst í tölvuna -- Ég fékk póstinn um ófarir Dags. Ekki voru þetta skemmtilegar fréttir. --

Gott hljóð í henni og segir frá heimsókn þeirra Sirríar í leikskólann í næsta hús og fékk boð um pláss. Þar heldur hún að hún nái tökum á spænsku en hingað til horfir hún á þá sem það mál tala eins og þeir kunnir ekki að tala.

Biður um vottorð frá Íslandi svo hægt sé að koma Eggert inn í spænska kerfið.

-- það er merkilegt að horfa á hann Axel hér. Honum líður svo vel hérna og er svo miklu meira upptekinn af okkur hinum í fjölskyldunni. Það er bara ótrúlegt að sjá hvað hann á sérstakan spænskan karakter. --

¹ Kristín Karlsdóttir (1953). Dóttir Karls Jónassonar lækis sem tók botnlangann úr mér fyrir nærri átta áratugum.

² Éilís, ekkja Bo Almqvist.

Eggert Ásgeirsson skrifar Auði Eggertsdóttur. Rvík. 7.3.2000.

-- Mamma þín er í Gerðubergi að sinna einhverjum Zontamálum. Skúli Malmqvist var að grennslast fyrir um hvort mætti bjóða ykkur á myndina hans, Fíaskó. – Það er heilmikið verið að taka til hjá þeim hér uppi og grunar mig að þau ætli að halda veislu vegan frumsýningarinnar. –

Ég var að klára bókina hennar Éilís og sendi heilmikinn ritdóm til hennar og Bo. Þetta er frábær bók, svo dásamlega kvenleg, auk þess að vera ekkert nema kvenleg. Fjallar hún um samskipti unglunga á Írlandi við fullorðna, frændur og tungumálið, og svo margt annað í írsku samfélagi. Mikið væri gaman ef þið gætuð einhvern tíma heimsótt Írland og mulið kex á borðið heima hjá Bo.¹

Lýsir hrifningu sinni á bók Jóns Ólafssonar: KÆRU FÉLAGAR, rannsókn hans á samskiptum komma og Rússa 1920-60, ekki síst frá því tímabili er ég var farinn að fylgjast með stjórnmálum þegar –

--forystan var síbetlandi um peninga, lugu, plötuðu og spiluðu sig stóra karla í Rússlandi. –

Hér voru Kristin Karlsdóttir og Sigurður Þórðarson hjá okkur í hádeginu. Það var skemmtileg heimsókn og gott fyrir mömmu þína að fá nasasjón af ömurlegri þróun T.F.Í. Nú eru slagsmál út af tannsmíðalögum – hvílikar greinar og rök sem framkvæmdastjórinn og formaðurinn bera á borð fyrir almenning. Gripsvit eða?--

Auður Eggertsd. skrifar foreldrunum. Barcelona. 9.3.2000.

Segir af fjölskyldunni og börnunum og ýmsum endurbótum á heimilinu, húsgögnunum, innkaupunum og hvað hún er háð Axel með innkaup.

-- Þetta er ósköp einmanalegt hjá mér miðað við það sem ég var vön heima, morgunkaffi og hádegismatur hjá okkur öllum saman -- Hérna þurfum við Sirrí að láta félagsskap okkar sjálfra nægja. Svo maður gleymi nú ekki aðalgaurnum honum Gerta sperra! En það er bót í máli að maður lendir alltaf á kjaftatörn við einhvern úti á götu. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 10.3.2000.

-- Það er aldeilis fínt veðrið hjá okkur -- Við fórum í göngutúr eins og venjulega -- Sirrí bara á peysunni og í kjól og sokkabuxum. -- Eggert var bara í jogginggalla og ég í nýju, bleiku blússunni -- Haldiði ekki að við höfum verið fín kannski? Það er merkilegt í þessu hversdagslega húsmóðurstarfi mínu, hvað mér finnst ég hafa mikið að gera -- fer af stað með langan lista sem ég ætla að gera og yfirleitt næ ég ekki að klára allt -- fann litla skranbúð og bíl á 150 kr. sem Sirrí getur ýtt sér áfram á alla leiðina heim. Það er aldeilis plús að búa við göngugötu.

Annars er ég daglegur gestur í málningarbúðinni -- pantaði málningu á veggina í barnaherberginu og skrifstofunni -- vonandi getum við gert eitthvað um helgina -- það er bara verst hvað þessar helgar eru fljótar að fljúga -- sérstaklega þegar það er svo margt sem maður ætlar sér að gera. Ég ein hef lítinn tíma til að gera neitt, því það er eins og það er með litlar hendur sem vilja helst koma við allt. Annars byrjar Sirrí í leikskólanum á mánudaginn --

Jæja. Nú sofa blessuð börnin, eins og venjulega þegar ég sendi ykkur línu. Eggert Geir liggur -- úti á svölum í litla burðarrúminu -- alltaf jafn skapgóður og lítið að rífa kjaft. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 10.3.2000.

Segir frá framkvæmdum á heimilinu, gestagangi og lausn á pláss/gestavandamáli en Emilio, gesturinn, stakk upp á lausninni; svefnsófa í skrifstofuna. Þá fór hún með ferðaskrifstofumanni til að skoða hótél þar sem Terranova verður með ferðir hingað í sumar. Svo var mikið drama í kringum fyrsta daginn sem Sirrí litla fór í leikskólanum. Bætir ekki úr skák að hún skilur engan þar.

Biður um að skyggst verði eftir bókinni um bólsrun sem foreldrarnir sendu frá London, á að vera í bókahillu í stofunni

-- brún bók, þú manst eftir henni þegar þú sérð hana. --

¹ Þetta vísar til reynslu þegar Bo var í heimsókn og átti það til að mylja brauð og kex í kringum sig, þannig að fjölskyldan varð hissa. En það er erfitt að borða kökur og kex; jafnframt að ryðja úr sér gamansögum og kenningum um forna lifnaðarhætti.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 19.3.2000.

-- Takk fyrir bréfið -- Ragnheiður¹ -- dáin. Mikið er sorglegt að þetta skyldi fara svona. Mér þótti mikið vænt um hana.

*Fer um hana fögrum orðum og biður mig um að skrifa minningargrein um hana.*²

Auður og Sirrí mamma hennar skrifa Eggert. Despí. 2.5.2000.

Sirrí: Það var gaman að heyra í þér í morgun, nú erum við stelpurnar búnar að spjalla og hafa það skemmtilegt -- og Eggert Geir. Hann er reyndar strákur sem heimtar sitt. En þegar hann er búinn að fá magafylli er hann ekkert nema brosið og það ískrar í honum af ánægju. -- Það væri gaman að heyra hvernig Brynja lætur af sér. --

Segir frá ferð þeirra Auðar og Sirríar litlu í leikskólann vegna Sirríar litlu. Einnig lýsir hún kúntinni sem þarf að beita til að skilja Sirrí, sem kallar sig m.a. Jíjí.

Þá segist hún þurfa að passa sig ef hún leggst út í sólina.

Auður: Mikið er gaman að hafa hana mömmu hérna hjá okkur. Við sitjum og mösum --þess vegna kemst hún ekki í tölvuna fyrir masi.

Segir frá heimsókn til Sitges ásamt Ásgeiri, pabba Axels, sem hún er hrædd um að leiðist hér meðan Sæunn er burtu. --Vonar að pabba hennar og rakkanum Gretti líði vel. --

Dagur Eggertss. skrifar Auði Eggertsd. Osló. 4.5.2000.

-- Vorum að fá skemmtilegar myndir af ungvíðinu ykkar -- Af okkur er allt ágætt að fréttu. Vinnuálagið er mikið þessa dagana og lítur ekki út fyrir að minnka mikið fyrr en hausta tekur. Svona verður þetta oft þegar maður stofnar eigið fyrirtæki. Ég er reyndar byrjaður í *freelance*-vinnu þrjá daga í viku á ágætri teiknistofu hér. Það þýðir að ég get unnið fyrir saltinu í grautinn, jafnframt því sem við Vibeke getum stússast í okkar eigin verkefnum hina tvo dagana. Enn sem komið er höfum við alla okkar vinnuáðstöðu hérna heima, en erum að leita okkur að plássi niðri í bæ. Það hefur þó legið á ís í svoltínn tíma eftir að við fórum að svipast um eftir nýjum bíl. --

Vibeke hefur tekið þátt í tveim samkeppnum á stofunni sem hún vinnur á. Önnur þeirra var um nýtt óperuhús í Osló, engin smásmíði það hús, 35 þús. ferm. Þau skiluðu af sér mjög skemmtilegu og yfirveguðu verkefni sem eflaust á eftir að drukkna í öllum þeim speisuðu tillögum sem skilað var. Það voru greinilega margar tillögur frá fjarlægum löndum sem endurspegluðu dálítið sérstakar hugmyndir um Noreg. Margar þeirra áttu að líta út eins og ísjakar eða snjóhús, með tilvísanir í þessa afkímamenningu á hjara veraldar. Að öðru leyti voru margar spennandi hugmyndir sem komu inn, þannig að samkeppnin verður hörð.

Krakkarnir hafa það fínt. Jóhannes er byrjaður í fótboltanum aftur eftir veturinn. Ég fer með hann á æfingu hérna í hverfinu og verður fyrsti leikurinn í vikunni við annað úthverfalið. Sólveig er ánægð með lífið og tilveruna og hlakkar til að fara með mér til Íslands í sumar. Ég hef ekki enn getað sannfært hana um að Sigríður Alma verði ekki í húsinu, en það er nefnilega eitt aðal atriðið hjá henni að leika við hana af því að hún býr í sama húsi. Við verðum greinilega að koma til ykkar á Spáni einhvern tíma seinna í ár - kannski þegar hausta tekur hér á norðurhjara.

Skrifa meira seinna -- þ.e.a.s. eftir svona 11 mánuði, eða er það ekki eins og það er venjulega. Málið er það að ég þarf að skrifa svo mörg uppköst að svona bréfum að ég þarf nokkra mánuði. Bestu kveðjur --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi og Ásgeiri. Barselóna. 16.5.2000.

Óskar Vibeke til hamingju með arkitektaverðlaun sem hún hlaut. Segi frá heimilislífni, veikindum Axels, barnastússi og starfi Auðar við forngripaviðhald o.fl.

-- Gærkvöldinu var eytt í að horfa á skemmtilegar myndir um Sverri listaverkasafnara Sigurðsson³ og Helga Þorgils Friðjónsson, frænda vorn *Hjallanes*.⁴ -- Hann lýsti því m.a. hvernig móðir hans *von Hjallanes* reyndi að fá hann ofan af því að mála og vinna frekar í bankanum í Stykkishólmi og mála í fríum sínum --

¹ Sem ég hafði ekki tækifæri til (1938-2000). Jarðarför fór fram í leynd þar sem eiginmaður og synirnir tveir munu einir hafa verið. Nemendur minnstust hennar fagurlega og stofnuðu minningarsjóð um hana í M.R. þar sem hún var kennari. Skrifuðu um hana af því tilefni. Við Ragnheiður vorum systkinabörn.

² Sem ég hafði ekki tækifæri til.

³ Sverrir Sigurðsson (1909-2002) kenndur við Sjóklæðagerðina, listaverkasafnari sem ánafnaði verkin Hásk. Ísl.

⁴ Kristín mamma Helga Þorgils og Sirrí voru bræðradætur. Þau eru sem sé þremmenningar.

Eggert Ásgeirsson skrifar Degi og Auði. Rvík. 19.7.2000.

-- Héðan er allt gott að fréttu. Sirrí stóra hefur gengið *amokk* í málningu á kjallaragluggum og úrbótum á búrinu hérna uppi. Ég hef svo dregist með, spartlandi og sandpappírandi. Lengst hef ég nú reyndar setið og beðið eftir að spartlið þornaði. Þá hefur heilmikill tími farið á að bíða eftir málaranum og Jóni Hannessyni (*trésmíði*) Sirrí þótti allt komið í öfni. Var reyndar farin til þess, að ég held, að hugsa til þess að málað yrði næsta ár. Þar sem ég var eitthvað að vandræðast --

Leystist allt, málarinn kom og málningin bláa á þakið. Fólk frá Grasgarðinum kom og tók ótakamarkað af græðlingum af sírenunni, þannig að kannski verður lítið eftir af henni.

Á morgun verður farið í afmæli Þórdísar Helgu og auk þess í afmæli Þórs Vilhjálmssonar og Ragnhildar Helgadóttur í Norræna húsinu, þar sem ræður eru bannaðar.

-- Sirrí var að koma inn til að bjóða góða nótt, þótt klukkan sé ekkert orðin. Hún bað mig um að taka flíspeysur út úr þvottavélinni þegar klukkan hringir, toga þær og teygja á þann hátt sem ég efast að geta leikið eftir. Þetta var eins og dansspor hjá henni, þegar hún lýsti þessu, og ég sem er alltaf slæmur í öllu öðru en færeyskum dönsum. Ég efa líka að ég geti haldið mér vakandi svo lengi. Kannski vekur klukkan mig! --

Soffía hans Árna Geirs var í sjöunda himni að vera flutt í nýju íbúðina og sagði að fyrir dyrum stæði að skíra drenginn. Sirrí hrökk við að heyra að þurfa að ganga frá skírnarkjólnum. En - *sorrí* - hann kemst ekki í kjólinn.¹--

Ræðir um fjöldaslys sem var á veginum frá Grímsstöðum að Dettifossi sem Ómar Ragnarson gekk amokk í lýsingum á.

Þá var rætt um erlenda ferðamenn sem fóru út af veginum og ofan í Jökulsá á Brú, eitt hið illvígasta fljót á landinu en sem á furðulegan hátt sluppu þeir tveir út úr bílnum. Varð mikill ruglingur í lýsingum á slysstaðnum. --

-- Í Mogga kom teikning sem erfitt var að skilja hvar slysið hefði orðið. Í ljós kom að Jökulsá er kölluð af heimamönnum Jökla, á eldri kortum Jökulsá á Brú, á nýrri kostum Jökulsá á Dal. Þó ekki öllum því nýtt kort Máls og menningar kallar ána Jökulsá á Brú. Hin jökulsáin á þessu svæði er Jökulsá á Fljótsal, sem líka var á kortum kölluð á Dal. Svo þetta var mikill nafnaruglingur. Reyndar er það svo með nöfn á löndum að þau eru ekki stöðluð og nefnd ýmsum og ólíkum nöfnum eftir því frá hvorri hlið menn þekkja þau. Hádegisfjall er gott dæmi um slíkt. Dynk í Þjórsá kalla Holtamenn Búðahálsfoss.

Jæja bráðum fara flíspeysurnar að verða fullþvegnar og heldur líka farið að draga af mér. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Barselóna. 18.8.2000.

-- Þá vorum við að koma inn úr dyrunum, börnin og ég. --

Það eru fáir (*ferðamenn?*), þannig að ég er komin í fjögurra daga frí, og er ég aldeilis fegin því. Það er mikið þex í þessari vinnu minni. Miðvikudagar eru algjör martröð, það er alltaf svo mikil seinkun á fluginu, þannig að ég er á flugvellinum frá sjö um kvöldið til eitt um nóttina. Og það eru endalaus vandamál og reddingar og ég get ekki sagt að mér finnist þetta beinlínis skemmtilegt að vera alltaf að sleikja úr fólki. En þetta er að verða búið -- síðasta flug 30. og þá er ég laus. Þá þarf ég heldur ekki að bíða eftir fólkinu sem kemur, bara skila af mér, þannig að ég verð fegin því. Þetta myndi allt ganga svo miklu betur ef það væri ekki svo mikið rugl í kringum þessi flug, því allt annað gengur eins og í sögu. -- Spennit fyrir að lesa Seltirningabók. --

Annars er ég hálf rugluð núna og veit eiginlega ekki hvernig mér líður. Ég var búin að segja ykkur að Axel hefði farið fram á hærri laun í Valeik, að öðrum kosti myndi hann segja upp. Hann fékk engin svör -- og sagði því upp. Núna er hann búinn að tala við Helga, sem sagði honum að þetta væru svo mikil vandræði í Valeik, bankinn væri svo ósveigjanlegur og svo er tollurinn að elta þá út af þessum málum sem voru í fréttum fyrir jól. Hann sagðist í raun aldrei vita hvort fyrirtækið lifði af mánuðinn og sagði að honum fyndist það meira öryggi fyrir Axel, að segja bara upp og taka vinnuna hjá S.H., a.m.k. til reynslu. Þannig að Axel hættir núna hjá Valeik með minnstum mögulegum uppsagnarfresti. Getur líklega hætt í september. Svo þarf hann að ræða við Hjölla, hjá S.H., og taka tilboði hans.

Ég hef alltaf sagt að ég sé ánægð hérna úti, en ég viti ekki hvernig mér liði ef Axel væri í venjulegri vinnu, með bara mánuð í sumarfrí, eins og gengur og gerist. Þannig að það er augljóst að hann kemur ekki til með að ráða sér eins og áður, en hann kannski tekur sumarfrí, sem hann hefur ekki gert mikið af hingað til. Kannski tekur hann ekki vinnuna svo mikið með sér heim.

¹ Skírnarkjól saumaður af Þórdísi Helgadóttur Hálfánarsonar, ömmusystur minni handa börnum Álfheiðar og Páls Briem. Mamma tók við honum, en hún var ræktarsöm mjög og Sirrí í framhaldi af henni, þangað til hún kom honum á Þórhildi Pálsdóttur Líndal. Svo ekki söguna meir.

Það sem mér finnst verst við þetta, að við getum ekki ákveðið að fara heim á rólegum tíma og verið þar einhvern tíma. Ég var farin að hlakka svo mikið til að fara heim um jólin, en nú sé ég ekki að af því geti orðið. Og ég held að það sé erfiðast fyrir mig að geta ekki farið heim eins og áður. En það verður líka að líta á kostina, eins og meiri fjárráð og ekki svona mikið og endalaust stress. Axel þarf ekki að vera með heiminn á herðum sér eins og hann hefur, finnst mér sl. tvö ár. Hann er bara spenntur fyrir þessu og búinn að gera upp við sig að hann vilji prófa þetta. Það er ekkert víst að hann geti unnið svona ófrjáls og ekki stjórnað sér sjálfur. En það verður að koma í ljós, enda ekki frágengið við Hjöllu -- Þið megið engum segja þetta enn.

En við vorum að ræða þetta í morgun, t.d. íbúðina okkar heima. Það er í sjálfu sér fáránlegt að láta hana standa svona auða ef við verðum lítið heima. Það væri líklega réttast að leigja hana út og fá að nota gestaherbergið, þegar við komum heim. En þið verðið að segja okkur hvað ykkur finnst, því það eru þið sem mynduð þurfa að búa með einhverju fólki, en það yrði að vera gott fólk. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 21.8.2000.

-- uppsögn Axels var tekin til greina. -- Ég spyr hvernig honum finnst -- Hann yppir bara öxlum og segist fyrir löngu vera búinn að gera þetta upp við sig og vill ekki gera mikið úr þessu. Hann er náttúrlega búinn að því fyrir löngu með sjálfum sér, enda hefur hann ekki beinlínis verið ánægður í vinnunni síðustu mánuði. Þannig er nú Axel. Og að fara að vinna hjá S.H. er ekki vont fyrir hann til að fá sem mesta reynslu. Hann er búinn að vera í fjölskyldurfyrirtæki í svo langan tíma -- og það er gott fyrir hann að kynnast öðrum stjórnunarháttum og vinna undir annarra stjórn. Þannig lítur hann á það. -- Ég held að hann líti á þetta sem tímabil, kannski stökk. Ég veit það ekki. Alla vega held ég að hann líti ekki á þetta sem framtíðarstarf. Líka verður þetta mikil launabót --

Kannski er ég eitthvað meira viðkvæm fyrir öllum breytingum og mér finnst þetta allt mjög skrytið og ég veit ekkert hvað mér finnst um þetta. Eina stundina finnst mér þetta hið allra besta og hina stundina er ég í rusli. -- Líklega finnst mér verst að hugsa til þess að við séum ekki á leiðinni heim til Ísland „þegar það hentar okkur“ -- föst frí á ári - ekkert þar fyrir utan. Ég var búin að festa það að við færum heim um jólin, og ég fæ kökk í hálsinni þegar ég hugsa um að það verður ekki af því. En þá reynir maður að finna eitthvað annað í staðinn, einhvern ljósan punkt. --

Ræðir íbúðina á Bergstaðastræti, leigu hennar, og hvað megi gera við eigur þeirra, einkum búslóð Þórdísar heitinnar, ömmusystur hennar, koma þeim fyrir á háalofti eða í kjallaranum og margt fleira.

Einnig um vinnu hennar hjá Flugleiðum.

Biður um aðstoð við ýmislegt og foreldrarnir hafa byrjað strax að punkta á bréfið upplýsingar um eitthvað fjögur búslóðageymslufyrirtæki.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 26.9.2000.

-- Mig langaði svo mikið til að taka upp símann til ykkar -- en verð að venja mig af þeirri hugsun -- skrifast heldur á. Ég sit heima í rólegheitum. Axel fór út til að ganga frá hlutum áður en hann byrjar í nýju vinnunni. -- Sirrí fór í leikskólann -- hún grét á leiðinni þangað og sagði *ekki læknir - ekki læknir*. Það er eins og hennar eina minning sér frá læknisskoðuninni sem hún var sett í ásamt hinum krökkunum í maí. Ég skildi hana hágrátandi eftir í fanginu á fóstrunni -- Hún þarf líka að rifja upp málið. --

Axel er að byrja í vinnunni á morgun -- fer svo strax í ferðalag í nokkra daga. -- Edda (*Jónsdóttir*) hringdi og sagðist eiga frímiða -- Ég veit að þið hlæið, en ég verð fegin að þurfa ekki að vera ein dagana sem Axel er í burtu. Og ekki vildi ég að tengdó flyttu hingað til mín. --

Þá segir frá góðri heimsókn fjölskyldunnar til vinafólksins, Benna og Elvu, til Parísar. Strax og hún kom þaðan fór hún með hóp frá Suðárkróki til Montserrat í góðri ferð.

Þá ræðir hún um velheppnaða heimsókn til ykkar foreldranna sem Sirrí litla minnst gjarna, tekur upp símtöl og rabbar við okkur. Þá er Eggert Geir farinn að ganga um alla íbúðina.

Segir frá fyrsta degi Axels í nýju vinnunni.

Eggert Ásgeirss. skrifar Geir Magnússyni. Rvík. 17.10.2000.

Sá ágæti viðburður átti sér stað að Geir Magnússon¹ (1933) fornvínur fjölskyldu Sirríar kom í heimsókn og höfum við síðan átt regluleg samskipti við hann. Ég hitti hann í New York þegar hann starfaði hjá S.H. Hafði reyndar kynnst honum lítillga í MR þar sem hann var þekktur grallari. Sirrí þekkti hann betur því Geir og Sidda voru kærustupar á unga aldri. Nú var sem sé þráðurinn tekinn upp, þótt varla hafi mörg fleiri bréf

¹ Geir Magnússon (1933) viðskiptafræðingur í BNA.

farið á milli. Eftir að Geir hætti í útflutningbransanum fyrir Ísland keypti hann og rekur enn þvottastöðvar fyrir bíla þar sem hann býr. Það gerðist um svipað leyti að hann kom í heimsókn að hundurinn Grettir slapp út og hljóp fyrir bíl. Á því hófst bréfið að við töluðum um hundinn.

-- Já við söknum Grettis, en eins og alltaf reyna menn að finna ýmsa kosti sem réttlæta ástand og aðra tilveru. Eins og þú veist eru hundar þeim göllum búnir að binda sig svo fast við húsbóndann að til vandræða er eða tengjast honum ekki og eru þá líka til vandræða. Flestir eru einhvers staðar þar á milli. Þykir vænt um innbrotspjófa. Gretti þótti allir góðir, flaðraði upp um alla og áleit alla vini. Fjögurra ára sonardóttir (*Sólveig Dagsdóttir*) okkar í Osló sagði þegar hún heyrði um Gretti: *Nú hefur guð fengið góðan hund!* Hún er heimspekilega sinnuð. Þegar frændi hennar dó um daginn varð henni að orði: *En það er líka kostur að nú þekkjum við þó að minnsta kosti einn engil!*

Nú erum við frjálst að fara hvert sem er - þótt við eigum fá erindi og leiðist ferðalög! Ekki er það nú alveg rétt, við vorum einmitt að ákveða að fara til Barselóna til að líta á hluta afkomendanna og reyna á spænsku Sírírar. Enda erum við búin að endurnýja allt húsið, setja niður lauka, eins og smáborgararnir, reglu- og nostursömu, og sem maður hafði mesta ímgust á hér einu sinni. Sigurkarl Stefánsson sem alltaf var uppi í stiga að dytta að, Jón Dan og Kristján Bender sem gengu af Melunum til ríkisféhirðis nákvæmlega á sömu mínútnni, fjórum sinnum á dag eftir Tjarnargötu, í áratugi. --

Ég var að lesa skemmtilega bók Þórs Whitehead: *Bretarnir koma!* Það er merkilegt að lesa þessa nýju sögu þar sem fjallað er um tímabil sem mann rámar í en þekkti ekki. Það var sérstaklega einn þáttur sem ég var hlessa yfir að hafa aldrei heyrt fyrr og að ekki skyldi vera slegið upp þegar bókin kom út í fyrra.

Þannig var að í byrjun júní 1940, um sama leyti og Bretar og Norðmenn voru að gefast upp í Noregi, var herlið hér á landi enn mjög fámenn, vanbúið og illa þjálfað. Það var hysterískt í meira lagi, trúði öllum söguburði um nasistískar tilheingingar Íslendinga. Það sást til tveggja skipa á leið til Íslands í suðaustur af landinu - eða sást ekki - enda þoka yfir. Farið var að leita skipanna, en án árangurs. Þá gerist það að tvítug stúlka frá Loðmundarfirði er á símsstöðinni á Seyðisfirði að tala við þrettán ára telpu í síma þaðan. Hún segir þegar hún var spurð að, hvað helst væri að fréttu, eitthvað á þá leið að þau séu að vaka yfir Þjóðverjum. Enginn veit við hvað hún átti, enda skiptir það ekki máli. Inni á stöðinni er staddur túlkur Bretanna, sem voru fámennir á staðnum, fer hann beint til foringjans og segir frá þessu. Hann verður strax sannfærður um að Þjóðverjarnir væru komnir í Loðmundarfjörð og þyrfti að fara þangað. Haft var samband við bæina og var þar sagt að allt væri með kyrrum kjörum. Það töldu Bretar vera sönnun þess að Þjóðverjarnir væru með allt á sínu valdi. Í stað þess að fara á bát, þessa stuttu leið, ákvað hann að fara yfir fjöll og firnindi með liðið og athuga málin. Þá kom í ljós að þar var enginn Þjóðverji. Í millitíðinn hafði foringinn tilkynnt fréttina til yfirstjórnarinnar á Bretlandseyjum og herstjórnarinnar í Reykjavík. Menn voru svo sannfærðir um að hér væri mikil hætt á ferðum að Churchill var kallaður út af ríkisstjórnarfundi til að ræða málið. Varð það úr að sendur var floti til Íslands og stærðar Sunderlandflugbátur til að kanna landið. Þeir Loðmufirðingar urðu mjög hissa þegar flugvéladygnur bergmálaði fjalla milli. Grunaði fólk hver ástæðan væri. Það var mjög erfitt fyrir Breta að sjá af skipum í þessu skyni, enda var undanhaldið í Noregi mjög alvarlegt. Skipin sigldu með stöndinni og inn á Seyðisfjörð.

Herforinginn hafði látið hjá líða að tilkynna yfirstjórninni að ekkert væri um að vera, kannski séð að hann hefði hlaupið á sig. Þegar herskipin sigldu inn á Seyðisfjörð snerist setuliðið til varnar, því þeir héldu að um þýsk skip væri að ræða, en létu ekki af verða að beita skotvopnum. Sjöliðarnir voru þeirrar trúar að á Seyðisfirði væri þýskt lið, dulbúið sem breskt, enda höfðu Þjóðverjar gert slíkt í stríðinu.

En hysterían barst til Reykjavíkur. Eftir var til mikillar loftvarnaræfingar sem allir tóku þátt í, m.a. loftvarnanefndin sem nýlega hafði tekið til starfa. Man ég eftir að hafa verið smalað niður í kjallarann á Oddfellowhúsinu þennan dag. Íslendingar höfðu samband við vini og kunningja út um landið og ekki orðið neins áskynja. Gunnlaugur Briem hringdi á allar símsstöðvar og bað embættismennina að vera á varðbergi. En Bretarnir trúðu engu og áttu von á blekkingum. Smám saman dó þessi þáttur út.

Bretar voru mjög vanbúnir til stríðs og áttu fá skip, nema helst herdalla úr fyrri stríði. Vegna þess að floti, þótt lítill væri, hefði verið sendur til Íslands voru Bretar vanbúnir vegna Noregsmálsins. Á ferð vestan Noregs voru þrjú skip á leið til N-Noregs. Þetta var mikið hættuspil en fleiri voru ekki til. Þeirra urðu Þjóðverjar varir og sendu að mig minnir hið fræga orrustuskip *Scharnhorst* og tvo tundurspilla. Þeir réðust til atlögu við Bretana og skutu skipin niður. Fórust þar 1600 manns. Áður en annar tundurspillirinn sökk tókst skipshöfninni á honum löskuðum að koma út tundurskeyti sem hitti *Scharnhorst* og fór svo illa með skipið að það varð að leita hafnar ásamt hinum skipunum í Noregi. Litlu síðar urðu Bretar að yfirgefa Noreg ásamt Norsku ríkisstjórninni og toppstjórnkerfinu. Leggur nú stór skipalest af stað til Bretlands að mestu varnarlaus. Var þetta algjört hættuspil, en talið var að um borð væru 16 þús. manns. Vegna afleiðingar orrustunnar litlu fyrr voru engin þýsk herskip á ferð. Slapp skipalestin því undan Þjóðverjum.

Þannig var þessi undarlega saga. Byrjaði á fleipri telpu í Loðmundarfirði en endaði með því að kannski björguðust 14 þús. manns vegna þessa blóðuga ævintýris sem minnti fremur á Grimm en H.C. Andersen. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Gísli Sigurðssyni. Rvík. 30.10.2000.

Gísli Sigurðsson (1930-2010) var lengi ritstjóri Lesbókar Morgunblaðsins og áður Samvinnunnar. Hann var ritfær ágætismaður og dráttahagur, hélt margar listsýningar.

-- Ég kem til með að sakna þín frá Lesbókinni. Ég hef notið þess, ekki aðeins að hitta þig, einnig að lesa margar greinar eftir þig og fylgjast með skemmtilegu blaði. Greinar þínar um arkitektúr hafa farið í úrklippusöfn sem ég hef sent börnum mínum sem búa í útlöndum.

Það sem ég sakna einna mest er að með þér hverfur frá Morgunblaðinu maður sem tekið hefur með velvilja aðsendu efni úr skjálfandi höfundum. Félagar þínir líta gjarnan á það sem óbærilega plágu og ganga á greinarnar með 6000 slaga stikunni, án þess einu sinni að hafa lesið þær eða hafa neitt til þeirra að leggja eða um þær að segja -- tekið við þeim sem aðsendum, ef þær ná máli. Annars eru þær kölluð *SKOÐUN*. Út úr þessu hefur komið safn greina sem varla nokkur maður vildi leggja nafn sitt við nema neyddur sé til, starfs vegna eða hagsmuna. Um minningargreinar gilda önnur lögmál!?

Skoðanaskipti eða *faglegt* framlag til samfélagsins hefur færst yfir á ráðstefnur sem eru að verða plága sem ekki kemur niður á þeim sem sækja þær, sem þó væri í góðu lagi. Miklu fremur lenda þær á lesendum Mbl. Blaðið er að verða allsherjarauglýsing fyrir væntanlegar ráðstefnur, þar sem fólk kemur og lýsir því hvað þar muni verða sagt. Með þessu ræktar Mbl. ráðstefnuplágu sem ég held að hljóti að draga mjög úr framleiðni samfélagsins. --

Þú fyrirgefur rausið í mér. Það er eins og enginn geti hrósað neinum nema á annars kostnað. Ég vona að þú hafir það gott í *helgum steini*, þessum löngu töðugjöldum sem eftirlaunatímminn getur verið. Streðið í *vinnunni* verður smám saman eins og eitthvað svo fjarlægt og ómerkilegt -- Hittumst á myndlistarsýningum -- Ég þori varla að nefna biðstofur þvafærasérfræðinga. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Geir Magnússyni. Rvík. 10.11.2000.

-- Eina uppeldistækið á mínu heimili var ritvél og er ég svo vanur henni og skrifa svo hratt að Sirrí ásakar mig stundum fyrir að skrifa hraðar en ég hugsar. Og ég verð að játa að ég hef komist að því eftir á að svo hafi verið, sérstaklega þegar ég hef verið að segja upp störfum sem ég hef gegnt. Eftir á séð að það var bara gott.

Minnst á störf, þá hefur það sérkennilega gerst, eftir að ég brá yfir mig ellibelgnum að allir eru að spyrja mig - og jafnaldra mína ýmsa - um hvað ég sé að gera. Eins og það sé ekki augljóst. „Ertu ekki eitthvað að grúska? Ef ég þekki þig rétt fellur þér ekki verk úr hendi.“

Meðan ég var í vinnu spurði mig enginn slíks. Væntanlega hefði verið vandræðalegt að spyrja mig; - sem reyndi að gera eins lítið og ég gat á sem stystum tíma, með sem merkilegustum titli, fá sem mest borgað fyrir og dagpeninga ef mögulegt var og njóta langra fría og frelsis; - hvað ég væri að gera? Ég hefði sjálfur ekki kunnað við að spyrja suma félaga mína sem margir voru liðléttingar og stundum liðleskjur, t.d. einn góður vinur minn sem stjórnaði stórri stofnun. Hann sagðist helst aldrei gera neitt, en menn fundu að ef honum mislíkaði, þá sparkaði hann hurðinni aftur. Hann varaði sig ekki á því að þá loksins gátu starfsmennirnir farið raunverulega að tala saman og njóta stundarinnar. Annars þurftu þeir að tala saman í síma! Nú eru menn á netinu, enda fleiri Íslendingar með aðgang að því en nokkur önnur þjóð.

Það er skemmtilegt fyrir þig að eiga félag sem vantar farþega í flugvélinu. Ég hef ekki orðið þeirrar gæfu aðnjótandi nema í San Francisco fyrir löngu. Þar var Vigfús Jakobsson og stundaði flug og var feginn að hafa mig þar í tvo mánuði og ég að hafa hann, nema þegar hann fór með mig heim til konunnar, sem hann skildi svo við af því að hún eins og aðrar amerískar konur fleygði svo miklum matarafgöngum að prestsonurinn úr Vopnafirði gat ekki *útstaðið það* eins og einu sinni var sagt. --

Já rétt segir þú um Baskana, þeir eru frábærlega skemmtilegir og gestrisnir; búa í fallegu landi. Við höfum farið þar um með tengdasyninum Axel og heimsótt alla saltfiskkaupendur strandarinnar. Þeir voru aldeilis hressir og góðir. Baskarnir hafa líka þurft margt að þola, fyrr og síðar. Okkur Sirrí varð ekki um sel þegar við vorum í San Sebastian og allt í einu komin inn í miðja mótmælagöngu. Þar báru fjölskyldur skilti með nöfnum sonanna og eiginmannanna sem voru í fangelsi. Mótmælin gengu út á það eitt að þeir fengu að vera í fangelsi í Baskalandi sjálfu. Annars staðar voru þeir einangraðir, mállausir og fengu engar heimsóknir. En í miðju þessu mótmælalandi stendur nýtt Guggenheimlistasafn teiknað af Gehry,¹ eitt af furðuverkum heimsins og sem breytir ásýnd Bilbao og alls Baskalands. --

¹ Frank Gehry (1929), kanadísk-bandarískur arkitekt.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 6.1.2001.

-- Jæja það fór þá ekki svo að vitringarnir kæmu ekki líka til okkar með gjafir, eins og til allra hér á Spáni. Í dag er gjafadagurinn mikli. Vitringarnir komu í gær með þyrlu (*án gríns*). Þeir hringsóluðu hérna yfir bænum langan tíma í þyrlunni, síðan lentu þeir í einum garðinum, komu út úr þyrlunni með töfralykilinn, sem gengur að öllum húsum hér í bænum. Svo kasta þeir sælgæti til krakkanna og laumast svo með gjafirnar inn um nóttina. Það er bara eitt sem ég skil ekki. Fólk skilur eftir sælgæti handa vitringunum á svölunum hjá sér, vatn fyrir kameldýrin. En ef þeir koma í þyrlu, þá er líklega best að skipta út vatninu fyrir olíu. En við fengum sem sagt gjafir í ár, að vísu með póstinum og við opnuðum þær strax í gærkvöldi þegar Axel kom heim úr vinnunni. -- Þetta var nú meira fíneríð. Að vísu vorum við náttúrlega búin að fá Einar Ben., en það er nú það góða við bækur að það er hægt að fá þeim skipt.

Axel var svo ánægður að fá skóna. Þeir smellpössuðu, svona líka finir -- þessir vöktu aldeilis lukku skal ég segja ykkur. Þúsund þakki fyrir okkur -- Axel er að leika sér á götunni með Eggert og hlaupahjólíð, sem hann elskar. Sirrí er að horfa á Tarzan, sem hún kallar Kassan. -- Það komu líka gjafir frá Degi þannig að þetta var mikil veisla, sem Sirrí sá um fyrir okkur. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 10.1.2001.

-- Er komin upplausn í bréfasendingar? Er *netmeeting* að spilla okkur - eða? Eins og Auður sagði í gær: *Hver verður sagnfræðin* (fjölskyldusaga?) *þegar engin bréf verða framar?* Við svo búið má ekki standa, síst af öllu þegar viðfangsefni mín þessa dagana eru höfð í huga.

Ég fékk í hendur nokkur bréf milli Nesfólksins - þ.m.t. nokkur milli afa ykkar og ömmu - sem voru svo skemmtileg að ég tók strax að skrifa þau upp. Og þau eru sannarlega skemmtileg. Kasta daufri birtu á lífið og samskiptin. Þar sem höfundar eru svo margir er skemmtilegt að lesa í blæbrigðamuninn í þeim og hvernig fólk talar hvert um annað. Nokkur af þessum bréfum eru ástarbréf frá pabba til mömmu árin 1922-25 þegar þau voru að draga sig saman og hann var við framhaldsnám í Stokkhólmi og á Englandi. Ég náði bréfunu frá mömmu, því ég var hræddur um að hún myndi farga þeim. enda líta þeir sem skrifa áreiðanlega á þessi bréf sem tilfinningalegt leyndarmál, stundum barnalegar þreifingar. En þegar ég fer yfir þessi bréf kemst ég í himinlifandi skap yfir að fá allt í einu innsýn í líf sem mér var hulið, sem ég skil ekki sem leyndarmál, heldur opinberun samlífs pabba og mömmu og þeirra fjölskyldna, og sem ég þekkti ekki. Því mikilvægara fyrir mig, og okkur öll, og að fá innsýn í, þar sem ég man lítið eftir pabba og mamma sagði mér aldrei frá. Ég skrifa þetta upp fyrir ykkur til að skoða, ef þið viljið, og fyrir Palla, sem þekkti pabba enn minna en ég, og sem aldrei hefur séð neitt af þessu. Ég hef þó gluggað í sumt, en átti í erfiðleikum með að lesa þau, nú er það hins vegar auðvelt fyrir mig að komast fram úr þeim.

Þetta er heilmikil vinna, en ekki óyfirstíganleg. Smám saman koma fleiri bréf í ljós, milli fleiri og fleiri, smá skjöl, erfðaskrá, kaupsamningar, skattframtöl, vottorð og dót, sem fróðlegt er að skoða og athuga. Þið fáið að fylgjast með þessu, hvort sem ykkur líkar betur eða verr. Ég ætla ekki að gefa ykkur upplýsingar um perlur úr bréfunum.

Á sama tíma hefur mamma ykkar verið að þæla í alþjóðamálum Zonta vegna fyrirlestrar sem hún flutti í gærkvöldi um málið. Mjög fróðlegt er að fylgjast með málinu - úr fjarlægð. Skilst mér að máli hennar hafi verið vel tekið og er hún ánægð með að hafa þælt í þessu. --

Segi frá lestri bóka; er sérlega ánægður með bók Gylfa Gröndal¹ um Stein Steinarr og ber hana saman við bók Guðjóns Friðrikssonar um Einar Ben. og aðferð hans að fylla upp í eyðurnar. Hér er ekkert slíkt.

Svo er mamma ykkar að lesa bók um Vilborgu vinkonu mína Dagbjartsdóttur² sem mér hefur alltaf fallið við og ritverk hennar. Sirrí hefur ekki fallið við hana, þar til nú, að hún fær svipaða sýn á Vilborgu og ég hafði.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Auði, Degi og Ásgeiri. Rvík. 10.1.2001.

Segir rækilega frá vinnu sinni að Zontamálum og fundi deginum áður og sem er undirbúningur alþjóðafundar næsta ár í Gautaborg. Fjallaði í erindi sínu um markmið Zonta í heiminum að bæta stöðu kvenna, einkum í þróunarlöndunum. Fundurinn var haldinn heima hjá Álfheiði Sylvíu Briem.

¹ Gylfi Gröndal (1936-2006) blaðamaður og rithöfundur.

² Vilborg Dagbjartsdóttir (1930), skáld og kennari.

-- Sylvía er búin að bæta inn á heimilið mörgum fallegum munum frá foreldrum sínum. Það vakti t.d. aðdáun margra okkar skápurinn innfelldi með skelplötum og alls konar viði sem Helgi lét smíða í Barcelona ásamt fleiri húsgögnum. Á skápunum eru innfelldar myndir sem listamaðurinn hefur tekið úr gömlum bókum um Ísland og Helgi lét hann hafa. Þetta er spaugilegt, öllu ægir saman, konur í faldbúningum og að breiða saltfisk, hvalir að koma á land, fossar og freigátur og passar ekki allt við lífið á Íslandi.

Það er Zontakona sem býr á Fjólugötu. Hafði ég tekið eftir því að íbúðin á neðri hæðinni var auð og spurði hana hvort nýir eigendur væru komnir í húsið. Hún sagði að konan sem átti íbúðina hefði sett hana í sölu. Hefðu þau gert 14 millj. kr. tilboð í hana, en það var ekki einu sinni opnað því það kom maður með peninga á borðið og var ekki gefið upp hvað hann borgaði; en frést hefur síðan að hann keypti íbúðina á 30 millj. Þetta er maður sem rekur garðyrkjubú á Núpum,¹ rétt hjá Hveragerði, og seldi Rvíkurborg land með heitavatnsréttindum. Svo seldi hann hitaveitu Suðurnesja hálfan Keili. Okkur konunum fannst heldur óréttlátt að bændur gætu selt svona lönd, sem mest eru afréttarlönd og manni finnst vera eign almennings. En svona er nú það. --

Auður Eggertsd. skrifar foreldrunum. Despí. 10.1.2001.

-- ég er alveg að leka niður úr þreytu -- má þó til með að svara skemmtilegu bréfi -- Ég er ekki þreytt út af neinu sérstöku - þau eru alltaf að gera mig uppgefna þessi börn -- ég er kannski að verða of gömul fyrir þetta -- kannski þreytir það mig mest að vera í eilífum samningaviðræðum við hana Sirrí, sem hefur mjög ákveðnar hugmyndir um hvernig hún vill hafa hlutina og það þarf eilífur sáttaumleitani til að gera eitthvað öðruvísi en ég vil. Ég er að reyna að fá hana til að ganga upp stigann þegar hún kemur úr leikskólanum. Hún getur það vel, en það þarf að setjast og hvíla sig alls staðar og spekulera í hinu og þessu þannig að það getur tekið 20 mínútur að komast upp til okkar. Ég var að reyna að fylla hana af kappi í dag, því Eggert er svo fljótur að skríða upp þegar hann fær að fara sjálfur. *Sjáðu Eggert, hann er fyrstur upp, hann er á undan þér* - svoleiðis keppnisanda var ég að reyna að blása henni í brjóst. Þetta hafði engin áhrif á hraðann í henni, en þegar við komum upp sagði hún við mig: *Eddi er fiskur og ég er líka fiskur*. Þannig fór nú um þá tilraun mína. Annars er ég að reyna að kenna henni að róla sér sjálfri í venjulegri rólu og komum við alltaf við á rólúvellinum sem er hérna fyrir ofan. Það gengur bara vel --

Mikið var gaman að heyra af þessum gömlu bréfum sem þú ert að pæla í gegnum, pabbi. Ég gleymi því ekki þegar ég var að *stelast* í gamlar möppur ofan í kjallara, þar sem voru bréf sem þið skrifuðuð ykkar á milli, líklega þegar þið voruð nýgift. Mér fannst þetta eins og ný veröld að lesa þetta, hvernig þið voruð í tali hvort við annað nýgift og lýsingarnar á öllu ykkar lífi. Ég man að ég sagði ykkur skömmustuleg að ég hefði verið að skoða þetta og var hissa á því að þið urðuð ekkert reið við mig. Þannig að það verður gaman og áhugavert að lesa þetta sem þú ert að skrifa upp. Ég er forvitin að vita meira.

Ég fékk dagatalið frá Degi í gær með myndum af krökkunum og eftir þau og bréf frá Degi. Mikið er þetta sniðugt hjá þeim. Það má með sannni segja að hann Jóhannes er flínkur teiknari.

Það var gaman að heyra að Steinn Steinarr er svona skemmtileg bók. Ég kannski fæ hana í staðinn fyrir Einar Ben. Ég verð að viðurkenna það, og er búin að vera að segja Axel, að ég er komin á band pabba með bækurnar um Einar Ben. Þær eru bara svo tilgerðarlega skrifaðar, að það getur farið fræðilega í taugarnar á mér þegar höfundur er að reyna að vera skáldlegur. Það er stundum eins og hann sé skáldlegri en skáldið sjálft. Ég hljóp á hundavaði í gegnum annað bindið, en svo líst mér betur á það þriðja. En þetta er of mikil tilgerð. Svo ætla ég að vinda mér í Einar Má. Ég á líka alltaf eftir Jónas frá í fyrra.

Og gaman var að heyra frá verkefnum Zonta, mamma. Þetta var mjög fróðlegt að heyra hvað þið eruð að fást við -- Og ég reikna með að þið hafið hugsað ykkur að selja okkur miðhæðina á Bergstaðastrætinu einhvern tíma, þá séuð þið komin með dollaramerki í augun, eftir Sóleyjargötusöguna. Ég bara svitnaðir. Jæja, nú er ég öll að hressast við að setja mig svona í samband við ykkur.

Auður Eggertsd. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Despí. 25.1.2001.

-- Takk fyrir skemmtilegt bréf með góðri lýsingu á matarsíðum Ásgeirs og Brynju. Það er gott þegar öll fjölskyldan getur borðað saman á þessum tíma, þegar börnin eru svöng. Ég er oft að hugsa um þetta þegar ég er að koma matnum ofan í börnin klukkan hálf sjö, en svo borðum við Axel alltaf ein þegar hann kemur heim. Það er náttúrlega ekki hægt að draga það mjög lengi að krakkarnir fái að borða, þannig að þetta verður sundurslitið --

Það er gott að hafa pabba hérna og gaman. Ég þori ekki að segja honum frá því hvað ég er að verða góð í hendinni, en er svo hrædd um að þá breyti hann miðanum sínum og fari fyrr heim. Þannig að ég reyni að bera mig voða illa. Hann er hjálplegur hérna, það vantar ekki. Ég er orðin það góð að ég get margt gert, en ég get ekki klætt krakkana með góðu, a.m.k. ekki skæruliðann hann Eggert - og ekki haldið á þeim. Þannig að það er

¹ Guðmundur Birgisson (1961) á Núpi. Þetta var húsið sem þeir byggðu Páll Zophoniasson búnaðarmálastjóri og alþingismaður og Helgi Hermann Eiríksson verkfræðingur og skólastjóri.

ómetanlegt að hann skuli vera svona mikið með krökkunum eins og þegar ég er að elda og hann baðar þau. Og mér sýnist þau njóta þess mikið að vera með honum. Hlátrasköllin berast fram í eldhúsið til mín, þá er hann að finna upp á einhverjum skemmtilegum leikjum og þau veltast um af hlátri. Þau slást um að fá að vera hjá honum og það er mikil sorg hjá öðru þegar hann er með hitt í fanginu. -- Og svo er þetta svo gaman fyrir mig. Við spjöllum um heima og geima og alltaf er af nógu að taka. Ég er búin að vera að lesa þessi bréf milli ömmu og afa og hafði mikið gaman af þessu. -- Það er gaman að hann skuli hafa ráðist í þetta verkefni og ég bið spennt eftir framhaldi.

Annars erum við dreifð um alla íbúð á nóttunni. Ég er farin að sofa í stofusófanum, þar til að við finnum lausn á þessu flóabitsmáli. Ég get ekki hugsað mér að sofa í rúminu mína. Axel er þar einn og hefur ekki verið bitinn neitt. Ég fer til læknis í dag og læt líta á bitin og svo verður hægt að gera eitthvað vonandi. --

Annars erum við komin með þessar fjöldamörgu stöðvar til að horfa á í sjónvarpinu --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Despí. 25.1.2001.

-- Já hér er líf og fjör og ákaflega gaman. Hallast ekki á hvorum þykir skemmtilegra, börnunum eða mér. Ég er talinn hér mesti afreksmaður fyrir að koma fljúgandi til hjálpar yfir hálfan hnöttinn, eins konar *faðir án landamæra*. --

Hér er ákaflega gott veður og hægt að hvíla sig í sólinni án yfirbreiðslu. Svo er farið daglega út að ganga og hlaupa til að kynnst næstu leikvöllum. Áætlað er að fara um helgina í húsdýragarð - sem settur er upp í tilefni af *degi dýranna* - Verður Sirrí flutt þangað í sérstakri barnakerru ásamt hinum börnunum í leikskólanum. --

Nú vorum við að koma úr hálfgerðri fjallgöngu, ígildi föstudagsæfinga til að sækja bílinn hennar Auður í eftirlit og til að skoða leikskóla og barnaskóla sem hún hefur augastað á. Lýst okkur ágæta vel á þessa staði, en Auður er á því að setja Sirrí í almennings- en ekki einkaskóla, enda telur hún þá jafn góða og fari varla að hallast á fyrr en kemur á hærri skólastig. Hér er sem sé ýmislegt planað og *spökúlerað*. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Despí. 27.2.2001.

-- Sunnudagsbréf. -- Hér er dagur dýranna og við förum að sjá skruðgöngu fjölbreytilegra hesta og vagna. Sirrí og Auður sátu uppi á einum vagninum með leikskólanum. Við Axel og Eggert Geir vorum á hlaupum að reyna að finna þær og skruðgönguna. Það tókst að lokum. -- Nú er komið heim að leyfa þeim að sofa, okkur að borða humar sem verið er að setja á grillið. --

Sigríður Dagbjartsd. skrifa Auði Eggertsd. Rvík, 12.2.2001.

-- Ég hef verið að lesa yfir bréfin sem pabbi þinn skrifaði upp úr gömlum bréfum -- er að lesa bréf langömmu þinnar og er ekki komin að bréfum milli ömmu þinnar og afa. Það er gaman að komast inn í þennan heim fjölskyldunnar og kynnst svolítið lífi þeirra, búsáhyggjum Kristínar í Nesi og umhyggju hennar fyrir börnum sínum. Þessa vitneskju fær maður af því að til eru bréf.

Ég dáist að því hvað t.d. langamma þín Kristín, kunnir vel að orða hugsanir sínar; greinilegt að hún hefur verið stjórnsöm og mikil persóna, enda þurft að standa fyrir sínu. --

Auður Eggertsd. skrifar foreldrunum. Barcelona. 2.3.2001.

-- Það var gott að fá Axel aftur heim. Það verða fleiri svona ferðir, líklega ein vika á mánuði sem hann verður á Ítalíu á næstunni. Það er gott að ég spari svona duglega í matarinnkaupum, þannig að við komum út í gróða við þessar ferðir hans. Líklega verður þetta svona fyrst um sinn, á meðan þeir eru að vinna í markaðsmálum í upphafi -- Þetta var svo sem fljótt að líða og þetta er ekki tiltökumál, þannig séð, meðan maður hefur nóg að gera.-- Það var óheppni að ég skyldi vera lasin meðan hann var í burtu, því það gerði þetta sannarlega erfiðara fyrir mig og maður finnur greinilega hversu einn maður er, enginn sem ég get stólað á til að hjálpa mér. En þetta gekk. Ég er enn með hálsbólgu --

Óli er byrjaður að vinna hjá okkur -- kemur upp úr fimm þegar Elena er í vinnunni. Mig grunar að hann láti hana ekki vita að hann sé að gera þetta fyrir okkur -- ég kóa bara með honum. -- En þetta er ekki góður tími fyrir mig þegar ég þarf að vera í eldhúsinu sjálf og gefa krökkunum að borða. -- Þetta er svona meðan hann er að vinna í eldhúsinu -- öðruvísi í stofunni vonandi. En ég er ánægð með að hann, en ekki einhver annar, skuli gera þetta fyrir okkur.

-- Annars eru krakkarnir úti á svölum að leika sér í húsinu -- Sirrí er ekki lengur eigingjörn og meira farin að leika við hann. Það koma tímabil sem hann má ekkert gera í friði. -- Gaman að sjá þau saman þegar þau eru góð. -- Ég er að fara með Sirrí í leikskólann, svo förum við Eggert í pósthúsið með pakka til Sólveigar. --

Auður Eggertsd. skrifar foreldrunum. Barcelona. 19.3.2001.

Segir þær furðufréttir að Magga vinkona hennar og Jolli, séu búin að kaupa íbúð á Hagamel 6, í sama húsi og Jójó og Óli B. Thors aðalfjölskylduvinirnir.

Þá segir hún frá því að Margrét Hlökkvers, sem vinnur í tengslum við katalónska sjónvarpið, að það hafi verið haft samband við hana vegna gerðar myndar um innflytjendur t.d. um matargerð, en vantar einhvern frá Íslandi. Þar kem ég inn í myndina því þeir vildu fá einhvern sem kynni að elda saltfisk, eins og við gerum, soðinn með smjöri og kartöflum. Kannski tveggja mínútna langt. Koma þeir í vikunni. Axel hefur léttsaltaðan saltfisk, en hann er ekki hægt að sjóða í vatni, heldur þarf að steikja svo saltbragðið hverfi ekki. Spyr mömmu sína um útvötnun, suðutíma og annað hefðbundið.

Auður Eggertsd. skrifar Eggert Ásgeirssyni. Barcelona. 13.5.2001.

Nú er „Sirrí stóra“ komin til Barsó og nauðsynlegt að skrifa Eggert sem væntanlega situr heima og lætur sér leiðast!? Lýst er sólböðum dagsins, innkaupaferðum og --

Fór með krökkunum út á framlengingu göngugötunnar kl. sjö um kvöldið eftir að þær mæðgurnar höfðu farið og gengið eftir borgarmúrum Tarragona.

Axel notar tækifærið til að sinna ýmsum aðkallandi verkefnum heima.

-- Ég get ekki annað en brosað þegar ég heyrir í mömmu og krökkunum í öðru herbergi en ég er í. Stundum heyrir ég að mamma er að reyna að ala Eggert upp, banna honum eitthvað, og hann verður alveg brjáláður og neitar alveg að læra. Þau eru mjög hænd að henni bæði tvö. Það er mikill léttir fyrir mig, því Eggert er svo mikill mömmustrákur, að þá má heita kraftaverk að hann sé svona mikið með öðrum en mér. Sirrí er í sínum eigin heimi og blandar ömmu sinni í ímyndunarleiki sína. Þeir fara fram á einkennilegri blöndu af katalónsku og spænsku. -- Við höfum það sem sagt öll mjög skemmtilegt og njótum þess að vera saman. -- vona að þú hafir það svona skemmtilegt einn. --

Nú gerast bréf slitrótt sem bendir til þess að símakerfið sé notað í auknum mæli. Rætt um „yfirborðslega“ hluti, smáatriði daglegs lífs, uppeldi barna, viðburði í þeirra lífi, veikindi o.fl. Er torvelt að skrifa jafn mikið upp og áður. Þá smækkar letur þannig að aldraður bréfitari gefst væntanlega upp!

Þá er líka meira rætt um húsið á Bergstaðastræti 69, viðgerðir o.fl.

Þannig verða færri og færri bréf afrituð. Vænta má að smám saman muni draga úr millilandabréfaskriftum og dagar þeirra smám saman taldir, ekki bara í þessu bréfasafni.

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 24.8.2001.

Ýmislegur erindrekstur.

-- Annars er allt gott að fréttu. Erum að undirbúa síðbúið afmælisboð fyrir Jóhannes. -- Sólveig komst að í fiðlukennslu í skólahljómsveitinni á Ullevål skole. Það voru gleðifréttir fyrir hana, enda er hún búin að bíða eftir að komast einhvers staðar að síðan í febrúar. Það var ekki hlaupið að því fyrir hana svona litla, en af því að Jóhannes er kominn í hljómsveitina var fólk farið að þekkja aðalaðdáanda hans frá konsertunum og var því auðveldara að komast að. Þar með er hún búin að setja aldursmet sem yngsti nemandi hljómsveitarinnar.

Jóhannes var að byrja í skólanum með nýjan kennara. -- Hann var kosinn fulltrúi bekkjarins í nemendaráð skólans Það getur því verið að við hittumst á fundum í vetur því ég var kosinn fulltrúi í foreldraráð -- Skemmtileg tilviljun. Það sem var enn meiri tilviljun að varafulltrúi minn er móðir stúlkunnar sem kosin var varafulltrúi Jóhannesar. --

Sellókennslan fór af stað í vikunni. Jóhannes kann vel við sig þar. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi og Ásgeiri. Barcelona. 19.9.2001.

Segi frá því að ég sé ansi þreyttur eftir athafnir síðustu daga, en flugfreyjuklúbburinn var að fara heim eftir vel heppnaða heimsókn til borgarinnar, skoðunarfeðir, söfn o.fl. Hápunkturinn var þegar Auður og Axel buðu öllu liðinu hingað heim til Despré í dýrðlega veislu. Auður hafði skipulagt heimsóknina á besta máta.

Svo fór Axel til Grikklands í stóru fylgdarliði Ólafs Ragnars og verður í veislu m.a. hjá systur Astrid Kofoed Hansen, sem þar býr og er konsúll landsins, en Astrid er einmitt í flugfreyjuklúbbnum.

Sigríður Dagbjartsd. skrifar Degi og Ásgeiri. St. Jóan Despí. 19.9.2001.

-- Mikið er maður ánægður þegar allt gengur vel og það má sannarlega segja um saumaklúbbsferðina. Allur hópurinn var samstilltur og jákvæður. Við fengum mikið hrós fyrir skipulagið sem var náttúrulega Auði að þakka. -- Á mánudagskvöld hafði hún pantað fyrir okkur öll á einhverjum góðum stað, í göngufæri frá hótelinu, ef veðrið hefði ekki svikið. Það var aðeins farið að rigna þegar við lögðum af stað á lítinn, skemmtilegan bar hinum megin götunnar frá hótelinu þeirra. Þá var rigning og nú tók hún að aukast þar til það varð eins og hellt væri úr fötu, engan leigubíl að fá og góð ráð dýr. Þá kom sér vel hvað pabbi ykkar er fljótur að framkvæma. Hann rak augu í matstað þarna rétt hjá Römlunni, fékk borð fyrir 13 og við eltum hann þangað með regnhlífur á lofti. Þar var okkur tekið opnum örmum og reyndist þetta mjög skemmtilegur staður sem gerði engar athugasemdir þó Íslendingarnir væru háværir.

Við erum búin að skoða mikið, fórum í gær á Míró safnið, hittum þar Ameríkana frá Kaliforníu sem fór að rabba við okkur á kaffistofunni. Hann fór að tala um heimsmálin og sagði að Afganistan væri fjöllótt land, en innan skamms yrði það flatt. Það var ekki laust við að það fari um mann þegar talað er svona. --

Veðrið er gott. Við fórum með Eggert Geir á leikskólann í morgun. Hann reynir eins og hann getur að komast hjá því að fara, en er samt orðinn mjög meðfærilegur núna og kyssir mann bless í bak og fyrir.

Auður Eggertsson skrifar foreldrunum. Barcelona. 29.9.2001.

-- Það eru góðar minningar sem ég á eftir dvöl ykkar hérna. -- Eggert svaf lengi í morgun, aldrei þessu vant, en þegar hann var búinn að borða morgunmat fór hann af stað og opnaði gestaherbergið og ætlaði að vekja ömmu sína. Hann kom hljóðandi til baka þegar hann sá Lalla Palla¹ liggja þarna. Sírri var mjög opin, fór beint til hans og var ég hissa á því. Svo kallaði hún til mín og sagði að það væri búið að breyta ömmu í Lalla Palla! Svo var ég að heyra að hún væri komin í hrókasamræður við hann og hann farinn að lesa fyrir hana. --

¹ Lárus Páll Ólafsson (1968) sonur Ólafs Ragnarssonar lögfræðings og dóttursonur Lárusar Pálssonar leikara.

2002

Auður Eggertsd. skrifar Eggert Ásgeirss. Barcelona. 8.6.2002.

-- Það er svo langt síðan að ég hef handskrifað bréf -- nú er að sjá hvort ég muni enn alla stafina. -- Jæja þá er dagurinn runninn upp, afmælisdagurinn henna mömmu og dagurinn þegar þú flýgur í burtu frá okkur. Ég er búin að vera eitthvað svo tóm inni mér í dag af fyrirfram söknuði að mér fannst ég verða að segja þér eitthvað áður en þú ert farinn frá okkur.

Ég veit ekki almennilega hvernig ég á að þakka þér fyrir að hafa komið hingað til mín/okkar, og það með svona litlum fyrirvara. Ég veit að það er bara ég ein sem á svona pabba, sem bregst við á þennan hátt þegar þú vissir að mér leið illa. Fyrir það er ég mjög þakklát og ekki síður stolt. Ég veit að þú gerðir þetta af því að þér þykir vænt um mig og mína, og sú væntumþykja er svo sannarlega á báða bóga. Og mér finnst við almennt búin að hafa það gott hérna saman, fyrir mig hefur það verið gott og uppbyggjandi að vera nálægt þér og ég kemst alltaf betur og betur að því hversu mikill og góður vinur minn þú ert. Ég veit að ég er ekki alltaf auðveld í sambúð, en þú lætur mig aldrei finna það þó að oft sé ég ekki beint skemmtileg. En þú ert náttúrulega einhver sá jákvæðasti maður sem um getur! En ef ég hef verið leiðinleg, þá bið ég þig fyrirgefningar á því. En mér hefur þótt ómetanlegt að hafa þig hérna, bæði út af hjálpinni sem þú ert, og svo félagskapnum.

Og ég veit að ég er ekki sú eina sem kem til með að sakna þín. Það verður tómlegt hérna fyrir okkur öll. Sæunn á eftir að sakna söngvanna þinna og spjallsins. Sirrí og Eggert göngutúranna og feluleiksins, og ég bara alls!

Þú manst að kyssa mömmu frá okkur öllum og segja að hún hafi verið með okkur í huganum hvern einasta dag og þú þakkar henni fyrir lánið á þér!

Elsku pabbi, góða ferð heim og njóttu þess að koma heim í rólegheitin! Við hlökkum til að hitta ykkur mömmu í sumar.

P.s. Þú getur kannski notað bolinn í málningarvinnu eða í garðinn ... Það þarf bara að strauja hann áður en hann fer í þvott svo að liturinn fari ekki úr. Sirrí og Eggert sáu alfarið um skreytinguna. Þín elskandi.

Eggert Ásgeirss. skrifar Bo Almqvist. Rvík. 1.9.2002.

-- Þakka þér kærlega fyrir bókina um Christian Matras.¹ Ég las grein þína af athygli og þykir sérstaklega gaman að henni og dáist að því hvernig þú dregur efni saman úr öllum áttum, að því er virðist fyrirhafnarlaust. -- gaman var að kynnast Christian, sem ég hafði reyndar ekki heyrt nefndan fyrr. Merkilegt þótti mér hve vináttan er þýðingarmikil í lífi þeirra Christian og Séamus - eins og Einar Ólafur - og þú!

Mér þótti gaman að lesa orð þín um brílljans Helga Guðmundssonar og ætla að skyggjast í bókina *Um haf innan*, sem ég opnaði einu sinni en þótti heldur mikið torf og mat ekki mikils, ef ég mann rétt vegna þess að hann gerði ekki nóg úr þínum skrifum. --

Ég fór í gær á doktorsvörn Gísla (*Sigurðssonar*). Salurinn var fullur út úr dyrum og framganga Gísla glæsileg. Inngangur hans, sem birtist í formála doktorsritsins, var skemmtilegur og vel fluttur. Þau voru andmælendur Guðrún Nordal og Lars Lönnroth. Því miður talaði hann á ensku, og því miður svaraði Gísli honum á ensku. Þegar Lars var búinn að tala í klukkutíma gafst ég upp og fór, settist með bókina í hönd. Ég skildi lítið (eða heyrði) af því sem Lönnroth sagði. Mér þótti samt gott hjá honum að spyrja Gísla og láta hann svara jafnóðum. en því miður varð það eins og tveggja manna tal þegar Gísli svaraði og var þá ekki meðvitaður um hljóðnema og áheyrendur. En þetta er sjálfsagt mér að kenna og ætla ég að láta mæla heyrnina. Ég þori ekki að láta mæla athyglisgáfuna, veit ekki hvort það er hægt.

Sem sé, ég missti af orðaskiptum Guðrúnar og Gísla og þótti leiðinlegt, eins og hinum (fáu) sem fóru á undan mér. Ósköp var að sjá Sigurð pabba Gísla, alveg kominn að fótum fram.

Ekki er ég kominn langt í doktorsritgerðinni en sé að Gísli vitnar eitthvað í þig. Niðurstaða hans er nákvæmlega sú sama og þú hefur löngu haldið fram að munnmælum sé ekki síður eða jafnvel treystandi og ritum. Margt af röksemdum hans er þegar vitað, t.d. hvernig Ari fróði hefði verið vilhallur og haldið frændum sínum fram og forfeðrum.

Ég er að vinna að útgáfu Páls afa míns frá aldamótunum fyrri og þar er mikilvægur þráður hvernig kirkjan og höfðingjar hafa hagað lögum og reglum til að styrkja sinn rétt, en Gísli ræðir einkum um hvernig lagasetningin breyttist þegar lögín voru rituð en ekki sögð fram. Þá komu þeir fram sem ekki mundu en kunnu að lesa, og kannski ekkert fram yfir það.

¹ Christian Matras (1900-88) skáld og málfræðingur.

Það er alltaf gaman þegar fram koma skemmtilegar ritgerðir sem ganga á svig við viðtekna hugmyndir. Það kom fram í góðlátlegum orðum Gísla hversu bókfestuhugmyndirnar gegnsýra hugmyndaheiminn. Hann getur þess þá einnig að Ólafur Halldórsson hafi, ekki fyrir löngu, sýnt fram á að Grænlandingasögur hljóti að byggjast á sögum en ekki bókum. --

Segir frá börnum og barnabörnum og að Dagur verði hér í mánuð með börnin sín, en hann er gestakennari við Listaháskólann. Hann er reyndar í Stokkhólmi þar sem hann er líka gestakennari næsta mánuðinn við Tækniháskólann.

Sendi viðtal Þrastar Helgasonar við Gísla Sigurðsson í Lesbók Mbl. 31.8.2002.

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 6.10.2002.

-- Eins og þið vitið var ekki farið til Helsinki eins og við höfðum ætlað okkar. Spellvirkjar bæjarins sáu um að kollvarpa þeim áformum okkar. Þegar fréttirnar um ástand verksins náðu eyrum stjórnenda svæðisins vildu þeir láta fjarlægja verkið sem fyrst. Við ákváðum að vanda okkar kvæði í kross og reyna að finna nýjan stað og nýja fósturforeldra fyrir verkið. Við höfum verið í sambandi við þá sem hafa styrkt verkið og gefið því auga, en viðbrögðin eru ekki farin að láta bera á sé ennþá. Við erum samt ekki búin að gefa upp alla von og ætlum að hafa samband við fólk næstu daga. --

Segir rækilega frá bílakaupum, en gamli bíllinn virðist hafa verið skemmdur og tryggingarfé greitt og úr því varð að þau keyptu notaðan Hyunday Atos sem þau notuðu í mörg ár.

Þá fóru þau til Stavern og skiptu um gólf á sumarbústað foreldranna, sem ég veit ekki betur en hafi staðið sig allt til þessa dags og breytt yfirbragði bústaðarins.

-- Aðalviðburður vikunnar hjá mér var erindi á ráðstefnu um stofnun Noregsdeildar European. European er eins og þið kannski munið samkeppnin sem við Vibeke, Christine Pedersen og Kirsti Leman tókum þát í í vetur. Það eru ein 20 lönd með aðild að keppninni og nú er komið að því að stofnan Noregsdeild. Erindið fjallaði um arkitektasamkeppni sem pólitískt verkfæri, og lýsti því hvernig samkeppnirnar hafa þróast hér í landi frá því þær voru haldnar fyrst fyrir 150 árum og smám saman glatað hinni hugmyndafræðilegu undirstöðu sem þær byggðu á í upphafi. Ég var mjög taugaóstyrkur þegar ég var að undirbúa erindið, því ég vissi að allir þeir sem vinna að pólitískum hliðum arkitektúr yrðu í salnum: Arkitektafélag Noregs, Arkitektafélag Osló, Framkvæmdasýsla ríkisins, Húsbýggingasjóður ríkisins, Menntamálaráðuneytið, Stofnunin Norsk Form, forstöðumenn arkitektaskólanna í Bergen, Osló og Þrándheimi og fullt af kennurum sem ég hafði ekki séð í mörg ár. Það gekk vel að koma þessu frá sér og viðbrögðin voru góð. Sérstaklega var gaman að fá viðbrögð frá aðalframkvæmdastjóra keppinnar sem kom gagngert frá París til að vera við stofnun deildarinnar. Ég ræddi lengi við hann og sagðist hann hafa harmað að verkefnið okkar hefði ekki lent í fyrsta sætinu í Finnlandi. Hann hafði verið viðstaddur dómnefndarstörfin í Karlskrona fyrir ár og varð það eitt af 20 bestu verkefnum keppinnar í ár en skilað var inn rúmlega 4000 verkefnum, þannig að það var greinilegt að svo var ekki, því hann man eftir verkinu okkar í smáatriðum. Hvort það verður birt í fjölmörgum tímaritum í haust, eins og hann hélt fram að yrði, verður að koma í ljós. Úr því að ég er að tala um verkefnið þá er búið að birta það á tveim stöðum nú þegar, í finnska tímaritinu *ARK* og á nettímaritinu *FUTURAMA*. Þið getið flett því upp.

Í vikunni var ég líka beðinn um að taka þátt í stjórn Arkitektafélags Oslóar, sem er eins konar deild innan Arkitektasambands Noregs. Meðstjórnendurnir eru mjög færir arkitekta og skemmtilegt fólk að vinna með, þannig að ég tók því boði. Stjórnin mun hefja starf eftir áramótin. --

Segir frá börnunum sem voru ásamt Vibeke hjá afa sínum og ömmu, en þar er tómlegt eftir að Marius, eldri bróðir hennar, féll frá.

-- Við Vibeke höfum verið að undirbúa bekkjarpartí fyrir þá sem byrjuðu í arkitektaskólanum 1987, Ásamt Magnúsi og Hönnu, sem þið munið eftir. Það verður gaman að hitta gamla bekkinn. Við ætlum að skipuleggja þetta sem Galleri Anthon Berg - samkomu, en eins og þið munið þá stofnuðum við Logi Galleri Anthon Berg þegar við vorum á fyrsta ári í skólanum. Þessa samkomu höfum við hugsað okkur sem útgáfupartí fyrir uppáhaldslög krakkanna í bekknum. Allir verða beðnir um að kjósa þrjú lög og þegar við fáum seðlana ætlum við að brenna vinsælustu lögina á geisladisk og dreifa í partíinu.

Ég þarf að vitja krakkanna. Þau fengu að slá upp tjaldi í svefnherberginu - og samanstandur það af regnhlíf, Álafossteppum, púðum og sængum - og fara að sofa upp á eigin spýtur. Þau fengu með sér vasaljós til að sjá handaskil í mannvirkinu -- Vibeke er á kaffihúsi með vinkonu --

Auður Eggertsd. skrifar foreldrunum. Barcelona, 28.8.2002.


Segir frá innkaupum og viðbót við íbúðina þeirra og ferð í IKEA í því sambandi.

-- Annars erum við nú bara að dóla okkur krakkarnir og ég. Það er búið að rigna síðan við komum -- en í dag skín sólin og það er heitt. Við vorum að koma úr labbitúr með hjólin þeirra. Sirrí á tvíhjóli með hjálpardekk og

Eggert á þríhjólinu. Ágætis tilbreyting nema hvað Sirrí brunaði af stað niður brekku og réð ekki við neitt, þannig að ég hljóp á eftir henni og hélt að ég væri með kerruna skorðaða. En svo var ekki, þannig að kerran fór af stað niður brekkuna líka og Sæunn sofandi í henni, fór niður gangstéttarbrún og á hliðina. Það kom ekkert fyrir hana, hún skall ekki í götuna sjálf, en hún hefur fengið á sig einhvern hnykk og ekki var það gott fyrir hana að vakna á þennan hátt og hún var óhuggandi í dálftinn tíma. Þetta var ekki gott

Dagur Eggertss. skrifar foreldrunum. Osló. 16.11.2001.

-- Fann útilampa. Hann lítur svona út:



Lampinn hefur lýst okkur í hálkunni í fimmtán ár að kalla.

Annars er allt gott að fréttu af okkur. Ég fer til Finnlands á fimmtudaginn til að pakka innsetningunni saman. Aðalstuðningsaðilinn tók tilboði okkar um að fá verkið til eignar með því skilyrði að hann endurreisti það á öðrum stað. Það verður því flutt til Lahti eftir helgina þegar ég og aðstoðarmenn verðum búnir að pakka verkinu á pallettur -- Vonandi gengur það vel. Súlnar eru ca. 350 kíló á þyngd. Við verðum því að finna upp á einhverjum *barbabrellum*. Læt vita hvernig fer.



2003

Eggert Ásgeirss. skrifar Bo Almquist. Rvík. 25.1.2003.

Á þessu ári fóru allmörg bréf milli okkar Bo í sambandi við undirbúning bekkjarferðar MR-49 sem menn gerðu sér vonir um til að geta heimsótt Írland. Bo tók vel í þetta og lagði talsvert í undirbúning. Svo fór að ekki var hljómgrunnur fyrir því og var ekki farið til Dublin fyrr en 2013. Þá tók Bo vel á móti okkur bekkjarsystkinum í háskólanum og sýndi hópnum þjóðsaganastofnunina sem hann hafði byggt svo glæsilega upp og við Sirrí gefið talsvert af bókum til. Ekki rek ég skoðanaskiptin um þetta mál.

Eggert Ásgeirss. skrifar Bo Almquist. Rvík. 2.3.2003.

-- Minningarnar sækja á mig í morgunsárið. Ég var í jarðarför Svövu Jakobsdóttur í gær. Það var einstaklega falleg og skemmtileg athöfn, ef svo mætti segja, gefandi, gerð frá Hallgrímskirkju, kirkjunni hans séra Jakobs. -- Tónlistin var framúrskarandi, sungnir *Smávinir fagrir* Jónasar við lag Jóns Nordal. Þá las Hjalti Rögnvaldsson Ferðalok Jónasar einstaklega vel. Allt bar að sama brunni.

Stundum eru jarðarfarið hræðilegar. Þessi var stórkostleg, ef hægt er að nota það orð. Svo var gott að sitja í kirkjunni innan um gömlu bekkjarsystkinin, háskólamenn, frændur þeirra Jóns og Svövu, og gömlu stjórnmalafélagana hennar, sem ekkert hafa lengur að gera í stjórnmalum annað en að bera hvor annan. Og þó - má ekki skilja það neikvætt? Eftir að kalda stríðinu lauk þá sér maður þá í allt öðru ljósi. Allir voru að gera sitt besta, en því miður, þeir gátu ekki gert betur, ekki fremur en þeir sem nú eru við völd og baða sig í dýrðarljóma fjölmiðlanna - um sinn. En það er gott að rifja upp fyrir sér að hver og einn, þrátt fyrir andúð, og eins sérstaka aðdáun almennings, höfðu sitt að segja og komu hlutum fram sem eru hluti veruleika sem aldrei er rifjaður upp nema í hinstu kveðju. Launamál rithöfunda og réttindamál kvenna eru vitnisburður um þjónustu Svövu. En þó var hún stærst sem rithöfundur, ekki vegna vinsælda sinna, heldur áhrifa á listasviðinu og síðan í ýmislegum sögulegum rannsóknum.

En það var sorglegt að sjá Jón Hnefil, illa farinn að heilsu, beygðan af veikindum. Hann er búinn að standa sig í löngum veikindum Svövu. Nágrannarnir í Skildinganesinu sögðu mér frá afrekum þeirra beggja þegar hún var að ná sér upp úr fyrstu veikindum sínum, torskýrðum höfuðsjúkdómi. Hann gekk með hana um hverfið, reyndi á hana og styrkti, annaðist hana af stakri umhyggju. Svo náði hún sér nokkurn veginn upp úr veikindum er önnur tóku við, líklega einhver lungnasjúkdómur. Og enn annaðist Jón hana, þótt nú væri hann orðinn veikur sjálfur.

Þau komu stöku sinnum á bekkjarsamkomur okkar samstúdentanna frá MR þótt þau gætu það varla. En einbeintin var mikil. Þau hafa sjálfsagt verið einmanna. Sonur þeirra og hans fjölskylda er búsett í Svíþjóð og Guðrún systir Svövu í Danmörku. --

Dagur var hér með börnin sín tvö -- Ég fór með þau, sjö og tíu ára í bæinn, og keypti eitthvað smálegt handa þeim -- vinir mínir í Liverpool gáfu krökkunum sápukúludót í kaupbæti. Það var rigning og rok, tilvalið veður fyrir sápukúlur, Fyrir utan búðina léku þau sér með sápukúlur við fögnuð vegfarenda -- þær þyrluðust austur götuna. Út úr bylnum kemur þá Guðrún Jakobsdóttir gangandi með dóttur sinni, fögur kona og hlýleg, nú eins og alltaf. Það voru fagnaðarfundir.

Ég fór að rifja upp fyrir mér samskiptin okkar -- minnisstætt þegar við fórum í Selið í fimmta bekk og snjór eða vélarbilun hindraði ferð okkar yfir Helliðsheiðina. Þá stöðum við úti, meðan reynt var að koma bílnum áfram, systurnar Didda og Svava og ég og töluðum saman, víst eina tvo tíma. Þetta var eitthvert skemmtilegasta samtal æsku minnar. Þarna stöðum við undir stjörnuþjórtum himni og töluðum um alla heima og geima. Þetta var í fyrsta sinn sem ég talaði við stelpur. Hvílík dýrð. Hvað við töluðum um veit ég ekki, en þessi samfundur gleymist ekki og hefur mér alltaf fundist ég á einhvern hátt nákominn þeim systur og bræðrum þeirra sem ég kynntist. Séra Jakob þekkti ég vel og konu hans, kom oft heim til þeirra í félagsskap sem kallaður var Bræðralag, þar sem áhugamenn um trúmál ræddu sín hjartans mál. Séra Jakob og félagar hans aðhylltust *nýju guðfræðina* sem síðan gufaði upp og við tóku kirkjumál og hafa aldrei átt hug minn eftir að Sigurbjörn biskup fór að *regera*.

Ég kynntist Jóni Hnefli á duggarabandsárum hans (*og mínum*). Hann var framandi okkur MR-ingum. Sveitamaður, alinn upp í heimavist, fátækur, gleðimaður; hraustmenni sem allir þekktu. Hann eignaðist alla bestu drykkjumenn háskólans að vinum, tók þátt í landsfrægri skeggkeppni, fékk fyrstu verðlaun, alklæðnað. Hann var einn fremsti blóðgjafi landsins og fékk jafnvirði viskíflösku fyrir hverja blóðgjöf. Hann og Sverrir Haraldsson, þá læknanemi, auglýstu að þeir væri gengnir í bindindi. Og allir lögðust á eitt að losa þá úr helju.

Ég minnst þess er við sátum félagarnir í kjallarabergeri Jóns vestur á Framnesvegi. Allir drykkjumenn og glaðar konur borgarinnar þekktu heimilisfangið. Þar kom að húsráðendum, Jóni og Sverri, þótti nóg komið og opnuðu ekki fyrir fleirum. Einum tókst að brjótast til inngöngu, kom inn um gluggann og lenti á herðunum á Jóni.

Svo leið tíminn og við fórum hvor í sína áttina. Þar kom að, að ég var í Stokkhólmi, einmana strákur. Þar voru þau Jón og Svava, búin að stofna heimili. Hún vann í sendiráðinu og hann þakkhúsmaður hjá EPA á daginn og háskólanemi á kvöldin (ef það var ekki öfugt), og bjuggu í merkilegu háhúsi á Kungsholmen. Þangað buðu þau mér. Það var hálfgerst sjókk að hitta Jón þar eftir allan gleðskapinn í Reykjavík, kynnastrátt honum sem hávirðulegum heimilisföður og henni sem húsmóður. Það bætti ekki úr skák á okkar fyrsta fundi að þangað var líka boðinn Birgir Finnsson,¹ bókavardar Sigmundssonar, sem eins og ég var fallisti úr lækisfræðinni, en hann gat ekki hætt og var nú kominn til dvalar í Stokkhólmi til að halda náminu enn áfram. Hann átti Hildi Knútsdóttur,² bekkjarsystur okkar Svövu, sem reyndar var ekki með honum í Svíþjóð. En með Birgi í hópnum var erfitt að halda uppi samræðum. Við hin áttum eftir að hittast og gleðjast oft síðan. Þau Svava voru nýbúin að eignast lúxusbíl, spánnýjan Fólksvagn og Svava búin að taka próf. Nú átti að sýna mér borgina. Eitt kvöldið var farið til að *berja augum*, eins og Laxness sagði, Kóngsgötuna, það syndabæli í augum allra Íslendinga eftir útkomu *Kóngsgötunnar* eftir Moberg. En því miður. Ég sat í aftursætinu með Stokkhólmskortíð á hnjúnum, Svava stýrði og Jón stjórnaði. En við fundum ekki Kóngsgötuna, því við ókum fram og aftur um brýrnar tvær og bíllin svo lágur að við sáum ekki yfir handriðin.

En svo kom hinn mikli viðburður þegar Kiljan fékk Nóbélinn. Þar var Svava í lykilstöðu og úthlutaði miðum til landa í Konserthúsið. Þeir söfnuðust saman í herberginu mínu á Upplandsgatan 89 og skiptu um föt. Allir höfðu leigt sér kjölföt. Svo héldum við í úlpunum okkar niður í *tunnelbanan* til Hötorget með kjöllöfin niður undan. Við sátum að sjálfsgöðu uppi undir rjáfri. Stefán Karlsson³ var væntanlegur frá Uppsölum og var eitthvað seinn fyrir. Þau Svava og Jón biðu eftir honum í anddyrinu með miðana. Smám saman tæmdist anddyrið. Þá gerist það að salarhurðin opnast og Jón Helgason⁴ kemur hlaupandi út, rýkur út úr húsinu og segist hafa farið í vitlausar buxur. Þegar hann settist niður sá hann sér til skelfingar að hann var ekki í kjölfatabuxum. Það sáu þau síðast af Jóni áður en þau gengu í salinn. Löngu síðar hitti ég Jón Helgason á einhverri Laxnessafmælishátíð, kynnti mig fyrir honum, en við höfðum hist í veislu í sendiráðinu á sínum tíma. Jú, hann mundi eftir mér: *Já þegar ég var í náttfatabuxunum*. Þarna var ýkjumanninum Jóni rétt lýst. Hann jók við söguna. Enn hitti ég Jón löngu síðar. Hann mundi eftir mér og sagði: *Já við hittumst í Stokkhólmi þegar ég gleymdi að fara í buxurnar*. Ekki veit ég hvernig þetta hefði farið ef ég hefði hitt hann oftar.

Þetta voru nú minningarnar um Svövu og Jón Hnefil. Eftir það hittumst við varla nema fyrir kurteisissakir eða formlega.

Þið hafið náttúrlega marga hildi háð. Í erfidrykkjunni talaði ég við Jón Hnefil og bar honum kveðju frá þér. Hann komst við, var mjög þakklátur og bað mig fyrir kveðju á móti. Svona er nú indælt að rifja upp kynni á tímamótum þegar fornvinum fækkar. --

Jón Hnefill lifði lengi eftir þetta.⁵ Ég hitti hann síðast í áttæðisafmæli Guðrúnar mágkonu hans árið 2009. Þá var hann farinn að heilsu en skemmtilegur var hann og virtist hafa gaman af að tala við mig um gömlu tímana og Bo Almqvist sem hafði skömmu fyrr heimsótt hann ásamt Gísla Sigurðssyni prófessor, sameiginlegum vini þeirra.

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigurði Línal. Rvík. 16.6.2003.

Eftir að útgáfustjórn ritverka Páls Briem, nema Sigurður Línal, sagði af sér 14.5.2003, og hann tók verkið á sínar herðar, sendi ég honum greinargerð, efni og bankabækur. Niðurstöðutölur innleggs voru kr. 1.597.978,06. Þá voru útstandandi ógreiddir reikningar v. prófarkalesturs (72.500), áfallinn kostnaður Hins ísl. bókmenntafélags (61.250) og áskriftargreiðslur fjölskyldunnar (144.000).

-- Útgáfustjórnin hefur hætt störfum. Með þessu bréfi skila ég af mér sjóðum vegna útgáfu ritverka Páls Briem. Sem fyrir sagði afhenti ég 19. fyrra mán. ritvinnslugöng og prófarkir aðrar en það sem er í prentsmiðjunni Steinholti. Útgáfumál ritverka Páls Briem eru héðan í frá mér óviðkomandi. --⁶

Afrit til Álfheiðar Sylvíu Helgadóttur Briem, Kristínar Pálsdóttur Briem og Páls Ásgeirssonar. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Geir Magnússyni. Rvík. 6.7.2003.

Segi frá nýliðinni Katalónuför og bráðgjörri dótturdóttur sem klifraði í kojustiga, datt og fótbrotnaði.

¹ Birgir Finnsson (1927-2003) lengi forstöðumaður í drengjaheimilinu í Tjaldanesi. Hann átti Hildi Knútsdóttur.

² Hildur Knútsdóttir (1930-85) bekkjarsystir mín, skólastjóri. Dóttir Knúts Arngrímssonar skólastjóra Gagnfræðaskóla Reykvíkinga.

³ Stefán Karlsson (1928-2006). Handritafræðingur, forstöðumaður Árnastofnunar.

⁴ Jón Helgason (1899-1986) forstöðumaður Árnasafns í Khöfn. Einnig skáld.

⁵ Jón Hnefill dó 2014.

⁶ Annað átti eftir að koma í ljós.

-- Héldum svo utan (*til Noregs*) og vorum við skírni yngsta barnabarnsins, sonardóttur sem skírð var Friede í höfuð mömmu minnar. Var það eini möguleikinn til að koma upp því forboðna nafni í fjölskyldunni. Tókst það vel og kom það Nojurum í opna skjöldu að skíra utanhúss í heimahúsi. Þar mun slíkt vera óþekkt og þurfti presturinn hikandi að ganga gegn ráðandi hefðum. Reyndar var presturinn brotinn á bak aftur þar sem Dagur sagði að við ættum aldargamlan fjölskylduskírnarfont og skírnarkjól, sem henni skildist vera einhvers konar þjóðargersemi.

-- Varð ég að slaufa bekkjarferð sem ég hafði undirbúið í Breiðafjörð. -- Sirrí hafði reyndar júbílerað áður og tókst það vel og skemmtilega þótt svo illa færi að hin góða vinkona hennar og bekkjarsystir, Elísabet Vestdal, varð bráðkvödd heima hjá sér í Annecy í Frakklandi¹ þegar hún var að pakka saman fyrir Íslandsferð til að taka þátt í 45 ára stúdentsafmæli hér. --

¹ Elísabet Vestdal Abéla dó 31.5.2003.

2004

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 5.3.2004.

-- Annars á ég í stríði við bókasafnið hér í bænum. Þannig er að þegar Sirrí er að dansa *Sevillanas* er dansskólinn hennar rétt hjá bókasafninu. Núna hefur verið ansi kalt og þá hefur verið upplagt að fara þangað og leyfa krökkunum að lesa bók og leika sér í hálf tíma, meðan Sirrí dansar. -- Þar hefur verið gert lítið herbergi fyrir litlu krakkana með litlum stólum og borðum og dýnum þar sem þau geta lesið og leikið sér. Nema hvað, þarna hef ég verið að koma tvisvar í viku, nokkurn tíma. Eru það engar ýkjur að í hvert skipti hef ég lent í rimmu við starfsfólkið. Ég loka hurðinni inn í herbergið, leyfi þeim að lesa og leika sér. Strax fyrsta daginn kom stúlka og bað okkur um að hafa ekki svona hátt. Þau voru að leika sér en ekkert að öskra eða svoleiðis, þannig að ég varð svolítið hissa og spurði hvort þetta herbergi væri ekki fyrir börn. „Jú“ sagði hún, en það væri fólk frammi að læra og vinna og svo væri skrifstofa inn af herberginu og þau trufluðu allt fólk. Ég sagði bara ekki meira í þetta skipti, en varð svolítið pirruð á þessu, sérstaklega þar sem það var ENGINN á bókasafninu á þessum tíma. Næst vorum við aftur í þessu herbergi, ég búin að biðja krakkana að hafa ekki hátt, en aftur var komið og kvartað yfir hávaða. Þá varð ég svolítið ergileg og sagði að þetta væru börn og það heyrðist aðeins í börnum.

Og svona hefur þetta gengið, þau kvarta yfir því að Eggert sé fyrir með einhverja púða og ég veit ekki hvað þau finna til. Enn ein tilraun í gær, vegna þess að fyrsta fimmtudag hvers mánaðar er sögustund fyrir börnin. Sirrí hefur gaman af sögum, Eggert stundum líka, en Sæunni er farið að leiðast allur þessi tími í safninu svo ég rölti um með hana. Þessa daga mæta margir krakkar á bókasafnið, mikið af börnum og fullorðnum með þeim og talsvert skvaldur. En Sæunn er orðin leið, og ég líka, og hún farin að vola. -- Þá kom samstundis kona sem vinnur þarna til mín og segir: *Ég ætla að biðja þig um að fara út með barnið fyrst það er að gráta, það truflar hérna inni.* Þá átti ég endanlega ekki orð. Ég varð svo reið að nú ætla ég í fyrsta sinn á ævinni að leggja fram kvörtun hérna í bænum. --

Ég ætla að byrja á bæjarskrifstofunum og spyrja þar hvernig ég eigi að fara að. -- Og ég var svo reið þegar ég gekk heim að ég sagði: *Nú er ég brjáluð.* Þau litu alltaf upp á mig, fóru að hlæja og sögðu: *Nei, þú ert ekkert brjáluð, er það.* --

Þegar Axel kom heim og sá mig svona brjálaða í skapinu þá spurði hann: *Varstu nokkuð á bókasafninu núna?* Þannig eru þessi bókasafnsmál farin að verða farsí hjá mér og mínum. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 1.6.2004.

Á þessum tíma hafa þau eignast aðra íbúð við hlið þeirrar sem þau áttu fyrir, á efstu hæð hússins, með glæsilegum svölum. Tókst að sameina allt, svalir og íbúðir, þannig að vel fór um þau. Bréf um þessar mundir fjalla mjög um framkvæmdirnar, en þeim fylgdi mikil vinna. Vinafólk þeirra Freyr samstarfsmaður Axels, og einkum Mersý, kona hans hlupu undir bagga með pössun á Sæunni o.fl. þegar Auður þurfti að fara í málningarinnkaup o.fl. Bréfið fjallar um innkaup og framkvæmdir.

-- Það munar hreinlega öllu að hafa Sæunni hjá Frey og Mersý. Sirrí var bara að lita og dunda sér við nýja skrifborðið. Eggert skoppaði í kringum okkur og sagði okkur frá nýjustu uppgötvunum sínum í heiminum og alltaf jafn gaman að hafa hann masandi hjá sér. Núna eru allar myndir sem hann teiknar eins konar röntgenmyndir, því nú teiknar hann mannlíkamann með beinum og blóði og talar mikið um hvernig matur breytist í kúk í maganum, allt stórmerkilegt í huga hans --Svo komu Freyr og Mersý með Sæunni og þá var friðurinn úti. Sæunn hljóp strax og náði í ALLT sem hún mátt ekki hafa, það má ekki líta af henni augnablik þegar verkfæri og málning er út um allt. Við vorum að springa úr hlátri þegar hún mætti á staðinn og ætlaði aldeilis að fara að leggja hendur á plóginn og hjálpa svolítið til. Fellur aldrei verk úr hendi. Við blessuðum þau hjónin líka fyrir að passa hana svona lengi, en þau vildu ekki heyra slíkar þakkir og þökkðu okkur fyrir að hafa fengið hana lánaða! Það er aldeilis gott að eiga svona vini hérna, alveg nýtt að fá svona hjálp þegar þið eruð ekki á staðnum. -- líka strax byrjuð að hjálpa okkur, fara út með papparuslið, bera húsgögn á milli, skruppu meira að segja í IKEA til að kaupa hluti sem höfðu gleymst. --

Á sunnudeginum fórum við á ströndina hérna nálægt og horfðum á flugvélarnar í landingu. -- Freyr og Mersý komu líka með strákana sína. -- hvað börnin hafa breyst -- í fyrra var Sæunn í kerru og svaf blundinn sinn -- núna er hún orðin krakki, hleypur með Sirrí og Eggert og þykist ekki minni en þau. -- Sirrí er komin með svona stórustelpu takta: „*Mamma, ég er búin að segja það hundrað sinnum!*“

Rifjar upp ferð með foreldrunum fyrir ári síðan til Narbonne í Frakklandi, þar sem þau skildu og héldu áfram til Frakkl. Segir frá ferð í fornverslanir í Girona sem endaði með því að þau keyptu forlata skáp í eldhúsið.

-- Sæunn er komin heim, farin inn að sofa og nú þarf ég að gera eitthvað. Alltaf af nógu að taka. -- Við erum enn ringluð í hvernig við eigum að raða upp í íbúðinni hinumegin. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 13.9.2004.

-- Ég fór og verslaði í Mercadona búðinni minni með krakkana og náði að gera ísskápinn svolítið búsældarlegan. Það var kostulegt að fara í búðina, því allar konurnar (eða mennirnir) voru með börnin sín með sér, þar sem skólarnir voru ekki byrjaðir. Þannig að búðin var full af börnum eiginlega. Þá komst ég að þeirri niðurstöðu að ég er bara elsku sátt við börnin mín og finnst þau bara til fyrirmyndar. Það sem þau gátu orgað þessi börn og slegist og gert mömmur sínar gráðhærðar! -- Þá var ég nokkuð ánægð, mamma.

Svo þrifum við Sirrí íbúðina í dag og er hér allt ljómandi fínt. Svo var farið út með hjólin þrjú og hjólað út á róló. Eggert á eftir að ná betri tókum á þessu. Hann nær ekki að beygja ef einhver er fyrir honum á gangstéttinni og verður rosalega reiður út í viðkomandi. Kostulegt! --

Talaði við Dag. Hann hafði dottið á hjóli, framhjólíð losnaði af og hann viðbeinsbrotnaði. Þannig að hann er með hönd í fatla og segir þetta mjög sársaukafullt. Hann sagðist mundi geta unnið, þrátt fyrir þetta, en var helst hræddur við að sofa á nóttinni, erfitt að finna stellingar til að sofa í. --

Vona að sauma- og Zontaklúbbar gangi vel - og svo allt hitt. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 5.10.2004.

-- komu krakkarnir með mér að sækja Sæunni. Það var Sirrí sem bað um að þessi röð yrði höfð á hlutunum, hún var svo spennt að fá að koma í leikskólann og skoða allt hjá Sæunni. Hún var stórhreifin af öllu og sagði að líklega væri þessi leikskóli flottari en sá sem hún hefði verið á. Sæunn var hissa þegar við komum öll að sækja hana, og virtist hálf ringluð af þessari innrás. Sirrí heilsaði fóstrunni með kossi og spjallaði við hana - var allt skemmtilegt. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 10.10.2004.

-- Nú er viðtal við Örn Árnason í útvarpinu. Allt í einu stoppaði Sirrí við þar sem hún er að teikna og sagði: *Mamma þetta er maðurinn sem segir söguna af Pétri og úlfinum.* Nokkuð gott hjá henni að þekkja röddina. --

Þá er hún með bollaleggingar um hvort ekki þurfi að kenna Sirrí katalónsku sérstaklega og bar það undir kennarana sem sögðu að þess þyrfti ekki með, hún skildi og tjáði sig á málinu, síst verr en spænskumælandi börnin. Ástæðulaust að leggja það á hana. Þá ræddi hún það, sem kennararnir höfðu líka veitt athygli, að Sirrí væri haldið til hliðar. Var henni sagt að það væri ekki vegna þess að Sirrí talaði ekki vel spænsku, heldur fremur væri það öfund, þar sem hún væri ljóshærð, lagleg og til fyrirmyndar, meðvitað eða ómeðvitað væru hinar stelpurnar með öfund þar sem hún væri öðruvísi en þær í útliti og háttum. Hún bað mig um að hafa ekki áhyggjur.

-- Hún sagði að auðvitað spilaði það inn í að Sirrí sé ekki svona *extrovert* stelpa, sem nær athyglinni, heldur haldi hún sig almennt til hliðar. -- Ég mætti vera stolt af Sirrí. --

Sagði hún að þetta væri eins með stelpu frá Hvítarússlandi, þar sem það sama hefði gerst. Auður hafði tekið eftir því sama.

-- ég mætti vera stolt af Sirrí. Þetta var mikill léttir fyrir mig að hafa létt þessu af mér og geta talað við kennarann á þessum nótum. Ég var við það að gráta þegar ég steig upp í bílinn á eftir. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Bo Almquist. Rvík. 30.10.2004.

-- Enn ertu að afreka, nú með þýðingunni á Einari Ólafi. Ég hlakka til að sjá bókina, lesa hana og njóta. --

Eins og ég sagði þér vorum við bæði í Kína og Noregi. Hvort tveggja var skemmtilegt, þótt Kínaferðin væri ævintýraríkari. Við fórum með danski ferðaskrifstofu sem bauð upp á ferð til allra landsins horna, þótt einkum værum við að sniglast á Silkileiðinni. Kína er ótrúlegt land sem breytist svo hratt og á svo furðulegan hátt að ég skora á alla sem vettlingi valda að sjá sig um þar áður en allt fer um koll eða ríkisbubbar veraldarinnar valta yfir menninguna. Munurinn milli ríkra og fátækra er gífurlegur. Í Shanghæ eru þegar miklu fleiri skýjakljúfar en í New York, nýir og allt á fleygiferð með byggingu fleiri. Margt er furðulegt að sjá, sérstaklega þó leirstytturarnar miklu hjá Xian.

Þá var stórmerkilegt að ferðast um tíbetu hásléttuna, þótt kalt væri og ekki auðvelt - eiginlega eins og að ferðast um Ísland á mínum ungu dögum. Margt fróðlegt var að sjá, sérstaklega það sem var 1000 og 2000 ára. Eiginlega hef ég, eftir að ég kom heim, furðað mig mest á landinu og hræðilegum kjörum fátæklinga og trúarhópa.

Ferðin var talsvert erfið, samt kláraði maður sig af göngunum og erfiðinu og sá ekki eftir neinu. Eiginlega var það ekki síst skrytið að vera í dönskum hópi. Ég sagði þér af því að Danir væru búnir að týna niður dönskunni, allt rynni út í eitt, áherslur vantaði og stuðið hverfandi. Öðru vísi en í minni æsku þegar maður lærði dönskuna af stórleikurum sem komu hingað í heimsókn. Já við vorum þrjár vikur í ferðinni.

Svo komum við heim, vorum hér í viku og fórum þá til hálfsmánaðar dvalar hjá Degi, Vibeke og fjölskyldu í Osló. Þar var frí í skólanum og fórum við með tveim eldri krökkunum til Stavangurs og ferðumst þar um og dvöldum hjá vinum. Heimsóttum fornvini okkar, 86 ára gamla vinkonu sem passaði mig þegar ég var sex ára. Það var allt skemmtilegt, enda ákaflega fallett í Rogalandi og við Hafursfjörð.

Í Osló búa þau Hjörleifur og Else Mia í næsta nágrenni við Dag á Tåsen. Enn nær býr Hjördís dóttir þeirra. Þau ákváðu að flytja sig, enda bæði börnin búsett í Noregi, ekki langt þaðan. -- Þeim fer heldur hrakandi en heilsa Hjörleifs miklu betri en áður þótt heldur sé hann farinn að láta á sjá. --

Ég hef verið að lesa minningabókina hans öðru sinni og dáist mjög að henni, látlausum og hlýlegum stíl, vingjarnlegum í garð samferðamanna. Ég geri ráð fyrir að þú hafir lesið bókina. Dagur hefur heimsótt Hjörleif tvívegis. Hann hélt upp á afmælið sitt í Noregi (hafði reyndar verið búinn að því áður en hann fór frá Íslandi). Hann var steinhissa á öllum símhringingunum sem hann hafði fengið, einar fjörutíu á tveim dögum.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 10.11.2004.

Segir frá því þegar hún þurfti að sækja bílinn í viðgerð.

-- Svo hringdu þeir þegar ég átti að fara að sækja krakkana -- ég var ekki viss um hvort ég ætti að nenna að dröslast með krakkana þreytta eftir skóla, í lest og langur gangur á verkstæðið frá stöðinni. --Þá mundi ég allt í einu eftir nýja og fína sporvagninum sem farinn er að ganga niður í bæ og stoppar rétt hjá verkstæðinu. Þannig að við fórum eftir skóla í sporvagnaferð til að sækja bílinn. Og það voru ekkert smálukkuleg börn sem settust inn í sporvagninn og horfðu út um gluggann eins og þau væru kóngafólk. Ég var ekki einu sinni með kerru með mér. Sæunn var bara stór stelpa og arkaði allt sjálf. Eina vandamálið var eftir þessa hálf tíma ferð með sporvagninum, þá vildi Sæunn ekki setta sig við að ferðinni lyki og hún ætti að fara út úr vagninum. Hún fór að hágráta á gangstéttinni og bað um meiri „tramvíða“. Sem betur fer tókst mér smám saman að dreifa huga hennar og hún labbaði með okkur glöð í bragði til að ná í bílinn. Hún er nefnilega þannig hún Sæunn, að ef hún er ákveðin í að grenja, ef henni mislíkar eitthvað, þá bara orgar hún í heilan klukkutíma og engin leið til að fá hana til að hætta þessum hávaða. -- Hún er þver. En, þetta var skemmtileg ferð og við enduðum með að ryksuga bílinn. --

Sæunn er líka svo fyndin þegar hún talar um Bergstaðastrætið. Alltaf kemur það annað slagid hjá henni. „*manstu Bestastræti -- ég var að tína ber*“ eða eitthvað líkt. Annars gengur henni vel í leikskólanum, en fóstran segir að hún tali náttúrulega ekki neitt, allan daginn, en hún taki alltaf þátt þegar verið er að syngja. En þegar ég kem að sækja hana, þá kemur hún hlaupandi og þarf að tala svo mikið, að það romsast út úr henni, allt milli himins og jarðar, strax og ég birtist. Þá er hún í mikilli þörf að tjá sig eftir heilan dag í þögn. En fóstrunni finnst hún skilja allt mjög vel.

Sírrí er síðan að fara í sumarþúfir eða *colonias* og er heldur en ekki spennt. Skrítið að hafa hana ekki heima frá miðvikudegi til föstudags. Nú er löng helgi, *dagur hinna dauðu* eða *allraheilagra messa* eða *halloween* eftir hvaða nafni maður vill kalla það. Þá fara allir í kirkjugarðinn og leggja blóm á leiði ættingja og vina. Ég er nú svo heppin að þekkja engan í kirkjugarðinum. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 19.11.2004.

Segir frá mikilli vinnu og fyrirhöfn í sambandi við íbúðina og frágang hennar. Líka fimm ára afmæli Eggerts Geirs.

-- Í gær stóð ég og bakaði köku, með tvo smíði í eldhúsinu hjá mér, allt á kafi í sagi - ekkert var að ganga upp hjá mér, kremið á kökuna ömurlegt, pöddur í hveitinu, ekkert gekk upp, -- settist ég niður og fór að grenja. -- svo leit ég aftur á klukkuna og sá að ég mátti ekki vera að því að grenja svona, þannig að ég hélt áfram að klambra saman kökunni. En svo gekk þetta allt á endanum og svei mér þá ef það sást ekki bara ef vel var að gáð, að þetta var lestarkaka. Axel tók sér frí í vinnunni til að láta þetta ganga og við náðum að láta allt líta sæmilega út. Ég náði að hlaupa af stað og ná í alla í skólann klukkan fjögur, var þá búin að ná að klára það mikilvægasta. Svo gengum við heim, heil hersing af krökkum og mömmum, komum hingað. Veislan gat byrjað. -- ég hefði getað dregið þetta -- en mig langaði svo til að leyfa honum Eggert að fá almennilegan afmælisdag, sjálfan afmælisdaginn. Og það tókst. Þetta voru átján krakkar, fleiri en ég hafði ætlað mér -- En svo, einhvern veginn bættist við, einn var grátandi fyrir utan skólann af því að honum var ekki boðið, svo ég bauð honum. Svona koll af kalli. -- það voru brjáluð læti í þessum strákum. Stelpurnar sem komu fóru bara inn í herbergi Sírríar og þar var Abba spiluð á fullu -- Strákarnir djöfluðust og djöfluðust og höfðu rosalega hátt. Ég hafði hugsað mér leiki, en það var bara ekki hægt að ná sambandi við þessa gutta. Það er rosalegur munur að halda stráka- og stelpuafmæli, það sé ég betur og betur. En þetta gekk allt vel. --

Það er ekki síður á Spáni að bjóða inn á heimili. Og barnaafmæli eru ekki haldin heima, þau eru haldin úti í bæ, í boltalandi eða eitthvað slíkt. Það var svo fyndið að sjá þessar mömmur til að byrja með, hvað þeim fannst eitthvað þínlegt að vera á ókunnunni heimili. Þær vissu ekki hvernig þær ættu að vera. En svo opnaði ég kampavín - þá fór þeim að líða betur. --

2005

Auður Eggertsdóttir skrifar mömmu sinni. Despí. 28.1.2005?

-- Ljúft að hugsa til jólanna með ykkur. Við hugsum mikið um þennan tíma og tölum um þetta allt. --

Ekki var nú gott að heyra af þessum leigjendamálum okkar. Þú mátt trúá því að mér finnst þetta afskaplega svekkjandi -- Ég kæri mig ekki um, í þessu húsi, og í þessari íbúð að hafa bara einhverja og einhverja sem ganga að auki illa um og ganga í hluti sem eru ekki þeirra. Hvað er hægt að gera? -- Á ég að hringa, eða viljið þið tala við þessa stúlku. Mér finnst þetta ekki mega vera svona. Auðvitað framlengi ég ekki samninginn í júlí, en ég vil heldur ekki að þetta þurfi að vera svona fram að þessum tíma. En hvað er hægt að gera? -- Þetta er bara alls ekki svoleiðis hús. -- Þið hafið mitt umboð. -- leiðinlegt að þetta hafi farið út í vesen.¹ --

Fréttir um að arkitektastofa Steinunnar Halldórsdóttur, frænku hennar, innanhússarkitekts, væri að koma með stofuna í heimsókn til Barselóna. Ræðir í því sambandi um stöðuumsókn Dags bróður hennar og hvað hann væri mikill hugsjónamaður.

-- Ég fór að hugsa um það sérstaklega eftir að ég fékk póst frá Steinunni² þar sem hún sagði mér að þeir væru að koma hingað frá arkitektastofunni hennar. Hún er greinilega í því að skipuleggja ferðina hingað -- Hún fór að spyrja mig um hvað markvert væri að skoða í borginni, fyrir utan Gaudi, fyrir þá sem þekktu hann, en vildu sjá eitthvað annað. Hún spurði mig sem sagt, húsmóðurina, hvað þau arkitektarnir ættu að fara að sjá!!

Ég man þegar Dagur var að skipuleggja ferð til Madrid, fyrir stuttu, þá var hann á kafi að rannsaka nútímaarkitektúr þar, fletta upp og skoða blöð, hafa samband við menn þarna. Hann vissi upp á hár hvað þau ættu að fara að sjá. Mér fannst stór munur þegar síðan þessir arkitektar fara af stað, og hafa ekki einu sinni hugmynd um hvað þeir vilji sjá á staðnum. Ég spurði Dag og hann gat bent á heilmörg blöð og tímarit, og hvar þau gætu fengið upplýsingar. Ég sendi þetta til Steinunnar, og hef ekki heyrt neitt síðan. En það er greinilega munur á því að vera arkitekt og arkitekt. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 29.1.2005.

-- Til hamingju með ömmu Jóu og árin hennar 94 -- maður skal ekki gleyma að undrast að hún skuli vera orðin gleymin --

Mér brá þegar ég heyrði um háa blóðþrýsinginn hjá pabba. Ég er búin að vera að lesa um háan blóðþrýsing. Mér finnst þú pabbi ekki vera í sérstökum áhættuhópi um háan blóðþrýsting, a.m.k. fannst mér hvorki reykingar eða offita eiga við þig, hvað þá hreyfingarleysi. En svona er þetta, alltaf undantekningar frá reglum. Það verður að vera algert loforð að þú fylgir öllum læknisráðum. --

Axel situr og les fyrir krakkana -- Eggert kom hróðugur og var búinn að telja sófana sem við eigum og komast að þeirri hárréttu niðurstöðu að við ættum fjóra sófa. Ég held að honum hafi fundist við ansi rík. --

Á morgun er *karnival*. -- Eggert vill vera vampíra -- þau eru fljót að koma í gegn þessi strákagen. --

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 1.3.2005.

-- Hjá okkur er snjór á svölunum aftur, en minna en áður -- Ég verð að segja að ég er töluvert áhyggjufull út af þessu íbúðamáli -- Ég hef það á tilfinningunni að það verði ekki auðvelt að koma þeim út og fá borgað -- Kannski getið þið sent mér uppsagnarbréf á ensku -- Ég er áhyggjufull í dag. Kannski ég fari og kaupi mjólk, það kannski lagar allt saman. ---

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 3.3.2005.

Lýsir furðu sinni á öllu sem er að gerast í húsinu og spyr hvor ekki þurfi að skipta um skrá úr því að Túnisbúinn sé með lykla að íbúð og húsi. Óskandi að ró færist yfir og gera megri við það sem þarf.

¹ Ekki man ég þetta vel, en eitt af því sem kom fyrir að munir hurfu, sem settir voru í stigaganginn til prýði. Þetta var afleitt tímabil hér í húsinu sem erfitt er að rifja upp.

² Steinunn Halldórsdóttir, frænka hennar, er innanhússarkitekt, og hennar þekking takmarkaðri við það svið en arkitekta.

Auður Eggertsdóttir skrifar foreldrunum. Despí. 27.11.2005?

-- Segir frá því að hún hafi einmitt verið að panta fyrir þau hostel 9.-14. des. í Madrid, á góðum stað og á góðu verði. Þá myndi hún líka kaupa lestarmiða, sem væri nokkrum hömlum bundið vegna árásanna í Madrid. Þá segir hún erfitt að fá iðnaðarmenn til að koma til vinnu á umsömdum tíma.

-- Sirrí sló í gegn á útiskemmtun sem við fórum á. Þetta var skemmtun fyrir börn þar sem var einhvers konar galdramaður, skemmtikraftur sem var með létt töfrabrogð og um leið að kenna umferðarreglurnar. -- En hann var að teikna myndir á töflu á svið, breyta myndunum úr t.d. regnhlíf í andlit. Ég veit ekki hvernig ég á að útskýra, en þetta var mjög einfalt og sniðugt hjá honum. Svo var hann að fá krakka úr áhorfendahópnum til að koma upp á svið og taka þátt, yfirleitt tvö í einu. Sirrí sat svolítið frá mér, þar sem hún hafði fundið gott sæti. Ég sá bara að hún réttir upp hendina þegar hann bað um sjálfboðaliða og var valin til að koma upp á svið. Mér fannst hún svo huguð að gera þetta, sem ég hefði aldrei þorað á hennar aldri. Hún átti að hjálpa honum að teikna og þurrka út. Svo var hann að láta henni bregða og svoleiðis, og hún átti að segja hvað hún hétu og hvað skólinn hétu. Ég var mjög stolt af henni, hvað hún var örugg með sig og talaði fína katalónsku. Enda fékk hún hrós frá mörgum á eftir. Eggert var þínu svekktur að hafa ekki fengið að fara upp líka, en ég var satt að segja fegin að hann var ekki valinn, því þetta var fyrir stærri krakka og hann skildi þetta ekki vel. Og Sæunn horfði stórum augum á systur sína uppi á sviði og var virkilega stolt líka. Þegar Sirrí var að segja þessa pabba sínum frá þessu um kvöldið, þá sagði hún: *Mömmu fannst þetta svo skemmtilegt, ég sá að hún hló og hló.* Hún kemur manni sífellt á óvart. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Hjörleifi Sigurðss. Rvík. 1.12.2005.

-- Hugurinn leitar til ykkar, ekki síst í dag þegar ég var að ganga frá annarri greiðslu fyrir þitt dásamlega listaverk, sem ég fæ þó ekki að hafa fyrir augunum nema með því að skreppa yfir hafið.

Hef enn verið að lesa þína ágætu bók, sem vekur því meiri ánægju sem ég fer betur yfir hana. Eins og ég sagði þér frá eru furðumargir þættir ævi okkar sem skarast með einu og öðru móti.

Hafði ég mjög gaman af að lesa um líf fjölskyldunnar við Laugarásveginn. Ég kynntist þessu húsi mjög vel, þótt á heldur neikvæðan hátt væri, þegar ég starfaði fyrir löngu í heilbrigðiseftirlitinu. Þá var Thorvaldsensfélagið með barnaheimili þar. Var þá afstaða manna til barnaheimila og vöggustofurekstrar heldur en ekki að breytast. Heimilið var staðnað í forneskjulegum hugmyndum. Mér þótti sorglegt að kynnast rekstrinum og sjá hvernig vel meinandi fólk getur komist í vandræði með því að gæta ekki að sér og fylgjast með rekstri og þróun. Ekki man ég nú hvernig á þessu máli var tekið af hálfu heilbrigðisyfirvalda. En félagsmálafólk undir forystu vinar míns Björns Björnssonar guðfræðiprófessors, luku málinu með því að stöðva rekstur þess. Málið komst seinna aftur í fjölmiðla þegar eitt af börnunum á heimilinu, Viðar Eggertsson leikstjóri, sagði sorgarsögu heimilisins og barnanna, m.a. sína og tvíbúrasystur sinnar í útvarpsþáttum fyrir nokkrum árum.¹

Gaman var að heyra lýsingu þína og áhrif skátastarfsins og búðanna við Úlfjótstvatn. Sjálfur náði ég ekki sambandi við skátahreyfinguna þegar ég byrjaði og þurfti á fundum að sitja undir lestri á indjána- og kábojsögum í kjallaranum í Betaníu.² En ég kynntist Guðmundi Jónssyni söngvara í sambandi við starfið og höfðum við alltaf gott samstarf þess vegna upp frá því. Ég kynntist þeim báðum Helga Tómm (*Tómassyni*), frænda mínum, sem bjargaði heilsu minni þegar ég var fjögurra ára, með áhuga og hjálpfýsi, þótt á öðru sérfræðisviði væri en hans. Jónasi B. Jónssyni kynntist ég líka og átti í miklu þrasi við hann þegar hann var fræðslustjóri (*Rvíkurborgar*) og ég hjá Rauða krossinum. Seinna kynntist ég honum persónulega og gat ekki annað en fyrirgefið honum þegar hann sagði mér, rétt sí sona, að ég hefði verið eldhugi eins og Helgi og báðir værum við líkir langafa og langalangafa okkar, Tómasi Sæmundssyni. Hvorki meira né minna! Ekki fyrir löngu kom út bók um brautryðjendur í fræðslumálum. Þar var sýnt fram á mikla þýðingu og fjölbreytt brautryðjendastarf Jónasar, sem hafði unnið að umbótamálum sínum með því að veita ungunum og góðum mönnum tækifæri og stuðning.

Þér þótti merkilegt að heyra að ég hefði haft áþekka reynslu af MR og þú. Ég var þar að vísu skemur, í fimmta og sjötta bekk, en fann mig aldrei þar, reyndar heldur ekki á lægri skólastigum, það sem ég held að hafi bjargað geðheilsu minni var gott heimili, menntun og menning, og að mamma fann aldrei að neinu og lét mig alveg í friði. Sýn okkar á kennarana er misjöfn. Okkur Manga franska (*Magnúsi Jónssyni*) kom ágætlega saman, hann bjó í Krabbeshúsinu á horni Skóthúsvegar og Tjarnargötu. Þegar ég var að lesa frönskuna upphátt átti ég erfitt

¹ Málið var miklu flóknara en þetta, en ég fer ekki lengra út í málið. Annar vinur minn, líka guðfræðiprófessor, Þórir Kr. Þórðarson, sem var borgarfulltrúi, vann líka að málinu og kom því með þekkingu börnunum til bjargar innan félagsmálakerfis borgarinnar. Með þeim starfaði ég að málinu, þótt ég muni nú ekki á hvern hátt, annan en að hvetja þá til dáða, því ekki var heilbrigðismálaforysta borgarlæknisembættisins upp á marga fiska, a.m.k. var það yfirleitt ekki í forystu framfaramála, dró sig kirfilega í hlé þegar um uppeldi, sálfræði og geðheilbrigði var að ræða.

² Betanía var trúboðsfélag einhvers konar á horni Skálholtsstígs og Laufásvegar, þar sem safnaðarheimili Fríkirkjunnar stendur og leigðu skátarnir kjallaran.

með framburðinn og heyrði það sjálfur. Hefði hann gefið mér sekúndubrot hefði ég getað leiðrétt mig. En áður kvað við höstuglegt: *Nei - nei - nei!* Mér brá svo illa við að það fylgdi mér lengi, jafnvel fram á þennan dag. Á löngum samlestrarstundum á fjölrítunarstofunni varð ég að biðja Sírri og mömmu um að leiðrétta lestur minn mjúklega, annars fór ég að stama og lesa vitlaust, en hraður lestur er þýðingarmikill í slíkum rekstri.

Mér þótti vel komist að orði hjá þér þegar þú lýsir Páli Sveinssyni að hann hefði gert bókstaflega allt til að afhjúpa kunnáttu þína. Ég naut aldrei kennslu hans, því hann var að hætta þegar ég kom í skólann. Ég kynntist hinsvegar heimilinu gegnum séra Pál son hans, bekkjarbróður minn. Sammála er ég þér að Sigurkarl var góður maður og bjargaði mér gegnum stúdentsprófið sjálft, en ekki með kennslunni, því hjá honum lærði ég ekki neitt. Sambandið við kennarana var lokað. Einu sinni varð ég hissa. Pálmi kom með okkur í Selið, Kvöld eitt fór hann að segja okkur sögur af vináttu sinni og þabba og ýmsu sem þeir höfðu brallað á ungum dögum sínum. Þetta kom mér í opna skjöldu þótt ég hefði séð myndir af þeim saman í myndaalbúnum. Hann nefndi mig til sögunnar, en ekki fór orð á milli okkar fyrir eða síðar.

Það var ekki fyrr en eftir stúdentspróf sem ég fór að kynnast bekkjarsystkinum mínum að ráði. Andinn í hópnum var heldur leiðinlegur, því nokkrir voru lagðir í einelti, sumir alvarlega. Ég slapp við það; en þegar slíkur andi er í hópnum þarf maður að hafa sig allan við, standa á varðbergi. Ég var eiginlega í tveim hópum, annar vinstri gáfumannahópur, hinn sams konar til hægri. Ég varð að halda þeim aðskildum, því það var eins og eldur væri á milli. Ég bjó í Tjarnargötunni og þar var alltaf opið hús, allir velkomnir og mjög skemmtilegt, nema þegar þessir tveir hópar hittust. Þegar ég segi: hægri - vinstri er það ekki stjórnmalahugtak, frekar menningar. Heimilið var opið fyrir skoðunum í allar áttir og mikið talað um stjórnmal. Það þótti sjálfsgöð kurteisi að leyfa hverjum að hafa sínar skoðanir fyrir sig. Aldrei vissum við t.d. hvað neinn heimilismaður kaus, nema í prestskosningum. --

Skemmtileg var lýsingin á Parísarárunum. Eins og ég sagði þér var ég tvo mánuði í París, sumarið 1949 eftir stúdentspróf og bjó á *Celtic* í rue d'Odessa. Fyrir nokkrum dögum var ég að raða litskyggnum frá ferð okkar Sírriar til Parísar árið 1965 eða 1966. Þá gengum við saman Montparnasse og skoðuðum hótelið og tók ég mynd af því. Það þurfti ekki breiðfilmu, því þetta var með mjóstu hótelum. Ég hitti enga Íslendinga, nema þá sem ég rakst á við innganginn, Höllu Bergs og Björgu Valgeirsdóttur. Ég var að innrita mig af vanmætti þegar þær komu inn og ég fípaðist þegar ég átti að skýra mína *profession* og skrifaði *professeur*. Þetta sáu þær og spurðu forviða. Ég skammaðist mín að ég held að ég hafi sneytt hjá öllum Íslendingum eftir það. --

Dagur var ánægður með að koma í afmælishátíðina til þín. -- Ég hef þessa umfjöllun ekki lengri, sem er eins og þegar ritdómarar tala; þeir tala meira um sjálfa sig en aðra. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Hjörleifi Sigurðss. Rvík. 8.1.2006.

-- var að ganga frá síðustu greiðslunni fyrir þitt ágæta málverk sem ég tók við af ykkur til framtíðarvörslu. -- Eftir að ég sendi þér bréfið síðast dó Páll Hallgrímsson¹ frændi þinn - sem reyndar heitir í höfuðið á Páli Briem, afa mínum. Þá ritaði Gísli Sigurðsson² aldeilist stórkostlega grein um hann í Suðurlandi, eina af þessum meistaralegu minningargreinum sem eru svo vanmetnar nú sem bókmenntagrein. Ég man ekki hvort ég er búinn að senda þér greinina um pabba Gísla, Sigurð Baldursson „velgerðarmann“ þinn látinn, sem Guðmundur Andri Thorsson³ skrifaði í Moggann. Ég sendi greinina til Bo og hann var svo hrifinn að hann sagði að sér hefði vöknað um augu. Þetta er sem sé þríhyrningur sem stendur upp af bókinni þinni góðu.

Á sömu opnu og myndin er af Sigga Bald var mynd af Fjólu⁴ og Guðmundi,⁵ þessu merkilega og skemmtilega fólki sem var svo gaman að kynnast. Ég var einu sinni fordómafullur gagnvart Guðmundi, því ég var í vandræðum með tvíburabróður hans sem bjó á Grímstaðaholtinu, mikill drykkjumaður og vandræðamaður í augum okkar hjá borgarlækni. Ég hélt alltaf að þeir væru einn og sami maðurinn, þar til Fjóla giftist Guðmundi og þau stofnuðu sitt listræna og góða heimili. Þórdís móðursystir mín og Fjóla unnu mörg ár saman í bókabúð Eggerts P. Briem í Veltunni, Austurstræti 1. Þangað kom ég strax við opnun búðarinnar og kynnist því skemmtilega fólki sem þar vann.

Ánægjuleg er lýsingin á Septembersýningunum góðu, sem ég held ég hafi aldrei misst af og að lesa nöfn félaganna sem þátt tóku. Þótt sumir séu aðeins nefndir með nafni er eins og þeir rísi alskapaðir upp á bókarsíðunum. Flesta þekkti ég meira eða minna og þekki enn þótt fáir séu eftir.

Það er alltaf gaman að minnast Nínu.⁶ -- Þegar hún hélt sína stóru sýningu bað hún mömmu að senda út eitthvað tvö hundruð boðskort en hafði engar sérstakar óskir. Palli bróðir minn var á landinu. Settumst við saman hér við skrifborðið ásamt Sirrí og bjuggum út boðslista og skrifuðum á umslög. Síðan gekk hann manna milli, menn fengu hann lánaðan í áratug eða meira. Það var gaman að halda þessum lista við. Við Sirrí fórum á allar sýningar og dunduðum okkur við að tína út þá sem aldrei mættu og bæta áhugasömum kaupendum við.⁷ Smám saman rann þetta út í sandinn. Ég man að ég talaði við þig lengi á Laugaveginum þar sem ég viðraði hugmyndir mínar um markvissa notkun boðslistanna. Sem betur fer varð ekkert úr því. Þó ég hafi ekki séð það þá, sá ég síðar tormeiki á slíkri framkvæmd. Að ég ekki tali um núna.

Þá var gaman að því sem þú skrifaðir um Barböru.⁸ Hún var mjög hjálpleg mér þegar ég starfaði hjá Rauða krossinum. Þá var rétt eina ferðina efnt til happdrættis, svokallaðs *almanakshappdrættis*. Voru tölusett fræðslualmanök send á öll heimili. Barbara hafði sagt mér frá vatnslitabrykkstilraunum sínum. Gerði hún eitthvað 30 eintök af einstaklega fallegru mynd, sem dregnar voru út. Reyndar voru aðeins fimm sem vitjuðu vinnings og eru myndirnar það besta sem ég veit enn í eigu RKÍ. Ég var einmitt á fundi í Orkustofnun um daginn og rifjaði það upp við Þorkel Helgason⁹ orkumálastjóra að þá hefðum við fyrst hist í Reiknistofnun H.Í. þar sem hann starfaði. Bað ég hann um að draga vinningana rafrænt út. Hann var aldeilis hissa og sagði mér að forritið sem hann hefði gert væri nú notað í öllum happdrættum.

Það var gaman að hitta Barböru og páfagaukinn hennar sem söng þegar hún var að ryksuga. Barböru og Magnús hitti ég oft hjá frændum mínum Helga og Eggert P. Briem. Eggert var pabbi Steinunnar sem þú minnst, en væri nú flestum gleymd, ef ekki væri fyrir sorgleg örlög hennar eftir giftingu hennar og Kristmanns.

Það er gaman að minnast Magnúsar Pálssonar, jafnaldra míns, sem giftur var Önnu Sigríði Gunnarsdóttur, bekkjarsystur minni. Alltof lítið sést og heyrst af honum. Fyrir eitthvað tveim árum hitti ég hann á sýningu í Gerðarsafni þar sem voru meginverk eftir hann. Var hann manna fegnastur að hitta mig og tala við mig. Ég gat ekki séð að neinn þeirra Kópavogsbúa sem voru á sýningunni hefðu hugmynd um hver maðurinn var.

¹ Páll Hallgrímsson (1912-2005) sýslumaður Árnesinga. Hann og Hjörleifur voru bræðrasynir.

² Gísli Sigurðsson prófessor er sonur Sigurðar Baldurssonar lögfræðings, vinar Páls.

³ Guðmundur Andri Thorsson var nágranni Sigurðar Baldurssonar og fjölskyldu.

⁴ Fjóla Haraldsdóttir (1913-2004), fulltrúi síðast í heilbrigðisráðuneytinu.

⁵ Guðmundur Sigurðsson (1912-72), hagarðingur, rithöfundur o.fl.

⁶ Nína Tryggvadóttir (1913-69) listmálari.

⁷ Auðvitað setti ég Davíð Sch. Thoresteinsson, vin minn, inn á listann. Eitt sinn sat ég hjá honum og hann var að opna póstinn sinn. Allt í einu segir hann: *Djöfuls boðsbréf þetta alltaf!* og fleygði bréfinu sem ég hafði sett í póst beint í *cylinderarkivet*, eins og Svíar kalla pappírskörfu. Ég þagði, en strikaði hann út þegar ég kom heim.

⁸ Barbara Árnason (1911-75), listmálari. Maður hennar var Magnús Á. Árnason (1894-1980), líka myndlistarmaður.

⁹ Þorkell Helgason (1942).

Þá standa nöfnin Þórir, Jakobína og Grétar¹ upp af blaðsíðunum. Þetta var mikið áhugafólk, vinir þínir og mínir, eldhugar eins og ég þekkti þá. Ég minnst sérstaklega þegar þú komst sem gestur í klúbb² sem við Þórir vorum félagar í þar sem þú sýndir okkur litskyggjur af listaverkum. Það var ævintýri. Þá kemur Þórir upp í hugann þegar ég fer á leiksýningar. Það var sama hvað mislukkuð eða leiðinleg verkin voru. Ef maður var svo heppinn að hitta hann að máli í hléinu var hann líklegastur til að finna hið jákvæða, skemmtilega og uppbyggilega í hverju verki. Þetta kenndi manni að taka listamennina gilda, láta ekki hugfallast og gefast ekki upp fyrr en maður væri kominn upp að hlið listamannanna sem lögðu sig svo mjög fram. Grétar hitti ég í hálendisferðum og hjá Hitaveitunni, þar sem hann starfaði, sannarlega áhugamaður um myndlist, sérstaklega Hjörleifs. --

Hafðu þökk fyrir að hafa skrifað bókina og gefið okkur --

Söguna um jákvæða afstöðu Þóris sagði ég við borðið þegar haldið var upp á afmæli Hjörleifs, að ég held í síðasta sinn sem hann kom til landsins. Þá sagði Jakobína eitthvað á þá leið: Heldur þú ekki að ég hafi oft þurft að draga Þóri út úr neikvæðri afstöðu til listarinnar? Hún var og er einstaklega skemmtileg og jákvæð kona. Við stunduðum bókband saman um árabíl.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 30.1.2006.

Þetta var samtalsbréf þar sem einkum var rætt um grein sem ég hafði sent og birtist í Lesbók Mbl.: Menningin og við. Var ég sérstaklega ánægður með að Silja Aðalsteinsdóttir hafði tekið greininni vel auk þess sem Dagur var ánægður með hana og sagði: Öll fræðirit eiga það til að byrja að flörta við sérfræðihópa. Hvað hann á við með því veit ég ekki, gruna það samt og er samþykkur mínum skilningi á orðunum og ánægður með athugasemdina.

Við höfðum verið í Stavanger fyrir skemmstu með Dagsbörnum og sáum þar borðstofuborð sem við vildum gefa honum og hann tók ánægður við í þessu samtali og var búinn að panta það og sex stóla, eins og hann átti fyrir, eftir arkitektinn Hans Wegener. Þá segjum við honum frá því að við séum að fara til Spánar til hjálpar þeirri útvinandi Auði, en Axel er að fara til Kína og Alaska og verður lengi í burtu.

Eggert Ásgeirss. skrifar Bjarka Sveinbjörnss.³ Rvík. 10.3.2006.

-- Því miður gat ég ekki heyrt ágætan þátt þinn um Jón Nordal þar sem ég var á símfónútónleikunum. Ég geri mér vonir um að finna efnið annaðhvort á netinu eða þegar þátturinn verður endurtekinn. Páll bróðir minn greindi mér frá aðalefninu. Það gladdi okkur að þú skyldir ræða um móður okkar, Friede Pálsdóttur Briem, en milli hennar, Sigurðar og Ólafar Nordal var náinn vinskapur. --

Þannig var að snemma kom í ljós að Jón var hneigður til tónlistariðkunar, en pabbi hans var mótfallinn því. Jóni áskotnaðist munnharpa og náði svo mikilli kunnáttu á hana að hann var fenginn til að leika á hana eigin tónsmíði í barnatíma útvarpsins: Sleðaferð í Rússlandi, eftir því sem ég man best. Ég man hvað þetta var fallett lag og vel flutt, speglaði stemmningu sem mér fannst hljóta að vera fylgjandi rússneskri sleðaferð.

Smám saman gekk það upp fyrir Sigurði að Jón yrði ekki stöðvaður og kom hann honum til mömmu í nám. Hún kenndi heima í Tjarnargötu 24 þar sem hún var líka með fjölritunarstofu. Jón var hjá henni, að því er Pál minnir, upp undir tvö ár.

Í fjölskyldu mömmu var ekki svo lítil tónlistariðkun. Þórhildur Tómasdóttir Sæmundssonar bjó í Tjarnargötu hjá dóttur sinni Álfheiði Helgadóttur Briem þar til hún dó 1923, spilaði fram í andlátið, þótt komin væri út úr heiminum. Þórhildur stundaði alla tíð píanóleik og lék undir leiksýningum og á dansleikjum skólapilta þótt prestmaddama væri og gift síðavöndum forstöðumanni prestaskólans. Reyndar kvörtuðu nemendur undan lagavalinu. Þeim þótti fjörið vanta og lagavalið gamaldags. Hún kenndi líka á píanó, m.a. Sveinbirmi Sveinbjörnssyni, eins og þú veist sjálfsagt og hefur komið fram hjá Jóni Þórarinssyni. Ég á eina nótnabók hennar hér í skáp hjá mér.

Þórhildur kenndi Álfheiði dóttur sinni og þær báðar Friede, Einhvetja fleiri kennara hafði mamma sem mér hefur ekki tekist að grafa upp hverjir hefðu verið.⁴ Friede fór til náms í píanóleik hjá Haraldi Sigurðssyni í Kaupmannahöfn, og var þar að mig minni í tvo vetur. Mamma lagði áherslu á handstöðu *vinkilbeygðum* fremsta fingurlið, svo ég noti smíðamál, enda tókst mömmu aldrei að kenna mér. Sagði hún það vera vegna þess að hún gaf sér aldrei tíma fyrir mig fyrir öðrum önnum. Ég held að það sé ótvíræðum hæfileikaskorti mínum um að kenna --

¹ Þórir Kr. Þórðarson, sem fyrr hefur verið nefndur. Síðari kona hans, Jakobína Finnbogadóttir (1932). Grétar Eiríksson (1926-2004) tæknifræðingur, ferðafrömuður og ljósmyndari. Öll nánir vinir Hjörleifs.

² Hið íslenska landfræðifélag!

³ Bjarki Sveinbjörnsson (1953) tónlistarfræðingur.

⁴ Síðar hef ég fundið upplýsingar að kennari hennar hafi verið Ásta Einarsdóttir Sveinbjörnsson (1877-1959).

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 21.3.2006.

-- Hér er lítil jafndægragjöf úr fylgsnum fjölskyldunnar í Tjarnargötu 24 og 26.

Jón Helgason biskup, langömmubróðir þinn skrifaði minningar sínar rétt fyrir andlát sitt árið 1942. Honum tókst ekki að ljúka þeim. Hann var orðinn ansi gamall, 76 ára þegar hann dó!! Hann lauk miklu lífsverki sem biskup og sagnfræðingur og heimilda-, ef ekki list-málari. Ljósritað eiginhandarrit gaf Páll Líndal mér, en það var með þeim annmarka að dætur Jóns, sennilega Annie, frekar en Hilda, krassaði út það sem þeim þótti miður í handritinu. Okkur Palla tókst ekki að lesa í gegnum krassið þannig að bókin var ekki heil.

Listaverkin og Reykjavíkurheimildirnar fóru í Árbæjarsafn ásamt handritinu. Safnið ætlaði að gefa bókina út og lét lesa í gegnum krassið og slá það inn með útkrassinu feitletruðu. Í ljós kom að þeim þótti, með réttu, bókin ekki nógu góð, eins og ömmubróðir skildi við hana.

Ég ræddi við safnstjóran, sagði henni, sem rétt var, að ég væri að vinna að niðjatali. Þá var mér sagt að bókin væri til á tölvu, þau prentuðu hana út og seldu mér eintak. Ég greip það fegins hendi og ákvað að búa það út sem bók og gefa þér, systkinum þínum og barnabörnum ömmubróður míns ásamt viðbótarefni sem ég tindi saman. Þannig færð þú eitt eintak af tíu, sem ég vona að þú metir, þó ekki væri nema vegna fágætisins. --

Sama dag ræddum við Dagur saman á tölvu. Hann hafði verið að hlusta á fréttir um að Bandaríkjamenn hafi ákveðið að draga varnarlið Bandaríkjamanna frá Keflavíkurlflugvelli. Ræðum við um þetta fram og aftur. Þetta gæti þýtt að flugvöllurinn færi frá Reykjavík til Keflavíkur.

Dagur sagði að hann væri að vinna að því að stofna íslenskuskóla í Osló fyrir krakka sem þurfa á móturmálskennslu að halda. Hann bað um reglur menntamálaráðuneytis um styrki frá ríkinu um íslenskukennslu.

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 15.6.2006.

Við Sirrí vorum að koma úr velheppnaðri bekkjarfeð skólasystkina MR-49 til Slóveníu.

-- Hápunkturinn var þó Feneyjar. Þar var allt saman komið, sagan - listin - borgarbragurinn. Allan tímann var hugurinn hjá ykkur. Leiðbeiningarnar á gulu miðunum í Feneyjabókinni voru sannarlega stímúlerandi. Við vorum líka með aðra leiðbeiningabók og lágum í þeim sitt á hvað. Er sannarlega gott að hafa tvær bækur með mismunandi áherslum sem hægt er að lesa sitt á hvað. Arkitektúrinn var leiðarþráðurinn í heimsókninni og sá frábæri Palladio¹ sem við höfðum varla heyrt nefndan áður. Ég hélt helst að þeir væru hálfbræður Pallasma² og hann. Þegar við voru komin á bragðið eltum við uppi húsin hans og borgirnar sem hann hafði sett svip sinn á, bæði með húsum sem hann hafði teiknað sjálfur og nemendur hans. Þakka þér fyrir. Sérstaklega var gaman að sjá Vicenza þar sem áhrif hans eru mest. Reyndar var Palladiosafnið lokað. Einnig var gaman að sjá Torcello og Burano. Reyndar var einnig gaman að sjá Murano, sérstaklega vegna þeirra frábæru glersýningastaða sem bestir voru og sýndu verk eftir Carlo Sarpa og Carlo Moretti - sem við þekktum nú aldeilis fyrir.

Áhrifaríkt var að skoða *Palazzo Ducale*. Sérstaklega vorum við heppin að fá leiðsögn um *leynileiðina* um fangelsis- og þingarhlutann, þar sem 14 manna hópar eru leiddir um rjáfur og skúmaskot í tvo tíma.

Við voru sérstaklega heppin með íbúðina sem var bara 80 metra frá Rialtobrúnni. Íbúðin rúmaði, ef þarf, fimm manns, hljóðlát og snyrtileg, netþjónusta á neðstu hæð og ágæt veitingahús um allt, þótt við notuðum þau lítið, þar sem okkur þykir gott að borða lítið og ráða mataræði sjálf. Svo var þægilegt að nota járnbrautarlest milli Feneyja og Trieste og tók aðeins tvo tíma.

Gott var að koma heim. Ásgeir og fjölskylda var hjá okkur í kvöld. Stelpurnar á kafi í námskeiðum og músikferðalögum og verða hjá okkur í viku en Ásgeir og Brynja fara í vikulanga gönguferð með félögum sínum um ítölsku Dólómít-alpana. --

Eggert Ásgeirsson skrifar Skúla Sigurðssyni. Rvík. 16.2006.

Segi frá ferð okkar til Portoroz og Feneyja. Segi líka frá bók Bill Bryson: A short history, sem ég hafði með mér.

Það sem mér þykir einna lærdómsríkast fyrir nútímann er hve merkilegar hugmyndir eiga sér oft langan aðdraganda, mæta mótstöðu og mistúlkun. Einnig er stórkostlegt að lesa um margar þær fráleitu hugmyndir sem settar hafa verið fram af viðurkenndum vísindamönnum og jafnvel verið tekið af kollegum þeirra sem góð vísindi og þekking. Einnig er merkileg togstreitan milli sérgreina, sbr. það hve efnafræðingar eða veðurfræðingar

¹ Andrea Palladio (1508-80) arkitekt.

² Juhani Pallasmaa (1936), finnskur arkitekt.

áttu erfitt uppdráttar gagnvart t.d. eðlisfræðingum eða stjarnvísindamönnum. Þá kemur fram hve enskumælandi vísindamenn eða úr þeim heimi höfðu mikið forskot yfir aðra, t.d. þýska og Skandínava. Það er gaman að gera sér í hugarlund hvernig vísindaheimur nútímans, t.d. hér á landi, lítur út, sömu gleraugum séð, eftir ca. 50 ár. Þessi heimur þar sem allir telja það gott sem birtist í fjölmiðlum, vísindaritum eða á ráðstefnum, þar sem flestir eru uppteknir af því sem þeir gera sjálfir og þora ekki fyrir sitt litla líf að ýta við öðrum þar sem þeir þora ekki heldur að setja sitt undir mæliker. Er vísindaheimurinn að þessu leyti frábrugðinn stjórnmálum, hermálum eða fjármálum. --

Áður en ég fór að heiman var ég í Þjóðskjalasafni að skoða skjöl um Tómas langalangafa minn Sæmundsson, sem verður 200 ára eftir tæpt ár. Ekki er ég sleipur í lestri 170 ára gamalla handrita, síst af öllu þegar þau eru á frönsku eða þýsku. Margt er þar merkilegt að sjá, sem ég er viss um að enginn hefur skoðað fyrir. Þar sem ég sat einn í lestrarsalnum tók ég upp stafræna myndavél, til að ég gæti rýnt betur síðar í efnið eða fengið hjálp. Þá rauk upp salarvörður, bannaði mér hörðum orðum að taka mynd og sagði að *þeir attu efnið sem í safninu væri að finna*. Ég fór á heimasíðu safnsins og sá reglur sem sýnilega voru eingöngu settar til að vernda handritin svo sem með ljósritun undir gleri, þau sem ekki hefur verið stolið, því bæði í Lbs. og Þjskjs. er furðu margt sem vantar - en þetta er ekki meginatriði málsins. Ég settist niður og skrifaði Ólafi Þjóðskjalaverði, sem ég hafði hitt þegar hann var í Rafmagnssögunni okkar frægu og sagði honum allt af léttu.

Nú þegar ég kom heim lá á gólfinu bréf Ólafs, sjálfsagt skrifað af löglærðum fulltrúa, um stefnumörkun safnsins o.fl. sem alls ekki snerti það mál sem ég ræddi um, að ég gæti fengið afslátt ef ég pantaði skjöl í miklu magni. --

Fyrir tæpum tveim árum sendi ég kassa á Lbs. með skjölum og ritum sem safnast hafa hjá mér og ég taldi betur geymd á safni en hjá mér, þar sem ég tel betra að geyma þau þar. Þegar í ljós kom að engin komust inn í Gegni þá skrifaði ég landsbókaverði (þar er allt liðið orðið sérfræðingar í bókaröðun - ekki lestri - og þeir hraktir frá sem það kunna). Eftir bréfaskriftir kom í ljós að öllu dótinu hafði verið fleygt, fylgibréfið týnt og Sigrún Klara¹ hissa á því að ég hefði viljað fá það endursent sem þeir ekki vildu. Sumt hafði ég bundið inn (mér þótti skömm og gaman af að sjá það hjá Guðjóni sem hann skrifar um Hannes Hafstein, að eitt ritið sem ég hafði ljósritað þegar ég komst yfir það er til í Seðlabankanum, en frumritið í einkaeigu í Danmörku). Skaðinn var skeður og ég sagðist ekki halda þessu áfram. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 29.7.2006.

Segir frá ferð með fjölskyldu Ásgeirs um Nesið, Einnig af Vestfjarðaferð, þar sem við dvöldum á tjaldstæðinu í Súðavík þar sem snjóflóðið féll og heimsóttum Jónas Guðmundsson og fjölskyldu í Bolungarvík.

Svo förum við eftir nokkra daga með Palla og Láru í ellefu daga ferð til Írlands. Þau voru að selja húsið sitt í Stykkishólmi.

¹ Sigrún Klara Hannesdóttir, þá landsbókavörður.

2007

Eggert Ásgeirss. skrifar Eggert Brekkan.¹ Rvík. 10.1.2007.

Við vorum að undirbúa ferð samstúdentanna til Berlínar.

-- Eitthvert hið merkilegasta sem ég hef kynnst í Berlín er Max Planck menntastofnunin sem Wolfgang okkar Edelstein² stjórnadi og er enn starfandi við að merkilegum verkefnum. Ég heimsæki hann jafnan þegar ég kem til Berlína. Hann var ráðgjafi menntamálaráðherra (*Gylfa Þ. Gíslasonar*) um skeið í endurnýjun íslenska skólakerfisins og gerði þá stórmerkilega hluti. Þegar Ranka okkar varð ráðherra var það hennar fyrsta verk að losa sig við Wolfgang og allt sem forystumenn í skólamálu voru að gera. Þessir atburðir eru eitthvað hið furðulegasta sem gerst hefur í stjórnsýslu (og er þó um ýmislegt að velja) og hefur margt verið skrifað um það. Þetta mun jafnvel líka hafa verið banabiti Ragnhildar í stjórn málu. Hún verður með í för, sem leiðir sjálfsagt til þess að við getum ekki móbilíserað Wolfgang og fræðst um þýsk skólamál, enda þótt Vigga (Vigdís Finnbogadóttir), besta vinkona hans sé með í för. Svona getur saga kalda stríðsins, sem byrjaði að þessu leyti 1938³ átt langan hala. --

Ég þarf að fara til Keflavíkur eftir hádegið með fjölskylduna sex manna, sem heldur til Barselónu. Þá dugir ekki minna en tveir bílar. Ég get ekki látið þau fara í rútunni með þriggja mánaða nýskírðan Ketil.

Ég verð að bæta einu við að drengurinn heitir Ketill Axelsson. Þegar ég var lítill bjó ég hér á sama stað og var í Grænuborg. Þegar ég var sex ára dó faðir minn og við fluttum í Tjarnargötu og ég tekinn úr skólanum. Mamma átti þetta hús hér og tvö móðursystkini mín bjuggu í grenndinni og ýmsir vinir. Svo ég átti oft leið hingað og rakst þá á skólubróður minn, sem reyndar hét Ketill Axelsson. Hann gerði þá hróp að mér og lengi síðan: *Skrópaðir í skólanum!* Lengi vissi ég ekki hvað þetta hræðilega orð þýddi, þorði ekki einu sinni að spyrja um það. Síðar kynntumst við Ketill þegar hann leitaði til borgarlæknis vegna óskar um leyfi til að opna sjoppuna London í Austurstræti. Þegar hann bað um viðtal við borgarlækni spurði hann Svövu, ritara sinn, hver þessi Ketill væri (*en hann var ófríður í meira lagi og sennilega með valbrá*). Hún vissi það ekki en sagðist halda að hann hefði lent í stríðinu. --

¹ Eggert Brekkan (1930-2009), læknir á Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Vorum bekkjarbræður lengi og samstúdentar.

² Wolfgang Edelstein (1929), bekkjarbróðir okkar.

³ Árið sem Wolfgang og fjölskylda hans komu til landsins.

2008

Eggert Ásgeirsson skrifar Bo Almquist. Rvík. 16.6.2008.

-- Ekki grunar þig hver uppáhaldsmappan mín er! Það er afmælisgjöfin þín fyrir tíu árum: *När Harald den hardråde härskade*. Þetta er framúrskarandi skemmtileg þýðing á góðum söguþáttum. Umfram allt verð ég ævinlega þakklátur fyrir formálann. Ég tók mig til og batt bókina og sendi þér nú afrit. Með þessu er ég ekki með eftirgangsmuni. Ber aðeins spurningu fram til míns besta vinar: Hefurður eitthvað sinnt þessu verki síðan eða breytt því? Þú hefur kannski gaman af að hafa þessa góðu bók (vinnuhandritið!) í hillunni hjá þér - alveg eins og mér þykir vænt um það og ýmislegt sem ég hef ekki lokið að fullu við. Ófullgerða symfónían!

Ekki man ég, gleyminn sem ég er, hvort ég hef sent þér greinina sem birtist í síðasta hefti Tímarits Máls og menningar. Hvort sem er, þá geri ég það nú.

Það hefur verið býsna gaman að hjálpa Magnúsi Sigurðssyni, vini mínum og bekkjarbróður, við að koma því mikla verki, sem hann nefnir *Orðfák*, og sem ég ræði í greininni, áleiðis til útgáfu. Hann er orðinn ansi gamall! 83ja ára - er bráðklár við sína vinnu, verri á fundum þar sem talað er um nýja stefnu í útgáfutækni! sem ég, hans ungi vinur!?! , hef hugsað um.

Við áttum fund með Guðrúnu Kvaran hjá Orðabók HÍ. Guðrún á framúrskarandi vel skrifaðan ritdóm í sama hefti TMM. Ég sendi hann líka. Áður hafði ég átt fund um sama efni með Vésteini (reyndar einnig GK). Þau voru óskaplega treg og óákveðin. Nú kom Guðrún Nordal, hress í bragði, ákveðin, fljót að setja sig inn í mál, virtist samþykkja skoðanir mínar um netútgáfu -- og kom málinu í farveg. Mér virðist hún vera upplagður stjórnandi og þokkafull að auki. Vonandi er ég ekki of bjartsýnn, sem oft hefur komið mér í koll. --

Við stöndum í því að gera svoltið við húsið hérna. Svo eigum við von á gestum. Dagur kemur hingað á næstunni, ásamt Finna og Japana, til að flytja fyrirlestur í Norræna húsinu í tengslum við japanska listahátíð!

Um svipað leyti kemur Katarina Wennerström frá Glenni, sonardóttir Lóu frænku minnar. Hún verður ekki mikið hér því hún fer til Ólafsfjarðar til að heimsækja Auði og hennar fjölskyldu. Auður var hjá henni mörg sumur á unglingsárunum --

Dagur Eggertss. skrifar Eggert Ásgeirss. Óviss staður! 28.6.2008.

-- Nú er farið að nálgast að við komum til Íslands. Við hlökkum mikið til, enda hefur vinnutörmin síðustu vikur verið strembin. Niðurstöðurnar eru aðeins að koma í ljós því verkefnið okkar í Ordos (*í Innri Mongólíu í Kína*) hefur fengið mjög jákvæðar viðtökur og góða dóma. Hef verið í tvennum viðtölum, annars vegar með FAKE-design, sem er teiknistofan sem sér um skipulagninguna og svo með aðila frá netmiðlum sem birtir efni um arkitektúr í Kína, aðalllega. --

Sendir lýsingu á undirbúningnum.

-- Nú sit ég hérna á hótélherberginu og er að vinna að síðasta frágangi á Expó (heimssýningar)verkefninu. Það á að senda inn útreikninga á kostnaðarliðum -- og er ég að safna skjölum frá teyminu, verkfræðingi, listamanni, arkitektum og grafískum hönnuðum -- klára það í kvöld. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Degi Eggertss. Rvík. 28.6.2008.

-- Við hlökkum sannarlega til að hitta þig og fá nánari lýsingu á viðburðunum í Ordos.¹ --

Á sama tíma og þú verður í Kína erum við að undirbúa kjallarann fyrir innrás (!) ykkar hingað. Það er nauðsynlegt að þið komið sem oftast. Þá tökum við til og sinnum þessu ágæta húsnæði sem við höfum yfir að ráða. Jafnframt höfum við verið að stússast í íbúð Auðar, því hún kemur hingað eftir fáa daga. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 28.6.2008.

-- Við segjum all gott. Við höfum engar áhyggjur af neinu. Við vitum ekki enn hvað er að gerast í fjármálum okkar - eða Íslands. Svo við lifum lífinu eins vel og glöð og við getum. Félagar mínir ræða peningamál mikið en allir af æðruleysi og yfirvegum. Ýmsir, t.d. Pétur Guðfinnsson, segjast hafa tapað öllum sínum sparnaði, aðrir vita lítið, þar til skýrist hvernig sjóðir líta út.

¹ Ordos, borg í Ytri-Mongólíu í Kína. Þar hóf auðkýfingur það verk að byggja hús eftir 100 heimsþekktu arkitekta sem fóru þangað til að hittast og kynnast aðstæðum. Mörg húsanna voru svo byggð. Í miðju kafi stöðvaðist verkið. En teikningarnar standa fyrir sínu og Dagur fékk borgað. Hann hefur sýnt sína tillögu, t.d. á Louisiana í Khöfn.

Þetta er engin kokhreysti hjá okkur eða yfirdrepsskapur. Við erum þó búin að aflýsa ferðinni til Bremen, óvissan er of mikil í ferðalögum og peningamálum, t.d. kreditkortanotkun erlendis. Ekki viljum við stranda einhvers staðar úti í heimi, þó það sé ólíklegt. Nú þurfum við að taka saman afrit af skjölum og bókum til að senda fjölskyldunni í Bremen og gömlu konunni; sendum henni innvirðulegt bréf. --

Það vitum við, til að telja í okkur kjark, að vöxtur eigna okkar hefur verið góður undanfarin ár. Þannig er slæm staða ekki meiri en að við færumst nokkuð mörg ár til baka -- Hins vegar er eitt víst að við áttum engin hlutabréf í bönkum, en þau eru glötuð fólki. --

Það gladdi okkur að Dagur hringdi og talaði lengi við okkur um starfs sitt og horfur í atvinnumálum, ásamt tali um Ísland í Noregi. Hann hefur það gott og hefur mikið að gera, er í mörgum minni verkefnum sveitarfélaga, sem þrátt fyrir svartsýni þar, fjölgar fremur en hitt. Hann er ekki neitt í stórverkefnum, íbúðabyggingum eða skrifstofuhúsum. --

Ásgeir talaði við okkur í kvöld. Hann hefur ýmislegt að sýsla kringum Germaníu vegna heimsóknar einhverra þýskara og var að borða með þeim á veitingahúsi. Þau voru að fara með stelpurnar á sinfóníutónleika í kvöld. --

Til að sýna að skapið er hér í lagi er hér vittighed sem Pétur Guðfinnson sendi rétt í þessu:

An American said: We have George Bush, Stevie Wonder and Jonny Cash.

The Icelander replied: We have Geir Haarde, no wonder, no Hope and no Cash.

Við erum búin að margendursegja það sem Eggert Geir Axelsson sagði: *Hægt að spara með því að þið foreldrarnir fengjuð ykkur ekki tvisvar á diskinn.* --

Eggert Ásgeirss. skrifar Sigríði Dagbjartsd. Rvík. 28.6.2008.

-- Ég fór í hádeginu á einstaklega skemmtilega leiðsögn um sænsku sýninguna í Þjóðminjasafninu.¹ Þar var fjöldi fólks en enginn virtist hafa skoðað sýninguna áður. Þar voru Þóra Kristjánsdóttir og Vigga. Leiðsögn var hjá ungum manni sem hafði sett sýninguna upp. Ég sagði við hann og Viggu á eftir að ég hefði hugsað: *Úps!* Þegar hann sagðist ekki þekkja nafn Helga Sigurðssonar stofnanda Þjóðminjasafnsins. En svo kom mjög margt skemmtilegt frá honum þar sem hann var ungur og leit allt ferski sýn. Sagði hann m.a. að hann hefði verið í sveit í Eyjafirði. Þá hefðu verið uppstandandi torfbærir á flestum býlum, með fjölda gamalla hluta sem höfðu safnast á bænum, m.a. vegna þess að faðir bóndans var aðaleldsmiðurinn í sveitinni.

Sagði hann líka að það hefði verið átakanlegt að sjá jarðýtur valta yfir þessi gömlu hús og fletja út eins og moldarbing.

Sem sé alveg sérstaklega skemmtilegt og gaman að fræðast um það sem við fengum ekki svar við þegar við sáum sýninguna. T.d. kom fram að bæði Sigurður Guðmundsson (*málari*) og Helgi Sigurðsson höfðu sent eða selt margt munanna til Svíþjóðar, væntalega til að bjarga þeim frá þjóðinni. Það má sannarlega segja að þeir hafi gert það, munirnir voru svo fallegir, vegna þess hve vel þeir voru varðveittir og skráðir. Þetta passar inn í greinina sem þú varst að lesa.

Vigga var að koma frá Skotlandi og Edinborg, m.a. með Siggú Erlends o.fl. úr alveg sérlega skemmtilegri ferð. -

Svo fór ég í Kópavoginn að hitta félagana. Þar var bara gott þar til einhver spurði hvort við styddum mosku á Íslandi. Ég sagði: *Auðvitað.* Þá kom fram að í fréttum hafði verið sagt að stúlka hafði verið grýtt í Afríku að 100 manns áhorfandi. Jafnaldráhópurinn sneri sér að mér: *Viltu það hingað til Íslands?* spurðu þeir mig ásakandi tón.

Svo kom ég heim og þar var bréf frá Umboðsmanni alþingis og afrit af bréfi til Menntamálaráðuneytisins út af atriðum sem það hafði ekki svarað í bréfinu til mín. Það sýnir að umboðsmaður er ekki alveg af baki dottinn. --

Eggert Ásgeirss. skrifar Bo Almqvist. Rvík. 28.6.2008.

-- Þetta var aldeilis skemmtileg sending frá þér og hitti vel á. Ég er nefnilega grasekkjublúsmaður² og er búinn að vera í fimm vikur. Því fer að ljúka því Sírri kemur heim eftir viku -- meðan Axel er á Íslandi. --

Efnahagserfiðleikarnir á Íslandi koma illilega niður á þeim því það er ómögulegt að flytja fisk milli landa og útlitið svo slæmt að þau eru svo til ákveðin að flytja til Ólafsfjarðar. Hann er þar reyndar núna og líkar svona vel. Þau hafa líka alltaf verið ákveðin í að börnin festust ekki á Spáni. Því er tækifærið notað. --

¹ Þetta var sýning á íslenskum þjóðminjum frá Nordiska Museet í Stokkhólmi sem sent var til framtíðarláns í

Þjóðminjasafninu. Sýningin einstök og sker sig úr öðrum gripum safnsins vegna þess hve vel munirnir hafa verið geymdir og litir og útlit haldið sér vel. Ég skrifaði grein í tilefni sýningarinnar um söfnin á Íslandi.

² Skírskota til revíuhöfundarins sænska: Povel Ramel. Eitt frægt ljóð/lag hans er: *Gräsänklingblues*, söngur grasekkilsins. Bo hafði sent mér hljómdisk með söngvum Ramel.

Ég hef það svo þryðilegt, mikið að gera og skemmtilegt. -- verið iðinn að safna saman gögnum og er að hjálpa fjórum doktorsnemum. Sá fyrsti er að rannsaka upphaf heilbrigðisþjónustu, annar upphaf félagslegra velferðarmála. Þetta eru efni sem tengjast afa mínum Páli Briem og koma þar að góðum notum hundruð greina sem hann hefur skrifað, þótt hann dæi ungur. Þá hef ég, eins og ég kannski var búinn að segja þér, fundið bréfasafn á Landsbókasafninu. Tók að mér að skrá það. Þetta er mikið safn, nærri 2000 bréf. Ég hef verið svo svekktur þegar ég hef unnið á handritadeildinni að bara er skráð hver skrifaði og hver tók við og hvenær. Þannig eru allir að lesa það sama aftur og aftur, en ekkert gagn að. Páll Lýðsson, bóndi og sagnfræðingur vinur minn, sagði mér einu sinni frá því, þegar hann var að sýna mér bréfasafn, að í stað þess að lesa bréfin, leggja þau frá sér og fara seinna í þau, þá byrjaði hann að skrifa þau strax. Þetta hef ég gert í áratugi, reyndar þessi bréf ekki frá orði til orðs, heldur skrifað það helsta sem í þeim er, meginefni og stikkorð, ásamt nöfnum. Fjölskyldubréf hef ég skrifað alveg upp.

Nú er þriðji doktorsneminn hér kominn til mín og búinn með einfaldri tölvuleit að finna þau bréf sem hún hefur áhuga fyrir og myndar þau. Hún er að skrifa um réttindi og menntun kvenna 1860-80 og getur notað bæði söfnin.

Svo hringdi einn doktorsnemi frá Manitoba og spurð hvort eitthvað væri nefndur William Taylor í bréfunum en þau eru mörg upprunnin í Ameríku. Hann var velgerðarmaður innflytjenda frá Íslandi og þekktur maður í Kanada. Það var auðvelt að sjá því eitthvað 20 bréf eru frá Taylor og sennilega 100 frá fjölskyldu hans, sem mikið talar um hann og fleiri. Nú bað hann um að fá að koma með næstu flugvél og skoða þetta. Í söfnum vestra finnur hann ekkert nema opinber bréf, ekkert persónulegt um W.T. Sem sé, hann er að koma. En ég gat sent honum þetta á stafrænu formi.

Þannig er ég nú aldeilis ánægður með að þessi aðferð mín og vinna getur komið að góðu gagni.¹ --

Ég hef verið að segja við vini mína á Landsbókasafninu að þeir þyrftu að koma sér upp einhvers konar efnislyklum, eins og þið þjóðsagnamenn, og þú hefur sagt mér frá. Ég hitti sem sé læknaprófessor, sem spurði mig um hvað ég væri að gera. Ég sagði honum að í þessum bréfum væri stöðugt verið að segja frá heilsufarsvandræðum, tannþínu, gikt, útbrotum o.fl. Það var bara ekki fyrir en ég talaði við hann að mér datt þetta í hug. Hann varð stórhvirfinn og sagði þetta vera mjög mikilvægt, að finna svona stórt safn þar sem hægt væri að vinna statistik o.fl. úr. En því miður get ég ekki hjálpað honum, því ég myndi ekki nenna að lesa öll bréfin aftur. Ef einhver svona lykill hefði verið þekktur, áþekkur því sem þú hefur notað, hefði verið hægt að minna mig á þetta. Kannski geri ég það einhvern tímann. Sjálfsagt er þetta til í veröldinni.² Svona er nú margt merkilegt til í kjallaraherbergi á Bergstaðastræti --

Svo er ég að hjálpa bekkjarbróður mínum, gömlum lækni, reyndar fjórum árum eldri. Hann var mikill hestamaður og þegar hann fór á eftirlaun 70 ára skrifaði hann sig inn í orðabókarfræði, tók BA próf og skrifaði safnrit um hesta og allt þeim tengt. Þetta eru orðnar sem svarar 3 þús. síðum, án mynda. Hann kom þessu hvergi á framfæri. Hann var alltaf í vandræðum með tölvur og bað mig um að hjálpa sér. Þegar ég komst inn í málið fyrir tveim árum datt mér Árnastofnun í hug og Orðabók Háskólans og hef verið í sambandi við Véstein³ og Guðrúnu Kvaran.⁴ Virðast þau hafa áhuga. Við Aðalsteinn Davíðsson höfum verið að vinna að þessu saman og viljum að þetta verði sett inn á netið, ekki prentað, því hestamenn geta ekki haft gagn af öllu. Svo er ég að *pester* Véstein. -- Ég er búinn að skrifa grein um netvæðingu svona bóka og kemur það kannski í Tímariti Máls og menningar, ef ritstjórinn vill.

Ég verð fljótlega að hætta þessu bréfi, ég tala svo mikið um sjálfan mig og allt sem ég er að gera. Gleymi að spyrja um þig og þína. Ég verð að játa samt að þú ert eini maðurinn sem ég hef sagt frá þessu - öllu. Ég hef ótrú á að tala mikið um eigin verk, því þá missir maður flugið. En af því að það ert þú! --

Eggert Ásgeirss. skrifar Auði Eggertsd. Rvík. 10.10.2008.

-- Ég byrjaði strax að svara en svo kom truflelsi, vinir frá Svíþjóð, gamall bekkjarbróðir með fjölskyldu sinni, var hér lengi dags- og ýmislegt annað að gerast. Hann hefur verið læknir í Svíþjóð og á sand af sonum, flestir læknar og hefur verið að störfum fram að þessu, þótt kominn sé undir áttætt. Sonur þeirra Thorsten var með þeim. Hann er í læknisfræði og tekur próf hér -- við hittum hann í hesthúsum þar sem við fórum á bak með einhver af barnabörnunum. Yngri sonur þeirra er búsettur í Osló og þekktur sem módel fyrir Armani og Kevin

¹ Ég skal nú játa þegar frá líður og ýmsir af þeim sem ég nefndi hér og hjálpaði með gögn luku sinni vinnu og gáfu verkin út, þá hefur fólkið þakkað mér á mjög svo óljósan hátt fyrir hjálpinu, þakkar fyrir gagnlegar umræður eða ábendingar þó ég sjái fljótt að sumt af því sem ég hef útvegað hefur haft augljós áhrif, jafnvel breytt ritgerðum eða bókunum gagnert.

² Er ég skrái þessar athugasemdir sé ég að í þessum tölvutæku bréfasöfnum má leita uppi efnisatriðin sem ég nefndi.

³ Vésteinn Ólason (1939) prófessor, forstöðumaður Stofnunar Árna Magnússonar,

⁴ Guðrún Kvaran (1943), forstöðumaður Orðabókar Háskólans.

Klein, Egill Arnljóts sem var, sé ég á netinu, maður ársins í keppninni *Manhunt International* og mun taka þátt í alþjóðakeppninni fyrir Svíþjóð.¹

Við segjum allt gott. við höfum engar áhyggjur af neinu. Við vitum ekki enn hvað er að gerast í okkar fjármálum - eða Íslands. Svo við lifum lífinu eins vel og glöð eins og við getum. Félagar mínir ræða peningamál mikið, allir af æðruleysi og yfirvegum. -- Þetta er enginn yfirdrepskapur hjá okkur eða kokhreysti. Við erum búin að aflýsa ferðinni til Bremen, þar sem óvissan er of mikil í ferðalögum t.d. við kreditkortanotkun erlendis. Ekki viljum við stranda einhvers staðar úti í heimi, þótt slíkt sé ólíklegt. Nú erum við búin að taka saman afrit af skjölum og bókum til að senda fjölskyldunni í Bremen og gömlu konunni og ætlum að skrifa henni innvirðulegt bréf.

Það kemur fyrir að við lokum fyrir fjölmiðla, þeir upplýsa ekkert eða hjálpa varðandi þessa kreppu. Best væri að gera ekkert, nota góða veðrið og fara upp í sveit! Taka sveitagistingu og vera þar í fáeina daga. En tíminn leiðir sannleikann í ljós. Við höfum ekki einu sinni farið inn á netbankann okkar til að sjá hver staðan er, því það segir ekki neitt. Allir hlutabréfasjóðir eru í biðstöðu. Hinsvegar er eitt víst; við áttum engin hlutabréf í bönkum, en þau eru glötuð fólki. Það vitum við, til að telja í okkur kjark, að vöxtur eigna okkar hefur verið góður undanfarin ár. Þannig að slæm staða er ekki meiri en svo en að færa okkur mörg ár til baka, ef loforð ríkisstjórnarinnar halda að sparifé í bönkum sé tryggt og hluti eigna í hinum ýmsu verðbréfasjóðum.

Það gladdi okkur að Dagur hringdi og talaði lengi við okkur um starf sitt og horfur í atvinnumálum ásamt því að segja okkur frá umtali um Ísland í Noregi. Hann hefur það gott og hefur mikið að gera. Hann er í mörgum verkefnum sveitarfélaga sem þrátt fyrir svartsýni þar virðast fremur fjölga en hitt. Hann er ekki í verkefnum sem snerta stórbyggingar, skrifstofuhús eða íbúðarhús. Þau hafa það gott. Jóhannes Örn er í ferð til Póllands með skólanum, skoðar fangabúðir og sögulegar minjar.

Ásgeir talaði við okkur í kvöld. Hann hefur ýmislegt að sýsla í kringum Germaníu, einkum vegna heimsóknar einhverra þýskara, var að borða með þeim á veitingahúsi. -- Þau eru að undirbúa 42ja ára afmæli Brynju -- fara með stelpurnar á símfóniuna í kvöld.. --

Við erum búin að margsegja það sem Eggert Geir sagði um að hægt væri að spara í mat ef þið, foreldrarnir, fengjuð ykkur ekki tvisvar á diskinn. Ég held að áheyrendur mínir ímyndi sér þig og Axel akfeita -- Þó sagði ég bara tvisvar - sem enginn trúði! --

¹ Vinur minn og bekkjarbróðir er Snæbjörn Hjaltason, sem kallar sig Arnljóts, læknir í Svíþjóð. Hann á, eins og sagði, marga syni, flesta lækna, og doktora í sinni grein, sem hann hefur átt hér og þar. Snæbjörn varð þekktur í læknastétt þegar hann gerðist læknir um skeið í Sádi Arabíu, sem var gróðavegur og ekki mikils metinn. Snæbjörn er meðal afkomenda séra Arnljóts Ólafssonar alþingismanns og dár fjölskyldan hann og kannski ekki að ástæðulausu.